66 - Hundurinn

Leiðbeiningar

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1898
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8401

p1
Ég ætla að reyna
að svara þessu síðasta bréfi nr. 66, þó að það verði meira af vilja en
getu. Minnið er að fara forgörðum og sjónin að bila. Systur mínar Sigríður
og Margrét sem ég leitaði oft til eru mér sem sagt líka glataðar. Ég er
sjálfur kominn á elliheimilið á Stokkseyri og er það ekki til að auka andlega
getu. Þá er að snúa sér að efninu. Kveðskapur: Bósi geltu
Bósi minn en bíttu ekki
hundur. Annars
rífur einhver þinn
illan kjaft í sundur.

Á laugardaginn líttu tíkin
laglegri skóbót
stela vann. Í
því fannst hennar enginn ....
hún fór að snæða folann þann.
Suður í mýri hún sat við borð
svei henni
ef hún talaði orð.

Tíkin hennar Leifu tók hún frá
mér margt.... Því hef ég svarað spurningu nr. 39. Karlmanns nef
og konu hné kattareyra og hundstrýni. Þegnar segja að þetta
sé það kaldasta lifandi.
Hundaþúfan
hreykti kamb ..... mjög með þurra dramb. (Ég man ekki meira).
Liggur í dyrunum dömpin digra með 10 magana, 20 augun, 40 fætur.
Fram gengur það dýr. = Hvolpafull tík.

p2
Hvað hét hundur karls
sem í afdölum bjó, nefndi ég hann í fyrsta orði og geturðu hans aldrei
þó. = Hvað. Hundssteinn: Fyrir all mörgum árum fundum við þrír karlar
ættaðir af Landinu, stein einn að utanmáli nálægt 15x15x18 sm, hogginn
úr grátrýti í rústum Eskiholts á Landi. Hann var holaður innan, opinn,
prýðilegt ílát og ályktuðum við að hann væri hunds matarílát = hundssteinn,
en nanfið þekkti enginn okkar. Hann var ótrúlega vel hogginn, allir kantar
beinir í hrein horn, vel sléttur bæði að utan og innan. Ingvar Árnason
hirti steininn, taldi sig hafa fundið hann. Ingólfur Einarsson, ættaður
frá Snjallsteinshöfða, vildi að steinninn yrði látinn á safnið í Skógum
og ég ættaður frá Tjörfastöðum og frá Eskiholti. Þar bjuggu forfeður mínir,
síðastir bænda áður en sandurinn gleypti jörðina, síðast á 17. öld, studdi
Ingólf. Vonandi eða væntanlega hefur steinninn komist á safnið í Skógum.
Ég hef ekki séð neinn svona stein né heyrt nefndan. Örnefni:
Hundaþúfur eru víð. Úti á Hlíðarbæjum voru þær stundum nefndar fuglaþúfur.
Hundsmígaveldi heitir pallur einn upp við klettana ofan við túnið á Þóroddsstöðum
og Hundaþúfuklettur litlu austar, hærri og stærri en fjárhúsakofar með
stóra hundaþúfu á brún inni.

p3
Heimilishundur, gæluhundur:
Ég gat oft vorkennt gæluhundum sem lágu úti í glugganum í næstu húsum og
mændu út langtímum saman (og köttum ekki síður). Heima á Þóroddsstöðum
voru alltaf bæði hundar og kettir og kom vel saman. Þar léku sér hvolpur
og kettlingur og átu saman úr sama íláti og héldu sinni vináttu þó að þeir
yrðu fullorðnir. Meira að segja var kanína um tíma um sama matarílát með
hvolpi og kettlingi, meðan öll voru ung. Mér virtist sumir telja sjálfsagt
að hundum og köttum kæmi illa saman. Það er rangt. Það er alveg undir hungarfari
heimilisins komið hvernig heimilisdýrum kemur saman. Smalahundur:
Hrólfur á Hlíðarenda var talinn gagnslítið smalamannsefni og var jafnvel
farið að tala um að lóga honum. En einn smaladag gerbreyttist hann og varð
upp frá því afbragðs smalahundur, bæði að sækja fé sem honum var vísað
á og að reka fjárhóp. Ég endursendi skrána með þeim svörum sem ég
gat komið á hana, strikaði undir þau orð sem ég samþykkti en mörgu læt
ég ósvarað af vangetu. Ég bið afsökunar á þessu aumlega og illa
skrifuðu svari um hundinn. Ég þakka svo þessi bréfaskipti sem ég
hef haft gaman og gagn af og óska ykkur sem að þessum málum vinnið allra
heilla í lífi og starfi.

p4
Merkt við í spurningaskránni.
Samheiti: Hundur, hvutti, grey, garmur. Skammarorð: hundsspott.
Afleidd orð: hundsskinn, garmskinn, greyskinn, greyskarn (lof). Orðið klódýr
var ekki notað um hunda og ketti. Held ég hafi orðið hrækvikindi.

Aðal einkenni hunda voru uppstandandi eyru, ekki stór og hringað skott.
Hundar voru vingjarnlegri, prúðari þar sem vel var að þeim búið, líktust þannig heimilinu. Veit ekki hve gamlir hvolpar voru er þeir voru látnir til annarra eigenda. Orðið lóðatík (lóða) notað um tík er sóttist eftir samlagi við hunda til fjölgunar. Klofi var fest í skott þeim sem reynt var að bægja frá bæ. Orðið hvolpafull var notað um tík um meðgöngutíma. Gjóta var notað um tík er eignaðist afkvæmi. Það var talið illt eða ókostur ef fæddust sjáandi hvolpar. Nýgotnum hvolpum var drekkt. Talað var um að hundar væru með fjáraugu. Talað var um hringspora. Hvítur rófubroddur á hundi nefndist þjófaljós. Talið til kosta ef hundur var geltinn. Hringspora var talinn kostur en ég get ekki svarað hvaða kostur. Litir hunda: mórauður, flekkóttur. Nöfn: Tryggur, Vaskur, Smali, Snati. Lubbi var notað um hárafar sumra hunda. Orðið snoð var ekki notað um það er hundar gengu úr hárum. Rödd hunda: þeir ýlfra, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla. Kannast ekki við að sérstakt urr hunda væri nefnt að "sjóða grottann." Kannast ekki við orðin sjógól og nágól um spangól hunda. Gestagelt var gelt hunds er gaf til kynna að gest bæri að garði. Ratvísi, þefskyn: Ég man enga sögu um það en það var talið almennt vitað. Spádýr: Lá fram á lappir sínar með trýnið til hliðar er von var á gestum.
Tíkarmjólk: Var notuð sem áburður á minni sár eða skeinur. Lækningar: Hundstungan græðir, þetta kannast ég við. Hundsbit: Kannast ekki við að brenna hár bithunds í eldi og setja öskuna á bitsár. Já, dæmi voru um að vígtennur væru brotnar úr grimmum hundum. Ég heyrði um það talað en sá það ekki svo ég muni. Áflog hunda: Hundar voru aðskildir í áflogum með því að skvetta á þá vatni eða lemja þá með svipu eða öðru barefli. Ég held að hvort tveggja hafi verið notað. Hrælykt: Sérstök lykt af hundum var kölluð hundafýla. Hundaþúfa: Ég heyrði hundaþúfur nefndar fuglaþúfur enda sátu ránfuglar og hræfuglar þar oft og skildu eftir úrgang. En ég held að það hafi aðeins verið á Hlíðarbæjunum, vestustu bæjum Hjallasóknar. Hundur í mannaferð: Ég kannast við orðtakið: eins og hundur í hverri hofferð. Algengt var að hundar fylgdu mönnum milli bæja og á mannamót og voru kirkjuferðir þar ekki undanskildar. Hef heyrt að hundar gerðu messuspjöll. Bæli hunds: Þeir lágu á poka eða tusku í bæjardyrunum en veit ekki hvort það var alls staðar. Hundur var tjóðraður úti í túni á einum bæ, var sagt. Hundsdallur: Sérstakt ílát fyrir hundsmat var kallað hundsdallur. Hundahreinsun: Sullir voru grafnir niður svo hundar næðu ekki í þá. Hundar í draumi: Veit ekki hvort hundar í draumi boðuðu eitthvað hjá draumvitru fólki. Hundur sem fylgja: Kannast ekki við sagnir um að hundar væru fylgjur. Andi og sál: Kannast ekki við að framliðnir hundar hafi sést með húsbændum sínum. Dauði: Ég held að henging hafi verið almenn og hálsskurð hef ég vitað. Orð og málshættir: Að vera eins og halaklipptur hundur. Hundaklyfberi held ég hafi verið einkaorð Helga Kristinssonar frá Þórustöðum eins og tíkaklippingur var einkaorð Jóns gamla í Norðurkoti í Eyrarbakka. Ég þekki allt sem nefnt er í þessum kafla en er ekki fær um neinar útskýringar.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1912
Sveitarfélag: 880 Kirkjubæjarklaustri

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8476

p1
Tegundin: Ég kannast
við orðin hundur, hvutti, deli, grey, garmur, rakki, seppi, skinn og héppi
en ekki orðið búadeli, það þekki ég ekki. Puti var oft notað um hvolpa
en einnig litla hunda og varð stundum að sérnafni á þeim. Slápur var aftur
á móti notað um mjög stóra hunda. Klódýr kannast ég ekki sérstaklega við
og held ég að hafi ekki oft verið notað hér í mæltu máli. Hrædýr og hrækvikindi
var stundum sagt og þá í óvirðingarskyni og ekki notað nema af þeim er
ekki voru hundavinir en þó var stundum talað um hrælykt væri af hundunum
einkum loðnum hundum og þegar þeir voru blautir. Hundakyn: Þegar
ég var krakki var mér strax kennt að einkenni íslenskra hund væru fyrst
og fremst fremur lítil upprétt eyru, upphringað skott, fremur snögghærðir,
meðal stórir eða tæplega það. Þegar ég man fyrst höfðu flestir hundar
þessi einkenni þó kynnu sumir að hafa verið eitthvað blandaðir. Á þessum
árum voru skipsströnd hér mjög tíð. Oft voru hundar á þeim strönduðu skipum.
Það kom því stundum fyrir að þeir hundar (þetta voru oft ekki síður tíkur)
yrðu hér eftir þegar strandmennirnir voru fluttir burt, annað hvort af
því að skipstjórarnir vildu losna við þá eða bændur langaði að eignast
þá. Á fyrstu búskaparárum mínum átti ég sjálfur hund er var
blendingur undan íslenskum hundi og útlendri strandtík en ekki man ég hverrar
þjóðar hún var eða af hvaða kyni. Þessi hundur var með upprétt eyru og
hringað skott en lítill og mjög loðinn og hét Lubbi. Hann var all vænn
fjárhundur og mjög vel viti borinn. Annað dæmi er vitað um útlenda tík
er hér ílentist eftir skipsstrand. Hún var skottlaus að mestu eða alveg.
Út af henni komu skottlausir hundar og hélst það einkenni við í nokkra
ættliði. Fyrsta hundinn af hreinu útlendu kyni mun ég hafa séð um
1920.

p2
Það var Snorri læknir
Halldórsson er átti þann hund. Sá var geysistór og loðinn og hef ég raunar

aldrei síðan séð svo stóran hund enda vakti hann þá feikna mikla athygli. Það var ekki trútt um að fólk og hundar væru hrætt við hann. Þó var hann hvorki grimmur við fólk né aðra hunda enda urðu fáir til að áreita hann. Við sauðfé var hann varasamur einkum þegar hann fór að eldast og alls ekki hæfur sem fjárhundur enda aldrei notaður sem slíkur. Við Snorra var hann afar fylgispakur og vildi helst elta hann hvert spor innan bæjar og utan og helst ekki liggja á nóttinni annars staðar en í herbergi hans. Snorra fylgdi hann á öllum ferðalögum er þá voru öll á hestum og mörg erfið og slarksöm, en öðru heimilisfólki vildi hann hels ekki fylgja. Hundurinn hét Sámur og líklega eftir Sámi Gunnars á Hlíðarenda og gæti hafa verið af sama kyni að minnsta kosti hefði ekki verið fýsilegt að ráðast á Snorra ef Sámur var viðstaddur. Heimilishundur: Já, hundar voru nefndir heimilishundar og kenndir við heimili sín t.d. Hátúnahundurinn eða Þykkvabæjarhundarnir. Þótt algengast væri að einn hundur væri á bæ voru á all mörgum bæjum tveir eða jafnvel fleiri hundar. Já, það kom stundum fyrir að hundar lögðust á flakk og var það jafnan illa liðið. Það kom stundum fyrir að þeir hópuðu sig nokkrir saman í flokk og var þá venjulega einn foringinn. Þeir flokkar fóru jafnvel í aðrar sveitir, gerðu usla í fénaði, drápu lömb og stundum kvíær. Þeir hundar voru taldir réttdræpir hvar sem þeir náðust. Það dugði venjulegast ef náðist í forsprakkann, þá hættu hinir. Þetta urðu oft hin leiðinlegustu mál, því erfitt var oft að sanna hvaða hundar hefðu drepið kindurnar. Oft virtust þessir hundar meinlausir heima hjá sér og það var næstum regla að eigendurnir vildu ekki viðurkenna að það gætu verið sínir hundar.

p3
Lóðaríið var oft
upphafið af flakki hundanna og tík eða tíkur með í flokknum og var þá stundum gripið til þess ráðs að gelda hundana og lögðu þeir þá venjulega flakkið af. Heimilishundurinn varð venjulegast fyrstur til að taka á móti gestum er að garði bar. Mismunandi voru þær móttökur en ekki komst gesturinn hjá að gefa gaum að hundinum og það hef ég heyrt merka menn segja að eftir útliti hans og hegðun felldu þeir sinn fyrsta dóm um menningu heimilisins.

Víst þekkjast hér dæmi um það að kaupstaðafólk einkum Reykvíkingar sem eiga í erfiðleikum með hunda sína, komi þeim fyrir hjá kunningjum eða ættingjum á sveitaheimilum. Veit ég ekki til að þeir hundar yrðu til neinna vandræða öðrum. Á síðustu áratugum ber æ meira og meira á alls konar hundum af útlendum kynjum og blendingum en þeim íslensku fækkar og óvíst hve margir þeirra eru af hreinu kyni. Verð á hundum: Þar sem ég þekki til var og er lang algengast að fólk fengi hvolpana gefins og svo var það a.m.k. hjá foreldrum mínum. Sjálfur hef ég átt all marga hunda og allir voru þeir mér gefnir. Tíkur voru all víða og oftast alið eitthvað af hvolpunum. Fólk var því beinlínis fegið ef það gat losnað við hvolpana lifandi fremur en verða að lóga þeim stálpuðum. Þó þekktust vel dæmi um menn sem áttu sérlega vænar tíkur og vitað var að undan þeim kæmu efnilegir hundar, þá væru þeir seldir fyrir haustlamb eða lamb var gefið fyrir þá þótt ekki væri neitt

verð upp sett. Hundafári man ég ekki eftir sjálfur en það mun þó hafa gengið hér yfir tvisvar eða þrisvar í minni þess fólks er enn lifir. Þá drápust flest allir hundar en einungis hvolpafullar tíkur lifðu eftir og þá hefðu hvolparnir orðið mjög dýrir. Það var mér sagt að einn fátækur bóndi í Meðallandi hefði haft kýrverð upp úr hvolpasölu en hann mundi ekki hve margir hvolparnir voru.

p4

Það mun hafa verið misjafnt hve þétt tíkur áttu hvolpa, áttu sumar jafnan tvisvar á ári en aðrar aldrei nema einu sinni. Ef ala átti hvolpa á annað borð sem oftast var gert held ég að ekki hafi verið um það fengist hvenær það var. Þó hefur líklega þótt hentugast að það væri seinni part vetrar eða snemma á vorin.

Misjafnt var hve gamla fólk vildi láta hvolpana verða þegar það lét þá frá sér. Ef svo stóð á létu sumir þá þriggja eða fjögurra vikna eða strax og þeir kunnu að lepja og éta. Aðrir létu þá ekki fyrr en sex til átta vikna. Það þótti verra að þeir væru öllu eldri hvað það snerti að þeir mundu tolla sérstaklega ef þeir voru látnir til nálægra bæja.

Hundur verður til: Viðkomandi mökun húsdýra voru jafnan notuð ákveðin orð, mismunandi eftir dýrategundum. Um hunda (bæði kynin) var alltaf sagt að lóða eða lóðast, vera á lóðaríi, lóðahundar og lóðatíkur. Um ketti var jafnan sagt að breima og breimakettir. Kýr voru að ríða (þetta taldist ekki beint klúryrði) þó var stundum sagt að beiða. Merar höfðu hestagang. Ær voru að ganga eða þær hvoru blæsma. Þessi orð sum vour og oft notuð í stríðni sem kerskniorð eða skammaryrði um fólk. Fyrir 60-70 árum voru tveir ungir menn í Landbroti, báðir vel hagorðir að kankast á og leika sér að búa til vísur. Hét annar Halldór og byrjaði að fara með vísu:

Með vanga snögga veit ég mann virðist kvendi líkur. Þegar hér var komið greip hinn fram í og botnaði: En hann Dóra andskotann elta lóðatíkur. Oft sá ég það að eitthvað væri bundið í skott á hundum til þess að reka þá heim til sín og dugði oftast vel. Það var ekki alltaf vegna lóðarís en einnig ef þeir vildu setjast upp á öðrum bæjum af einhverjum orsökum t.d. að þar var heimilismaður sem hundurinn þekkti.

p5

Í þeim dæmum sem ég þekkti, var notað meðal annars ónýt hörð vatnskápa, harður skinnsnepill og lítill blikkstampur með steinvölum í. Jafnan var sagt að tíkur væru hvolpafullar og tilsvarandi orð höfð um aðrar tegundir húsdýra.

Fæðing: Það er nokkuð á reiki hvort sagt er um tíkur að þær gjóti eða leggi. Þessi orð bæði eru einnig notuð um læður þó er líklega heldur algengara að segja að tíkur leggi en læður gjóti. Mjög var það misjafnt hvort fólk fylgdist með í hvaða röð hvolparnir fæddust en sumir höfðu það fyrir reglu. Ekki bar þó öllum saman hvaða hvolpur mundi best reynast, sögðu sumir sá fyrsti en aðrir sá síðasti. Sögðu sumir að sá fyrsti yrði duglegastur en aðrir að hann yrði mest fyrir að standa bara framan í fénu og gjamma.

Ég sagði áður að ég fékk einu sinni hvolp af blönduðu kyni er Lubbi hét. Þá var um nokkra hvolpa að ræða og mátti ég velja úr. Ég bað húsmóðurina er hvolpana átti að velja hvolpinn fyrir mig. Hún valdi strax þann er síðast fæddist og sagði að hann yrði vitrastur hvað og mun hafa orðið. Annar bóndi fékk þann er fyrst fæddist og reyndist sá miklu verri. Margir völdu þó hvolpana af handahófi eða eftir útliti og lit og öðrum einkennum sem síðar verður sagt. Ekki þekki ég til þess að hvolpar hafi fæðst sjáandi í mínu minni og sennilega hefði þá verið lítið um það fengist. En það segir gamalt fólk að ef það kom fyrir áður fyrr hefðu þeir umsvifalaust verið drepnir og skrokknum brennt. Það mun hafa verið talið að þeir yrðu að einhvers konar óvættum ef þeir lifðu. Hræddur er ég um að nýgotnum hvolpum hafi oftast verið drekkt þó hef ég ekki reynslu af því sjálfur því aldrei voru tíkur á mínu heimili. Eftir að hálsskurður á sauðfé var bannaður og fjárbyssur svo nefndar fóru að verða algengar munu þeir þó sums staðar hafa verið skotnir og það gerði ég sjálfur ef lóga þurfti nýfæddum kettlingum sem oft varð að gera á mínu heimili.

p6

Auðkenni: Það hefur heyrst að hundar væru með fjáraugu en ekki kann ég á því nein skil. Fólki þótti mikið varið í að hundar væru alspora og sjálfsagt að láta þá hvolpa lifa öðrum fremur er þannig fæddust. Fyrir utan það að þeir væru öðrum hundum vænni fjárhundar var talið á meðan draugatrú og önnur hjátrú var mjög ríkjandi, að alspora hundar hefðu þann kost að ekkert óhreint, er svo var nefnt, kæmist að þeim. Það veitti því mikið öryggi að hafa slíka hunda á heimilinu og á ferðalögum. Fólk hér kannast vel við þjófaljós í þeirri merkingu sem hér er talað um en um trú í sambandi við það er ekki vitað en helst að þeir hundar væru þjófóttir. Litir hunda og nöfn: Eins og um önnur húsdýr var hvað algengast að nöfn hundanna væru dregin af litnum. Fyrsti hundurinn sem ég man eftir hét einmitt Strútur og var svartur á lit með hvítan kraga um hálsinn og blesu fram á trýnið. Næsti hundur var dökk mórauður og auðvitað látinn heita Móri. Önnur algeng nöfn sem ég hef þekkt og gáfu litinn til kynna voru t.d. Flekkur, Depill (svartur með lítinn hvítan blett), Týri og Týra (með þjófaljós), Kjammi, Lappi, (ef fætur voru öðruvísi litir en aðal liturinn), Sporar hétu oft þeir er alspora voru, en einnig ef þeir höfðu tær af öðrum lit. Lubbar hétu oft þeir er mjög voru loðnir. Padda hét ein tík, hún var mjög lítil. Önnur algengustu nöfn voru (og eru enn), t.d. Vaskur, Frakkur, Kátur, Tryggur, Smali, Snati, Kaffon, Hektor. Til voru einnig Leó, Neró og Hitler. Hárafar: Um það kann ég fátt að segja umfram það sem áður var sagt. Að öðru jöfnu þótti mörgum það galli að hundar væru mjög loðnir. Þeir þóttu sóðalegri innan bæjar þegar þeir komu oft "hundblautir"

p7

inn úr óveðrum en verst var þetta þó í djúpum snjó, einkum bleytusnjó, því þá festist snjórinn

svo í snoðinu að hundarnir urðu ósjálfbjarga og hef ég sjálfur af því slæma reynslu með Lubba þann er áður getur. Hár af hundum var alltaf nefnt snoð og ekki veit ég til að það væri neitt notað. Hundar fóru venjulega úr hárum á vorin. Margir voru lystarlausir og með hálfgerða óelju þann tíma. Þeir tóku þá oft upp á því að bíta grængras. Giska mætti á að þá hafi vantað bætiefni er þeir fengu svo úr grasinu. Rödd hunda: Öll þau nöfn sem hér eru nefnd um rödd hunda þekki ég vel s.s. ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla og spangóla, en ekki heldur flreii, nema þá að gjóa. Að sjóða grottann þekki ég ekki. Orðin spangól og sjógól voru notuð jöfnum höndum og vissi ég ekki neinn mun þar á. Það var sagt að hundar spangóluðu helst þegar þeim leiddist t.d. ef eigandinn fór að heiman en hundurinn fékk ekki að fara með. Einnig var talað um að þeir spangóluðu oft í tunglsljósi, þegar tungl var fullt og þeir væru að spangóla að eða upp í tunglið. Þegar fólk var allt inni og hundurinn gelti út í, var oft talað um gestagelt eða að nú gelti hann gestalega og það mátti búa sig undir að taka á móti gestunum. Það mátti jafn vel heyra það á geltinu hvort gesturinn var alókunnugur eða einhver sem hundurinn þekkti vel. Já, það var oft sagt um hund að hann væri gjárífur eða kjaftaskur. Sömu orð eru einnig oft höfð um menn er þykja háværir og málglaðir t.d. suma stjórnmálamenn. Ratvísi, þefskyn: Sögur um ratvísi hunda munu nær óteljandi en þó skortir mig kunnugleika til að rekja þær hér enda yrði það allt of langt mál. Það er víst að margir sem villtir urðu í hríðarveðrum eða dimmviðrum brugðu á það ráð að láta hundinn ráða ferðinni heim og brást það sjaldan. Áður kom það oft fyrir að fé fennti í stórhríðum

p8
og lifði stundum
í fönn svo vikum og mánuðum skipti. Þá kom sér vel að eiga hunda er fundið gátu féð og þá áttu sumir bændur og voru þeir þá fengnir til leitar. Þetta voru hundar af íslensku kyni. Þeir gerðu sumir greinarmun á því hvort kindurnar í fönninni voru lifandi eða dauðar. Bóndi einn átti tvo slíka hunda, leitaði annar eingöngu að lifandi fé, en hinn að dauðu. Spádýr: Það er alþekkt að hundur spáði gesti. Þá lagðist hann endilangur og teygði framlappir beint fram og lagði trýnið beint fram milli lappanna. Ef hann var úti horfði hann gjarnan í þá átt sem gesturinn kæmi úr. Hallaði hundurinn trýninu til hliðar eða lægi með það út á aðra löppna væri gesturinn varasamur t.d. lyginn. Væri hundurinn inni horfði hann fram til bæjardyranna. Lækningar: Af þeim hef ég ekki neina persónulega reynslu aðra en þá að þegar ég var krakki og unglingur var alvanalegt að hundar væru látnir sleikja sár á fólki. Um hitt hef ég einungis heyrt talað, að það hefði þekkst að hundafeiti væri höfð til lækninga og jafnvel að það hefði komið fyrir að hundum væri slátrað eingöngu til að ná í feitina. (Mér skildist að það hefði einkum verið mergurinn úr beinunum sem sóst var eftir). Hundsbit: Einsata grimmir hundar voru alltaf til á bæjum og er svo enn. Þeir voru oft til mikilla leiðinda svo að fólk jafnvel veigraði sér við að koma á bæi þar sem þeir voru. Þegar ég var krakki kveið ég fyrir fáu eins mikið og ef

senda þurfti mig á þá bæi. Þessir hundar voru misjafnir. Sumir létu mjög dólgslega, urruðu og geltu og beinlínis vörnuðu manni að komast heim að bænum uns heimafólk skarst í leikinn. Aðrir virtust meinlausir og höfðu

p9
hægt um sig, en læddust
síðan aftan að manni og bitu eldsnöggt aftan í fótinn. Sumir gerðu sér mannamun við ókunnuga, voru hinir vingjarnlegustu við suma en bitu aðra, líklega helst þá sem sýndu á sér einhver hræðslumerki. Dæmi er vitað um hund er var algjörlega meinlaus við alla ókunnuga nema eina konu er hann beit til skaða og var það sýslumannsfrúin. Hundsbit þóttu slæm og sein að gróa en ekki þekkti ég nein ráð við þeim umfram þau er viðhöfð voru um önnur sár. Oft er haft að orðtaki er menn verða fyrir óhöppum eða óþægindum, "maður verður að hafa þetta (eða þola) eins og hvurt annað hundsbit." Það kom all oft fyrir að gripið væri til þess að brjóta vígtennur úr grimmum hundum. Sjálfur átti ég íslenskan hund er Vaskur hét. Hann var að vísu aldrei manngrimmur en ef hann varð æstur í smalamennskum átti hann til að skaðbíta kindur aftan í fætur eða læri. Ég varð því annað hvort að lóga hundinum eða láta brjóta úr honum tennurnar og kaus þann kost. Fór ég með hann til sérstaks manns er þessu var vanur.
Áflog hunda: Þau voru mjög algeng áður fyrr og svo grimmileg að stundum voru hundar beinlínis drepnir eða rifnir svo illa að þeim varð að lóga. Úr þess konar áflogum hefur þó mjög dregið nú á síðari árum enda miklu sjaldgæfara að margir hundar komi saman. Það voru oftast vissir hundar sem ollu áflogunum og ef hægt var að fjarlægja þá hættu áflogin. (Það er stundum haft um menn að þeir eru sumir kallaðir áflogahundar). Það var erfitt að skilja áflogahundana. Já, oft var reynt að skvetta á þá vatni úr fötum ef vatn var nærtækt. Barðir voru þeir með svipum en við það æstust bara sumir hundar. Gripið var í skott þeirra og þeir þannig dregnir út úr þvögunni. Hundaþúfa: Vel þekkist þetta ortak: "Nú
þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér," og mun svipaðrar

p10
merkingar og: "Nú
þykir mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn." Hundur í mannaferð: Meðan ferðast var eingöngu gangandi eða ríðandi var lang algengast að hundar væru með í för hvert eða hverra erinda sem farið var, nema e.t.v. ef farið var í langferðir. Flestir hundar voru ólmir í að elta hvern þann heimilismann er að heiman fór, þó voru einstaka er ekki vildu fylgja nema eiganda sínum eða húsbónda. Áður en sími kom um sveitir, var algengt að senda kornunga krakka eina milli bæja oft all langa leið. Því kynntist ég vel sjálfur. Þá var mikið traust að hafa hundinn til fylgdar. Gamlir hundar sem farnir voru að letjast voru þó ekki alltaf mjög fúsir að elta krakkann. Þá var þrautalendingin að haf með sér bein eða bita og sýna hundinum

en láta hann ekki fá það fyrr en komið var langt á leið. Það kom þó fyrir
að hann sneri við þegar hann hafði fengið beinið, það var mjög sárgrætilegt.
Það var þó ekki alltaf með vilja gert að hundurinn var með í för, oft var
reynt að halda honum heima meðan farið var af stað og hannþá helst byrgður
einhvers staðar inni. En ef hann slapp út eða var sleppt að nokkrum klukkutímum
liðnum fór hann strax að leita að förum og fann þau jafnan hvort sem farið
var gangandi eða ríðandi og rakti þau uns hann fann þann eða þá er farið
höfðu. Hundar urðu undir eins varir við ef einhver ætlaði
að heiman, sáu það á heimanbúnaðinum, en þess þurfti ekki alltaf með. Enginn
vafi er á að margir gamlir hundar skilja beinlínis mannamál. Ef þeir bara
heyrðu einhvern heimilismann segjast ætla að skreppa að heiman var það
þeim nóg. Þeir hundar sem fyrir því höfðu orðið að vera byrgðir heima,
voru þá varir um sig, létu ekki sjá sig en földu sig í hvarfi við bæinn
og settu síðan á eftir þegar komið var vel á stað. Þeir héldu sig álengdar
og í hvarfi við veginn þar til komið var það langt að þeir töldu að ekki
yrði aftur snúið.

p11
Það var varla hægt
að segja að kirkjuferðir væru nein undantekning frá því að þá væru hundar
með í för. Til kirkju komst oft margt hunda bæði viljandi og óviljandi
og voru oft þar til mikilla leiðinda, t.d. komust inn í kirkjugarðinn og
fóru þar í áflog sem oft var vani þeirra sem áður sagði. Sumir sluppu inn
í sjálfa kirkjuna meðan á messu stóð og skriðu undir bekkina. Ekki leist
þeim þó að vera þar inni. Það var ekki trútt um að mesta andaktin færi
af sumum þegar meðhjálparinn kom, tók í hnakkadrambið á hundinum og dró
hann ýlandi út úr kirkjunni. Bæli hunds: Já, eitthvert hundsbæli
var örugglega á öllum bæjum, en misjafnlega um búið, gat verið strigapoki,
stundum með heytuggu í, gamalt gæruskinn, leppur úr gömlu teppi eða prjónaflík,
eða motta fléttuð úr gömlum tuskum, en slíkar mottur voru algengar. Meðan
gömlu torfbæirnir voru, mun algengast að hundarnir hafi legið í bæjardyrunum,
en þær voru hér oft all stórt hús, venjulegast milli baðstofu og eldhúss
og innangengt á milli og var hundsbælið stundum í eldhúsinu. Eftir að nútíma
húsaskipan kom voru meiri vandkvæði með verelsi fyrir hundana. Þeir eru
hafðir í forstofu eða gangi, í þvottahúsi, fjósi, verkfærageymslu eða gömlum
bæjarhúsum sem sums staðar stóðu áfram þó nú hús væru byggð. Á sumum nýjum
húsum eru tröppur upp að útidyrum og undir tröppunum dálítil skonsa fyrir
hundinn og hann getur farið þar frjáls út og inn en einnig er hægt að loka
skonsunni ef vill. Nokkur dæmi voru þess, eins og áður er minnst á að uppáhalds
hundar fengju að liggja í svefnherbergi húsbændanna. Ég þekkti gamlan bónda
er bjó einn í bæ síðustu æviárin. Hann lét hundinn jafnan liggja til fóta
hjá sér í rúminu. Kalt var í bænum og þetta gott ráð við fótakulda. Ég
veit og að fleiri munu hafa gert þetta en þessi maður. Í afréttarferðum
og öðrum ferðalögum þegar gist var í sæluhúsum var alvanalegt að menn vendu
hundinn á að liggja til

p12
fóta hjá sér eða
helst á fótunum og hafði þá hvor hlýju af öðrum, hundur og maður. Þetta reyndi ég sjálfur. Algengt held ég hafi verið og sé, að hundar væru hafðir inni á nóttinni bæði vetur og sumar. Það þótti vissara, því ef þeir voru úti á nóttinni hætti þeim frekar við að leggjast í flakk. Þó átti ég a.m.k. einn hund er oftast lá úti á sumrin þegar gott var veður. Það kannast ég vel við að oft er sagt um vonskuveður að ekki sé hundi út sigandi, en ekki veit ég af hverju það er dregið. Þess má geta að ef vitað var um einhverja úti í dimmviðrum eða hríðarbyljum að kvöld- eða næturlagi og talin hætta á að þeir villtust, þá var farið öðru hvoru út með hundana og þeir látnir gelta sem ákafast, því hundagelt heyrist vel. Vitað er að þetta varð stundum mönnum til bjargar. Til viðbótar á því er áður sagði um bæli hunds minnist ég þess að hafa séð grunna, hæfilega stóra kassa með heyi eða hálmi, þar sem hundurinn lá í. Hundsdallur: Bæði kettir og hundar áttu sérstök matarílát. Í byrjun aldarinnar munu hundsílátin oftast hafa verið úr tré, lítil trog, en þó fremur kringlóttir smádallar, tréskálar. Í Hátúnum held ég að það hafi verið gamall askur sem hætt var að nota í annað. Eftir að ég fór að muna eftir, var það meðalstór emeleruð skál sem emeleringin var farin að brotna upp úr. Í mínum búskap var það lengst af skál úr áli, sem þá var jafnan kallað alúmín eða alúmínum. Hún var þannig til komin að netakúla sem rekið hafði á fjöru var söguð sundur í miðju. Hundssteina kannast ég ekkert við. Hundsmatur: Hundar fengu sinn matarskammt á sama tíma og mannfólkið borðaði sínar aðal máltíðir sem var breytilegt, það er að segja venjulega

p13
í lok máltíðar, en
þá féllu oftast til annað hvort kjötbein eða fiskruður, sem hundinum var gefið. Væri það fiskúrgangur var oft sett feitarögn útá. Jú, í sláturtíðinni var oft valinn sérstakur matur ætlaður hundum og geymdur í sýru. Það var t.d. lungu, barkarkýli, lakar, vambaafgangar, lifrarbitar úr stórgripum o.fl. Sumir gerðu sérstakan blóðmör ætlaðan hundum, einnig fengu þeir oft venjulegan mannamat sem stundum var farinn að skemmast. Vel þekki ég orðtakið, "að mæna eins og hundur á bita." Því vandist ég að "að horfa til augna," væri haft um börn (eða fólk) en ekki hunda. Hundlap: Ekki veit ég hvort venja var að gefa hundum við kvíar, en þegar mjöltum á kúm var lokið þótti sjálfsagt að bæði hundur og köttur fengju sinn mjólkurskammt. Hundur venjulega einn meðalbolla. Þegar ekki voru nema ein eða tvær kýr á heimili var mjólkin mjög lítil um tíma. Þá var sú litla mjólk treind handa smábörnum, gamalmennum og hundi og ketti. Hundur fékk þá oft grautarsleikju til drýginda og aðeins smá mjólkurdropa út á. Smalahundur: Ég er hræddur um að mjög fáir hundaeigendur hafi kunnað eða lagt sig niður við að kenna hvolpum eða venja þá svo að kalla mætti öðruvísi en að berja þá eða sneypa á annan hátt, ef þeir gerðu það sem þeir ekki máttu t.d. stökkva í fé og elta eða aðrar skepnur sem

átti að láta afskiptalausar. Það voru meðfæddir eiginleikar hvolpanna sem réðu mestu um það hversu hundarnir reyndust. Það hafði og mikið að segja með hvernig hundum þeir vöndust. Ungir hundar tóku sig eftir þeim eldri og af þeim lærðu þeir mest, t.d. hvernig sækja átti kindur eða taka þær rétt. Einnig var áríðandi að hundar fengju þjálfun, hefðu næg verkefni og það höfðu þeir vissulega áður fyrr, næstum á öllum tímum ársins.

p14
Það er ekki fólksfækkunin
heldur gjörbreyttir búskaparhættir, sem valda því að hlutverki fjárhundsins er að mestu lokið nema í þeim sveitum sem hafa víðlenda afrétti og þá einungis fáeina daga að haustinu. Áður skipti miklu að hafa góða hunda við fjárrekstra bæði um lengri og skemmri vegalengdir. Nú eru slíkir rekstrar með öllu aflagðir og allt fé flutt á bílum eða vögnum. Fjárhundurinn
þurfti að vera mjög gáfaður því til hans voru gerðar margar kröfur, sem voru mjög mismunandi eftir aðstæðum. Við hundinn var talað bæði með orðum og bendingum. Hann þurfti að kunna að gelta og standa þó kyrr hjá manni, þá var sagt: "gelt, gelt," en þegar hann átti að þagna: "þegiðu, skammast þín." Þegar hundi var sigað var sagt "irr,irr,"
og þá hljóp hundurinn og vissi að nú mátti hann beita fullri hörku og það var þá sem sumum hætti til að bíta kindur til skaða. En það var þó einkum að hundum væri beitt þannig á hross sem reka þurfti úr túnum eða engjum, þó stundum einnig á ær, er voru mjög ásæknar í tún á vorin. Í smalamennsku þurfti að vera hægt að senda hundinn í ýmsar áttir og þá voru notaðar bendingar. Það gekk þó ekki alltaf vel því þótt maðurinn sæi kindur, gat hæð borið á milli frá sjónarhorni hundsins. Þá var gott ráð að lyfta honum hátt á loft og láta hann hrofa í þá átt sem kindurnar voru. Eftir það hélt hann réttri stefnu. Ef kalla þurfti hundinn til sín var bara nafn hans kallað, en allir hundar þekktu nafnið sitt. Ætti hundur að sækja kindur eða taka var sagt, "sæktþær eða taktana," eftir því sem við átti. Þetta, "þú hefur étið folald," hef ég heyrt fólk segja, bæði þegar ég var unglingur og ennþá, en þau orð nota ég þó aldrei sjálfur. Flestir hudnar lærðu að setjast eða leggjast, ef þeim var sagt. Þekkt hef
ég hunda sem réttu fram löppina ef þeim var heilsað. Ýmsir lærðu að taka upp og bera hluti sem þeir réðu við t.d. ef maður missti vettling eða svipu af hestbaki. Sumir menn, einkum unglingsstrákar, léku sér að því að henda spýtum eða öðru sem flaut út í ár eða vötn og láta

p15
hundinn synda eftir
því og sækja, jafnvel einnig hlutum sem sukku og láta hundinn kafa. Það var venja margra að reiða hundinn sinn yfir stórvötn sem fara þurfti yfir. Þá komust margir hundar á lag með að stökkva sjálfir á bak fyrir aftan reiðmanninn og sitja þar án þess að neitt þyrfti að passa hann. Þeir notuðu sér þá að stökkva einnig á bak við hvern smálæk. Margir hundar voru og eru til stór vandræða þar sem bílaumferð (og véla) er mikil og margir hundar

hafa látið lífið af þeim sökum. Af fáum ósiðum virðist vera jafn erfitt að venja hunda af eins og að elta bíla. Þó virðist það fara aðeins skánandi nú síðustu árin. Sumir bílstjórar gripu til þess ráðs að hafa með sér byssu hlaðna púðurskotum og skjóta á hundana og dugði oft all vel, því margir hundar eru afar hræddir við byssur og skot. Hundahreinsun: Þegar ég man fyrst hafði hundahreinsun verið upp tekin og fólki kennd varúð í umgengni við hunda og sulli. Oft fundust sullir í kindum sem slátrað var heima og var þeim þá safnað sér í ílát og þeir síðan brenndir í eldi. Í Kirkjubæjarhreppi var hreinsunin í fyrstunni gerð í hraungjótu í brún Eldhraunsins rétt þar hjá sem þjóðvegurinn liggur út í hraunið. Járnplötur voru lagðar fyrir gjótuna. Síðar var byggður sérstakur kofi sunnan við Skaftá gegnt Kikjubæjarklaustri. Þar var öllum hundum safnað saman ákveðinn dag. Fyrst var fyrirskipað að svelta hundana heima í einn sólarhring áður en farið var með þá í kofann. Það hefur líklega gefist misjafnlega því síðar var farið að svelta þá í kofanum. Þar voru þeir í fyrstunni byrgðir lausir. Þar voru grimmir hundar innan um og áflog mikil svo að stundum voru hundar drepnir eða lemstraðir, því var hætt að hafa þá lausa og farið að binda hvern hund með keðju. Það mun ekki heldur hafa reynst nógu vel og var síðast smíðað sérstakt búr fyrir hvern hund. Þá varð kofinn ekki nógu stór fyrir alla hunda í einu og varð að skipta

p16
hreinsuninni á nokkra daga. Hundarnir voru fljótir að þekkja kofann og forðuðust að koma nærri honum. Þeir voru mjög varir um sig og margir létu ekki taka sig þegar komið var að kofanum. Því varð oft að teyma þá í bandi, reiða þá eða bera drjúgan veg næst kofanum, þegar farið var með þá í hreinsun. Hundar í draumi: Mér hefur skilist að flestir telji það fyrir góðu að dreyma hunda og sú er mín reynsla. Margir telja að það boði gestakomu og þá helst komu góðra vina. Hundur sem fylgja: Um það vísa ég til svara minna við 61. spurningaskrá. Andi og sál: Það hugsa ég að flestir þeir sem á annað borð trúa á tilvist skyggnigáfu og haft hafa náin kynni af hundum hafi orðið þess varir að margir hundar eru afar næmir fyrir hvers konar dularfullum fyrirbrigðum og öllu næmari en flestir menn. Um þetta eru ótal sagnir og vísast þar um einnig nánar til 61. skrár. Um almennt viðhorf fólks til þess hvort hundar og þá væntanlega önnur dýr hefðu sál eða ekki, þori ég lítið að dæma, þó heyrði ég fólk stundum tala um þetta áður fyrr og voru þá skiptar skoðanir. Sjálfur hef ég haft þá trú frá fyrstu tíð að svo fremi sem maðurinn ætti sér framhaldslíf í einhverri mynd þá ættu dýrin það einnig. Það kemur glöggt fram hjá miðlum og öðru skyggnu fólki að það sér oft hunda og fleiri dýr einkum hesta með framliðnu fólki. Dauði: Það er víst rétt að áður fyrr voru hundar hengdir en sumum drekkt, til þess þekkti ég þó ekkert sjálfur. Margir munu hafa

p17
kinokað sér meir

við að lóga hundum en öðrum húsdýrum, sem þeir voru þó vanir að lóga sjálfir og oft voru fengnir til þess sérstakir menn er þóttu vera öðrum fremur harðir af sér. Þegar ég var krakki bjó í nágrenninu bóndi einn er þessu var vanur og ýmsir leituðu til. Hann hafði þann háttinn á að hann skar hundana á háls, stóran og biturlegan, er hann kallaði rauðu bredduna. Fleiri munu og hafa farið eins að áður en byssurnar komu. Aldrei hef ég orðið var við að hundskinn væru hirt og verkuð en það hefur þó trúlega einhvern tíma hafa verið gert og skæklarnir á þeim þá verið miklu lengri en á öðrum skinnum sem útspýtt voru. Orðtakið að vera eins og útspýtt hundskinn var algengt í tali og er enn. Það var helst haft um emnn er tolldu illa heima hjá sér, en hentust á bæi hingað og þangað, lítilla erinda. Nú segir maður þetta í gamni t.d. um suma ráðherra sem oft eru í ferðalögum erlendis.

Maður og hundur: Það sem hér stendur í spurningunum um nöfn á líkamshlutum hunda ber allt heim við það sem ég þekki. Það var þó alls ekki algilt, oft voru notuð sömu nöfn og á fólki án þess að neitt þætti athugavert við það. Um það að gefa ætti hundi bara tvo bita veit ég ekkert nema hvað oft heyrðist þegar verið var að fá smákrakka til að borða og þeir tóku treglega við. "Ef þú borðar einn bita þá ertu eins og köttur, ef þú borðar bara tvo þá ertu eins og hundurinn. Þú verður að borða þrjá til að erða að manni." Kveðskapur, sagnir: Um þetta veit ég lítið, utan það er ég hef lesið á prenti. Ég man bara eftir einum kviðlingi er ég lærði munnlega þegar ég var smákrakki. Hann mun upprunninn í Meðallandi en varð fleygur um næstu sveitir og líklegast eftir Ásmund Jónsson á Lyngum. Sá kviðlingur er svona: Á Rofabæ er ríkmannlegt af hundum,

þeir eru jafnan tíu og tólf, töltandi

inn um stofugólf. Orð og málshættir: Um þetta hef ég einnig lítið að segja annað en það að öll þessi dæmi sem hér eru gefin kannast ég vel við. Til viðbótar mætti nefna að sagt var að menn væru með eða settu upp hundshaus sem merkti að menn væru með ólund eða önsuðu viðmælanda dræmt. Að koma eða fara eins og hundur var sagt um þá sem komu á bæ eða fóru án þess að heilsa eða kveðja og þakka fyrir sig. Í stað halasneyptur hundur sögðu sumir halaklipptur. Við fólk var stundum sagt í hálfkæringi, "hundskastu bara heim til þín." Hundslappadrífa var ýmist notað eða skæðadrífa.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1934
Sveitarfélag: 600 Akureyri

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8359

p1
Fæddur og uppalinn
í húsmæðraskóla var ekkert "hundalíf," þó að fjárhundar væru
á sumum nágrannabæjum. E.t.v. er ekki rétt að kalla þá fjárhunda, þó helst
væri gagn af þeim við smalamennsku og að styggja burt búsmala af ræktarlandi.
Tegund: Kannast við hundur, grey, garmur, seppi, skinn, hundspott
og greyskinn. Heimilishundur: Ekki gæludýr í minni sveit.
Verð: Ekki seldir. Hundur verður til: Lóðarí, lóðatík, hundar
í tíkarsnatti, hvolpafull hljómar kunnuglega. Fæðing: Tíkur gjóta
hvolpum, en slíkt fór framhjá mér. Hárafar: Lubbi kunnuglegt nafn
á hundi, einnig lubbalegur. Rödd: Hundur ýlfrar, urrar, bofsar,
geltir, gjammar og spangólar.

p2
Hundsbit á möbnnum
kannast ég ekki við úr minni sveit og aldrei þekkti ég hræðslu við hunda
þar. Þeir áttu þó til að glefsa í skepnur, sýna tennur (mest í erjum við
aðra hunda), bíta, bolabítur. Hér á Akureyri kemur það hins vegar því miður
fyrir oft á hverju ári að hundar bíti fólk, oftast börn, en sjaldnast með
alvarlegum afleiðingum. Áflog oft er tveir eða fleiri hundar koma
saman (t.d. í réttunum), sem voru óvanir hvorir öðrum, slíkt þótti strákum
spennandi. Eigendur reyndu að grípa sína hunda úr þvögunni ef úr hófi keyrði.
Ferð: Hundar vildu helst fylgja húsbændum af bæ og dugði ekki alltaf
að loka þá inni. Bæli: Ekki hundakofar, þeir áttu sín bæli í "bæjardyrum,"
forstofu eða þvottahúsi (við bakdyr). Dallur: Sérstakur fyrir hundinn,
gamall diskur eða skál.

p3
Smalahundur: Sjá
fremst. Sigað: "Snati urrdan, urr," skammað: "svei, sveiattan,
svei þér," og ég minnist þess er ég fyrst heyrði kallað út um bílglugga:

"Svei þér þú hefur étið folald," að hundurinn snáfaði sneyptur burt. Síðar dugði það mér ekki jafn vel!! Hundahreinsun: Árvisst í sérstökum kofa í sveitinni, sem ekki var notaður til annars og sá ákveðinn embættismaður um hreinsunina, ég held bæði böðun og inntökur. Oft voru ólæti og áflog fyrir hreinsun, en allur vindur úr greyjunum að henni lokinni.

Vel var þess gætt að hundar kæmust ekki í innyfli við heimaslátrun vissi ég, en ég er ekki viss um á hvern hátt, held þó að það sem ekki var nýtt til matar hafi verið grafið djúpt í jörðu og vel tyrft yfir.

p4

Orð: Þekki vel, hundsspott,
hundslegur, hvolpavit, liggja hundflatur, eins og hundur hitti hund á tófugreni. Ein og halaklipptur hundur, tíkarspenar, erfitt að kenna gömlum hundi að sitja. HUndaklyfberi, hundslappadrífa, tíkarlegur (skömmustulegur).

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1923
Sveitarfélag: 845 Flúðum

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8493

p1
Hundurinn: Sameiginleg
heiti hunda eru t.d. hundur, hvutti, rakki, seppi, héppi en skinn, grey
og garmur er notað í lítilsvirðingar- og vorkunnartón um menn jafnt sem
skepnur. Hrædýr var notað á stundum um hunda og tófur, hvort tveggja leggst
á hræ. Kvikindi var samheiti á hundum og köttum, önnur húsdýr
voru kallaðar skepnur. Dýr hins vegar aðeins um villt dýr t.d. refi, sbr.
dýrbítur, dýrrifinn, dýrtækur hundur o.s.frv. en klódýr þekki ég ekki.
Hreinræktaður íslenskur hundur var sá talinn sem var í meðalstærð
hvað vöxt snerti, þéttvaxinn, ekki mjög loðinn með nokkuð langa rófu upphringaða
og uppstandandi eyru, dökk augu. Ljós augu t.d. gul þótti bera vott
um útlent ætterni. Væri hundurinn svo til rófulaus var það stubbhundur.
Hundar af skosku kyni þóttu álitlegir fjárhundar, einkum það kyn sem var
loðið, ekki langvaxið og rólegt í dagfari. Annað skoskt kyn var og er langt
og fremur mjótt, háfætt og hlaupalegt, oftast svart eða botnótt. Þeir hundar
reyndust mjög misjafnir, einstöku afbragðs góðir, en flestir ill viðráðanlegir
fyrir ólátum, hlaupum og stökkum en máske oftast eigendunum að kenna hve
þeir urðu oft ólán. Ekki veit ég til að hundabein hafi komið
úr jörðu við gröft eða jarðrask. Hundar voru og eru enn kenndir
við sinn bæ og þóttu oftast draga dám að sínu heimili, horaður hundur þótti
ekki góður vitnisburður um heimilið. Stundum lögðust hundar

p2
frá sem kallað var,
lögðust þá í flakk, sem sagt var eða lögðust að á einhverjum bæ og gekk
oft illa að venja þá af slíku. Stundum voru þeir þá geltir og dugði það
oftast. Hundahald svo nokkru nemi í þéttbýli virtist mér að ekki
hafi byrjað fyrr en eftir miðja þessa öld, ekki fer mikið orð af þeim hundum
sem fólk eldur sér að leikfangi. Hundum fellur ófrelsi og aðgerðaleysi
illa, þess vegna verða þeir oft óánægðir og öfugsnúnir í þéttbýlinu, ekki
vantar það að eigendurnir vilja þá gjarnan koma þeim af sér út í sveitirnar,

en ekki eru slíkir gripir eftirsóttir, enda oftast vandræðagrey. Svo langt hefur "hundaástin" gengið á stundum að hundar hafa verið fluttir tugi kílómetra frá heimili sínu og sleppt þar. Þegar tík fór að verða í "hundastandi" er hún sögð vera lóða eða í lóðaríi. Lóða er ekki sögn heldur óbeygjanlegt lýsingarorð, sbr. breima, yxna. Stóð þá ekki á hundunum sem söfnuðust saman með ófögrum hljóðum að flestum þótti. Ekki var auðvelt að hrekja biðlana í burtu, lítið þýddi að skamma þá eða berja, þótt í þá næðist, skárra var að reyna að binda á þá klofa, en það voru tvær smáspýtur sem bundnar voru þéttfast utan um rófuna, sumir létu sér segjast við að fá hrískukvist bundinn í rófuna. Oft eru hundar heldur illa farnir þegar þeir skila sér heim af slíkum samkomum, bitnir, rifnir og hungraðir, enda er sagt um þann sem er óvenju illa til reika úr ferðalagi að hann sé eins og hundur úr lóðaríi. Tík sem gengur með hvolpum er sögð hvolpafull.

p3
Að leggja eða gjóta
eru algengustu orð um það þegar tík eignast hvolpa. Jafnan var lagt ríkt á við börn að nota rétt orð um hverja skepnutegund viðvíkjandi fæðingu. Má hér tilfæra vísur Guðrúnar Kolbeinsdóttur á Reykjum á Skeiðum (1760-1838), sem hún orti til barns sem spurði hvenær tíkin bæri: Konan fæðir, kýr og ærin bera, kastar fyli kapal hró kisa og tíkin leggja þó.
Fuglinn verpir,
fiskar hrognum gjóta pöddur kvikna, grasið grær guð því vöxtinn öllu ljær. Flestir reyndu að láta tíkina hafa sæmilegt ból til að gjóta í þegar að því kom. Í gömlu hlóðaeldhúsunum áttu hundar vísan samastað í taðstálinu og var þá oftast breiddur strigapoki undir þá ofan á þurra skánina. Stundum gat orðið vandamál hvar koma ætti hvolpatík fyrir. Drengur einn, Loftur að nafni hafði af slíku miklar áhyggjur, en faðir hans kvað:
Taðstálið fullt, þá tíkin gýtur tel ég það milda skaðavon.
Einnig í lækinn út af flýtur ætlar því Loftur Bjarnason
Tjátlu að smíða kofakrá svo kúrt hún geti hvolpum á. Illa þótti það gert að taka alla hvolpana frá tíkinni en ekki var sama hver settur var á. Oft var litur látinn ráða að nokkru en bestur átti miðhvolpurinn að vera, sá fyrsti var talinn mundu standa framan í, en sá síðasti

p4
að bíta í hælinn
og þótti hvorugt gott á fjárhundi. Hvolpar sem fargað var nýgotnum ætla ég að almennt væri skornir af. Þegar velja átti hvolp til lífs var margt sem athuga mátti til að sjá eiginleika hans. Ljós í rófunni -þjófaljós- þótti til prýði, en ekki man ég til að því fylgdu sérstakir eiginleikar, ljósar doppur ofan við augu á dökkum hundi kalla sumir -skynsemisbólur-, bein aftast á hnakkanum, smalabeinið, átti að vera sem stærst, klær aftan á afturfótum voru stundum svo stórar og neðarlega að för þeirra sáust í

snjó, svo að farið varð nær því kringlótt. Þá var hundurinn alsporaður eða hringspori, sá sem hafði slíkan hund með sér átti ekki á hættu að villast og allt óhreint fældist slíkan hund. Góður vottur var líka ef hundurinn var flekkóttur innan í gininu. Hundar eru margvíslegir á lit, hosóttur, botnóttur, flekkóttur, grá- eða gulkolóttur, kjömmóttur, strútóttur, bæði mor- og svartstrútóttur, þeir eru blesóttir með hvítan hring um hálsinn og oftast hosóttir um leið. Hundanöfn eru býsna mörg og tæki langan tíma að tína þau öll saman. Þessi má nefna: Svartur hundur: Sámur (stór), Skuggi, Krummi, Kolur. Gulur hundur og e.t.v. kolóttur: Gulur, Glói, Börkur, Grani og Kolur. Mórauður hundur: Mori, Móri, Mosi, Skolli. Gráleitur hundur: Valur, Haukur, Kópur, Kópi. Botnóttur: Bósi. Strútóttur: Strútur, Hringur. Hosóttur: Lappi, Hosi, Putti (með hvítar tær). Flekkóttur og blettóttur: Flekkur, Depill, Kommi,

p5
Kjói, Týri og Týrus,
hafa ljós í rófunni. Litur og Gári mislitir, Bliki mjög ljósleitur. Mismunandi hárafar: Brúsi, Flóki, Snepill, Lubbi, Kampur og Skuggi eru kamphundar, mjög loðnir um hausinn, loðinn e.t.v. líka. Stubbur er rófulaus stubbhundur. Litlir hundar heita: Trítill, Hnoðri, Naggur, Snúður, Spori er alsporaður. Til var líka Skrítinn. ýmsir eiginleikar: Kátur, Tryggur, Snati, Vígi, Vaskur, Frískur, Frakkur, Smali, Sendill, Erill, Viðrus. Narri er líka óvitur og Gellir mjög hávær. Þá eru nöfn ýmissa sögupersóna iðulega notuð, eins og t.d.: Sesar, Neró, Trampi, Hitler, Parmes, Leó, Argus, Kaffon, Pétur, Pési, Pusi og Drísi af Andrésar nafni sem stundum var borið fram Andris. Svo voru nöfn af ýmsum ástæðum eða engum, s.s.: Garmur - rytjulegur hundur, Bakkus, Bangsi, Offi af Ófeigur, Nafni, Kondút, Spurðann. Útlend nöfn og ónefni voru líka til og þó eru meir nú á dögum (ekki nú til dags) svo sem Don, Jock, Kanis og mörg fleiri sem ég kann ekki upp að telja. Tíka nöfn voru langtum færri enda miklu færra af þeim.
Þessi voru helst: Tjátla var einna algengast, líka Píla, Doppa, Týra, Tíska, Kátína, Loppa, Bjalla og jafnvel Tíka, þótt fátælegt væri, Kola og Snotra. Hár á mjög loðnum hundum vildi oft flókna mjög svo að stundum þurfti að rýja þá líkt og kind, jafnvel klippa sums staðar þar sem ekki var hægt að reyta það burtu, helst var það aftan í lærum og á rófu og gekk ekki alltaf þrautalaust. Hundshár er mjúkt og hlýtt og veit ég dæmi um

p6
að það væri kembt
og haft í vettlinga. Hundar eru mis-spaklátir eins og vænta má og þykir alltaf góður kostur að hundur sé hæglátur og gjammi ekki eða góli í tíma og ótíma. Sumir þola afar illa að vera lokaðir inni nokkra stund, ýlfra þeir þá og ýlgra, ýla, urra, bofsa, gjamma, góla og spangóla, hvolpar væla og vola. úti við setja þeir upp sjógól, töldu sumir það boða veðrabrigði einkum til sjávarins. Að hundur sjóði grottann kannast ég ekki við en kettir

sjóða ..... sína, einkum kettlingar, þ.e. urra meðan þeir éta hana.
Spangól hunda ber vott um einhvers konar óánægju eða -taugaspennu-, það er t.d. alþekkt að hundar spangóli að tunglinu, helst er það sést koma í fyllingu upp eftir fjallsbrún. Líka þekktust hundar sem alls ekki þoldu sálmasöng, einkum við húslestur, og man ég vel eftir því. Algengt var að hundar fengju að vera inni í baðstofu á daginn einkum á veturna og þó þeir lægju grafkyrrir og virtust sofa, brást ekki að þeir vöknuðu við og færu að ýlfra og jafnvel góla þegar þeir urðu varir við að húslestur átti að byrja. Ég man líka eftir hundi sem stundum tók undir sálmasönginn þótt hann væri lokaður frammi í bæ og þótti það nú stundum draga nokkuð úr andagtinni. Þótt undarlegt sé, spangóluðu þessir hundar aldrei að annars konar söng.

Hundar gelta að gestum en aðeins hjá sumum er geltið frábruðgðið öðru gjammi, hjá þeim er þá geltið ekki ákaft og oft aðeins strjált gjamm. Það er kallað gestagelt og stundum mannagelt. Einstöku hundur spáði gestum á þann hátt að hann settist smá-gjammandi fyrir utan bæ og horfði í vissa átt, en úr þeirri átt var gestsins var,

p7
Þetta styrkti þá
trú að hundar væru skyggnir og sæu fylgjur fólks. Ef hundur liggur fram á lappir sínar og snýr trýni til dyra veit það á gestakomu. Leggi hann trýnið út yfir aðra hvora löppina átti gesturinn að vera utansveitar en lægi trýnið beint fram var hann innansveitar. Margir hundar eru mjög naskir að rekja spor, einkum húsbænda sinna og eru mörg dæmi þess að þeir hafi elt þá uppi ótrúlega langan veg. Einstöku hundar geta líka fundið fé í fönn að því er virðist eftir lyktinni, krafsa þeir þá ofan í skaflinn þar sem fé er undir og þóttu slíkir hundar mesta metfé.

Tíkarmjólk átti að vera mesta þing til að örva skeggvöxt og var því oft óspart haldið fram við pilta sem byrjað var að vaxa skeggið að þeir þyrftu að bera á sig tíkarmjólk. "Kattartungan særir, hundstungan græðir," er algengur málsháttur, enda var svo talið að ekki hlypi illt í sár sem hundur sleikti t.d. á sjálfum sér og furða var hvað sár á hundum greru fljótt ef þeir náðu að sleikja þau. Sumir höfðu líka mestu tröllatrú á að láta hunda sleikja sig og sagt var um mann einn að hann þvæi sér ekki öðru vísi en svo að hann bæri skyr framan í sig og í eyrun og léti svo hundinn sleikja. Hundafeiti þótti góð í smyrsli og til að nudda gigtarstaði úr. Grimmir hundar voru af öllum illa séðir og illt þótti að græða bitsár, helst var að þvo það úr spritti. Hundur var kallaður glefsinn ef hann átti það til að bíta og til var og er enn að vígtennur séu klipptar úr frekum hundum t.d. þeim sem eiga til að bíta unglömb. Hundar sem leggjast á fé, þ.e. elta það af sjálfdáðum

p8
og rífa, eru réttdræpir,
enda hafa slíkir hundar sem stundum fara í flokkum oft valdið stórskaða.

Áflogahundar eru helst barðir í sundur með einhverju sem fyrir hendi

er þó allra best að kaffæra þá, það ráð var líka notað til að venja burtu hunda sem lagstir voru að af öðrum bæjum. Hrælykt svo kölluð eða útilykt af hundum er sterkust og stækust í rysjuveðri að vetri til t.d. útsynningi. Hundum fylgir líka sérstök lykt, hundalykt, svo sem öðrum skepnum.

Ekki þekki ég nema það eina nafn á hundaþúfu og kannast vel við orðtakið "nú þykir mér hundaþúfar hreykja sér" og enn fremur: "Það er sitt hvort Hólastóll og hundaþúfa." Hundum þótti alltaf gaman að elta húsbændur sína af bæ, enda sjálfsagt að hafa með sér hund ef eitthvað var litið að skepnum og enda oftar en helst ekki á mannamót, þó að illa gengi oft að skilja þá eftir heima. Sumt fólk skeytti aldrei um þótt hundurinn elti það hvert sem var, líka til kirkju, sem þó var alltaf heldur illa séð, enda eru til ýmsar skoplegar sögur um hunda við kirkju.

Eitt sinn bar svo við í Miðdalskirkju í Laugardal að sumri til og kirkjan opin um messuna að tveir hundar bárust í hörkuáflogum inn um alla kirkju og réð enginn við neitt, uns einum kirkjugesti hugkvæmdist að fara út fyrir kirkjudyrnar og siga þar, en þá ruku báðir hundarnir út.
Sá sem vill terra sig á hverja samkomu, hvar sem er og hvernig sem á stendur, hann er eins og "hundur í hverri hofferð."

p9
Svo sem ég hef áður minnst á voru hundar hafðir í gömlu hlóðaeldhúsunum, taðstálinu, meðan til var, en svo í einhverju framhýsi eða kjallara eftir að gömlu húsin lögðust af. Þá var og er látið eitthvert dót, gamalt gæruskinn eða brekánssnepill handa þeim að liggja á en misjafnt er um hversu vel er að þeim búið. Þar sem miðstöðvaklefar eru þykir hundum gott að fá að vera þar, þeim þykir hlýjan góð. Ég kannast ekki við annað en hundar séu og hafi verið hafðir inni á nóttum, en þar sem hægt var að koma því við, þótti gott að þeir hefðu smugu -ruðningsgátt- til að fara út um ef þeir vildu. Að ekki væri hundi út sigandi hef ég talið að ætti við það að svo væri veðrið vont, einkum þó átt við slagveður, að ekki væri gerandi að siga hundi út til að reka úr túninu. Hundurinn þurfti sérstakt matarílát, hundadall, stundum var þetta lítið trog, en oftast eitthvert aflóga ílát, gömul skál eða emailleraður diskur, allt eftir ástæðum. Þótt ég eigi engan hundinn lengur, geymi ég enn síðasta hundadallinn, sem er hálf netakúla úr álblendingi. Til var líka að notaðir væru steinar með holu ofan í til að gefa hundum lapið í. Einn veit ég til að notaður sé enn, hann er í fjósinu í Tungufelli, stór steinn ferkantaður og giska ég á að holan ofan í hann taki a.m.k. hálfan lítra. Meðan fráfærur tíðkuðust átti smalahundurinn að fá ærnyt í mál. Hundar áttu að hafa matfrið sem aðrir, sbr. orðtakið: "aldrei að hrekkja hund í drukk." Eins og að líkum lætur var hundum ætlaður heldur lakari maturinn, enda þurfti mikið til að

p10
fóðra eina tvo, þrjá hunda en slíkt var ekki óalgengt. Alls konar slátur úrgangur var hirtur

og soðinn í hundana, oftast geymdur súrsaður sér í keraldi. Þar í mátti
telja laka, miltu, vélindu, stundum lungu, lungnapípur, þvottabris, vil,
þ.e. fléttaðar garnir áður en þær urðu verslunarvara og með þessu dóti
má líka telja hrútspunga, ég vandist ekki að aðrir en hundar og hrafnar
hefðu lyst á þeim. Svo voru auðvitað ýmislegar matarleifar hafðar í hundana,
bein og uggar og roð af harðfiski og var þá oft smurt floti á það harðasta.
"Þar fór illa góður biti í hundskjaft," sýnir að ekki
hefur þótt þurfa að vanda til hundanna og "að fara í hundana,"
vísar til þess sama, líka að "mæna eins og hundur á bita," en
að "horfa til augna," þekki ég ekki. Að venja hund var
ekki vandalaust verk, enda gekk mönnum það misjafnlega. Sumir gátu jafnvel
ekki fengið hundinn til að fylgja sér, höfðu ekki hundshylli, sem kallað
var og þótti það í meira lagi óvirðulegur vitnisburður. Í
fyrsta lagi þurfti að venja hvolpinn á að gegna því að ógegninn hundur
kom sjaldan að gagni. Ekki mátti samt aga hvolpinn svo strangt að hann
missti kjarkinn. Gott þótti að hafa gamlan og reyndan hund með hvolpinum
til að kenna honum en sá galli var oft á að gamli hundurinn vildi ekkert
gera ef hvolpur var með í förinni. Þegar hundi var sigað var ýmist sagt
hviss og var það vægilegast en ef ekki dugði að hvissa var næst að segja
irr eða irrdann en þegar nóg var að gert var kallað í hundinn með nafni
og var þá mikilvægt að hundurinn

p11
hefði nafn, sem þægilegt
var að kalla en öll áhersla er jafnan á fyrsta atkvæðinu. Þegar kallað
er á hund s.s. Sna-ti, Ko-lur, en síðara atkvæðið heyrist tæpast, öfugt
við það þegar kallað er í fólk. Svo var kallað svei þér, skammastu þín,
sem oft varð skammastín. Vildi maður reka frá sér hund, sneypa hann frá
sér var það kallað að púa hann, og við ókunnuga hunda sem maður vildi reka
burt var gjarnan sagt: "þú hefur étið folald," og "sæktu
seðilinn þinn." Ekki þótti skynsamlegt að ærslast mikið með
hvolpa og hálf vaxna hunda, þá þótti meiri hætta á að þeir tækju upp á
einhverjum óvana. Ekki átti heldur að vera að kenna þeim neinar hundakúnstir,
það átti ekki að vera að rugla þá á neinn hátt frá skyldustörfunum.
Auðvitað var reynt að fá hvolpa af sem álitlegustu kyni, því að hundar
eru mjög mis vel gefnir. Oftast voru hvolpar gefnir, en gangverð á sérlega
góðum hvolpi átti að vera haustlamb og veit ég dæmi um það. Sumum hundum
lét best að smala, öðrum að reka þegar féð var komið í hóp, en aðeins einstöku
hundar tóku kindur, helst með því að grípa framan í bóginn og fella hana
um leið og hún lyfti sér til að sleppa. Eftir að hætt var að beita fé og
fara að því daglega breyttist hlutverk hunda. Nú eru flestar jarðir afgirtar
að mestu, ær bera inni í húsum, aldrei smalað á vorin, aðeins rekið saman
af túninu, fé flutt til fjalls á bílum, aldrei rekin kind á milli bæja,
svo að sú eina æfing sem hundar fá er fjallferðin á haustin og einn eða
tveir smaladagar heima, enda er árangur eftir því og ekki við því að búast
að hundar verði

p12
að gagni, sem enga
æfingu fá. Hundafár þótti illur gestur, sem von var en svo
langt er síðan það hefur gengið að ég man tæpast eftir því og var heldur
ekki skætt að mig minnir. Ekki man ég til að kvillar sæktu á hunda, helst
þó að þeir misstu snemma sjónina, enda hafa hundar ekki sérlega skarpa
sjón. Lengi hefur tíðkast að hreinsa hunda til varnar sullaveiki
og ekki man ég eftir öðru en börnum væri bannað að veltast um með hundunum.
Á þessu er orðin nokkur breyting á síðari tímum, einkum gagnvart "gæluhundum,"
sem kallaðir eru, smá börn eru svo gott sem látin veltast í hundabælinu,
káfa í hundsrassinum og láta hundinn sleikja sig í framan og ekki er langt
síðan ég sá húsfreyju taka fat af matborðinu og setja fyrir hundinn svo
að hann æti leifar fólksins. Sullir úr sauðfé voru ævinlega brenndir.
Ekki man ég til að hundur í draumi ætti að boða neitt sérstakt, nema helst
gestakomu, eins og önnur kvikindi. Heyrt hef ég að hundar hafi orðið fylgjur,
en ekki kann ég að segja frá því. Hins vegar þóttust margir hafa
vissu fyrir því að hundar væru skyggnir og ruku þá stundum upp með urri
og gelti og höguðu sér líkt og þeir stæðu framan í einhverju og sýndust
þá bæði reiðir og hræddir. Líka hafa sést svipir eftir hunda. Svo
bar til hér í sveit á einum bæ í fjallvikunni að lítil telpa kom þjótandi
til móður sinnar og sagði: "Hann Snati er kominn heim, hann liggur
í bælinu sínu." Þegar að var gætt sást enginn Snati, enda átti hann
að vera á fjallinu sem oftar og ekki kynntur af því

p13
að svíkja þann sem
hann átti að fylgja. Síðar kom á daginn að hundurinn hafði drepist í fjallferðinni.
Ekki er ég vel fróð um það hvernig hundum var lógað áður en
byssur komu til, þó skilst mér að þeim hafi ekki verið drekkt, fremur hengdir
eða þó öllu fremur skornir á háls. Það er snöggur dauðdagi er vel er að
unnið og flestir vildu láta slíkt taka fljótt af, sbr. þó gamla vísu svohljóðandi:
Nýraknaður af náðarblund nú er hann Björn minn genginn
út fyrir garð að hengja hund hann er að þjóna sinni lund. Hundsskinn
voru stundum hirt, voru þá hæld og þurrkuð og þóttu góð í húfur ef þau
voru vel elt. Hundsskinn hafa víst viljað togna all mikið, því að sagt
er stundum um mann að það megi toga hann eða teygja eins og hrátt hundsskinn.
Og að vera eins og útspýtt hundsskinn er að vera á sífelldu flökti um allar
jarðir að erindum sínum. Ekki þótti hæfa að nota sömu orð
um kvikindin og mann fólkið á hundum og köttum, átti aðeins að nefna glyrnur
og kjaft, haus og lappir. Nú á dögum heyrist mér að flestir geri sig orðið
hundum jafna, því að fáir nefna annað en haus og lappir á sjálfum sér eða
öðrum. Hins vegar er nú orðið mjög í tísku að segja að bæði hundar og kettir
borði og drekki í staðinn fyrir að éta og lepja, en þó hef ég ekki enn
séð að hundar sitji til borð, en þó bendir margt í þá áttina. Ekki þótti
hæfa að gefa hundi þrjá bita. Ýmsir hafa orðið til að kveða

bögu um hundinn sinn, svo sem: Heitir Valur hundur minn, hann er falur varla, einatt smalar auminginn, upp um sali fjalla.

p14
Og eflaust er vísan alþekkta: Krummi situr á kvíavegg, gerð um hund en ekki hrafn. Hér er enn ein: Á Reykjum eru rakkar tveir ..... kalla Narra og Strút.
Reka merar röskir þeir rifu í fjalli gráan hrút. (Eiríkur Eiríksson) Svo er hér gömul hundanafna vísa: Snati, Kópur, Vaskur, Vígi, Vindill, Brúsi, Bliki, Kátur, Hringur, Hosi, Haukur, Lubbi, Kampur, Mosi. Margir fóru vel með hunda sína t.d. í fjallaferðum, reiddu þá yfir straumvötn og enda oftar, ef þeir urðu sárfættir, en aðrir skeyttu lítið um hundinn sinn og þóttu þá verri fjallmenn fyrir.
Óhóflegt dekur þótti á hinn bóginn heimskulegt og meir en það, svo sem segir í vísunni: Sigga kerling sett var út af sakramenti ... því hún tíkum hlynnti en tíðagjörðum engum sinnti. Mörg eru þau orð og orðtök sem vísa til hunda allt flest heldur neikvæð, nema hundkunnugur, s.s. þaulkunnugur, og e.t.v. hundvís. Svo er hundgamall, hundóánægður, hundleiðinlegur, hundlatur, hundflatur sem táknar þrælsótta, hundslegur (á svip), hundsbætur, hundblautur, hundvotur, hundrennandi og eins og hundur af sundi dreginn, þar með líka tíkarlegur og hundur getur verið í sumum, léleg spil kallast hundar, raunar öll spil lægri en sjö, í marías eru t.d. hundarnir teknir úr spilunum, hundslappadrífa. Hundaklyfberi er skammaryrði og eins og halaklipptur hundur er sá sem er ódæma skömmustulegur, enda verða hundar það ef snöggklippt er á þeim rófan. Þá er hundalíf ekki til að hrósa og að fara á

p15
hundavaði yfir e-ð ekki heldur. Sumir setja upp hundshaus, sem er nú næstum það sama og vera hundslegur. Að koma eins og hundur og fara eins og hundur er sagt um þá sem hafa þann hundasið að heilsa hvorki né kveðja og þakka ekki fyrir sig þar sem þeir koma gestir. Til er hundur, þá hann hefur hrist sig, er sagt um þann sem fljótur er að búast til ferðar og sá sem mjög er kalt skelfur eins og hildafullur hundur. Á mjóum þvengjum læra hundar að éta skinn, illt er að kenna gömlum hundi að sitja, sjaldan reiðist hundur beinshöggi. Það er lítið sem hundstungan finnur ekki, hundur veit hvað étið hefur, heima er hundurinn frakkastur, hátt geltir ragur rakki, eru allt gömul og alþekkt orðtök. Ef margir jagast í þeim sama, þá standa þeir eins og hundar á roði og sá sem nískur er getur ekki séð af hundsfylli. Þá má hundur heita í höfuðið á mér, segir sá sem telur af og frá að þetta eða hitt komi fyrir eða að sagt er: "Þá skal ég hundur heita (og skít éta, bæta sumir við)," og sá sem er langur og ólánslegur líktist mes hundsskinns-útnáraþvengjalengju.
Sá sem rétt aðeins drepur á marga hluti, en gerir engu ítarleg skil, hvort heldur í ræðu eða riti, fær þá umsögn að verk hans sé rétt eins og hundur glefsi í .... Sá er kominn úr öllum hundahljóðum sem kominn

er svo langt í burtu að hann heyrir ekki lengur í hundunum, sem mest gjömmuðu að honum, þetta orðtak er oftast notað í óeiginlegri merkingu. En hvað hundarnir ríða ekki í söðli, segir fólk þegar skörin er tekin að færast heldur en ekki upp í bekkinn og það er ekki hátt hundaskítsfallið og er þá meint að ekki sé úr háum söðli að detta. Þá er hér orðtak sem ég hef aðeins

p16
heyrt föður minn
nota, en er ekki viss um merkingu í, en það er þetta: "Hvað hefur hundurinn úr beininu?" Smekkinn og rifinn kjaftinn. Miklu færri eru orð og orðtök um tíkur en þó fáein. Sá sem dreginn hefur verið á tálar hefur verið teymdur á tíkareyrunum eða tíkarskottinu og ekki er nú beinið takandi af tíkinni er sagt um þann sem ekki þykir ástæða til að öfunda af sínum feng, t.d. kvonfangi eða gjaforði. Þá fer nú þessari upptalningu að verða lokið en þó er eftir þetta að geltinn hundur glefsar ekki.
Ég sé að ég hef gleymt að minnast á dýrhunda og skothunda, en dýrhundur er sá sem öruggur er að ráða niðurlögum tófu ef hann nær henni á annað borð en hundar sem sækja það sem kastað er og svo líka fugla, sem skotnir voru kallaðir skothundar. Þá held ég að ég láti þessu lokið og bið velvirðingar á því hversu mjög þetta hefur dregist á langinn. Tvær litlar hundasögur: Mörgum hefur þótt heldur ótrúleg sagan af Víga, hundi Ólafs konungs Tryggvasonar, er hann tíndi naut, húsbónda síns úr stórum nautaflokki. Þó eru til frásögur af svipuðum atvikum, ekki gömlum.
Hér í Ytrihreppum, standa bæir all víða í hverfum, þrír eða fleiri saman og gengu gripirnir á bæjunum þá saman að sumrinu, einkum áður fyrr. Svo var í Unnarholtshverfi svonefndu en þar eru þrír bæir. Á árunum milli 1950-60 var hundur á Bjargi þar í hverfin
u, sem þótti gaman
að fara með að sækja kýrnar, einkum ef húsmóðirin varð til þess. Kýrnar frá öllum bæjunum voru þá iðulega í einum hóp, hver innan um aðra. Ef Snati fékk að ráða smalaði hann fljótt og örugglega Bjargskúnum úr hópnum og skeikaði aldrei og var þó hópurinn allur 30-40 stk. Snati var þó ekki kallaður nema góður meðalhundur að vitsmunum. Á öðrum bæ hér í sveit með stóru kúabúi, 50-60 gripum mjólkandi er það lag á að mjólað er í mjaltabásum, átta kýr í einu. Tíkin Loppa tók þá að sér að reka kýrnar í mjaltabásinn og brást ekki að hún rak inn rétta tölu og fór í dyrnar ef fleiri ætluðu inn. Loppa dó af ellihrumleika á síðastliðnu sumri. Hún var grá að lit, kamptík og býsna skynsöm.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1896
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8732

p1
Tegundin: Hundar
voru kallaðir hundar, grey, garmar, rakkar, héppar og seppar. Hvuttar var frekar haft um hvolpa. Gæluorð um hund voru t.d. garmskinn, greyskinn og greyskarn. Hundsskinn var bara skinn af hundi. Hundsspott var lítilfjörlegur maður og montinn. Ég heyrði aldrei orðið "klódýr" og hrædýr eða hrækvikindi heyrði ég ekki notað um hund. Hundakyn: Íslenski hundurinn var allsráðandi - það sást ekki annað hundakyn. Íslenski hundurinn er með klakkeyru, þ.e. stutt eyru sem standa beint upp - ekkert brot í þeim og hringaða rófu. Íslensku hundarnir voru oftast snögghærðir, en gátu þó verið loðnir. Heimilishundur: Lang algengasta ástæðan fyrir því að hundar lögðust í flakk var sú, að þeir höfðu ekki nógu gott atlæti heima, eða fengu ekki nóg að éta. Svo var auðvitað tímabundið flakk í kringum lóðarí. En sumir hundar tolldu aldrei heima, tvímælalaust af því að þeir voru ekki nógu vel haldnir. Það var alveg greinilegt, að eftir því sem hundurinn hafði betra atlæti og betra fóður, eftir því var hann fallegri og á allan hátt geðugra kvikindi. Það var ákaflega sjaldgæft, ef maður kom á myndar heimili, að heimilisrakkinn væri ekki vel haldinn. Hundurinn var svo þarfur þá. Meðan allt var ógirt, var hann svo mikið notaður við smalamennskur, upp undir allan sólarhringinn á vorin. Hundurinn stendur manninum miklu framar með heyrn og þefvísi. Það var mörgum metnaðarmál að hafa hundinn sinn vel útlítandi og ákaflega margir höfðu ást á hundinum sínum, þetta var svo þarfur þjónn. Til var að hundar væru geltir til að venja þá af flakki, en það þótti aldrei gott, þeir urðu feitir og latir.

p2
Það er nokkuð síðan farið var að hafa hunda sem gæludýr. Ég þekki málsháttinn: "svo er hundur sem hann er hafður". Til var að menn flyttu inn skoska fjárhunda. Ef þeir fengu sérstaka tamningu, var hægt að láta þá hjálpa sér ákaflega mikið. Helst þurfti að nota þá á hverjum degi. Væru þeir ekki

notaðir um tíma, urðu þeir grimmir. Þetta voru stórir og aðsópsmiklir hundar, sem skepnurnar öktuðu. Hægt var að kenna skosku hundunum ýmislegt sem þeir íslensku gátu ekki. Fé verður miklu þægara þar sem góður hundur er. Verð á hundum og hvolpum: Ég heyrði aldrei talað um vissan verðtaxta á hundum. Ég held að algengast hafi verið að hvolpar og hundar gengju manna á milli án endurgjalds, nema þessir skosku. En eftir að hundapest hafði geysað, voru hvolpar og hundar seldir, og fluttir héraða á milli.
Hvolpar voru aldir á öllum árstímum, en best þótti að ala þá snemma á engjaslætti, eða í Góulok. Hvolp sem fæddur var á Góy mátti byrja að venja næsta vor og hina að haustinu. Hvolpar gátu skipt um eiganda þegar þeir voru komnir vel á fót og farnir að lepja sjálfir. Hundur verður til: Orðið lóðatík var notað. Talað var um tíkarsnatt. Það kom sér fot illa, ef hundurinn var kominn á flakk, þegar átti að fara að smala. Stundum var hundum bægt frá bæ með því að binda dós eða eitthvað sem skrallaði, í skottið á þeim. Þá urðu þeir lafhræddir og hlupu heim. Tík var hvolpafull, ég heyrði ekki annað nafn á því. Fæðing: Tíkin gaut. Mig minnir að 3. og 5. hvolpur ættu að vera bestir. Ef hvolpar fæddust sjáandi, voru það talin mestu meindýr. Annars vissi ég aldrei til að fæddist sjáandi hvolpur, en munnmælin sögðu að þetta hefði gerst. Þá átti að koma hvolpinum fyrir (drepa hann),

p3
eins fljótt og mögulegt
var. Hvolpum var yfirleitt drekkt. Ég man ekki eftir neinu örnefni í sambandi við það, enda voru þeir oftast kæfðir í íláti í fötu t.d. Auðkenni:
Það var talað um fjáraugu í hundum. Sumir þóttust sjá það á stálpuðum hvolpum, hvort þeir yrðu fjárhundar eða ekki. Ég heyrði talað bæði um hringspora, alspora, hálfspora og óspora hunda. Best þótti að hundur væri alspora. Ég held að sjaldan hafi hundur verið óspora, og þótt slæmt. Hvítur blettur framan og ofan við augu hunds hét eitthvað sérstakt, en nú er ég búinn að gleyma hvað það var. Slíkir blettir voru merki um að það væri eitthvað varið í hundinn. Hvítur rófubroddur hét að hafa týru eða hnapp í rófunni, en merkti ekkert sérstakt. Það þótti einn af höfuðkostum hvolps að hann væri geltinn og að hann fengist til að gelta hjá manni án þess að fara í skepnurnar. Litir hunda og nöfn: Strútóttir hundar voru dökkir, móauðir eða svartir með ljóst trýni. Kölluðust ýmist móstrútóttir eða svartstrútóttir. Flekkóttir hundar gátu verið allavega skræpóttir eða skjóttir. Alsvartir og almórauðir hundar voru til, en oftast höfðu þeir hvítan blett í bringunni. Kollóttir hundar voru bæði brúnkollóttir og dekkri. Þeir voru jafn-gráskollóttir. Ég heyrði ekki talað um kápótta eða snoppótta hunda. Það var ekki talað um snoppu á hundum, heldur trýni. Nöfn fóru ekki alltaf eftir litnum, þótt það væri algengast. Nöfnin Vaskur og Kátur voru líka algeng. Þau sögðu til um eðli hundanna. Tryggur, Bósi, Snati og Hnappur tíðkuðust, og Neró og Týrus voru til. Í seinni tíð fóru svo að tíðkast alls konar skrípanöfn og útlend nöfn.

p4
Hárfar: Lubbi = loðinn
hundur. Loðnir hundar voru oft sóðalegir þegar bleyta var og þegar þeir fóru úr hárum, þá fór allt í snepla. Ég heyrði aldrei talað um að hundshár væri notað. Hundar voru sjúkir í gamla daga, með bandorma. Yfirleitt var talað um að ganga úr hárum, en ég heyrði líka talað um að ganga úr snoðinu. Rödd hunda: Ég hef heyrt öll orðin sem upp eru talin um hljóð hunda s.s. hundar ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla. Hundar ýlfruðu ef þeir voru lokaðir inni, þá ýlfruðu þeir eða ýluðu. Það var kvörtunarhljóð. Gól í hundum var kallað spangól. Álitið var að það vissi á gestakomu. Hundar voru eitthvað óánægðir þegar þeir spangóluðu. Mér þótti stundum gaman að heyra hunda spangóla; þeir voru ekki mjög falskir. Ég heyrði aðeins talað um nágól, og þá um hunda sem voru falskir þegar þeir voru að spangóla. En ég heyrði aldrei talað um að "sjóða grottann". Fólk þóttist skilja ólíkt sálarástand hjá hundinum, hann væri að tjá eitthvað sérstakt. Gestageltið var t.d. með sérstökum hreim. Hundur var hávær, ekki "gjárífur". Ratvísi, þefskyn: Það eru ákaflega mörg dæmi til um að hundur hafi bjargað manni með ratvísi sinni, ef hann var látinn sjálfráður. Það mátti ekki skipta sér af honum. Spádýr: Hundur spáði fyrir gestakomu með spangóli. Þegar gestir voru komnir, tók hundurinn ákaflega misjafnlega á móti þeim. Hann flaðraði kannski upp um suma, en gagnvart öðrum risu á honum hárin.
Ég hef lítið heyrt um spásagnir hunda varðandi veður, en alltaf þótti það vita á gott, ef hundurinn fór upp á baðstofumæni og lagðist þar.
Það var álitið að hundur fyndi feigð á manni, ef hann þefaði af honum og gekk svo burtu sneyptur með lafandi skott.

p5
Tíkarmjólk: Undir
vissum kringumstæðum hafði tíkarmjólkin mikinn lækningamátt, að talið var, en ég er búinn að gleyma hvaða kringumstæður það voru. En það var nú aðallega meramjólkin, sem þótti heilnæm og var gefin magaveikum börnum, sem ekki þoldu aðra mjólk. Lækningar: Ég kannast við málsháttinn, "kattartungan særir, hundstungan græðir". Það var ekki alveg brennt fyrir að fólk léti hunda sleikja sár á höndunum á sér, sérstaklega ígerðir. Hundafeiti var notuð sem handáburður og þótti afbragð á æðahnúta. Hundar voru stundum soðnir til að ná af þeim feitinni. Fríða kona Jóns: Ég man að pabbi fékk einu sinni sár á milli tánna, og að Táta gamla var látin sleikja það. Hundsbit: Það var álitið að hundsbit gréri seint og illa. Vígarnir (vígtennurnar) rifu svo, að sárið var ekki hreinn skurður, heldur tætt. Búið var um hundsbit eins og önnur sár og höfð feiti til að mýkja það. Þótti alveg nauðsynlegt að binda um slík sár. Ég hef ekki heyrt um að hár bithunds hafi verið brennt. Hundur sem beit, var gjarnan kallaður bitvargur. Flestir losuðu sig við slíka hunda, en þó voru til hundar, sem alltaf glefsuðu. Ef hundar bitu í hækla á kindum, var ákaflega erfitt að

lækna þær. Það var algengt að vígarnir væru klipptir úr grimmum hundum.
Áflog hunda: Hundar voru dregnir í sundur á rófunum, ef náðist í
þær. Þeir voru þá oft svo ævareiðir, að maður mátti passa sig á þeim. Algengt
var líka að hella köldu vatni yfir álfogahunda. Það var alveg óbrigðult
ráð. Þeir voru aldrei svo æfir, að þeir hlypu ekki sinn í hvora áttina,
ef þeir fengu yfir sig kalda vatnsgusu. Annars hafa sjálfsagt ýmsar aðferðir
verið notaðar. Hrælykt: Ef útsynnings-hráslagaveður var, kom stöku
sinnum kulda-hráslagalykt af hundunum, sem var kölluð hrælykt, hráslagalykt
eða hundalykt. Hundaþúfa: Ég held ég hafi ekki heyrt önnur
nöfn á þessum þúfum en hundaþúfur. Þegar verið var í ferðalögum, voru heimilishundarnir
gjarnan með. Þeir voru ákfalega fundvísir á svona þúfur og notuðu þær í
tíma og ótíma. Var mikið af hundaþúfum meðfram gömlu reiðgötunum.
Móðir mín fór einu sinni fram að Húsfelli. Hún reið fram Hvítársíðu. Þar
voru á einum bænum tvær hundaþúfur úti á mel, sem höfðu verið vandlega
slegnar. Svona var nýtnin mikil í þá daga. Ég kannast við
orðtakið um hundaþúfuna. Það var notað ef einhver þótti vera með óþarflega
mikið yfirlæti. Hunur í mannaferð: Ég kannast ekki við orðtakið
að vera "eins og hundur í hverri hofferð". Það var ákaflega algengt
að hundar fylgdu mönnum á milli bæja. Þó að reynt væri að skilja þá eftir,
eltu þeir, ef þeir komust út og voru ekki í vandræðum með að snapa upp
förin. Það þótti nú verra, ef hundarnir fylgdu til kirkju. Meðhjálparinn
var oft í hreinustu vandræðum með þá. Það þótti þá ekki viðeigandi að reka
þá út úr kirkjunni með þeim orðum og áherslum sem voru kannski notuð við
þá dags daglega, og þeir skildu. Oft endaði viðureignin með því, að þeir
skirðu undir bekkinn þar sem eigendur þeirra sátu. Það þóttu messuspjöll
þegar hundar spangóluðu í kringum kirkjuna meðan verið var að messa, en
var þó nokkuð algengt. Einu sinni var það við messu í Norðtungu,
að Runólfur, bóndi í Norðtungu og meðhjálpari, ætlaði að færa prestinn
í hökulinn öfugan. Og á sama tíma var Jón gamli Ásmundsson í Norðtungu,
sem ekki var lagið að fara hljóðlega, að eltast við hund, sem var kominn
inn í kór. A.m.k. allt yngra fólkið í

p7
kirkjunni var komið
að því að skella upp úr. Hann var lengi að basla við hökulinn og síðast
tók séra Gísli af skarið, tók hann af honum og fór í hann sjálfur. Runólfur
sagði á eftir: "Hö, hö, ég var nú hérumbil búinn að gera söfnuðinn
vitlausan". Bæli hunds: Hundum var undantekningarlaust ætlaður
einhver sérstakur staður, og búið þar um þá. Hundsbælin voru víst margvísleg,
líklega oftast einhverjar heydyngjur. Meðan hlóðaeldhúsin
voru, var algengt að hundurinn skriði ofan í öskustóna og lægi þar. Ég
man eftir einum, sem uggði ekki að sér fyrr en glæðurnar fóru að hrynja
niður í bakið á honum. Mikið andsk... tók hann snöggt viðbragð!
Hundakofar voru til á einstaka bæ. Hundar voru hafðir inni á næturnar á
vetrum, en ekki á sumrin. Sumir hundar höfðu þann sið, meðan gömlu baðstofurnar
voru, að liggja alltaf uppi á baðstofumæni. Þaðan höfðu þeir svo gott útsýni

og ruku svo upp þegar þeir urðu varir við eitthvað athugavert. Hundurinn er greindur og finnur ákaflega vel, hvað að honum snýr. Það þótti þrælsháttur, harðýðgi og ómennska að siga hundunum út á kvöldin, en þó var það til.
Veðrið gat verið svo vont, að "ekki væri hundi út sigandi". Ef hundur lá úti í byl af einhverjum ástæðum, lét hann fenna yfir sig, svo að aðeins trýnið stóð upp úr. Það var einstaka hundur, sem varði túnið af sjálfsdáðum, og lá þá tíðast uppi á bæjarburstinni á milli, en það voru ekki nema fáir hundar, sem var trúandi til þess án þess að þeim væri stjórnað. Það þótti heldur ekki þorandi. Villidýrið gat komið upp í þeim. Hundsdallur: Líklega hefur hvergi verið svo aumt að ekki væri til hundsdallur. Dallarnir voru úr tré, í laginu eins og byttur og þeir hafa oft tekið svona upp undir 4

p8
lítra, enda voru þá fleiri en einn hundur um sama dallinn. Stundum varð rifrildi úr þessu, en hundar vöndust því, ef þeir voru geðgóðir. Hundstrog: Stundum voru dallarnir í laginu eins og trog, og var talað um hvorttveggja, hundsdall og hundstrog. Hundssteinn: Já, það var til hundssteinn. Það var t.d. algengt að gefa hundinum í holustein við kvíavegginn. Yfirleitt var holan sjálfgerð. Ég sá ekki þannig stein, sem hafði verið höggvinn til.
Hundsmatur: Hundar fengu allan úrgang, en fólk gekk betur að mat sínum þá en nú, og ég held að það hafi oft verið með hundinn eins og fólkið, að hann hafi ekki fengið alveg nóg. Hundamatur var fyrst og fremst grautur, eða lap, eins og það var kallað. Lungu voru súrsuð og notuð til matar, en mæðilungað (mig minnir að það væri elsti broddurinn af hægra lunganu) var alltaf gefið hundum, og eins óhljóðseyrun. Þetta, ásamt kirtlum, var næstum því það eina af skepnunni, sem var ekki haft til manneldis. Hundarnir fengu auðvitað öll kindabein, sem þeir réðu við og voru þeir margir duglegir við þau. Eins fengu þeir fiskúrgang, því engu var hent, en ég held að það hafi verið lítið um að þeir fengju það sem fólk gat etið. Fiskbein og fleiri úrgangar úr fiski var stundum sett í slátursýru og síðan gefið fénu. Svo þegar slátrað var hrossi og ekki mátti borða hrossakjötið, var það samt soðið til að ná úr því feitinni. Síðan var kjötinu hent út fyrir tún eða eitthvað, og þar gengu hundarnir svo í það. Ég þekki vel orðtakið um að mæna eins og hundur á bita, en ekki að "horfa til augna". En hundurinn hefur ákaflega biðjandi augu, þegar hann er svangur. Hundar voru oft vannærðir. Hundslap: Ég hugsa að ekki hafi verið neinar fastar reglur um

p9
hundslapið. Það hefur farið eftir örlæti og getu hvers og eins, hvað það var mikið. Smalahundur, fjárhundur: Það þótti höfuðskilyrði að byrja að venja hvolpinn á réttum tíma. Heppilegast þótti að hvolparnir fæddust á miðgóu eða engjaslætti, til þess að vera hæfilega þroskaðir á vorin og haustin, þegar farið var

til kinda. Enginn hundur varð góður nema sá sem var vaninn af natni. Það
þurfti að taka sér tíma til að venja hvolpinn, kenna honum að hlýða boði
eða kalli. Til þess að tamning hunda takis vel, þarf maðurinn að vera geðgóður.
Ekki má skamma hvolpinn mikið, þá myndast svo mikill þræslótti, og þeir
hundar vita aldrei hvað þeir mega. Ég hugsa að það sé ekki alveg ólíkt
að venja hund og að venja krakka. Til hvorutveggja þarf þolinmæði og umbuðarlyndi,
og svo að kjassa hann fyrir það sem hann gerir vel, og skamma hann ekki
of mikið fyrir hitt, sem verr gekk. Hundurinn er í eðli sínu viðkvæmur,
en ákaflega vel viti borinn og trygglyndur. Ekki þýddi að kenna hvolpum
að taka kindur fyrr en þeir voru orðnir vel stálpaðir. Það eru gerólíkir
siðir í sveitunum nú eða þá. Áður var gengið til kinda á hverjum einasta
degi og hundurinn hafður með. Nú finnst varla nýtilegur smalahundur á bæjum.
Hundar þurfa að vera í stöðugri þjálfun. Nú er það jafnvel til, að menn
verða að loka hundana inni, þegar þeir fara í leitir. Fyrir kom, þegar
verið var að venja hvolpa, að haft væri band á þeim til að venja þá af
að hlaupa í fé. Ákveðin hundakyn voru eftirsótt. Það var ákaflega
mikið spekúlerað í því að fá hvolp af góðu kyni. Hvernig hundi
var sigað, var eins ólíkt og mennirnir voru margir. Góður smali sigaði

p10
hundinum aldrei,
heldur sagði honum. Það þótti lélegur smali eða gaði, sem sigaði hundinum
á féð. Oft og tíðum varð það til þess, að það fór í þveröfuga átt.
Maður stjórnaði hundi mikið með bendingum og orðum, t.d. "sæktu þær".
Ef hundum var sigað, urðu þeir svo frekir. Góður smali talaði við hundinn,
jafnvel eins og mann. Kallað var á hund með nafni og hann var kjassaður,
ef hann gerði eitthvað vel. En maður varð að passa sig að skamma hundana
ekki of mikið eða berja þá, ef þeir gerðu skyssur. "Svei þér, skammastu
þín, snáfaðu burt", voru algeng skammaryrði við hund, en "þú
hefur étið folald" voru mestu niðrunarorð, sem hægt var að segja við
menn á þeim árum þegar menn átu ekki hrossakjöt. Margir kenndu hundunum
að heilsa og setjast. Sjálfsagt hafa þeim sumum verið kenndar fleiri hundakúnstir.
Ég man t.d. eftir manni sem tók í nefið og vandi hundinn sinn líka á að
taka í nefið. Mörgum þótti álíka vænt un hundinn sinn og reiðhestinn sinn.
Að hundar eltu bíla, er seinni tíma vandi. Bíllinn hafði þau áhrif
á hundinn, að hann lét ekki að stjórn. Hann svð svo æfur. Hundafár:
Þar sem hundafár gekk yfir gat það orðið svo skætt, að það nær aleyddi
hundastofninum. Voru þá menn sendir í önnur héruð eftir hvolpum, því það
að hafa hund, var eitt af því sem var alveg nauðsynlegt. Ég held
að það hafi alls ekki verið til neitt læknisráð við hundafári. Eina tilraunin
til lækninga var að koma ofan í hundana sem mestu

p11
af spenvolgri nýmjólk.
Þetta ráð var líka notað þegar hundar komust í refaeitur. Hundafár

var eini sjúkdómurinn, sem gekk í hundum hér, svo að ég vissi, fyrir utan bandorma. Ef hundar höfðu mikla bandorma urðu þeir lubbalegir og ljótir í hárafari, einhvern veginn ótótlegir. Bandormarnir fóru samt miklu lakar með fólk en hunda, og hundarnir voru afleitir með það, hvað þeir sýktu út frá sér. Hundahreinsun: Sullum, sem komu í ljós við slátrun, var alltaf brennt. Lengi tíðkaðist að gefa hundunum inn lyf við bandormum án þess að baða þá um leið, en það var auðvitað ekki fullnægjandi. Sjálfur sá ég aldrei að hundar væru látnir sleikja aska. Það mun hafa verið að leggjast niður fyrst þegar ég man eftir mér. Hundar í draumi: Ég heyrði ekki talað um að það merkti neitt sérstakt. Hundur sem fylgja: Ég heyrði talað um að hundur væri ákaflega algeng fylgja.

Andi og sál: Ég hugsa að hundar hafi meiri skyggnigáfu en menn. Það var ekki einleikið, hvernig hundarnir fóru að spangóla og boða gestakomu löngu áður en gesturinn var kominn í sjónmál. Það var mikið talað um að framliðinn hundur, dauður hundur, gæti verið sjáanlegur á reiki.

Dauði: Hundar munu vanalega hafa verið hengdir. Þó voru undantekningar frá því. Ég vissi til að hundar voru kæfðir. Það var þó nokkuð algengt að hundsskinn væru þurrkuð, skorin í tætlur og höfð til að skúfbinda fé á vorin. Það þótti óbrigðult, að tófa færi ekki í fé, ef það var með hundsskinnsskúf.

Orðtakið "að vera eins og útspýtt hundskinn". Þegar skinn er þurrkað, þarf að spýta það í

p12

þil eða vegg. Hundsskinn voru ekki teygð meira en önnur skinn. Ég held að "hunds"-skinnið hafi bara verið notað til að gera umtalið óvirðulegra, klúrara.

Maður og hundur: Iðulega var talað um að maður yrði hundslegur, t.d. þegar hann vissi upp á sig einhverja skömm. Aldrei var talað um munn á hundum, heldur kjaft, og ekki nef, heldur trýni. Oftast var talað um augu í hundum, en fyrir kom, að talað var um glyrnur, hundsglyrnur.

Fjárglyrnur: Og nú er ég búinn að rifa upp, hvað hvítir blettir við augu hunda nefndist. Þeir voru kallaðir fjárglyrnur. Það var aldrei talað um fætur á hundum, heldur lappir, hundslappir. Mikið kafald og stórkorna var kallað hundslappadrífa. Ég hef aldrei heyrt þetta um bitana þrjá, en það þótti ekki viðeigandi að dekra við hunda.

Seinni tíminn hefur alveg brotið þá reglu. Kveðskapur, sagnir: Hundurinn kemur víða við í kveðskap og gátum. Hann var svo stór þáttur í lífinu og tilverunni. En ég man ekki að tilgreina neitt sérstakt af slíku í fljótu bragði. Orð og málshættir: Sá sem var vitgrannur en framhleypinn, var sagður hafa hvolpavit. Ef gestur kom, sem var stuttur í spuna og kvaddi stuttaralega, var talað um að hann kæmi og færi eins og hundur. Þegar einhver fór í styttingi og fálæti var stundum sagt: "Hann fór eins og halaklipptur hundur", og það sama var líka stundum sagt, ef einhver flýtti sér óhóflega í burtu.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1919
Sveitarfélag: 801 Selfossi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 9768

p1
Hundakyn: Held að
fólk hafi ekki gert sér grein fyrir hvort hundar voru hreinræktaðir eða
blandaðir. Ég gerði mér ekki grein fyrir einkennum íslenska hundsins
fyrr en eftir að Mark Watson fór að vinna að varðveislu íslenska hundakynsins.
Þar sem ég þekkti til munu hundar með upprétt eyru, hringað skott
hafa verið heldur fátíðir. Heimilishundar: Fé er jafnan fóstra líkt,
segir gamall málsháttur. Stundum var talað um að hundarnir drægju dám af
húsbónda sínum. Þar sem mikið var sigað, urðu hundar á þeim bæjum sí gjammandi.
Heldur þótti hvimleitt þar sem hundar tóku ferðamönnum með
miklu offorsi. Verð á hundum og hvolpum: Ekki þekkti ég það,
enda voru víða tíkur, en oft heyrði ég talað um að þessi eða hinn hundurinn
væri vel ættaður. Margir vildu venja hvolpinn í maí, þ.e.
þegar þeir voru að fylgjast með sauðburði. Þá minnir mig að hafi þótt gott
að þeir væru fæddir á Þorra. Lóðarí, það var algengt orð, og heldur
þóttu þær samkomur hvimleiðar

p2
er hundar söfnuðust
mikið saman og kom þá oft fyrir að þeir tættu kindur. Eitthvað
mun hafa verið um að bægja aðkomuhundum frá, og kom þá fyrir að þeir sem
áttu byssur hræddu þá með þeim, en sumum hundum er mjög illa við að heyra
skotið úr byssu nálagt sér. Auðkenni: Ef hvítur blettur var undir
augum á hundi kölluðu margir það tírur. Spurt er um auðkenni
hvolpa, m.a. geltinn, ógeltinn. Mér þótti þeir hvolpar sem aldrei þögðu
heldur hvimleiðir og benti það á engan hátt á að það yrðu góðir fjárhundar
sem geltu mikið. Ratvísi hunda: Ekki get ég komið með sögur um ratvísi
hunda, en ég hefi séð að hundar rekja spor. Margir hundar munu heyra með
ólíkindum vel. Hefi ég séð að hundar greina hljóð í bílum með ólíkindum.
Þá hefi ég séð að hundar sína merki um að þeir búist við gestum nokkru
áður en til þeirra sést. Áflog hunda: Spurt er um hvernig hundar

voru skildir ef þeir voru í áflogum. Sjálfsagt notuðu menn við það ýmsar aðferðir. Í réttum sá ég að notuð var svipuól, sumir notuðu þá aðferð að taka í skottið á

p3
þeim og slíta þá
þannig í sundur. Ekki sá ég að hundar voru skildir með því að skvetta á þá vatni. Hrælykt: Að sumrinu bar talsvert á hrælykt af hundum. Sérstaklega fannst mér það áberandi þegar hundar voru búnir að vaða mikið um blautar mýrar. Hundaþúfur: Hundaþúfur sjást víða. Hundar munu oft hafa gert þarfir sínar á þær, einnig áberandi að hrafnar settust oft á þær. Mig minnir að Páll Kolka læknir hafi skrifað umtalaða grein á fjórða áratugnum sem hann kallaði: Hólastóll og hundaþúfa. Hundar í mannaferð: Mjög sóttu hundar eftir því að fylgja húsbónda sínum ef hann fór frá bæ, sérstaklega þótti hundum gaman að fara með þegar farið var gangandi. Annars var það þannig þar sem margir heimilismenn voru að hundar vildu fylgja flestum heimamönnum. Spurt er um hvort hundar hafi farið með þegar farið var til kirkju. Talsvert mun um að hundar væru í fylgd með kirkjufólki og þótti heldur óskemmtilegt er áfloga..... hófust undir messugerð.
Þá kom það fyrir að hundar færu inn í kirkju og voru meðhjálparar á verði að varna þeim inngöngu en slíkt dugði ekki til, veit ég dæmi um að meðhjálpari tók í hnakkadrambið á

p4
hundi og fór með
hann skrækjandi út. Sennilega hefur nú heldur verið reynt að halda hundum heima þegar farið var til messu og annarra mannafunda. Bæli hunds: Séra Valdimar Briem vígslubiskup vígði Jón Helgason til biskups. Haft var eftir séra Valdimar í blaði að hann hefði vígt Jón með hangandi hendi. Skömmu áður hafði hann farið úr liði á öxlinni og sagðist hann hafa dottið af hesti. Aðrir sögðu að hann hefði dottið um hvolp í bæjardyrunum. Algengt mun það hafa verið að hundar lægju í bæjardyrum a.m.k. fram á kvöld ef þeir voru þá látnir í sérstakt hús, en ekki var síður að hafa ljós í bæjardyrum. Séra Brynjólfur á Ólafsvöllum hafði þessi orð um þetta: "Hann gat skellt honum sá svarti þó hann sé ekki stór!"
Sennilega mun eitthvað hafa verið um að hundar væru látnir liggja inni í baðstofum. Þegar ég man fyrst eftir þá þótti ekki viðeigandi að láta hunda vaða um bæinn eða þannig var það þar sem ég þekkti til, en þá var alls staðar lögð áhersla á hundahreinsun. Hvort hundar væru látnir liggja úti

p5
að sumrinu til þess
að hafa skepnur frá túninu þekki ég ekki, hér var búið að girða tún fyrri mitt minni. En eitthvað mun hafa verið um að stöku kind syndgaði upp á náðina og færi óbeðin í túnið þrátt fyrir girðingu, en líkt var látið bíða

morguns. Hundamatur: Algengast mun það hafa verið að hundar fengju matarleyfar og svo mjólk en bæði hundar og kettir eru mjög sólgnir í mjólk. Hundar ganga mjög eftir mat sínum. Ég kannast við orðtækið að "mæna eins og hundur á bita," en orðtækið að "horfa til augna," minnist ég ekki að hafa heyrt. Smalahundur, fjárhundur: Það var ekki öllum gefið að geta vanið hund. Núna held ég að fáir geti vanið hund. Til þess að hægt sé að venja fjárhund þarf að vera með hann við fjárgeymslu mjög mikið. Þar sem ég þekki til er orðið minna um hunda en var. Á jafnlendi þar sem girðingar eru komnar allsstaðar, þá er orðið lítil þörf fyrir fjárhunda. Hvernig voru hundar vandir af að elta bíla? Mörgum gengur illa að venja hunda af slíku. Illt er að kenna gömlum hundi að sitja. Ef á að venja hund þá verður að gera það áður en hann er fullþroska. Mér finnst að ef fullþroska

p6
hundar gelti að bílum
sé þýðingarlaust að banna þeim það. Það hefur mér sýnst að hundar séu oft á tíðum snjallir að geta í hug húsbóndans. Eftir því sem mér sýnist þar sem ég þekki til þá er notkun hunda svo lítil að tæpast verði þeir vandir sem gagns gripir. Sagt að fjármenn í Skotlandi, sem eru sagðir hafa góð not af hundum séu með þá með sér alla daga og fylgja svo hjörðinni eftir, bæði nótt og nýtan dag. Það er ekki hægt að ætlast til þess að mikið gagn sé í hundi sem er ekki notaður nema 1-2 daga á ári.
Hundafár: Ég man eftir einu hundafári sem gekk í mínu mynni, en það mun hafa gengið milli 1950-60. Ekki drap það alla hunda. Man ég að það lagðist í augun á þeim, en þó urðu þeir ekki blindir. Margar frásagnir eru um hundafár. Í bókinni "Hrakningar og heiðavegir," er frásögn af því þegar Eyfirðingar fóru suður í Árnessýslu til hundakaupa 1856. Þá var vetur með eindæmum góður svo ferðin heppnaðist vel.

p7
Hundahreinsun: Vafalaust
hefur eitthað borið á því að fólk hafi sýnt gáleysi í sambýli við hunda. En ekki þekkti ég að fólk léti hunda sleikja matarílát. Held að segja megi að hundahreinsun hafi verið framkvæmd með samviskusemi.
En hvað illa hefur gengið að útrýma sullum í kindum má að miklu leyti rekja til þess að hræ lágu oft út um jörðina og hundar gátu þá komist í þau. Nú er orðið minna um hræ síðan að pestin má heita úr sögunni. Hefi ekki spurt um það á seinni árum hvort sullir sjáist enn í sláturhúsum.
Á árunum fyrir 1920 var ákveðið a.m.k. eitt ár að drepa þá hunda sem hefðu orma. Þá gaf inn hér í sveit fullorðinn maður. Eftir þetta þá talaði hann lengi um árið sem þeir voru drepnir. Annar bóndi gaf inn hundum seinna. Konu hans fannst þetta mundi vera óvirðingarstarf og bannaði manni sínum með öllu að halda því áfram. Nú var úr vöndu að ráða. Þetta leystist þannig að hreppstjórinn tók málið í sínar hendur og gaf inn nokkrum sinnum. Þegar hreppstjórinn gat gefið inn hundunum þá gat

karlinn, sem hafði orðið að hætta því vegna bónar konu sinnar,

p8
eins gert það og
bað um að fá sitt embætti aftur (hafði sagt því upp nauðugur), og var það
auðfengið og hélt hann því til elli. Flestir held ég hafi brennt
sullum sem til féllu við slátrun. Fólki var ljóst hvaða voði stafaði
af sullaveikinni. Hvað hún hefur verið útbreidd er ekki gott að segja en
í kikjubókum er oft minnist á innanmein sem dánarorsök, enda á þeim tíma
ekki hægt um rétta sjúkdómsgreiningu. Guðmundur Hannesson sá fyrsti, sem
sker upp við sullaveiki hér á landi.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1897
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8385

p1
Já, nú er þjóðháttaskráningin
að fara með menn í hundana. Sárgrætilegast er þó að hafa ..... of litla
sjón til að svipast um í þeim seppabælum. Samheitin sem nefnd eru
kannast ég við öll sömul, hundur hvutti, grey, garmur, rakki, seppi, skinn
og héppi, nema deli og búadeli. Deli er þó vel þekkt orð en ekki eingöngu
haft um hunda, heldur miklu fremur menn. Feitur, seinfær og eðlisleiðinlegur
maður getur verið nefndur deli. Bölvaður leiðindadeli, og er það all mikið
lastyrði og þýðir ekki í mínu máli sem sagt sé leiðinda hundur. Merking
hinna innilokuðu orðanna tilheyra ekki hundunum eingöngu, jafnvel frekar
mönnum. Hundspott er lastyrði um mann, hann er bölvað hundsspott. Hundsskinn
merkir bara skinn af hundi, en hundsskinns útnári er skammyrði um mann.
Garmaskinn, greyskinn og greyskarn getur tilheyrt bæði hundum og mönnum
og er ekki notað sem fullkomið ískit, heldur með einskonar vorkunseminnar
ívafi. Ég held að það hafi verið frekar fátítt að nefna hundinn klódýr,
frekar kött eða tófu. Heimilishundurinn var ekki nefndur hrædýr, enda stóð
hann ekki í hræjum, en heimilislausir flökkuhundar þóttu eiga það nafn
með réttu í samræmi við lifnaðarháttu. Sérkenni íslenskra hunda
voru, minnir mig, lítil standandi eyru og hringað skott, ekki mjög loðið.
Sennilega getur fleira en eitt hafa valdið því að heimilishundurinn breytti
háttum sínum og fór á flakk. Má vera að stundum hafi ástæðan verið sú,
að sá sem hann fylgdi fastast, fór af heimilinu, og svo getur sífellt tíkarstúss
hafa orðið til þess að hann vandist frá. Ekki var það nú almennt talið
að hundar lýstu heimilunum, en þóttu stundum bera svolítinn keim af þeim.
Það eru ekki aðeins dæmi þess að hundar væru

p2
geltir til þess að
þeir hættu flakki. Það var þó nokkuð venjulegt, en kannski enn venjulegra
að tala um það án þess að framkvæma. Hundar sem gæludýr voru ekki til í
sveit og eru ekki enn. En úr Reykjavík heyrði ég þá sögu að gamall sveitamaður

hafi eitt sinn komið til barnabarns síns sem lék sér við gæluhvolp. Þá sagði barnið við hvolpinn: "Þarna kemur hann afi þinn". Þetta vildi gamli sveitamaðurinn ekki viðurkenna. Ég get ómögulega tímasett þessa gæludýra venju, en ég held að hún hafi verið lítið þekkt í minni bernsku og jafnvel lengur. Um gangverð á hvolpum veit ég ekkert, fylgdist ekkert með þeirri verslun ef hún hefur þekkst, en ég vissi einu sinni til að bóndi sem flutti á jörð, lét bóndann sem brott flutti fá á með lambi fyrir hund sem talinn var góður fjárhundur. Einhvern veginn stóð svo á að hann gat tryggt seppann heima. Jú, menn sóttust eftir hvolpum af góðu fjárhundakyni, ef um það var að ræða. Ekki man ég til að hvolpar væru aldir eftir árstímum. Hve gamlir? Ég heyrði aldrei neinn aldur nefndan, sennilega hefur það farið eftir því hve fólk taldi sig geta mest .... á greyið. Lóða og lóðatík var almennt sagt, en ekki sagt að lóða, heldur tíkin er lóða. Auðvitað gátu menn notað fjölbreyttara orðafar. Hún hefur þörf fyrir hund, þetta er einhver ástleytni og því um líkt. Jú, hundar komu víða að þegar svo stóð á með tíkurnar og séra Árni Þórarinsson sagði sögu um það til sönnunar þessarar fullyrðingar að Háskólinn væri ekki kominn upp í hund í visku. hann sagði ... þá að eitt vorkvöld sást að tík heimilisins var með þessum hætti. Hundur var líka á heimilinu svo litlar líkur voru á að þörf væri á aðkomu hundum. En hvað skeði? Um morguninn eftir voru komnir afbæjar hundar, jafnvel úr fjarlægum sveitum. Af hverju komu hundarnir?

p3
spurði séra Árni
og varð mönnum tregt um svar. Og ég held að við grannarnir höfum fúslega viðurkennt að þessi vísindi þekkti Háskólinn ekki né kenndi. Sagt var um hunda sem ekki voru heimakærir að þeir væru í tíkarsnatti, eða öllu heldur í tíkarstússi og um bægöngula menn að þeir væru eins og hundar í tíkarstússi. Það mun hafa verið til, að reynt væri að hnýta einhverjum skrattanum aftan í hund til að flæma hann burt, ef hægt var að koma höndum yfir hann og líka var sagt um menn sem voru með óþarfa hlaupasnatta, að þeir hlypu eins og hundur með hrosslegg í rófunni. Hvolpafull var hið algenga um tík meðan hún gekk með hvolpa. Ég tek það fram að það þótti alltaf siðleysi að eltast við að hnýta aftan í hunda þó þeir væru til meins. Ég heyrði aldrei annað orð en gjóta um það þegar tík átti hvolpa. Samanber gömlu vísuna: Flest kom að í einu þar.
Áféll bæin sýkin. Konan fæddi, kýrin bar, kötturinn gaut
og tíkin. Það má vera að athugullt fólk hafi fylgst með goti tíkarinnar en ég vissi ekki til þess. Um hvolparöð á spena veit ég ekkert. Hvolpar voru almennt kæfðir. Þótti best að þessu staðið, þannig að tvennt væri um það. Annað tæki hvolpana og drifi þá ofan í fötu vel hálfa með vatni - eða jafnvel hlandi - en hitt væri tilbúið með mátulega torfu ofan á. Jú, til voru pyttir sem voru kallaðir hvolpapyttir af því í þá var hvolft úr fötunni. Hvolpar fæddust undantekningarlaust blindir, en samkvæmt þjóðtrúnni gat hitt komið fyrir, og þá var voðinn vís. Ég man

ekki þessa þjóðsögu nógu vel, en mig minnir að sagt væri að grípa ætti hvolpinn strax er hann losnaði frá tíkinni og deyða hann rækilega, því annars skriði hann ofan í jörðina, en kæmi upp eftir vissan tíma, ég ætla þrjár vikur - og væri þá orðinn argasti meinvættur sem nefndist Skoffín og beinlínis dræpi menn með

p4
tilliti sínu. En
væri hlutaðeigandi svo lánsamur að koma auga á kvikindið áður en það sá hann drapst það sjálft. Líka drapst þessi ófreskja ef hún sá sig sjálf. Sú var trú, skildist mér, að þessi forynja kæmi upp í sama stað og hún fór niður í. Var því talið gott að raða speglum þar í kring og þá var öllu óhætt. Orðið Skoffín þekkja margir og segja að það sé afkomandi kattar og tófu. Það hef ég líka heyrt. Ég man eftir þessu orði -fjáraugu- og ég held að það hafi verið einvher blettur eða rákir ofanvert við augað sem .... þessari einkennislýsingu. Spora veit ég ekkert um. Þjófaljós þekki ég ekki, en hvolpur með hvítan rófubrodd var gjarnan kallaður Díli. Menn greindi á um hvort það var kostur hunds að vera geltinn. Sumir héldu því fram að þegjandi hundur smalaði betur. Lubbi var loðinn, loðlubba heyrði ég aldrei nefndan. Annars er mér svo óljóst að lýsa til hunda í sambandi við nafnið að ég legg ekki í það. Ekki man ég eftir að hundshár væri notað til neinna hluta, enda sagt um það sem ekki þótti til neins notandi að það væri ekki hundshárs virði. Hundssnoð, eða annað slíkt var ekki notað svo ég muni, heldur sagt einfaldlega, hundurinn er að fara úr hárum. Hann er genginn úr hárum. Ég kannast við að hundar ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla og spangóla og að hundur skrækir ef stigið er ofan á hann og litlir hvolpar væla. Að sjóða grottann þekki ég ekki. Sjógól þekki ég ekki, en nágól var spangólið stundum kallað og ég held að það hafi verið talið lýsa einhverri þrá hundanna sem hann var ekki viðbúinn að láta eftir sér. Gestagelt þekktist. Vanabein var hnakkabein hundsins kallað. Væri það hátt og hvasst þótti það merki þess að þar væri um að ræða góðan hund. Jú, ratvísi hunda var við brugðið og menn sem voru góðir að rata sagðir rata eins og hundar. En fleiri skepnur eru leiðarglöggar. Skyldi ekki mannskepnan ein vera án þessarar visku að miklu leyti. Ekki var þefskynið minna en ratvísin. Fullyrt var og raunar marg sannað að hundur

p5
rekti slóð þó hvergi
sæi til spora, en enga sérstaka sögu kann ég um það. Hundur boðaði gestakomu með gelti sem var ólíkt gelti hans í skepnum, en ekki heyrði ég frá því greint að heyra mætti og sjá hvort gesturinn var góður eða illur.

"Kattartungan
særir, hundstungan græðir", heyrði ég, en ég held bara að því hafi ekki verið trúað, enda sleikir kötturinn sár sín til græðingar eins og

hundurinn. Að öðru leyti get ég ekkert sagt um lækningaspurningarnar né spurninguna um tíkarmjólk. Grimmir hundar voru vandræðagripir og ekki var laust við að það þætti fara eftir bæjum, en dauðasök taldist það vera hundum sem gerðu sig seka um að bíta. "Hann bítur ekki að fyrra bragði", sagði konan þegar krakkarnir af næsta bæ kvörtuðu um það að hundskrattinn biti þau. Um lækningar veit ég ekkert. Það varð bara að hafa þetta eins og annað hundsbit. Ég man ekki eftir öðru en að glefsa og bíta. Hælbítur var a.m.k. fátítt að segja. Að sýna tennurnar var raunar sagt um hund, en oftar þó í afleiddri merkingu. Sagt um þann sem fór að láta bera á valdi sínu að hann væri farinn að sýna tennurnar. Jú, vígtennur voru ósjaldan klipptar úr hundum. Aðallega ef þeir voru stórir og grimmir við aðra hunda máttarminni. Venjuleg aðferð við það að skilja hunda var að lemja ofan í hrúguna með einhverju sem ekki olli meiðslum. Hrísla ágæt. Væri ekki nema um tvo hunda að ræða gripu handtakagóðir menn í hnakkadrambið á báðum, slitu þá í sundur, héldu þeim uppi og skömmuðu þá. Það var viðburður að hundar færu saman aftur eftir slíka meðferð. Hrælykt var ekki af hundum nema þeir lægju í hræjum. En ef hundar lágu mest megnis úti og var sjaldan hleypt í bæinn, en e.t.v. bara í einhvern útiskúr kom af þeim kulda.....lykt, og var hún óþægileg. Þessi lykt fannst aldrei af hundum sem voru viðloðandi í bænum vetur og sumar. Ekki man ég fleiri nöfn um hundaþúfur en þetta venjulega. Orðtakið "nú þykir mér

p6
hundþúfan vera farin
að hreykja sér", þekki ég mæta vel. Því var nú trúað að hundarnir mynduðu þessar þúfur. Þeir stækka þær a.m.k. með því að pissa og skíta í þær og það er eftirtöku vert að á holtsrana þar sem klapparstrýtur skjóta upp kollinum eru stærðar hundaþúfur á sumum en á öðrum engin. Ekki kannast ég við orðtakið að vera, "eins og hundur í hofferð".

Jú, það var mjög venjulegt að hundar fylgdu mönnum til bæja og fóru þeir gjarnan, "í förin", eins og sagt var, þó reynt væri að banna þeim með því að loka þá inni, þó engin spor sæjust. Kirkjuferð var aldeilis ekki undantekning og alþekktur er áflogs hávaðinn utan kirkjunnar. Því sagði strákurinn sem átti að taka vel eftir ræðunni prestsins: "Ég heyrði ekki hundsins mál fyrir helvítis geltinu í prestinum". En algengt var að segja: "Það heyrist ekki mannsins mál", fyrir ýmsum hávaða sem nefndur var. Ekki man ég eftir sérstökum messuspjöllum vegna hunda, en þeir máttu alls ekki vera í kirkjunni um messuna, svo ef hundur slapp inn með einhverjum, sem fannst sér vera það óviðkomandi, fór meðhjálparinn strax að koma seppa út. Gekk það stundum brösulega. Hundskömmin forðaði sér undir bekkina. Þangað varð meðhjálparinn að seilast, jafnvel undir pils kvennanna sem voru síð og veittu gott skjól. Einhvern veginn þótti ekki viðeigandi að veita meðhjálparanum, sem oft var gamall maður, verulegt lið. En út varð hundurinn að fara. Má vera að stöku gárungi hafi brosað í kampinn en að hlægja í kirkju svo á bæri, leyfði sér enginn, svo ekki

varð um messuspjöll að ræða. Úti við völdu hundarnir sér bæli sjálfir, gjarnan í gluggatóft eða húsasundi, eða jafnvel uppá baðstofumæni, en inni var sérstakt bæli. Umbúnaðurinn held ég að hafi verið fátæklegur víðast, gjarnan einhver tuska. Hundakofi vissi ég ekki að væri til neinstaðar. Lang víðast hundar inni bæði vetur og sumar, en um sumartímann var ekki ákveðin

p7
regla að kalla á
þá inn, en á mörgum bæjum fóru þeir inn með fólkinu. Rétt er það að orðin: "ekki er hundi út sigandi", bendir til að þessum greyjum hafi verið sigað út í, svo að segja hvaða veður sem var, en ég vissi aldrei til að það væri gert. Auðvitað geltu hundar sem úti lágu ef skepnurnar nálguðust tún eða hús, en að því hafi beinlínis verið treyst, býst ég ekki við. Eitthvert ákveðið hundaílát mun hafa verið til á flestum bæjum, en oltið á ýmsu hverrar gerðar það var. Sára sjaldan, að ég hygg, sérsmíðað ílát til þeirra no
ta. Hundastein sá
ég hvergi. Ég held að hundum hafi oftast verið gefið af því sem fólkið var að borða til viðbótar við úrganginn. Vera má þó að hundamatur hafi verið geymdur í sýru. Orðtækið að "mæna á eitthvað eins og hundur á bita", kannast ég við. Það var gjarnan tekið svo til orða þegar pilti varð tíðlitið til stúlku eða stúlku á pilt. En hitt "að horfa til augna", þekki ég ekki. En sagt var um þann sem hélt einhverju fram í þrjósku, að hann stæði á því eins og hundur á roði. Ég veit ekki til að hundalapið væri miðað við annað en hundinum myndi nægja það. Hvernig hvolpar voru vandir til að verða fjárhundar góðir veit ég ekkert. Ég hef aldrei kunnað hund að venja, né heldur heyrt þau fræði. Ég veit ekki til að mikið beri á því að vægi hunda hafi aukist með fólksfækkun, enda fé mikið meira í húsum og girðingum en áður. Hundi var jafnaðarlegast sigað með því að segja urrita, mjög ákveðið. Margir héldu því fram að það væri hin mesta fjarstæða. Hundi ætti að benda þegjandi eða segja, sæktu, rektu, eftir því sem við átti. Aftrað var hundinum með því að segja svei þér, og til viðbótar skammastu þín ef hitt dugði ekki. "Þú hefur étið folald", var ekki fátítt að segja til áherslu, og ég held hreint og beint að hundurinn hafi skilið það sem ærlega sneypu. Mér er bara ekki kunnugt um að tekist hafi að venja hunda af að elta bíla. Verulegt hundafár hefur ekki gengið yfir í mínu minni, aðeins lítill vottur sem kallaður var hundapest og lítið drapst. Fyrst þegar ég man eftir var, fyrir þó nokkrum tíma,

p8
ég veit ekki hve
löngum, var farið að hreinsa hunda árlega. Fyrst fór maður um og hreinsaði á hverjum bæ. Þetta þótti ekki öruggt, því erfitt var að passa að hreinsaður og óhreinsaður hundur kæmu ekki saman. Þá var farið að heimta hundana saman

á tvo staði og ..... aðeins á milli. Það var öruggara. Nú eru hundarnir
og hefur lengi verið, hreinsaðir á einum stað sama daginn í sérstöku húsi
sem til þess er ætlað. Ég var a.m.k. mjög ungur þegar ég heyrði að fyrirskipað
væri að brenna sullina, en ekki þori ég að fullyrða að það hafi allstaðar
verið rækt að fullu, en víðast. Að láta hund sleikja matarílát og blása
í kross, tilheyrir annari öld, en heyrt hef ég þess getið. Um
hunda í draumum veit ég ekkert, né heldur um hunda sem ættarfylgjur.
Því var trúað - og ég held nokkuð almennt - að hundar hefðu skyggnigáfu
í ríkari mæli en menn og sagt var að ekki þyrfti annað en leggja prik milli
augna á hundi sem lét eins og hann sæi eitthvað, þá sæi maðurinn það sem
hundurinn sá. Ekki held ég að því hafi verið trúað að hundurinn hefði sál,
frekar en aðrar skepnur. En sál og ekki sál? Skyldu þeir ekki vera æði
margir sem vonast til þess að hitta gæðinginn sinn fallna að lífinu loknu?
Sögn hef ég heyrt um það að ungur maður tapaði hundi - nánast hvolpi -
í ferð. Hann kom aldrei fram, og var all mikið séð eftir honum. Svo lést
maðurinn fáum árum síðar. En löngu seinna barst mér sú fregn að þessi maður
hefði komið fram á miðilsfundi og með honum mórauður hundur, sýnilega mjög
ungur. En hvolpurinn sem tapaðist var mórauður. Þetta er ekki alveg út
í bláinn sagt, en fullyrðing um þessi efni er ævinlega hæpin. Ég
man ekki eftir aflífun hunda áður en möguleikar voru á því að skjóta. Að
vísu var byssa ekki til heima,

p9
en refaskyttan átti
byssu og fleiri sem voru hjálpsamir. Engar sagnir hef ég heyrt um þetta,
en grunur minn er að þrennt hafi komið til greina: henging, drekking og
rotun, er það raunar hreinvirkasta aðferðin ef vel tekst til. Ég veit bara
ekkert um það hvort hundskinn voru nýtt, en tel líklegt að svo hafi getað
verið, sem og kattarskinn. Að vera eins og útspýtt hundskinn, merkti það
að verða að vera á sífelldu snatti, sér í lagi fyrir aðra og að flestu
leyti frekar ómerkilegur. Mér skildist að skilin væru alls
ekki glögg milli manns og hunds í orðaefni. Raunar var oftar talað um kjaft
og trýni á hundi en munn og nef, samanber: "Þar fór of góður biti
í hundskjaft", sem sagt var um það sem þótti dálítið dýrmætt en fór
örðuvísi en ætlað var. Aftur var ekki endilega seilst til þess að nefna
glyrnur og lappir hunda, heldur allt eins augu og fætur. Þriggja bita venjan
var ekki notuð til að gera hudn að manni beinlínis, heldur var oft reynt
að ginna börn til að borða þrjá bita og drekka þrjá sopa til að verða að
manni, því annars urðu þau bara að hundi. En það var ekkert miðað
við það sem hundinum var gefið. Það þótti frekar óviðeigandi að kjassa
hund mikið en ekkert álasavert. Ég kannast mæta vel við öll þau
orð og þá málshætti sem hér er frá greint og merkingin er hin sama í mínum
huga. Get ég, því miður engu við bætt. Aðeins máltækið að vera eins og
halasneyptur hundur, hef ég heyrt öðru vísi, sem sé ekki halasneyptur heldur
halaklypptur. Skildist mér að átt væri við að klippt hefði verið örlítið
af rófubroddinum.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1897
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8746

p1
Tegund: Samheiti
hunda: við segjum hvuti (ekki hvutti), deli er sagt um einhvern sem er mjög stór, búadeli hef ég ekki heyrt getið að garmurinn var sagt í vorkunartón, rakki, seppi, héppi var sagt, skinnið var gæluorð. Hundsspottið er mér ókunnugt um, held það þýði að vera öðruvísi en hann ætti að vera, hundsskinnið, garmskinnið, greyskinnið eru vorkunar- eða gæluorð, greyskarnið gæti haft líka þýðingu en eins blandað lítilsvirðingu, en ef einhver var sagður vera hundtyrki merkti það að hann væri slæmur. Var orðið "klódýr" notað um hunda og ketti og jafnvel tófur, samheiti?
Nei, að vísu heyrðist sagt um hunda ef þeir fótuðu sig ekki á svelli að klærnar dygðu ekki vel, annars sporar á tám hunanna og þegar var verið að velja fjárhunds efni úr hvolpahópnum, sem gat verið allt að 8 stykki var leitað að alsporuðum fótum. Það var að væri spori á hverri tá og tveir sporar á þófanum sem er innan á afturfæti á gamla íslenska stofninum. Ég hef séð í seinni tíð hunda sem hafa ekki þennan þófa enda óskiljanlegt til hvers hann er, því hann nær ekki til jarðar þegar stigið er í fótinn. Þessir alsporuðu fætur fundust sjaldan. Einnig var reynt að láta tíkina velja sjálfa fjárhunds efnið, þá voru allir hvolparnir teknir frá henni og látnir stutt frá og sá sem hún sótti fyrst látinn lifa. Ekki heyrði ég orðið hrædýr eða hrækvikindi en hrælykt væri af blautum hundi.

p2
Hundakyn: Var talað um mismunandi hundakyn? Hundar sem voru ekki stórir náðu manni svona um það bil í sokkaband. Ekki mikið loðnir með uppstandandi eyru og hringað skott þeir voru sagðir íslenskir. Svo voru aðrir með lafandi eyru og svo til beint eða lítið sem ekkert hringað skott sagðir blandaðir frönskum hundum. Franskar skútur voru mikið við austfirðina. Þær voru oft með hunda. Þessir hundar þeirra voru taldir hafa blandast eitthvað okkar gamla góða stofni. Seinna fóru að koma Skota blendingar, þeir eru nokkuð stærri en

gamli stofninn var, hafa reynst greindir og góðir fjárhundar. Það hafa komið skoskir fjárhundar sem menn hafa haft heim með sér af afloknu námi í Skotlandi. Hefi heyrt talað um hund sem kom til Vopnafjarðar, reyndist undra vitur. Gömlu íslensku hundarnir voru margir mórauðir, sumir strútóttir, sumar tíkurnar voru svo litlar að þær náðu svona eins og í miðjan legg á fæti manns en voru fljótar að hlaupa, góðar og duglegar við fé. Var hundur kenndur við heimilið? Það var meira um að hundar væru kenndir við eigandann. Það áttu flestir smalar hund. Það var sagt að hundlaus maður væri ekki nema hálfur maður í göngu. Hundar hændust svo að sumum eigendum að þeir skildu varla nokkurn tíma við þá, sumir gáfu þeim alltaf af mat sínum, sem ekki var vanþörf sums staðar, hundar voru víða illa nærðir. "Knappt var skorinn kostur rír, kvaldi horinn menn og dýr," segir Örn Arnar. Það voru sjálfsagt ýmsar orsakir fyrir því að hundar fóru að flakka t.d. ef þeir hændust ekki að neinum, stundum sultur svo ástarlífið (lóðarí). Það var sjaldgæft í Norðfirði að þessir flakkarar væru geltir en hefi heyrt að hafi verið nokkuð um það á Héraði.

p3
"Fé er jafnan fóstra líkt," segir málshátturinn, virðist sem það sannist ekki síst á hundunum. Þorvaldur Toroddsen segir í sinni góðu bók "Lýsing Íslands," þar var talið að þar sem hundar létu illa við ferðamenn væru illa siðaðir húsbændur. Það virtist eins og hundarnir væru svipmót af heimilunum. Voru margir og sums staðar bara horaðir, fólkið hafði svo lítið af mat og sumir sem höfðu nóg áttu stundum marga hunda. Það kom misjafnlega út að taka þessa gæluhunda úr þéttbýlinu. Við (á Holum í Norðfirði) fengum einn, hann reyndist mjög vel, var greindur en ef hann fékk ekki nóg að éta fór hann ú í Neskaupstað til síns gamla fóstra, var hjá honum á meðan hann var að ná sínu góða holdafari, hann var feitur þegar hann kom í sveitina og vildi fá að vera það. Svo kom hann sjálfur heim. Þá var eins og hann væri að heilsa, hann kom til manns og var eins og að gangast eftir því að maður klappaði og stryki honum. Sextíu árum seinna eða um '87 var til hundur sem Einar Sigfússon (sonur minn) átti, það var Skotablendingur, móðirin skosk. Hann var frá Bjarna Jónssyni bónda Þrastarl. Bjarni gaf Einari hvolpinn. Svo liðu árin, hundurinn varð góður fjárhundur. Tók lömbin á vorin ef þurfti að ná þeim í haga, stundum steig hann á hálsinn á þeim stundum tók hann með kjaftinum um hálsinn, einu sinni sá ég hann bíta í bóginn á lambi, halda því, en það get ég ekki skilið að ekki skildi koma sár undan tönnunum, því þunnt er lambsskinnið en svona tók hann alltaf fullorðna féð. Hann þekkti á veturna ef ókunnug kind kom í hópinn. Tvisvar kom það fyrir að Einar og frú fóru fóru í ferðalag í bæði skiptin fór Kolli (hann hét það hundurinn) úr í Þrastarlund. Bjarni kom með hann í bíl sínum en ég var ekki lengi að átta mig á þessu. Honum þótti ekki nógu vel hugsað um sig þegar Bibba var ekki heima. það mátti einu gilda hvar Bjarni var í réttinni að aflokinni göngu, Kolli fór til

hans að heilsa honum.

p4
Þessir Skotablendingar
virðast vera svo greindir, það megi kenna þeim það sem margir hundar geta ekki. Sonur minn Einar fékk hvolp þegar hann var um fermingu (f.'42) honum gekk vel að venja hann. Hann kenndi honum að ná lömbunum ef við mörkuðum út, svo lærði hann að taka fullorðið fé ef þurfti að ná haustlambi, þá sendi hann Glampa, þá var það venja Glampa að taka í bóginn á kindinni, hann var svo sterkur að það komst hvergi. Svo kom Einar á hesti, fór að kindinni tók í hornið og kippti henni á bak fyrir framan sig. Þessir hundar meiddu aldrei kind. Það stóð aldrei kind framan í þessum hundum, þá tóku þeir bara í hálsinn. Það var tíkin, gælutík úr Neskaupsstað að Tandrastöðum, það er næsti bær við Hóla þar sem ég ólst upp, hún var svo greind að hún varði ógirt túnið á vorin, lá uppi á baðstofumæninum á nóttunni svo hún sæi til allra átta. Það reyndust ekki allir gæluhundar svona vel, sumir eltu, var ekkert ráðið við þá, stundum voru þetta stórir hundar af útlendu kyni, voru grimmir og áflogasamir svo þeim varð að lóga.

Verð á hundum og hvolpum: Í Norðfirði voru hvolpar venjulega gefnir. Væru þeir borgaðir var það 2 kr. Þá var hagalamb 3-3,50 kr. Það var verið að reyna að fá undan góðum tíkum. Man ekki eftir neinum vandræðum af hundapest en hefi heyrt að bóndi á Vestfjörðum hafi látið reiðhest með hnakk og beysli fyrir hund. Hefi líka heyrt að eftir hundapest í Þineyjarsýslu hafi maður farið til Suðurlands að safna hundum til að flytja norður og útbíta þar. Ekki heyrði ég neitt um verð. Það þótti best að ala hvolpana á útmánuðum. Lambærnar hlupu ekki langt þó þeir kæmu, þær vörðu bara lömbin sín. Það þótti vont að taka þá frá mæðrunum fyrr en 6 vikna, það vildi koma lús á þá.

p5
Hundur verður til:
Var orðið lóðatík notað? Já, það var notað og í svona heldur niðrandi merkingu. Það var talað óvirðulega um ástalíf hunda. Það safnaðist saman í stóra hópa í þéttbýlinu í Norðfirði. Það voru óþægindi af þessu, fé varð fyrir stigað stundum og hudnar komu illa verkaðir, bitnir. Stöku menn voru að stugga við þessum gstum til að geta haft svefnfrið á nóttunum. Það dugði ekki þó maður lokaði tíkina inni, gestirnir voru kyrrir og sungu sorgarljóð sín svo heimamönnum varð ekki svefnsamt um nætur. Þá voru sumir að reyna að stugga við hópnum, skjóta púðurskoti til að losna við hópinn. Það var stundum bundið hrútshorn í skottið á þeim, það var óþverrabragð.

Ég fékk einu sinni hund minn heim með box bundið í skottið og voru smá steinar í boxinu. Hann var meiddur á afturfótum, hafði orðið hræddur og hlaupið, boxið barðist í hann svo hann hafði hoggist undan því. Það var ekki svo ég vissi mikið um svona fantabrögð hér í sveit en hefi heyrt ljótt úr sumum sveitum en set það ekki á þetta blað þó þeir ættu skilið minnisvarða fyrir sín ljótu verk sem níðingsverk á hundum sem voru bara

að þjóna lögmáli náttúrunnar. Tíkur voru kallaðar hvolpafullar um meðgöngutímann. Fæðing: Það var kallað að tíkin væri að gjóta, þegar hún var að fæða. Svo var fóstrutíminn kallaður að þær ... á hvolpum. Sumir töldu best að ala þann sem fyrst fæddist. Ef hnakkabeinið væri hátt átti það að spá góðu um greind hvolpsins. Eitthvað var verið að tala um í hvaða röð þeir fæddust en ég man það ekki. Það er eins með þessa sem fæddust sjáandi, ég hlustaði aldrei á það. Það var líka eitthvað verið að athuga í hvað röð þeir lágu á spenum mæðranna, ég hlustaði aldrei á það en það sá ég að þeir lágu alltaf í sömu röð. Þeim mun oftast hafa verið drekkt. Þeir sem vildu fara hreinlega að því settu þá í poka og stein við en dæmi munu vera að þeim hafi verið fleygt lausum í læki. Það var ömurleg líðan mæðranna þegar allt var tekið frá þeim. Júgrin þöndust út af mjólkinni og svo missirinn fyrir þessi tryggu dýr. Sumir voru að reyna að lina júgrin með því að mjólka þær.

p6

Held að tjörn sem er fremst að Skálateigi í Norðfirði hafi verið kölluð hundatjörn en það örnefni er nú gleymt eins og svo mörg fleiri. Heyrði gamlan bónda úr Vopnafirði tala um hundatjörn þar. Auðkenni: Það sáust oft dökkir hunda með gula depla yfir augunum. Það voru kölluð fjáraugu, held að það hafi þótt vera eitt af einkennum fjárhunda. Heyrði talað um hringspora og alspora, hefi haldið það hafi átt að vera auðkenni á sérstökum úrvalsstofi en ósporaða fætur heyrði ég aldrei nefnda. Hvítan blett við auga, ekki man ég eftir að hafa heyrt neitt um það. Heyrði mann úr Skaftafellssýslu tala um þetta þjófaljós á rófu hunda, man ekkert hvað það átti að þýða. Það voru kallaðir fjárifir hundar sem mikið geltu, líkaði sumum það vel en öðrum illa. Ef hundur var sendur og fór þegjandi gat hann gert kindinni bilt við þegar hann kom að henni en ef hann fór geltandi stigaðist kindin kanski til baka meðan hann var á leiðinni að henni. Orðið geltinn heyrðist ekki á máli smala en gjárífur um þann sem mikið gelti. Vel vaninn eða góðan fjárhund mátti senda fram hjá fé og í þá kind sem aftast var í hlíðinni ef honum var ætlað að sækja fé og koma því til dæmis niður á láglendi. Einnig þegar var verið við rekstur ef kind sóttist eftir að fara undan svo hratt að reksturinn gæti ekki fylgt á eftir, þá mátti senda góðan fjárhund fram með rekstrinum og láta hann sækja það sem fór of hratt. Litir hunda og nöfn: Strútóttir voru kallaðir dökkir hundar með trýnið eða snoppuna ljósa, stundum með ljósan kraga um hálsinn. Mórauðir voru oft kallaðir Mosar. Það var lítið um flekkótta hunda. Hundur var ekki sagður kápóttur. man ekki eftir að væri sagt snoppóttur. Svartir, gulir, botnóttir með hvítan rassinn. Það var oft að hundar væru kallaðir eftir lit, Krummi, Skuggi, Mosi, mórauður, svo voru ýmis nöfn, Lubbi, Vígi, Gramur, hvít tík Kría, Tírus, Neró, Skáli hét hundur minn, Perla, Labbalabb og svartir með hvítar tærnar, Lappi.

p7

Hárafar: Hundur sem
var ekki mikið loðinn en var sléttur í hárum var sagður fínhærður, aðrir sem voru með löng hár voru sagðir loðnir, svo voru til hrokkinhærðir hundar þeir þóttu lubbalegir, um þá segir Eggert Ólafsson í ferðabók sinni: "Sumir fjárhundar eru sérstaklega þétthærðir og hrokkinhærðir, þeir kallast lubbar og þykja öðrum hundum námsfúsari á hvers kyns kúnstir." Dýrhundar eru stærri tegund hunda, þeir eru einkum vandir á refaveiðar. Dverghundar líkjast mjög dýrhundum í öllu öðru en því að skottið er þverstíft, líkt og það væri hoggið sundur, allt jafn gilt og 2-3 þumlungar á lengd. Íslenski fjárhundurinn er loðinn með grannar stuttar fætur, rófan hringuð og trýnið stutt og mjótt. Þeir voru sagðir vera lubbalegir og þegar þeir voru að ganga úr hárum, sneplóttir.

Ekki vissi
ég til að hundshár væri notað til neins þó allt væri notað og nýtt til þess ýtrasta, heyrði það kallað snoð og með viðbjóði. Snoð var ekki notað almennt um hundshár, ég hef þetta orð úr Austur-Skaftafellssýslu.
Rödd hunda: Rödd hunda er mjög misjöfn og hefur margar tóntegundir. Ég kannast við allt sem spurt er um: ýlfra, ýla, þegar þeir voru leiðir eða kvíði í þeim, urra þegar þeir vildu verja eitthvað t.d. mat sinn ef að ókunnugur hundur var að nálgast. Það var kallað bofs ef þeir voru að reka upp eitt og eitt lágt gelt sem bar helst við ef þeir sáu eitthvað sem þeim þótti skrítið t.d. segir í vísu að maður sem var í kindaleit sá álfamey: "Kópur aldrei kjafti hélt, káslegt hafði hann urr og gelt, sauðir hlupu sig á stað, saumaskorðin gáði að." Það er mestur vandi að lýsa því sem var kallað að þeir væru að gjamma. Það var lágt og strjált gelt. Góla eða spangóla var nokkurs konar söngur, það var gaman að þeim söng og vissi oft á gestakomu.

p8
Það var stundum sagt
um hunda að þeir væru að gjálfra t.d. ef hestur var á beit þar sem hvutti vildi ekki hafa hann þá var hann vís til að fara og reyna að koma honum burtu með því að gelta stöku sinnum, grípa í taglið til að reyna að koma honum í burtu og reka svo upp bofs. Það var kallað að hundur væri alltaf að gálfra í hestinum. Fleiri orð man ég ekki. Að sjóða grottann, heyrði gamlan mann sem var úr Skagafirði segja þetta. Hundarnir voru reiðilegir eins og þeir væru að mana hvorn annan eins og það suðaði eða ... niðri í þeim illskan. Það er ekki gott að lýsa þessu hljóði sem þeir gáfu frá sér. Þetta var ekki algengt notað um hunda við svona tækifæri. Sjógól heyrði ég ekki en nágól, það heyrði ég talað um. Það var eins og það væri blandað einhverjum eymdartón og voru strjál gól, allt svo eins og liði stund á milli. Held að það hafi átt að þýða að þeir sæju eitthvað sem aðrir sáu ekki. Þegar þeir voru að vargast í skepnum, það er rólyndislegt gelt og var eins og nálgaðist spangól. Háværir hundar voru kallaðir gjárífir.
Ratvísi-þefskyn: Það hefur lengi verið umhugsunarefni, þefskyn hunda.

Gæti sagt af því margar kynlegar og óskyljanlegar sögur. Á kreppuárunum eftir 1930 kom Jón Stefánsson bóndi í Möðrudal með fjárhópa á haustin niður á Norðfjörð til að selja. Hann bað að senda tvo kunnuga menn á móti sér upp yfir Fönn, hún er inn úr Norðfirði. Til þess voru fengnir Guðmundur bóndi á Kirkjubóli Sveinsson og Marteinn bóndi í Skálateigi Sigfússon. Þeir áttu að mæta Jóni tiltekinn dag. Þegar þeir fóru frá Kirkjubóli var kl. 6 að morgni og ekki orðið bjart, þetta var um eða eftir miðjan september. Hundur Marteins sem var honum fylgispakur hafði elt hann að heiman, nú lét

p9
Marteinn loka hann
inni á Kirkjubóli því hann vildi ekki hafa hann með. Svo setjast þeir á hesta sína á hlaðinu á Kirkjubóli, fara eins og leið liggur fram hjá Hólum, Tandrastöðum og ..... (all eyðibýli) og inn að Fönn. Mér er sagt 7-8 km. Skilja hestana eftir og ganga upp á Fönn, af henni niður á Eskifjarðarheiði og út Tungudal. Þegar þeir koma út í dalinn sjá þeir reksturinn koma svo þeir fara í laut og taka upp nesti sitt. Sér Guðmundur eitthvað þjóta eftir veginum og hélt það væri tófa en þetta var hundur Marteins (hann var mórauður) kominn á förunum alla þessa leið. Honum var sleppt út á Kirkjubóli eitthvað á milli 8-9 um það bil 2 1/2 klst. eftir að þeir fóru. Fönn er að mig minnir 1035 m. á hæðina. Hundurinn finnur för Marteins á hlaðinu á Kirkjubóli, virðist skynja að hann fari á stað á hesti og rekur svo hestförin upp á Fönn suður eftir henni og niður á Eskifjarðarheiði. Svo er hann viss, hann finnur þá þar sem þeir setjast í laut. Hundurinn var fenginn frá Skorrastað, næsta bæ, var bara einn látinn lifa af hópnum enda var mamman ekki lengi að finna það út hvar hann var niður kominn. Kom í Skálateig á hverju kvöldi og var hjá honum á nóttunni. Fór á morgnana og fylgdi eiganda sínum á daginn. Hundurinn passaði beitarhús út á Búlandi á að giska 4-5 km. frá Skorrastað. Eitt kvöld kom hún ekki, en um miðnætti var klórað í þilið undir glugganum þar sem Marteinn svaf, hann fór út að glugganum, þá var Pollí þar kominn og bar sig illa. Það stóð víst ekki á því að opna bæinn og lofa henni að finna soninn. Þá hafði smalinn tafist, orðið sauðvant og farið að leyta.

p10
Frásögn Benedikt
Gíslason bóndi Hofteigi. Einu sinni fennti fé sem hann passaði þegar hann var í Vopnafirði. Við fengum okkur stangir, fórum að leyta í fönnum og fundum nokkuð í giljum og sköflum. Smalahundur minn fylgdist vel með leitinni og það leið ekki á löngu þar til hann fór að leyta á eigin spýtur og það brást ekki, þar sem hann gróf þar var fé undir. Svo leið tíminn og leyt var hætt. Einu sinni þegar ég var á heimleið af beitarhúsunum fór hvutti að grafa í skafl svo ég fór og sótti reku (skóflu) og fór að grafa eftir tilvísun hundsins. Þegar var komið á annan metra fannst dauð rjúpa. Er þetta þefskyn eða er það fjarskyggni? Hver getur svarað?

Þegar ég var strákur heyrði ég á tal ömmu minnar og kerlingar sem var á líkum aldri, sú hét Elín og hafði alist upp hjá frænda sínum Níelsi Finnssyni pósti. Hún sagði að einu sinni þegar Níels var að koma að sunnan (bjó í Breiðdal), sá hann að hestur hans hafði misst skeifu. Kallar hann á hundinn sem reyndar skildi aldrei við hann, tók upp fótinn á hestinum, sýndi hvutta að skeifu vantaði og benti honum á slóðina, því sjór var á jörðu. Hvutti fór að leyta en svo leið ..... (kvöldið) að ekki kom hundurinn. Nú fór Níels að verða órór og iðraðist þess að hafa sent hundinn. En á endaðri vöku kom hvutti og með skeifuna. Þessi Níels var undra maður hafði lengstu póstleið sem nokkur maður hefur haft, frá Seiðisfirði eða réttara sagt frá Akureyri til Hornafjarðar með viðkomu á Seiðisfirði. Svo vill það til að pósturinn sem gekk frá Hornafirði og suður að Garðsauka dó og enginn fékkst í hans stað. Þá bætti Níels þeirri póstleið við sig einn vetur.
Þetta vissu ekki þeir sem sömdu póstabækurnar. Hann lá úti á Mývatnsöræfum í ofsa veðri, skar hestinn og skreið inn í skrokkinn, lá þar í þrjú dægur og fékk Danikross orðuna fyrir. Ég hitti mann sem var strákur á Grímsstöðum og sá Níels þegar hann kom úr skrokknum, sagði það ljóta sjón, skeggið frosið í blóði.

p11
Spádýr: Þegar þeir lágu og settu framfæturnar fram, lögðu svo hausinn ofan á fæturnar var kallað að þeir væru að spá gestum. Eitthvað heyrði ég verið að tala um það að hundar finndu á sér ef maður væri feigur, en get ekki lýst því, ekki heldur hvað var verið að tala um aðrar spár hunda. Tíkarmjólk: Man ekki eftir að hafa heyrt neitt um lækningarmátt hennar en heyrði að kaplamjólk væri góð við hlustarverk. Lækningar: Kattartungan særir, hundstungan græðir. Þetta er gömul kenning. Hef séð menn láta hund sleikja sár sitt og trúa á það til bóta. Hef heyrt að hunds..... hafi verið lögð við beinbrot en vissi ekki hvaða trú filgdi því. Hef ekki heyrt neitt um að hafi verið brædd fita úr hundum, held hún hafi verið lítil í þeim sumum.
Hundsbit: Það þótti vont að verða fyrir því að hundar bitu. Bólu Hjálmar kom að Hrauni í Öxnardal og tík beit hann. Hann kvað: ólán vex í illum reit, ei eru leiðir komnar, mig í kálfa báða beit, búrtík húsfreyjunnar. Steinunn hét frúin og svaraði með læknis-vísu, en bauð engar bætur. Hef ekki heyrt hvernig gengið var frá þessum sárum. Hef heyrt þessi orð sýna tennur, glefsa, bíta og þeir væru að bretta upp á trýnið. Í bókinni Faxi eftir Brodda Jóhannesson er vitnað í lögbókina Grágás, þar virðist að menn hafi verið ábyrgir fyrir hundum sínum. Heyrði og reyndar sá klipið ofan af tönnum á hundum sem bitu fé.

p12
Áflog hunda: Það var oft farið ómannúðlega að því að skilja áflog hunda. Stundum var sparkað í þá, sem var alvel þýðingarlaust. Árni Þóhallsson ólst upp í Skriðdal í Þingmúla, hann sagði að hundur föður síns hafi haft þann sið að fljúga

á alla hunda sem komu. Einu sinni kom maður sem hafði hund með sér en um leið og hundur þeirra sér aðkomuhundinn flýgur hann á hann. Maðurinn sem kom þóttu móttökur ekki góðar, sparkaði í hund Þórhalls svo hann lá dauður daginn eftir. Menn voru að reyna að handsama þá, ná í hnakkann á þeim en það var stór varasamt. Svo var verið að hella vatni á þá, það dugði stundum. Ég sá hellt keytu á þá. Þeir komu stundum illa út leiknir úr ástaræintýrunum (lóðaríi). Á Hólum voru tvær tíkur, báðar litlar. Það kom fyrir að þær fóru í áflog og þeim varð ekki náð sundur öðruvísi en að fara með þær og láta þær í pitt í bæjarlæknum. Sumum þótti gaman að áflogum hunda. Sagt var að þeim sem ættu grimma hunda og sterka fyndist þeir vara að hefna á náunganum þegar hundur þeirra væri að nýðast á nágrannahundinum. Hrælykt: Það var alað um hrælykt af hundum sérstaklega ef þeir voru blautir. Heyrði ekki annað orð um það. Hef lýst þessu áður.

Hundaþúfa: Ekki heyrði ég önnur orð notuð um þennan gróðurblett. Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér, var sagt ef manni þótti einhver vera montinn.

p13

Hundur í mannaferð:

Eins og hundur í hverri hofferð? Það var notað um mann sem var laus við heimilið þ.e. mikið að ferðast. Var gjarn á að slást í för með þeim sem voru á ferð. Kann ekki að útskýra þetta öðruvísi. Það held ég hafi verið algengt að hundar fylgdu mönnum milla bæja og einnig til kirkju.

Hundarnir voru alltaf að læra af manninum. Einnig vilja þeir góla eða spangóla stundum þegar þeir heyra söng. Veit þetta fyrir satt. Ég var einu sinni um tíma á bæ hjá kunningjafólki fóstra míns, var þá 7 ára. Þetta var um vetur og lesinn lestur á vökunni. Það var lítil tík á bænum, hún lá stundum undir eldavélinni í baðstofunni væri hún inni þegar lesturinn hófst. Fór hún ævinlega að góla um leið og fólkið fór að syngja, þá var það mitt verk að koma henni út. Svo ég trúi því sem ég hef heyrt að áflog hunda, spangól og hávaði hafi stundum mátt betur en kórsöngurinn. Sumir lofuðu hundinum sínum alltaf að elta sig. Þeir eltu víst eins til kirkju eins og annað, hundar hafa gaman af að ferðast. Þeir sem ekki gátu kennt hundi sínum að hlíða því að vera kjurir heima þegar maður vildi ekki að hann elti sig, áttu ekkert gott með að vera lausir við þá. Þó væri verið að loka þá inni komu þeir stundum á förin um leið og opnað var fyrir þeim.

Ég kenndi mínum hundum að gegna bara með því að tala við þá, þar á meðal að vera heima þegar ég sagði þeim. Skal hér segja frá einu atviki: Ég var sestur á hest og er að fara út í sveit. Neró hét hundur minn, var stór, talinn vera úlfhundur. Hann fylgdi mér fast eftir öllu jafnan. Nú segi ég við hann: "Vertu heima." Hann verður sneypulegur og snýr við. Fóstri minn er nærstaddur og sagði: "Lofaðu aumingjanum með, hann langar svo mikið." Hundurinn snýr strax í áttina til mín, lítur til fóstra míns og dinglar rófunni. Hann fékk að fara.

p14

Bæli hunds: Það sem
ég sá eða veit um hvílu hunda voru þeir sumstaðar í gömlum torfhúsum, eldhúsum
sem voru áföst við baðstofu eða aðra íbúðarstaði, sums staðar lágu þeir
í bæjardyrum. Oftast nær held ég þeir hafi fengið eitthvað til að liggja
á en fremur lélegt held ég það hafi verið sums staðar. Eitt hundahús sá
ég "31, kom þá að Borgum, heyrði bæinn kallaðan í Borgum í Nesinu í Hornafirði.
Hákon hét bóndinn, sá sem skrifaði bókina "Saga smábýlis." Þar
sá ég í hlaðvarpanum lítinn kofa með torfþaki og hlýlegan. Það var bústaður
hunds sem var á flækingi, kom soltinn og var tekið svona, gefið að éta
og svo byggt yfir hann. Hákon átti engan hund var mér sagt, vildi ekki
hafa hund innanbæjar en gat heldur ekki rekið soltið dýr frá sér. Heyrði
sagt að hann hefði orðið stórorðasamur á hreppsfundi og sagt að Hornfirðingar
gætu ekki étið nema hafa hundana undir borðinu liggjandi á tám sér. Fleira
ætla ég ekki að hafa eftir. Kom að Dalatanga í sumar, sá hund bundinn
á hjá litlu húsi sem var bústaður hans. Það var misjafnlega
séð aðhundar væru hafðir úti á nóttunni, þó gerðu sumir það. Þar sem voru
margir hundar gátu þeir gert usla í fé. Vissi til að hundur væri látinn
vera úti á vorin til að verja ógirt tún. Hef áður lýst því. Vissi
um einn bónda sem alltaf sigaði hundunum út á kvöldin. Hann hafði búið
á næsta bæ við Eskifjarðarheiðina (Þuríðarstöðum), áður en hann flutti
í Norðfjörð. Þetta gerði hann til þess að ef einhverjir væru á ferð og
kannski að villast, svo sagði hann að þeir skitu síður á nóttunn því hann
hafði þá alltaf inni á nóttunni. Það er gamalt orðatiltæki:
"Það liggur alltaf best á hundunum þegar verst er veðrið." Allt
sem var eitthvað vont var miðað við hunda. Vera hundslegur, hundtyrki,
slæmur maður. Heyrði mann segja um andstæðing sinn: "Hann er helvítis
hundaklifberi." Nú þegar veðrið var mjög vont sérstaklega þegar mikið
rigndi, heyrði ég þetta sagt: "Það er ekki hundi út sigandi."

p15
Hundsdallur: Alls
staðar sem ég þekkti til áttu hundar sitt ílát, gamlan pott eða eitthvert
svoleiðis matarílát. Þegar ég var strákur (er fæddur 1901) kom ég oft í
hús í Neskaupsstað, þar bjó fínt fólk, átti tík sem Greisí hét. Hún át
af matardiskum, að vísu voru þeir settir á gólfið. Mér blöskraði þetta,
við vorum hrædd við sullaveiki. Móðir mín veiktist af sullum og var skorin
upp 1910, svo það var ekki óeðlilegt þó ég væri hræddur við að sjá tíkina
éta með fína fólkinu. Hundstrog: Var látinn smíða lítið trog svo
hægt væri að gefa hverjum hundi út af fyrir sig. Víða er barist um bitann
en ekki síst þar sem hundar eru. En svo illa vildi til að dallurinn lak,
þó var hrært í honum rúgmjöl til að settist í rifurnar. Hundssteinn:
Hundssteinn hefur ekki verið til í Norðfirði svo ég viti en gamall maður
sagði mér að það hafi verið sums staðar svona skálmyndaðir steinar við
kvíar handa hundum að lepja úr. Hundsmatur: Það var allt hyrt af
skepnum sem var lógað, lungu voru geymd í sýru handa hundum. Heyrði sagt

að sums staðar væri eldaður grautur úr rúgmjöli handa hundum. Það hefi
ég heyrt að mæna eins og hundur eftir bita. Það heyrðist "að horfa
til augna." Þeir urðu víst oft að gera það, biti manna var víst stundum
ekki stærri en það að mönnum fannst þeim ekki veita af honum. Hundslap:
Held þetta orð hafi verið notað í óvirðingarskyni um graut sem þótti þunnur
eða einhvern mat sem þótti lítils virði. Heyrði þunnt kaffi kallað ærmygu.
Allt átti að vera nógu gott í hundana, "það gef ég hundi mínum sem
ég vil ekki." Maður sem hafði lent eitthvað á glapstigum hann hafði
lent í hundunum. Allt sem miður fór var kennt við þessi góðu dýr sem menn
gátu ekki án verið.

p16
Andi og sál: Stundum
hefur mér virst að hundar hafi séð eitthvað í kringum mig sem ég sá ekki.
Einu sinni vorum við krakkarnir á Hólum í Norðfirði þar sem ég ólst upp
að leika okkur í rökkrinu. Tungl var í fyllingu og blakti ekki hár á höfði.
Tík var hjá okkur sem var nokkurs konar félagi. Stundum var eins og hún
væri að leika við okkur en nú lá hún fram á lappir sínar og lagði hausinn
á framfæturnar. Það var kallað að þá væru þeir að spá gestum. Allt í einu
fer hún að reysa hausinn eins og hún sjái eitthvað og horfir út eftir (við
köllum út til sjávar og inn til dala). Svo fer hún að ókyrrast og fer eins
og að væla, það er hvorki gelt eða urr en samt hljóð. Svo stendur hún á
fætur, úfnar og urrar, horfir alltaf í sömu áttina, tekur svo viðbragð,
stekkur tvisvar eða þrisvar upp í loftið og kemur svo til okkar, er eins
og hún hafi eitthvað við okkur að segja. Á endaðri vökunni kom gestur úr
sömu átt og tíkin hafði spáð. Þetta gerðist fyrir rúmum sjötíu árum. Trúi
þeir sem vilja. Fyrir nokkuð löngu síðan var lesin í útvarpinu saga
af gangnamönnum að mig minnir úr Mývatnssveit. Það er leitarmannakofi á
Öræfum, hann sést frá veginum. Það er sagt reymt í honum. En það sem kemur
skyggni hunda við er það að þegar gangnamenn eru sestir að fer einn hundurinn
að ókyrrast, gelta og urra. Það þýðir ekkert að hasta á hann, virðist eins
og hann sé alveg friðlaus. Menn sjá fram á að ekki verði neinn svefnfriður
svo það er tekið á það ráð að láta hann út, en það er alveg það sama, hann
urrar og geltir og stundum skrækir hann eins og hann væri barinn. Nú vill
það til að einn mannanna verður þyrstur og fer út og að ánni Jöklu sem
kvað vera stutt frá. Þegar hann kemur til baka sér hann eitthvað skjótast
fyrir horn kofans sem sýndist eins og á stærð við kind. Svo minnir mig
sagan vera.

p17
Kveðskapur, sagnir:
Að gefnu tilefni setti ég þess vísu framar í skrána: Heitir
Valur hundur minn hann er falur varla. Alltaf smalar auminginn
upp um sali fjalla. Þegar ég var krakki fyrir um 80 árum
lærði ég vísu að mig minnir úr rímum sem var verið að kveða: Mjög
er sá nú trúr og tryggur með trýnið svart og augun blá. Fram

á sínar lappir liggur líki bóndans hjá.
Gáta: Hvað hét hundur
karls sem í afdölum bjó. Nefndi
ég hana í fyrsta orði en geturðu hans aldrei
þó. Hef lýst á öðrum stað þefvísi og tryggð hunds fóstra
míns Marteins Sigfússonar. Hann fór neðan úr Norðfirði yfir tvo fjallvegi,
Tönn og Eskifjarðarheiði á förunum og fann hann upp á Tungudal. Forsjá
er það þegar þeir grafa það af mat sínum sem þeir leifa, bein eða annað
þess háttar. "Þarna er beinið ekki takandi af tíkinni,"
var sagt ef einhver ásældist annarra eign sem öðrum.

p18
Dauði: Hvernið var
hundum lógað áður fyrr? Aflífun var sumum vandamál sem vildu gera það hreinlega.
Misjafnir voru menn við það og lenti það oft á sumum mönnum að lóga fyrir
aðra þó þeir vildu margt frekar gera. Það mun hafa verið helsta ráðið að
drekkja hundum og hvolpum var venjulega drekkt, settir í einhverja druslu
eða poka og steinn settur með. Það er tjörn eða var hjá Neðsta-Skálateigi
sem var kölluð hundatjörn. það er eina örnefni sem ég hef heyrt um í Norðfirði.
Jósep Axfirðingur sagði að hundatjörn væri í Vopnafirði. Bjarni Pétursson
sem var bóndi á Skálateigi fyrir og eftir aldamótin sagði að það hefði
verið sér leið stund að aflífa hundana, vildi ekki nota tjörnina en í vandræðum
sínum rotaði hann þá. Vissi til að hundar væru skornir. Svo
talar eftirfarandi vísa sínu máli. Ný uppstaðinn af náðarblund
nú er hann Björn minn genginn út fyrir tún að hengja hund
hann er að þjóna sinni lund. Maður og hundur og menn sem kunnu að
meta hunda en þeir voru færri. Póstur var á vesturlandi sem átti stóran
hund sem fylgdi honum ævinlega á ferðum hans. Einu sinni á afgreiðslustað
var hundurinn látinn út úr stofunni þar sem póstur var sestur til borðs
af því hvutti var svo hrakinn. Þegar póstur var búinn að drekka kaffið
stóð karl upp og kom ekki í þá stofu aftur. Held hann hafi heitið Sumarliði.
Það var kallað trýni, kjaftur og lappir á hundum. Hundsglyrnur heyrði
ég sjaldan, venjulega augu og gulu punktarnir sem dökkir hundar höfðu ofan
við augun fjáraugu. Heyrði þetta að það ætti ekki að gefa hundi þrjá bita
þá væri verið að gera hann að manni. Það voru víst ekki stórir bitar sem
þeir fengu stundum enda margir. Margir sáu eftir því sem í hundinn fór.
Þar fór góður biti í hundskjaft var sagt ef stúlka lenti hjá manni sem
þótti eitthvað lélegur.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1909
Sveitarfélag: 301 Akranesi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8762

p1
Samheiti þessi, hundur,
hvutti, deli, búadeli, grey, garmur, rakki, seppi, skinn, héppi og hundsspott,
hundsskinn, garmskinn, greyskinn, greyskarn. Klódýr var ekki venja að nota
þó ljóst sé hvað það táknar. Íslenska hunda tel ég hafa þau einkenni,
að þeir séu fremur stuttir, með upprétt eyru, hringað skott, ýmist ljós
eða mógulir og þá jafnvel kolóttir, engum sérstökum fjárhundum kynntsit
ég af íslensku kyni. Aftur á móti átti ég afburða fjárhund af skosku kyni.
Reyndar voru hundar kenndir við heimili sín eða eigendur. Fyrir
kom það að hundar voru geltir til að forðast flakk þeirra, urðu þeir þá
jafnan feitir, latir og gagnslitlir til smalamennsku. Ég þekkti
ekki verð á hundum. Lóðatík var algengt orð, annað þekkti ég ekki.
Sömuleiðis orðið hvolpafull tík, um meðgöngutíma. Þegar tík eignaðist
hvolpa var það nefnt að gjóta. Áður fyrr var hvolpum drekkt, er deypa skyldi
þá, nú mun algengara að skjóta þá.

p2
Ef að strútóttur
hvolpur var með hvítan hring um hálsinn og blesóttur, var það talið merki
um góðan fjárhund. Vitanlega voru hundar nefndir eftir lit þeirra
og einkennum sem og önnur dýr. Sumir hundar voru snoðnir aðrir lbbalegir
og loðnir. Rödd hunda: Hundar ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma,
góla og spangóla. Margar sagnir sanna ratvísi og þefskyn hunda.
Spádýr: Ekkert mark var takandi á hvernig hundur spáði fyrir um
gestakomur. Ef menn vildu verða skegglausir var þeim ráðlagt
í æsku að bera daglega á vanga sína tíkarmjólk. Lækningamátt hundstungu
kannast ég við að höfð var trú á, síður kattartungan.

p3
Fyrir koma að vígar
voru klipptir úr grimmum hundum. Áflog hunda reyndu eigendur þeirra

oft að þrífa hvor í sinn. Gott var að ausa þá vatni ef nærri var.
Ekkert orð þekki ég um lykt af hundi. Hundaþúfur þekkjast allssaðar
til sveita. Hundum hættir til að fylgja eigendum sínum milli bæja
og jafnvel þó í langferðir sé, en eru oftast fjarlægðir úr kirkjum.
Víðast hvar fá hundar húsaskjól. Víðast hvar tíðkast að hundar hafi
sérstakt ílát til drykkjar eða matar. Þó oft sé kastað út mat fyrir þá
sem þeir þá hirða. Ef til vill var sérstakt smátrog smíðað handa
hundum til að lepja úr. Hundsstein þekki ég ekki. Oft var
hundum ætlaður sérstakur matur auk afganga.

p4
Margar aðferðir hafa
sjálfsagt verið að venja hunda. Sum hundakyn hafa alltaf verið misjafnlega
eftirsótt. Venjulega er hundi sigað með orðinu "Irr". Og bannað
með orðunum "svei þér". Margt hefur hundum verið kennt sem kalla
mætti hundakúnstir eða hundalistir. Ekki hefi ég vitað til að hundi
hafi verið kennt að hætta að elta bíla, sem orðið hefur þeim þó mörgum
að fjörtjóni. Sullir voru brenndir ef þeir fundust við sauðfjárslátrun
og er enn gert. Segi engar sögur um framliðna hunda. Ekki neita
ég því að dýrin hafi sál. Fyrir kom að hundsskinn var notað
í kuldahúfur. Auðvitað urðu sumir hundar elli að bráð. Oftar máske aflífaðir
aldraðir.

p5
Aldrei hefi ég heyrt
að reynt hafi verið að gera hund að manni. Fáránleg spurning.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1910
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8373

p1
Tegund: Fyrir utan
eigin nafn hundsins var hann kallaður ýmsum nöfnum, t.d. hvutti, grey, garmur, rakki, seppi og greyskinnið. Ég vissi ekki til að hundar eða kettir væru kallaðir "klódýr." Ég man ekki til að hundar væru kallaðir hrædýr eða hrækvikindi. Hins vegar vissi maður að hann tilheyrði rándýra-flokknum.
Hundakyn: Hundar þar sem ég ólst upp voru að ég held af töluvert blönduðu kyni. Ég held að íslenski hundurinn sé venjulega gulur eða hvítur, miðlungi stór, ekki mjög loðinn og ekki heldur mjög snöggur, með uppsperrt eyru og hringað skott.

p2
Heimilishundurinn:
Ég man ekki eftir verulegum flökkuhundum, þeir brugðu sér kannski bæjarleið öðru hvoru. Hundar voru ekki hafðir sem gæludýr, heldur til að hjálpa til með smölun á búfé. Verð á hundum: Ég held að hvolpar hafi ekki verið seldir nema kannski þeir væru af sérstöku fjárhundakyni, menn fengu hvolpa venjulega gegnum kunningsskap. Hvolpar, sem fengu að lifa voru ekki látnir fara frá móðurinni fyrr en þeir voru nokkurra vikna eða farnir að lepja og gátu verið án móðurmjólkurinnar.

p3
Hundur verður til:
Það var kallað að tíkin væri í hundalátum þegar hún sóttist eftir samlagi við hunda til fjölgunar. Það var kallað að tíkin væri hvolpafull meðan hún gekk með afkvæmin. Fæðing: Það var kallað að gjóta þegar tíkin fæddi af sér afkvæmin. Ég held að hvolpar hafi alltaf fæðst blindir. Það fór ekki eftir því í hvaða röð hvolparnir fæddust, hvort þeir fengju að lifa, frekar eftir útliti eða kyni. Hvolpar sem deyddir voru nýfæddir voru annað hvort höggnir eða þeim var drekkt.

p4
Litir hunda og nöfn:
Ég ætla að lýsa hundunum á Másstöðum í Vatnsdal meðan ég átti þar heima.
Það voru yfirleitt 2 hundar fullorðinn hundur og hvolpur eða yngri hundur.
Eldri hundurinn var alltaf eins og herra yfir þeim yngri, þó hann
væri ekki árásargjarn og leyfði yngri hundinum aldrei að éta úr hundadallinum
á undan sér. Sá yngri varð að bíða jafnvel þó hann væri frekari.
Fyrsti hundurinn, sem ég man eftir á Másstöðum hét Kópur, hann var mógrár
á litinn, loðinn með lafandi eyru og loðið hringað skott.

p5
Næsti hundur hét
Kátur, alsvartur ekki mjög loðinn. Hann var örgeðja og hvefsinn. Hann kom
frekar ungur svona tveggja mánaða gamall á heimilið, hann var mjög afprýðisamur
út í krakkana sem voru svona eins árs til sex ára. Næsti hundur
hét Lappi. Hann var langur, dálítið loðinn gulur og ..... með lafandi eyru
og hringað skott. Hann var friðsamur hundur, en leyfði samt ekki yngri
hundum að éta á undan sér. Þar næsti hundur hét Sampó. Hann var
frekar snögghærður með uppstandandi eyru og hringað skott ekki mjög loðið.
Síðasti hundurinn sem ég man eftir hét Týri, hann var mórauður að
lit.

p6
Rödd hunda: Það var
kallað að gelta, ýlfra, ýla, urra, góla og spangóla. Hundar geltu oftast
þegar sást til mannaferða og gestakomu, jafnvel þó þeir væru inni. Þeir
fundu það einhvern veginn á sér. Hundsbit: Hundar voru mis grimmir,
en það var samt ekki algengt að þeir bitu menn óáreittir. Ég heyrði talað
um, að ef maður var bitinn af hundi ætti að fá hundinn til að sleikja sárið
svo ekki kæmist illt í það. Sumir hundar voru gjarnir á að bíta í lappirnar
á kindum við smalamennsku.

p7
Áflog hunda: Hundar
lentu oft í áflogum og voru mjög mis áflogagjarnir. Stundum var hellt á
þá vatni til að fá þá til að hætta eða tekið var í hnakkadrambið á þeim
og þeir skildir þannig, eða þeir látnir jafna sig sjálfir. Hundur
í mannaferðum: Það var mjög algengt að hundar fylgdu mönnum á mannamót.
En stundum fengu þeir ekki að fara með og voru nú ekki alltaf ánægðir með
það. Þetta var áður en bílarnir komu. Þeir fylgdust alveg með þegar fólkið
fór í reiðfötin og vissu að

p8
þá stóð til ferðalag.
Það kom fyrir að þeir földu sig úti ef þeir héldu að loka ætti þá inni
og fengu ekki að fara með en komu svo úr felustaðnum og eltu þegar lagt

var af stað. Bæli hundsins: Ég man nú ekki eftir neinum sérstökum hundakofa. Hundar höfðu kannski sérstakan stað að sofa á nóttinni, poka eða ullarstykki að liggja á í frambænum, en voru oft inni hjá fólkinu á daginn. Á sumrin sváfu þeir stundum úti og vörðu þá túnið fyrir ágengni búfjár. Þegar talað er um

p9
að ekki sé hundi
út sigandi er það vegna vonsku veðurs. Hundadallur: Hundar höfðu venjulega sér ílát að éta úr. Það var venjulega grunnur dallur úr tré eða málmi og kallaður hundadallur. Hundsmatur: Hundar fengu venjulega leifar ef til voru vambir utan af blóðmörskeppum, roð og fisk afganga ef til væru og af kjötbeinum voru þeir mjög hrifnir af og grófu þeir stundum beinin og geymdu þau þar til seinna. það var ekki sérstaklega mælt hvað hundarnir fengu að éta, það fór eftir því hve þurftafrekir þeir voru. Hundar fengu líka alltaf graut og mjólk að éta.

p10
Smalahundurinn, fjárhundurinn:
Ég veit nú ekki vel hvernig menn fóru að því að venja hunda og kenna þeim. En það var alveg ótrúlegt hvað hundar skildu. Það sem sagt var við þá og hvernig hægt var að láta þá sækja kindur og hjálpa til við að smala. En þeir voru mjög misjafnir, suma var kannski ekki hægt að láta hjálpa mikið til. Hundar gegndu venjulega nafni sínu. Þeir voru kjassaðir ef þeir voru duglegir og skildu vel það sem þeim var sagt að gera, en skammaðir og sagt svei þér, skammastu þín og jafnvel danglað í þá ef þeir gerðu vitleysur eða bitu skepnurnar. Ég man ekki til að hundum væru kenndar neinar kúnstir, stundum var kannski hent hlutum og þeim sagt að sækja þá, sem þeir og gerðu og höfðu gaman af. Það hefur venjulega gengið illa að venja hunda af að elta bíla. Hlutverk hundsins við vinnu er ekki eins mikið nú og áður var, fé er minna beitt á vetrum og á sumrin er féð oft á afgirtum svæðum, en þó er hlutverk hundsins ennþá töluvert í sambandi við búskap og t.d. í göngum á afréttum. Hundahreinsun: Þegar ég var að alast upp, var skylda að hreinsa hunda einu sinni á ári og var það yfirleitt gert. Það var sérstakt hundahreinsunarhús á Stóru-Giljá. Þangað var farið með hundana og þeim gefið einhvers konar hægðalyf og þeir lokaðir inni eina nótt og baðaðir úr sótthreinsandi

p12
daginn eftir og þeim
sleppt og fóru þeir þá sjálfir heim og voru mjög skömmustulegir er heim kom en sennilega fegnir. Ef sullar fundust í afurðum sauðfjár var þeim brennt. Hundur í draumi: Ég held að það hafi talist frekar gott að dreyma hund. Dauði: Eftir að ég man eftir voru hundar yfirleitt skotnir. Það var mjög vandasamt verk því hundar voru yfirleitt hræddir við byssu og mjög varir um sig. Hundadallurinn var þá kannski settur út

og þeim gefið að éta og reynt að koma þeim að óvörum. Ég man nú ekki eftir
að hundsskinn væri

p13
notað. Hundar voru
yfirleitt grafnir eftir dauða. Stundum hefur skinnið verið spýtt á vegg.
Að vera eins og útspýtt hundskinn, táknar að vera mikið á ferð og flugi
og atast í mörgu. Maður og hundur: Það var talað um augu og fætur
eða lappir á hundum, en það var sjaldan talað um nef á hundum heldur trýni
og ekki oft um munn heldur skolt gin eða kjaft.

p14
Kveðskapur og sagnir:

Heitir Kolur hundur
minn

hefur bol úr skinni.

Er að vola auminginn

inni í holu sinni.

Rakki.

Sá er nú meir en
trúr og tryggur

með trýnið svart
og augun blá.

Fram á sínar lappir
liggur

líki bóndans hjá.

Hvorki vott nú þurrt
hann þyggur,

þungt er í skapi,
vot er brá.

En fram á sínar lappir
liggur

líki bóndans hjá.

Ef nokkur líkir snertir,
styggur

stinna sýnir hann
jaxla þá.

Og fram á sínar lappir
liggur

líki bóndans hjá.

Til dauðans er hann
dapur, hryggur

dregst ei burt frá
köldum ná,

og hungurmoða loks
hann liggur

líki bóndans hjá.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1896
Sveitarfélag: 311 Borgarnesi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8368

p1
Gangverð á hundum
þekkti ég ekki og ekki heldur hve gamlir þeir voru þegar þeir urðu látnir
fara til annara. Litir hunda og nöfn: Strútóttir voru hundar sagðir
ef þeir höfðu hvíta gjörð um hálsinn og hefir það líklegar verið aflögun
á orðinu strútóttur. Hundsbit: Sá þess dæmi oftar en einu
sinni, að heitt vatn sefaði reiði hunda. Hrælykt: Útilykt
heyrði ég talað um og hefur það ef til vill verið sama og hrælykt.
Hundaþúfa: Hundaþúfur kannast ég við, vaxnar háu grasi efst vegna þess
að hundar mygu í þær. Hundur í mannaferð: Hundar fylgdu löngum húsbændum
sínum eða eigendum, en ferðir þeirra til .... höfðu .... annan tilgang
en húsbændanna. Bæli hunds: Oftast munu hundar hafa átt eitthvert
bæli á heimili sínu og aldrei kynntist ég því að þeim væri sigað út undir
nóttina. Þekkti ekki til hundssteins. Heldri manna matur,
flakkara fæði og hundamatur var víst ekki hið sama. Horaðir
hundar og hreinir ..... þótti ..... engin heimilisprýði.
Fjárhund kunni ég ekki að venja en smalaði þó oft með hundi.
Hundafár held ég að jafnan hafi verið banvænt. Hundahreinsun var
látin fara fram ár hvert, þegar ég fyrst man og að sullir sem komu í ljós
í ..... sauðfjár voru brenndir. Man ekki að hundur í draumi ætti
að boða neitt sérstakt. Veit ekki til og man ekki eftir að hafa
heyrt að dauður hundur hafi fylgt húsbónda sínum eða verið ættarfylgja.
Skyggnigáfu hunda þekki ég ekki en þykir líklegt að hún eigi sér
stoð líkt og hjá fólki. En í hverju er skyggnigáfa falin? Hundum
mun áður hafa verið drekkt eða þeir voru hálshöggnir eða hengdir og hefi
ég heyrt af því sagt. Ég kannast við orðatiltækið "útspýtt hundskinn,"
en veit ekki vel þýðingu þess. Grímur Thomsen orti vel um hund einn,
einnig Tómas skáld Guðmundsson og í engu efast ég um ódauðleik hunds fremur
en manns. Lítil frásaga af klókindum hunds. Hund átti ég
eitt sinn, sem Skeppur hét, en með því nafni hefi ég átt fleiri en einn
og get ég ekki látið ógert að segja hér frá honum og klókindum hans, en

hund þann átti ég eitthvað fram yfir 1950. Stóð íbúðarhús
mitt þó nokkur ofarlega á túni sem hallaði á móti suðri. Var ..... nokkuð
grátt syðst en að vestan skurðsins sem náði lengra upp en þar sem húsið
stóð. Neðst á túninu átti ég all stóran hlaða af áburðarsekkjum, sem ég
hafði breitt yfir, því þetta var snemma vors. Snemma morguns sá ég Skepp
vera að leika sér að því að toga yfir breið.... af hlóð þessum, en það
var þorparaskapur. Sendi ég honum því skammartón heiman frá mér og þaut
hann þá í ofboði niður fyrir kastið. Síðan laumaðist hann vestur með kastinu
og upp skurðinn, en gætti þess ekki að láta skottið lafa svo ég sá það
öðru hverju koma upp úr skurðinum. Þegar ..... þraut laumaðist hann
með túngarði upp fyrir tún og kom svo þaðan til mín og var hinn kátasti
og sakleysið sjálft. Gat ég ekki annað en dáðst að þessum leikaraskap hans
og klókindum, þó að þær væru ekki alls kostar nægjanleg til að sanna sakleysi
hans. Af hans hálfu var það skottið, sem hann mundi ekki eftir á leið sinni
upp skurðinn og hitt að hann var ekki nógu fljótur að forða sér niður fyrir
melkastið.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1911
Sveitarfélag: 310 Borgarnesi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8490

p1
Hundurinn. Heimilishundurinn
hann skipar ákveðinn sess og hefur ákveðið starf á bænum. Heimilishundurinn
var sjálfsagður á hverjum bæ, með óteljandi nöfnum, hundur, hvutti, deli,
grey, garmur, rakki og seppi. Þetta hefur orðið ávani þessi
óteljandi orðaforði á lítilsvirðingu er kemur þarna fram á hundinum. Ég
get ekki að því gert að sömu sögu sé að finna er ég les Manntalsskýrslur
eftir aldamótin 1816-20. Prestar lýsa lítilsvirðingu á margbreytilega er
taldir eru þeir þjóðfélagsþegnar sem eru upp á náð samfélagsins. Tökukerling,
ómagi, uppalingur, tökubarn. Upp á gustuk, vinnukind, niðursetningur, náungabarn,
á sveit, óvasa. Sveitadrengur, uppgjafa kerling. Léttakind. Umhleypingur.
Prestarnir voru þeir einu sem voru menntaðir og þeirra starf var að sjá
um siðgæði í trúar og veraldlegum efnum sóknarbarna sinna og um leið leiðtogi
til fyrirmyndar í dagfari sínu. Og til viðbótar var sagt um þá vesalinga
er voru svo illa staddir í mannfélaginu er ekki fermdust að þeir væru hundheiðnir.
Enginn var svo lítilsvirtur sem hundurinn. Þetta var aldarandinn.

p2
Það fór mikið eftir
heimilunum umgengnin við hundana og atlæti. Hundurinn getur verið mikill
félagi mannsins og veitt honum öryggi og styrk. Hundar eru vel viti bornir
en misjafnt þó, og hafa oft vit fyrir húsbónda sínum. Ef villu eða önnur
óhöpp ber að fara þeir heim og sækja hjálp ef maður er í hættu staddur.
Hundar passa börn sem eru látin á tún við heyskap. Hef ég séð hund leggjast
skammt frá barninu og varið að hvorki skepna eða óviðkomandi maður
snerti barnið. Enda eru hundarnir miklir vinir barnanna og allra á heimilinu
og fagnar heimafólki við heimkomu, jafnvel þó það hafi verið misserum fjarverandi.
Hundar eru skyggnir þeas. einstaka hundur. Sjá fylgjur á undan fólki
og þræða leiðina sem gesturinn kemur og stansar á sama stað sem væntanlegur
gestur stansar, ef hann finnur þá einhvern oft er það með ólíkindum. Smalahundurinn
það er margþætt samstarf smalans og hundsins. Ég treysti mér ekki til að

lýsa því samstarfi.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1903
Sveitarfélag: 800 Selfossi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8380

p1
Tegundin: Hundar
voru í daglegu tali nefndir ýmsum nöfnum svo sem hvutti, grey, garmur, rakki, seppi, héppi, greyskinn, garmskinn og greyskinn. Hundakyn: Eins og allir vita hafa hundar alla tíð verið mjög mismunandi að útliti. Sumir stórir aðrir smávaxnir, sumir loðnir og ljótir aðrir snögghærðir og gljáandi og svo eru það eyrun, sumir eru með upprétt eyru en aðrir með lafandi eyru. Og líka hafa þeir mis langt skott og einnig er vaxtarlagið mjög mismunandi. Heimilishundur: Það mun hafa þekkst að hundar legðust í flakk að minnsta kosti um tíma ef þeir voru í tíkarsnatti eða lóðastandi eins og það var nefnt en skiluðu sér þá venjulega heim aftur af því loknu.
Ekki er mér kunnugt um verð á hundum eða hvolpum. Ég held að í seinni tíð hafi þessi dýr bara fengist gefins þó getur það verið að einn og einn maður selji hvolpa þó ég vit ekki um það. Eftir að hundapest hafði gengið og sóst var eftir hvolpum voru þeir vitanlega seldir á einhverju verði. Hundafár mun hafa gengið hér um Suðurland laust eftir

p2
1920 og aftur eftir
10 eða 12 ár að mér er tjáð. Það herjaði aðallega í útsveitum Suðurlands.
Þegar ég var smá stelpa var fenginn á heimilið hvolpur sem reyndist vera tík. Og áður en langir tímar liðu kom að því að hún varð hvolpafull. Og man ég að við krakkarnir vorum mikið spennt að sjá hvolpana þegar leið að goti. Og við urðum ekki fyrir vonbrigðum, þarna fæddust átta hvolpar hver öðrum fallegri eða það fannst okkur að minnsta kosti. Og engum þeirra var lógað, þeir voru allir gefnir á aðra bæi nema einum var haldið eftir og tíkinni svo lógað. Þetta urðu allt fallegir og skemmtilegir hundar. Ég held að flestir hundar séu vitrir. Litir hunda og nöfn: Hundar eru æði margvíslega litir og oft eru nöfn hunda dregin af lit þeirra. Það er talað um svarta, hvíta, gráa, gula og mórauða hunda og svo strútótta, hálsótta, dílótta, flekkótta og sokkótta hunda. En svo eru mörg hundanöfn

alveg óháð lit þeirra eins og Smali, Vaskur, Tryggur, Sámur, Hvatur og Spori. Fyrir nú utan öll fígúru og skrípanöfnin sem fólk er farið að nota á hunda sína nú til dags.

p3

Rödd hunda: Já, rödd

hunda getur verið æði breytileg og auk hljóða sem hundar gefa frá sér og upp eru talin í þessum spurningalista þá vil ég halda því fram að hundar gráti rétt eins og börn. Að minnsta kosti vola þeir hástöfum ef þeim finnst mikið við liggja. Og skal ég nefna dæmi. Þegar móðir mín var orðin öldruð kona fór ég í sveitina til hennar og tók að mér flest innanbæjar störfin og þar á meðal að gefa hundinum. Og er ég hafði dvalið þarna nokkrar vikur ákvað ég að bregða mér bæjarleið og hitta gamla kunningja og nágranna. Ég brá mér í gamla kápu og lét á mig húfu. Og er ég kom út á hlað er hundurinn þar fyrir og skipti það engum togum, hann rauk upp há veinandi og tók utan um mig með framfótunum svo rígfast að ég komst ekki úr sporunum og sagði á sínu máli hágrátandi eins og barn: "Æ, farðu ekki frá mér, þú mátt ekki fara!" Sjálf fór ég að gráta svo fann ég til með honum. Þetta var hálfgerður hvolpur og svo til nýkominn á heimilið. Mér tókst að róa litla hundinn með því að tala við hann og segja honum að ég kæmi strax aftur. Og ég held bara að hann hafi skilið það sem ég sagði. Hann fylgdi mér að túngarðinum og kom svo fagnandi á móti mér aftur. Sams konar atvik áttu eftir að endurtaka sig. Við vorum alltaf góðir vinir. Ég hef alla tíð verið mikil hundagæla. Og þeir líka kunnað að meta það.

p4

Stundum tóku hundar

upp á því að reka upp svokallað sjógól eða spangól og var það ófagur söngur, einkum ef þeir tóku upp á þessum ófögnuði fyrir utan baðstofugluggann um miðjar nætur. En það endaði venjulega með því að einhver tók sig til og skammaði sökudólginn duglega og þar með var svefnfriðurinn rofinn hjá öllum í baðstofunni. Oft finna hundar á sér ef óveður er í aðsigi. Þá vilja þeir liggja inni þó vanir séu að vera úti um nætur. Alltaf gefa hundar gestakomu til kynna með sérstöku gelti sem er auðþekkt frá öðru gelti.

Það mun hafa þekkst að skvetta vatni á hunda í áflogum til að skilja þá að. Oft fylgdu hundar fólki á mannamót og milli bæja og í kirkjuferðum og lágu þá oft hjá reiðverunum meðan messan stóð yfir. Hundar lágu oft úti um nætur að sumrinu til, að minnsta kosti í öllu góðu. Hundabælið var víðast hvar í einhverju skoti í frambænum og var oft haft í því gæruskinn eða annað til hlýinda hundinum. Hundsdallurinn var oft bara emeleruð skál. Stundum þurfti að skamma hund þá var sagt: "skammastu þín," "svei þér," með tilheyrandi þunga í röddinni.

Hundar í draumi: Það þótti vita á gott að dreyma hund. Ég veit til þess að hundur fylgdi sumum

p5

ættum. Og konu þekki
ég sem sá gráan hund koma inn í baðstofuna á bernskuheimili hennar og skríða
undir eitt rúmið. Hún þekkti ekki hundinn. En stundu síðar kom þar utan
sveitar maður og settist á rúmið sem hundurinn skreið undir. Og var haldið
að hundur þessi væri fylgja mannsins. Ábyggilega sjá og skynja hundar
fleira en fólk almennt gerir. Sjálfsagt kunna allir vísurnar um Kjóa:
Litli Kjói liggðu kyrr, læstar eru bæjardyr. Þó þú hafir
hvassar klær, þér heppnast ekki að opna þær. Vertu
góður greyið þitt, glefsaðu ekki í sjalið mitt. Þú mátt ekki
meiða mig, mér var sagt að passa þig. Þessar vísur
kenndi mamma mér þegar ég var smá stelpa. Ekki man ég eftir hvern þær eru.
En mér þóttu þær mikið skemmtilegar og þykir enn. Ekki man ég eftir fleiru
af þessu tagi en það gæti verið að ég gæti sagt hundasögu eina eða tvær:
Eitt vorið sem ég ar matráðskona hjá vegamönnum í Rangárþingi barst
til mín agnarlítill og fallegur hvolpur. Hann var í för með dreng sem var
að flytja mjólk í veg fyrir bíl. En leiðin lá alveg framhjá bústað vegavinnumanna.
Nema hvað hvolpurinn kom inn í skúrinn til mín og er hann hafði skoðað
sig þar um lagðist hann í makindum undir eldavélina og lét fara vel um
sig. Og þegar drengurinn kom til baka og vildi hafa hvolpinn heim með sér
vildi sá litli hvergi fara hvernig sem stráksi

p6
kjassaði hann. Svo
ég spurði hvort hann mætti ekki vera til morguns og gaf hann það eftir.
Líður svo dagurinn, ég var að tala við þennan litla kærkomna gest og gæla
við hann og auðvitað fékk hann að bragða á ýmsu eins og venja er þá gest
ber að garði og hann undi vel haf sínum. Svo þegar ég hafði lokið störfum
um kvöldið sagði ég við hann: "Jæja, nú er ég að fara út í tjald til
að sofa, viltu koma með?" Það er sá litli sem stendur upp og dillar
sér öllum og eltir mig út í tjaldið mitt og breiddi ég tusku í hornið aftan
við rúmið mitt og benti honum að leggjast þar, sem hann og gerði og steinþagði
alla nóttina. En þegar ég fór að hreyfa mig um morguninn kom hann og lagði
framfæturna upp á rúmstokkinn hjá mér og dillaði sér öllum meðan ég var
að klæða mig og var fljótur að skjótast út er ég hafði opnað tjaldið og
fór svo út í móa að gera þarfir sínar en kom svo inn í skúrinn að fá morgun
hressingu eins og hinir. Og svona gekk þetta til í nokkra sólarhringa en
allt tekur enda og dag einn var drengurinn sendur að sækja hvolpinn en
eins og fyrri daginn vildi Kjói liti hvergi fara þó mamma hans biði heima
á bænum. Stráksi varð því að taka hann og bera hann heim. Stuttu
síðar fluttum við á annan tjaldstað langt í burtu og sá ég Kjóa litla því
ekki oftar það sumar. En næsta sumar var aftur tjaldað á þessum sama stað
og er við höfðum verið þar í nokkra daga gerði ég mér eitthvað til erindis
heim á bæinn. Ég bjó mig upp og gekk heim túnið og er ég nálgaðist bæinn
kom á móti mér svartur hundur með hvíta bringu og gelti hressilega í fyrstu
en snar stansar og þagnar og horfir á mig en rak upp eitt og eitt bofs.
Ég

p7
stansaði líka og
við horfðum hvort á annað, jú liturinn passaði en gat hann Kjói verið orðinn svona stór? Hann væri nú orðinn árs gamall og vel það hugsaði ég og nú talaði ég til hans á okkar Kjóa gælumáli. Og skipti þá engum togum að hundurinn hoppar upp og kemur í loftköstum og hendist í fangið á mér. Kjói litli var þá ekki búinn að gleyma mér þó hann hefði ekki séð mig í heilt ár. Og svo voru fagnaðarlætin mikil að ég ætlað ekki að komast þennan spöl sem eftir var að bænum. Mér var boðið til baðstofu og án þess að húsfreyja tæki eftir hafði hundurinn laumast inn um leið og lá við fætur mér og virtist kunna þar vel við sig. Eldhúsið var niðri í kjallara, svo kom húsfreyja til mín með kaffibakka og varð alveg undrandi að sjá hundinn þar liggjandi við fætur mér. Og sagði að þetta hefði hann aldrei áður gert og kæmi enda aldrei upp í baðstofu. (En þar var allt hvítskúrað og fínt). Ég fór nú að útskýra fyrir henni ástæðuna og vináttuböndin sem hefðu skapast þegar hann var hjá mér í orlofi fyrir ári síðan. Hún var þá búin að gleyma því. Eftir þetta kom ég nokkrum sinnum á þennan bæ og alltaf fagnaði Kjói mér jafn innilega. Eina hundasögu heyrði ég nýlega: Hundur liggur á eggjum. Það gerðist fyrir all mörgum árum á bæ einum í Holtahreppi að heimilishundurinn lagðist á egg hænunnar ef hún brá sér frá. Hænan hafði valið sér hreiðurstað í hundaskotinu

p8
og engu var líkara
en að þau hefðu gert með sér samning hænan og hundurinn því þegar hún skreið af eggjunum lagðist hundurinn á þau. Það var eins og hann vissi að eggin mættu ekki kólna. Og alltaf þegar hænan kom aftur vék hvtti. Og hann gerði það ekki endasleppt. Þegar ungarnir voru komnir á stjá og hænan ekki við, þótti þeim ósköp notalegt að leita skjóls undir mjúka feldinum hans. Og sömuleiðis þegar hvutti fékk eitthvað gott í dallinn sinn þá bauð hann þeim í mat. Og var þá oft handagangur í öskjunni eins og máltækið segir.
Og þegar seppi lá í bæli sínu og ungahópurinn hjúfraði sig að honum í bak og fyrir og urðu sumir að húka á baki hans og var algeng sjón að sjá seppa rölta um stéttar og hlöð með ungahópinn á bakinu, því ekki var hann að hrista þá af sér. Hann virtist bara vera stoltur af að vera trúað fyrir öllu þessu ungviði. Og ungarnir undu sér hið besta á þessum notalega farartæki sínu og gátu sólað sig og notið lífsins án allrar fyrirhafnar.
Líkur hér þessari sögn. Hundar eru einstaklega trygg og vinaleg dýr. Mér er minnisstæður einn hundur sem foreldrar mínir áttu. Alltaf þegar ég var að koma í heimsókn einhverstaðar að, sá hann mig langar leiðir að og kom í loftköstum á móti mér. Og svo voru fagnaðarlætin mikil að ég varð stundum að beita hann hörðu til að komast áfram. Þó var ég þá ekki heimilisföst þar heldur kom þar sem gestur alltaf öðru hverju. En hvutti blessaður vissi svo sannarlega að ég var

ein af ættinni. Og
það var merkilegt með þennan hund og fleiri hunda sem þarna hafa verið
að þeir virtust þekkja alla nánustu ættingja okkar og geltu aldrei að því
fólki þegar það kom, hvar svo sem það átti heima. T.d. flutti bróðir minn
frá Vestmannaeyjum í sveitina og bjó þar í 20 ár. Og aldrei geltu hundarnir
heima að honum eða neinum frá þeim bæ, heldur sýndu því vinalæti rétt eins
og okkur. Ég hefði getað sagt eina hudnasögu í viðbót en hún er
það löng að blöðin leyfa það ekki.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1909
Sveitarfélag: 601 Akureyri

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8599

p1
Tegundin: Ég kannast
við flest þessi samheiti, hundur, hvutti, deli, búadeli, grey, garmur,
rakki, seppi, skinn, héppi en hygg að klódýr og hrædýr hafi aðallega verið
notuð af gömlu fólki og heyrist ekki lengur. Hundakyn: Hundakynblendingar
voru og eru enn algengir. Nú er reynt að halda hundum hreinkynja, sérstaklega
gæludýrum og minkahundum. Íslenski hundurinn er líka í sérræktun núorðið
og er þá farið eftir þeim séreinkennum sem það hundakyn hafði, s.s. uppréttum
eyrum, hringaðri rófu o.fl. Þetta er betra viðureignar en var síðan hægt
að sprauta tíkur og ráða faðerni og viðkomu. Heimilishundur: Hundar
þóttu sjálfsagðir á hverjum bæ. Reynt var að fá góða fjárhunda til smölunar
og fjárgæslu, enda erfitt að vera hundlaus meðan lítið var um girðingar
og verja þurfti tún og engi. Nú eru sum sveitaheimili hundlaus.
Hundar sem gæludýr eru helst í kauptúnum eða öðru þéttbýli og mun það heldur
fara í vöxt. Sumir þóttust þekkja heimilin af hundinum og hirðingu hans.
Verð á hundum og hvolpum. Góður hundur og kyngóður hvolpur
var stundum vel borgaður, sérstaklega ef hörgull var á þeim, t.d. þegar
hundapest hafði gengið. Annars fer þetta mjög eftir ástæðum á hverjum tíma
og oft eru hvolpar gefnir. Hundur verður til. Þegar tíkur voru í
hundalátum - lóða - voru aðkomuhundar oft til vandræða, dögum saman á flækingi
matarlausir og í áflogum. Stundum var reynt að fæla þá frá, s.s. skjóta
á þá púðri, binda í skottið á þeim o.s.frv. Hvolpafullar voru tíkur
kallaðar um meðgöngutímann.

p2
Ég þekki lítið til
hjátrúar þeirrar sem spurt er um. Hvolpum var víst oft drekkt nýgotnum,
nú skotnir. Auðkenni: Ég þekki ekkert af þessu nema úr gömlum sögum
í þjóðsagnabókum. Geltinn hundur þótti leiðinlegur. Litir hunda
og nöfn: Nöfn hunda voru oft dregin af lit, t.d. Strútur, Máni, Svartur,
Flekkur, Lubbi, Kjammi, Depill, Sámur, Týri, Lappi, Kolur. Ýmis önnur nöfn

er ég minnist: Snjallur, Skjálfti, Snati, Vaskur, Tryggur, Þristur, Kátur, Plútó, Kastor, Hektor, Otur, Kobbi, Tobbi, Garmur, Vígi, Vambi, Dollý, Pollý, Loppa, Píla, Fjára, Týra, Perla, Táta. Hárafar: Mjög loðnir hundar voru oft klipptir fram að bógum. Til var að hundshár væri hirt til nota. Rödd hunda: Um gelt og önnur einkenni hunda, hvernig þeir tjá sig, er ýmis konar orðafar. Gestagelt var með sérstökum hljómblæ, en misjafnr var þetta og einstaklingsbundið. Ratvísi: Ratvísi og þefskyn hunda er alkunnugt, t.d. hvernig minkahundar rekja slóðir, og heimilishundar slóðir heimafólks og heimilisdýra um langa vegu. Spádýr: Sumir hundar virtust finna á sér er gesta var von. Sumir létu í ljósi gleði og aðrir eftirvæntingu en aðrir urruðu og á þeim risu hárin, enn aðrir röltu spöl frá bæ í þá átt sem gestur kom úr stundu síðar og steitti sig þar.

p3

Lækningar: Gamall bóndi, nágranni minn, sauð hundsskrokk til þess að fá af honum fitu. Hún þótti góð til lækninga, helst til að mýkja liðamót, líka til að græða sár og meiðsli á hestum. Hvítur og gamall hundaskítur var notaður til inngjafar gegn skitupest í kind, síðast svo að ég vissi til 1917. Hundsbit: Grimmir hundar þóttu vandræðaskepnur og heyrði ég sagnir um að menn hefðu klipið vígtennur úr slíkum hundum. Áflog: Hundar voru aðskildir með hnakka- eða rófutaki, skvett á þá vatni, barðir eða skammaðir. Hrælykt: Lykt af hundum hefur líklega staðið í sambandi við það sem þeir átu. Sumir hundar sóttu mjög eftir hráæti. Útilykt var oft af hundum er þeir komu inn kaldir og rakir. Hundaþúfa: Hundaþúfur voru hér og þar. Kannast við orðtækið um hundaþúfu sem hreykir sér og samanburðinn: "Það er nú annað Hólastóll eða hundaþúfa." Hundur í mannaferð: Kannast við: "hundur í hverri hofferð." Hundar sóttu mjög eftir að fara með fólki út af bæ og mun orðtakið af því dregið. Hundar voru ekki vel séðir á kirkjustöðum, því að oft vildu þeir fylgja eiganda sínum inn í kirkju og tóku þá gjarna undir sönginn. Það var starf meðhjálpara að koma þeim út fyrir messu og gekk það stundum sögulega til. Bæli hunds: Hundabæli var ætíð innan bæjar, stundum í kassa, trogi eða á leppi. Oft lágu þeir úti við á sumrin og vörðu
þá tún.

p4

Dall áttu hundar þar sem ég þekkti til, ýmist úr tré eða aflagt matarílát, sem ekki mátti þó leka, því að mjólk fengu hundar víðast, þekkti ekki hundastein. Hundsmatur: Á haustin var ýmiskonar innmatur sem ekki þótti hæfur til manneldis soðinn og settur í sýru handa hundum. Matarúrgangur, s.s. bein, roð og uggar var hudnum gefinn. Smalar höfðu nesti handa hundi sínum í hjásetuna. Þekkti orðtækið að, "mæna eins og hundur á bita." Hundslap: Ærnyt var sums staðar ætluð smalahundi, en eftir að fráfærur lögðust niður var hundi gefið eftir þörfum, þá mjólk sem annað. Smalahundur, fjárhundur:

Mikið vandaverk þótti að venja hund og ekki öllum hent. Slæmt þótti að krakkar skiptu sér af þeim meðan á því stóð. Var reynt að kenna hundi fyrst og fremst að hlýða og einnig að fara rétt að því að taka kind og halda henni fastri án þess að meiðsli hlytist af. Sjálfsagt var að kenna hundum að reka fé og einnig að sækja það í fjöll. Góðir hundar þykja enn metfé, þó að dagleg notkun þeirra sé minni en áður var. Þeir eru einmitt ekki síður mikilsverðir nú vegna fólksfæðar. Hundum var sigað með ýmsu móti. Gömul þula: "Ird og púrd í hestana, ho, ho, í kýrnar, husk, husk í kindurnar og kiða kið í geiturnar." Menn notuðu ýmis orð og bendinar sem hundar skildu. Heyrði ég að hundum hefði verið sveiað og sagt að skammast sín, þeir hefðu étið folald o.s.frv. Sumir hundar tóku skammir nærri sér. Þar af er talhátturinn: "að vera eins og sneyptur hundur (eða rakki)." Hundum var stundum kennt að setjast og heilsa, einnig að sækja hluti o.fl. Þeir vandir af að elta bíla, o.s.frv.
Hundafár: Það gekk sem farsótti öðru hverju og voru engin ráð við þeirri veiki.

p5
Nú eru yfir fjörtíu ár síðan þessi farsótt herjaði hér og eru trúlega komin til sögu lyf sem duga gegn henni. Ýmsir kvillar þjáðu hunda er þeir tóku að eldast, s.s. sjón- og heyrnarleysi, stirðleiki í liðum, hægðatregða o.fl. Hundahreinsun: Hundahreinsun var framkvæmd og vel af hendi leyst. Komið var með þá á einn eða tvo staði í sveitinni, þeir sveltir þar, hreinsaðir og baðaðir á eftir.
Nú er hundum gefnar töflur, er drepa bandorminn og ferðast sá er annast það milli hundaeigenda. Sullir sem til féllu við heimaslátrun voru brenndir. Andi og sál: Það er hyggja margra að hundar hafi sál og lifi líkamsdauðann. Eru margar sagnir til um að þeir hafi sést með húsbændum sínum látnir. Einnig gera þeir vart við sig á miðilsfundum. Ekki vildi sumt gamalt fólk telja að hudnar hefðu sál og vitnaði í Biblíuna máli sínu til stuðnings. Dauði: Þekkti ekki aflífun hunda nema með skotvopni. Eitthvað mun hundsskinn hafa verið nýtt, t.d. í húfur. Ekki veit ég hvernig orðtakið "útspýtt hundskinn," er til komið, sem haft var um þann er ólatur var að gera öðrum greiða, og þótti e.t.v. láta nota sig um skör fram. Maður og hundur: Sumir töluðu við hunda í óvirðingartón, en aðrir gerðu sér far um að umgangast þá með velvild og skilningi og hlutu þá trúnað dýrsins. Ekki þótti sjálfsagt að nota sömu orð um hund og mann, frekar talað um kjaft og trýni á hundi. Augu hunda þó fot umtöluð, enda tíðum mjög falleg. Orð og málshættir: Þekki öll þau orð og málshætti sem nefnd eru, þó hef ég heyrt talað um "hundsævi og kattartíð," og að vera eins og "halaklipptur hundur."

p6
Kveðskapur, sagnir:
Hér á eftir koma nokkrar sagnir um hunda sem til voru á æskuheimili mínu,

Nesi í Fjnóskadal. Þær eru hafðar eftir foreldrum mínum og föðursystkinum. Heyrði ég þær oft sagðar og í þær vitnað, auk þess sem ég kynntist sjálf á uppvaxtarárum mínum: Ásgeir Jónsson föðurbróðir minn í Nesi (fæddur 1870) átti um síðustu aldamót hund þann er Otur hét. Hann var gulbrúnn að lit, stór, með lafandi eyru, sennilega kynblendingur. Otur reyndist afburða fjárhundur. Þá voru fráfærur enn í fullu gildi og komst hann upp á að smala einn; fór hann eftir bendingum, þræddi landamerki jarðarinnar, eftir því sem hann hafði áður farið og rak kvíærnar heim á stöðul. Fyrir kom að hann hsmalaði fyrir nágrannabónda á sama hátt. Heimaland í Nesi er nokkuð stórt og giljótt og því að þessu mikið hagræði.

Stundum var Otur sendur eftir ýmsum hlutum heim að bæ þegar verið var við heyskap, eftir amboðum, fatnaði og öðru slíku. Hann átti vandaðan matardall úr tré, með hann kom hann oft inn í baðstofu þá fólkið sat á rúmum sínum og borðaði morgunmat úr skálum sem þá var títt. Gekk hann fyrir hvern og einn og gaf hver honum úr einum spæni í dallinn, sem hann setti niður og gerði sér gott af á eftir. Amma mín, sem þá stjórnaði búi, gaf honum jafnan kvöldmat í dall þennan, en eitt sinn varð henni það á að gleyma því. Morguninn eftir fannst ekki dallurinn. Var þá hundurinn spurður hvar hann væri og honum skipað að sækja hann. Hljóp hann þá af stað og var fylgst með ferðinni. Hann fór suður fyrir merkin, í land Skóga, þangað sem heita Rjóður. Þar gróf hann dallinn upp úr moldarflagi og kom með heim. Haldið var að honum hefi þótt við ömmu mína fyrir gleymskuna kvöldið áður, fékk hann góðan morgunskammt og kom slík gleymska víst ekki fyrir aftur. Otur fylgdi Ásgeiri eiganda sínum mjög fast eftir og hafði nákvæmar gætur á öllu farteski hans og fatnaði, lá oft hjá reiðtygjum hans og öðru dóti.

p7

Eitt sinn var Ásgeir staddur á greiðasölustað á Akureyri ásamt kunningum sínum og fleiri mönnum. Var hundurinn með honum og bar í tal vit hans og öryggi að þekkja plögg Ásgeirs. Þótti sumum þetta ótrúlegt og fór svo að til veðmála kom út af því. Prófun fór fram á þann hátt að Ásgeir lét vettlinga sína innan um vettlinga hinna gestanna og varð það stór hrúga. Síðan kvaddi hann og gekk af stað og maður með honum úr hópnum. Þegar þeir voru komnir æði langa leið tók Ásgeir til vasa sinna og sagði síðan við hundinn Otur: "Nú hafa vettlingarnir orðið eftir, sæktu þá." Hundurinn þaut þegar til baka, rauk á hurðina á "vertshúsinu," (en hann opnaði hurðir með kjafti og klóm) stökk upp á bekkinn þar sem vettlingahrúgan var og hætti ekki fyrr en hann fann þá réttu. Færði hann Ásgeiri þá þangað sem hann beið ásamt vitninu. Guðmundur Hannesson prófessor var þá héraðslæknir á Akureyri (1896-1907) og vel kunnugur Ásgeiri, sem var hestamaður og oft fenginn til að sækja og fylgja lækni ef þurfti. Kynntist þá Guðmundur hundinum og einkennum hans og þótti mikið til koma. Því var það, er svo raunalega vildi til að Otur veiktist af hundapesti að Ásgeir reið inn yfir Vaðlaheiði og til Akureyrar á fund Guðmundar og bað hann nú að freista þess að lækna

Otur. Læknirinn brást vel við og fór austur með Ásgeiri, en sú för var til einskis, viðeigandi lyf voru þá enn ófundin. Eftir að hundurinn dó var hann jarðaður í litlum hóli á Bæjartungunni heima og gróðursetti Ásgeir þar birkiplöntur, sem því miður náðu ekki að vaxa þar. Í hárri elli mælti Ásgeir svo fyrir að hann sjálfur skyldi jarðaður á þessum sama hóli. Var svo gert með leyfi yfirvalda. Otur sást eftir dauða sinn. Átti góður nágranni þar hlut að máli, sem ekki vissi annað en seppi væri þá enn á lífi. Annan hund átti Ásgeir seinna en Otur, og var ég orðin sex ára þegar ég man hann best. Hann hét Kastor, var svartur og mjög loðinn, líklega blendingur. Hann var góður fjárhundur en nokkuð þungur á sér og var því klipptur á vorin fram að bógum og minnti þá á ljón. Ekki var hann hrifinn af þessari

p8
búningsbót og var
ósköp skömmustulegur fyrst í stað og fór í felur. Okkur krökkunum þótti mikið til Kastors koma því að hann lék sér oft með okkur.
Þegar ellin sótti að Kastori fékk hann meltingartruflanir, gekk illa að losna við saurinn og ágerðist þetta með annarri hrörnun. Því varð það er faðir minn kom eitt sinn austan úr Norður-Þingeyjarsýslu frá því að mæla þar jarðabætur, að hann reiddi á hnakkanefinu hvolp einn stálpaðan, en þá mjög smávaxinn. Sá var með sperrt eyru og rófuna bar hann bratt, því að hann fann mjög til sín. Sá var nefndur Hektor. Hann var af kyni sem leitaði í fönn, en það þótti mikill kostur á hundum. Ekki var Kastor gamli hrifinn af þessum nýja hundi, sem við krakkarnir tókum með miklum dáleikum og gerðum fljótt "vitlausan" að sögn fullorðna fólksins, enda gekk ekki vel að venja hann, t.d. við smölun. Stuttu eftir að Hektor kom var ljóst að Kastori var mikil raun að ólátum hans og var afbrýðissamur, þar eð hann fylgdi okkur krökkunum svo fast eftir. Tók hann þá það til bragðs að koma honum í burtu, fór með hvolpinn á bæi og skildi hann þar eftir. Þetta voru stundum margar bæjarleiðir. Auðvitað fréttist um ferðir þeirra og hvolpurinn var sóttur. Eitt sinn sást til þeirra frá næsta bæ og bóndinn náði þeim. Næst fór Kastor aðra leið, þar sem ekki sást til þeirra frá bænum. Síðast gafst hann þó upp á þessu og þegar hvolpurinn, sem varð mjög heimaríkur, fór halloka fyrir aðkomuhundum, kom Kastor honum til hjálpar. Kastor lifði ekki lengi eftir þetta. Ásgeir fékk vin sinn, er hann treysti mjög vel, til að aflífa hann. Hektor varð ekki langlífur og reyndi aldrei á hæfni hans við að leita í fönn. Sigurður Jónsson föðurbróðir minn (dáinn 1893) var ungur, að hálfu vinnumaður hjá Sigurði Davíðssyni bónda á Veturliðastöðum en annars heima hjá foreldrum sínum í Nesi. Hann átti hund sem var kyrr í Nesi þann tíma sem hann var á Veturliðastöðum. Sigurður var hálfan mánuð til skiptis á bæjunum, og brást ekki, að þegar hans var von heim að þá tók seppi hans að haga sér einkennilega. Fór hann af stað í suðurátt venjulega leið, sem voru reiðgötutroðningar eins

p9
og þá var títt. Sat
hann oft langan tíma og færði sig svo lengra og lengra, jafnvel suður að
merkjum Ness og Skóga. Þar beið hann svo þangað til Sigurður kom og fagnaði
honum þá ákaft. Eitt sinn lagði hann af stað með venjulegum hætti degi
fyrr en til stóð að áliti heimamanna. Þótti fólkinu þetta kynlegt, en svo
fór að Sigurður kom heim fyrr en ætlað var og brást ekki hugboð seppa,
eða hvað sem á að kalla þessi viðbrögð hundsins. Milli Ness og Veturliðastaða
eru um sex kílómetrar og margar mishæðir þar á milli. Fjárhundur
af skosku kyni var til í Nesi fyrir og um 1965. Þá var hann gamall orðinn
og hrumur. Í vorsmalamennsku kom hann haltrandi að rétt þar sem átti að
reka inn og vildi hjálpa til, en gat ekkert og var jafnvel hætta á að hann
lenti í troðningi. Valtýr bróðir minn, sem var þarna við innreksturinn,
ávarpaði hundinn og sagði: "Það er best fyrir þig að fara heim."
Hundurinn lötraði heim í bæ, þar settist hann í bæli sitt
og hrundu tárin af augum hans. Þessi hógværu orð særðu hann djúpt, og hefur
víst enginn á þeim bæ efast um að þessi skepna hefði sál.

p10
Svipir hunda: Þegar
Kristján sonur minn var á unglingsárum eignaðist hann hvolp, hvítan með
svartan kjamma og blett á hrygg. Hann hlaut nafnið Kjammi og þótti Kristjáni
vænt um dýrið. Þetta varð þokkalegur fjárhundur, en hafði þann galla að
vera mjög áflogagjarn og kom hann oft rifinn heim ef hann lenti í hundaslag.
Þá bjó á Hálsi Guðni Þorsteinsson og átti hann fjártík. Það
voru oft hundasamkvæmi kringum þessa tík og lét Kjammi sig sjaldan vanta
þar. Eitt sinn hvarf Kjammi að heiman og var grennslast eftir honum á Hálsi.
Hann hafði sést þar, en svo horfið og var þá haldið að hann hefði farið
heim. Var gerð mikil leit að hundinum, því að okkur þótti mjög fyrir
að missa hann, ekki síst eigandanum. Síðar um veturinn gekk Guðni bóndi
fram á hundinn dauðan í gamalli heytótt, þar sem hann hafði lagt sig mikið
rifinn og honum líklega blætt út. Mörgum árum seinna, er Kristján
var fluttur að heiman og stundaði vegavinnu, kom hann hingað heim til þess
að þvo bíl sinn með vatnsslöngu skammt frá bænum. Þegar hann var farinn
spyr Árni tengdasonur minn hvaða hundur hafi verið með Kristjáni. Við höfðum
engan hund séð og áttum þess ekki von, en Árni lýsti hundi þessum mjög
nákvæmlega, bæði að lit og öðru útliti. Stóð sú lýsing heima, að þar hefði
svipur Kjamma verið á sveimi. Árni, sem er norskur og skyggn,
kom hingað mörgum árum eftir dauða hundsins og hafði aldrei heyrt hans
getið. Aðalsteinn Jónsson Víðivöllum segir frá: Haustið 1975 þurftum
við Svavar Sigurðsson bóndi á Birningsstöðum að hittast til þess að ræða
um göngur á Bleiksmýrardal sem við áttum báðir fyrir höndum innan tíðar.
Ég skrapp því austur í Birningsstaði í þeim erindum. Þá var ráðið að Svavar
færi með öðrum manni "fram fyrir" sem kallað var, en þá er ekið
suður Bárðardal að Kiðagili á Sprengisandsleið og þvert vestur á Bleiksmýardal
og þar tjaldað. Að morgni fer bílstjórinn sömu leið til baka með farangurinn

en mennirnir byrja göngur

p11
frá syðstu leitum
og fara út dalinn þar til þeir mæta þeim gangnamönnum sem gist hafa í kofa
um nóttina og fá þeir þá hesta sína. Hundar Svavars tveir voru þarna heima
við, annar ungur og lítt reyndur en þótti efnilegur, hinn frá Ólafsvöllum
- af íslensku kyni - nokkurra ára, fremur lélegur smalahundur. Í
göngum þessum er að þeim kom gekk ég Svartárdal, þverdal sem liggur suð-austur
frá Bleikmýrardal. Hestur minn beið hundinn niðri í dalnum á meðan. Segir
ekki af göngunni fyrr en ég kom til baka fram á háls þann er liggur milli
dalanna. Sá ég þá hund Svavars - hinn íslenska - rétt að segja kominn til
mín og stuttu eftir Svavar með hinn hundinn á hælum sér. Við
flýttum för eftir megni og rákum féð niður í dalinn þar sem Þór bóndi á
Hálsi beið með hestana og féð að sunnan, af austurkjálkanum. Fórum við
með safnið yfir Svartána, en létum það grípa niður aðeins skamma stund
þótt hagi batnaði, því að veður fór versnandi. Svavar og Þór ráku féð en
ég fór með hund minn upp í hlíðina og smalaði ofan í veg fyrir þá. Þegar
við komum norður að svonefndu Klifi kom Svavar til móts við mig upp í brekkurnar.
Var hann þá aðeins með yngri hundinn, svo að ég spyr hann hvað hafi orðið
af Ólafsvalla-seppa. "Sástu hann?" spyr Svavar, "ég skaut
hann í gær," en bætti svo við: "hann hefur kannski fylgt mér
samt."

p12
Gisting á Ófeigsá.
(Björn Teitsson: Eignahald og ábúð á jörðum í S.-Þing.: Ófeigsá: Nýbýli,
líklega í landi Heiðarhúsa. Í byggð 1851-64 og 1872-75). Jóhannes
Jónsson bóndi í Hrísgerði sagði mér eftirfarandi: Tveir menn báðust
eitt sinn gistingar að Ófeigsá á Flateyjardalsheiði. Bjuggu þar þá gömul
hjón og höfðu einn vinnumann. Gestunum var vel tekið og var þeim gefið
hangikjöt að borða. Þegar þeir ætluðu að þakka fyrir sig sögðu hjónin:
"Þakkið þið honum Skjálfta," en það var hundur þeirra og hafði
hann átt skepnuna sem kjötið var af. Þegar fólkið var háttað talaði
húsmóðirin til vinnumanns og bað hann um að taka hann Skjálfta fyrir sig,
en hann lá til fóta í rúmi húsfreyju. Sagðist hún vera hálf lasin og þætti
hundurinn svo þungur. Vinnumaðurinn tók hundinn til sín, en
þá varð uppi fótur og fit í hans rúmi, þar var annar hundur fyrir er taldi
sig eiga þar næturstað. Hófst nú urr og ýlfur, og þótt vinnumaður reyndi
að stilla til friðar tókst það ekki og varð engum manni svefnsamt fyrr
en Skjálfti komst í sitt ból. Trúlega hafa menn stundum orðið fegnir
að hafa hunda hjá sér til hlýinda í kulda gömlu óupphituðu bæjanna.
Það mun einnig hafa komið fyrir að góðum hundi voru gefnar eða eignaðar
skepnur eins og þarna kemur fram, t.d. hagalamb, þó að húsbóndinn sæi svo
að líkum um eignina að lokum.

p13
Gamlar vísur um hunda:
Sennilega upprunnar í Bárðardal eða Köldukinn. Heitir Kolur hundur
minn, hefur bol úr skinni. Einatt volar auminginn
inni í holu sinni.
Heitir Valur
hundur minn, hann er falur varla. (valla) Einatt smalar auminginn
upp um sali fjalla.
Heitir Valur
hundur minn. Hann er varla falur þótt boðin væri blauta Kinn
og Bárðar langi dalur.

p14
Viðauki við svör
við spurningaskrá nr.66. Hundurinn - andi og sál. Eftir að ég var búin
að ganga frá og senda svörin við spurningum um hunda átti ég tal við aldrað
fólk sem ég þekkti og fékk þá staðfestingu á ýmsu, svo sem að hundar sæust
oft eftir dauða sinn. Enn fremur skemmtilega skýringu á því að þegar hudnar
voru látnir sleikja matarílát voru þau "hreinsuð" á eftir með
því að blása í þau, helst í kross. Sú athöfn mun hafa verið bundin þeirri
trú að hundurinn væri "óhreint" dýr. Önnur kredda var að ekki
mátti blása á hunda og ketti, því að það væri vanhelgun á "heilögum
anda," sem maðurinn meðtók í upphafi er hann ar skapaður í guðs mynd
og settur yfir allt lifandi. Í Þjóðháttum J.J. frá Hrafnagili er
sagt frá þeirri trú að frelsarinn hafi skapað hundinn til hjálpar hjarðmönnum.
Hafi hann þá tekið grasvöndul og snúið milli handa sér, því liggja hundar
jafnan hringaðir er þeir sofa eða hvílast. Sagnirnar um blástursaðferðina
eru úr Húnavatns- Þingeyjar- og Múlasýslum. Væri ástæða til að kanna hvað
þessi hreinsunartrú hafi verið útbreidd og við hvað hún studdist.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1905
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8527

p1
Ég get lítið sagt
um hunda, til gamans set ég hér þrjá punkta. Hundar voru ekki á Breiðafjarðareyjum,
sem ég þekkti til. Þó mun það hafa borið við að vetri til.

1. Þegar ég
var að alast upp í Rauðseyjum, bjó Stefán skáld frá Hvítadal á hálfri jörðinni
Krossi í Skarðshreppi, hann átti stóran og fallegan hund sem hann kallaði
Sám. Sámur var svartur á baki og niðureftir skrokknum en dumbrauður að
neðan. Sámur mun hafa verið vitur og hann var alltaf gljáandi og mjög fríður.
Hann var í miklu dálæti hjá eigandanum. Fleira kann ég ekki af honum að
segja.

2. Það var um 1950 að ég fékk gulgráan hvolp frá Kirkjulæk
í Fljótshlíð. Ég kallaði hann Díngá, hann var snöggur á hár, alltaf gljáandi,
hann var ekki mikill fjárhundur eins og sagt er, en skynsamur. Það
mun hafa verið síðla vetrar 1961 að ég tók eftir því, að hann fór að verða
mæðinn. Það ágerðist smátt og smátt og hann fór að gapa óeðlilega mikið
þegar hann hreyfði

p2
sig. Það var svo
vorið í maí að ég er að fara út til gegninga að hann gapir mikið og ég
sé að það eru svartir taumar á kinnum hans eins og að það hafi runnið tár
úr augum hans, ég klappaði honum á kinnina og strauk honum mjúklega á vangann.
Hann sleikti á mér höndina í þakklætisskyni. Ég fór svo út og gaf kúnum.
Kom inn eftir rúman klukkutíma, þá lá hann þar sem hann var vanur að liggja
í hlíunni og var þá allur. Þannig skildi hann við þetta líf.

3. Hér á Miðhúsum

er nú hundur grár að lit kallaður Kolur, hann er blendingur, hann geltir aldrei að gestum, segist að ekki hafi þekkst kurteysari hundur.
Ég tala allaf við hann eins og ég sé að tala við mann, hann skilur allt sem ég segi við hann. Það væri margt hægt að segja af þessum hundi og það væri vert að minnast hans þegar hann er allur, hann er nú 12 ára að manns aldri.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1910
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8392

p1
Tegundin: Hundur,
hundkvikindi, hundgreyið, hundskömmin, hundspottið, greyskömm, garmur.
Orðið klódýr heyrði ég ekki og ekki heldur hrædýr eða hrækvikindi,
kvikindisgreyið. Ég heyrði tíkur kallaðar Tillu, Tilla var stundum sagt
þegar kallað var á tík. Hundakyn: Einkenni íslenskra hunda var talið
að þeir hefðu uppbrett eyru og hringað skott, hvorki láfættir eða háfættir,
bara mátulegir og ljómandi fallegir. Þeir voru margir mórauðir eða svartir,
sumir með hvítan kraga og fremst á skottinu og á löppunum, frekar snögghærðir.
Ég hef ekki heyrt talað um að fyndist hafi hauskúpa eða hundsbein við uppgröft.
Heimilishundur: Sumir hundar fóru á flakk tíma og tíma, ég held
að það hafi ekki verið algengt að hundar væru geltir, það var haldið að
þeir yrðu þá of feitir og latir. Maður sá stundum horaða hunda og sutlarlega,
heimilum var kennt um það, en sums staðar var það kannski af fátækt.
Ég veit ekki fyrir vissu hvenær hundar voru hafðir að gæludýrum. Ætli það
hafi ekki verið eftir 1940. Þá fór svo margt að breytast og fólk úr sveitinni
að flytjast í þéttbýlið, ég held að hundunum hafi illa brugðið við að fara
úr frelsinu og í þéttbýlið þar sem þeir voru ófrjálsir, hafðir inni eða
bundnir við dyr og einstöku sinnum teymdir eftir götum, ég vorkenni þeim
hundum mikið. Ekki hef ég heyrt málsháttinn, "svo er hundur
sem hann er hafður." Stundum var sagt, hann hefur ekki hundsvit á
þessu. Mér finnst hundar vitrir þegar maður kynnist þeim, og svo er um
fleiri dýr.

p2
Verð á hundum og
hvolpum: Ég vissi ekki til að hundar eða hvolpar væru seldir, en sumir
föluðust eftir hvolpum undan góðu fjárhundakyni, en þeir fengu þá gefins.
Ég man ekki eftir hundafári. Það þótti best að fá hvolp sem yngstan eða
þegar hann var hættur á spena. Ég held að það hafi ekki verið bundið við
neinn árstíma. Hundur verður til: Ég kannast við orðið lóðatík og

að tíkin væri í hundalátum. Það var rætt um hunda í tíkarsnatti og að þeir væru á lóðaríi og tíkin kölluð lóðatík. Stundum var reynt að fæla flökkuhundana í burtu með því að binda eitthvað í skottið á þeim, helst eitthvað sem skrölti í. Að tíkin væri hvolpafull var algengt orð. Fæðing: Að gjóta var algengt orð, þegar tíkin ætlaði að fara að eignast hvolpa. Það var ekkert farið eftir því í hvaða röð hvolpar fæddust, þó búið væri að ákveða að ala upp hvolp. Ekki veit ég til þess að fæðst hafi sjáandi hvolpur og ég held að það hafi ekkert mark verið tekið á því hvernig þeir lágu á spena mæðra sinna. Ný gotnum hvolpum var drekkt, annað hvort í fötu og látið torf ofan á eða stundum var hvolpum drekkt þannig að þeir voru settir í strigapoka eða tusku og bundið fyrir og stíðan bundinn steinn við og þeim fleygt í á eða djúpan læk. Ég heyrði ekki talað um útburð hvolpa eða örnefni þess. Ég þekkti tík sem var á næsta bæ við mig, hún fékk að hafa hjá sér einn hvolp en hinum var lógað, en sonur minn fékk hann svo gefins 3-4 vikna. Eftir stuttan tíma kom hún og vildi ólm komast inn, eins og hún vissi hvar hann væri.

p3

Auðkenni: Það var trú manna að ef hvolpur var með spora eða aukaspora sem kallað var, þá yrði hann góður fjárhundur. En ég aðgætti það aldrei hvernig það væri og spurði ekkert út í það svo ég get ekki lýst því hvort þeir væru með fjórar tær. En það var víst einhver aukakló, en það var talið merki um að þeir yrðu góðir fjárhundar og eins ef þeir voru með mjó trýni annað einkenni heyrði ég ekki talað um. Hvítur rófubroddur á hundi var kallað að hann væri með ljós í skottinu, þess vegna held ég að þeir hafi fengið nafnið Týri eða Týra, sem var nokkuð algengt nafn. Það þótti kostur ef hundurinn var geltinn. Litir hundar og nöfn: Strútóttir hundar voru stundum nefndir Strútur, hvort sem þeir voru mórauðir eða svartir, með hvítan kraga um hálsinn og oft þá líka með hvítan blett á bringu og neðst á löppunum og fremst á rófunni. Ég man eftir einum hundi líkur þessu á litinn, hann var kallaður Díli. Kolur var dökkgulur með dekkra trýni og kringum augu og á löppum og eyrum. Svo eru nokkur hundanöfn sem ég man eftir, Skuggi (svartur), Tryggur, Valur (grár), Kolur, Snati, Vaskur, Píla, Snotra, Lubbi, Skotta, Glói, Skoppa, Táta, Dimma, Vala, Tumi. Hárafar: Ég veit ekki dæmi til þess að hundshár væri notað til nokkus og ekkert nefnt þegar hundar voru að fara úr hárum, bara sagt sem svona: "hann er að fara úr hárum hundskömmin." Rödd hunda: Þegar hundar ýlfra þá eru þeir hálf hræddir

p4

eða þeim leiðist og ýla þá finna þeir eitthvað til. Urra, þá eru þeir reiðir eða mislíkar eitthvað eins og þegar dóttir mín á öðru ári og heimilishundurinn lá undir eldhúsborðinu og var að naga legg. Þá lagðist hún á fjórar fætur og skreið undir borðið og tók í legginn sem hundurinn var með, en þá fór hann að

urra og vildi ekki sleppa leggnum, en þá urraði hún líka á móti og leikar fóru þannig að stelpan litla fékk legginn. Bofs reka hundar stundum upp, þá liggja þeir kannski fram á lappir sínar og sjá þá kannski eitthvað eða heyra sem vekur athygli þeirra, en ekki svo mikið að þeim finnist taka því að standa upp eða gelta að því, til dæmis ef þeir eru inni og einhver gengur fram hjá dyrunum. Þá geta þeir rekið upp bofs. Gjamma, þegar þeir taka upp á því að gelta án þess að maður sjái neina ástæðu til þess eða hann ætlar að reka kind úr túni en hún hreyfir sig ekki úr sporunum og heldur áfram að bíta grasið eða hest sem hann ætlar að reka úr túni en hesturinn tekur ekkert mark á honum og hreyfir sig ekki, eða þá köttur uppi í tré sem hann nær ekki til. En þegar hundur gólar þá leiðist honum, er kannski lokaður inni eða eitthvað. Þegar þeir spangóla eins og stundum kemur fyrir, ég man eftir að haf heyrt hund spangóla, þá var sumar og hann var þá úti, það var um kvöld, við krakkarnir vorum háttaðir og eins var um morgunn þegar hundur var úti að hann tók upp á því að spangóla. Og ef fleiri eru saman komnir og einn byrjar, þá taka hinir undir og spangóla góða stund og hætta svo hér um bil allir í einu. Ekki hef ég komist að neinni niðurstöðu um ástæðuna

p5
kannski tilheyrir
þetta sálarfræði. Kannski þurfa þeir að fá útrás fyrir einhverju. Sumir segja að þeir séu að gelta að tunglinu, en það er ekki tungl á lofti þegar þeir taka upp á því að spangóla. Svo kallað gestagelt er auðþekkt. Ég hef ekki heyrt orðið gjárifur, né sjóða grottann. Hundar hafa ólíka rödd, það hafa líka önnur dýr, t.d. kindur og kýr og fleiri.
Það kom stundum fyrir á vetrarkvöldum þegar heimilisfólkið var uppi á lofti í baðstofu og hundurinn niðri á gólfi eins og venja var að hann tók upp á því að gelta og hlaupa fram ganginn og aftur inn á gólf hálf ýlfrandi. Þá þorðum við systkinin ekki fyrir nokkurn mun að fara niður, en það brást varla að einhver kom áður en vakan var úti. Ratvísi og þefskyn: Það eru margar sögur til um ratvísi hunda og þefskyn, en ég man ekki eftir neinni sérstakri. Ég hef ekki orðið vör við að hundar hafi fundið feigð af manni og ekki heldur hvort um þjóðtrú varðandi tíkarmjólk.
Lækningar: Heyrt hef ég málsháttinn, "kattartungan særir og hundstungan græðir," og heyrt hef ég talað um að hundsfita, soðin með vallhumal sé græðandi og lítur út sem krem, grænt á lit. Það var talið gott að bera á sár. Bæli hunds: Hundakofa þekkti ég ekki. Hundar voru hafðir inn á gólfi á nóttinni eða í frambænum, hljóðaeldhúsi eða gamla eldhúsinu. En eftir að húsakynnin breyttust, þá eru þeir hafðir úti, eða í gangi á nóttu. "Ekki er hundi út sigandi," þá held ég að átt sé við ófært veður, þreyfandi bil eða slagviðri. Hundsdallur: Stundum úr tré, eða pjátursdós, skálarbrot, svo eitthvað sé nefnd. Ég heyrði ekki talað um hundstein. Hundsmatur: Hundar voru oftast nálægt á máltíðum. Þá fengu þeir bein og ugga og roð sem búið var að snúa saman, ein og snúið roð í hundskjaft, segir máltækið og stundum var þeim gefinn

grautarspónn, en ekki mátti gefa þeim 3 spænir. Það varð að vera 2 eða
4 spænir, því talan 3 var heilög tala (þrenningin). Á haustin í sláturtíð
voru lungu hirt og ýmislegt annað og soðið og súrsað og haft fyrir hundamat.
Ég þekki ekki orðtækið að horfa til augna og ekki heldur hundslap.
Smalahundur, fjárhundur: Í fyrsta lagi mátti ekki láta of mikið
með hann eða gæla við hann á meðan hvolpurinn var lítill eða á
meðan hann
var að vaxa upp og helst að venja hann með góðum fjárhundi við smalamennsku
og fjárrekstur. Fólksfækkun í sveitum og svo breyttir búskaparhættir hafa
haft áhrif á hlutverk og mikilvægi hundsins. Ég held að íslenska
hundakynið hafi þótt best. Hundi sigað: Ef þurfti að senda hund
til að sækja kindur t.d. upp í fjallshlíð eða upp á fjallsbrún, jafnvel
upp fyrir brún, þá stóð maður kannski heima við bæ, þá kallar hann á hundinn
og hóar og bendir honum hvert hann á að fara. Seppi sæktu þær og svo heldur
hann áfram að hóa og kindurnar líta upp. Hundurinn hleypur af stað og ef
hann ætlar að hlaupa í kindurnar og reka þær heim, áður en hann er kominn
upp fyrir þær allar þá kallar maðurinn: "hærra, hærra," og bendir
og þá hleypur hundurinn ofar og upp fyrir þær

p7
efstu sem hann sér,
en ef hann ætlað að hlaupa inn í hópinn, þá kallar smalinn, "héppi,
skammastu þín, héppi skammastu þín, svei þér." Svo er hóað og kallað
hærra ef með þarf, þangað til hundurinn kemur með féð og þegar vel gekk,
þá fékk hundurinn klapp og kannski hrós eða klór á bringuna, en hafi illa
tekist til fékk hann skammir: "Svei þér, skammastu þín, snautaðu heim"
og kannski danglað í hann eða gert sig líklegan til að slá hann þangað
til hann hundskaðist heim með lafandi skottið. Ég held að
það hafi ekki verið mikið gert af því að kenna hundum hundakúnstir, nema
þá að rétta fram hægri framlöppina. Þegar sagt var við hann: "komdu
sæll" og "leggstu." Sumum hundum þótti gaman að sækja hluti
sem kastað var hvort sem það var út í sjó eða annað og honum sagt að sækja,
þá hljóp hann af stað og kom með hlutinn og vildi láta endurtaka það. Þeim
fannst líka gaman að elta fugla og ketti. Ég hef ekki heyrt notað:
"Éttu folald." Ég veit ekki hvort hægt hefur verið að
venja hunda af að elta bíla. Kannski með að skamma þá, en þeir hafa kannski
minnkað það þegar þeir fóru að venjast þeim. Ég minnist ekki
að hafa orðið vör við hundafár. Hundahreinsun: Ekkert mátti gefa
hundi daginn áður en átti að hreinsa hann og eftir hreinsun voru þeir lokaðir
inni og ekki hleypt út fyrr en morguninn eftir. Þá voru þeir líka fljótir
heim

p8
til sín, blautir
og sterk sótthreinsunarlykt af þeim og glorsoltnir. Ég held að þeim hafi
strax verið gefið eitthvað að hakka í sig, a.m.k. heima hjá mér.

Þegar slátrað var heima, þá passaði faðir minn alltaf að hundurinn næði ekki í sull ef hann fann, heldur sendi hann okkur krakkana með hann inn í bæ og bað okkur að fara varlega með hann og stinga honum í eldinn. Hundar voru ekki látnir sleykja matarílátin sem ég veit um og ekki látnir koma upp í baðstofu og við máttum ekki vera að kjassa þá, við máttum ekki segja blessaður hundurinn, það var talið óviðeigandi. Stundum var sagt: "komdu sneipan þín, hakkaðu þetta í þig eða gleyptu þetta," ef maður rétti hundi bita, einhvern tíma las ég eftir Halldó Laxnes um gamla konu sem var á heimilinu, hún skipti sér ekki mikið af hundinum, en kallaði stundum á hann ef hún átti leið út og hélt kannski á kjötbeini eða snúnu roði undir svuntu sinni og rétti honum eða fleygði til hans með þessum orðum: "hérna skömmin þín." Svo var það ekki meira, en einhvern tíma seinna bar við að maður nokkur var að handleika byssu úti og kannski skotið úr henni, hundurinn var nálægt (hundar eru alltaf hræddir við byssur), tók hann þá sprettinn inn í bæ og upp á loft og skreið undir rúmið sem gamla konan átti og sat á. Líklega hefur honum fundist mest öryggi þar. Dauði: Hundar voru skotnir eða þeim var lógað. Ég þekki engin örnefni sem minna á hengingu eða drekkingu. Orðið útspýtt hundskinn, heyrt hef ég að hundskinn hafi verið notuð

p9
í loðhúfur í eina
tíð og þá hefur það verið strengt á þil. Hundar í draumi: Heyrt hef ég að dreyma hund væri fyrir góðu. Hundar sem fylgja: Ég hef heyrt skyggna menn segja frá því að þeir hafi séð hund sem var dauður með húsbónda sínum eða með einhverjum úr fjölskyldunni. Ég þekki konu sem sagði mér frá því að vinkona sín hefði heimsótt sig og hún boðið henni inn í stofu, þá hafi hún tekið eftir því að hún hagaði sér einkennilega. Þegar hún fór inn í stofuna var eins og hún væri að forðast eitthað og hún hefði spurt hana hverju þessu sætti go sagði hún þá að hún hefði ekki viljað stíga ofan á hundinn og sagðist hún hafa spurt hana hvernig hann liti út og lýsti hún honum og kom þá lýsingin heim við hund sem hún átti en var dauður fyrir nokkru og hafði hann verið vanur að liggja á mottu fyrir framan dyrnar. Kveðskapur og sagnir:

Heitir Kolur hundur
minn,

hann er falur varla.

Einatt smalar auminginn,

upp um sali fjalla.

Litli kjói liggðu
kyrr,
læstar eru bæjardyr.

Þó þú sér með hvassar
klær,
þér hefnast ekki
að opna þær.

Vertu góður greyið
mitt,
glefsaðu ekki í sjalið
mitt.
Þú mátt ekki meiða
mig,
mér var sagt að passa
þig.

p10
Einn á hún seppa
sér,
sem henni fylginn
er,
svartur er sá,

um fjöllin rennir
hann róunni,
dingla kann,

á stóð.. ætíð kann
ærnit að fá.

Krummi situr á kvíuvegg,

kroppar hann á sér
tærnar,
aldrei skal hann
matinn fá,
fyrr en hann finnur
ærnar.

Gelta hundar gestum
að
gáður Knútur út með
hlað.

Það mun vera þeir
frá Stað,
þeir skulu hafa hjá
mér spað.

Heyrðu hérna Snati
minn,
snjalli vinur kæri.

Heldurðu ekki hringinn
þinn,
ég hermannlega bæri.

Lof mér nú að leika
að,
látúns hálsgjörð
þinni,
ég skal seinna jafna
það,
með jólaköku minni.

Jæja, þá í þetta
sinn,
þér er heimil ólin,

en hvenær kemur kæri
minn,
kakan þín og jólin?

Seppi litli situr
á stól
og segist vera hundur.

Hann á bæði buxur
og kjól
og börnunum þykir
það undur.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1899
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8378

p1
Aðeins lítillega
mun ég geta svarað spurningum um hundinn og óska að viljinn verði tekinn fyrir verkið. Ég heyrði talað um hunda sem grey, garma, rakka, seppa og héppa. Maður heyrði talað um séreinkenni íslenska hundsins sem var og er sperrt eyru, hringað skott og fremur stutthærður. Ég þekkti ekki annað en heimilishunda (fjárhunda). Þótti slæmt ef þeir töpuðust frá sínu heimili, s.s. í tíkarstússi eða öðru. Voru þess vegna stundum geltir. Flækingshundar þóttu aumkunarverðir þegar þeir áttu hvergi höfði sínu að halla. Var leitast við að finna eigendur þeirra ef unt var. Allt of sjaldan að menn notuðu merkta hálsól á þá, því miður. Það var undantekning að verð væri á hundum. Og af því það var svo sjaldgæft, festist í minni aðeins verð á þremur hundum. Fyrst vissi ég verð á fullorðnum fjárhundi, vænum, tvær krónur, líklega kring um árið 1910. Fjárræktarfræðingur kom heim til Íslands eftir nám í Skotlandi líklega á öðrum áratug þessarar aldar. Hafði hann með sér skoskan hvolp er hann var sagður hafa keypt á eitt sterling. Var héppi sagður af mjög góðu fjárhundakyni. Vandi eigandi hann sjálfur. Var þetta "lista"-fjárhundur, sem mikið orð fór af og þess vegna keypti ég hund út af

p2
honum fyrir 15 krónur,
líklega á árunum milli 1920-30. Reyndist hann mér besti fjárhundur er ég notaði við umsýslu sauðfjár og tók öðrum hundum fram. Hundtíkur heyrði maður kallaðar hvolpafullar um meðgöngutímann. Við tún á einum bæ var dý nefnt hundadý af því hundahræum var sökkt í það (eftir lögum). Eitthvað var um það að hundar væru nefndir eftir lit, s.s. Lappi, svartur með hvíta löpp eða lappir, Hringur með "hring" um hálsinn í öðrum lit en annars staðar o.s.frv. Nafnið Vaskur líklega dregið af dugnaði hundsins. Hundar rötuðu oft heim ef svo stóð á, allt að 15 km, vissi ég til. Þefskyn þeirra er afar misjafnt. Þeir

röktu slóð manna næsta klukkutímann eftir að hún var mynduð. En svo eru sérstakir hundar með miklu meira þefskyn. Í ungdæmi mínu fennti víða sauðfé snemma vetrar í stórhríðarbyl er kom meðan fé lá úti. Þá spurðist um sveitir að hundur er fyndi fé í fönn væri til í Mývatnssveit. Faðir minn pantaði hann til leitar, en eigandinn gat ekki komið með hann fyrr en þremur vikum eftir bylinn. Það var svo mikið að gera við leitir í næstu sveitum. Hundurinn fann lifandi sauð eftir allan þennan tíma. Lifði sauðurinn næstu misserin og hefur sjálfsagt farið í sauðaútflutning til Bretlands á þeim tíma.
Til var að vígtennur væru brotnar úr hundum er bitu sauðfé við smölun eða rekstur.

p3
Hundaþúfur voru helst
stakar þúfur nefndar er hundar snuðruðu í kring um og sprændu á.
Algengt var að hundar fylgdu mönnum milli bæja, en sjaldnast er langt var farið eða til kirkju. Hundabæli á bæjum var helst úr heyi eða moði í framhýsum eða lítið notuðum hlóðaeldhúsum. Hundarnir yfirleitt hýstir á nóttum árið um kring. Hundadallur heyrðist nefndur til að gefa hundum í hann ýmis konar úrgang við matreiðslu og eftir borðhald manna. Svo var bætt við þetta eftir þörfum hundsins, s.s. súrmeti, mjólk, graut og ýmsu fleiru, bæði til þess ætlað eða féllst til. Til fjárhunda vöndu sumir hvolpana með því að láta þá elta tusku er dregin var eftir jörðinni. Svo var einhverju smávegis hennt eins langt og hægt var og héppa sagt og bent að sækja það. Bar hann það í kjaftinum til baka. Þurfti það því að vera til þess lagað og létt. En mest voru hundarnir vandir við sauðfjárhirðinguna sjálfa samkvæmt kynnum mínum af þessu. Þá gat umsýsla við sauðféð verið meiri og minni allt árið, eða þannig að á vorin umhirða um lambféð. Smalanir til að marka lömbin og svo til að rýja gemlinga og síðar ærnar. Svo var fært frá og hjáseta og smalanir hvern dag til hausts. Þá göngur og réttir og smalanir á heimalöndum vegna sláturfjárins, sem svo var rekið á blóðvöll (sláturhús). Svo yfir veturinn var sauðfénu beitt hvern einasta dag sem hægt var vegna veðurs (og snjóa) til að spara heyin sem aflað hafði verið með orfi, ljá og hrífu. Við alla þess "fjármennsku"

p4
var fjárhundurinn
sjálfsagður förunautur og nauðsynlegur. En nú er öldin önnur, ærnar rúnar í húsunum á vetrum. Lömbin mörkuð þar líka á vorin, lambféð víða flutt á bílum á fjall því alveg er hætt að færa frá. Sláturféð flutt á bílum til sláturhúss. Á vetrum er svo sauðfénu gefið inni og hætt að beita því. Er því "verkefni" hundsins að mestu horfið og heyrir nú sögunni til. Hundar munu þó enn hafðir í göngur á haustin þar sem þeir eru þá til. Hundafár (hundapest) var mikill vágestur sauðfjárbænda fyrrum og lækning þekktist ekki. Ég man að minn síðasta og besta fjárhund lokaði ég inni í tævr vikur a.m.k. og færði honum mat og vatn. Var þá pestin liðin hjá og seppi slapp við hana. Hreinsun hunda

vegna bandorma fór fram haust og vor og var til þess ráðinn maður er hreppsnefnd samdi við. Tilkynnti hann svo hvenær seppar skyldu látnir í hundakofa sveitarinnar. Þar fengu þeir ekkert nema hundaskammtinn frá lækni. Svo voru þeir baðaðir til sótthreinsunar og sleppt út eftir um sólarhrings dvöl í kofanum. Rötuðu þeir yfirleitt heim. Þó kunna þeir yngstu stundum að hafa verið sóttir.

Sullum úr sláturfé vissi ég bara brennda. Í næstu sveit við mína sagði maður frá því að skyggn maður hefði sagt sér að hundur fylgdi honum og eftir lýsingu þess skyggna var hún af hundi er frásögumaður hafði haft mikið fyrir að fá hann læknaðan af einhverju fári eða öðru en án árangurs.

p5

Í síðasta lið spurningaskrárinnar eru orðtæki kennd við hunda. Sum kannast maður vel við en önnur ekki.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1899
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8738

p1
Nokkur orð um hunda:
Þegar ég var 13 eða 14 ára sat ég hjá kvíám upp undir fjalli, sem er kallaður Göltur. Þá á hverju sumri voru alltaf nokkrar ær í kvíum, sem ekki hafa verið þar áður, en gengu frjálsar á fjallinu, leituðu þær því að draga sig út úr kvíánum, en byrjuðu að fara beint upp Göltinn gat það tekið mig 2 tíma eða meira að koma þeim aftur saman við ærnar. Með mér var ung tík sem ég kallaði Pílu. Datt mér þá í hug að prófa hvort ég gæti komið Pílu upp fyrir ærnar, lagði ég þá af stað með Pílu og segi henni í sífellu:
Píla sæktu kindurnar upp í Göltinn og benti henni um leið upp í Göltinn.
Þegar ég er kominn upp á neðsta hjallann fór ég að benda Pílu á ærnar og hélt áfram að segja henni að sækja ærnar. Þegar ég hélt ég væri komin nógu hátt, lagði hún loks af stað upp fyrir ærnar og kom með þær til mín. Það dugaði svo, ærnar fóru saman við kvíærnar. Daginn eftir fór á sömu leið. Þá þurfti ég ekki eins langt. Píla fór bara og kom með þær. Eftir 3 daga hættu ærnar að leita á fjallið, en í hvert sinn sem þetta var búið settist ég niður að fmá mér bita og gaf Pílu góðan bita og gældi við hana. Hætti ég þá að fylgja henni og fór hún alla leið ein.

p2
Næst fór ég að reyna
að fá Pílu til að smala saman ánum á kvöldin, þegar átti að fara heim. Fyrst fór ég með henni og sagði ærnar í kvíar, eftir 2 daga gerði hún það ein. Þegar hætt var að sitja hjá ánum datt mér í hug að láta Pílu smala og koma með ærnar í kvíarnar á kvöldin á sama tíma hafði ég þá hest og reið út á klett sem sást til kindanna. Það tókst fljótt til að fá hana á stað án þess að fylgja henni. Þetta gekk furðu vel hjá henni, en á sama svæði var geldfé frá öðrum bæ, en þegar hún var búin að reka allt féð saman fór hún inn í hópinn og skildi ókunnugu kinurnar úr. Svo kom það einu sinni fyrir þegar Píla var búin að fara kringum ærnar, þá snéri hún við og fór snuðrandi í aðra átt og hélt ég að hún væri að svíkja mig og væri að elta

fugla, sem hún gerði stundum, en það endaði með því að hún hvarf. Eftir góða stund kemur hún aftur og hún úr allt annarri átt. Ég beið þangað til ég sá hvað hún var að gera. Hún kom með 6 kvíær, en svo fór hún fyrir ærnar og inn í hópinn og eftir dálitla stund kemur hún með 3 ókunnugar ær, svo kemur hún til mín kát og ress eftir þesa raun. Hún fékk gott klapp á hausinn. Það kom aldrei fyrir að hún kæmi með ókunnugar kindur saman við kvíærnar.

p3
Um haustið smöluðum
við heimalandið, þá fór ég og einn bróðir minn með mér og smalaði Göltinn og Píla með mér. Þá segi ég henni að smala heim, þá hljóð hún af stað og ég herti á henni við og við rákum safnið í veg fyrir hinn bróðurinn og var fátt fé á leið minni, og þetta rann niður á hjalla í skógarlundi og svo var skógarkjarr fyrir neðan hjallann. Þar sá ég 2 kindur, en niður við sjó var hópur af fé sem vildi fara í skógarlandið. Gekk ég þá út fyrir merki milli Staðarfells og Skógaland og kallað er Steinbogaskarð. Þar var greið gata niður fyrir skóginn, þá benti ég Pílu á kindurnar sem voru á sjávarbakkanum og sagði henni að smala þeim. Fór hún strax af stað niður að sjá þar stoppaði hún og lofaði fénu að renna út að Staðarfelli. Labbaði hún svo í hægðum sínum smá stoppi en labbaði samt með fénu úteftir, en stoppar í Skógarlandi, Þá snýr hún við niður að sjó og kemur með kindahóp upp á bakkann, en sleppir því út að Staðarfelli, svo fer hún aftur niður í fjöru og sleppir nokkrum kindum í Staðarfellsátt, en það sem eftir er kemur hún með til mín, en á miðjum mýrunum eru 2 kindur. Ég ætlaði að sækja þær en Píla var fljótari og setti þær saman við kindahópinn, sem rann heim að Skógum.

p4
En bróðir minn sem
smalaði með mér hann átti að passa að féð færi ekki upp eftir aftur, en systkinin mín sem eftir voru heima áttu að passa að féð færi ekki niður að Hellu, en þegar þau komu að Hellu þar kom Píla með nokkrar kindur sem ætluðu að vera eftir, og kom svo öllu fénu í rétt í Skógum. Aldrei gelti Píla, smalaði þegjandi og kom með enga ókunnuga kind saman við heimaféð.

p5
Eitt sinn að haustinu
var ég við smalamennsku í Skógum og var ég með ársgamlan hund með mér. Eins og fyrr var ég að smala á Geltinum, en þegar ég kom ofan fyrir Göltinn var hundurinn farinn frá mér, taldi ég víst að hann hefði farið til bróður míns sem var líka að smala, en þegar ég kom að Móshólahæð kom hundurinn á móti mér með lafandi tungu og stoppar hjá mér og virðist vera mjög sætur og fór í kringum mig. Fór svo aftur í sömu átt og hann kom, en snýr sér alltaf við til að gá hvort ég komi ekki á eftir. Fór ég þá að hraða mér

á eftir honum. Þá fer hann að flýta sér meira. Þegar ég kom suður fyrir hæðirnar sé ég hvað hundurinn hleypur á eftir tófu og kippir í skottið á henni við og við. Varð þetta til þess að ég gat rotað tófuna. Svo líða 8 mánuðir og ég var ekkert heima, engin heima vissi hnvær ég kom heim, svo kom ég öllum á óvörum. Það var fyrsta sem ég sá fyrir ofan Hellu var hundurinn sem sat þar. Kallað ég á hann. Hann kom ekki alveg strax, en réði þá af að koma í áttina til mín og settist og talaði hlýlega við hann. Hann virtist vera feiminn, en kom svo ofsakátur og var mér samferða heim. Þá segir mamma mér að hundurinn hafi ekki komið heim daginn áður en hún lét matinn í ílátið hans út fyrir dyrnar, en í morgun kom engin auga á hann. Sást bara ekki. En daginn áður lagði ég af stað heim sunnan úr Borgarfirði, gisti á einum bæ á leiðinni. Þetta fann hundurinn á sér.

p6
Sumir hundar virtust
gruna um gestakomu, lágu þá með hausinn milli lappanna ef einhver kom úr óvanalegri átt, var þá hausinn yfir þeirri löpp sem möur kom frá. Stöku sinnum lagðist hundur upp á hól nálægt bænum og spangólaði við og við. Brást þá varla að kæmi einhver ókunnugur. Ekki þurftu gestirnir að hafa hund með sér. Stundum klypu menn framan af vígtönnunum ef hundar voru grimmir. Ef voru fleiri hundar á bæ, áttu hver hundur sitt ílát til að éta úr. Oftast voru hundar inni á nóttunni. Sullir voru brenndir.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1923
Sveitarfélag: 310 Borgarnesi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8480

p1
Ég átti annríkt þegar
ég fékk þetta verkefni í vor, ég lagði það þá til hliðar og það lenti í
gleymsku og trassaskap. Ég bið afsökunar á því. Tegundin: Hundur,
hvutti, seppi, grey, garmur, rakki, heppi, hjutti, skinn, skömm, hró og
hræ. Hvuttagrey, hjuttagrey, hundspott, garnskinn, greyskinn, hundskömm,
hróið eða hundhróið og garmurinn. Orðið "klódýr" hef ég
heyrt um hunda og þá í gæluróm, "klódýrið mitt". Einn gamlan
mann heyrði ég segja "hrædýr", við hundinn sinn. Hundar
af óblönduðu íslensku kyni voru með uppsperrt eyru og hringað skott, þétthærðir,
ekki mjög loðnir, en missnöggir, ekki stórir, miðað við það sem hundar
eru nú (flestir hundar í grennd við mig eru blendingjar nú). Það er reyndar
langt síðan að fór að bera á blöndum. Heimilishundurinn hér nú, er undan
kollítík og íslenskum hundi. Hann er góðlyndur, skynsamur, en mistókst
að gera hann að góðum fjárhundi. Íslenski hundurinn þótti yfirleitt tryggur
og góðlyndur. Margir greindir, en misjafnt eins og aðrar dýrategundir.

p2
Heimilishundur og
smalahundur, sá sem fylgdi vel smalanum eða þeim sem mest gekk við féð.
Flökkuhundur varð sjaldan langlífur, nema að hann hefði unnið sér eitthvað
til ágætis. Ef hundurinn var feitur, var það talið bera gott vitni um góða
og veitula húsmóður. Heyrt hef ég dæmi um að reynt hafi verið að gelda
hunda til að þeir héldu sig fremur heima. Eitt dæmi meira en hálfrar
aldar gamalt vissi ég um á næsta bæ við mig þá. Roskinn maður var hjá dóttur
sinni og tengdasyni. Hann átti hund, sem hann gelti, til þess að hann þyrfti
minna fóður. Annar hundur var til á heimilinu. Ekki var algengt að
stofuhundum úr kaupstöðum sé komið upp í sveit, þegar ekki ræðst lengur
við þá, en þó er það til og veit ég til að það hafi heppnast og líka að
ekkert hafi tjónkast við þá. Ekki er mikið um stofuhunda í sveitinni.

Verkefni fyrir smalahunda hafa minnkað mikið síðustu árin, vegna þess að fé er svo lítið haldið til beitar á vetrum og fé er víða ígirðingum í heimahögum.
Þar sem ég þekki til voru hvolpar gefnir, a.m.k. í flestum tilvikum.
Þó veit ég um að á þriðja tug aldarinnar fékk Helgi Jónsson, sem lengi var fjármaður

p3
í Deildartungu, hvolp
sem varð afbragðs fjárhundur. Hann borgaði 10 kr. fyrir hann, en hafði sagt um leið að hann yrði aldrei fullborgaður. Helgi var karlmenni, en fatlaður, annar fóturinn mun styttri. Ég veit ekki til að hundapest hafi gengið hér um slóðir, svo slæm að veruleg vandræði hafi orðið að. Eftir að ég man til, hefur einu sinni gengið hundapest, ég man ekki ártalið með fullri vissu, en minnir að það hafi verið 1943. Þá varð enginn fellir í stofninum, en nokkrir veiktust og þó að þeir dræpust ekki strax, þá urðu þeir skammlífari fyrir það. Ég veit ekki til að nein regla hafi verið um hvað hvolpar voru gamlir þegar þeir voru látnir í burtu. En þeir urðu að vera farnir að lepja og bjarga sér að éta. Það var talað um tíkur í lóðarí, og hunda í tíkarstússi, oftast, en líka í tíkarstandi og tíkarsnatti. Ýmislegt var reynt til að koma af sér hundahópum, sem sóttu að tíkum. Skvetta á þá vatni. Skjóta upp í loftið, margir hundar hræddust byssur. Hengja eitthvað í þá, en þó var áhrifamest að hrópa á eftir þeim, "Þú hefur étið folald". Á árunum um 1940 var tík á mínu heimili. Yngri bræður mínir voru þá innan við fermingu, þeir Árni, nú

p4
bóndi í fljótstungu
og Jón Þorgeir nú bóndi í Giljahlíð. Þeir fundu upp á að kalla á eftir hundunum: "Ég skal sækja Þorleif". Nágranni okkar þá, var Þorleifur Þorsteinsson bóndi á Uppsölum í Hálsasveit, hann var snjöll refaskytta um áratuga skeið. Ég nefni þetta sem dæmi um hvernig máltæki geta orðið til. Hvolpafull, er ríkjandi orð um það ástand. Að gjóta er ríkjandi, hef þó heyrt, að leggja, en minnir þó að það sé bara af munni fólks lengra að. Hvolpum var drekkt, þar sem ég þekkti til. Hvolpapollur er til í Hvítársíðukrók. Ég man viðlag við gamanvísur úr Hvítársíðu frá 1940, "Manstu það haustkvöld við Hvolpapollsströnd, þar sem hjörtu vor gengu úr skorðum". Hvolpapytt veit ég um á öðrum stað. Hundar með spora áttu að verða góðir fjárhundar. Ég heyrði um alspora og hálfspora. Hvítur blettur á rófu á hundum og köttum heitir þjófaljós. Hvolpur með flekkótta gómfyllu átti að verða geltinn.
Strútóttur, móstrútóttur, svartstrútóttur, svartur, gulur, grár, mórauður, mógulur, flekkóttur, móflekkóttur, svartflekkóttur, kápóttur.

p5
Vaskur, Hvatur, Tryggur,
Smali, Spori, Sámur, Skuggi, Krummi, Snati, Kolur, Kjói, Valur, Lubbi,

Týrus, Týri, Týra, Díla, Snotra, Skoppa, Neró, Flekkur, Táta, Píla. Öll framangreind nöfn eru algeng og sjálfsagt fleiri, en svo eru trúlega mýmörg nöfn, sem þeim einum voru ætluð af einhverjum ástæðum. Fyrir um 40 árum var hundur í Nýja-Bæ í Bæjarsveit sem hét "Tító marskálkur". "Spasskí" hét góður fjárhundur hér í Flókadal, var hvolpur þegar skákeinvígi Fishers og Spasskís var háð í Reykjavík. "Voffsi" hét hundur á mínu heimili og "Seppó" er til hér nú. Ástríður Þorsteinsdóttir á Signýjarstöðum (móðir Þorsteins Jósepssonar) var glettin, hún skírði hund "Sama og þú", til að gamna sér við upplitið á fólki, þegar það færi að velta nafni fyrir sér. Hundar voru loðnir, lubbalegir, snöggir, snoðnir. Venjulega er sagt: "Það er allt vaðandi í hundshárum", eða það er flekkur af hundahári, þegar þeir voru að fara úr hárum. Rödd hunda: Hundar ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla, einnig hef ég heyrt "að geyja". Hundurinn gó að tunglinu, en ekki er það

p6
algengt mál. Ef hundur
urraði langdregið heyrði ég það kallað að "sjóða graut".
Guðrún á Uppsölum, sem ég hef áður vitnað til, sagði mér að þegar foreldrar hennar bjuggu í Örnólfsdal í Þverárhlíð á fyrsta tug aldarinnar, hefði hundurinn dag nokkurn, í langan tíma horft í norður og gólað svo ómátlega að það fór í gegnum merg og bein, þeirra sem heyrðu. Um kvöldið komu tveir vermenn að norðan og gistu um nóttina. Þeir drukkunuðu báðir á vertíðinni.
Sjógól, hef ég ekki heyrt um hér, enda langt frá sjó.
Orðið gjárifur, þekki ég ekki, en mjög hávær hundur í nágrenni við mig fyrir löngu síðan, hét Gellir. Það var og er kallað gestagelt, þegar hundur boðar gestakomu og getur verið til þæginda, t.d. þegar sæðarabíllinn rennur hljóðlítið niður afleggjarann að fjósinu. Þá gerir hundurinn viðvart og sæðarinn þarf ekkert að bíða að komið sé móts við hann. Ratvísi og þegskyn hunda efar enginn, en þó eru þeir misjafnir með það eins og aðra eiginleika. Sonur minn Jóhannes Berg kom á bæ í nágrannasveit í sumar. Gömul kona þar sagði að hundurinn hefði gefið til kynna að utansveitarmaður kæmi, heiðarlegur og ekki kjöftugur. Þar sem ég hafði aldrei

p7
heyrt um þess háttar
spádóma, hringdi ég til að fá skíringu. Hundurinn lá með framfætur þétt saman, beint fram og hausinn til hliðar. Að hausinn var til hliðar, gaf til kynna að utansveitarmaður kæmi og fæturnir þétt saman þýddi að hann væri vandaður. Og svo var hundurinn þögull. Ég veit dæmi um að hundar forðast þann sem er feigur. Ég þekki málsháttinn: "Kattartungan særir, hundstungan græðir". Nokkur hætta þótti á að illt kæmi í hundsbit. Gott þótti að leggja við það (húsaskúm?), annars á seinni tímum búið um það eins og önnur sár. Ég veit til að klipptar hafi verið vígtennur úr grimmum hundum. Ég kannast við orðin að sýna tennur, glefsa, bíta, bælbítur.

Stundum var skvett vatni á hunda í áflogaþvögu, en algengara þó að tekið væri í hnakkadrambið á þeim og helst þeim versta og hent úr þvögunni.

Orðið hrælykt þekki ég, en líka "magnaða hundalykt", um sama fyrirbæri. Ekki þekki ég annað nafn á hundaþúfu. "Nú þykir mér hunadúfan vera farin að hreykjta sér", þekki ég vel um þann sem heldur sig meiri en hann er talinn vera.

p8

Ég hef heyrt orðtakið, "að vera eins og hundur í hverri hottferð". Var notað um þann sem alltaf vildi fara með, ef eitthvað var farið. Oft fóru hundar með til kirkju, þó ekki væri til þess ætlast. Guðrún á Uppsölum hefur sagt að hún sá meðhjálparann í Reykholtskirkju taka í hnakkadrambið á hundi og draga hann út. (fyrir 1930). Hún sagðist líka hafa séð organistann í sömu kirkju lokka út hund með því að klappa í sífellu á lærið á sér og láta hann elta. Ekki hef ég spurnir af messuspjöllum, en það þótti óviðeigandi að hafa hunda með til kirkju og ég man eftir Kolbeini Guðmundssyni kirkjubónda í Stóra-Ási, reiðum, vegna þess að hundar voru að flækjast með fólki til kirkju. Á hverjum bæ var og er, viss staður handa hundinum, eitthvað var breitt undir, gömul motta, aflóga teppi eða ónýt flík. Ekki veit ég um sérstakt hundahús hér um slóðir, nema það mun hafa verið í Laugaholti hjá Birni J. Blöndal. Þar sem ég þekki til, voru hundar látnir liggja inni að sumrinu, en þó ekki fárast yfir þó hundur gegndi ekki kalli að koma inn, þegar veður var gott. Þegar sagt var "ekki hundi út sigandi", tel ég að hafi verið átt við að veðrið væri svo vont, að ekki væri verandi úti.

p9

Hunadallur var og er til á hverjum bæ, þar sem hundur er. Skörðótt skál, eða annað aflóga ílát frá heimilinu, eða dós sem barst upp í hendur. Hundum var ekki beinlínis ætlaður sérstakur matur. En öll kjötbein voru þeim ætluð, vambirnar af sláturkeppunum, kjötsoð, sem ekki var of salt, afgangar af velling og fleiru, roð og ýmsir afgangar. Ég þekki orðtækið að "mæna eins og hundur á bita". "Á stöðli ætíð hann ærnyt skal fá", stendur í kvæðinu, Smalastúlkan, eftir Jón Thoroddssen, svo að sjálfsagt hefur það verið til, en mig grunar að það hafi ekki verið algild regla. Heyrt hef ég þó um hola steina við kvíar, sem hundinum var gefin mjólk í. Irr, irrd, irrdan, urrdan, var sagt þegar var sigað. Þegar kallað var á hund, var nafnið nefnt og gjarnan greyið í viðbót, og komdu greyið. Til að skamma, svei þér, skammastu þín, eða bara "skammastín".

Þar sem einhver nennti að kenna hundum fleira en þeim var beinlínis ætlað, þá lærðu þeir að heilsa með hægra fæti o.fl. Illmögulegt hefur reynst að venja hunda af að elta bíla og margir hafa lent undir þeim, en sumir letjast með aldrinum. Mig minnir að ég hafi svarað í öðru verkefni um sullaveiki. Þess var vandlega gætt á blóðvelli, að taka sulli

og brenna þá.

p10
Að dreyma hund átti
að vera fyrir gestakomu. Hundar og hestar eru einu dýrategundirnar
sem ég hef spurnir af að hafi skyggnigáfu, en eins og með mannfólkið, eru
það bara nokkrir af tegundinni. Ég er fullviss um að hundar
hafi sál. Þeir hugsa og skilja hluti. Ég hef talað við a.m.k. 5 hunda,
sem ég hef verið samtíða og þeir skilið mig. Og á hinn bóginn látið mig
skilja hvað þeir vildu. Hundar hafa sést, eftir dauðann, með húsbændum
sínum. Nærtækast dæmi, hjá mér, er um föður minn og tíkin hans. Týra var
honum sérlega fylgispök og það svo, að oft nýttist hún ekki bræðrum mínum,
ef hann var nærstaddur. Hann kom stundum að næsta bæ, Geirshlíð, tíkin
fylgdi honum þangað eins og annað sem hann fór. Hún sat þá við eldhúsgluggann
og leit inn öðru hvoru, til að fylgjast með honum. Ekki löngu eftir
að Týra dó, var hann staddur í eldhúsinu í Geirshlíð. Honum varð þá litið
út í gluggann og sá hana, hún var að gá að honum, eins og hún hafði gert
meðan hún lifði. Faðir minn var ekki mikið skyggn en nokkrum sinnum sá
hann það sem ekki allir sjá. Sjálf er ég ekki skyggn, en fann þó einu sinni
til nálægðar Týru. Samtíða Týru hér, var kötturinn Dembill, þau voru sérlega
samrýmd og það svo að a.m.k. í eitt skipti

p11
sem hún gaut, sótti
hún Vembil til að sýna honum hvolpana. Vembill lifði lengur. Þegar honum
var lógað, var ég stödd úti við þvottasnúru, ég fékk þá sterka tilfinningu
fyrir að hún stæði við hlið mína. Hef síðan verið viss um að hún hafi verið
að taka á móti gamla vini sínum og staldrað við hjá mér í leiðinni.
Áður en byssur komu, voru þrjár aðferðir notaðar til að aflífa hunda. Að
rota, hengja og drekkja. Eitthvað gat þetta gengið misjafnlega. Til þess
bendir vísa eftir afa minn, Árna Jónsson landpóst og bónda á Flóðatanga:
Alla vega ómannlega gengur, varla snotrum hjörvahlyn,
hund að rota tvískorinn. Tilefni vísunnar er gleymt, enda mun vera meira
en öld síðan hún var gerð. Ég hef heyrt um hundskinnshúfur. "Eins
og útspýtt hundskinn", var notað um þann sem var mikið á ferðinni.
"Hann er eins og útspýtt hundskinn um allt". Amma
mín og alnafna ávítaði yngri systkini mín þegar hún heyrði þau segja augu
og munnur á hundi. Sagði að það ætti aldrei að gera. Á kvikindum héti það
kjaftur og glyrnur, lappir og trýni. Vísur og þulur um hunda eru
mér ekki tiltækar, nema þær sem ég tel að séu alþekktar svo sem: Heyrðu
snöggvast Snati minn.

p12
Heitir Valur hundur
minn, kannski líka þessi: Heitir Kolur hundur minn, hefur
bol úr skinni. Einatt volar auminginn, inni í holu sinni.

Ég þekki all málshættina, sem nefndir eru, en tvo þeirra í breyttri mynd. "Eins og halaklipptur hundur", (ekki sneyptur). Mér er tamt að segja "alla mína hundstíð og kattaræví". Mér kemur kunnuglega fyrir "hrakævi og hundstíð", en minnir að ég hafi lesið það fremur en heyrt. Um þann sem er viðskotaillur eða afundinn er sagt að hann "sé eins og snúið roð í hund".

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1908
Sveitarfélag: 840 Laugarvatni

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8376

p1
Inngangur: Hundstryggð
var oft talað um, ekki síst í afleiddri merkingu, þ.e. tryggð manns við eitthvað, oft við eitthvað annað en aðra menn, einkum tryggð án verðleika, t.d.: "Það er af hundstryggð við kotið að ég er þar alltaf."
Ef jörðin er svo rýr að þar er varla búandi en þó búið þar áfram af tryggð.
Bændur og búalið heldur en tryggð við hundinn og flestir vilja hafa hund á heimilinu jafnvel þó að sums staðar sé lítið við hund að gera. Þykir mörgum tómlegt ef enginn er heimilishundurinn. Tegundin: Ekki voru mörg samheiti um hunda í daglegu máli. Lang algengasta orðið var hundur. Hvutti var einatt notað um hvolpa sem höfðu ekki fengið nafn, einnig ef kalla skyldi á aðkomuhund sem menn vissu ekki nafn á. Orðin grey og garmur voru tæplega höfð um hunda, en einatt um menn, góðlátleg lítilsvirðing. Aftur á móti voru orðin rakki og seppi all oft höfð um hunda, stöku sinnum hrækvikindi og hrætetur. Hundakyn: Ég býst við að flestir hundar á Íslandi séu meira og minna blandaðir en þó voru þekkt ýmis konar afbrigði, miðað við stærð, útlit og háttu. Ekki kann ég góð skil á óblönduðu

p2
hundakyni íslensku
en veit þó að slíkir hundar voru með uppsperrt eyru og hringaða rófu, svo sem sjá má á forsíðu þessa verkefnis. Ég man eftir gríðarstórum hundi, sem eitt sinn var á heimili foreldra minna. Hann var upphaflega skipshundur og varð aldrei verulega góður smalahundur. Líklega hefur hann verið af veiðihundakyni því að hann hafði mikið gaman af að sækja hvað sem var t.d. synti langa leið að sækja það sem kastað var út í vatn eða á. Hann var dökk grár að ofan ljósari að neðan, á sundi ótrúlega líkur sel.
Ég átti einu sinni hund. Hann var svartbotnóttur, hreinræktaður af skosku fjárhundakyni. Fékk ég hann hjá bónda í Mosfellssveit sem átti slíka hunda og hreinræktaði þá. Hann var efni í afbragðs fjárhund en ég kunni ekki að venja hann og því varð ekki eins mikið úr honum og efni stóðu til.

Hann var feikna mikið hlaupadýr. Einu sinni er ég var með hann í fjallaferð sendi ég hann eftir fé á sléttum sandi. Þar markaði vel spor og sá ég greinilega för hans, fór af baki og mældi þau. Stökklengdin var ellefu fet. Þó hygg ég að enn meira hafi hlaupið annar hundur sem var á heimilinu, gulflekkóttur, feikna stór, sagður af Bernharðshunda kyni. Hann var aftaka fljótur að hlaupa. Segja vil ég frá einum enn. Ég kom eitt sinn á bæ einn á Vestfjörðum. Þar á bæ var hundur ef hund skyldi kalla. Hann var furðulegur í háttum. Hann tók einatt án nokkurs sýnilegs tilefnis skorpur að hlaupa út um öll tún og upp og ofan allar brekkur, sem voru þar þó háar. Tali heimilisfólkið að hann væri ekki með öllu hundur, heldur væri faðirinn refur, enda benti útlit hans til þess. Hefur því verið þar nokkurs konar skoffín.

p3

Heimilishundur: Hundur
var kenndur við heimili sitt og nefndur heimilishundur eða heimahundur. Aðkomuhundur var sá er kom á bæ í fylgd með manni, en flökkuhundur ef hann kom einn í flakki. Áður fyrr var hann einnig nefndur búahundur en það orð er nú lítt eða ekki notað. Stundum voru, sjaldan þó, hundar geltir til að venja þá af flakki, en það dugði ekki alltaf. Verð á hundum og hvolpum: Fullorðnir hundar voru yfirleitt ekki látnir til annarra, það hefði ekki þýtt, þeir hefðu ekki tollað stundinni lengur. Fyrrum voru hvolpar seldir verði, einkum meðan hundafár herjaði. Ekki veit ég til að fast verð hafi verið á þeim. Þó hef ég heyrt talað um haustlamb fyrir hvolp. Hvolpurinn sem ég sagði áður frá og eignaðist eitt sinn, kostaði 15 krónur. Var það skömmu fyrir heimsstyrjöldina. Hygg ég að það hafi verið í dýrara lagi, af því að hann var óvenju vel kynjaður. Síðar voru hvolpar oftast gefnir.
Hundur verður til: Lóðatík var orðið sem haft var um tík með hundalátum. Hún var þá í lóðaríi eða lóða (ekki að lóða). Lóðahundar voru sneyptir burt og stundum bundið eitthvað í skottið á þeim.

p4

Fæðing: Að gjóta,
var venjulega orðið um það að tík eignaðist hvolpa. Síður var sagt að leggja. Ekki man ég til að veitt væri athygli í hvaða röð hvolparnir fæddust. Menn þekktu sögn um sjáandi fædda hvolpa en talað var um það eins og hverja aðra óraunverulega þjóðsögu. Hvolpum hefur víst stundum verið drekkt. Ekki veit ég með vissu um örnefni sem við það væri kennt. Hvolpagil er þó til í nánd við nágrannabæ minn, lítill lækur, en ekki veit ég hvert er tilefni nafnsins. Stundum voru þeir skotnir. Auðkenni: Af auðkennum hvolpa heyrði ég einkum talað um hringspora, einhver einkenni á gangþófum en ekki kann ég að lýsa því. Þótti það merki um góðan hund. Mig minnir að helsta vísbending til góðs fjárhunds væri flekkótt kok. Man ég að verið var að skoða upp í hvolpa til að sjá hvort kokið væri flekkótt en ekki veit ég nánar um það. Litir hunda og nöfn: Ekki var mikið um nöfn hunda, sem miðuð voru við lit, en þó nokkur þó. Þessi má nefna: Móri, Flekkur,

Strútur, Putti (svartur með hvítar tær), Kópi (ekki ólíkur sel á litinn, dökkur að ofan en ljós að neðan). Nöfn af öðrum einkennum: Vaskur, Smali, Tryggur, Frískur, Trítill. Nöfn á tíkum voru miklu fábreyttari. Á mínu bernskuheimili var sama nafnið ætíð notað á tíkur: Tjátla, einnig Táta, ef tvær voru.

p5
Af öðrum hundsnöfnum
sem dregin voru af einhverjum einkennum má nefna Lappi, Lubbi, Gulur, Spori. Ég er ekki viss um nafnið Sámur, en ég hygg að það hafi verið tengt hundi sem át mikið eða var gráðugur. Hárafar: Loðinn hundur var lubbi eða lubbalegur. Þess má geta að loðnir hundar voru stundum klipptir, a.m.k. að nokkru. Ég hef séð loðinn hund sem var snöggklipptur fram að bógum en óklipptur og loðinn fyrir framan og skúf á rófubroddi. Þá hygg ég að lóbaggahundur sé sama og loðbaggahundur, þ.e. loðhundur. Ekki veit ég til að það sé notað í talmáli og ekki hef ég fundið það í orðabókum en það kemur fyrir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar II. bindi, bls. 361 (1.útg.).
Rödd hunda: Hljóð í hundum er að sjálfsögðu með ýmsum hætti. Að ýlfra og ýla þýðir svipað: sársaukakennt vein og má hér bæta við orðinu ýlgra. Urr er dimmt, oft langdregið hljóð, venjulega merki reiði eða óvildar. Bofs er haft um eitt og eitt gelt, þ.e. eitt hljóð og síðan hlé. Gelt er almenna hljóð hundsins, þegar mörg bofs koma hvert af öðru. Gjamm, þá eru bofsin

p6
lág og geltið rólegt.
Gól og spangól er ámátlegt og langdregið og þykir helst merki þess að hundinum líði illa eða leiðist. Sérstakt gelt var mannagelt eða að hundur gelti mannalega, er hann sá gest koma. Það var fremur rólegt, miklu hægara en þegar hundi var sigað. Þetta var þó misjafnt hjá hundum. Sumir hundar höfðu þann sið að gelta ákaft að gesti þó að hann væri kominn í hlað og væri á tali við heimamenn. Ég man eftir því eitt sinn að ég kom á bæ, kvaddi dyra, út kom bóndi og hundur með. Ég þurfti að spyrja um nokkra staðháttu í grennd við bæinn. Bóndi var fámáll mjög og fékk ég varla þau svör er ég leitaði eftir. Hundurinn var þeim mun ræðnari. Hann gelti svo mikið og ákaft að ég heyrði tæpast það sem bóndi sagði. Ratvísi, þefskyn: Hundar voru vissulega ratvísir og þefnæmir en ekki man ég eftir neinu slíku dæmi um heimahunda. Spádýr: Það þótti vita á gestakomu ef hundur lá fram á lappir sínar og snéri trýni í átt til dyra. Sumir töludu að gesturinn yrði innansveitar maður ef haus hundsins lá ofan á báðum löppum en utansveitar ef haus lá af löppum öðru hvoru megin.

p7
Tíkarmjólk: Fátt
þekki ég um tíkarmjólk. Þó held ég að hún hafi átt að stöðva eða hindra hárvöxt og því þótt ráðlegt að bera hana á sig þar sem hár skyldi ekki

vaxa. Mig minnir að ég hafi heyrt svo tekið til orða í gamni ef einhver uppkominn karlmaður hafði lítinn skeggvöxt: "Skyldi hann hafa borið á sig tíkarmjólk?" Lækningar: Ég kannast við málsháttinn: Kattartungan særir, hundstungan græðir, enda er kattartungan snörp, hundstungan mjúk. Þótti jafnvel ráðlegt til græðslu sára, að hundur sleikti. Ég hef heyrt talað um að hundsnetja (og tófumör) hafi verið höfð til græðslu og veit til að tófumör hefur verið lagður við liðamót sem voru að kreppast og gaf góða raun, en hundur og tófa eru skyld dýr eins og kunnugt er. Ég veit einnig til að hundafeiti var notuð til áburðar og græðslu. Hundsbit: Ekki var mikið um að hundar bitu menn og aðeins einu sinni hefur hundur bitið mig til blóðs. Búið var um hundsbit svipað og önnur sár. Sumir töldu ráð að slíta nokkur hár úr bithundinum og leggja þau við bitsárið. Talað var um að hundar bitu eða glefsuðu og var bit haft um meiri áverka. Fyrir kom að vígtennur voru brotnar úr grimmum hundum, en sjaldan var það.

p8

Hundar lögðust einatt

í flakk, þó að ekki væri lóðarí. Lögðust þeir þá stundum á sauðfé, eltu það og tættu, stórmeiddu eða jafnvel drápu. Slíkir hundar þóttu réttdræpir ef því um líkt sannaðist á þá en erfitt gat verið að hafa hendur í hári þeirra og koma lögum yfir þá. Áflog hunda: Væri vatn við höndina, þótti gott að skilja hunda með því að hella yfir þá en ekki var það ætíð tiltækt. Var þá helst reynt að ná í hnakkadramb eða rófu og henda þeim í ýmsar áttir. Hrælykt: Hrælykt var einatt af hundum einkum væru þeir blautir. Stundum var lykt af hundum kölluð hundalykt. Hundaþúfa: Ekki þekki ég neitt orð sem kæmi í stað hundaþúfu. Þær þóttu heldur ómerkilegar svo sem orðtök sýna, t.d. að hundaþúfan sé að hreykja sér, sbr. vísu Steingríms: Hundaþúfan hreykti kamb. Einnig var sagt ef bera skyldi saman við hágöfugasta og aumasta: Það er nú sitt hvort hundaþúfa (sumir sögðu Hellukot) eða himnaríki (aðrir bættu við: Sankti Páll eða hún Sigga skrína).

p9

Hundur í mannaferð:

Algengt var að menn hefðu hun með sér ef farið var á aðra bæi. Þeir hafa ef til vill ekki beinlínis kallað á hann, en hundurinn hefur verið fylgispakur húsbónda sínum og elt hann. Þótti ýmsum það skemmtilegt og "smalalegt" eins og það var orðað, að hundur fylgdi. Hundar eltu bændur á hreppsfundi. Sagði faðir minn mér að eitt sinn hefðu bændur átt á hreppsfundi að telja fram hve marga hunda þeir ættu vegna hundaskatts sem greiða skyldi af hverjum hundi. Einn tiltekinn bóndi sagðist eiga einn hund. Var það látið gott heita og lágu þó tveir þar inni fyrir fótum hans. Kirkjuferðir voru einu ferðir milli bæja þar sem reynt var að vera hundlaus. Var því reynt að loka hundana inni. En það tókst ekki alltaf. Stundum fundust þeir ekki, stundum hlupu þeir eftir kirkjufólkinu þegar þeim var sleppt út. Svo mikið er víst að oft var slangur af hundum við kirkju. Ekki veit ég gjörla hvað kallast sakl messuspjöll, en óviðkunnanlegt þótti þegar hundar hlupu upp

með gelti er hringt var. Óvenjulegt þótti er hundur sat eitt sinn við hlið meðhjálparans er hann las bænina. Eitt sinn vissi ég að hundur komst inn í kirkju meðan á messu stóð. Meðhjálparinn var skyldurækinn maður og vildi rakkann út. En seppi vildi ekki láta handsama sig og hljóp undan. Barst leikurinn víða um kirkjuna. Loks skreið seppi inn undir bekkina þar sem fólkið sat. Meðhjálpari skreið á eftir og náði loks í rófu hundsins og dró hann til sín miskunnarlaust. Rak þá hundurinn upp skræk mikinn, en meðhjálparinn skeytti ekki um það og bar hann

p10
undir hendinni út
úr kirkju. Mætti vera að athyglin hafi stundarkorn beinst frá presti að hundi. Ég heyrði einnig frá því sagt að eitt sinn hefði tík fylgt meðhjálparanum, húsbónda sínum til kirkju og inn í kirkju er hann fór fyrir messu að breiða á altarið og taka til messuklæði en búnaður var geymdur inni í altari og varð hann því að opna það. Tókst þá svo til að tíkin smaug inn óséð og lokaðist þar inni. Nú byrjar messa og prestur hefur tón. En það er háttur margra hunda að taka undir söng og svo var þarna að frá altari barst hljóð til viðbótar við tón prests. En það varð ekki lengi, aukatónarinn var tekinn, svo að frá altarinu barst brátt einsöngur í stað tvísöngs áður.
Ónæði af hundum við kirkjur er ekki nýtt vandamál. Þann 21. júlí 1565 gefur Páll Stígsson hirðstjóri út tilskipun um kirkjusiði og þar með að hvorki ungbörn né hunda megi taka með sér til kirkju. Þar segir svo í lok tilskipunarinnar: Svo líka bið ég yður að þér látið yðar ungdóm heima að vera frá kirkjunni, hver eð með grát og hrópi í kirkjunni kunna að hindra guðs þjónustu, til þess að guð gefur þeim nokkuð gott forstand. Sömuleiðis látið yðar hunda heima ver frá kirkjunni, þá sem sundur rífast, slítast og bítast og þar með vissulega guðs þjónustugjörð forhindra. En þar sem þeir til kirkjunnar koma skal kirkjubóndinn vera skyldur að láta þá alla í burtu reka eða drepa. Dipl.Isl. XIV, 403-408. Ekki er vitað hvern árangur þetta bréf hefur borið en sumir tóku því ekki með tilhlýðilegri virðingu og nefndu það til spotts: Hundsbréf.

p11
Bæli hunds: Sérstakt
hundsbæli var á mínu heimili. Það var inni í hlóðaeldhúsi "gamla eldhúsinu," eins og það var kallað, þar sem taðstálið var. Þar var venjulega poki eða einhverjar flíkur, sem hundarnir lágu á, en venjulega voru á heimilinu tveir hundar. Ekki þekkti ég sérstakan hundakofa. Hundar lágu venjulega inni á nóttunni, vetur og sumar. Hundsdallur: Hundum var venjulega gefið í stórri gamalli skál. Var hún auðvitað ekki notuð til annars. Hundstrog: Aldrei var sérstakt hundatrog á mínu heimili en ég man að ég sá á næsta bæ lítið trog sem var smíðað handa hvolpi sem þar var. Var grafið á botninn fangamark hvolpsins, þ.e. upphafsstafur nafns hans og upphafsstafur hundsins sem var talinn líklegastur faðir hans. Hundssteinn: Ekki þekkti ég sérstakan hundsstein.

p12
Hundsmatur: Hundar
fengu bein, ugga og roð og svo af sams konar mat og menn. Venja var, ef hundi var gefið roð, að snúa á það, bera þar á viðbit og rétta síðan hundinum. Þaðan er komið orðtækið "snúið eins og roð í hund," ef mjög er snúið á eitthvað. Hundslap: Hundslap var grautur, mjólk og annað slíkt, en ekki var það neinn ákveðinn skammtur, heldur fór það eftir því hver hundurinn var, en hundar voru mjög misjafnlega þurftarfrekir. Smalahundur, fjárhundur: Ég kann ekki að lýsa því hvernig hundar voru vandir, enda höfðu víst ekki allir sama háttinn á. Það er ekki endilega fólksfækkun í sveitum sem veldur því að minni not eru nú fyrir hunda en áður var, heldur hitt að svo miklu minni þörf er fyrir hunda en áður. Nú er ekki fært frá, lítt eða ekki er rekið frá og smalamennskur miklu minni, einnig minni rekstrar, flutningur á bílum kominn í staðinn. Hundi var venjulega sigað með irr, en sagt svei þér, þegar hann skyldi hætta. Kallað var á hund þannig að nafn hans var kallað, þannig að sérhljóði áhersluatkvæðis var dreginn mjög lengi, t.d. a-hljóðið í Snati, en i-hljóðið í enda nafnsins, mjög stutt og áherslulítið. Lang flest hundanöfn voru tveggja atkvæða. Þannig var kallað á hunda allt öðruvísi en menn. Í kalli mannanafna, þar sem oft er lítill munur á áherslu fyrra og

p13
síðara atkvæðis.
Það gat farið eftir atvikum hvenig hundur var skammaður. Væri það smalahundurinn var talað alvarlega við hann og ef til vill slegið í hann en væri verið að sneypa burt flökkuhund var einkum þrennt kallað til hans: Farðu heim til þín. Sæktu seðlana þína. Þú hefur étið folald. Erfitt var að venja hunda af að elta bíla. Helst var að skamma þá og berja er þeir komu úr eltingunni en það dugði oft lítt og stundum alls ekki og sumir hundar lögðu það aldrei niður. Hundafár: Ég kann ekki margt að segja frá hundafári, ég er ekki viss um að ég muni eftir því. Ég hygg að það hafi stundum verið all skætt, svo að horft hafi til vandræða. A.m.k. voru einu sinni sendir fjórir menn úr Eyjafirði um vetur suður í Biskupstungur að kaupa hunda vegna hundafárs. Komust þeir í mannraunir og mátti ekki tæpara standa að þeir slyppu heilir úr þeim háska. Hefði varla verið gripið til slíkra ráða nema í hinni mestu nauðsyn. Frásagan er til á prenti að mig minnir í Nýjum kvöldvökum. Ekki hef ég heyrt getið um að nein ráð hafi verið við hundafári.

p14
Hundahreinsun: Ég
heyrði talað um að fólk hefði fyrrum látið hunda sleikja matarílát, en slíkt var löngu fyrir mína tíð. Sullir sem komu í ljós við slátrun sauðfjár voru brenndir. Hundar í draumi: Það þótti yfirleitt boða gestakomu ef menn dreymdi einhver dýr, hunda sem önnur. Hundur sem fylgja:

Ég þekki ekki til þess að hundar hafi verið mannafylgjur. Andi og sál: Ég hef heyrt að hunar eigi að hafa skyggnigáfu fram yfir það sem flestir menn hafa. Áreiðanlega trúðu sumir því að hundar hefðu sál. Til eru sagnir um að hundur hafi fylgt húsbónda sínum dauður. Sjá Þjóðs. Jóns. Þork. 255-256. Dauði: Ég þekki ekki aðrar aðferðir við að lóga hundi en skjóta hann. Að vera eins og útspýtt hundsskinn var að vera á þönum út um allt.

p15
Maður og hundur:
Á hundi var kjaftur, trýni, lappir, en augu. Ekki veit ég til að neitt hafi þótt athugavert við að "gera hund að manni," með því að gefa honum þrjá bita. Orð og málshættir: Fjölmörg orð eru í málinu sem samtengjast hundum, einnig málshættir og orðtök. Er það flest eða allt hundum til niðrunar. Má um þetta vitna til bókar Guðmundar Finnbogasonar: Íslendingar, bls. 260-261. Ég vil taka fram að ég kannast við öll þau orð og orðtæki sem þar eru, einnig það sem stendur í spruningaskránni og fer eki að hafa það yfir, en bæti aðeins nokkrum við. Það er eins og hundi sé boðin heil kaka, er sagt þegar einhver vísar frá sér með ólund því sem honum er boðið. Er það komið af því að sagt er að fáir hundar þiggi heila köku. Þeir rífast um það eins og hundar um bein, þ.e. rífast um einhvern feng, Venjulega eitthvað lítilfjörlegt. Að verða að hafa það eins og hvert annað hundsbit þ.e. bera óhapp eða tjón bótalaust. Halaklipptur hundur hef ég heyrt fyrir halasneyptur í spurningaskrá. Veit ég þó ekki til að nokkur hafi verið svo hrottalegur við hund að höggva af honum rófuna. Tíkarlegur þ.e. ómyndarlegur, vesalmannlegur, smánarlegur. Hundsskinnsútnáraþvengjalengja er það sem er langt og mjög mjótt. Hundur er sérstök gerð af skinnhúfum, með stórum eyrnaspeldum, sennilega minnt á hund með

p16
stór lafandi eyru.
Hakka í sig eins og hundur: éta mjög græðgislega. En hvað hundarnir ríða ekki í söðli, haft um þann sem lætur allt of mikið yfir sér, kemur að mig minnir, fyrir í ævintýri eftir Þorstein Erlingsson, sem heitir Bondóla kasa. Hundeltur þ.e. eltur mikið og lengi, jafnvel ofsóttur. Greylegur, þ.e. ómyndarlegur, sem er ekki manni sæmandi, kemur, minnir mig fyrir í Manni og konu. Hundaveður þ.e. hrakviðri. Hann hefur ekki hundsvit á því þ.e. alls ekkert vit. Þá skal ég hundur heita, er versta sjálfsformæling, ef menn standa sig ekki svo og svo vel. Allt fór í hund og kött, þ.e. allt fór til fjandans. Geltinn hundur glefsar síst. Ekki veit ég hvort þetta er staðreynd að geltinn hundur bíti síður en aðrir. Sjálfsagt mætti tína margt fleira en hér skal staðar numið.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1898
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8396

p1
Eins og fyrri daginn
þá verða ekki margar eða miklar upplýsingar frá mér að hafa um hundinn,
hundahald eða hundalíf. Þó kynntist ég nokkuð hundum og eðli þeirra þegar
ég sem unglingur var smali í sveit. Þá var hundurinn einn besti og eini
vinurinn. Hann tók af mér snúningana fyrir óþekku rollurnar sem ég var
að reka heim á kvíaból. Á sveitabýli með fjárbúskap tel ég hund
jafn nauðsynlegan og hrærivél í bakaríi. Það þarf því að vanda vel til
þeirra hluta. Ljómandi er þetta fallegur hundur. Er hann góður fjárhundur?
Já, ágætur, þetta er tík. Þannig samtöl heyrði ég oft milli manna, þ.e.
að orðið hundur var oftast notað sem samheiti fyrir bæði kynin. Orðin hvutti,
aðallega um unga hunda s.s. hvolpa, rakki og seppi mjög algengt, en grey
og garmur frekar sem gælunafn og afleiðing af þeim greyskinn og garmskinn
ekki síður notuð við menn, sem vinahót. Dæmi um það má nefna að merk kona
af austurlandi ávarpaði stundum son sinn sem orðinn var merkur embættismaður
í Reykjavík þannig: "Grey Gísli minn gerðu þetta eða hitt fyrir mig."
Orðið Garmur eða garmskinn hafði frekar niðrandi merkingu. Dæmi: Garmurinn
hún Gunna stóra, græðir nú á hreint öllu,
hlandið úr honum Hörslandsmóra, hefur
hún til útsölu. Heill hópur er til af niðrandi orðum,
um menn og málefni, sem hefjast á orðinu hundur s.s. hundleiðinlegur og
sennilega enn fleiri. En hundaskammtur sem svo var kallaður á bannárunum
var eftirsóttur af mörgum, en innihald hans var 200 gr spiritus consetratus.
Og það var önnur saga. Mér skildist á bændum að þeim þætti íslenska
hundakynið best en það er búkstuttur hundur með uppstandandi eyru og upphringað
skott, þannig væri það hreinræktað. Lafandi eyru og skott bentu á útlenda
blöndun.

p2
Heimilishundur: Já,
eflaust átti það sér stað að hundur væri kenndur við heimili sitt og bæri

þá heimili sínu eða húsbónda nokkuð vitni. Flökkuhunda þekkti ég
ekki aðra en hunda sem voru í lóðaríi, slíkir hundar gátu verið að heiman
í nokkra daga án þess að vera beint á flakki. Aldrei heyrt þess getið að
hundar væru geltir eða að hundum væri komið fyrir í sveit vegna óþægðar
í fjölbýli. En slíkt var stundum gert við óþekka krakka. Allt það
sem ég ræði hér um hunda er eingöngu um fjárhundinn, smalahundinn, en ekki
um kjölturakkann eða gæludýrið hvort heldur sem er í fjölbýli eða strjálbýli
enda yrði slíkt endaleysa. Hvað er langt síðan hundar urðu gæludýr?
Hver getur svarað slíku? Hvers konar hundur var Sámur á Hlíðarenda eða
hundur Gríms Tomsens á Bessastöðum? Voru þeir fjárhundar eða hvað? Ég held
þeir hafi ekki verið fjárhundar. Um kaup eða sölu á hvolpum
fannst mér alltaf væri um vina eða kunningja- viðskipti, án fjármuna, en
það sem hentaði báðum í hvert sinn. Ekki man ég hvað hvolparnir voru gamlir,
þegar þessi viðskipti voru gerð, held jafnvel að slíkt hafi oftar verið
samkomulag. Þegar tík sóttist eftir samlagi við hunda var sagt að
hún væri lóða. Líka var sagt um fjöllyndar konur að þær væru eins og lóðatíkur,
einnig stundum um karlmenn að þeir væru í tíkarsnatti. Þegar fólk
var orðið leitt á langvarandi lóðaríi við heimili sitt heyrði ég það stundum
segja: "Réttast væri að binda hrosslegg eða eitthvað annað við rófuna
á þessum hundum svo þeir hypji sig heim til sín." En aldrei sá ég
þetta gert. Tíkin var alltaf sögð hvolpafull um meðgöngutímann.
Tík var talin gjóta eins og kettir og refir - þó kannast ég við sögnina
að leggja í þessu tilfelli. Hún gaut í bæli sínu sem var á afviknum stað,
svo sem í bæjargöngum, heyhlöðu eða úti í

p3
einhverjum kofa.
Bælið var hentugur kassi eða heymeis með tuskum eða heyi til að liggja
á. Engar athuganir eða umræður voru um það í hvaða röð hvolparnir komu
eða lægju á spenunum sem miða skyldi svo við hverjir ættu helst að lifa.
Eftir um viku tíma voru svo einn og tveir hvolpar valdir úr hópnum til
lífs, hinum var pakkað inn, bundið fyrir og þeim drekkt. Alltaf fannst
einn eða fleiri af heimilisfólkinu taka að sér að sinna tíkinni með mat
og lap undir þessum kringumstæðum og að sem best færi um hana. Auðkenni,
lit, hárafar, rödd hunda o.fl. í þeim dúr hef ég engu við að bæta. Jafnvel
sumt af því sem upp er talið er framandi fyrir mig. Um ratvísi og
þefskyn hunda hafa allir sömu sögur að segja án þess að þekkja það sjálfir
og þannig er það líka með mig. Fram með götuslóðum voru vel kunnar
hvanngrænar og loðnar búfur sem kallaðar voru hundaþúfur og það gat vel
verið réttnefni. Orðtakið: Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að
hreykja sér, var átt við þegar hinir ólíklegustu menn til afreka fóru að
miklast af getu sinni og gerðum. Á öllum bæjum þar sem ég
þekkti til átti hundurinn sína dalla þ.e. matarílát, en hvergi var hundssteinn
sá er þið spyrjið um. Hundar fengu almennan mannamat sem var á boðstólnum
hverju sinni auk þess ugga og roð, ef svo má segja. Hundslap var ekki mælt
heldur áætlað alltaf eins. En það var líkt með menn og hunda að sumir áttu

sér aðdáendur og nutu þess stundum á ýmsan hátt. Ekki tel ég mig geta upplýst hvernig farið var að við að temja t.d. fjárhund. En hvort heldur var hundur eða tík þá var fyrsta málið eign nafn, síðan var talað við hundinn eins og hannn væri maður að öðru leiti en því að honum var alltaf skipað, ekki beðinn um neitt.

p4
Honum var sagt að
gera eða gera ekki þetta eða hitt og harðlega skammaður, ef hann hlýddi ekki og það með ófögrum orðum og sveiað niður fyrri allar hellur. Einnig ef hann gerði eitthvað öfugt við það sem honum var sagt, þá rigndu yfir hann skammirnar s.s. þú ert hrædýr, þú hefur étið folald. Þannig var nú það hunda uppeldi sem ég sá og heyrði. En það var líka gælt við hundinn. Klappað á lærið og kallað til hans í vinsamlegum tón og honum strokið og klappað. Það kunni hann vel að meta og þannig hafði maður best not af honum.

Hundahreinsun var árlegur viðburður vegna sullaveikisvarna. Sullir sem komu í ljós við sauðfjárslátrun voru grafnir í jörð. Orð og málshætti sem minnst er á í spurningaskránni þekki ég alla úr mæltu máli. Einnig niðrandi lýsingu á manni, er þetta vísu upphaf: Mannhundur lansins, ligamörður, dóni, o.s.frv. Framhaldið er ekki prenthæft.

Þetta hefur verið hundleiðinlegt verkefni, enda eru skilin frá mér eftir því. Það vakti undrun mína þegar ég var 6 ára barn, þá sá ég gamlan mann á Gamlahrauni v/Eyrarbakka éta spónamat úr aski. Og áður en hann hafði alveg lokið matnum setti hann askinn á gólfið þar sem hundurinn tók við honum og lapti það sem eftir var og sleikti askinn hreinan! Maðurinn blés í kross yfir og setti askinn upp á hillu við rúmið til næstu spónamáltíðar.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1904
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8388

p1
Tegundin: Nú er orðið
fátt um hunda víða í sveitum hér í sveitinni, má heita svo að sjáist ekki
hundur. Það var meira um hunda áður fyrr, þegar setið var hjá kvíaám. Þá
þótti gott að hafa góðan fjárhund. Þeir voru þessum litlu mönnum sem voru
hjásetumenn oft mikið til hjálpar oft á tíðum. Nú er allt orðið æði mikið
breytt. Nú er aldrei smalað hér á vorin til að taka af, því nú er tekið
af að vetrinum og fénu sleppt eftir sauðburð og svo ekkert skipt sér neitt
af því fyrr en á leitum (réttum). það er nú viðbúið að leitarmenn verði
dálítið hásir því þeir þurfa að hóa í féð meira heldur en ef hundur hefði
verið að láta til sín heyra, en það verður ekki við öllu séð. Hér
voru þessi nöfn á hundum venjulegust; héppi, hundur, seppi og ef andúð
var á einhverjum vegna lélegrar framkomu við aðra, þá var sagt að sá maður
væri sannarlegt hundspott. Ég man ekki eftir að ég heyrði "klódýr"
nefnt um hunda, ketti eða tófur. Orðin hrædýr eða hrækvikindi heyrði ég
aldrei notað um hund. Hundakyn: Íslenski hundurinn áður en hann
blandaðist útlendum hundum var frekar snögghærður í meðallagi stór og með
hringaða rófu og smá, uppistandandi eyru, en nú er hundurinn okkar orðinn
svo blandaður að þessi einkenni sem hér voru upp talin eru að mestu leiti
eða að miklu leiti horfin. Þó hauskúpur hunda hafi komið úr
jörðu við jarðrask og fleiri bein þeirra þá hefði enginn verið

p2
til að meta það neins,
þykist ég vita. Heimilishundur: Það var álitið af mörgum að
sá hundur sem tók upp á því að fara að flakka hafi verið oft ekki síður
vanlíðan bæði í mat og atlæti frekar en að það væri af tíkarsnuðri. Hundurinn
er skynsamur og kann að meta hvað að honum snýr. það voru margir sem kunnu
að meta hundinn sinn og frá þeim fór hundurinn ekki í flakk. Það var nú
frekar af kaldlyndi við bæði málleysingja og þá sem áttu fáa að sem varð
til þess að hundurinn undi ekki heima, því hundurinn á til svo mikla tryggð,

enda viðbrugðið hundstryggðinni. Þó ég þekki það ekki, þá átti það sér víst stað að hundar væru geltir þegar þeir komu úr flakkinu. Ég get aldrei skilið það að nokkur skuli hafa ánægju af því að hafa hund í kaupstað eða borg, þeir verða að vera í bandi því lausir mega þeir ekki vera, það er nú meira skilningsleysið við skepnuna. Ég segi fyrir mig að ég er meiri skepnuvinur en það að ég hefði gaman að hafa hund sem aldrei mætti vera frjáls. Hvenær það fór að verða algengt að hafa hunda í kaupstað sem gæludýr veit ég ekki og ég þekki ekki til þess að nokkur sveitamaður sé svo vitlaus að taka hund af kaupstaðarbúa sem búið er að gera alveg vitlausa í borginni eða bænum. Þeir myndu vera sífellt að hamast í skepnunum. Ég hugsa að margur kannist við málsháttinn "svo er hundur sem hann er hafður."

p3
Verð á hundum og
hvolpum: Þetta veit ég ekkert um og get því ekkert um það sagt með vissu.
Hundur verður til: Þarna er orð sem ég hef aldrei heyrt fyrr og var ekki brúkað hér, það er orðið lóðatík, hér var alltaf sagt að tíkin væri í hundalátum og hundarnir væru í tíkarsnuðri. Það þótti nú oft ókostur að eiga tík þegar margir hundar komu í heimsókn og stundum gerðu menn það af glettum að skjóta á þá púðri, við það urðu þeir skelfingu lostnir, við þær þrumur og eldingar og hlupu hver heim til sín og gáfu sér engan tíma til að rífast í það sinn og tíkin kom sér inn í sitt bæli mikið hrædd sem von var. Það gat komið fyrir að bundið væri í rófuna á hundi einhverju og það þótti þeim mjög afleitt og við það hlupu þeir heim til sín og var sagt að þeir væru svo ægilega skömmustulegir með þetta í rófunni.
Hér var alltaf sagt um tík að hún væri hvolpafull þegar svo stóð á fyrir henni, ég man ekki eftir að ég heyrði annað orð haft yfir það. Þó það hafi verið sums staðar að annað nafn væri haft yfir það.
Fæðing: Hér var alltaf venja að kalla það að gjóta þegar tík átti hvolpa. Þarna er spurt um svo margt sem ég veit alls ekkert um nema að hvolpar voru alltaf látnir í eitthvað, við getum sagt sokk, bol og þeim drekkt og það stundum í vatnsfötu eða einhverju öðru íláti, örnefni í sambandi við þetta kannast ég ekki við.

p4
Auðkenni: Um þetta
er mér ókunnugt sem þarna er spurt um og get engu svarað því miður.
Litir hunda og nöfn: Ég kannast við þessi orð, móstrútóttur, mórauður, flekkóttur, kápóttur, snoppóttur og hundar voru nefndir eftir lit sínum og skaplyndi svo sem Tryggur og margt fleira sem manni fannst eiga við.
Hárafar: Ég minnist þess að hundur var stundum kallaður Lubbi, ef hann var æði loðinn og lubbalegur og þá hefur það verið eitthvað orðið blandað kynið, því íslenski hundurinn var snögghærður. Ekki kannast ég við að hundshár væri notað til neins. Þegar hundar voru að fara úr hárum var oft kallað að þeir væru að fara úr snoðinu, eða hárum. Rödd

hunda: Þessu get ég engu svarað sem spurt er um þarna nema að það var kallað gestagelt eða að nú væri líklega einhver þó nokkuð lengi búinn að gelta í þá átt sem gesturinn kom úr og þá var líka stundum sagt að nú væri hundurinn að spá gestakomu og oftast fór það eftir. Ratvísi og þefskyn: Um ratvísi hunda var ekki að efast, þó það hafi náttúrulega verið misjafnt. Heyrt hefur maður sagnir af því, en ég er búin að gleyma því svo að ég get ekki sagt frá því nógu örugglega og rétt, enda yrði það of langt mál á þessi blöð.

p5

Spádýr: Þegar hundur spáði fyrir gestakomu þá sat hann út á bæjarhól og var að smá bofsa eins og einhver órólegheit væri í honum og horfði alltaf í sömu átt og nokkru seinna komu gestir úr þeirri átt. Tíkarmjólk: Um þetta get ég ekkert sagt. Lækningar: Um þetta get ég ekkert sagt. Hundsbit: Um þetta er mér allt ókunnugt, en það er eins og ég kannist við að vígtennur hafi verið brotnar úr grimmum hundi. Þeir gátu verið sönn heimilisplága þessi grimmu hundar og ekki hægt að senda börn þar sem svoleiðis villidýr var, því oft var það nú gert ef stutt var að fara að senda barn með bréfmiða eða skilaboð. Áflog hunda: Ef ekki dugði að skamma hundana sem voru að rífast þá var þrautaráðið að hella á þá köldu vatni, það hefur kælt í þeim blóðið og grimmdar æsinginn, þetta var meðal sem þótti duga vel.

Hrælykt: Orðið hrælykt þekktist en annað orð man ég ekki að haft væri um ólykt af hundum og það var grunur um að þá hefði hundurinn komist í hræ. Hundaþúfa: Þegar hundar vou á ferð hvort sem það var með mönnum eða fyrir sjálfa sig þá var það venja þeirra að stansa við þúfur

p6

og þær voru við þá kenndar kallaðar hundaþúfur og það var að sjá að þeir hefðu þetta fyrir nokkurs konar klósett. Ég man ekki eftir að fleiri nöfn væru notuð en hundaþúfa. Oðrtakið: "Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér," var hér brúkað. Hundur í mannaferð: "Eins og hundur í hverri hofferð," kannast ég við, en hvernig það var notað veit ég ekki og ég hugsa að þetta orðtak sé alveg að gleymast, eins og svo margt frá liðnum tíma. Það var alltaf vani að hundar fylgdu þegar farið var eitthvað af bæ. Ekki veit ég hvort að hundar hafi verið lokaðir inni þegar farið var til kirkju, en oft man ég eftir hundum við kirkjuna þó þeir fengju ekki að vera við guðsorðið hjá prestinum, þar mátti aldrei hundur vera. Ekki veit ég neinar sagnir, um það hvort hundar hafi gert messuspjöll, þeir létu nú líka til sín heyra og þá var það bagalegt ef ekki heyrðist boðskapur prestsins fyrir rifrildi hundanna fyrir utan kirkjuna.

Bæli hunds: Þegar gömlu bæirnir voru við líði, þá voru hundar alltaf frammi í eldhúsi og eftir að húsin komu til söguunnar þá voru hundarnir annað hvort hafðir niðri í kjallara eða þá ef innangengt var í skúr við

húsið og þar var gott fyrir þá að vera að álitið var. Hér var aldrei smáhús fyrir hunda (hundakofi). Hér var vani að hafa hundana inni að nóttunni bæði sumar og vetur.

p7

Hundsdallur: Það var vani að hafa sér ílát fyrir hundinn og þegar hann kom inn á daginn þá var hann fundvís á dallinn sinn, því hann var hafður afsíðis í einhverju skoti. Hundstrog: Áður fyrr var víst venja að hafa trétrog fyrir hundana að lepja úr. Hundssteinn: Ég kannast við að hundar hafi áður fengið mjólk við kvíar, í holu á steini en ég er því alveg ókunnugur. Hundsmatur: Þó hundar fengju margan góðan bita þá var nú venja að þeir fengju líka úrganginn svo sem bein, ugga og roð. Það orðtak að "mæna eins og hundur á bita," var vel þekkt hér, en hinn málsháttinn kannast ég ekki við "að horfa til augna." Hundslap: Þetta kannast ég ekkert við. Smalahundur, fjárhundur: Um þetta get ég ekkert sagt, er því ókunnugur. "Svei þér, þú hefur étið folald," þetta kannast ég ekki við. En hitt kannast ég við að strákar voru stundum að reyna að kenna héppa sínum ýmsar "hundakúnstir," en oftast gekk þetta nú frekar illa, kennarinn hefur ekki verið nógu góður, eða lærlingurinn haft lítinn áhuga. Hundafár: Um þetta er ég alveg ókunngur, en heyrt hef ég að hundapest hafi gengið yfir hundastofninn svo að til vandræða horfði þar sem þá á tímum þurfti svo nauðsynlega

p8

að eiga góða fjárhunda og meira verið við fé en nú er. Um læknisráð var víst þá æði lítið um að tala. Hvenær þetta var veit ég ekki en gamla fólkið minntist á þetta þegar ég var barn, það vissi um þetta og heyrði sagt frá því. Hundahreinsun: Því er nú ver, að ég get ekkert um þetta sagt nema það að ég vissi til þess að þegar hreinsað var á eftir þar sem hundarnir voru hreinsaðir að þá var alltaf grafin lítil gryfja og þessi óþverri látinn þar í og svo mokað yfir aftur. Þetta sá ég gert, en mér finnst að hefði átt heldur að brenna þetta. Hundar í draumi: Um þetta heyrði ég aldrei talað. Hundar sem fylgja: Um þetta get ég ekkert sagt. Andi og sál: Eftir því sem komist er næst, þá er þá óefað að hundar hafa skyggnigáfu ekki síður en menn. Það er nú ekki sá stigmunur á hundi, manni og hesti, að maðurinn hafi bara sál en hinir ekki, ekki get ég skilið það. Skyggnir menn hafa séð svipi eftir hest og hund. Dauði: Ég þekki ekki annað en að byssan væri notuð við aflífun hunda, en áður fyrr var víst sú aðferðin notuð að láta þá í poka og þeir kæfðir í vatni eða sjó og líka var það til að þeir voru hengdir. Það voru launin fyrir dygga þjónustu og órofatryggð. Ófagurt það.

p9

Hundskinn voru nýtt

áður fyrr. Það voru til ágætar vetrarhúfur úr hundskinni og þá voru þau spýtt á vegg eða þil. Það var stundum sagt, að vera eins og útspýtt hundskinn um þá sem voru sífellt í einhverjum snúningum. Þó mér finnist það ekki koma heim við hundskinn sem er neglt á þil, nema átt sé við hund sem er sífellt á þönum og orðið skinn sé þarna í vorkunartón, samanber, veslings skinnið. Maður og hundur: Ég heyrði alltaf sagt kjaftur á hundi, trýni, ýmist augu eða glyrnur, lappir. Það voru alltaf kallaðir fætur á mönnum, hestum, kúm og kindum, en lappir á smærri dýrum. Það er víst orðin venja af mörgum að kalla lappir á fólki en ekki fætur, það þykir nú gamla fólkinu sumu óviðfelldið sem vöndust öðru. Ég sé þarna að eftir spurningunni að það þótti ekki hæfa að gefa hundi þrjá bita (gera hund að manni), um þetta hef ég aldrei heyrt en sýnir mér að "ekki er öll vitleysan eins," eins og máltækið segir. Kveðskapur og sagnir: Ég heyrði vísur um hunda og um svo margt sem voru ríkir eiginleikar hundsins og þar hafði hann sig í mörgu hátt yfir manninn. Þessu er ég búinn að gleyma svo að ég get ekki sagt frá því nógu rétt og vel. Margt af því voru rökkurvísur sem við börnin hlustuðum á fyrir bráðum áttatíu árum, svo þetta er nú farið að gleymast sem von er. Ég ætla að koma hér með eina vísu sem

p10
ég vona að ég fari
rétt með, hún er svona:

Heitir Valur hundur
minn
hann er falur varla.

Alltaf smalar auminginn

upp um sali fjalla.

Þarna er minnst á
margt sem ég kannast svo vel við og er má segja að sé svarað um leið, svo ég sé að ég bæti þar ekki um þó ég fari að eiga eitthvað meira við það.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1918
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8453

p1
Tegundin: Orðið hundur
var í fyrsta lagi notað sem samheiti á tegundinni og í öðru lagi sem heiti
á karldýrinu en kynin voru (nær) eingöngu nefnd hundur og tík. Garmur,
grey og skinn var oft sagt við hunda í gælutón. Seppi eða héppi var gjarnan
notað, ef kallað var á hund sem ekki var vitað um nafn á. Hvutti hef ég
einkum heyrt í seinni tíð. Búadela og dela þekki ég ekki. Guðrún
Pálsdóttir og Þóra móðir hennar voru á Keldulandi um árabil, fluttar þangað
úr Eyrarsveit. Þær áttu tík og nefndu hana gjarnan tímarsmánina. Hundana
kölluðu þær oft rakka. Ekki heyrði ég talað um klódýr eða hrædýr né krækvikindi.
Hundakyn: Í gamla daga var greining milli hundakynja hér í sveit
þannig að flestir hundar voru venjulegir hundar en svo voru skoskir hundar.
Þeir voru undantekningalaust stórir og mun stærðin hafa ráðið úrslitum
til hvors flokksins hundar töldust. Skoskir hundar gátu verið góðir fjárhundar
ef vel tókst til, en gátu líka verið viðsjárverðir. Milli
1930 og 1940 vissi ég til að farið var að huga að virkilega íslenskum hundum

p2
og talin helstu einkenni
þeirra, upprétt eyru og hringað skott. Hundar með þessi einkenni reyndust
sjaldgæfir enda munu flestir hundar í sveitinni þá hafa verið af blönduðu
kyni og svo mun enn vera. Gömul hundabein hafa ekki fundist hér né annars
staðar þar sem mér er kunnugt um. Heimilishundur: Hinn eini sanni
flækingshundur var alveg búinn að yfirgefa heimili sitt, kannski fyrir
slæman aðbúnað og atlæti. Vissu menn þá oft ekki, hvar hundurinn átti "lögheimili."
Stundum settust þessir hundar að hjá einhverju góðu fólki og urðu þar heimilishundar.
Algengt var að hundar færu í tíkarstand og voru þá nokkra daga í
burtu en stundum vildu þeir alveg setjast að þar sem tíkin átti heima.
Ég vissi mörg dæmi þess að hundar væru geltir út af þessum málum
og bar það að sjálfsögðu tilætlaðan árangur. Það þótti samt hálfgert neyðarúrræði

að gelda hunda, því að þá urðu þeir feitari og latari og var afleit meðferð eins og það var gert í gamla daga. Mér virðist notkun hunda við skepnur fara síminnkandi, þótt í sveitum sé og það sé fremur af gömlum vana sem þeir eru á flestum bæjum. Ekki beint

p3
gæludýr, þó að yfirleitt
muni betur að þeim búið en áður var. Ég þekkti þó dæmi þess í gamla daga að svo mikið var dekrað við hunda að lengra verður varla komist. Einn gamlan mann þekkti ég sem lét hundinn sofa til fóta í rúminu hjá sér. Það er einkum á seinni árum sem ég hef heyrt að gæluhundum úr þéttbýli hafi verið komið fyrir í sveit, en þekki lítið til þeirra mála. Hvorugan málsháttinn hef ég heyrt áður, "Svo er hundur (hestur) sem hafður er." Verð á hundum og hvolpum: Ekki heyrði ég um sölu á hvolpum fyrr en nú á seinni árum og þá eingöngu hvolpa af sérstökum hreinræktuðum kynjum. Aldrei var tík hér og allir hundar, sem hér hafa verið í minni tíð, hafa verið gefnir. Hundafár þekki ég bara af afspurn.
Ég heyrði talað um að best væri að ala góuhvolpa, því að þeir væru orðnir mátulega gamlir til að venja þá næsta vor. Það mun hafa þótt hæfilegt að láta hvolp til annara um tveggja mánaða gamla.

p4
Hundur verður til:
Ég heyrði oft talað um lóðatík. Einnig um hunda í tíkarsnatti eða þá tíkarsatandi. Stundum heyrði ég fólki líkt við hunda eða tíkur í þessu ástandi.
Ég hef jafnan heyrt talað um það sem þjóðráð að binda eitthvað í skottið á hundi til þess að hann færi heim til sín en aðeins einu sinni vitað þetta gert og þá með góðum árangri. Var þá notað dagblað og ekki hef ég heyrt að eitt væri öðru betra til þeirra hluta. Fæðing: Alltaf heyrði ég talað um að tík gyti. Hins vegar var sagt að tófa legði. Það hefur aldrei verið tík á þeim bæjum sem ég hef verið á. Þess vegna er ég ófróður um þessa hluti. Ég sá einu sinni hvolpa deydda. Voru þeir skornir á háls.
Ég held að það hafi ekki tíðkast hér í sveit í seinni tíð að drekkja hvolpum. Lítið var rætt um hvolpadrápið og margir vildu ekki hafa tíkur vegna þess.
Auðkenni: Ég heyrði talað um að alsporaðir hvolpar yrðu vænir fjárhundar.
Ég heyrði hvítan rófubrodd nefndan týru. Það gat verið þægilegt stundum að hundur væri geltinn, en verulega vænir hundar voru sjaldan geltnir.

p5
Litir hunda og nöfn:
Notuð vor svipuð heiti um liti á hundum og kindum, þ.e. svart, hvítt, mórautt og flekkótt, þó var strútótt varla notað nema um hunda. Var strútóttur hundur að mestu dökkur, en meira eða minna hvítur um háls og haus. Svartur eða mórauður hundur, hvítur neðst á fótum, var ekki kallaður leistóttur eins og kindur og hestar. Þannig litur hundur hét gjarnan Lappi. Ég hef

kynnst tveimur hundum með þeim lit, sem kallast mósótt á hestum, sægrátt á kúm og blátt á köttum. Ég kallaði hunda þessa bláa. Móri, Skuggi, Lappi, Strútur, Valur og Týri, Vaskur og Smali voru dregin af verkum sínum og eiginleikum. Stundum hétu hundar mannanöfnum svo sem Kári og Flosi. Hárafar: Mjög skipti í tvö horn með hárafar hunda. Annars vegar þetta algenga hárafar, hins vegar hundar sem kallaðir voru loðnir og þeir voru miklu færri. Líklegt var að loðinn hundur héti Lubbi. Gat þó heitið allt annað. Loðnu hundarnir sem ég kynntist voru flestir vænir. Við viss skilyrði, gat hnoðast snjór í loðna hunda eins og í kindur. Voru þeir því stundum klipptir, einkum að aftan.

p6
Nú sé ég varla lengur
þessa ágætu loðnu hunda. Orðið hundssnoð var lítið sem ekkert notað hér. Rödd hunda: Hundur lætur í ljós vanlíðan með ýli og ýlfri og þá líkamlega, en leiðindi með góli og spangóli. Gjamm er minniháttar gelt. Sama er að segja um bofs. Urrið er hljóð reiði og grimmdar. Oftast var auðþekkt hvort um gestagelt var að ræða, ef menn þekktu hundinn. Gestagelt kom oft í taktföstum lotum. Ég þekki ekki orðin: sjóða grottann, sjógól eða gjárífur. Nágól mun ég hafa heyrt. Ratvísi, þefskyn:
Einu sinni, þegar ég þurfti fram á Dal, þá fékk ég lánaða skó af nafna mínum, Hjörleifi Jónssyni. Þegar ég kem fram í ---------, sé ég hvar Lappi, hundurinn hans, kemur á eftir mér með trýnið í götunni. Hann varð svolítið hundslegur þegar hann sá hver þetta var, en fylgdi mér ferðina á enda, úr því sem komið var. Spádýr: Stundum voru hundar eitthvað órólegir venju fremur. Var þá sagt að þeim væri grunsamt og talið vita á gestakomu.
Eina sögu hef ég heyrt um að maður þóttist sjá sína eigin
feigð á hundi sínum sem og varð.

p7
Tíkarmjólk: Engar
sögur kann ég um hana. Lækningar: Gott var talið að hundar sleiktu sár, bæði sín og annarra, því að hundstungan var talin græðandi. Hundafeiti var til á Gilsbakka allt fram um 1930. Var hún notuð sem áburður, jafnvel við gikt. Hundsbit: Ég heyrði talað um að gott þætti að setja hár af viðkomandi hundi í bitsár, en man ekki til að það ætti að brenna það fyrst. Ég heyrði talað um að vígtennur væru dregnar eða brotnar úr grimmum hundum. Stundum var líka gripið til þess ráðs að gelda þá, til að gera þá mildari í skapi. Dæmi vissi ég til, að hvort tveggja var gert við sama hundinn, en líklega ekki í einu. Áflog hunda:
Hundar voru skildir með skömmum og barsmíðum, svo og að tveir eða fleiri reyndu að taka þá og halda þeim meðan þeir voru að sefast. Það var undantekning að skvetta á þá vatni og því aðeins gert að annað dygði ekki til. Ég sá einu sinni séra Lárus reyna að skilja hundaþvögu á Silfrastöðum eftir messu. Hann var inni í þvögunni og sparkaði í þá, en með litlum árangri.
Hrælykt: Ég man eftir útilykt af hundum, sem kölluð var, en hef ekki fundið

hana í háa tíð. Hún líktist nokkuð tófulykt sem finnst á grenjum.
Hundaþúfa: Um þær er fátt eitt að segja nema hvað skepnur sneyddu hjá að bíta þær. Orðtakið mun ég hafa heyrt, "nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér," en sjaldan. Fremur að moldin væri farin að rjúka. Hundur í mannaferð: Ég kannast ekki við orðtakið: "eins og hundur í hverri hofferð." Það var aðal reglan að hundar fylgdu mönnum á ferðalögum, allt þar til menn fóru að ferðast á bílum. Kirkjuferðir voru held ég ekki undanskildar, enda stóðu meðhjálparar oft í ströngu að halda hundum utan dyra. Ég man eftir messuspjöllum af völdum hunda, en einu sinni var það við Árbæjarkirkju að samþykkt var af kikjufólkinu að lofa Depli mínum að liggja inni í kirkjunni meðan messað var. Mun það benda til einhverrar tilslökunar í trúnni. Bæli hunds: Venjulega lágu hundar frammi í göngum eða bæjardyrum um nætur

p8
og þá hver hundur
í sínu bæli. Stundum munu þeir hafa haft eitthvað til að liggja á, svo sem poka eða jafnvel gæruskinn. Oftast munu þeir hafa verið hafðir inni um nætur og kallað í þá, ef með þurfti, þegar bænum var lokað á kvöldin.
Ég kannast vel við að ekki sé hundi út sigandi, en kannast ekki við að hundum væri sigað út á kvöldin til að liggja úti. Hundsdallur: Ekki man ég nú lengur úr hverju hundar löptu í gamla daga, en bein voru þeim gefin á gólfið og eins þó inni í baðstofu væri. Svo man ég að þeim var oft gefinn virkilegur hundamatur úti á hlaði, t.d. garnir úr stórgripum og fleira ámóta. Hundsdallur hafði verið kallaður hundadallur, þótt aðeins hefði verið einn hundur á bænum. Nú éta hundar úr fallegum plastdöllum. Hundstrog - hundssteinn: Ég man ekki eftir því. Því síður man ég eftir hundssteini, en tel líklegt að þeir hafi helst verið á kvíavegg. Hundsmatur: Hundum var gefinn kostur á að éta öll bein sem til féllu, en misjafnlega unnu þeir á þeim.

p9
Hér á bæ var allt
hirt handa hundunum, sem til féllst við slátrun og ekki var talinn mannamatur.
Ég held að slíkt hafi verið geymt í súr. Mjólk munu hundarnir yfirleitt hafa fengið, ef ekki var mjög lítið til af henni og afgangur af grautum og súpum. Ég kannast við orðtakið að mæna eins og hundur á bita, en ekki að horfa til augna. Hundslap: Ég kannast ekki við það orð, en eftir því sem segist í kvæðinu um smalastúlkuna, má ætla að ærnyt hafi þótt góður málsverður handa hundi. Smalahundur, fjárhundur: Það hefur löngum verið vandamál að venja hunda og líkist vissulega tamningu hesta. Sumir hundar voru auðvandir eða það þurfti jafnvel ekkert að venja þá. Sumir menn voru lagnir að venja hunda og voru alltaf með væna hunda.
Það er varla von að hundar séu vænir nú orðið, svo litla æfingu sem þeir fá. Nú eru engar kvíaær til að smala og vor smalamennskur víðast lagðar niður. Féð kemur sjálft á vetrum, sé því þá nokkuð beitt.

p10
Það eru aðeins nokkrir
dagar að haustinu sem hunda er þörf. En því færra fólk, þeim mun meiri
þörf væri fyrir væna hunda. Þegar ég var krakki og unglingur þá
var talsvert af stórum hundum sem kallaðir voru skoskir hundar. Sumir þeirra
voru vænir, en þóttu líka varasamir með grimmd. Auðvitað voru hundar undan
vænum tíkum eftirsóttari en aðrir. Hundum var sigað með því að hóa en þó
var frekar sagt hirra eða hærra ef senda átti hundinn hátt upp. Var honum
þá gjarnan bent um leið. Ef hundurinn tók ekki rétta stefnu þá var oft
reynt að ganga í þá átt sem hundurinn átti að færa sig til um leið og sigað
var og bent. Oft skipti það sköpum, hvort hundurinn sá kindurnar
sem hann átti að sækja eða ekki. Oft var kallað svona, svona, þegar
hundurinn átti að hætta að elta eða kalla nafn hans og þá oft með reiðilegri
rödd. Stundum var hið versta orðbragð notað ef hundar hlýddu ekki, svo
sem skammastu þín, þegiðu eða haltu kjafti. Ég hef aðeins einu sinni
heyrt hund skammaðan með orðunum: "þú hefur étið folald," en
það var eiginlega í gamni, en virtist bera árangur.

p11
Eiginlega voru því
engin takmörk sett, hvað menn gátu orðið orðljótir við að skamma hunda
og hótuðu þeim þá stundum öllu illu. Erfitt mun vera að venja hunda
af að elta bíla og hefur margur hundurinn fallið í valinn eða slasast þess
vegna. Eitthvað var um það á tímabili að menn væru með svokallaðar hundabyssur
í bílum og skutu á hunda sem eltu, einhverjum plastskotum. Mun þetta hafa
borið árangur við byssuhrædda hunda. Hundafár: Ég hef lítið
kynnst sjúkdómum í hundum og hundafár þekki ég aðeins úr bókum. Hefur ekki
gengið hér í sveit í mínu minni, held ég. Hundar verða fyrir
slysum og ein tegund slysa var, þegar þeir fóru í refaeitur. Henti þetta
tvisvar hér á Gilsbakka. Báðir komust hundarnir heim og virtust óskaplega
kvaldir. Í báðum þessum tilvikum skaut ég hundinn og hef sjaldan flýtt
mér meira. Það mun hafa flýtt fyrir að hætt var að eitra fyrri tófur
að menn sáu það á hundum um hvernig dauðdaga var að ræða. Auk þess vofði
það yfir, einkum til dala að missa hunda sína fyrir aldur fram.

p12
Hundahreinsun: Ég
vandist því að þess væri vandlega gætt að hundar næðu ekki í sulli við
heimaslátrun. Sullirnir voru settir í eldinn. Talað var um tvenns konar
sulli, vatnssulli og beinsulli. Ég held að beinsullirnir hafi verið taldir
uppþornaðir vatnssullir. Hundar í draumi: Ég hef ekkert um þetta
að segja. Hundur sem fylgja: Ég hef talað við fólk sem segist hafa
séð svipi hunda, jafnvel með lfiandi húsbændum sínum. Við hunda sem fylgjur
kannast ég ekki. Andi og sál: Ég hef alltaf heyrt að hundar væru
næmari á alla reimleika en fólk. Eiríkur heitinn Gíslason

o.fl. leitarmenn flúðu úr Fossarkofa um miðja nótt vegna þess, "hvernig hundarnir létu," en sjálfir urðu þeir einskis varir. Reimt þótti á þessum slóðum. Áður hef ég sagt frá því á spólu þegar hundurinn (eða hundarnir) kom til mín á miðilsfundinum. Mér virðist það nokkuð almenn skoðum að lifi menn af líkamsdauðann, þá geti dýrin það líka. Við skulum slá því föstu, að hundurinn hafi sál.

p13
Dauði: Ekki veit
ég, hvernig hundum var lógað áður fyrr. Alltaf skotnir í minni tíð, enma nú í seinni tíð oft gefin dauðasprauta. Svo virðist sem mönnum hafi verið ósárt um, þótt gömlu drápsaðferðirnar gleymdust. Ég hef spurt nokkra um þetta, en án árangurs. Ég heyrði þess getið að hundsskinn væri nýtt á þann hátt, að binda smá bót af því á horn kinda til að verja þær fyrir tófunni. Maður og hundur: Sjaldan var talað um munn og nef á hundi, heldur kjaft og trýni. Hins vegar mátti alveg tala um augu og fætur á hundum og var algengast. Ég heyrði sagt við börn, sem voru mötuð að þau þyrftu að borða þrjár skeiðar til að verða að manni, heyrði þetta ekki heimfært upp á hunda. Ekki heyrði ég fólk lastað fyrir það, þótt það dekraði nokkuð við hunda sína. Það var almennt viðurkennt að hundar hefðu margt til síns ágætis, m.a. tryggð og skyggnigáfur. Guðrún Pálsdóttir og Þóra móðir hennar bjuggu á Keldulandi um skeið, fluttað þangað úr Eyrarsveit. Þær áttu tík og þegar þær töluðu um hana þá sögðu

p14
þær oftast tíkarskömmin,
tíkarsmánin eða tíkarforsmánin. Samt voru þær góðar við tíkina.
Kveðskapur, sagnir: Sumar vísur um hunda, eru svo þekktar að ekki er ástæða til að skrifa þær hér. Man ekki efit vísum um hunda, sem ég tel ástæðu til að skrifa. Einu sinni fór nafni minn, Hjörleifur Jónsson ríðandi út í Silfrastaði og Lappi með. Þaðan fór nafni með bíl "í Krókinn" en hesturinn var að sjálfsögðu á Silfrastöðum á meðan og Lappi beið hjá hnakknum. Það atvikaðist svo þannig að nafni fékk bílfar fram fyrir Norðurá og fór heim, en þá voru hesturinn og Lappi niðri á Silfrastöðum. Þá hringdi nafni í Jóhannes Steingrímsson og bað hann að koma með Lappa að símanum, sem Jóhannes gerði. Þá segir nafni við Lappa: "Lappi komdu heim." Lappi hugsaði sig um smá stund hljóp síðan til dyra og var kominn heim eftir tiltölulega stuttan tíma. Í sjónvarpsþætti hjá Ómari sagði ég litla sögu af Smala mínum og vísast til hennar þar ef þurfa þykir.

p16
Ég kannast við flesta
málshættina og hef litlu við að bæta. Fyrst þegar farið var að bólusetja gegn bráðapest, voru það örfáir menn sem lögðu í að gera það. Einn þeirra var Gestur eldri á Keldulandi og var mikið kvabbað á honum

að bólusetja. "Þeir liggja á mér eins og hundur á beini," sagði hann.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1908
Sveitarfélag: 109 Reykjavík

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8366

p1
Ekki hef ég haft
mikil kynni af hundum um ævina, og aðeins til 20 ára aldurs þegar ég flutti úr sveitinni, en þar var hundur á hverjum bæ og jafnvel tveir á stærri jörðum. Voru þeir eingöngu notaðir við fjárgæslu og oftast nefndir hundar eða rakkar og voru það einskonar gæluorð ef talað var um - eða við - grey, hvutta, garm, seppa, skinn eða héppa. Fleiri orðum man ég ekki eftir og orðið "klódýr", heyrði ég hvorki notað um hunda eða ketti og hrædýr eða hrækvikindi heyrði ég hunda ekki kallaða. Allir virtust gera sér grein fyrir einkennum hins íslenska hundakyns, svo sem hringað skott og upprétt eyru, en flestir hundar þarna voru af blönduðum kynstofni og með ólíkum einkennum, t.d. mjótt trýni, lafandi eyru, loðnir eða snöggir með glansandi hárafar og beint mislangt skott. Þessi einkenni blönduðust svo visjafnlega, auk þess sem stærð hundanna, útlit og gáfnafar var mjög misjafnt. Aldrei heyrði ég um eða sá neinar "fornminjar" um þessi þörfu dýr. Hundar voru elskir að heimili sínu og fólki og ekki vissi ég þá leggjast í flakk nema stuttan tíma í makaleit, en komið gat fyrir að ungir hundar týndust í langferð um ókunn héruð, og var þeim þá lógað ef heimili vildu ekki taka þá að sér. Víst mætti dæma heimili (og var gert) eftir meðferð þeirra á dýrunum, þó taka mætti tillit til ástæðna hverju sinni og varla von til þess að

p2
hundar og kettir
væru vel aldir ef fólkið gekk svangt fyrir fátæktar sakir. Ekki heyrði ég talað um að gelda þyrfti hunda sakir flakks og hvergi vissi ég þá hafða sem gæludýr - hvorki í sveit eða kaupstað, fyrr en á síðustu áratugum hér í Reykjavík. Aldrei vissi ég að hundum væri komið fyrir utan síns heimilis, enda ekki þörf á því, þar sem heimilin voru aldrei yfirgefin sökum umhirðu á búfé og við það var hundsins alltaf þörf. Málsháttinn: "Svo er hundur o.s.frv.", þekki ég, og veit að hundar eru svo gáfuð dýr að á hátterni

þeirra má merkja meðferðina sem þeir hljóta heima hjá sér. Lóðatík var algengt orð, en í strjálbýli hittust hundar ekki nema þeir brygðu sér af bæ til að svala kynþörf sini, eða fylgdu húsbændum sínum á mannamót, sem stundum urðu þá einnig hundamót og voru ekki alltaf friðsöm, en aldrei vissi ég vandræði hljótast af slíku, eða að húsbændur tækju upp þykkjuna fyrir hund sinn. Og það var oftar en í kirkjuferðum sem fólk forðaðist að hafa hunda með sér, þó auðvitað vildi fólk ekki verða til þess að trufla messugjörð og þeir voru lagnir á að smjúga með fólkinu inn um kirkjudyr, en meðhjálparinn var við öllu búinn og fljótur til dyra, greip í hnakkadrambið á þeim og kastaði þeim út fyrir, þar sem þeir máttu svo híma í kuldanum langa messugjörð, því hundstryggðin varnaði þeim heimferðar á undan húsbónda sínum. Málglaðir menn með ríka kýmnigáfu voru stundum svo grófyrtir að tæpa á orðinu "tíkarsnatt", í fleiri en einni merkingu. Einnig

p3
áttu óprúttnir strákar
það til að binda eitthvað við skott hunda á slíkum ferðalögum, svo sem torfusnepil, hrútshorn eða box með skeljum eða nöglum sem skrölti í. En slíkt þótti nú ekki manndómsmerki. Tík sem gekk með hvolpa var sögð hvolpafull. Gangverð á hvolpum heyrði ég ekkert um, og oftast gefnir til að þurfa ekki að lóga þeim. En auðvitað gengu kyngóðir hvolpar betur út. Meðan ég þekkti til þarna vestra, gekk ekkert hundafár þarna í héraðinu svo það breytti engu. Hvolpar voru ekki látnir lifa nema yngja þyrfti upp hunda á heimilinu, eða fyrri aðra og þá ekki farið eftir árstíðum, og ekki teknir frá móðurinni fyrr en þeir voru komnir af spena - sem kallað var. Talað var um að tíkin gyti, þegar hún fæddi hvolpana og engar kreddur þekkti ég um röð þeirra í fæðingu. Þeir voru valdir til lífs sem líkuðu best hvað lit snerti og þroska. Aldrei sá ég né heyrði um nýfæddan sjáandi hvolp og ekkert mark tekið á röð þeirra á spena, en frekar að þeir væru duglegir að komast á spena. Annars var þeim drekkt eins fljótt og kostur var á og engin örnefni þekkti ég út af því.
Ekki heyrði ég talað um fjáraugu í hvolpi en spora heyrði ég minnst á og áttu þeir að vera sem stærstir og flestir. Hvítir blettir sögðu ekkert sérstakt (en á köttum var talað um týru í skottinu, nei, rófa hét það á kettinum, ef broddurinn var hvítur). Galli þótti það á hundum að þeir væru sígeltandi og einnig ef

p4
ekki fékkst úr þeim
bofs við fjárgæslu. Svo meðalhófið mun hafa þótt best á því sem öðru.
Lit hunda heyrði ég lýst sem: svartur, mórauður, flekkóttur, gulur og strútóttur, og nöfn dregin af því, eins og Surtur, Skuggi, Móri, Gulur, Snoppa, Kjammi, og svo þessi hefðbundnu nöfn, eins og Vaskur, Tryggur, Lappi, Lubbi og Fjári, einnig vissi ég hund heita kastró og fyrsti ferfætti kunninginn minn var af íslensku kyni, smávaxinn og nefndur Hnoðri. Sagt

var að hundar væru snöggir eða loðnir og þá jafnvel lubbalegir, og heyrt
hef ég um hund sem var svo loðinn að hann var klipptur fram á bóga til
að létta honum sporið. En aldrei heyrði ég að hundshár væri notað til neins.
Oft var sagt að hundar færu úr snoðinu, þegar þeir gengu úr hárum.
Öll þessi nöfn á "málfæri" hunda hef ég heyrt, s.s. hundar ýlfra,
ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla, en man ekki fleiri, og
aldrei heyrði ég að þeir "syðu grottann". Ekki heyrði ég orðin,
sjógól eða nágól, en spangól þeirra breyttist að gefnu tilefni, t.d. hljómar
það öðruvísi ef hundurinn er leiður eða líður eitthvað illa, en ef hann
tekur undir harmonikuspil - eins og algengt var. Gelt þeirra var líka mjög
breytilegt. Gestageltið var glatt og ákaft, en fjárgeltið mjög í öðrum
tón og breytilegt eftir þreytu og gremju dýrsins að eltast við erfiðar
rolluskjátur. Oft mátti sjá það á hundum að þeir hefðu grun
um gestakomu þó enginn væri enn sjáanlegur, en heyrn þeirra og næmi er
með ólíkindum

p5
og við ókunnuga gesti
voru þeir misjafnlega vinalegir. Á heiðskýrum vetrarkvöldum settist heimilishundurinn
oft út á tún og spangólaði upp í tunglið - eins og það var kallað, en aldrei
gerði hann það ef illveðra var von. Um tíkarmjólk hef ég ekkert
heyrt. Málsháttur inn um tungur hunda og katta hef ég heyrt, en ekkert
sem sannar hann - einnig um græðingarmátt hundafitu. En öll slík trú var
aðeins orðin leifar frá fyrri tímum þegar ég man eftir mér. Hjátrúna
um að brenna hár bitshunda til lækninga hef ég ekki heyrt og ekki neitt
um annan umbúnað hundsbita en önnur meiðsli, þau voru líka sjaldgæf því
grimman hund hætti fólk ekki á að eiga, en komið gat það fyrir að hundar
gerðust gjarnir á að glefsa þegar aldur - of jafnvel miðgóð meðferð - gerði
lund þeirra leiða, og væru það afbragðs góðir fjárhundar sem menn eða skepnur
báru menjar eftir, tóku eigendur þeirra það til bragðs að brjóta úr þeim
vígtennurnar, heldur en að farga þeim. Yrðu áflog svo illvíg að
þeim sjálfum eða fólki stafaði hætta af - en enginn hugprúður karlmaður
nærstaddur, tóku konurnar það ráð að hella úr fullum vatnsfötum yfir hópinn,
og kólnaði þá skapið í hvuttum. En annars réðust menn inn í þvöguna og
tóku í hnakkadrambið á æstustu áflogaseggjunum og köstuðu þeim út fyrir
hópinn, með "sveium og skömmum". Ekki heyrði ég
önnur orð yfir lykt af hundum, en hrælykt og

p6
hundalykt.
Hundaþúfur voru vel þekktar, en ekki voru grasbítir ginkeyptir fyrir
gróðri þeim, og ekki vissi ég á þeim önnur nöfn. Málsháttinn, "Nú
þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér", hef ég heyrt og er
auðskilinn. Alþekkt var líka orðtækið um "hund í hverri
hofferð", og væri það sagt um mann, merkti það að hann væri málglaður,
frakkur og ferðagjarn. Allir vissu hvað hundar voru ferðaglaðir og ekki

auðvelt að skilja þá eftir heima þó reynt væri, því slyppi hundur út skömmu eftir að húsbóndi hans (eða heimilismaður kvaddi, var rakkinn fljótur að rekja slóðina og elta manninn uppi. Hvorki sá ég eða heyrði um messuspjöll vegna hunda. Hvergi var til hundakofi á sveitabæjum þar sem ég þekkti til og sérstakt bæli höfðu þeir, þó ekki svæfu þeir allir inni í þurru veðri að sumri til, og einstaka hundar voru svo vel vandir að treysta mátti að þeir verðu tún fyrir ágangi bitfjár að nóttu til. Þeir hreiðruðu um sig í húsasundi eða á baðstofumæninum og sofnuðu aldrei á verðinum.
Ekki vissi ég til að þeir væru hraktir út í illviðrum og engan vissi ég taka málsháttinn um að: "ekki væri hundi út sigandi", þannig að hann ætti að vera úti í vondu veðri. Ekki voru þessi grey þó nein gæludýr og víða illa að þeim búið, var þeim ætlað bæli í bæjardyrum eða skemmu, á strigapoka og ullarflóka þegar best lét. Seppi hafði sérstakt matarílát, en orðið "hundsdallur", mun vera

p7
mjög gamalt, eða
síðan tréílát voru svo að segja eingöngu notuð. En ég sá aðeins blikk- eða alumíum-föt notuð fyrir matarílát hunda. Hundsstein vissi ég engan um. Hundsmatur var enginn sérstakur. Honum var skammtaður úrgangur úr öllum mat, bein og hafragrautur með mjólk - ef til var. Hundar þurftu mikinn mat og mændu oft í bón um meira, svo orðtækið að: "mæna eins og hundur á bita", átti vel við, en hitt orðtækið heyrði ég ekki.
Hundslap var óákveðið magn - átti bara við um þunnmeti. Hvolpa þótti best að venja með reyndum, góðum fjárhundi, og var jafnvel komið af bæ til þess, því mikils var um vert að hundurinn gelti við réttar aðstæður, auk fleiri viðbragða þegar slungnar fjallafálur áttu í hlut, aldrei máttu þeir heldur bíta fé, en þurftu að kunna að taka laust um hækilinn á kindinni og halda henni fastri uns smalinn tók hana, ef með þurfti, svo sumt af máli manna þurfti hundurinn að skilja. Ekki veit ég hvernig þessum málum er háttað nú, þegar girðingar hafa mjög auðveldað gæslu fjár, en meðan eitthvað er eftir af sauðfé á afréttum munu hundar varla óþarfir - ef einhver kann að venja þá. Hundar voru mjög misjafnlega vitrir og duglegir, svo eftirspurn um hvolpa undan þeim fór eftir því. Þegar siga skyldi hundi var nafn hans nefnt, svo hann liti á smalann og honum bent á kindurnar og sagt: "sæktu þær", stundum hrópað á eftir þeim: "yrr, yrr", það var mikil hvatning fyrir hundinn að hann vissi þannig að fylgst væri með honum. Svo

p8
skynsaman hund hef
ég þekkt, að farið var með hann í mynni dalsins, þar sem féð hélt sig og sagt: "Sæktu féð", og hann hljóp einn af stað og smalaði dalinn svo engin kind var eftir. Ef kalla átti á hund, var nafn hans nefnt og sagt: "Komdu hérna", eða "komdu, greyið",)(grey var gæluorð). Bannorð var: "Hættu", en skammarorð: "Skammastu

þín", eða "skammastu þín heim", ef hundurinn mátti ekki
elta manninn. Ef hasta þurfti á hundinn var sagt: "Svei þér",
eða: "Svei þér, skömmin þín", ef meira þurfti við. Orðin alltaf
fá og þau sömu við hvert tækifæri. Aldrei heyrði ég þetta
orðtæki notað: "Svei þér, þú hefur étið folald", en vissi til
að það var til. Hundar voru vandir á að hlýða ef þeim var sagt að: liggja,
sitja eða þegja (ef þeir voru að gelta) og stundum skemmtu unglingar sér
við að kenna þeim að heilsa með hægri framlöpp og ganga á afturfótunum
og jafnvel fleiri kúnstir. Bónda þekkti ég, sem aldrei lét hund sinn vaða
ár, væri hann sjálfur ríðandi, en kenndi þeim að stökkva upp á lend hestsins
og voru hestar hans svo vanir þessu að þeir hinkruðu við að vaða út í þangað
til hundurinn var kominn á bak. Bílar voru ekki komnir í mína sveit
þegar ég hvarf þaðan. Ekkert veit ég um hundafár, því það herjaði
ekki þar sem ég þekkti til. Reistur var hundakofi miðsveitar í hrppnum
og skylt að hreinsa þar hundana einu sinni ár ári, og sérstakur maður fenginn
til að annast það. Þann mann þekktu sumir hundar og forðuðust hann.

p9
Sendur var hundahreinsunarseðill
bæ frá bæ og fólki sagt að koma með hunda sína ákveðinn dag - ekki þurfti
að sækja hundana, þeir skiluðu sér heim. Ekki sá ég neinn sóðaskap í sambandi
við hunda og þá, löngu liðin tíð að þeir fengju að sleikja matarílát fólks.
Finndust sullar í sauðfé voru þeir strax brenndir. Ekki kann ég
neina drauma um hunda, en efast ekki um að fólk hefur dreymt þessa vini
sína sem aðra, hvort sem þeir hafa lifað hér á tveimur fótum eða fjórum.
Sum dýr voru syrgð af heitum huga. Heyrt hef ég um það talað að
svipir hunda hefi birst í vöku og draumi á undan eiganda sínum - en ekki
að þeir yrðu ættarfylgjur. Og talað hef ég við fólk sem var sannfært
um að sumir hudnar hefðu skyggnigáfu og menn sem unnið hafa vináttu og
traust dýra og trúa á framhaldslíf, efast varla um að þau hafi sál, þó
ekki hafi þau vistmuni á við menn - og er þó sumt betur gefið. Sanna
sögu heyrði ég um mann sem átti heima á sunnanverðu Snæfellsnesi (nafni
hans hef ég nú gleymt), í Staðarsveit, átti hann hund sem þekktur var að
viti og tryggð, var hundurinn manninum einkar kær og gagnkvæmt. Eitt sinn
fór maðurinn á vetrarvertíð til Vestmannaeyja og tók heimilisfólkið hans
að sér að annast hundinn. Lét það líða marga daga frá því maðurinn fór,
uns það sleppti seppa út, svo hann gæti ekki rakið spor vinar síns, en
á öllu háttalagi hundsins sást hve sárt hann saknaði eiganda síns. Leið
svo veturinn og fram á vor. Ekki var þá símasamband og vissi fólkið ekki
hvenær mannsins

p10
var von af vertíðinni.
En morgun einn tók fólkið eftir því að hundurinn var óvenjulega órór, æddi
um og smáýlfraði og leit oft í suðurátt, hvarf hann svo og enginn vissi
hvert hann hafði farið. Leið svo dagurinn, fram á kvöld, en þá kom eigandi

hundsins heim og seppi með honum og sá var nú ánægður, hann hafði líka farið langa leið - margra klukkutíma gang, á móti húsbónda sínum. En hvernig vissi nú hundurinn að hans væri von og úr þessari átt? Það er líka freistandi að nefna hund sem tengdaforeldrar mínir, Margrét og Sigmundur á Hamraendum í Breiðuvík, áttu og mörgum varð minnisstæður, enda vinsæll út fyrri sveitarmörkin. Heimili sínu var hann svo trúr að hann vakti yfir eigum þess og einnig börnunum út á við, væru þau í leik með ókunnugum félögum og lentu í tuski var seppi þar kominn til að veita þeim lið og skarst í leikinn ef börnin voru að bíða lægri hlut, beit í föt ókunnu barnanna og dró þau burtu, án þess að meiða neinn því ávallt var hann ljúflyndið sjálft. Það var líka einu sinni nærri orðið honum að falli er hann var í leik í fjörunni með einum drengjanna, komu þá Englendingar róandi að landi frá togara sem lá þar fyrir framan, fóru þeir að leika við hundinn og höfðu gaman af honum, enda ætluðu þeir að stela honum, gripu hann í fangið og hröðuðu sér að bát sínum. Drengurinn sá hvað verða vildi og greip eina ráðið sem dugði, kallaði: "Fellov, bíttu hann, bíttu hann". Seppi gegndi og mennirnir forðuðu sér upp í bátinn. Hundur þessi var ættaður frá Grindavík og fylgdi nafnið honum þaðan, var hann vitur mjög og kunni margar kúnstir. Tík var líka eitt sinn á Hamraendum, sem

p11
kunn var fyrir tryggð
sína. Dæmi um það var að eitt sinn var Sigmundur að koma utan af Sandi um hávetur og bar bagga þungan, veður var slæmt og gekk að með þreifandi byl, svo þegar hann var kominn á móts við Malarrif, sá hann þann kost vænstan að skilja eftir baggann og biðjast þar gistingar uns veðrinu slotaði. Með honum var tíkin, Mygla, sem dró nafn sitt af útliti sínu. Að bænum komust þau og var vel tekið. En Sigmundi brá er hann varð þess var að Mygla var ekki með honum, hún var ekki innanbæjar og hafði orðið eftir utandyra í blindhríðinni þegar hurðin féll að stöfum, út var farið, leitað og kallað, en það var ekki árangur. Ekki mun Sigmundi hafa verið svefninn vær þessa nótt, þegar rofaði til í birtingu um morguninn hélt hann strax af stað og gekk fyrst upp á veginn þar sem hann vissi poka sinn vera. En hann fann þar fleira. Mygla hafði farið þangað og hringað sig niður við baggann. Eigna húsbónda síns ætlaði hún að gæta meðan lífið entist, og heim komust þau bæði. Það hefði mátt fylgja sögunni af Fellov, að ein af hans skemmtilegustu listum var að sitja með glerautu á trýninu og halda á bók milli framlappanna.
Hundumv ar drekkt, eða þeir hengdir, áður en byssur komu í gagnið - og því varð manninum að orði, sem sá hundinn hengdan: "O, þetta er nú vegurinn okkar allra". Átti þá auðvitað við, að deyja.
Engin örnefni vissi ég tengd hundum, og ekki vissi ég skinn af þeim notuð, nema af einum sem hafði verið gæludýr fínustu stúlkunnar í sveitinni. Lét hún verka skinnið og gera úr því hálsskjól

p12
sem þá var nefnt,

Búi, skinnið var gult og fór vel þannig. Að vera eins og "útspýtt hundskinn", var sagt í miður notalegum tón um þá sem þóttu fara víða og tala mikið, því hundar voru þekktir að því að vera ferðaglaðir. Víst voru gerð glögg skil á milli manna og hunda í daglegu máli, enda nutu fæstir hundar almennt mikillar virðingar - þveröfugt við ketti, sem margir vita að eru gæddir all ólíkum lyndis einkunum. Það var talað um hundskjaft, trýni, glyrnur (en oft þó augu). Já, hundsaugun þóttu sumum falleg. Sbr. orð stúlkunnar, sem eftir var munað, er hún var að lýsa einum af okkar vinsælustu prófessorum í læknisfræði. Átti hún vart nógu sterk orð um ágæti og útlit þess manns, og endaði ummæli sín með þessum orðum: "Og svo eru augun í honum eins og fallegustu hundsaugu". Oftar var talað um lappir en fætur á hundum. Ekki heyrði ég talað um að gefa hundi "þrjá bita" - eða neitt slíkt. En í hinni hörðu lífsbaráttu fyrri tíma, þótti það varla við hæfi að dekra meira við málleysingja en menn. Ekki man ég nú lengur neitt í bundnu máli um hunda, þó sjálfsagt hafi ég lært eitthvað slíkt í bernsku, en það er eins og gengur, það glatast margt á langri leið. Of langt mál yrði að tína til fleira um hæfni þeirra en ég hef þegar gert. Öll orðtæki sem þarna eru nefnd, hef ég heyrt, en því miður get ég engu þar við bætt.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1897
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8374

p1
Tegund: Allir hundar
áttu sitt nafn. Ef vel var látið að hundinum var það venjulega greyið,
héppi, héppa grey. Aldrei heyrði ég hunda nefnda hrædýr. Hundakyn:
Ekki var um að ræða annað en íslenska hunda, þegar ég var að alast upp.
En allir vildu hafa sinn hund fallegan, með upprétt eyru og ekki með lafandi
skott, en þeir kunnu að leggja niður skottið, ef verið var að sneipa þá.
Margir létu gelda hunda sína, sérstaklega ef líka var tík á heimilinu.
Ekki vissi ég til að hundar væru hafðir sem gæludýr í minni sveit, ég kynntist
því ekki fyrr en ég kom til Akureyrar 1942. Mér hefur fundist ganga nokkuð
langt, þegar fólkið lætur þá sofa í rúminu hjá sér. Það mátti
til að vera hundur, þar sem margt var fé. Þeir hjálpuðu mikið til við smalamennsku
og flestir þekktu máltækið: "sæktu, hærra, hærra." Verð
hunda: Ekki vissi ég til að hvolpar væru seldir, þeir voru bara gefnir.
Ég hef heyrt getið um að menn úr Þingeyjarsýslu, fóru suður að kaupa hunda,
eftir hundafár, en ekki veit ég um verð. Hundapest hefur oft gengið um
sveitir, sem ég veit, en margir hundar hafa lifað hana af, fólk hefur lært
að hlúa að hundunum sínum svo þeim hefur batnað. Hvolpar voru ekki teknir
frá móðurinni fyrr en mánaðar gamlir. Ekki heyrði ég að fæðst hefði sjáandi
hvolpur og oftast var valið til lífs það sem fallegast þótti.

p2
Heima hjá mér voru
nýgotnir hvolpar deyddir með flugeittum hníf og grafnir í mold, en til
voru margir sem drekktu þeim. Til er gömul saga, að fundist hefði lifandi
hvolpur, sem skolað hafði á land, hann var tekinn og hlúð að honum. Hann
varð fullorðinn hundur og við hann tengdist sú trú, að honum fylgdi eitthvað
gott, fyrst hann fékk að lifa á þennan hátt. Litir: Við áttum þrjá
hunda. Þeir hétu, Depill, hann var svartur með hvítan blett á hausnum.
Tóa, hún var dökkmórauð og Kolur hann var sambland af gulum og mórauðum
lit. Þau voru mjög vitur. Depill lá á sumrin uppi á bænum við herbergisgluggann

okkar. Ef einhver var að heiman og kom ekki heim fyrr en háttað var, þá gelti hann mjög lágu gelti, en ef einhver ókunnugur fór um hlaðið gelti hann hátt. Tóa var heimakær og vildi helst vera nálægt fólki. Það hagaði svo til að baðstofuhurðin féll ólokuð að stöfum á daginn, en var lokuð á næturnar. Oft kom Tóa að dyrunum, ýtti hurðinni í hálfa gátt og leit til mín, sínum brúnu spyrjandi augum, ef ég sagði uss, snéri hún til baka, það var ekki siður að hafa hundana í baðstofunum. Svo var Kolur okkar síðasti hundur, hann var vingjarnlegur og góður hundur og krakkar hændust að honum. Við vorum í tvíbýli þegar við áttum hann. Á hinu búinu var um tíma lítill drengur, fjögurra ára, honum leiddist og var oftast úti við. Einn dag týndist hann og eftir dálitla leit fannst hann bak við bæinn, sofandi með Kol fyrir Kodda. Drengurinn er Skúli Brynjólfsson, flugmaður í Reykjavík.

p3
Hárafar: Mörgum þótti
loðnir hundar leiðinlegir, þeir voru ekki víða til, en ef hárið var hrokkið, var það ekki ljótt. Algengastir voru slétthærðir og snöggir hundar. Í sveitinni voru hundarnir notaðir við að smala og reka úr túninu. Aldrei voru þeir hafðir með til kirkju heima og venjulega lokaðir inni, ef sá sem þeir fylgdu fór af bæ. Þá kom oft fyrir að þeir ýlfruðu, spangóluðu, ef þeim leiddist, það var ámátlegt hljóð. Vel mátti þekkja geltið, ef þeir urðu varir gestakomu. Margir hundar eru mjög ratvísir og þekkja lyktina af sínum húsbónda, og hafa oft legið hjá reiðtygjum hans, þegar komið var úr göngum, á meðan verið var að draga féð í réttinni. Ekki heyrði ég að tíkarmjólk væri notuð til neins. En hundafeiti var notuð og hrátjara soðin saman við, það var borið á bólgu. Hundsbit: Aldrei sá ég hundsbit og heyrði ekki hvernig það var læknað. Margir skvettu vatni á hunda ef þeir flugust frekt á. Hrælykt: Aldrei heyrði ég orðið, hrælykt.
En útilikt var af hundum, ef þeir komu blautir inn. Hundaþúfur voru víða í haganum, þær voru oft hærri en aðrar þúfur og ætíð grænar, hundarnir höfðu þær til hæginda sinna. Hundum var venjulega ætlað að liggja í horni, sem næst baðstofudyrum og strigapoki til að liggja á. Hundadallur var á hverju heimili, venjulega úr tré. Þeir fengu graut og mjólk í dallinn sinn, súr lungu og garnir og venjulega einhvern bita af því sem fólkið borðaði, svo og öll kindabein.

p4
Smalahundur: Ekki
held ég að nein regla hafi verið, með að venja hund. En ef mikið var talað við hundinn lærði hann að skilja mannamál og það kom af sjálfu sér. Ef verið var að reka hratt úr túni var sagt: hyrr og þegiðu ef hann átti að hætta. Þetta eldgamla orðtak, "Þú hefur étið folald," var ekki til nema á meðan allir köstuðu hrossakjöti. Reynt var að skamma hunda, ef þeir eltu bíla. Hundahreinsun: Hundar voru hreinsaðir einu sinni á ári. Þá voru þeir sveltir daginn áður en þeir fengu

hundaskammtinn, svo lokaðir inni yfir nótt. Hundakori var í hverjum hreppi til þeirra þarfa. Allir voru hræddir við sullaveiki. Heima hjá mér voru hundar lokaðir inni, á meðan heimaslátrun stóð yfir, ef einhver sullur fannst í mör var hann brenndur. Hundar í draumi: Gott þótti að dreyma vinalegan hund og stundum boðaði það gestakomu. Á miðilsfundum hafa hundar komið fram með fólki. Ég hef þá trú, að hundar hafi sál og jafnvel fleiri húsdýr. Maður rekur sig á hvað þau eru vitur. Ekki vissi ég til að fullorðnum hundum væri lógað nema með byssu. Margir hundar höfðu mjög falleg augu, aldrei heyrði ég þau nefnd glyrnur.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1911
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8686

p1
Mikið mein er það
ef til manns er leitað að vera ekki fær um að leysa úr spurningum sem beðið er um og kemur til fleira en eitt. Verður því þessum spurningum allt of fáum svarð hér, því miður. Fjöldi fólks hefur uppáhald á hundum og kýs að hafa þá á heimilum sínum og líka í þéttbýli og finns mér það umdeilanlegt, því innilokun eins og verður að vera er þeirri skepnu ekki eiginleg, þó finnst mér verst þegar ekki má gefa þeim að éta nema einu sinni á sólarhring eins og ég þekki að gert er í sjálfri borginni, rétt eins og um jórturdýr væri að ræða. Tegundin: Hvutti, deli, búadeli, grey, garmur, rakki, seppi, skinn, héppi, allar þessar upptöldu hundakenningar hef ég heyrt og hef ég engu við það að bæta. Hrædýr og klódýr eru mér óþekkt, en hráætur þekki ég, þeir sóttust eftir að éta ósoðið, stundum vegna sultar. Hundakyn: Í mínum uppvexti sá ég flesta íslenska hunda, þá þóttu þeir bestir fjárhundar, enda til mikilla nota á meðan fjárbeit var sjálfsögð á Íslandi. Nú er þörfin fyrir þá í sveitinni orðin lítil, eru hafðir til prýðis, fá þó að fylgja fólkinu á heimilinu sem er við vinnu utan dyra og eru frjálsir. Nú eru vorgöngur aflagðar, eins og vetrarbeitin, svo það er í haustgöngum einum, sem þeir eru nauðsynlegir. Skoskir hundar voru hér víða, en voru vandtamdir, en þegar vel tókst til með tamningu þeirra spöruðust við það margir menn þegar smalað var. Ég horfði á þetta hrifin, en líklega er ekki mannsaldur síðan þeir fyrstu sáust hér. Íslenskir hundar eru til á sveitabæ fyrir sunnan, hreinræktaðir, man ekki bæjarnafnið og eru seldir þaðan,

p2
þeir eru dálítið
loðnir og með upprétt eyru og hringað skott, annars eru þessi hundakyn orðin meira og minna blönduð, enda fjölmörg og komin til landsins eftir ýmsum leiðum eins og flestir vita. Heimilishundur: Jú, heimilishundur var hann nefndur, en oftast voru þeir nú heima, með þeirri undantekningu

ef þeir komust í færi að auka kyn sitt, þá héldu þeim engin bönd.
Til var að þeir voru geltir, en það gafst illa, þeir urðu latir og líka
allt of feitir. Við eyðileggingu slíkra hunda þótti gott að bræða fituna,
en trú var á að hundafeiti læknaði gikt og ýmisleg sárindi og var hún notuð
sem smyrsl. Hunda sem gæludýr í þéttbýli hef ég alltaf kennt í brjósti
um og hlýtur reynsla af þeim að vera misjöfn, en hitt veit ég að mikill
óþrifnaður fylgir þeim og skil ekki hvernig fólkið í þéttbýli sigrast á
því í misgóðu húsnæði. Vel vaninn hundur lýsir vel eiganda sínum.
Það skrifaðist aldrei á húsmóðurina, heldur hitt hvernig ásigkomulag hundsins
var, það þótti lýsa best hennar örlæti. Verð á hundum og hvolpum:
Fast verð heyrði ég ekki nefnt á hvolpum, þeim var úthlutað milli manna
gefins, en misjafnlega eftirsóttir vegna fjárhundaeðlis síns. Eftir hundafellir
voru þeir seldir, en ég man ekki hvað dýrt. Góuhvolpar þóttu bestir,
þ.e. fæddir á góu. Þeir þurftu að vera orðnir vel færir um að bjarga
sér í mat og drykk er þeir fóru frá móður sinni, annars var þetta misjafnt.

p3
Hundur verður til:
Ég heyrði eingöngu talað um hundalæti í tík þegar þannig stóð á, en hundarnir
sem söfnuðust í kringum tíkina voru í tíkarsnatti og gat orðið hálfgerð
plága á meðan á þessu stóð. Helsta ráðið var að skjóta úr byssu þar sem
hún var þá til og fóru þeir þá í ofboði í allar áttir og tíkin auðvitað
á eftir. Orðið hvolpafull var alltaf notað um meðgöngutímann. Fæðing:
Að eignast afkvæmi hét að gjóta, en væri um tófu að ræða, hét það að leggja.
Aldrei heyrt getið um sjáandi hvolpa nýfædda eða sérröðun þeirra
á spena móður sinnar. Oftast var þeim drekkt, til var að þeir væru
skornir. Auðkenni: Til voru fjáraugu, í því fólst að þau hvíldu
á sauðfénu en síður á öðrum dýrategundum. Um sporana veit ég ekkert
svo öruggt sé, þjófaljós heyrði ég nefnd, en man ekki hvað þau eiga að
merkja. Litir hunda og nöfn: Öll möguleg nöfn hafa hundar hlotið
og yrði það langur listi að telja það upp, konungskenningar svo sem "rex",
eru þar ekki undanskilin, keisaranöfn, Neró og fleiri þekkti ég og einn
með nafninu Hitler, lagaði hann nafnið með sínum kostum og vitsmunum, svo
það varð ekki alveg eins skelfilegt. Og svona til gamans: Þessi Hitler
átti heima hér í nágrenni Sauðárkróks,

p4
en fjölmennt herlið
var hér á stríðsárunum í bænum, hafði eigandi hundsins kallað á Hitler
einhverju sinni er hann fór fram hjá bröggum þeirra og þustu þeir til móts
við hann, varð þarna talsverð töf, því eigandi hundsins varð að sanna að
hundurinn gegndi þessu nafni, en sjálfur var hann mállaus á enska tungu.
Hárafar: Ekki heyrði ég þess getið að hundshár væri til nytja, sagt
var að hann væri eins og snoðaður, er hann var nýgenginn úr hárum.
Nöfn þeirra voru dregin af öllum einkennum svo sem: Vaskur og Tryggur sem

enn eru algeng. Rödd hunda: Fjölbreytni hljóða sem hundar gefa frá sér er mikið, í urrinu fólst tvöföld merking eða meira urr við heimilisköttinn eða t.d. umgang utan dyra var sitthvað, rétt eins og gelt að gestum var ólíkt því er þeim var sigað á skepnur. Nágól og spangól er ólíkt hljóð, spangól orsakaðist af leiðindum, t.d. ef húsbóndinn vildi fara hundlaus að heiman, röktu þeir stundum slóðina er þeim var hleypt út, þá steig nú heldur ekki húsbóndinn beint út í bílinn eins og nú. Gestagelt er sérstakt hljóð þeim er svo mikið niðri fyrir, að það villist enginn á því sem er hundum kunnugir. Háværir eða kjöftugir töldust þeir hudnar sem voru sígjammandi úti við, þótti þetta ókostur sem olli truflun í umhverfinu.

p5
Ratvísi, þefskyn:
Ratvísi var óbrygðult hjá sumum hundum og hef ég þreifað á því sjálf, oft hafa líka hundar t.d. vísað á kindur í fönn og fleira þess háttar.
Flestir þekkja a.m.k. af afspurn minnkahundinn og hans eiginleika vegna þefskyns síns og nú lögregluhunda sem til eru í landinu og notaðir eru til leitar. Spádýr: Ekkert spádýr hef ég þekkt, né heyrt um það neinar sagnir. Tíkarmjólk: Aldrei heyrt neitt sem tengist henni.
Lækningar: Málháttinn þekki ég: "Kattartungan særir, hundstungan græðir," en hundafeitin brædd var borin á giktarskrokka og átti að draga úr þrautum og er það eina sem ég veit um þetta mál. Hundsbit: Algengur var talsháttur inn: "Ég verð að hafa það eins og hvert annað hundsbit," ef skaði varð á eignum, svik viðhöfð og ýmislegt annað sem til bága horfði. Á árum áður var ekki hlaupið til læknis, vegna fjarlægðar, svo algengast var að þvo sárið upp úr kreolínblöndu og bera svo á joðáburð og soðið léreft bundið um, ef bólga varð mikil, þá heitur bakstur. Oftast var talað um að þeir fitjuðu upp á trínið, eða sýndu tennur. Vígtennur vor kliptar úr hundum, oftast fyrir að bíta fé, en sárið varð langt uppi í læri og gróf í því stundum.

p6
Áflog hunda: Það
gat orðið gamanlaust að skilja hunda, stundum voru þeir teknir af tveimur mönnum og komu þá oft mikið meiddir úr rymmunni, þegar náðist í vatn var það notað, en árangur misjafn, við fjárréttir var þeim hættast, en þar vantaði stundum vatn. Hrælykt: Um þá lykt veit ég ekkert, en hundum fylgdi sérstök sterk lykt þegar þeir komu blautir inn úr rigningu og var hún kölluð illveðurslykt þar sem ég þekki til. Hundaþúfa: Þær urðu til vegna þess að engin skepna leit við því að bíta á þeim grasið, þess vegna hækkuðu þær sífellt, hundarnir hlupu á milli þeirra og gerðu á þær öll sín stykki. Ef hundaþúfa hreykir sér, gat það átt við þá sem reyndu að berast á, á einhvern hátt. Hundur í mannaferð: Talað var um að þeir sem vildu sem víðast vera með, jafnvel óvelkomnir, þeir væru eins og hundar í hverri herferð, þ.e.a.s. menn sem halda að þeir séu alls staðar

ómissandi. Sumir létu hunda sína alltaf fylgja sér, kirkjuferðir voru ekki undanskildar, tróðust þeir inn í kirkjuna ef hún var opnuð á meðan á messu stóð og varð af þessu mikið ónæði og jafnvel messuspjöll. Þurfti hundseigandinn stundum að draga hundinn vælandi út úr kirkjunni.

p7
Bæli hunds: Hundakofa
var talað um, en ég þekkti þá ekki. Þeir sváfu í skála í framhúsi á bæjum hér áður, voru þeim gerð bæli úr gæruskinnum sem oft féllust til, stundum líka úr teppum eða einhverju öðru hlýju. Hundar voru yfirleitt hýstir um nætur, nema á vorin þegar vakað var yfir vellinum, þá voru notin af þeim dýrmæt, því ekki höfðu allir krakkar sem vöktu, hest til léttis, ég hafði engan þegar ég upplifði þetta. Sumir hudnar voru gagnlausir að verja fyrir ágangi skepna þó þeim væri sigað út undir nóttina, þuftu manninn með sér, svo það var bara fágætt. Jafnan heyrði ég þegar óveður geysaði að þá væri ekki hundi út sigandi, ef menn treystu sér ekki til að afkasta neinu utan dyra, þá voru líka hlífðarfötin öðruvísi en nú gerist.
Hundsdallur: Ævinlega sérstakt ílát ætlað hverjum hundi. Hundstrog: Já, handlagnir smíðuðu sérstakt smátrog handa hundum til að lepja úr, annars voru þeir látnir éta úr öllu mögulegu, gömlum vaskafötum og skálum, og því sem nothæft var. Hundssteinn: Aldrei sá ég holaðan stein en í fjósinu var einhvern veginn dallur, sem hundurinn fékk sinn skammt í á málum, þá var ekki bannað eins og nú að hundar kæmu í fjós.

p8
Hundsmatur: Þeim
var gefinn allur úrgangur af eða eftir máltíðir og fengu svo spónamat á málum, þ.e. kvöld og morgna, en stundum of knappt ef lant er litið aftur í tímann. Við orðtækin kannast ég,"mæna eins og hundur á bita," og "horfa til augna," sem þótti lítil háttvísi að stara lengi á það sem augnablik dugði til. Hundslap: Engu þess háttar kynntist ég, ekki fært frá þar sem ég var. Smalahundur, fjárhundur: Vandi var að venja hvolpana til gagns, ekki mátti kvessa sig of mikið, þá gátu þeir tapað kjarki, svo voru það vissar bendingar sem hundatemjarinn viðhafði til skilnings hundinum, og tókst vel þegar báðir lögðu sig fram, en þolinmæðisverk gat það verið. Nú er þessu aflétt, síðan fjárbeit að vetri lagðist niður og er því aðal lærdómstími hundanna ekki lengur til. Ég kynntist því af eigin raun að reka fé á beit, leggja af stað frá húsum í birtingu eins og siður var og dvelja svo hjá eþim á meðan þær voru að dreifa úr sér. Þá kom sér vel að hafa góðan hund, því sama slóðin þurfti að vera gengin af þeim öllum hverri á eftir annari, til léttis þeim. Nú er þessa lifandi röð af sauðfénu, ekki lengur að sjá í hlíðinni að vetri, en falleg var hún og löng þar sem amrgt var fé, ekki síst í alhvítri jörð. Fólksfækkun í sveitum hefur mikil áhrif á gagnsemi hunda, því sumstaðar er féð ekkert rekið á fjall lengur. Íslenski hundurinn var lengi eftirsóttur, skoski hundurinn líka eftir að hann kom.

p9
Alls konar kall var
notað og blísturshljóð líka en nafn hundsins þó líklega oftast. Hundi var sigað með orðinu yrr, en skammaður með, svei þér, eða skammastu þín. Hundinn þurfti fyrst og fremst að venja til gagns, hundakúnstir voru nær óþekktar. Ég þekki ekki að hægt sé að venja þá af vþí að elta bíla. Hundafár: Erfitt getur reynst að lýsa því sem þekkingin nær ekki til, en mér hefur skilist að hundapestin hafi gengið hér um aldamótin síðustu, og hundar á heilum svæðum hafi orðið aldauða. Lögðu menn þá í langferðir í önnur héruð til hudnakaupa og borguðu fyrir hvern þeirra dilksverð. Verst er að muna ekki fyrir víst hvaða landsvæði urðu verst úti, eða hver sluppu best. Var þessi veiki voðalega smitandi og engin lækning til þá og líklega ekki núna heldur. Mein hunda var fyrst og fremst heyrnarleysi og sjóndepra er þeir eltust. Hundahreinsun: Ekki man ég hvenær hundahreinsun var lögleidd, en minnisstætt er mér 9 ára gamalli, þegar ég sá fyrst hundi gefna ormaskammta, þá var inngjöfin hnoðuð í smjör og þessu síðan troðið ofan í hundinn. Þetta er eftirminnanlegt, engin áhöld til að auðvelda verkið og skammtinum troðið ofan í hundinn með priki og var hann bæði hljóðandi og urrandi á meðan á þessu stóð, sumir átu þetta þó sjálfir, án valdbeitinga. Fáfræði á þessu sviði gerði aðferð þessa gagnsminni, því alltaf fengu hundarnir tækifæri til að ná sér í sulli bæði

p10
á blóðvelli og eins
frá sláturhúsum. Þá voru þeir heldur ekki baðaðir eins og síðar varð skilda.
Nú er ormalifið gefið inn í töfluformi og notuð til þess ormalifsbyssa þar til gerð. Margir brenndu sullinum við slátrun hér áður, alltaf voru trassar til og þeirra vegna sóttist útrýming sullaveikinnar seinna. Nú er gott lag komið á þessa hluti, eigendum hunda gert skylt að lóga þeim samdægurs ef þeir koma ekki á hreinsunarstað. Hundar í draumi: Draumviturt fólk trúir því að hundar boði þeim margt í draumi, svo sem margir hvítir hundar saman boða fannkomu, einn hvítur hundur í draumi boðar gleði, svartur svik. Hundur sem fylgja: Þekki engar sagnir um hunda sem ættarfylgjur og trúi ekki á það. Andi og sál: Hundar voru mishrifnir af ókunnugum sem komu á bæina og mætti af því ráða, að áhrifin frá sumu fólki hefði verkað illa á þá, en frá öðru vel. Ef nokkur skepna hefur sál, þá eru það hudnar og vitsmuni hafa þeir mikla sumir hverjir, mörg tár hafla líka fallið við fráfall þeirra, það þekki ég. Dauði: Alltaf skotnir með haglabyssu, þar sem ég þekkti til, það gerðu rjúpnaskyttur sem einir áttu áhaldið. Hundskinn voru negld (spýtt) á þil eða vegg og breidd til prýðis á gólf þurrkuð. Maður er eins og útspýtt hundskinn, sem alls staðar telur sig sjálfsagðan öðrum til hjálpar og leiðbeiningar.

p11
Maður og hundur:

Já, þau voru glögg þau skil, samkvæmt minni, heyrðust sjaldan notuð sömu heiti á líkamshlutum manna og hunda og eru augu þar undantekning og er upptalningin á blaðinu, þessu um hundinn einmitt orðin sem notuð voru. Hundsdekur var ekki háð sérvisku, heldur því að sjá honum fyrir nægilegu viðurværi. Kveðskapur og sagnir: Sögur um trygga hunda eru svo víða á prentuðu máli svo sem í barnabókum, svo ég veit ekki hvar byrja ætti til þess að slíkt kæmi að gagni, legg ég því til að reynt yrði að safna saman sögum um þetta efni og yrði eflaust margur til með að láta svo sem eina frásögn af hendi rakna, gæti þetta orðið eftirsóknarverð bók handa börnum og efnið fylla bækur en ekki bók. Líklega eru þeir hundaeigendur horfnir af sviðinu sem þurftu hundsins með vegna ratvísi hans, nú þegar vélaöldin ríkir, þarf ekki að leita að litlu, lítið var það þó aldrei þegar hundurinn vísaði hálfvilltum ferðamanni heim. Orð og málshættir: Ekki get ég lagt í að útskýra neitt sem óskýrt er á blaðinu, enda sjálfsagt ekki til þess ætlast, en heyrt hef ég þessi orðtök. Mér finnst að útskýringar á því hvernig þau urðu til, henti betur fræðimanni á þessu sviði. Sum þessara orðtaka eru þess eðlis, að þau skýra sig sjálf, og vona ég mér verði virt það til vorkunnar þó ég gefi þetta frá mér. Ég veit að þessi svör og greinar sem ég sendi eru of lítils virði, en ég treysti því að þið takið viljan fyrir verkið.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1896
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8383

p1
Ég hefi lítið að
segja um hunda. Ég var smali í 4 ár frá 10-14 ára. Var þá fært frá á hverju
sumri og á Suðureyri var tvíbýli og smali á hvorum bæ og smöluðum við saman,
ég í 4 ár en á hinum bænum 2 smalar í 2 ár með mér hvor. Við höfðum báðir
hunda, ég átti tík sem hét Snotra. Var góður vinskapur með okkur, ég talaði
oft við hana. Mér fannst eins og hún skildi mig nokkuð. Það kom fram í
smalamennsku að við þurftum að senda þá oft langt frá okkur og gekk það
gott ef hún heyrði til mín og ég benti í þá átt sem hún átti að fara. Snotra
mín var sem kallað er íslensk, uppistandandi eyru, og hringað skott. Hundurinn
á hinum bænum var svipað íslenskur, en það gekk verr að senda hann, hann
varð að venjast tveimur smölum á þessum fjórum árum sem ég smalaði, þá
var hætt við að færa frá og féð deytt að hausti. Húsbóndinn dó 1909 og
ekkjan hætti að eiga fé, en sonur giftur, notaði túnin og hafði 2 kýr frá
mömmu sinni. Eftir þetta fór ég til sjós til 1934 og mín þekking á hundum
þar með búin, en ég finn alltaf til með hundum, síðan ófrelsi þeirra byrjaði.
Auðvitað varð ég var þefvísi og ratvísi hunda og var það einnig
á Snotru minni, það var eins og hún vissi alltaf af mér ef ég fór eitthvað.
Hún var vinaleg við alla, en hún elti mig alltaf hvert sem ég fór.
Auðvitað hef ég heyrt margt um húsdýrin okkar og er það yfirleitt hvernig
atlæti dýrin hafa. Þau finna það sem þeim er vel gert og meta það, ég held
ég láti þetta nægja um þetta efni, ég þekki það ekki það vel. Óska
ég ykkur alls góðs með góðri kveðju.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1912
Sveitarfélag: 311 Borgarnesi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8384

p1
Tegundin: Þau samheiti
hunda sem ég man eftir að notuð væru stundum á fyrri tíð og sum ennþá,
eru þessi: hundur, seppi, rakki, hvutti, garmur og héppi, en grey og skinn
voru notuð sem gæluorð, ýmist samsett eða ein sér. Aftur á móti þekki ég
ekki að hundar væru kallaðir delar eða búadelar. Ég þekkti aðeins að orðið
deli væri notað um óvandaða og hvimleiða menn, en hef aldrei heyrt hund
kallaðan dela. Afleidd orð um hunda sem ég man eftir svo sem: hundspott,
hundsskinn, greyskinn, garmskinn, greyskarn, garmskarn, flest af þessum
orðum voru notuð sem gæluorð. Það voru önnur ljótari viðhöfð þegar menn
skömmuðu hunda sína eða annara. Ekki man ég eftir að klódýr væri notað
sem samheiti, hvorki um hunda eða ketti. Væru menn reiðir við hunda voru
þeir stundum kallaðir hrædýr eða hrækvikindi. Hrækvikindi var verra skammaryrði
en hrædýr. Hundakyn: Já, það var talað um mismunandi hundakyn og
þá miðað bæði við vöxt og útlit. Ég man að hundar með lafandi eyru, stuttrófu-hundar
voru sagðir blendingar af íslensku kyni og útlendu. Ég hef séð hunda með
skott eins og dindil, þeir voru af sumum nefndir stubbhundar. Íslenskir
hundar voru með uppstandandi eyru og hringaða rófu, ekki

p2
mjög stórir og snögghærðir
var mér sagt. Ég sá marga þesshátt hunda hér áður fyrr, en nú er orðið
lítið af þeim eða varla til að ég held. Ekki veit ég um nein hundsbein
sem hafa komið upp við gröft. Heimilishundur: Flestir hundar flökkuðu
ekki nema þegar ástin greip þá. Væri tík í nágrenninu, sem var til í tuskið,
fóru flestir hundar á flakk meðan á ástandinu stóð, en komu svo heim aftur
og undu rólegir heima. En einn og einn hundur eyrði ekki heima og lagðist
í flakk og það alveg eins þó hann ætti góðu að mæta heima hjá sér. Ég man
ekki eftir að hundar væru taldir að neinu leiti tákn heimilisins, þó sögðu
sumir að hundar sem beittir væru hörku í umgengni yrðu grimmari en aðrir
en ég er ekki viss um að það sé rétt að öllu leiti, ég held það liggi í

eðli eða skapgerð hunda ef þeir eru grimmari en aðrir. Ég hef þekkt grimma og sérstaklega heimaríka hunda, sem áttu við mjög gott atlæti að búa, þeir sýndu að vísu heimafólki mikla tryggð og góðvild. Það var og er ennþá gert að gelda hunda sem leggjast í flakk, þeir verða rólegri heima, segir fólk. Ég veit ekki hvenær algengt varð að hafa hunda fyrir gæludýr, en það er mjög langt síðan að menn í kaupstöðum og þorpum áttu slíka hunda, þó það hafi aukist nú í seinni tíð. Hundar sem gæludýr eru síst

p3
verri en smalahundar
svona yfirleitt. Ég veit hvergi til þess að þéttbýlishundum hafi verið komið í sveit af því þeir væru orðnir óalandi heima hjá sér. Þó má það vel vera þó ég þekki það ekki. Ég man ekki eftir þessum málshætti: Svo er hundur sem hann er hafður. Verð á hundum og hvolpum: Ég held að ekki hafi verið neitt fast verð á hvolpum. Margir tóku ekkert fyrir þá, voru fegnir ef einhver vildi hvolp, ef þeir þyrftu þeirra ekki við sjálfir, sumir tóku eitthvert smáræði fyrir þá. Víða voru til tíkur á bæjum og þær gjóta að jafnaði tvisvar á ári. Flestum þótti leiðinlegt að lóga öllum hvolpunum undan þeim. Það þótti flestum sem ég þekkti til ómannúðlegt svo yfirleitt var enginn hörgull á hundum. Fullorðnum hundum var sjaldan fargað til lífs þar sem ég þekkti til. Þeir struku heim til fyrri heimilis og nýttust illa sagði fólk. Það var auðvitað sóst meira eftir hundum sem taldir voru af góðu fjárhundakyni. Líklega voru hvolpar fremur seldir en gefnir eftir að hundafár hafði gengið, mig minnir það fastlega. Ég man eftir að hundafár gekk yfir sveitirnar í Árnessýslu og sjálfsagt víðar, þegar ég var 13 eða 14 ára. Margir hundar drápust og verra var að fá hunda þá en venjulega og líklega hafa þeir verið seldir þá. Ég heyrði talað um bónda einn í Grímsnesi, mikinn búmann og gætinn vel. Hann missti hund sinn eða hunda í fárinu. Hann leitaði all víða

p4
og hafði loks
upp á tíkarhvolpi í annari sveit. Eitthvað átti hvolpurinn að kosta, ég man nú ekki hvort það voru 4 krónur. Eigandi hvolpsins færði Grímsnesbónda hvolpinn sjálfur og nefndi að mig minnir verð hvolpsins sem hann setti upp, 4 krónur að mig minnir. Grímsnesbóndi var ekki á því að borga tíkina að svo komnu máli en sagði: "Ég skal borga þér 6 krónur ef tíkin verður hundur, annars færðu ekkert." Eigandi hvolpsins sem var dálítið gamansamur tók þessu svari vel, hann bjóst aldrei við borgun, því eins og hann sagði, mundi seint verða kynskipti á tíkinni. Hann sagði kunningjum sínum frá þessum viðskiptum og bæði þeir og hann hlógu dátt að svari karlsins. Þeir vissu mætavel að karlinn átti við það að ef tíkin yrði góður smalahundur ætlaði hann að borga hana annars ekki. Svo féll þetta mál niður og var víst flestum nærri gleymt. En viti menn, ári síðar kemur gamli Grímsnesbóndinn til þess er seldi honum

tíkina og var nú kominn með sex krónurnar sem hann lofaði ef tíkin yrði hundur. Bóndi borgaði fyrrverandi eiganda hvolpsins krónurnar og þakkaði honum mikillega fyrir hundtíkina sem var orðin að afbragðs fjárhundi. Þetta þótti rausnarleg borgun og skildu báðir ánægðir. Þeir sem aldrei lóguðu öllum hvolpum undan tík urðu að ala upp hvolp haust og vor. Ekki var talið gott að taka hvolp frá tík yngri en tveggja mánaða eða þegar tíkin var búin að venja þá undan sér, þeir hættir að sjúga hana.

p5
Hundur verður til:
Já, almennt talað um lóðatíkur og lóðahunda. Sagt að hundarnir væru í lóðaríi. Já, oft sagt að hundar væru í tíkarsnatti. Já, það var stundum sagt um þá sem voru mjög lausir við heimilið að þeir væru eins og hundar í tíkarsnatti. Það var alþekkt og líklega verið notað hér áður fyrr að fólk reyndi að flæma frá sér flökkuhunda, hvort sem þeir voru í lóðaríi eða ekki,að binda eitthvað í skottið á þeim. En þegar ég var að alast upp var það almennt fordæmt og talinn ljótur hrekkur því eftir sem fullorðna fólkið sagði gat komið fyrir að hundurinn festi rófuna þegar þeir fóru í gegnum girðingar og raunar víðar. Þó sá ég einu sinni hund hlaupa hjá bænum sem ég átti heima á, með dós bundna við eða neðan við rófuna. Ég man hvað fullorðna fólkinu fannst þetta ljótt þegar ég sagði því frá því. Tíkur ævinlega kallaðar hvolpafullar um meðgöngutímann. Fæðing: Já, lang oftast talað um að tíkur og læður gytu. Þó sögðu sumir að þær legðu en það voru færri. Ekkert man ég eftir að neitt væri athugað í hvaða röð hvolparnir fæddust þegar ákveðið var hvaða hvolp ætti að velja til ásettnings. Við krakkarnir fengum ævinlega að velja og tókum þann sem okkur þótti fallegastur, hvernig það var á

p6
öðrum bæjum veit
ég ekki eða man það ekki. Ég man ekki eftir að neitt væri talað um að hvolpar fæddust sjáandi, hef raunar aldrei heyrt um það fyrr. Ekkert man ég eftir að neitt væri spáð í það í hvaða röð þeir lægju á spenum móður sinnar. Nýfæddum hvolpum og kettlingum var drekkt, ég þekki engin örnefni því tengd.
Auðkenni: Ég man ekkert eftir að talað væri um að hundar væru með fjáraugu, ég hef kanski gleymt því. Já, það var sagt að alspora hundar yrðu venjulega góðir fjárhundar, hálfsporar voru næstir að gæðum en óspora hundar áttu að vera sístir. Ekki held ég að þetta hafi alltaf gengið eftir.
Ekki man ég eftir að hvítir blettir við augu væru nefndir neitt sérstakt. Ef hundur var með hvítan rófubrodd var það ýmist nefnt þjófaljós eða týra, engri trú man ég eftir þar að lútandi. Mig minnir að sumir teldu að ef hundur hafði hvíta díla í augabrúnum, ætti hann að verða vithundur, en gæti orðið grimmur ef hann væri áreittur. En hvernig hægt var að sjá það á hvolpi hvort hann yrði geltinn eða ekki man ég ekkert um. Litir hunda og nöfn: Hundar hafa nokkuð margbreytilegan lit. Mórauðir oft nefndir Mórar, svartir stundum nefndir Surtur. Hvítir, þá

oft með dekkri lit á eyrum og vöngum

p7
stundum nefndir Kjammar.
Svo eru hundar kolóttir, þá heita þeir Kolur ef nefndir eru eftir lit.
Gulir eru sumir, þá nefndir Gulur. Gráir eru til svo og flekkóttir. Heyrt
hef ég nafnið Flekkur á hundi. Dílóttir, ljósir með dekkri dílum, Díli,
er til sem hundsnafn, svo eru trútóttir oft nefndir Strútur. Svo eru auðvitað
fjöldi nafna á hundum sem ekki koma lit eða eiginleikum dýrsins við. Nafnið
Tryggur sem er algengt á að vísa til tryggðar hundsins. Kátur er nokkuð
algengt nafn oft gefið kátum og leikfullum hvolpum. Vaskur á að vísa til
vaskleika og dugnaðar. Gráa hunda nefna sumir Kópa. Heilspora hunda
nefna menn Spora, loðna hunda kalla sumir Lubba og stuttrófuhundar voru
nefndir Stubbar. Hvatur var sá hundur oft skýrður sem var snar og röskur.
Irri var heldur geðstirður. Týri og Týrus höfðu týru í rófunni eða þjófaljós
eins og sumir segja. Vargur frekur og Móski dálítið fyrir að ganga full
rösklega til verks, oft gjarn á að bíta. Sama má segja um Frakk. Tjára
átti að vera góður fjárhundur. Píla skjót í förum, fljót að hlaupa. Glámur
dökkur með hvítan hausinn og oft lappirnar að neðan. Skuggi var svartur
eins og Surtur. Lappi dökkur með hvítar lappir eða neðst á fótum. Kápótta
og snoppótta hunda man ég ekki eftir að hafa heyrt nefnda. Það var aldrei
talað um snoppu á hundi þar sem ég þekkti eða þekki til, heldur trýni,
skott og hvoft á hundum en snoppu á fé, flipa á hestum, granir á kúm og
trýni eða snjáldur á köttum. Þetta var nú útúrdúr.

p8
Hárafar: Já, það
var sagt að loðnir hundar væru lubbalegir, hétu líka oft Lubbar. Ekki veit
ég til þess að hundshár væri haft til nokkurra nota. Nei, ég kannast ekki
við að orðið snoð væri haft um það þegar hundar gengu úr hárum, aðeins
talað um að hundurinn væri að fara úr hárum. Stundum voru loðnir hundar
klipptir, þá var sagt að hundurinn hefði verið snoðaður. Það var gert í
þrifnaðarskini og svo til þess að hundinum væri ekki allt of heitt að sumrinu.
Þetta var ekki algengt en einstaka menn gerðu það. Rödd hunda: Hundar
skrækja hátt ef þeir meiða sig. Þeir ýlfra og ýla ef þeim líður illa, eru
meiddir, veikir eða leiðist. Þeir urra ef þeir eru reiðir og stundum hálf
hræddir, reisa þá kamb og urra, bofsa ef vel liggur á þeim eða þeir sjá
eitthvað sem þeir eru ekki vissir um hvað er. Þeir gelta oft af gleði og
kátínu og svo þegar smalað er með þeim eða þeim er sigað og svo gelta þeir
ef ókunnir menn koma eða þeir sjá eitthvað sem þeim finnst merkilegt, gjamm
er nokkuð sama og gelt en sumir hundar eru sí geltandi að öllu og engu,
það er oft kallað gjamm. Hundar góla og spangóla oft af leiðindum
eða ef þeir heyra til annara hunda í fjarlægð eða heyra þeim óþekkt hljóð.
En af hverju þeir spangóla móti fullu tungli held ég ekki sé vitað með
neinni vissu. Úlfar gera það líka.

p9
Ég hef aldrei heyrt
sagt að hundur sem urrar sjóði grottann. Hef aldrei heyrt talað um sjógól eða nágól hjá hundum. Já, það var talað um gestagelt í hundum. Ekki kannast ég við að hávær hundur væri kallaður gjárífur. En sumir kölluðu mjög geltgefna hunda, kjaftaska. Ratvísi, þefskyn: Hundar hafa mjög næmt þefskyn, það hef ég oft og mörgum sinnum séð. Sumir hundar rekja slóð þess sem þeir eru fylgisamir langar leiðir, ég hef vitað til þess að hundar sem lokaðir voru inni þegar húsbóndi þeirra fór eitthvað, röktu slóð hans þegar þeim var sleppt út löngu síðar, svo skipti klukkutímum stundum. En þetta er nú samt mjög misjafnt hjá hundum. Ratvísir eru þeir líka en það eru nú fleiri skepnur svo sem hestar. Kindur eru líka ratvísar, þær geta náð heim til fyrri heimkynna ef þær voru seldar eða fólk hafði bústaðaskipti, meðan flytja mátti fé milli héraða. Spádýr: Ég man ekki eftir að hafa heyrt um neins konar spádómsgáfur hjá hundum, hvorki að þeir spáðu fyrir gestakomu eða sægju fyrri feigð á mönnum. Tíkarmjólk: Ég þekki enga þjóðtrú varðandi tíkarmjólk eða áhrif hennar.

p10
Lækningar: Já, ég
kannast við málsháttinn og held að margir hafi talið að ef hundar sleiktu sár eða skrámur gryfi ekki í þeim. Nei, ég þekki ekkert til þess að mör eða feiti úr hundum hafi verið notuð til lækninga, ég man engin önnur læknisráð viðvíkjandi hundum annað en láta þá sleikja sár. Hundsbit. Sumir hundar eru og voru grimmir, margir sem þannig eru sinnaðir sýna engin merki óvináttu meðan horft er á þá en reyna að komast að fótum eða höndum fólks og bíta þá oft svo að sár koma. Við sárum af hundsbiti var helst að bera í þau jog og binda um ef sárið var mikið eða djúpt, sjaldan varð illt úr hundsbiti. Nei, ég hef aldrei heyrt nefnda þá kenningu að brenna ætti hár af bithundinum og setja öskuna í sárið. Hef þó fengið slæmt bitsár á hendina eftir hund. Já, það er sagt að hundar sýni tennur, glefsi og bíti. Hundar láta oft skína í tennurnar ef þeir eru reiðir við menn eða aðra hunda. Ég hef heyrt sagt frá því að vígtennur væru brotnar úr grimmum hundum en aldrei þekkt það. Áflog hunda: Já, það var algeng venja að hella köldu vatni yfir álfogahunda og gafst oft vel. Þó sumir létu sér ekki segjast við það. Þá var reynt að

p11
ná í hnakkadrambið
á þeim og slíta þá í sundur og annar vargurinn lokaður inni ef þess var kostur. Hrælykt: Já, orðið hrælykt þekkja að ég held allir um sérstaka lykt af hundum, sérstaklega er lyktin sterk ef hundurinn er blautur, ég man ekki eftir öðrum orðum um þetta. Hundaþúfa: Sumir nefndu þessar svo kölluðu hundaþúfur fuglaþúfur, það var þó mun sjaldgæfara að heyra það nafn. Já, ég þekki orðtakið: "Nú þykir mér hundaþúfar vera farin að hreykja sér." Hundur í mannaferð: Já, ég þekki orðtakið

að vera eins og hundur í hverri hofferð. Oft sagt við þann sem var mikið fyrir ferðalög, vildi helst allt fara. Já, það var og er enn algengt að hundar fylgi mönnum milli bæja, ef menn eru gangandi eða á hesti. Nú fara flestir á bílum og þá elta hundadr síður þó að það sé til ef stutt er að fara. Hér áður fóru hundar með fólki oft á mannamót og kirkjuferðir ekki undanskildar. Við kirkjur var oft margt um hunda, þegar ég var krakki. Oft komust hundar inn í kirkjuna. Meðhjálparinn spratt þá á fætur og rak hundinn út. Ekki man ég þó eftir beinum messuspjöllum út af því. En nætti lá stundum ef hundurinn þráaðist við að fara út.

p12
Bæli hunds: Já, ég
held að alls staðar hafi hundurinn eða hundarnir bæli á bæjum, stundum í skoti í bæjargöngum í eldiviðargeymslu eða eldhúsinu. Venjulega var strigapoki hafður í bælið og skipt um þegar pokinn var orðinn mjög óhreinn eða blautur. Ég hef heyrt talað um sérstakan hundakofa en ekki séð það sjálf. Já, þar sem ég þekkti til voru hafðir inni sumar og vetur en ég hef bæði heyrt sagt og lesið um það að svo hafi ekki alls staðar verið hér áður fyrr. Þá var hundi sigað út undir nóttina og látinn liggja úti vetur og sumar, sums staðar að minnsta kosti. Hundsdallur: Allir hundar áttu sinn dall, þar sem ég þekkti til. Dallurinn var oftast hjá bæli hundsins svo hafði hundurinn líka dós eða annað ílát undir mjólk, hjá bælinu sínu. Þetta held ég hafi verið algengast, það var að minnsta kosti svo heima hjá mér og víðar sem ég þekkti til. Það má vel vera að sumir hafi haft smá trog undir lap hundsins, ég veit það ekki. Ég kannast ekkert við hundsstein, man ekki eftir að hafa séð að hundi væri gefið í steinholu við fjós eða kvíar. Hundsmatur: Já, hundar fengu allar matarleifar, bein, roð og grautarafgang, en til viðbótar fengu þeir

p13
súrmat ef annað var
of lítið, margs konar afgangur frá slátrun haustsins voru soðnir og látnir í sýru í sérstök ílát eða kagga og bætt við hundana ef annað var of lítið, svo fengu þeir mjólk. Nei, ég man ekki eftir orðtakinu að mæna eins og hundur á bita. Ekki man ég heldur eftir orðtakinu að horfa til augna. Ekki man ég eftir að hundslap væri miðað við neitt sérstakt, það var bara áætlað eða mælt í mjólkurdallinn. Smalahundur, fjárhundur: Það voru víst eins margar aðferðir við að venja hvolpa til að verða góðir eða sæmilegir smalahundar og eigendur og hundar voru margir og árangur oft eftir því. Sumir og furðu margir voru lagnir við að temja hunda en aðrir voru óþolinmóðir fautar og börðu hvolpana mikið, árangur var því æði misjafn enda upplag hunda ekki síður margbreytilegt en manna. Fólk sótti meira
eftir þeim hvolpum sem voru af góðu hundakyni.

Það er nú
ekki gott að svara því hvernig hundum var sigað en þó sögðu flestir urridann

eða eitthvað í þá áttina. En sumir gátu vanið hunda sína svo vel að þeir
þurftu ekki annað en benda hundinum og segja honum hvert hann ætti að fara
en það var nú ekki algengt. Þegar menn skömmuðu hunda sem höfðu verið eitthvað
óþjálir var orðskrúð manna svo mikið og margvíslegt að nægði í dágott bókarkver.
Sumir sögðu það hef ég raunar oft heyrt: "Svei,

p14
þér þú hefur étið
folald." En ég hef aldrei þekkt hund sem hefur skammast sín fyrir
að éta folald. Sumir, helst unglingar kenndu hundum sínum
að heilsa, en það voru nú aðeins fáir. Ég held ef hundur er á annað borð
gefinn fyrir að bíta sé tæpast hægt að venja hann af því en það eru alls
ekki allir hundar gefnir fyrir þá íþrótt. Hundafár: Ég man einu
sinni að hundafár gekk þegar ég var um fermingu, margir hundar drápust.
Þeir fengu fyrst eins og kvef, þeir fengu hita og virtust finna mikið til.
Að lokum fengu þeir krampa og dóu. Þetta var nokkuð skætt fár en ekki drápust
allir hundar sem fengu fárið og enginn teljandi skortur varð á hundum að
mig minnir. Ekki veit ég hvaða síkill olli þessu. Þá voru fáir dýralæknar
í landinu. Ég heyrði aldrei talað um að til þeirra hefði verið leitað.
Það geta ýmsir kvillar þjáð hunda eins og önnur dýr. Þeir verða oft fótaveikir
með árunum. Þeir fá stundum gikt og margt og margt. Hundahreinsun:
Hundar eru nú alls staðar hreinsaðir og víða baðaðir á eftir. Ég hef aðeins
heyrt sagt frá því að hundar hafi verið látnir sleikja matarílát fólks
en aldrei hef ég þekkt það af eigin raun og óhætt mun að fullyrða að það
sé hvergi gert nú til dags. Ef sullur fannst í kindum þegar ég var
að

p15
alast upp eða meðan
slátrað var heima voru sullirnir brenndir. Þess vel gætt að hundarnir næðu
ekki í þá. Ekki veit ég til þess að það boðaði neitt sérstakt að dreyma
hund eða hunda. Hundur sem fylgja: Ég hef nokkrum sinnum heyrt sagt
frá því að hundar hafi sést með sumum mönnum. Það voru hundar sem þeir
höfðu átt en um hunda sem ættarfylgju hef ég lítið heyrt en þó lesið um
það í þjóðsögum. Jafnvel voru hundar vaktir upp og sendir sem hundsdraugar
óvinum þeirra, sem vöktu þá upp, þá urðu þeir hundar auðvitað ættardraugar
en engan þekki ég sem telur sig hafa séð neinn þess háttar hunddraug.
Já, ég er búin að segja frá því að fólk hafi stundum séð látna hunda með
eigendum sínum. Því var trúað af sumum að dýrin hefðu sál, svo framarlega
sem nokkur hefði sál. Hafi menn sál, hafa dýr og allt sem lifir það líka.
Það er alltaf allt í óvissu með sálartetrið hvort hún er til eða ekki og
skiptir víst ekki miklu máli um það. Dauði: Ég er ekki viss en held
þeir hafi verið hengdir, líklega hafa sumir drekkt þeim, hvolpum og kettlingum
ný gotnum var drekkt. Hundskinn voru stundum nýtt, ég sá kuldahúfur úr
hundsskinni, heimagerðar. Sá sem var eins og útspýtt hundskinn var á þeytingi
í allar áttir, orðtakið bendir til þess að

p16
hundskinn hafi verið
hirt og spýtt á þil eða vegg eins og gert var við önnur skinn. Engin örnefni
þekki ég sem benda til aflífun hunda. Maður og hundur: Já, það var
yfirleitt gerð glögg skil á manni og dýri þegar rætt var um líkamshluta
þeirra og háttalag. Það var munnur á manni en skoltur á hundi, augu á manni
en glyrnur í hundi, nef á manni, trýni á hundi, fætur á manni, lappir á
hundi. Maður nærðist eða borðaði, dýrin átu. Það þótti fremur rustalegt
tal að segja að fólk æti og svo framvegis. Ég hef aldrei heyrt að
ekki mætti gefa hundi þrjá bita eða að hundur væri gerður að manni með
því. Ég hef aldrei heyrt fólk tala neitt um það þó einhver dekraði við
hunda sína. Nema um konu eina sem sagt var um að hún léti hund sinn sofa
til fóta hjá sér á nóttunni. Það olli sumum talsverðrar hneykslunar. Kona
þessi er látin fyrir áratugum. Ég kann því miður engar vísur eða
þulur um hunda annað en þessar algengu svo sem: Kolur heitir hundur minn
o.s.frv. Ég hef heyrt margt sagt frá tryggð og viti hunda en hef
engan þekkt sem sker sig neitt að ráði frá öðrum hundum. Orð og
málshættir: Ég kannast við flest orð og málshætti sem

p17
hér er talið upp.
Hundsspott var haft um menn í niðrandi merkingu en oft sem gæluorð um hunda.
Hundaart þekki ég ekki. Hundslegur var sá maður stundum kallaður sem var
eitthvað skömmustulegur. Hvolpavit sagt um unglinga með vaknandi ástarþrá
og líka sagt um hvolpa, þá í merkingunni að þeir væru að vitkast. Að liggja
hundflatur, sagt um þann sem lét aðra hafa óþarflega mikil áhrif á sig
og þá ekki alltaf til góð, ég á við um menn. Ef hundur var í manni til
annars eða annarra manna var maðurinn reiður eða argur út í annan. Sá maður
sem hvorki heilsaði eða kvaddi ef hann kom á bæ, þá var sagt hann kæmi
eins og hundur og færi eins og hundur. Já, óvinir hittust
sem hundar á greni. Já, sá sem ræddi um ævi sína og var ósáttur við lífið
sagðist máski hafa dvalist eða baslað á einhverjum stað alla sína hundstíð.
Það sögðu líka sumir um aðra sem þeir voru reiðir út í af einhverjum ástæðum
að þessi eða hinn hefði verið svona eða svona alla sína hundstíð. Að vera
eins og halaklipptur hundur var sagt um þann sem var sneypulegur og skammaðist
sín fyrir eitthvað. Tíkarspenar, fléttur stuttar á smástelpum, glettni
eða stríðni.

Þekki ekki
orðtakið: "Veit hundur hvað étið hefur." En málsháttinn: "Erfitt
er að kenna göldum grepp og gömlum hundi að sitja rétt." Haft um vanafestu
og óvilja fólks að víkja frá venju sinni í einhverju. Hundaklyfberi var
haft um menn til niðrunar, oft sagt um meinsama óþjála og skapstirða menn.
Tíkarlegur var sagt um þá sem voru nískir og smásmugulegir. Hundslappadrífa
víða sagt um stórgerða logndrífu.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1899
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8381

p1
Inngangur.

Sá er meir en trúr
og tryggur,
með trýnið svart
og augun blá.

Fram á sínar lappir
liggur,

líki bóndans hjá.

Vísa úr gömlu prentuðu
kvæði, sem ég lærði mjög ungur, en man ekki nú, hvenær eða hvar.
Tegundin: Allir hundar sem ég hef séð á langri ævi og man eftir að sumir
hafa verið kynblendingar við erlend kyn, líklega einkum dönsk, að sagt
var. Þó er það ekki vel að marka, því að lengi var það almenn venja að
kalla allt erlent, bæði dautt og lifandi "danskt," samanber "danskir
skór." Hundakyn: Um engin sérstök kyn var að ræða að
því sem ég þekkti til, allt eintómir kynblendingar, með lafandi eyrnabrodda
og rófu eða skott og afar mismunandi stærð og lit. Heyrði þó talað um mismunandi
góð fjárhundakyn, sem þá var markleysutal, því að mest var upp úr því lagt
að hundar væru duglegir að gjamma og gelta, enda til engra nota nema við
fjárrekstur, vor og haust. Magnús Pétursson, lengi héraðslæknir á Ströndum
(síðar bæjarlæknir í Reykjavík), var afburða röskur ferðamaður, þ.e. göngumaður
og því fljótur í ferðum í ..... á vetrum. Magnús átti útlendan
hund, á stærð við kálf eða roskna kind, hann var svartur á lit, loðinn
og lubbalegur, enda nefndur Lubbi. Varla er vafi á því, að Lubbi hefur
aukið kyn sitt í fleiri en einni sveit vestur þar.

p2
Á hverju einasta
sveitabýli var a.m.k. einn hundur og á mörgum býlum 2-3 hundar og allt
í 4-5, en það var þó sjaldgæft. Minnist ég þess frá Súðavíkurárum mínum,
að sem formaður skattanefndar lenti ég iðulega í þrasi við einn fjár.....
bónda Vestfjarða þá (Á.H. á Eyri í Seyðisf.), með ca. 300 vetraralins fjár
og eiganda að 5-6 hundum, sem hann taldi sér nauðsynlega í smalamennsku
og fjáreleitum í víðlendu sumarbeitilandi, þ.e. Hestfirði og Hestfjarðarheiði.
Auðvitað voru það frádráttarliðir skattframtalsins sem okkur skildi á um.
Ágúst vildi mega draga frá eitt mannsfæði fyrir hvern sinn hund, það þótti
mér of mikið, en féllst á hálft mannsfæði og það mun hafa fengið að standa
óátalið eða athugasemdarlaust af bæði sýslumanni (Jsh.G.Ólafss.) og yfirskattanefnd.
Þetta er hið eina dæmi sem ég veit, að hundur eða réttara sagt vinna
hunds sé virt til verðs á móti manni eða mannsvinnu. Nokkur dæmi veit ég
þess að hundar væru geltir. Verð á hundum og hvolpum: Ég veit ekki
til þess að hundar eða hvolpar hafi verið seldir, þeir voru aftur á móti
gefnir, ef svo vildi til að ung og hundlaus hjón byrjuðu búskap, sem sjálfsagt
hefur oft gerst, bæði fyrr og síðar. En þrátt fyrir það mun yfirleitt hafa
verið sóst eftir hvolpum og þéttvöxnum hundum af fjárhundakyni, eða það
sem fólk hélt vera góða fjárhunda, þ.e.a.s. væru duglegir að gelta og þolnir
að hlaupa. Hundur verður til: Lóðarí, lóðatík og lóðahundur voru
algeng orð og ég man ekki til að hafa heyrt annað orðafar um ástalíf hunda.

p3
Það ekki einungis
þekktist heldur var algengt og allt að því undantekningarlaust að lóðahundum
væri bægt frá bæjum með öllum tiltækum ráðum, sem yfirleitt dugðu þó ekki
til og tíkurnar því hvolpafullar á hverju ári og oft tvisvar, þrisvar á
ári. Helstu ráð mann við að bægja lóðahundum frá tíkum sínum var að skjóta
á þá lausum púðurskotum, binda hrútshorn í skott þeirra eða blikkdós með
skeljum og smásteinum, sem skrölti vel í er hundurinn hreyfði sig og hljóp
á burt undan "svei" og skammarorðum. Fæðing: Hundar og
kettir gjóta, ær og kýr bera, hryssur kasta og konur fæða. Önnur orð um
þessa hluti hef ég, að ég hugg aldrei heyrt, enda eru þau í hvers manns
munni, trúlega um land allt. Oft var hvolpur skilinn eftir hjá móður
sinni henni til ánægju, en hinum drekkt ósyndum eða kæfðir sem var hið
venjulega orð yfir þá athöfn í Steingrímsfirði. En vestur við Djúp virðist
hafa verið algengara að drekkja hvolpum og dettlingum í sjó. Samanber orðið
"Hundatangar," blágrýtisgangan í sjó fram og aðdýpi mikið. Þegar
hvolpar voru kæfðir heima í frambæ eða útihúsi eins og algengt var það
gert í stæku hlandi í skolpfötu og gastorfa lögð yfir. Auðkenni:
Í bernsku og á unglingsárum heyrði ég talað um hálfspora, alspora og óspora
hvolpa, en vissi aldrei

p4
hvað það þýddi eða
átti að merkja - er kannski búinn að gleyma því - held þó að sporarnir
hafi verið einhverjar litlar aukaklær aftan við gangþófana. Hvolpur með
spora var líklegri til þess að verða góður fjárhundur en óspora hvolpur,
einkum ef hann var það sem kallað var alspora. Kannast ekki við nein önnur
einkenni nema e.t.v eftir lit, s.s. Flekkur um skræpóttan hund, Skuggi
um svartan hund, Lubbi um mjög loðinn hund, Punta og Díli um smáflekkótta
hunda og tíkur, annars allra handa nöfn s.s. Valur, Döggur, Snati o.s.frv.
Litir hunda og nöfn: Ég man ekki til að lit hunda væri lýst með
..... orðalagi öðru en t.d. svartur, mórauður o.s.frv. aftur á móti
algengt um sauðfé, s.s. flekkótt, kolótt, kápótt, o.fl. Hárafar:
Man ekki eftir öðru í því sambandi en orðunum lubbi og lubbalegur og "að
ganga úr snoðinu," heyrði ég eingöngu sagt um unglömb, sem vegna vannæringu
eða norkulda urðu hárlítil, þ.e. ullin datt af þeim og voru þau þá klædd
í vaðmáls- eða prjónasmokk. Rödd hunda: Já, já, hundar ýlfra, gelta
og spangóla og jafnvel stynja og geyspa í veikindum og leiðindum. Sjógól
og nágól eru mér algerlega ókunn orð um spangól hunda, einnnig gjárifur,
aldrei heyrt það eða séð á prenti fyrr. Á hinn bóginn var til að orðin
nágól og spangól væru

p5
notuð sem háðsyrði
um lélegan söng mann, hvort heldur hann átti sér stað í heimahúsum eða
annars staðar. No. gjárifur kannast ég ekki við og minnist þess eigi að
hafa heyrt það nokkurn tíma eða séð á prenti, fyrr en hér á þessari skrá.
Ratvísi og þefskyn: Ég efa ekki að hundar eru almennt ratvísir og
lyktnæmir, þó mun það mjög misjafnt, einkum ratvísir, en mjög næmt lyktarskyn
eða "þefsgeisli" eins og ég hef heyrt einn mann að orði komast,
er trúlega öllum hundum meðfætt, vitrum jafnt sem vitlausum. Sérstakar
sögur af hvoru tveggja kann ég þó ekki. Hitt liggur hverjum sveitamanni
í augum uppi, að hundur sem rekur spor manns eða dýrs beitir eingöngu þefskyni
sínu en ekki sjón, enda er sjónskyn hundsins lélegt líkt og náfrænda hans
fjallarefsins. Spádýr: Af hundum sem spádýri eða forvitrun kann
ég engar sérstakar sögur, en veit þó af eigin reynd um einn hund, sem virtist
hafa erfiðar draumfarir á undan óveðri og mikilli gestakomu, lýsti það
sér í ýlfri, lágu urri og ýmsum ósjálfráðum hreyfingum. Tíkarmjólk:
Ekki kannast ég við neina þjóðtrú varandi tíkarmjólk. Lækningar:
"Kattartungan særir, hundstungan græðir," þennan málshátt

p6
heyrði ég sem barn.
Annað hef ég ekki um lækningarmátt hundstungu og veit ekki betur en að
flestir eða fólk yfirleitt hafi litið á þessi ummæli sem gamalt og marklaust
rugl. Ég veit hvorki til né hefi heyrt þess getið, að nokkrum manni eða
konu hafi til hugar komið að láta hund sleikja sár og skurfur í græðslu-og

lækningarskyni. Þvert á móti gætti fólk mikillar varfærni í sínum samskiptum
við hunda, a.m.k. allt yngra fólk. Hundsbit: Verulega grimma hunda
hef ég aldrei þekkt eða heyrt frá þeim sagt, en man þó eftir tveimur svörtum
tíkum, sem þótti grimmar og voru óvinsælar í Súðavíkurþorpi fyrir það,
að þær réðust að vissu fólki, einkum gestum eða ókunnugum með urri og hælbiti,
en aldrei varð það svo alvarlegt að blóð rynni, enda hefði ég þá séð til
þess að eigendurnir lóguðu þeim. Ég þekkti nokkur dæmi þess að hundar væru
geltir, ekki vegna grimmdar heldur til þess að þeir legðust síður á flakk
og einnig að klipptar væru úr þeim vígtennurnar svo að þeir yllu ekki skaða
á einstökum kindum,

p7
sem þeir voru látnir
elta upp úti á víðavangi og halda föstum þar til menn komu að. Áflog
hunda: Að sjálfsögðu voru áflog hunda mjög algeng og eiginlega óhjákvæmileg
þar sem margir komu saman, eins og við kirkjuferðir fólks og almenn fundahöld.
Ekki þekkti ég til þess að áflog hunda væru skökkuð öðru vísi, en
að einn til tveir hraustir og handsterkir menn réðust inn í hundaþvöguna
og gripu handfylli sína í hnakkadrambið á verstu áflogaseggjunum og vörpuðu
þeim frá sér, harkalega, svo að föðmum skipti og þá jafnvel í læk eða sjó
ef slíkt var til staðar. Hrælykt: Orðið hrælykt þekki ég ekki um
lykt af hundum, heldur aðeins um þef af sjálfdauðum skepnum og hverjum,
sem úldnað hafa út haganum, þ.e. á víðavangi. Hundaþúfa: Já,
rétt er það, að hundaþúfur eru al þekktar í trúlega hverri sveit okkar
lands. En sjálfsagt ber þessum bréfhirðingastöðum eða pósthúsum hunda þ.e.
tegundarinnar ört fækkandi með þverrandi hundahaldi til sveita, samhliða
minnkandi og deyjandi sauðfjáreign bænda. Orðið hundaþúfa hef ég
ávallt heyrt notað í niðrandi merkingu, s.s. "það er sitt hvað

p8
hólastóll eða hundaþúfa."
Önnur orðtök um hundaþúfur minnist ég ekki að hafa heyrt eða séð í bók.
Þó má vera að ég hafi einhvern tíma heyrt það notað í svívirðingarskyni
um ...fjárlegt tarfhús, af vanefnum reist t.d. "þessi bölvuð hundaþúfa."
Hundur í mannaferð: Já, já, algengt orðtak "að vera eins og
hundur í hverri hofferð," notað um virðingagjarna menn, þ.e. þá sem
létu bera mikið á sér á mannafundum og samkomum eða sóttust eftir að vera
í fylgd með heldri mönnum, prestum, ... og öðrum embættismönnum og þá
sem haldnir voru flökkueðli, þ.e. síflakkandi bæja á milli. Bæli
hunds: Að sjálfsögðu höfðu hundar sérstakt bæli alls staðar þar sem ég
þekkti til. Venjulega í framhúsum á meðan torfbæir voru við lýði, en í
útihúsum, skemmum eða skúrbyggingu eftir að timbur- og steinsteypt bæjarhús
komu til sögu á þessari öld.

p9
Hundsbælið var nálega

undantekningarlaust lítill og lágur trékassi, með pokadruslum eða heydýnu á botninum. Engir hundar voru að sjálfráðu látnir liggja úti, nema flökkuhundar, sem allir reyndu af fremsta megni að losna við. Hundsdallur: Að sjálfsögðu höfðu hundar sitt sérstaka matarílát. Oftast gamalt og gisið mjólkurtrog eða litla og aflóga mjólkurbyttu. Stundum skörðóttur leirdiskur eða leiskál. En ekki þekki ég til þess, að sérstaklega hafi verið smíðað ílát eða dallur til þeirra nota, þótt það geti svo sem hafa átt sér stað í einstaka tilfelli hjá frumbýlingum. Enda er hitt aðalatriðið, að alveg undantekningalaust hjá öllu fólki, ungu sem öldnu, hafði hundur og hundar, ef margir voru, sín matarílát út af fyrir sig, sem ég hyggg að sjaldan og jafnvel aldrei hafi verið þrifin af öðrum en þeim er úr þeim átu, þ.e. hundunum sjálfum. Hundasteinn: Kannast ekki við þetta fyrirbæri, man ekki til að hafa um það heyrt eða lesið nokkurn staðar. Hundsmatur: Ekki þekki ég til þess að hundum eða hundi væri ætlaður sérstakur skammtur matar

p10
annan en þann, að
auðvitað var þeim almennt ætlaður og gefinn allur úrgangsmatur s.s. roð, bein og uggar, samanber eins og "snúið roð í hund," og þar sem hundar voru margir t.d.d 3-4 eða fleiri var eldaður þ.e. soðinn fyrir þá sérstakur maisgrautur og auk þess snöggsoðin kindalungu o.fl. sem ekki þótti mannamatur. Ekki þekki ég "að horfa til augna," en hitt mun ég oft hafa heyrt "að mæna eins og hundur eftir bita."
Hundslap: Minnist þess ekki að hafa heyrt þetta orð eða séð á prenti fyrr en hér og veit því ekki hvað átt er við, þótt ég geti ímyndað mér að það merki einna helst lítinn eða illa úti látinn mjólkurskammt húsmóður til vinnufólks. Smalahundur, fjárhundur: Á komandi hausti eru rétt og slétt 50 ár síðan ég átti og umgekkst hunda, er því að vonum margt úr minni fallið í þessu sambandi við þessi oft vitry og tryggu dýr.

p11
En þó er það svo,
að ef ég ætti að segja frá öllu sem ég man um samveru mína við síðast og skynsamasta hundinn minn, þá yrði það of langt mál, sem ugglaust verður aldrei skráð, hvorki af mér né örðum. Hvolpar voru yfirleitt lítið eða svo að segja ekkert vandir eftir að fráfærur lögðust niður að mestu og all víða að fullu leyti um 1910-12. Mest var hugsað um að hundar væru duglegir að gelta og gjamma við rekstur í fé og stundum hesta. Samt sem áður reyndu ýmsir, bæði ég og aðrir að venja unga hunda í smalamennskum við að fara vel að fé, þ.e. skynsamlega, t.d. að fara á svig við kindur eða fjárhóp í fjallshlíð og komast upp fyrir hann til þess að stugga honum niður í hlíðarfót eða jafnvel allt niður á láglendi. Þetta var reynt með hrópum og bendingum. Ef vel tókst til hlaut hvutti klapp og kjass að launum en ella skammir og skútyrði og jafnvel barsmíði. Ekki kannast ég við önnur atyrði við hunda, en svei þér og skammastu þín, folaldsát hef

ég aldrei heyrt nefnt í því sambandi, kannski lesið um það í einhverri
þjóðsögu og þá sem skammaryrði við mann eða menn, en alls ekki hund.
Vissi aðeins um einn ungan bónda, sem að gamni sínu kenndi hundi að sitja
á rassinum og rétta fram aðra löppina til þess að heilsa og kveðja. Veit
ekkert um það hvernig hundar hafa verið vandir af því að elta bíla, ef
það hefur þá tekist, því að bílaöld og umferð var tæplega gengin í garð
þegar ég hætti að eiga og umgangast hunda þ.e.a.s. á þeim slóðum þar sem
ég hefi átt heima.

p12
Hundafár: Hundafár
eða hundapest, sem er miklu algengara orð um veikina, hefur aldrei gengið
í mínum dvalar sveitum, en hitt kom nokkrum sinnum fyrir að hundar drápust
kvalafullum dauða af eitri, ef þeir komust í útburð, sem eitraður hafði
verið fyrir refi. Hamingjunni sé lof fyrir að nú er þeim ósóma löngu
hætt, vil ég vona. Ég mun hafa heyrt þess getið eða e.t.v. lesið í einhverri
bók, að gott lyf gegn eituráhrifum bæði hjá mönnum og dýrum væri spenvolp
mjólk úr þrílitri kú, sem er að sjálfsögðu hrein bábilja. Hundahreinsun:
Fyrir mitt minni voru í hverri sveit byggð smá hús á þingstað hreppsins.
Þessi smáhýsi voru nefnd "hundakofar," og báru nafn með rentu,
því að þangað var stefnt öllum hundum sveitarinnar að ákveðnum haustdegi,
þeir sveltir þar yfir nótt, hreinsaðir og baðaðr

p13
úr sterkum legi,
þ.e. sauðfjárbaðlegi. Til þessa starfs réði hreppsnefnd sérstakan
mann hverju sinni, en oft var það sami maðurinn ár eftir ár, og jafnvel
svo áratugum skipti og fékk hann þá auknefnið "hundadoktor."
Þessum fyrrnefndum hundakofum var mjög misjafnlega vel haldið við,
sums staðar urðu þeir með tíð og tíma ónothæfir eða féllu alveg í rúst,
en þrátt fyrir það féll hundahreinsunin ekki niður, en kannski ekki framkvæmd
árlega. Fór þá hundahreinsunarmaðurinn bæ frá bæ og gerði boð á undan sér,
að hundar væru sveltir og fenginn til afnota ....hús eða eldri viðarkofi
þar sem hann gæti framkvæmt ætlunarverk sitt. Sögusagnir um
að fólk hafi látið hunda sleikja matarílát sín eru trúlega ýktar ákaflega,
þótt ekki sé hægt fyrir það að synja með öllu, að slíkt hafi átt sér stað
hjá einstaka manni eða fleirum á meðan ókunn var sú hætta er af slíku stafaði,
þ.e. sullaveikin. Og fullyrða má, að á 20. öld hefur slíkt ekki þekkst.
Gamalt fólk sem ég þekkti og þurfti að umgangast í æsku minni, um 80 árum,
vissi heldur ekki nein dæmi um þess háttar samskipti manna og hunda. Sullir
sem fundust í heimaslátruðu fé, oftast svo nefndir ....sullir í mönnum,
voru ávallt og ég hygg án undantekninga, brenndir í eldstónni, en um endalok
þeirra í sláturhúsum kaupstaðanna veit ég ekki, en tel líklegt að þar hafi
þeim verið eytt á líkan hátt, enda undir eftirliti lækna á hverjum stað.

p14
Andi og sál: Auðvitað
hafa hundar sitt vitundarlíf og eru misjafnlega skynsamir eins og allar
aðrar skepnur eða dýr. Öll dýr og kannski allt sem eitthvert líf hefur
að geyma hefur trúlega sitt vitundarlíf, þótt stundum sé kallað ósjálfrátt.
Þetta má sjálfsagt kalla sál eða anda, sem náð hefur mestum þroska eða
þróun hjá manninum og sumum dýrum, s.s. hundum og hestum. Um anda, sál
og annað líf er allt óvissa og rannsóknir nútíma vísinda þar um á frumstigi,
en vissulega eru miklar líkur á annari veröld og einhverju öðru lífi utan
og ofan við okkar jarðnesku tilveru, aðra en hinna trúfræðilegu, sem þó
segir: "í húsi föður míns eru margar vistarverur," ef ég man
þessa þá rétt. Dauði: Ég veit engin dæmi þess, að fullvaxnir hundar
og kettir væru aflífaðir öðru vísi en með byssuskoti í höfuð og heila,
en á hinn bóginn var ósyndum hvolpum og kettlingum drekkt eins og fyrr
er sagt. Að vera eins og útspýtt hundskinn var haft um menn sem vildu skipta
sér af öllu eða höfðu áróður í frammi fyrir einhverju málefni með ferðalögum
og meðtölum. Mun pólitík oftast haf komið þar við sögu, en þó ekki alltaf,
heldur ýmis sveitar og menningarmál.

p15
Maður og hundur:
Náttúrulega þótti ósæmandi að tala um munn, nef og fætur á hundum og köttum,
það hét trýni, kjaftur og lappir, en á hinn bóginn sæmdi vel að tala um
augu og eyru á þessum skepnum eins og öðrum. Kveðskapur, sagnir:

Heitir Valur hundur
minn,

hann er falur varla,

er að smala eyminginn,

upp um dali fjalla.

Gamall húsgangur
og trúlega kunnur um land allt. Annan kveðskap um hunda kann ég ekki og
man ekki til að hafa heyrt, a.m.k. man ég það ekki í svipinn. Sögur
kann ég engar nema þá af mínum eigin hundum, sem eru á engan hátt sögulegar
eða sérstakar nema fyrir alkunnar og meðfæddar gáfur og eðlishvatir tegundarinnar,
þ.e. tryggð og ratvísi og næmt lyktarskyn. Síðan ég yfirgaf minn
föðurgarð hef ég ekki átt nema 3 hunda, alla vel skynsama en þó mjög ólíka.
Gæti ég raunar margt sagt af tryggð og viturleik Kraga míns, sem ég hlaut

að láta frá mér er ég flutti búferlum úr sveit í sjávarþorp, fyrir bráðum hálfri öld. Að mínu áliti er hundaeign í þorpum og öðru þéttbýli óhæfa, þó að ég neiti því ekki, að sem gæludýr hefur hundurinn verk að vinna hjá börnum og einmana öldruðu fólki, en það er þá svo best að alls hreinlætis og umhirðu sé vel gætt. Bið afsökunar á þessu klóri, einkum skriftinni, kannski hefði hún mátt vera örlítið skárri, hefði ég gefið mér lengri tíma, en eftir að ég var byrjaður vildi ég klára þessa sem fyrst, þó að margt sé enn ósagt. Efnið er ótæmandi.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1905
Sveitarfélag: 701 Egilsstöðum

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8696

p1
Inngangur: Víða eru
til skráðar sögur um samskipti manns og hunds. Hundurinn hefur frá landnámstíð
verið Íslendingum, ásamt hestinum þarfasti þjónninn. Hann fór á undan húsbónda
sínum þegar ekki sá út úr augum fyrir blindhríð og skilaði honum heim að
bæjardyrum. Slíkar sögur hef ég þó nokkrar lesið, þótt ég geti nú ekki
heimfært þær upp á ákveðna menn. Slíkar sögur gerast nú ekki. Þær hurfu
í gleymsku og vá eins og fleira. Tegundin: Ekki man ég eftir
fleiri samheitum hunda en hér eru nefnd. Orðin hvutti, deli (stór hundur),
grey, garmur, rakki, seppi, héppi voru oft notuð þegar menn gældu við hunda
og klöððuðu þeim á kollinn. Greyskinn og greyskarn voru líka viðhöfð ef
menn vildu sína hundi sínum vinarhót. Orðið klódýr þekkti
ég ekki um hunda, en hræin voru þeir nefndir. "Er búið að gefa hræunum?"
var sagt.

p2
Hundakyn: Ekki var
mikið talað um hundakyn í mínu ungdæmi. Þó var til í Vallanesi hjá séra
Magnúsi geysistór hundur. Það vissu allir að hann var af útlendu kyni.
Hann var á stærð við nýfæddan kálf. Hét Strákur. Hann sat við hlið prests
þegar hann mataðist hér heima og sagði voff, ef honum var boðinn matur.
Nú kunna flestir skil á því að loðnir hundar með lafandi eyru
eru af útlendu kyni. Eins að íslenskir hundar eiga að vera snöggir með
upprétt eyru og hringaða rófu. Á blönduðu íslensku hundakyni
held ég að almenningur hér kunni mjög lítil skil enda þegar orðin mjög
mikil blöndun á þessum kynjum. Ekki veit ég til að hundsbein hafi komið
úr jörðu í mínu nágrenni. Heimilishundur: Á flestum sveitaheimilum
voru 2-3 hundar, þótt nú séu þeir aðeins 1-2. Er það oft bagalegt í haustgöngum.
Hundar fóru á flakk, helst af tveimur ástæðum: töpuðu af húsbónda
sínum á ferðalögum t.d. lestaferðum og svo í lóðaríi. Þótti það hvimleitt.
Góður hundur var mikils metinn á hverju heimili

p3
og hafa verið og
eru enn sérstakt yndi barna. Þau leika sér oft tímunum saman við hundinn. Aftur finnst mér að hundurinn njóti nú ekki sömu virðingar og umönnunar og áður var hjá fullorðna fólkinu. Hunda sem gæludýr þekki ég ekki til sveita. Verð á hvolpum og hundum: Verð á hvolpum og hundum var ekki til svo ég viti. Um verðið var samið hverju sinni. Ég veit dæmi um að lamb var látið fyrir góðan hund. En tíkur eiga marga hvolpa og því oft meira framboð en eftirspurn. Ég man aðeins sem krakki eftir hundapest. Engin regla held ég að hafi verið á því á hvaða árstíma hvolpar voru aldir. Eftir að móðirin hafði vanið hvolpana af spena voru þeir látnir burtu, svona rúmlega mánaðar gamlir. Hundur verður til: Lóðatík og lóðahundur voru algeng orð um slíkar samkomur hunda. Þótti það mikill ófögnuður ef mörgum hundum sló saman. Tíkarsnatt var talað um og eins að karlmenn væru í kvennasnatti. Reynt var að fæla burtu lóðahunda með ýmsu móti. Bundið var horn eða lítil spýta í

p4
skott þeirra, skotið
á eftir þeim púðurskoti. Líka kom fyrir að þeir væru geltir. Gerðu það eigendur. Tík varð hvolpafull. Fæðing: Að gjóta var orð þegar hvolpar fæddust. Að leggja hef ég ekki heyrt um þetta. Tíkur voru nokkru fyrir got búnar að finna sér stað. Hreiðruðu um sig. Var þá látið í bælið hey eða tuskur svo vel færi um hana. Ekki var hugað að því í hvaða röð hvolpar fæddust, en þeir voru mikið skoðaðir og handfjatlaðir, sérstaklega af börnum. Ef hvolpur fæddist með tvíspora var hann talinn líklet fjárhundsefni. Aðra hjátru þekki ég ekki þessu viðkomandi. Að hvolpar fæddust sjáandi hef ég ekki heyrt. Hvolpar voru deyddir á þann hátt að tekið var lítið strigabrigði eða smá poki, settur þar í steinn ásamt hvolpunum. Pyttur í svarðargröfum þótti hentugur í þessu skyni, en fékk ekki fast nafn, svo ég viti. Auðkenni: Ekki hef ég heyrt um að hvolpar eða hundar hefðu fjáraugu en að þeir hefðu greindarsvip eða væru greindarlegir.

p5
Skynsamur hundur
þótti metfé. Alspora hvolpur þótti líklegur til þess að verða góður fjárhundur en hringspora hef ég ekki heyrt. Um hvítan blett á auga eða þjófaljós hef ég ekki heyrt. Hvolpur með hvítan blett á rófu var venjulega nefndur Týri. Ef hvolpur var tekinn úr bæli og settur afsíðis, færi þá að gelta, þótti það góðs viti. Það þótti góður kostur við hund að hann væri geltinn. Litir hunda og nöfn: Strútóttur, mórauður, flekkóttur, kápóttur, svartur og hvítur, voru algengir litir á hundum, en nöfn eins og Vaskur, Tryggur, Píla, Sendill oft dregin af dugnaði þeirra. En nöfn eftir lit: Jökull, Skuggi, Dimma, Krummi, Flekkur, Strútur, Kjammi, Lappi,

Lubbi, Spori. Fleiri nöfn mætti eflaust finna þótt ég muni ekki fleiri að sinni. Hárafar: Loðinn hundur var oft skírður Lubbi. Þegar loðinn hundur gekk úr hárum gat hann sannarlega orðið lubbalegur og fékk að heyra það. Hundssnoð var almennt notað um það. Rödd hunda: Öll þessi orð, ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla, eru vel þekkt hér, enn sem komið er. Ekki þekki ég orðið að sjóða grottann í þessu sambandi. Ekki

p6
heldur sjógól. Nágól
hunda og gestagól hef ég heyrt en góli hunda er nú hætt að veita eftirtekt eins og fleiru gömlu. Ég hef séð hunda sitja úti á hól og spangóla í kyrru veðri og voru þá ævinlega menn á ferð. Gjárífur er hér alþekkt og þótti kostur á fjárhundi. Ratvísi og þefskyn: Hundar eru mjög ratvísir og líka þefvísir. Sumir hundar virðast ekki sinna neinu slíku. Ég hef verið þar sem hundur rakti tófuför að greni. Eins var ég þar sem hundur fann og gróf á fé í fönn. Um ratvísi hunda eru til margar sögur á prenti. Spádýr: Um spádómsgáfu hunda hef ég ekki sögur. Það kemur fyrir að hundar komu geltandi á móti gesti og bíta í hæla hans ef þeir sjá sér færi. Ástæðuna veit ég ekki. Ég hef orðið fyrir því. Hundar eru mjög mér grimmir. Ég hef heyrt sögu um að það þurfti að þvinga hund til að fara með húsbónda sínum þegar hann fór sína hinnstu för. Tíkarmjólk: Um tíkarmjólk hef ég ekki aðrar heimilidir en þær að Laxnes drakk tíkarmjólk í æsku.

p7
Lækningar: Ekki kannast
ég við málsháttinn: "Kattartungan særir, hundstungan græðir."
En algengur var og er málshátturinn: "Hrein er hundstungan."
Ég man aðeins eftir gömlum mönnum sem létu hundinn sinn sleikja askinn sinn eða skálina. Einar bróðir minn var á Hvanneyri um 1920. Þar var þá lógað hundi sem bústjórinn fló, setti kjötið í pott og sauð. Sagði bústjórinn að hundafeiti væri sá besti áburður sem hægt væri að fá við útvortis meinsemdum og þrautum. Aldrei hef ég orðið var við að hundar fái illt í sár sín. Þeir liggja og sleikja sár sín þegar tími gefst til. Um önnur læknisráð hef ég ekki heyrt. Hundsbit: Ekki kannast ég við þá þjóðtrúarlækningu að brenna hár bithundsins í eldi og setja öskuna á bitsárið. En hundsbit þóttu hættulegri en önnur opin sár. Gamla fólkið hafði ætíð einhver ráð við öllum útvortis ákomum. .....smyrsli voru til á flestum heimilum og borin á hverja skeinu. Þessi orð: "sýna tennur, glefsa, bíta, hælbítur," eru hér algeng orð. Algengt var að klípa með töng vígtennur úr hundum sem bitu í hælana á kindum í smalamennsku eða rekstri. En fyrir kom að þeir fengu þá tannpínu.

p8
Áflog hunda: Mjög

bar á áflogum hunda á hreppsfundum og við skilaréttir að hausti. Það var enginn leikur að skilja hunda þegar þeir 10-20 voru komnir saman í einni þvögu. Meinlausir hundar urðu þá bæði óðir og grimmir. Vatn þótti ágætt en var oft ekki við hendina. Þá var helsta ráðið að nokkrir menn ruku í hópinn og þrifu í hnakkann á sínum hundum og hristu þá duglega til. Annars urðu hundar mjög fljótt móðir og uppgefnir svo að þeir hreinlega gáfust upp. Hrælykt: Hrælykt var algeng lykt af blautum eða hröktum hundum. En til var önnur lykt af þeim sem var kölluð fýla. "Hvaða fjandans fýla er af hundunum?" var oft sagt. Mun þá um venjulega búklykt hafa verið að ræða. Hundaþúfa: Hundaþúfur milli bæja voru mjög víða, en eru nú víðast úr sögunni. Áður, þegar allir fóru ríðandi eða gangandi voru hundar oftast með í för. Þeir lögðu þá af sér þar sem þúfa var við götuna. Þarna var því kafgras eða grastoppar sem hækkaði ár frá ári. Þetta varð með tímanum hin myndarlegasta þúfa. Orðtækið: "Nú þykir mér hundaþúfan

p9
vera farin að hreykja
sér," hef ég heyrt þó langt sé síðan, eins hitt: "Þú sést ekki svo hátt af hundaþúfunni heima hjá þér," sem sagt var þá í hálfkæringi eða bræði. Hundar í mannaferð: Ég heyrði þetta ortak í æsku: "Eins og hundur í hverri hofferð," og minnir að það væri notað um menn sem þóttust þurfa að fara á öll mannamót án þess að séð væri ástæða til þess.
Það var algengt að hundar fylgdu húsbændum sínum hvert sem þeir fóru, bæði ríðandi og gangandi. Vissara þótti, ef farið var að heiman að vetrarlagi að hafa með sér hund. Ef hundur þótti óæskilegur í ferðinni, t.d. kirkjuferð voru þeir lokaðir inni. En ef þeir sluppu út voru þeir fljótir að taka förin á eftir húsbóndanum. Þefvísin var einstök.
Oft sluppu hundar á eftir kirkjufólki og man ég eftir erfiðleikum að draga þá undan kirkjubekkjum oft með skrækjum og hávaða. Það mætti kalla þetta messuspjöll. Bæli hunds: Á meðan gömlu torfbæirnir voru við líði voru engin vandræði með hunda innanbæjar, þar voru víða skot. En eftir að steinhús komu til var þetta verra. Þó er víða geymsluskúr eða skot undir stiga.

p10
Það var siður að
breiða í hundabæli fatadruslur eða poka. Um sérstakan hundakofa man ég ekki en víðast hvar voru til smiðjukofar. Þar lágu hundar oft. Það þótti vissara að hafa hunda inni að nóttu svo þeir færu síður á flakk.
Það var siður að siga hundum út á kvöldin eins þó vont væri veður, svo að þeir gætu lagt af sér fyrir nóttina. Þeir komu svo að dyrunum og var hleypt inn. Hitt þekki ég ekki að hundar væru lokaðir úti í illviðri. Orðtakið að ekki er hundi út sigandi, gæti verið af því að oft var veðrið svo vont þegar sigað var út að kvöldi að það þótti varla fært. Það var til að hundar vörðu tún að vori og sumri. Þeir lágu líka venjulega úti yfir

sumarið og vildu það frekar. Svo komu girðingar snemma um tún. Hundsdallur: Ég held að á flestum bæjum hafi verið til dallur eða kilplaus skjóla þar sem safnað var úrgangi, roði, uggum, beinum og ýmsu frá máltíðum. Því var svo skipt milli hunda ef fleiri voru en einn og hellt yfir það mjólkurlögg.
Hundatrog: Hundatrog voru höfð jafn mörg hundum, smíðuð úr kassafjölum um 6 tommur á kant og 4 á dýpt. Ég hef smíðað nokkrar. Hundasteinn: Hann þekki ég ekki.

p11
Hundamatur: Ef ekki
þótti nóg í hundadalli eða skjólu var bætt við ýmsu, t.d. súrmat og afgöngum frá máltíð. "Að mæna eins og hundur á bita," man ég frá fyrri tíð, en ekki: "að horfa til augna." Hundslap: Ekkert ákveðið magn man ég til að hundum væri ætlað af mjólk. En ég man að smalahundi var gefið vel áður en hann fór með smalanum. Eins var siður að smalinn hafði sérstakan bita handa hundinum. Smalahundur, fjárhundur: Á meðan setið var yfir kvíánum gafst gott næði til að venja hunda. Margir smalahundar voru líka góðir. Svo lærðu hvolpar af mæðrum sínum. Ég held að eðlið eða kynið ráði meiru eða jafnvel mestu um það hvort hvolpar verði góðir fjárhundar. Það var mikið þolinmæðisverk að venja hund ef vel átti að takast til. Hver maður notaði sína aðferð við þetta. Reynt var fyrr að fá hvolpa af góðu kyni en er nú aflagt. Mikilvægi hunds er nú orðið lítið. Eftir haustgöngur er féð sett í girðingar og ekki þörf fyrir hund eftir það. Fé er nú gefið inni allan veturinn. Mjög var misjafnt hvernig menn öttu eða skömmuðu

p12
hunda. Ef hundi var
att, var oft sagt: "farðu upp, hooo," en ef hann var skammaður var sagt: "skammastu þín, svei þér," og þá með reiðihljóði. Krakkar og unglingar reyndu oft að kenna ungum hundum að sitja á rassinum og heilsa. Stundum lukkaðist þetta til ánægju fyrir bæði börn og fullorðna. Ekki gengur vel að venja hunda af að elta bíla. En ráðið sem ég veit um er að bílstjórinn skjóti á þá með hvellbyssu. Hundafár: Ég man aðeins eftir hundapest, líklega um 1910. Síðan hefur hún ekki gert usla hér um slóðir. Hundum er ekki pestarhætt. Ég veit ekki til að læknir hafi verið sóttur til hunds á sveitabæ. Hundahreinsun: Áður var hundahreinsun víðast hvar í mesta ólagi, en er nú í höndum dýralæknis, sem betur fer. Sullum var og er brennt. Mörg kindin drapst þó út um hagann af ýmsum ástæðum. Þar geta hundar komist í innyfli og sulli. Sullir hafa mjög minnkað í sauðfé.
Hundar í draumi: Ég þekki þetta ekki úr mínu nágrenni. Hundur sem fylgja: Á mínum yngri árum heyrði ég sögur um þetta. En eru mér nú gleymdar.

p13
Andi og sál: Þessi

spurning er of sálfræðileg fyrir mig. Um þetta hef ég ýmislegt bæði heyrt og lesið, en get ekki farið með það, en læt þess í stað fylgja hér með sögu af hundi. Séra Þorgrímur Þrastarson var prestur í Þingmúla seinnipart 19. áldar. Hann átti stóran útlendan hund. Prestur lagðist veikur. Hundurinn lá við rúmstokk hans alla þá daga sem hann lá. Úr þessari veiki dó prestur og var jarðsettur í Þingmúlagarði. Hundurinn lagðist á leiðið og fékkst ekki þaðan. Ekkert hafði hundurinn fengist til að éta síðan prestur dó. Ekki fylgdi sögunni hvort hann dó úr sulti eða var líflátinn. Um leiði prests var gerð járngirðing. Á miðju leiði er stór járnkross. Á fótstalli krossins er líkan af stórum loðnum hundi. Dauði: Upp úr aldamótum og líklega fyrr voru byssur komnar á marga bæi og hundar síðan skotnir. Þó hef ég heyrt frá því sagt að hundum hafi verið drekkt með steini um hálsinn. Engin örnefni eru hér um það. Hundsskinn voru notuð í veðrahúfur og þóttu sérstaklega hlýjar. Menn sem voru bóngóðir og síviljugir e.t.v. fyrir aðra var sagt að þeir væru eins og útspýtt hundsskinn.

p14
Maður og hundur:
Algengt var að tala um nef, augu og fætur, en ekki munn á hundum. Kjaftur, trýni, glyrnur og lappir eru líka og voru algeng orð. Gömlu smölunum var svo annt um hundinn sinn að ekki mátti stjaka við honum frá rúmstokknum, þar sem karl sat. Um þetta veit ég nokkur dæmi. Að gera hund að manni þekki ég ekki. En reynslu að gera mann úr folanum, heyrði ég sagt við menn sem voru að temja tryppi. Kveðskapur og sagnir: Það er til fjöldi vísna um hunda, ef maður gæti rifjað þær upp. Ég set hér þrjár vísur alkunnar:

Táta mín er trygg
í lund
þótt tíkar beri heiti.

Aldrei muntu eignast
sprund
eins, að sínu leyti.

Hvað hét hundur karls,

sem í afdölum bjó.

Nefndi ég hann í
fyrsta orði
en get hans eigi
þó.

Heitir Valur hundur
minn
hann er falur varla.

Einatt smalar auminginn,

upp um sali fjalla.

Um orð og málshætti
er það að segja að þessi ortök: Að liggja hundflatur fyrir öðrum. Að koma eins og hundur og fara eins og hundur. Að hittast eins og hundar á tófugreni. Að vera eins og halasneyptur hundur. Tíkarspenar. Veit hundur hvað étið hefur. Erfitt er að kenna gömlum hundi að sitja. Hundaklifberi, öll eru þessi orðtök hér enn í fullu gildi.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1907
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8377

p1
Þið spyrjið um samheiti
hunda. Því er til að svara að ég heyrði þá oftast kallaða aðeins hunda
og tíkur ef um kvendýr var að ræða en einnig stundum rakka eða héppa, hvutta
ef um hvolpa var að ræða, grey og garmur heyrði ég líka og garmskinnið,
en það var annars held ég oftast sagt fremur í gælumerkingu. Ef lýst var
sérstökum einkennum dýra voru hundar og kettir kallaðir klódýr, sem þau
líka eru. Var það til að lýsa einkennum á tegundinni eins og til dæmis
jórturdýr um sauðfé og nautgripi og hræfugla og ránfugla. Hundsspott heyrði
ég suma segja um hunda ef þeim þóttu ótryggir og latir. Heyrði meira að
segja þetta orð notað um menn sem þóttu svikulir og ómerkilegir.
Um misjöfn hundakyn var oft talað eins og til dæmis hunda með lafandi
eyru eða upprétt.

p2
Mis langt skott.
Var það álitið stafa af því að þá væri um að ræða kynblöndu við útlenda
hunda. Ekki kann ég skil á óblönduðu íslensku hundakyni eða auðkennum þeirra.
Ekki hef ég heyrt að hauskúpur eða hundabein hafi komið úr jörðu svo menn
hafi tekið eftir en efalítið tel ég að svo hafi einhverntíma komið fyrir.
Hundar voru vanalega kenndir við heimili sín og voru þá kallaðir
heimilishundar þess heimilis. Hundar gátu stundum tekið upp
á því að leggjast í flakk jafnvel þó þeir væru frá heimilum þar sem þeir
áttu við gott atlæti að búa. Voru þeir þá kallaðir flökkuhundar eða flækingshundar.
En ég hygg að eigendur slíkra hunda ef dýravinir voru hafi þá fargað slíkum
hundum, svo þeir yrðu ekki fyrir misjafnri meðferð sem oft vildi verða.

p3
Það hygg ég að menn
hafi talið að hundar hafi oft verið tákn heimilis síns og aðbúðar við menn

og málleysingja og mun það oftast hafa verið rétt. Algengt mun það hafa verið að hundar hafi verið geltir svo þeir legðust ekki í flakk.

Rétt mun það vera að hundar séu hafðir sem gæludýr, jafnvel til sveita. Nú er svo mikið minn verksvið fyrir hunda til sveita síðan fráfærur lögðust niður. Ekki veit ég hvort kaupstaðafólk komi hundum sínum í sveit þegar eigendur þeirra hafa verið orðnir leiðir á þeim. Hygg ég að það sé að minnsta kosti ekki algengt. Veit það þó ekki með vissu. Heyrt hef ég þennan málshátt: Svo er hundur sem hann er hafður. Sömuleiðis þennan: Svo er hestur sem hann er hafður, og munu þeir málshættir hafa við rök að styðjast.

p4

Aldrei vissi ég til að hundar eða hvolpar væru seldir, þó minnist ég þess að fyrir mörgum áratugum síðan eftir að mjög skæð hundapest hafði gengið víða á Norðurlandi svo að nærri enginn hundur lifði þar eftir, hefði bóndi þar einn tekið sig til og útvegað fjölda hvolpa úr öðrum landsfjórðungum og selt þá á háu verði víðs vegar um Norðurland og hafði hann orðið auðugur á þessu og kallaður Hunda-Lárus af sumum. Sel ég þessa sögu samt ekki dýrari en ég keypti.

Hvolpar hafa sjálfsagt verið aldir á öllum árstímum og á ýmsum aldri. Þó held ég að þeir hafi oftast verið orðnir nokkuð stálpaðir er þeir voru teknir frá mæðrum sínum. Var einkum sóst eftir að fá hvolpa af góðu fjárhundakyni. Aldrei heyrði ég annað orð notað en lóðatík er þær sóttust

p5

eftir samlagi við hunda. Ekki þótti það neinn fögnuður er fjöldi hunda söfnuðust utan um þær, er þær voru í slíku ástandi. Var þá sagt að þeir væru í tíkarsnatti. Sumir festu tógtorfu eða eitthvað annað í skott þeim. Þótti það þó óþverraskapur að gera það og mumu það ekki hafa gjört nema þeir sem illa fóru með dýr.

Alltaf var sagt að tík væri hvolpafull um meðgöngutíma. Alltaf var talað um að tík væri búin að gjóta þegar hún eignaðist afkvæmi. Aldrei heyrði ég talað um að nokkuð væri fengist um í hvaða röð hvolpar fæddust en ákveðið var að láta einhvern eða einhverja lifa. Aðeins var sóst eftir að þeir væru af góðu fjárhundakyni. Aldrei heyrði ég að kostir eða ókostir hvolpa færu eftir því í hvaða röð þeir lægju á spenum mæðra sinna og

p6

ekki heldur ef þeir fæddust sjáandi enda mun það vera fátítt. Hvolpum sem ekki áttu að lifa mun vanalega hafa verið drekkt. Var þeim vanalega drekkt í djúpum pyttum eða hyljum og voru þeir staðir oft nefndir hvolpapyttur eða hvolpahylur. Að hundar hefðu fjáraugu heyrði ég að vísu talað um en ég heyrði aldrei talað um það í annari merkingu en þeirri að þeir hefður óvenju skýr augu, því eins og allir sem eitthað hafa umgengist skepnur vita þá hafa dýr misjafnlega greindarleg augu. Gildir það um allar dýrategundir.

Það heyrði ég kallað þjófaljós ef hundur hafði hvítan blett á rófu en ég heyrði aldrei að það merkti neitt sérstakt. Kostur var það talinn ef hundur var ógeltinn, það er að segja gelti ógjarnan nema þegar honum var sagt að gjöra það. Lit á hundum heyrði ég jafnan

p7
lýst svo: Hann er
svartur, strútóttur, mórauður, flekkóttur, kápóttur. Nöfn hunda munu oftst hafa verið dregin af lit þeirra, svo og af lyndiseinkennum þeirra, til dæmis Tryggur og Vinur. Hvatur dregið af flýti þeirra, sömuleiðis Vaskur, sem mun hafa verið oftast dregið af flýti þeirra og þolgæðum. Svo og líka var algengt nafnið Sendill og mun það hafa verið dregið af því hversu fljótur hundurinn var að bregðast við er hann var sendur eftir fé sem erfitt var að ná. Svo líka hversu viðbragðsfljótir þeir voru að reka fé og hross úr túni eða öðrum stöðum er menn vildu venja. Um hárafar hunda heyrði ég oft sagt ef þeir voru síðhærðir og lubbalegir að þeir væru ljótir í hárum og væru þeir þá gjarnan nefndir Lubbi. En væru þeir snögghærðir

p8
var oft sagt að þeir
væru selsnöggir og munu dæmi um það að slíkir hundar væru nefndir Selur. Svartir hundar voru líka oft nefndir, Skuggi. Er hundar voru að ganga úr hárum var gjarnan sagt að allt væri útatað í hundssnoði.
Rödd hunda var oftast kölluð gelt, en líka ýlfur ef aðeins heyrðist til þeirra. Bofs var það kallað er hundar ráku upp stutt hljóð og leið þá gjarnan langt á milli. Spangól var það kallað oftast ef hundar fengu ekki að fylgja eiganda sínum til dæmis á bæi. Góluðu þeir þá oft sárt og var þá sagt að þeir væru að gráta. Einnig var sagt um mjög geltna hunda að þeir væru sígjammandi. Einnig var þeim mönnum sem hætti til að vera sífellt að taka framm í mál manna, þótt ekkert væri verið að tala við þá. Hann eða hún geltir framm í hvers manns mál eða gjarna eins og hundur framm í hvers manns mál.

p9
Aldrei heyrði ég
þetta sem þið spyrjið um að sérstakt urr hunda væri kallað að sjóða grottann, en sérstakt gól eða urr hunda, spangól, var stundum kallað nágól og þótti boða að einhver væri feigur á bænum eða í næsta nágrenni, þótti það stundum fara eftir. Sumir þóttust heyra það á urri hunda að gest myndi bráðlega bera að garði. Aldrei heyrði ég talað um að hundar væru gjárífir. En um stöku menn heyrði ég þetta sagt. Var það oftast sagt um málhraða menn eða um þá sem hætti til að taka fram í annara manna tal, þeirra sem málgefnir voru. Ratvísi hunda hefur löngum verið við brugðið. Ófáum mannslífum hafa hundar bjargað með ratvísi sinni, þegar menn hafa staðið ráðvana og rammvilltir. Þá hafa hundarnir tekið til sinna ráða og bjargað

p10
mönnum frá bráðum
bana. Þá hafa hundar oftlega bjargað fé úr fönn, hafa þeir krafsað í fönnina þar sem fennt fé var undir og bjargað þannig lífi þess. Mjög voru þó hundar misjafnir með hvað glöggir þeir voru að finna fé í fönn og sumir hundar voru sérstaklega vandir til þess. Því var löngum trúað að hundar væru skyggnir og mun það rétt vera. All títt var að hundar ruku upp með hávaða gelti, bæði á nóttu og degi, þótt engin orsök virtist vera til þess, brást þá varla að einhver gestur kæmi bráðlega ef það var að degi, en daginn eftir ef þetta skeði um nótt og þá allra helst ef einhver gestur kom, sem sjaldan eða aldrei hafði komið áður. Var þetta einna helst ef sá gestur kom, sem þótti sækja illa að, eða menn vissu um að ekki var fólkinu á bænum velviljaður.

p11
Oft munu hundar hafa
séð eða fundið feigð á fólki og virtust þeir þá forðast það fólk er skammlíft var. Á undan vondum veðrum var oft mikill óróleiki í hundum, léku sér þá óvenju mikið og flugust á. Enga þjóðtrú hef ég heyrt varðandi tíkarmjólk en vel má vera að svo hafi verið. Oft heyrði ég þennan málshátt að kattartungan særi en hundstungan græði. Trúðu margir þessu og létu jafnvel hunda sleikja sár sín ef þeir meiddu sig. En enga reynslu hef ég af slíku. Heyrt hef ég einnig að sumir bræddu hundafeiti og hafi hún verið borin á brunasár. Ekki hef ég heyrt talað um önnur læknisráð varðandi hundum eða líffærum þeirra. En það heyrði ég að ekki þætti gott að verða fyrir hundsbiti og mun af því dregið þetta máltæki ef menn urðu fyrir áföllum að menn yrðu að hafa þetta eins og hvert annað hundsbit.

p12
Grimm áflog hunda
voru algeng en hvernig hundar voru aðskildir er þeir voru aðskildir er ekkert dugði að skamma þá var held ég algengast að skvetta yfir þá köldu vatni. Dugði það oftast einna best. Hrælykt af hundum var það kallað er hundar komu hálf eða alblautir utan úr rigningu inn í heit hús, til dæmis heitt eldhús. Var það oft mjög óþægileg lykt. Voru þeir þá tafarlaust reknir út eða í útihús. Stundum var þessi lykt kölluð hundalykt. Hundaþúfur kannast allir við, þeir sem alist hafa upp í sveit. Fleiri nöfn heyrði ég aldrei notuð um þær. Alþekkt er orðtækið: "Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér." Var það fot sagt um montna menn sem þóttust miklir en öðrum þótti sem þeir hefðu af litlu að státa. Að vera eins og hundur í hverri hofferð heyrði ég aldrei og mun það ekki hafa verið algengt.

p13
Vanalega fylgdu hundar

heimilisfólki er það fór að heiman, var sjaldan amast við því nema ef fólk fór til kirkju. En það kom samt fyrir að hundar þefuðu upp spor fólks er það fór gangandi til kirkju og kom þá fyrir að þeir laumusðust inn í kirkjuna og gjörðu þá stundum messuspjöll. Ég vissi að sums staðar á bæjum voru hundar hafðir í sérstökum kofa og var þá sérstakt bæli fyrir hvern hund eftir því hvað hundar voru margir og var þá haft hey eða tuskur í hverju bæli þeim til hlýinda. Þetta voru auðvitað torfkofar og var hver hundur vaninn á að fara í sama bæli. En á meðan torfbæir voru var það venja að láta þá liggja í skoti í bæjardyrum og voru tuskur látnar í bæli hvers hunds til að liggja á þeim til hlýinda. Aldrei vissi ég

p14
að hundar væru látnir
liggja úti á nóttum og aldrei var það gjört á mínu æskuheimili en vel má vera að það hafi sums staðar verið gjört. Það var ekki alls staðar farið svo vel með dýr hvorki hunda né önnur dýr. En auðvitað heyrði ég oft sagt ef vont var veður að veðrið væri svo vont að ekki væri hundi út sigandi og bendir það ótvírætt til þess að venja hafi verið að láta hunda liggja úti. Aldrei voru hundar látnir vera úti til að varna gripum að fara í tún á mínu heimili enda var túnið girt fljótlega eftir að ég fer að muna. En ég heyrði talað um að það hefði sums staðar verið gjört. Sérstakur dallur var alltaf hafður til að gefa hundum úr á mínu heimili og svo mun hafa víðast verið. Hundum var gefinn grautur og mjólk, slátur og bein og

p15
oft fiskúrgangur
og fiskafgangur alls konar. Var hundsdallurinn oft skolaður eða þrifinn með sérstökum bursta. Eftir hundssteini svo kölluðum man ég ekki enda lögðust fráfærur víðast hvar niður skömmu eftir að ég fer að muna. Hundapest herjaði á hunda öðru hverju og varð stundum helst ekki hundur eftir í sumum sveitum þegar hún var sem skæðust. Voru þá fengnir hvolpar eða fullorðnir hundar úr öðrum sveitum og vandir við fjárgæslu en um læknisráð við þeirri veiki veit ég ekkert því hundapest gekk aldrei í minni sveit eftir að ég fer að muna. Þegar ég man fyrst voru hudnar hreinsaðir árlega. Viss maður fór um sveitina og hafði það starf á hendi. Aldrei heyrði ég talað um svo mikinn sóðaskap í minni sveit að hundar væru látnir sleikja matarílát og ekki heldur í öðrum sveitum þar sem ég þekkti til,

p16
en ég heyrði samt
að þetta hefði verið gjört sums staðar en sjálfsagt hefur slíkt verið fátítt á þessari öld. Ég heyrði sagt að sullir hefðu sums staðar verið grafnir djúpt í jörð en þó víðast brenndir. Og svo var gjört á mínu heimili. Ekki hef ég heyrt að það boðaði draumspöku fólki neitt sérstakt að dreyma hund nema hvað mörgum varð það fyrir gestakomu

og þá oftar en hitt, koma góðs vinar en ég held samt að þetta hafi verið almenn trú. Svo vissi ég að hundar þóttu stundum vera ættarfylgjur. Og þóttu þeir fremur góðar fylgjur. Það álíta margir að hudnar hafi skyggnigáfu og trúðu margir að hundar hefðu sál, sem satt mun vera, sem og flest eða öll æðri dýr. Og eflaust eru þeir margir skyggnir enda ruku þeir oft upp með gelti og ólátum án þess að nokkur ástæða virtist vera og hvesstu augun

p17

í vissa átt. Brást

það aldrei að einhver gestur kom skömmu síðar og þá alltaf úr þeirri átt sem þeir horfðu mest í. Sömuleisis hef ég heyrt að framliðnir hundar hafi sést með þeim sem höfðu átt þá. Þett hef ég reynt sjálf og mitt fólk og fleiri hafa haft sömu sögu að segja. Áður en byssur urðu almenningseign munu flestir almennilegir menn hafa drekkt hundum sínum en ekki nema óþokkar hafi hengt þá. Talað var um kjaft og trýni á hundum, en augu oftast en ekki glyrnur. Oft var talað um trýni á hundum og lappir en þó töluðu sumir um fætur á hundum. Aldrei heyrði ég að ekki hæfði að gefa hundi 3 bita. Um kveðskap um hunda hef ég ekkert að segja nema vísur og kvæði sem allir hafa heyrt og kunna svo sem "Hundurinn Vígi," eftir Thomsen og

p18

"Heitir Glói

hundur minn," og "Heitir Valur hundur minn." Orðtakið: milli manns og hests og hunds hangir leyniþráður. Og vísan í sögunni "Piltur og stúlka," "Sendill í króka fer." Og ótal vísur aðrar en þetta kunna allir. Í bili man ég ekki eftir öðrum vísum um hunda en þessar er víst er að ég kann margar fleiri, því ég kann og hef alltaf kunnað óhemju fjölda af kvæðum og lausavísum. Til dæmis kann ég mjög mikið af hestavísum og kvæðum. Margir málhættir tengjast samskiptum manna og hunda og kannast ég við öll þau orðtæki sem þið nefnið. Ef menn vildu hrakyrða einhvern þá voru menn gjarnan vanir að kalla menn sem þeim var illa við hundsspott og að menn færu eins og hundur ef mönnum fannst skorta á háttvísi og kurteysi hjá einhverjum

p19

og þeir sem voru

ekki vinir nema í meðallagi að það væri eins og hundur hitti hund á tófugreni. Og það heyrði ég oft sagt að menn væru eins og halasneyptur eða halaklipptur hundur ef menn vildu óvirða einhvern. Og ef menn vildu óvirða einhvern var gjarnan sagt að svona hefði hann verið alla sína hundstíð. Og vel kannast ég við að sagt var að erfitt væri að kenna gömlum hundi að sitja eða það sé seint að ætla að kenna gömlum hundi að sitja. Hundslappadrífa var oft nefnt ef snjóaði ákaft í logni. Já, vel á minnst ég hef víst gleymt að svara því að margir gerðu það að gamni að venja hunda á að rétta fram

löppina til að heilsa og setjast niður þegar þeim var sagt það. Einnig
að finna

p20
hluti sem menn týndu,
t.d. vettlinga og að passa reiðtygi ef sprett var af hestum en eigandinn
fór eitthvað frá. Einnig að sækja kindur er sluppu úr fjárhóp. Þá
læt ég þessu spjalli lokið, þó margt fleira mætti segja um þessi mál. Þið
megið svo senda mér aðra spurningaskrá seinna í sumar, t.d. seint í ágúst
ef ykkur finnst nokkurs virði það sem ég get sagt. En nú er búið að setja
upp föndurstofu hér á heimilinu og hef ég verið að reyna að taka svolítinn
þátt í því. En nú verður frí í föndrinu þar til um miðjan september og
þar sem ég er stórfötluð manneskja að mestu með máttlausan vinstri handlegg
og þjáist mjög af svima og jafnvægisleysi fékk snert af heilablæðingu fyrir
nokkrum árum þá veitir mér ekki af að taka mér hvíld um tíma.

p21
Má enda ekki vera
að skrifa þó ég sé að reyna að gjöra það af því þessi skriftarónáttúra
er í mér. Ég hef stórbilaða sjón og hef reyndar alltaf haft, er afar nærsýn
og verð því að lúta mjög mikið niður er ég skrifa, en það þoli ég mjög
illa sökum jafnvægisleysis. Svo bið ég afsökunar á því hvað víða er rangt
skrifað sem stafar oftast af því hvað ég þarf alltaf að flýta mér vegna
svima. Mér þykir þið vera helst til nísk á pappírinn hefði ekki getað lokið
við þetta ef ég hefði ekki getað útvegað mér samskonar pappír. Þið takið
svo viljann fyrir verkið hjá mér. Satt er best að segja hér
slegin yrði skráin er. En í málm þó aðeins sér, ef að nákvæmt
skoðum vér. Með kveðju til Hallgerðar og annara sem vinna við Þjóðháttadeildina.
Dvaldi nokkra daga í vor í Kópavogi og Reykjavík hjá skyldfólki mínu. Var
þá að hugsa um að hringja til ykkar og tala við ykkur en af því varð samt
ekki.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1907
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8602

p1
Þekki þessi samheiti,
hundur, hvutti, deli, búadeli, grey, garmur, rakki, seppi, skinn og héppi. Hundsspott, hundsskinn, garmskinn og greyskarn var ekki notað. Kom fyrir að hundar væru kallaðir hrædýr. Hundur var vissulega talinn með einhverjum hætti tákn heimilis. Ekki var algengt að gelda hunda til að venja þá af flakki. Kannast við málsháttinn: "Svo er hundur sem hann er hafður." Óvisst hvenær hundar voru helst aldir. Hvolpar voru ekki látnir til annarra eigenda yngri en 4-6 vikna. Hundur verður til: Notað var orðið lóðatík og hvolpafull. Fæðing: Það var töluverður viðburður þegar tík gaut, ekki síst ef eitthvað af hvolpunum mátti lifa, því að varla er hægt að hugsa sér skemmtilegri leikfélaga en hvolp. Ef ala átti upp fjárhund varð að vanda valið. Fremur átti að velja þá sem komu síðast, þeir sem fyrst komu stóðu framan í fé en þeir síðustu fóru rétt að, ráku lestina. Einnig var farið eftir því hvernig þeir röðuðu sér á spena. Tíkarmjólk: Ef drengjum spratt ekki grön á venjulegum aldri var þeim sagt að bera á sig tíkarmjólk. En hitt mun líka hafa verið talið að tíkarmjólk varnaði skeggvexti og veit ég ekki hvort líklegra er.
Hrælykt: Ef hundur kom votur inn í hlýtt hús lagði af honum hrælykt.
Hundaþúfur: Hundaþúfur voru oft efst á hólum eða þústum og báru þá nafn af þeirri hæð.

p2
Verð á hundum: Ekki
vissi ég til að hvolpar væru verðlagðir nema ef hundafár hafði gengið yfir. Mun þá hvolpur hafa verið metinn á veturgamla kind. Mælist þó mis vel fyrir að nýta sér það til fulls. Hundur verður til: Ekki voru það rólegar samkomur þegar hundar voru í tíkarsnatti á bæjum. Þó þótti það illt verk ef þeim var stuggað frá með hrekkjum. Einna meinlausast mun hafa verið að binda hríslu eða sauðarlegg við skottið á þeim. Leituðu þeir þá heim til að losna við slóðann. Ég heyrði talað um að gott hefði verið að skjóta

púðurskoti á hópinn. En ekkert af þessu þurfti að nota til að færa
þá gesti sem heimsóttu tík sem við áttum í mörg ár. Hún hafði þann háttinn,
að þegar athöfn var lokið, með mörgum eða fáum eftir atvikum, rak hún þá
í burtu úr augsýn frá bænum. Var hún oft æði gustmikil og lét að sér kveða
þótt ekki væri hún tiltakanlega frek í umgengni við mannfólkið.

p3
Hundur í mannaferð:
Oft áttu menn þau erindi milli bæja að gott var að hafa hund. Ef ekki,
var það samt látið gott heita að hundur fylgdi manni og til var það að
hundum væri veitt bein á bæjum. Að sjálfsögðu þurfti alltaf að gefa hundum
ef þeir voru við smölun, hvort sem þeir væru heima eða á öðrum bæjum, einkum
þurftu þeir þá lap. Það mun hafa verið venja, meðan ær voru mjólkaðar,
að gefa hundum mjólk úr einni á sbr. hendingar úr ljóði Sig. Breiðfjörð,
sem mig minnir að heiti Smalastúlkan. Eftir að hafa lýst svörtum seppa
og hlutverki hans segir svo: ....á stöðli einatt hann
ærnyt skal fá. Tók þá smali skó af fæti sér,
lagði hann á grúfu og gerði dæld í ilina, hellti mjólkurlekanum í og seppi
gerði sér það að góðu. Skyggnir hundar: Það hef ég heyrt talað um
en af reynslu hef ég dæmi um hund sem við áttum í nokkur ár. Hann átti
það til að rjúka upp með gjammi um nætur. Mátti þá reikna með að næsta
dag bæri gest að garði, en hér var fáförult mjög á vetrum. Ég legg ekki
dóm á þetta og sel það ekki dýrara en ég keypti það, eins og stundum er
sagt.

p4
Vísur:
Heitir Valur hundur
minn,
hann er falur valla,

einatt smalar auminginn

upp um dali fjalla.

Heitir Kolur hundur
minn
hefur bol úr skinni.

Einatt volar auminginn

inni í holu sinni.

Heitir Krókur hundur
minn
hefur krók á nefi.

Borinn í Krókum blátt
með skinn
beint frá Króka-Refi.

Ekki man ég í bili
fleiri vísur um hunda nema Smalavísur sem allir Íslendingar kunna.

p5
Hundanöfn: Snati,
Lappi, Lubbi, Kolur, Tígull, Spori, Hvatur, Kjáni, Kátur, Kappi, Nafni,
"Fellow," Sendill, Kjói, Krummi, Spurð'ann, Strútur, Depill,
Valur, Blankó, Díli, Naggur, Flekkur, Glói, Gulur, Móri, Týra, Padda, Píla,
Tjátla, "Lady," Pína, Kría, Doppa, Títla, Glóa. Meðhjálpari
sá um að reka hunda út úr kirkju ef eigandi gerði það ekki. Hundsmatur:
Ýmislegt féll til í sláturgerð sem geymt var í sýru og gefið hundum. Auk
þess féllu til bein og matarleyfar. Hundafár: Reynt var að gefa
hundinum volga nýmjólk en ekki vissi ég hvort það dugði. Hundahreinsun:
Það var löngu fyrir mitt minni að hundar voru látnir sleikja matarílátin.
Sullir voru brenndir. Alls staðar voru opnir eldar og hægt um vik að kasta
þeim á eldinn. Að vera eins og útspýtt hundskinn, var að vera settur
úr einu í annað, ekki síst ef um snatt eða sendiferðir var að ræða.
Maður og hundur: Mælt var í spónum, kötturinn einn, hundurinn tvo, maðurinn
þrjá. Sagt var: Mína hundstíð og kattarævi, ef eitthvað neikvætt
gerðist, sem þurfti að skýra frá. Kannski í líkri merkingu og: "Ég
hef aldrei vitað annað eins."

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1908
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8603

p1
Hundur var og er
samheiti um bæði kyn. Þó var til karl, sem sagði að tíkin væri ekki hundur,
hún væri aldrei nema hundtík. Þessu var haldið á lofti eins og hverjum
öðrum skringilegheitum. Héppi er haft um hvolpa og kallað á þá "héppa-héppa,"
til dæmis meðan þeir hafa ekki fengið nafn til að gegna. Rakki og seppi
eru algengt mál, talað er um að rakki fylgi manni í smalaferðum eða öðrum
ferðum. Oft var talað um að gefa greyjunum og það var talað við og um tíkarsmánina.
Það var vinsamlegt ávarp, þrátt fyrir upphaflega merkingu orðsins smán.
Hundsspott var skammaryrði og frekar notað um mann en hund. Garmskinn og
greyskinn eru gæluyrði við hunda. Það var talað með hlýju um hundkvikindið
og umhyggjusemi. Hundur og köttur voru kvikindi. Kannske hefur falist í
því að þeir væru óæðri en "skepnurnar" á bænum, en þeir áttu
ekki síður rétt á umönnun og vinsemd. Klódýr og hrædýr heyrði ég aldrei
talað um, svo ég muni. Hér kunnu menn ekki að nefna sérstök hundakyn.
Stórir útlendir hundar voru til í kaupstöðum, í eigu heldri manna þar.
Þeir voru sumir grimmir, ef þeir komust í sauðfé. Fjárhundarnir í sveitinni
voru blandaðir. Þeir voru flestir litlir og yfirleitt meinlausir við fé.
Sumir voru með sérkenni íslenska stofnsins, með reist eyru og hringað skott,
en ýmsir menn höfðu ákveðna skoðun á því að þeir væru ekki íslenskari en
aðrir hundar. Hér um slóðir voru hvolpar aldrei seldir. Það
var talinn útlátalítill vinargreiði að láta nágrannann hafa fjárhundsefni.
Oft voru pantaðir hvolpar hjá þeim, sem áttu góða fjártík. Við ólum einu
sinni fjóra hvolpa undan henni Nóru okkar og þeir voru allir lofaðir, áður
en þeir fæddust. Annars var venja að fækka hvolpunum fljótlega eftir fæðingu,
einn var skilinn eftir "fyrir tíkina". Hvolpur sem alinn var
til að verða fjárhundur á öðrum

p2
bæ var ekki tekinn
frá tíkinni fyrr en hann var orðinn vel sex vikna gamall og farinn að lepja

og þrífa sig sjálfur. Gömul reynsla var fyrir því, að best væri að fjárhundur væri fæddur á útmánuðum. Þá var hann kominn það til vits að hægt var að venja hann við fé um sumarið. Það var algengast hér að tala um að tíkin væri í hundalátum, þegar hún vildi hund og hryssan í hestalátum. Svo varð tíkin hvolpafull og hryssan fylfull. Ærnar voru lambfullar. Því sagði líka drengurinn einu sinni: "Hún mamma er ekkert barnfull."

Hér á bæ hefur oft verið tík og mér hefur stundum fundist eins og hundarnir finndu á sér, hvenær hún væri komin í hundalæti. Þá hópast þeir að henni, sumir all langt að komnir. Reyndar kemur nú einn og einn í eftirlitsferð þess á milli, en hefur þá venjulega stutta viðdvöl. Þegar hundar eru á flakki um sveitina, ber það við að þeir setjist upp á bæ, þar sem þeir eiga ekki heima. Fyrir kom að gripið var til þess ráðs að binda eitthvað í rófuna á slíkum hundi t.d. harðan steinbítskjamma, sem búið var að skera úr. Þótti það gott ráð til að fá þá til að snauta heim til sín. Það átti sér stað að hundar voru geltir til að fá þá til að halda sig heima, en þá þóttu þeir verða latir og feitir. Smalahundurinn var stundum tjóðraður heima, því bagalegt var, ef hann var fjarri, þegar á honum þurfti að halda. Sumar tíkur fóru að heiman með hundunum, þegar þær voru í hundalátum. Ein tíkin okkar fylgdi hundinum sínum alltaf á leið, þegar hann fór. Hann kom oft að finna hana, þó hún væri ekki í hundalátum. Hún fylgdi honum góðan spöl á leið og flýtti sér svo heim til sín aftur. Tíkin gaut í fyllingu tímans. Málvenjan hér var í samræmi við það sem segir í þessari gömlu vísu:

Allt bar til í einu þar á féll bæjar sýkin: Konan
fæddi, kýrin bar, kötturinn gaut og tíkin.

p3

Það þótti forðum
mikið óeðli og ótíðindi, ef tík fæddi sjáandi hvolp. Mér var sagt frá því að einum bónda varð svo mikið um, að hann eyddi öllu sama, tík og hvolpum. Hér hefur þetta aldrei komið fyrir í mínu minni. Ekki vissi ég til þess að tekið væri eftir í hvaða röð hvolpar fæddust. En þegar velja átti hvolp til að verða fjárhundur var venja að athuga, hvort hann væri sporaður, það er væri með aukaklær á löppunum fyrir ofan klærnar á tánum, á hliðunum á löppunum. Þeir sem hafa aukaklær á öllum löppum eru alspora, hinir hálfspora. Þeir sem hafa engar aukaklær eru ósporaðir og þótti lítið til þeirra koma. Alspora hvolpur varð góður fjárhundur samkvæmt alþýðutrúnni. Það var stundum gert að láta tíkina velja hvolp til lífs. Þeir voru þá allir teknir úr bælinu og látnir fram á gólf. Sá, sem tíkin bar fyrst í bælið aftur, var þá valinn til lífs. Venja var að drekkja nýfæddum hvolpum. Seinna voru þeir rotaðir með kepp (klöppuðu úr tré). Þeir voru svo alltaf grafnir.

Ég man ekki eftir að ég heyrði ljósið í rófunni á hundi kallað "þjófaljós", en ljós var það kallað og af því dregið nafnið Týra og Týri. Væri hundurinn með hvítan kraga um hálsinn var hann kallaður krögóttur og þar af dregin nöfnin Kragi og Hringur. Væri hann kinnóttur hét hann kannski Kjammi, en væri önnur kinnin hvít en hin dökk, var hann skjömbóttur og af því hét hann Skjambi. Ég þekkti tík, sem var með annan kjammann svartan,

en hinn hvítan, hún hét Lúða. Móri, Gulur, Svartur og Kolur báru nöfn af lit. Dimma var svört. Sokkatá var svört með hvítar tær, hún átti sér stuttnefnið Tása. Lappi var með hvítar lappir. Jökull var alhvítur. Depill og depla voru með depil einhvers staðar á sér, ljósan eða dökkan, í andstöðu við aðallitinn. Trýna var með ljósan blett á trýni. Skotta hafði kannski hvítan endann á skottinu, þó gat hún heitið Skotta án þess. Tinna var svört.

p4
Spori dró nafn af
sporunum á löppunum, Lubbi var loðinn, ég heyrði talað um loðlubba, en vissi ekki til að það væri notað sem sérnafn. Lúpa var með lafandi eyru og skott og þótti því lúpuleg. Kátur, Káta og Kátína eru nöfn, sem fjörugir hvolpar fá, Skoppa og Píla bena í sömu átt. Fjára og Smali fengu nöfn af væntanlegu starfi. Vaskur, Tryggur, Sámur, Snati, Lagsi og Bósi eru gömul og algeng nöfn sem hver hundur getur borið með sóma, hvað sem líður lit og lögun. Um tíma höfðu sumir gaman af að hefa hvolpunum nöfn útlendra stórmenna og þá voru uppi hundar sem hétu til dæmis Hitler og Göring. Einum hvolpi var gefið nafnið Stalin, en þegar hann kom í framtíðarvistina hjá nýjum húsbændum, var hann kallaður Jósef (fornafni Stalíns) og því heiti gegndi hann langa ævi. Ég held, að folöld hafi verið einu skepnur, sem gengu úr "snoðinu". Það kom samt fyrir, ef lamb hafði verið veikt um vorið að það "gekk úr snoðinu" um sumarið, fæðingarullin datt þá af því. Ég vissi hundshár aldrei notað til neins. Hundar "ganga úr hárum." Það var oft talað um gestagelt í hundum. Sumir byrjuðu að gelta áður en gesturinn var kominn í sjónmál. Ein tík var hér, sem hafði þann sið, að fara upp á bæinn og gelta þaðan að gestum sem komu. Hún hélt áfram að gelta meðan gesturinn stóð við og tók ekki ró sína aftur, fyrr en hann var farinn. Ég man ekki eftir að hafa heyrt talað um að hundur "sjóði grottann," og ekki kannast ég við sjógól eða nágól í hundum. Annars kannast ég við öll þau nöfn, sem upp eru talin í spurningaskránni um hljóð í hundum, s.s. ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla. Auk þess tölum við oft um að greyið væli, til dæmis þegar það vill láta opna fyrir sig hurð til að komast út eða inn. Ég vissi til að köldu vatni var hellt yfir hunda, sem voru í áflogum, en þeir kipptu sér ekki upp við það og héldu áfram eins og ekkert væri. Besta ráðið, til að skilja tvo hunda, er að taka í hnakkan á þeim báðum jafn snemma og halda þeim þannig hvorum frá öðrum. Væru fleiri en tveir í áflogaþvögu þurftu fleiri menn að koma til að stöðva bardagann. Hundar voru oft

p5
illa bitnir eftir
áflog og lágu og sleiktu sár sín. það nægði til að halda þeim hreinum og vissi ég aldrei til að illt færi í slík sár. það var oft vitnað í gamla málsháttinn: "Hundstungan græðir, kattartungan særir." Hundstungan er mjúk, en kattartungan er snörp. Ég vissi brædda hundafeiti notaða til

að bera á legusár til að mýkja og græða. Stundum var talað um hundalykt og hún þótti ekki góð í vistarverum manna. Hrævarlykt var líka talað um, hún gat verið af blautum hundi, en fleira gat komið til. Hundum þótti gaman að bregða sér bæjarleið með fólki, meðan fólk fór gangandi eða ríðandi milli bæja. Það var ekki vel séð af öllum og því voru hundar oft lokaðir inni, þegar menn fóru að heiman. Þá voru þeir slæmir með að fara af stað seinna og rekja slóðina. Sumir voru líka svo klókir að fara að heiman, ef þeir sáu fararsnið á fólki og hitta það svo, þegar það var komið langleiðina að heiman. Þannig komust hundar stundum til kirkju þótt ekki væri til þess ætlast. það kom fyrir að meðhjálparinn varð að bera hund út úr kirkju áður en mess hófst og það vakti eftirtekt ungra kirkjugesta. Hundar áttu ekki að hlýða á messu. Hundar áttu sér bæli eða ból í skoti eða í eldviðargeymslu. Þeir fengu gjarnan útslitna ullarflík eða ullarflóka til að liggja á svo bælið væri hlýtt og mjúkt. Eftir að þvottahús komu á bæi, var hundurinn látinn eiga þar ból. Sumir hundar vildu heldur liggja úti, jafnvel hverju sem viðraði. Þeir hringuðu sig niður í skjól og létu jafnvel skefla yfir sig. Aðrir lágu úti þegar veður var gott, en urðu fegnir húsaskjóli, þegar kalt var. Þar sem hundar lágu inni var venja að láta þá fara út á kvöldin til að gera þarfir sínar úti, svo þeir óþrifu ekki inni á nóttunni. Í forátttuveðrum var reyndar sagt að varla væri hundi út sigandi. Hundarnir áttu sitt ílát, sem þeim var skammtað í. Þegar

var þeim skammtað hvorum fyrir sig, og þá át aldrei hvor frá öðrum. Sá sem seinna fékk horfði á hinn éta, viss um að hann fengi sinn skammt á eftir. Þetta ílát var úr tré, ekki smíðað sem hundadolla þó það gengi undir því nafni, heldur var það lítill bali til að þvo sér úr um hendur, eyrnalaus bali. (Dollur voru eyrnalausar, dallur var með eyrum). Þegar botninn í þessari dollu var uppétinn eftir hundana, fengu þeir gamla pönnu til að éta úr og síðan emeleraða skál. Hundasteinar voru hér tveir, þegar ég var barn. Annar var í eldiviðarskúr, inni, rétt við búrdyrnar. Þangað var oft farð með úrgang og bein úr blautfiski, sem oft var fyrirferðarmikill á fjölmennu heimili. Steinninn, sem inni var er nú glataður. Hinn er enn varðveittur, þó ekki sé hann notaður lengur fyrir hundstein. Talið er að holan í hann sé klöppuð af mönnum og hann hafi verið notaður við kornmölun upphaflega. Hundasteinn fylgdi færikvíunum. Þar í var smalahundinum gefinn mjólkurleki til þess að hæna hann að kvínni svo hann væri til taks, þegar fénu var rennt út að loknum mjöltum. Þessi hundsteinn er því miður glataður, en ég held, að hann hafi verið sjálfgerð steinskál. Hundum var ætlað ýmislegt, sem til féll við haustslátrun og sláturgerð. Lambslungu höfðu áður verið borðuð, en eftir að ég fór að muna, voru þau gefin hundum. Þó smakkaði ég súr lambslungu hjá ömmu minni, þegar ég var barn. Heilinn var líka gefinn hundum, milta, bris og eitlur. Þetta var soðið fyrir þá og súrsað, það sem þeir komust ekki yfir að éta nýtt. Auk þess fengu hundar

roð og bein úr fiski eftir því sem það féll til og svo graut og mjólk að lepja. það var reyndar stopult með roðin, því steinbítsroð voru yfirleitt notuð í skó, bæði af nýjum steinbít, söltuðum og hertum, allt fram til þess að gúmmístígvél og gúmmískór leystu roðskóna af hólmi.

p7

Alltaf var talað um hundamat (ekki hundsmat), hundadollu og hundastein, enda var oft fleiri en einn hundur á bænum. Það þótti ómissandi að hafa tvo hunda í smalaferðum þar sem smala þurfti bæði dalinn og hvilftirnar fyrir ofan brúnir. "Ég verð að hafa það, eins og hvert annað hundsbit," segja menn, þegar þeir hafa orðið fyrir skaða, sem ekki fæst bættur. Hundsbit átti sér helst stað með þeim hætti að menn ætluðu að skilja áflogahunda, en fóru ekki rétt að og hundurinn gætti sín ekki í hita bardagans og beit manninn í ógáti. Varðhundseðlið er ríkt í sumum hundum og þeir hafa jafnvel orðið aðgangsharðir við gesti að verja þeim bæinn. En kæmi það fyrir að hundur glefsaði til gestsins, þá átti hann ekki langra lífdaga von hjá húsbónda sínum. Ég hef haft kynni af hundum sem voru hælbítar. Verstur var sá, sem læddist þegjandi aftan af hesti og beit hann í afturfótinn. Hestinum brá þá við og það gat komið sér illa, sérstaklega ef óvanur sat á baki. Ég vissi til þess að brotnir voru oddar af vígtönnum í hundi, af því að hann beit fé, glefsaði í lærin á því. Féð var þá svo hundhrætt að það þurfti ekki annað en að heyra kallað á hundinn, þá hljóp það saman í hóp. Það er kannske ekki gott að lýsa því, hvernig hvolpar voru vandir til að gerða góðir fjárhundar. Tvennt þurfti þó til, þolinmæði og vináttu. Smalamaður varð að hæna hundinn að sér, svo hann vildi fylgja honum og hjálpa honum við starfið. Fyrst lærði hvolpurinn að gegna nafninu sínu og að koma til þess sem kallaði á hann. Nafnið var notað til að fá hann til að hætta því sem hann mátti ekki gera. Greindir hvolpar læra fljótt að skilja einstök orð og setningar, ef lögð er alúð við það og kennarinn er sjálfum sér samkvæmur. Ég held, að allir hvolpar hafi gaman af að gelta að skepnum. En það mega þeir auðvitað ekki gera

p8

í tíma og ótíma.
Þá verður að banna þeim það, en með varúð. Þess eru dæmi að hvolpar hafi ekki fengist til að skipta sér af fé, af því að þeim var bannað það of rækilega, þegar þeir í byrjun geltu eða hlupu til óþurftar. Krakkar voru stundum látnir hafa hvolpinn með sér í bandi, þegar þeir ráku fé eða sóttu.

Þegar hvolpurinn hafði rekið kindur eins og við átti var nafnið hans kallað til að stöðva hann og svo var kallað: "komdu" og svo "komdu greyið" í gæluróm og gjarnan klappað á lærið um leið. Svo fékk hvolpurinn klapp og kjass, ef hann hafði verið hlýðinn. Ef hann hafði verið óhlýðinn var talað alvarlega við hann og jafnvel danglað í hann. Þá var gott að senda hvolpinn fljótlega í fé aftur, svo honum skildist að það mátti gelta í fé og reka það, en bara þegar húsbóndinn vildi. Smalamaður

má ekki telja eftir sér sporin við að sýna hvolpi, hvernig á að fara fyrir kindur og reka þær þangað sem þær eiga að fara. Ef hundurinn er eðlisgreindur og þykir vænt um húsbónda sinn, þá borgar fyrirhöfnin sig fljótt. Hundurinn lærir að skilja orð og bendingar og sækir svo jafnvel skepnur sem hann sér ekki, þegar hann leggur af stað. Þannig kenndi Mikael í Breiðdal tíkinni sinni að sækja hestana niður að sjó á vetrum, þegar kominn var tími til að láta þá inn. Hann fór með henni fyrst - eða hún með honum - svo hún lærði hvernig átti að haga sér við það. Og hún Nóra okkar, hún settist fram á Fjárhúshól á morgnana og horfði upp í hlíðina til að athuga hvar kvíaærnar héldu sig. Þegar kominn var mjaltatími, þurfti ekki annað en gefa henni leyfi til að hlaupa og þá fór hún fyrir þær og rak þær heim á kvíaból. Hún þekkti kvíaærnar og skildi eftir geldfé sem var stundum í námunda við þær. Hér var hvortveggja vel vanið, smalahundurinn og kvíaærnar. Nóra fylgdi hverjum þeim manni, sem henni var sagt að fylgja. Það þurfti ekki annað en segja við hana í venjulegum róm: "farðu með honum," og þá

p9
fylgdi hún þeim manni
og hlýddi hverri bendingu hans í smalaferðinni. Þegar féð var rekið til beitar á vetrum eins og enn var gert meðan hún var uppi, þá gat fjármaðurinn farið með forystuána (eða sauðinn) og nokkrar kindur, sem fylgdu þeim, en Nóra gætti þess að hitt féð sneri ekki við, þó maðurinn færi fram fyrir það, og svo kom hún á eftir með hópinn, þegar forystuhópurinn hafði troðið stíg í skaflana. Þegar búið var að koma sér upp svona fjárhundi, þá fann maður sárt til þess, hvað hundsævin er stutt. Níu eða tíu ára er hundurinn orðinn gamall, stirður og latur og jafnvel heyrnasljór. Þegar hundi var sigað í hesta var sagt: "irrd'ann, irrd'ann og irrd" og hert vel á errunum. Hóað var í kindur til að gera þeim aðvart. Við kenndum okkar hundum að gelta, þegar þeim var sagt. Þeim var kennt það litlum hvolpum með því að sýna þeim góðan bita og segja: "viltu bita? Geltu þá." Hvolpinn langaði í bitann og það endaði með því að hann fór að gefa frá sér hljóð og þá fékk hann bitann. Það kom sér oft vel að hundur væri geltinn. Þegar hundur var sendur að sækja kindur, sem voru til dæmis hátt uppi í hlíðum, þá var honum bent og svo leiðbeint með orðum eins og "hærra upp", "hærra," og þegar hann var kominn jafnhátt kindunum eða helst ofurlítið hærra og til hliðar við þær, þá var kallað og bent um leið: "hér fram," og "rektu." Aðstaða til að venja fjárhund versnaði þegar hætt var að færa frá og girðingar hafa minnkað smalamennskur. Hætt er að beita fé á vetrum og jafnvel hætt að smala til rúnings. Girðingar gera það líka að verkum að minna þarf að reka frá. Það er helst ef hlið stendur opið og ærnar renna inn um það, að hundur þarf að vera á verði. Hún Snotra okkar, sem við eigum núna, fylgist líka með því. En hún rekur ekki úr túninu, nema henni sé sagt það. "Rektu þær," er sagt við hana og hún hleypur af stað og ærnar renna út um hliðið aftur.

p10
Snotra stansar í
hliðinu, hún veit, að þá er nóg að gert. Það var talað um að "sveia"
hundunum, til dæmis svo þeir hættu að gelta að gestum eða að flaðra utan
um fólk í óþökk þess. Þá var sagt: "Svei þér" og "skammastu
þín," en að bera það á hund að hann hefði étið folald, tíðkaðist ekki
hér, enda voru folöld fá. Mér hefur reynst vel að tala við
hundana í venjulegum róm, jafnvel dálítið hlýlegum. Ef ég vil ekki að hundurinn
elti mig, þegar ég fer út, þá segi ég bara: "Farðu í bólið þitt,"
og hundurinn hlýðir því. Hundum hefur fækkað í sveitinni á seinni
árum og nú eru sumir bæir hundlausir. Ég man ekki til að hundafár,
eða hundapest eins og það var kallað, hafi gengið hér um slóðir, síðan
ég var barn. Smalatíkin mín veiktist, en henni batnaði aftur. Ekki vissi
ég til að nein ráð væru til við veikinni, hún varð að hafa sinn gang.
Hundar voru "hreinsaðir" og baðaðir á eftir á hverju hausti eftir
sláturtíð. Það gerði sérstakur hundahreinsunarmaður í sérstöku þar til
byggðu húsi eða kofa. Sullir, sem fundust í fé við slátrun, voru látnir
beint í eldinn í eldavélinni. Nú sést aldrei sullur, en hundunum er gefin
tafla á hverju hausti í varúðarskyni. Þegar talað er um að hundar
séu skyggnir og að framliðnir hundar fylgi húsbændum sínum, þá dettur mér
í hug að segja frá tveimur hundum, sem elduðu grátt silfur saman. Bósi
átti heima hér á Kirkjubóli, en Göring á Vöðlum. Göring var fylgispakur
húsbændum sínum og kom stundum hingað með þeim. Bósi tók illa á móti honum
og þeir geltu þá alltaf hver á móti öðrum. Þeir fitjuðu upp á trýnin og
urruðu og hárin risu á hryggnum á þeim. Aldrei man ég þó eftir að þeir
tækju saman. Svo bar það við að Göring safnaðist til feðra sinna. Nokkru
seinna tók ég eftir því einu

p11
sinni þegar Vaðlabíllinn
var hér staddur, þá stóð Bósi og gelti ákaflega að mannlausum, kyrrstæðum
bílnum. Það var sama grimmdarlega geltið og hann hafði haft við Göring
meðan hann var á foldu. Hárin risu á honum alveg eins og þá. Þegar þetta
endurtók sig, datt mér í hug, hvort Göring myndi fylgja bílnum og Bósi
verða hans var. Ég heyrði talað um að hundum hefði verið drekkt.
Hundskinn þótti gott að hafa undir reiðing eða hnakk til þess að hestar
meiddust síður. "Að vera eins og útspýtt hundskinn alstaðar,"
heyrði ég sagt og mér fannst það vera haft um þá, sem skiptu sér af mörgu
og fleiru en sumum þótti hafa. Ég vandist að talað væri um kjaft,
trýni og lappir á hundum, en hundurinn hafði augu. Það var talað um að
farið væri að rífa í augun á hvolpunum til dæmis. Gamla fólkið í ungdæmi
mínu talaði um glyrnur í kettinum og kötturinn hafði loppur. Það átti ekki
við hjá því að tala um lappir á fólki. Það er talað um að menn liggi
hundflatir, því að hundar biðjast griða með því að leggjast á bakið frammi
fyrir þeim, sem þeim finnst að séu þeim ofjarlar. Hundur reiðist aldrei

á þann sem það gerir. Það var siður, þegar konur fóru í heimsókn til ættingja og vina, sem þeir kannski sáu sjaldan, að hafa með sér einhverja smjá gjöf til að víkja að þeim. Þegar konur komu á þess, sögðust þær jafnvel koma eins og hundur og fara eins og tík. Í hundslappadrífu eru ekki korn, heldur flyksur, mjúkar og stórar. Þegar vorið nálgast, heitir hundslappadrífan hrognkelsadrífa, þá fara hrognkelsin að ganga inn í fjörðinn.

Hér fer sá maður heim eins og halaklipptur hundur, sem þykir hafa farið sneypuför. Að öðru leyti kannast ég við orð og orðasambönd, sem nefnd eru í síðustu grein spurningaskrárinnar, nema hvað hundaklyfberi er mér framandi.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1904
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8404

p1
Um hundinn. Tegundin:
Algengasta orðafarið er eða var rakki, seppi, hvutti, oft um hvolpa. Úti garmar geltu, segir Jónas Hallgrímsson í kvæðinu Óhræsið. Hundskvikindi var oft sagt, orðið klódýr kannast ég ekki við, ekki heldur orðið hrædýr um hunda. Hundakyn voru eflaust mörg en um það get ég fátt sagt, en útlit hunda var margs konar og sjáanlega um mörg hundakyn að ræða eða blöndu. Íslenska kynið hefur ávallt verið talið vera, ekki mjög loðinn, með uppstandandi eyru og hringaða rófu, frekar sléthærður, einlitur, ekki flekkóttur, oft er þetta orðið blandað meira og minna nú. Gömul hundsbein hefi ég séð. Heimilishundur: Hundar voru yfirleitt tryggir við sitt heimili og sérstakliega var hundurinn fylgispakur húsbónda sínum eða þá smala- eða fjármanni, en oftast gátu flestir fastir

p2
heimilismenn fengið
þá til að fylgja sér, en það gat farið eftir því hve menn voru vinsamlegir við hundinn. Það var aðallega karlkynið sem lagðist í flakk en það var ekki lengi ef hundur bjó við gott atlæti heimamanna.
Ekki þekkti ég að hundar voru geltir. Aldrei þekkti ég að hundar væru hafðir sem gæludýr til sveita, en nú eru þeir minna notaðir við fjárgeymslu og smölun, heldur en áður var, en börn létu oft mikið með uppvaxandi hvolpa, en það er ekki gott að gera mikið af því ef ala á upp nothæfan fjárhund.
Söluverð á hvolpum: Það eina sem ég veit um söluverð á hvolpi var þegar sonur minn keypti hvolp af skosku fjárhundakyni, hann kostaði kr. 1200, annars þekkti ég ekki til þess að hvolpar væru seldir. En heyrt hefi ég um að farið væri milli landshluta áður eftir hundafár, til þess að kaupa hvolpa eða hunda. Hvolpar voru aldir á hvaða árstíma sem var. Hvolpar voru látnir burt þegar þeir voru hættir að vera á spena móður sinnar.

p3

Orðið lóða var lítið
notað, en almennt talað um að hundar væru í tíkarsnatti og voru þó margir karlhundar jafnvel um eina tík og var það illa séð af sumum, aðrir létu slíkt afskiptalaust, en ekki þekkti ég að bundið væri í skott á hundi, en heyrt hefi ég talað um slíkt. Almennt var sagt að tík væri hvolpafull er líða tók á meðgöngutímann. Fæðing hvolpa. Almennt var talað um að tíkur gytu hvolpum sínum en sagðar liggja á hvolpum eða hvolpi eftir það. Um fæðingaröð hvolpa heyrði ég ekki talað um og ekki heldur vitað til þess að sjáandi hvolpur fæddist. Algengt var að drekkja hvolpum nýfæddum og vissi um að hvolpar væru höggnir. Hvolpapyttir voru til, oftast voru hvolpar látnir í poka sem bundið var fyrir og steinn festur vel við pokann.

p4
Auðkenni: Ekki hefi
ég heyrt að hundar eða hvolpar hefðu fjósaugu. Heilspora hunda hefi ég séð og þá voru þeir með tvær klær hvor á móti annari neðarlega á leggjum, en hálfspora ef klóin var aðeins ein, ekki held ég að þetta bætti kosti hundsins að nokkru. Ég man eftir tík með tvær ljósar doppur fyrir ofan augun, hún var kölluð Doppa, að mig minnir eða Trína. Marga hunda hefi ég séð með hvítan topp í skott enda, þjófaljós þekkti ég ekki eða átrúnað á slíkt. Kostir hvolpa fóru eitthvað eftir ætterni en meira eftir því hvernig þeir voru vandir. Ef mikið var leikið við hvolpa í uppvexti urðu þeir vísir til að verða hálfgerð fífl. Litir hunda og nöfn: Þeir voru jafnvel eins margir og hundarnir sjálfir, en hreinir litir voru svartur, mórauður, ljóslitir, flekkóttur, svartir með hvíta rák á bringu, kolóttir, ljósgulir o.fl. Faðir minn átti tík sem var svört þó ekki kolsvört, með hvítar tær, ljósan kvið og bringu, hún var kölluð Löpp.

p5
Löpp var dugleg að
verja túnið, svo gerði hún fleira, hún passaði hvaðeina sem faðir minn skildi eftir, á leið sinni, t.d. skildi hann eftir mópoka við .....húsið, löpp beið hjá pokanum, vænti að faðir minn kæmi til þess að sækja hann. En þess í stað bað faðir minn nágranna sinn, sem átti þar leið um að taka mópokann sem hann og gerði. Þegar Löpp sá annan en eigandann taka pokann, beit hún fast í hann og ætlaði ekki að sleppa. Síðustu vetur sem ég var heima í föðurhúsum, rak ég fé í haga og stóð yfir því myrkranna á milli þegar snjór var á jörð eitthvað að ráði. Hundurinn sem mér fylgdi hét Skuggi, tryggur og duglegur að halda fjárhópnum saman í rekstri. Þennan hund missti ég af slysförum, hann hljóp fram á snjóhengju á háu bjargi og lét þar líf sitt. Hárafar hunda var all breytilegt, sléttir, snöggir og loðnir, einkum svartir hundar og þá hrokkinhærðir. Hundshár vissi ég ekki notað, en skinnið með hárinu var notað til þess að sauma úr skjólhúfur, einnig kattarskinn.

p6
Rödd hunda var æði
marbreytileg. Hún fór mikið eftir því hvað fyrir þá bar, hræðsla, fyrirburður, því margt bendir til þess að hundar væru skyggnir, gestagelt var auðþekkt af kunnugum. Sumum hundum var uppsigað að gelta í hesta og virtust þeir þá í árásarhug, einkum ef hestar voru komnir í túnið í gróandann. Þeir urruðu ef þeir urðu hræddir, einkum við ókunnuga. Spangól hunda var alveg sérstakt. Ég þekkti tík sem gólaði eða söng einkum í góðu veðri, það var sagt að hún væri að góla sjóveður. Hundar urðu varir við gesti áður en þeir sáu þá. Ratvísi hunda og þefskyn er alkunna og gátu þeir auðveldlega rakið spor eða slóð húsbónda síns, eða þeim sem þeir voru vanir að fylgja yfir fjöll og vötn, á auðri jörð. Spádýr: Það var oft ef von var á gesti að hundur vildi ólmur komast út, ef hann var innandyra, ekki veit ég hvort sjá mátti á hundi hvort hann átti von á góðum eða vondum gesti, en víst var að hundar gerðu sér mannamun við ókunnuga.

p7
Tíkarmjólk: Ekki
beint um tíkarmjólk er eftirfarandi saga. Einhver útlendingur (úr Tálknafirði), komst í kunningsskap við mann úr Tálknafirði, en þeir urðu ósáttir og fór útlendingurinn þar með til síns heima, en ósáttin var eitthvað í sambandi við konu Tálknfirðingsins. Ekki löngu seinna fær Tálknfirðingurinn sendingu frá þeim útlenda og þar með orð um að hann skildi gefa konu sinna þetta að drekka, en hann gaf tíkinni sinni drykkinn og drapst tíkin af þessum drykk. En þannig átti hundapestin að hafa borist til Íslands.
Lækningar: Málsháttinn, "kattartungar særir, hundstungan græðir", kannast flestir við. Ég heyrði að það væri tófufeiti en ekki hundafeiti sem væri græðandi og tófuhár væri gott við huldabólgu. Hundsbit: Það fara ýmsar sögur um grimmd hunda. Sérstaklega kom oft fyrir og kemur enn að illa aldir hundar taka upp á því að elta fé bænda í hópum og bíta og jafnvel drepa, en oft vildu ólmir hundar bíta menn og veit ég til þess að skoskur hundur beit unga stúlku til stórskaða í andliti, svo að læknir varð að sauma

p8
sárið saman og tókst
það vel, að öðru leiti þekki ég ekki um alvarlegt hundsbit eða lækningu á þeim. Aðeins heyrði ég talað um að brjóta tennur úr hundi en enga framkvæmd á því. Áflog hunda voru algeng. Oft voru þeir skildir að með því að tala alvarlega til þeirra, helst skamma þá duglega. Vatni skvett á hunda þekkti ég ekki en það mun þó hafa verið til. Hrælykt kannast ég ekki við. Hundaþúfan er höldum kunn hér á landi víða.
Eðlishvötin á þeim runn læt ég hana bíða. Hundur í mannaferð:
Þetta orðtak kannast ég ekki við eða notkun þess. Hundar fylgdu

fólki á milli bæja og á mannamót og voru kirkjuferðir þar ekki undanskildar.
Gestrisni þótti ekki fullgerð ef hundinum var ekkert gefið ef gist var
á bæ. Messuspjöll vissi ég ekki um vegna hundaláta. Bæli hunds:
Það mun oftast hafa verið á sama stað er hann lá innandyra, sem oftast
var að vetri til, en úti að sumri til. Aðbúnaður var lítill eða enginn,
ef best lét, strigapoki. Sérstök hundahús þekkti ég ekki.

p9
Orðtakið, "ekki
hundi út sigandi", er gamalt og á við afleitt veður, sérstaklega stórrigningu,
en hundum er illa við að liggja úti í slíku veðri. Hundsdallur
eða skál var oftast höfð til að gefa hundi mat sinn, oft aflóga ílát.
Hundamatur: Algengasti hundamatur var fiskafgangur og kjötbein eða grautarskófir
úr potti. Margir gáfu hundi bita af mat sínum ef hann var nálægur við máltíðir.
Hundslap kannast ég ekki við. Tel ólíklegt að hundi hafi verið ætlað
ærnit í mál sem gat verið að minnsta kosti framan af sumri einn lítri á
dag. Smalahundur eða fjárhundur: Að lýsa því hvernig hvolpar
voru vandir er ekki einfalt mál, því svo að segja hafði tver sína aðferð
og sumum tókst það vel öðrum afar illa og fæstir hundar kunnu að taka kind
fasta. Áður var mikið meira not fyrir hunda til dæmis við að verja
túnin, meðan þau voru ógirt og svo kvíarnar og við beitarfé að vetri. Nú
eru það helst fjárleitir að hausti og rekstrar. Fólksfækkun hefur lítil
eða engin áhrif haft á hlutverk hundsins.

p10
Það hefur ávallt
verið sóst eftir kyngæðum hunda. Mest voru notaðar bendingar þegar hundi
var sigað. Þegar sigað var í hross var sagt irr í skipunartón, ávallt var
talað við hundinn og skildi hann hvort það var í þakklætistón eða skammartón.
Oftast var honum klappað þegar honum tókst vel en það gladdi hann ávallt.
Yfirleitt var það afar misjafnt hvað menn höfðu gagn af hundinum, það var
til að bóndi gæti sent hundinn til eþss að smala fénu heim af all stóru
svæði. Oft var notað orðið "svei þér", en ekkert folald
haft með. Ýmsir kenndu hundum að setjast og jafnvel að heilsa, þá
var þeim kennt að sækja ýmislegt sem hent var, stundum út í vatn eða sjó.
Skothundar voru til á stöku bæjum og sóttu þeir fugla sem skotnir
voru á sjó eða vatni. Til voru hundar sem gátu náð tófu á hlaupum
en .... til að sleppa tófu þegar að var komið. Að kenna hundum að
hætta að elta bíla veit ég ekki til að nokkrum hafi tekist, nema þá að
bíllinn keyrði yfir hundinn og þá hætti hann fyrir alvöru.

p11
Hundafár eða hundapest:
Að öðru leiti var heilsufar hunda gott, kom fyrir að þeir fengju skeinur
í áflogum en þeir sleiktu sár sín því hundstungan græðir en kattartungan
særir. Hundahreinsun, er lögboðin um allt land fyrir löngu síðan

hversu vel því er fram fylgt veit ég ekki. Síðan ég man eftir voru sullir úr fé grafnir í jörð. Ég þekkti aldrei mann með sullaveiki. Hundar í draumum veit ég ekki um, sama segi ég um ættarfylgjur hunda. Andi og sál: Ég hygg að allar skepnur hafi sál, en mismunandi þroskaða. Heyrt hefi ég og lesið um að hundar framliðnir hafi sést með húsbónda sínu, og finnst mér það mjög trúlegt, því líf er eftir þetta líf og líklega endurfæðumst við öll og lífið er eilíf hringrás. Hundum var lógað með skoti, síðan ég man eftir, þó hef ég heyrt að hundum hafi verið drekkt. Nýtingu á hundskinni hefi ég áður minnst á. Að vera eins og útspýtt hundskinn, sá sem ber út sögur sannar og ósannar.

p12
Maður og hundur:
Almennt var og er talað um trýni á hundi, kjaft, lappir, glyrnur voru frekar notuð um kattaraugu, líka var talað um að gefa hundi 1 bita, manni 3. Það var mjög misjafnt hve menn hændu að sér hunda eða viku bita að þeim, enda sagt, "það er lítið sem hundstungan finnur ekki". Sagnir um vit hunda: Nýlega var sögð saga í útvarpi af hundi sem raunverulega bjargaði lífi húsbónda síns. Það gerðist í Súgandafirði, eða á milli Staðar og Suðureyrar. Maðurinn var með stóran heypoka á baki og lenti í snjóflóði og gat ekki losað sig, hundurinn fann húsbónda sinn og sá að hann var í nauðum staddur. maðurinn sagði hundinum að fara heim og láta vita um aðstæður sínar og það gerði hundurinn svo rækilega að kona mannsins skildi að eitthvað mikið var að hjá bónda sínum og lét hún mann fara á vettvang og vísaði hundurinn á manninn.

p13
Málshættir og gátur.

Hvað hét hundur karls

sem í afdölum bjó,

nefndi ég hann í
fyrsta orði
þú getur hanns aldrei
þó.

Ingimundur og hans
hundur
átu báðir og sátu.

Nú nefni ég hundinn

og gettu hvað hann

heitir.

Svo orðlengi ég ekki
frekar um hundahætti og manna, þið vitið þetta allt og miklu meira.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1927
Sveitarfélag: 311 Borgarnesi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8958

p1
Tegundin: Auk orðanna
sem nefnd eru í spurningunni heyrði ég notuð hér í Borgarfirði, búrtík.
Nafnið á að skýra sig sjálft en gerir það þó ekki. Þetta var notað í skensi
um hunda sem voru orðnir værukærir og hédu sig heima við. En orðamerkingar
á samsettum orðum t.d. menn að fara í smalamennsku þá var sagt, kallaðu
á hundkvikindið og í framhaldi af því, þarna kemur hundgreyið eða kvikindisgreyið,
hundgarmurinn. (Skinn var lítið notað hér um slóðir í sambandi við hunda,
lítið heyrði ég talað um klódýr í sambandi við hunda og ketti og alls ekki
nú í seinni tíð). Hundakyn: Íslenski hundurinn var talinn hafa sérstök
einkenni í mínu ungdæmi sem ég held að séu þau sömu og talin eru einkenni
hans núna, en það var uppbrett eyru og hringað skott. Frekar stuttur og
lítill og þétthærður. Útlendir hundar skiptust í tali fólks á skoska hunda
og skipshunda, ólíkt því sem var hjá eldra fólki sem kallaði danskt það
sem útlent var. (Danskir skór, danskur skítur - tilbúinn áburður). Sennilega
hafa ekki önnur húsdýr hér á landi, blandast meira en hundar vegna hunda
á skipum. Skottlausa hunda heyrði ég talað um og man eftir einum að minnsta
kosti. Ekki man ég eftir hundsbeinum úr jarðraski. En hér á Fljótstungu
er til gröf með hundi 40-50 ára og er steinn yfir með nafni hundsins, á
svipuðum slóðum gróf ég minn gamla, góða Spora í fyrravetur, þá 15 ára.

p2
Heimilishundur: Heimilishundur
gat orðið flökku- eða flækingshundur á ýmsan hátt. Hundar fóru að heiman
á lóðarí eða tíkarstúss. Þeir komu oftast heim eftir nokkra daga, oftast
hungraðir, bitnir og illa útleiknir. Það var þó nokkuð algengt að hundar
væru geltir. Þeir urðu heimakærari en um leið feitari og latari. Ég var
á búi í Gullbringusýslu 1951, og þá var heimilishundurinn geltur, 3 árum
seinna var hann ófær til að smala með honum, vegna fitu. Það þótti til
vansæmdar hverju heimili að hundar væru horaðir. Og eftir einum manni var

haft að það ljótasta sem hann sæi á einu heimili væru horaðir hundar og hreinir strákar. Ég get ekki fullyrt neitt um hunda sem gæludýr í kaupstöðum, en það var til að þeim væri komið út í sveit og gafst yfirleitt illa. Enn meir um flækingshunda. Hundar urðu eftir af eigendum sínum á ferðalögum, fjárrekstrum á haustin og réttaferðum. Hundar, sérstaklega ungir, urðu þreyttir og sárfættir og lögðust kanski fyrir og töpuðu af eigendum sínum. Þá var því miður að oft þegar rekstrarmenn lögðu af stað heimleiðis, bæði úr kaupstað eftir að hafa losað sig við sláturfé og rekstrarmenn í útréttum lögðu af stað heimleiðis, voru þeir iðulega fordrukknir og gættu ekki að sér, þó hundar þeirra yrðu eftir, eða færu með öðrum í hávaða og skvaldri réttanna (ungir hundar).

p3

Verð á hundum: Hér man ég ekki eftir hundafári eða pest sem hafi fækkað svo hundum að eftirspurn yrði. En ég heyrði um fátækan bónda sem átti góða tík og seldi eitthvað hvolpana, 2-3 mánaða gæti ég trúað að hafi verið algengt að taka hvolpa á nýja heimilið. Hundur verður til: Lóðatík eða lóðarí. Það var talað um lóðaríshunda. Og viðhorf fólks til þeirra satt að segja oft grátbroslegt. Þeir voru skammaðir með allri þeirri orðkyngi sem íslensk tunga ræður yfir, svo sem: "Hundskastu, skammastu eða fjandskastu (o.s.frv.) heim. Nú og: "Þú hefur étið folald", var reynt líka. Þá var fest smá dós með steinum í skottið á þeim, það var skvett á þá vatni og nokkur dæmi vissi ég um að báreiðir menn skutu af haglabyssu í náND við hópinn og hygg ég að það hafi verið einna árangursríkast því margir hundar voru og eru byssuhræddir. Alltaf talað um að tíkur væru hvolpafullar. Fæðing: Orðið að gjóta var notað þar sem ég þekkti til. Um sjáandi hvolpa heyrði ég ekki talað (nema úr þjóðsögum). Margir höfðu trú á að síðasti hvolpurinn yrði góður fjárhundur. Á einum stað hefi ég heyrt hann nefndan hildagrís, (dýrasögur, Böðvars á Laugavatni). Aðrir tóku hvolpana úr bælinu og völdu þann sem tíkin tók fyrst er hún flutti þá til baka. Algengt held ég að hvolpum hafi verið drekkt hér í Borgarfirði. Tvisvar í búskap föður míns voru tíkur, fyrst 1938 og eina hefi ég átt, og ég þekki ekki annað en skotvopn við aflífun hvolpa.

p4

Í landi Kolsstaða í Hvítársíðu er örnefni, Hvolpapollur, pollur sem myndast þar sem lækur kemur úr brattri hlíð niður á sléttlendi. Auðkenni: Fjáraugu, kallaðar ljósar doppur yfir augum. Ég held þeir hafi átt að vera fundvísir á fé. Það var og er talað um spora á hundum og ég átti hund, fargað fyrir 1 ári, 15 ára, hann var alspora og með tvöfalda spora á afturfótum og hét Spori. Þjófaljós í rófubroddi, ég man ekki hvernig það var skilgreint. Hvort hann átti að fylgja eða lýsa þjófum. En hér í Borgarfirði var líka notað annað nafn um hvítan rófubrodd en það var þjófatýra eða bara týra og nöfn dregin af því, Týra, Týri og Týrus. Litur: Hundalitur: Svart, mó- og gulstrútóttir,

svartur, mórauður, grár, gulur, botnóttur, kolóttur, gulur, grár, flekkóttur.
Nöfn á hundum voru og eru oft dregin af lit og oft eru hundar skírðir áður en eiginleikar þeirra koma í ljós, en algeng nöfn eru Tryggur og Vaskur. Sumir notuðu alltaf sama nafnið á hunda hvern á eftir öðrum. Ég man eftir Lappa hjá nágranna mínum í þremur tilfellum, hverjum á eftir öðrum. Fyrir ekki löngu kom ég á bæ þar sem dóttir þessa manns býr og spurði krakkana hvað hundurinn héti: "Hann heitir Lappi, þeir hétu það hundarnir hans afa", var svarið sem ég fékk. Ég ætla að hripa upp dálítið af nöfnum sem ég þekki úr Borgarfirði: Smali, Strútur, Skuggi, Krummi, Kolur, Bósi, Kátur, Týri, Týrus, Snati, Spori, Kató, Kondút, Kópur, Tryggur, Vaskur, Hektar, Neró, Lappi, Lubbi, Gellir, Týra, Táta, Snotra, Skoppa, Kola, Tía, Skrítla.

p5
Hárafar: Um hárafar
hunda: snöggur, glansandi, loðinn, lubbalegur. Ég man ekki eftir að hafa heyrt talað um not af hundshári. Rödd hunda: Hundar ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla og spangóla. Þekki öll heitin í upptalningunni og man ekki eftir fleirum í svipinn. Ekki heyrt að sjóða grottann, en aftur heyrt það sýður í honum. Gestagelt alþekkt og þekktist yfirleitt alltaf frá öðru gelti. Ratvísi, þefskyn: Margar sögur um ratvísi og þefskyn hunda, bæði sögur og af eigin raun, þeir þekkja bílför að ég held. Oft ef hundar eru lokaðir inni og sleppa út, rekja þeir för manna þó að hvorki sé snjór eða annað sem markar í. Á Giljum í Hálsasveit var hundur sem fann fjölda fjár í fönn eftir stórhríð 7. des. 1925, var þó æði djúpt á þeim sumum. Spádýr: Talið var að hundar fyndu á sér gestakomur, t.d. með því að setjast og góna í þá átt sem gestur kom úr, ef þeir voru inni þá smá urruðu þeir, voru órólegir og kröfsuðu þó þeir þyrftu ekki út sinna erinda. Tíkarmjólk: ? Lækningar: Man ekki eftir að hafa heyrt um að hundsmör væri notaður, nema við gikt og þá að mig mynnir bræddur. En Borgfirðingar læknuðu holdsveiki með því að slátra hundi, flá af skinnið og leggja það volgt á kaunin, (Úr byggðum Borgarfjarðar II bls. 315).

p6
Hundsbit: Grimmir
hundar hafa ekki verið vinsælir, en gátu þó verið vænir fjárhundar hjá þeim sem þekktu þá og kunnu með þá að fara. Ég kann ekki að lýsa umbúnaði um hundsbit, en 1947 um haustið var drengur kominn undir fermingu bitinn illa er hann ætlaði að skilja hunda sem slógust margir saman (rifust) og faðir hans bað mig að fara með hann til læknis sem ég gerði og læknirinn tók ansi mörg spor í hann, en örið sést ennþá. Að sýna tennur, bretta sundur varir og urra gjarnan um leið, glefsa, bíta laust, bíta, læsa tönnum t.d. í fót, hælbítur. Hundur sem laumast aftan að skepnum og glefsar eða bítur í hælinn (stundum notað um undirförula menn). Það var algengt að vígtennur væru klipptar úr grimmum hundum og er ennþá gert, oftast með beittum naglbít.

Áflog hunda: Þeir voru skammaðir, en það var til að skvett væri á þá úr vatnsfötu. En mér er í barnsmynni stórkostlegustu aðfarir við að skilja stóra hundaþvögu við Rauðgilsrétt. Það hefur verið 1934 eða 35, að roskinn bóndi óð með svipuna á lofti inn í hópinn, barði á báða bóga krossbölvandi, var þá algjörlega ódrukkinn, en hundarnir flúðu skrækjandi í allar áttir. Hrælykt: Það var talað um hrælykt á haustin og ýtilykt eða útihundalykt. Það var ef þeir komu blautir inn.

p7

Hundaþúfa: Þekki ekki fleiri nöfn um þær. "Ný þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér", algengt orðtak hér fyrrum. Heyrist sjaldan núna og ekki nema af munni eldra fólks. Því miður og þannig er það um önnur orðtök. Hundur í mannaferð: Kannast ekki við orðtakið að vera eins og hundur í hverri hofferð. Það var algengt að hundar fylgdu fólki milli bæja og á mannamót, kirkjuferð ekki undanskilin. Og fyrir nokkrum dögum var ég á ferð með prestinum okkar sr. Geir Waage og þá sagi hann mér sögu af messuspjöllum við Síðumúlakirkju vorið 1919. En honum sagði Andrés Eyjólfsson bóndi og alþingismaður í Síðumúla, fæddur 27.5. 1886, dáinn um mán. mótin apríl-maí 1986. Geir bað mig ef ég segði ykkur frá þessu sem honum fannst sjálfsagt, að ég notaði tvo orð sem Andrés notaði í frásögn sinni. En sumarið 1918 sáði hann rófnafræði í flag niður á túni en vegna kulda í jörð eftir frostaveturinn urðu þetta ekki nema þræðir í moldinni. En vorið 1919 sóttu hrafnar í flagið. Nú við messu um vorið, var mikið af hundum við kirkju eða með kirkjufólki. Þegar guðsþjónustan var hafin, létu hundarnir svo ófriðlega að lítið heyrðist. Fór þá meðhjálparinn út að stilla til friðar. (Andrés lék þetta og hermdi eftir meðhjálparanum). En þá rjúka hundarnir í hrafnahópinn í flaginu. En nú skiptir engum togum að hrafnarnir fljúga upp úr flaginu og setjast á kirkjumæninn og heyrðist nú ekki mannsmál um stund, fyrir (klóskrapi)

p8

en blikkið stóð upp úr torfinu, þ.e. þegar járnþök voru tyrfð, seig torfið og rýrnaði í mæninn og var algengt að mænir stæði ber upp úr torfinu, en nú komu hundarnir neðan af túni og hömuðust í hröfnunum á þakinu. Ég held að messunni hafi verið lokið með venjulegum hætti. Sigríður systir mín í Giljahlíð hefur held ég svarað um hunda við Reykholtskirkju. Bæli hunds: Á mörgum bæjum var sérstakt hundsbæli. Var það oft reiðingsdýna sem komið var fyrir á göngum eða skoti ekki langt frá bæjardyrum en á sumrum var algengt að hundar væru úti og lágu þá oft í gluggatóftum á torfhúsum. Ílát: Ég man ekki eftir sérsmíðuðu íláti fyrir hunda en til að gefa hundum að éta í voru oft notuð gömul emeleruð ílát sem hætt var að nota fyrir fólk. Hundasteinn: Hér í Fljótstungu eru til tveir steinar handa hundum til að lepja úr, annar með holu frá náttúrunnar hendi en hinn tilhöggvinn, og kom hann upp úr skurði í hlaðinu þegar nú vatnslögn var sett vorið 1960

og þá var Sigurður á Kolsstöðum f. 1888 að hjálpa mér og mundi vel eftir
þeim steini þegar hann var ungur, að hann stóð fyrir utan fjós og hundum
var gefið í hann.

p9
Hundsmatur: Að mæna
eins og hundur á bita er vel þekkt hér í Borgarfirði. Ég man eftir því
að sláturafurðir sem ekki þóttu mannamatur voru soðnar og stungið í sýru
og haft til að gefa hundum. Að vísu féll mikið til af úrgangi úr mat meðan
fólk bjó að sínu, sem kallað var. Þá á ég við að mikið féll til af vömbum
utan af slátri, fiskbein, roð af harðfiski (eins og snúið roð í hund),
bein úr saltkjöti, stundum talað um loðin bein, þ.e. ekki gengið nærri
kjöti á þeim. Þetta heyrir til liðinni tíð, en núna á því herrans ári 1989
er kjöt til vetrarins úrbeinað og sumt hakkað í frystikistuna og það er
enginn úrgangur handa hundi eða ketti, en við matbúum á haustin handa hundinum.
Við tökum aukablóð þegar tekið er slátur og búum til slátur sem er soðið
í nælonsokk, þegar það er orðið kalt brytjum við það niður í plastpoka,
látum svo í frystikistuna, síðan er það tekið eftir hendi og þítt í örbylgjuofni
handa kvikindunum. Hundslap: Hefi ekki heyrt talað um hundslap sérstaklega.
En einhvern veginn hefur það síast í mig að algengt hafi verið að gefa
smalahundi 1 ærnyt.

p10
Það er erfitt að
lýsa hvernig hvolpar voru vandir. Það voru margar aðferðir. Mörgum og þar
á meðal mér fynnst best að byrja með hvolpa unga. þannig að maður nái þeim
ef þeir ætla að hlaupa til óþurftar. Til er að hvolpar séu látnir draga
keðju til að hindra að þeir geri óskunda. Ég tala við mína hunda og bendi.
Skosku hundarnir eru mikið betri en aðrir hundar, við að reka fé í rétt
eða hús, eins að taka einstakar kindur. En þeir eru ekki góðir (kanski
undantekning) við að smala víðáttumikil lönd og t.d. skóglendi. Þeir
vilja helst ekki
gelta. Kall á hunda; það er komdu, svei þér, skammastu þín, yrrdan, yrr.
Það nota ég til að láta hundinn gelta hjá mér, aðrir nota það til að senda
hunda. Ef að góður fjárhundur var á bæ, voru teknir hvolpar til
að venja með honum. Mér gafst það illa vegna afprýðisemi gamla hundsins.
Ekki held ég að fólksfækkun í sveitum hafi þau áhrif að auka notagildi
hunda. Með minnkandi vetrarbeit eru hundar ekki notaðir nema í göngum og
haustsmalamennskum. Það er haft eftir bónda hér í næstu sveit um ástandið
á morgni smaladags, fyrst eru hrossin rekin úr túni, þá er hundurinn lokaður
inni, svo að hann geri enga bölvun. Þá er tekin smá törn að skamma kerlinguna,
síðan fer bóndinn að smala og

p11
geltir þá sjálfur.
Nokkrum sinnum hefi ég vitað um hunda sem hefur verið kennt að heilsa

og jafnvel þakka fyrir sig, sitja, sækja verkfæri. Hér á næsta bæ er gamall hundur. Það var hægt að senda hann eftir mismunandi verkfærum. Það er erfitt að venja hunda af að gelta í bílum. Sumir t.d. mjólkurbílstjórar, voru stundum með byssur og skutu púðurskotum að hundum, sumir hundar forðuðust þá bíla sem þeir áttu vorn á slíkri sendingu frá, en héldu áfram að gelta í öðrum. Hundafár: Hefur lítið verið hér um slóðir síðan ég man eftir. Þó gekk hundafár hér eftir 1940 og var mikill viðbúnaður. Hundar passaðir inni í húsum til að hindra samgang og útbreiðslu veikinnar, en þá var mikið um refabú hér í Borgarfirði og þótti mikið í húfi að verja þau fyrir sýkinni. Hundur hjá okkur (átti þá heima á Sigmundarst. í Hálsasveit) veiktist. Ég man ekki eftir neinum lyfjum en faðir minn lét hann liggja inni í bæ á gæruskinni og hjúkraði honum, nærði hann á heitri mjólk og hlúði að honum, hundurinn komst yfir veikina en var alltaf kulvís og frekar aumur, þau 2-3 ár sem hann lifði eftir þetta.

p12

Hundahreinsun: Var framkvæmd samviskusamlega eftir því sem aðstæður leyfðu, þar sem ég þekkti til. Nú ýmsir töldu hundahreinsunar-embættið heldur virðingarstöðu eftir að ég man eftir. Held ég fólk hafi umgengist hunda með varúð með tilliti til sullaveiki. Ég þekkti ekki sem krakki og unglingur til annars en á mínu heimi, og við heimaslátrun var hundum haldið frá sláturstað, ef að fundust sullir sem ég man oft eftir að kom fyrir, var þeim safnað saman í ílát og síðan brenndir. Haustið 1950 var allt sauðfé skorið niður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Það haust vann ég í sláturhúsi á Hurðarbaki í Reykholtsdal. þar var slátrað fé úr 6-7 hreppum (uppsveitir Borgarfj.) þetta haust. Vann ég við slátur, og sullahreinsaði allt slátur og safnaði þeim í fötu, þeir voru að lokum brenndir og grafnir. Hundar í draumi: Man ekki eftir neinu í sambandi við hunda í draumi. Hundar sem fylgja: Hefi heyrt um hunda sem fylgjur t.d. um mórauða tík, hún mun hafa verið flegin að hluta og fylgdi hún fólki sem ég þekkti. Hér í Fljótstungu sá skyggn kona liggjandi hund á dyrapalli og áttaði sig ekki strax á því að hann var ekki lifandi en hún sá nú ansi margt.

p13

Andi og sál: Ég hefi oft heyrt að hundar væru skyggnir að þeir urruðu og geltu að ósýnilegum verum. Ef hundur reis upp í bæli sínu gekk að útidyrum, urraði og ýfði sig var sagt, hann vissi á sig gestakomu. Ég heyrði aldrei talað um aflífun á hundum, fyrir daga byssunar. Ég gæti trúað að þeim hafi verið drekkt, að minnsta kosti er talið að þeir hafi verið á floti í mógröfum á dögum Jóns heitins Hreggviðssonar, fyrir utan heiði þ.e.a.s. Skarðsheiði, eins og við segum sem búum ofar í Borgarfirði. Og að fyrir daga byssunar hef ég lesið um að einstaka flökkukarlar hafi lagt fyrir sig að aflífa hunda. Hundskinn voru notuð í húfur og eitthvað í bryddingar á fatnað. Að vera eins og útspýtt hundskinn var og er algengt orðtak hér í Borgarfirði.

Þá var átt t.d. við mann sem fór víða um t.d. að tala fyrir einhverju máli, jafnvel ötulan frambjóðanda fyrir kosningar. Það var talað um, lappir, glyrnur, trýni og kjaft. þar fór of góður biti í hundskjaft, algengt orðtak hér um slóðir. Merking: ef hundur náði að hrifsa góðan bita t.d. af nesti, einnig ef stúlka þótti taka niður fyrir sig við giftingu.

man ég ekki eftir sérstaklega, nema það sem er alþekkt í bókum.
Orð og málshættir: Ég held að ég þekki allt sem talið er upp þarna og til viðbótar, eins og halaklipptur hundur, svipuð merking og halasneyptur. Þá var talað um tíkargjólu um strekkingsvind. Smá viðbót, um hunda við messugjörð: Snemma á 19. öld í biskupstíð Geirs Vídalín, sendi hann prestum landsins tilskipun að þeir yrðu að flytja ræður sínaf af blöðum þ.e. skrifaðar. Þá skrifaði prestur einn til biskups og spurði hvað hann ætti að gera þegar hundur hringaði sig á skjáborunni yfir predikunarstólnum og ekki sæist til að lesa. Svar biskups var einfalt: "Sigaðu, blessaður, sigaðu". Þetta er búið að taka langan tíma að svara þessum lista. Ég byrjaði í fyrra vetur, en dreif mig núna að koma þessu frá mér.
Með bestu kveðju.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1916
Sveitarfélag: 603 Akureyri

Spurningar

Svör úr opnun textareit

Nr. 8818 p1 Um samheitin á hundum, sem upp eru talin í spurningaskránni s.s. hvutti, deli, búadeli, grey, garmur, rakki, seppi, skinn og héppi, voru öll notuð af gömlu fólki í minni bernsku að undanskyldu búadela, það hefi ég aldrei heyrt. Hundsspott, þá var einkum átt við hvolpa sem höfðu gert eitthvað til óþurftar. Orðið klódýr var samheiti á hundum og köttum. Þegar hundar komu heim illa útleiknir eftir langvarandi flæking var stundum sagt að hundshræið væri nú loksins komið heim. Það virðist, sem að sé vaxandi áhugi á að rækta upp íslenska hundinn. Þeir menn sem það gera hljóta að vita um flest eða öll einkenni íslenska hundsins. Hér í sveit er eitt slíkt bú. Kynblöndun hunda hefur færst mjög í aukana hin síðari ár, fyrir um 50-60 árum mun hún vart hafa þekkst. Ef hundur hafði hringað skott var talið öruggt að hann væri alíslenskur og hygg ég að svo sé enn. Það var nokkuð algeng skoðun manna að hundar færu frekar á flakk frá þeim bæjum þar sem aðbúð á þeim væri ekki sem skyldi. Ekki var það algengt að hundar væru geltir þó var það til, stundum ungir eða áður en þeir höfðu verulegan áhuga á tíkarsnatti og eins eldri hunda ef þeir voru langdvölum að heiman. Um það hvenær algengt var að hafa hunda, sem gæludýr man ég ekki gjörla, hygg þó að fyrir 30-40 árum hafi verið mjög fátítt í þéttbýli að hafa hunda, en þeir voru allir að ég held af útlensku kyni. Það er kanski of djúpt tekið í árinni að segja að algengt sé að hundar séu hafðir sem gæludýr í þéttbýli. Ég veit t.d. ekki hvað margir hundar eru á skrá á Akureyri p2 en um það er hægt að fá upplýsingar. Hér í sveit eru nokkrir bæir sem engan hund hafa og hefur svo verið um nokkurt árabil. Þó hefur hundum heldur fjölgað á tveimur til þremur síðustu árum hver svo sem ástæðan er. Það er mjög fátítt að þéttbýlisfólk komi hundum út í sveit nema þá í mjög stuttan tíma, t.d. ef það fer til útlanda eða eitthvað þ.h. Aftur á móti er ekki óalgengt að hvolpar séu auglýstir og fólk beðið að taka þá til eignar og án endurgjalds. Hér í sveitum hefur það ekki tíðkast að hvolpar hafi verið seldir nema með örfáum undantekningum og þá fyrir mjög lágt verð. Þó haf hundar vafalaust verið seldir þegar skæðar hundapestir gengu og heilar sveitir urðu algerlega hundlausar, samanber þegar Eyfirðingar sóttu hunda suður í Árnessýslu. Það var gamalla manna mál að góugotnir hvolpar yrðu bestu fjárhundarnir, sennilega hefur það stafað af því að meðan fært var fráog ærnar ýmist setnar eða smalað kvölds og morgna, þá hafa hvolparnir fengið daglega þjálfun. Þegar hvolpar voru farnir að lepja úr dalli var talið óhætt að taka þá frá móður sinni. Það var oft talað um hunda í tíknasnatti og jafnvel að einstaka manni væri líkt við þá, þó sjaldgæft væri. það mun hafa verið til að hrísvöndur eða hrísla var bundin í skott hundsins ef menn vildu losna við hann af tíkar..... og þótti þetta ráð gefast vel. Þegar ég var barn sá ég hund koma þannig heim. Það var mjög algengt að tala um hvolpafullar tíkur. p3 Eins var það algengt að sagt var að tíkin myndi fara að gjóta eða að tíkin væri gotin. Sumir gamlir menn höfðu trú á að fyrstu hvolparnir sem fæddust yrðu betri fjárhundar en hinir er síðar fæddust. Núgotnir hvolpar voru annað hvort höggnir eða skornir þegar þeir voru deyddir. Sjálfsagt hafa menn ekki verið sammála um hvernig velja skyldi hvolp til lífs. það mun hafa verið til að menn horfðu í augu hvolpsins og þóttust þá sjá hvort augnaráðið væri greindarlegt eða ekki (hvort þeir

hefðu fjárauga). Þá var það talið nær óbrygðult gáfnamerki ef hvolpurinn hafði spora á löppunum hels alspora. Ég man aðeins eftir einum slíkum hundi og hét sá Spori, hann var að allra sögn afburða fjárhundur en drapst úr hundapest fyrir aldur fram. Þá höfðu margir trú á smalabeininu, sem er efst á hausnum á hundinum. Ef það var hátt og dálítið hvasst þá þurfti ekki að efast um vitið í hundskollinum. Hvítur rófubroddur var stundum nefndur þjófaljós en hundurinn nefndur Týri eða eitthvað þ.h. Hvolpar sem gjarnir voru á að elta fé, þóttu góð fjárhundaefni. Venjulegast voru hundar nefndir eftir lit þeirra eins og Móri, Lappi, Hringur, Depill, Lubbi, Strútur, Valur, Krummi, Botni og algeng eru nöfnin eins og Vaskur, Sámur, Tryggur, Snati, Kátur, Kolur og Fjára, Táta og Stássa. Gestagelt í hundum var það þegar þeir sátu úti á hlaðvarpanum og ráku upp eitt og eitt bofs p4 annað slagið, en horfðu alltaf í sömu átt. Nágól var veikara en venjulegt spangól hunda, þá settu þeir trýnið upp í loftið og vældu eða ýlfruðu. Hundur sem gelti mikið er gest bar að garði var talinn frakkur, samanber kvæði Jóns Thoroddssen, "Heima frakkur bannar mér," eins var talað um að hundurinn væri illa siðaður ef hann gelti mikið við gestakomu. Þefvísi hunda er alveg ótvíræð. Meðan farið var gangandi eða ríðandi á kirkjustað voru hundar venjulega lokaðir inni á meðan fólkið fór af stað. Kæmust þeir út var það all títt að þeir þefuðu uppi slóð fólksins og voru mættir jafn snemma og messufólkið. Það virtist þurfa að líða langur tími frá því að fólkið fór frá heimili sínu og þar til hundurinn gat ekki þefar uppi slóðina. Ég minnist þess er ég var drengur, langt innan við fermingu að það var verið að koma hundum út úr kirkjunni áður en tekið var til, voru þá eigendur hundanna beðnir um að láta þá elta sig út, en tækist það ekki var tekið í hnakkann á þeim og þeir bornir út. Það eru til margar sagnir um ratvísi hunda t.d. í stórhríðum. Sjálfur hefi ég oft verið í kindaleit í vondum veðrum og þá jafnan haft hund til fylgdar. Ég minnist þess ekki að þeir hafi hopað af réttri leið. Þegar hundar liggja þannig að framlappirnar liggja beint fram og hundurinn leggur hausinn ofan á aðra löppina eða við hana þá á hann að vera að spá gestakomu. p5 Það er trú margra að sumir hundar séu skyggnir, þá gelta þeir, stundum sýnilega hræddir. Það rísa á þeim hárin og það kemur kambur eftir endilöngum hryggnum. Þegar kallað er á þá koma þeir en eru órólegir síðan hefst hjá þeim sama iðjan aftur uns þetta dvínar. Hvað þetta er veit enginn. Það var sagt að hundar vildu ekki hafa samskipti við menn sem væru feigir. Hundafeiti var talið mjög gott, sem græðandi áburður, sérstaklega ef um hundsbit var að ræða. Orðin að sýna tennur, var þegar hundurinn fitjaði upp á trýnið og lét það nægja, glefsa þegar hann beit laust, bíta þegar sást á mönnum eða skepnum, hælbíta þegar hann beit ekki nema neðst í fæturnar hvort sem það voru menn eða skepnur. Það var til að vígtennur voru dregnar úr hundum sem gjarnir voru á að bíta fé. Ef hundar voru í alvarlegum áflogum var venjulega reynt að taka í skottin á þeim og draga þá þannig sundur, sérstaklega ef eigendurnir voru við, dyggði það ekki þá var stundum helt yfir þá vatni sem að jafnaði dugði vel. Máltækið, "Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér," heyrði ég í æsku minni, en hefi ekki heyrt það í marga áratugi. Eins er það með orðtakið "að vera eins og hundur í hverri herferð," það heyrði ég oft í æsku minni. Þá var átt við menn sem voru að trana sér fram þar sem eitthvað var um að vera án þess að þeir væru beðnir, eða ættu nokkurt erindi. p6 Þegar menn fóru stuttar ferðir á milli bæja, var mjög algengt að þeim fylgdi hundur. Væri um lengri ferðir að ræða, var venjulega reynt að hafa þá heima, með því að loka þá inni eins og ég hefi drepið á hér að framan. Í framhúsi því eða skoti sem hundurinn var hafður í á nóttum var venjulega lagður poki eða ónýtt teppi í bælið hans. Ekki veit ég til þess að hafður væri sérstakur kofi fyrir hunda. Það var ævinlega reynt að hafa hunda inni á nóttum yfir veturinn og eins ef veður voru vond að sumrinu. Á meðan tún og engjar voru ógirtar voru hundar hafðir úti til að varna ágangi og til voru hundar sem tókst það mjög vel. Aldrei hefur heyrst að hundum væri sigað út í vont veður að kvöldi til, "að hundi sé ekki út sigandi," hef ég heyrt skýrt þannig að þá geysi algert fárviðri og það sé tæpast forsvaranlegt að fara með lifandi skepnu út í slíkt veður, því hann geri ekkert og geti ekkert gert. Hundurinn hafði sérstakan dall til að éta úr, stundum gamalt vaskafat eða annan blikkdall, trédallar hafa sjálfsagt eitthvað verið notaðir líka.

Hundstein hefi ég aldrei heyrt nefndan en meðan að fært var frá hefi ég heyrt að smalarnir hafi látið mjólkurlögg í holu á steini og látið hundinn lepja. Í sláturtíðinni á haustin var allt hirt sem ekki var ætlað til

manneldis og það látið í súr í sérstaka kollu og hundinum gefið það. p7 Auk þess fékk hann daglega það sem til féll svo sem öll kindabein nema leggi (börnin fengu þá), svo ugga seigildi, stundum grautarslettu og svo mjólkurdreitil á hverju máli. Að mæna eins og hundur á bita, kannast margir við, en "horfa til augna," ekki. Ég minnist þess, þegar ég var strákur þá trúlofaði sig stúlka sem ég þekkti og var talið af sumum að mannsefnið væri henni ekki samboðinn, sem sagt að hún tæki niður fyrir sig eins og sagt var, þá heyrði ég ungan mann segja að "þar fór góður biti í hundskjaft." Það er nokkuð öruggt mál, að þegar fráfærur lögðust niður, þá minnkaði starf hundsins mikið, hann var í daglegri þjálfun allt sumarið, svo komu haustgöngurnar, síðan rekstur með sláturfé, svo var fénu beitt allan veturinn og því smalað þegar þörf var á. Hundurinn vandist á að gera alltaf sama verkið, rölta á eftir ánum í hagann og smala þeim svo heim að kvöldi, þá kom þetta furðu fljótt. Hvolpar læra að þekkja nafnið sitt mjög snemma. Þegar byrjað er að siga þeim þarf að benda þeim í hvaða átt þeir eiga að fara, oft þarf að byrja á því að fara með þeim áleiðis. Ef hvolpar gegndu ekki þegar kallað var á þá: "eltu féð," þurfti stundum að ná í þá og vera þá byrstur ekki vondur. Mikilvægt er að ná vináttu hundsins, ef menn eru með nesti með sér þarf að gefa honum með sér, klappa honum og strjúka. Ef að yfir vatnsföll þarf að fara, þá að taka hann á hnakknefið p8 svo hann blotni ekki. Hundar eru fljótir að komast upp á lag að stökkva á bak, annað hvort fyrir framan eða aftan manninn. Þegar þufrti að stoppa hund og hann gegndi ekki þó nafnið hans væri kallað, þá var kallað í byrstum róm: "svei þér," eða "skammastu þín." Þegar svo betur gekk var honum strokið og klórað á bringunni. Íslenskir hundar þóttu betri og þykja enn ef nota á þá við smalamennsku. Menn gerðu það stundum að gamni sínu að venja hvolpa á að heilsa, þá rétti maðurinn fram hægri höndina og tók í hægri framlöppina á hvolpinum, þá kom það furðu fljótt að hvolpurinn fór að rétta löppina fram af sjálfsdáðum. Hvolpar eru yfirleitt hræddir við bíla til að byrja með og það var og er talið mikilvægt að hvolpar alist ekki upp með hundum sem standa gjammandi í bílum, þeir beinlínis læra ósiðinn af þeim. Ef hvolpar fóru að elta bíla, þá voru þeir skammaðir og hirtir og það stundum all rækilega. Hundapest eða hundafár hefur ekki gengið hér um slóðir eftir því sem ég best veit síðan á árunum 1930-40 þessi pest var ekki talin mjög skæð samanborið við það sem áður þekktist þó drápust þó nokkuð margir hundar. Lyf eða læknisráð voru ekki talin nein til á þeim árum. Í mínu ungdæmi voru hundar lokaðir inni þegar heimaslátrun fór fram. Sullir voru undantekningalaust brenndir og var höfð mikil aðgæsla þegar mörinn var tekinn úr kindinni, eins hvort p9 fékvörn fyndist í henni, en það þótti gott. Ég hef aldrei heyrt að hundar í draumi boðuðu neitt sérstakt, hvorki vont né gott með þeirri undantekningu þó að verða fyrir hundsbiti í draumi þótti boða illt. Það eru og hafa alltaf verið bæði menn og konur sem hafa séð fylgjur manna og vitanlega séð margar skepnur og þar á meðal hunda. Það verður sennilega aldrei sannað að hundar séu skyggnir en margar sögur eru til um skyggni hunda og margt bendir til þess að svo sé enn í dag. Ef til vill er það með hundana eins og mannfólkið að það sé einungis einn og einn sem sjá það sem öðrum er hulið. Hér áður fyrr hafa góðir fjárhundar tvímælalaust orðið mjög gamlir, mönnum þótti vænt um þessa tryggu vini sína og ..... sér við að lóga þeim, fyrr en hjá því varð ekki komist eða þeir (hundarnir) voru komnir að fótum fram eins og sagt var. Hundar munu hafa verið skornir eða hengdir þegar þeir voru deyddis. 1930 sagði mér gamall maður (rúml. 80 ára) að hann þá unglingur hefði séð er köttur var hengdur og hefði það tekið fljótt af. Að vera eins og útspýtt hundskinn var sagt um menn sem voru lausir við heimili sín, trössuðu verk heima fyrir en voru viljugir að hjálpa öðrum, kannski ekki alltaf af beinni þörf. Ég tel að það hafi verið einstaklingsbundið hvernig talað var um hunda (líkamshluta þeirra) og kannast ég við öll þau nöfn sem upp eru talin í spurningaskránni. Aldrei hefi ég heyrt p10 þess getið að dekur á hundum hafi þótt nokkuð óeðlilegt, aftur á móti heyrði ég talað um gamlar konur sem þóttu hafa ketti í miklum hávegum sem talið var hreinar öfgar. Um orð þau og málshætti sem eru á síðustu síðu spurningaskrárinnar kannast ég öll við og mörg þeirra eru notuð enn, t.d. hundspottið þitt. Hann varð "hálf hundslegur." Um strák sem er að byrja að líta á stelpur, er sagt að hann sé að byrja að fá svolítið hvolpavit. Eldra fólk talar enn um hundslappa drífur og er svo um flesta þess málshætti.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1905
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8357

p1
Hundar: Fyrst þegar
ég man eftir voru aðeins hinir gömlu íslensku hundar, með sín einkenni, eyru sem stóðu bein og hringað skott. Þeir voru ekki stórir. Svo þegar tímar liðu voru fluttir inn hundar, sem kallaðir voru skoskir. Þeir voru stærri, með slapandi eyru og lafandi skott. Samheitum hunda man ég eftir: hundur, hvutti, rakki, seppi, héppi. Orðið klódýr hef ég aldrei heyrt. Ég heyrði aldrei talað um að hvolpar væru seldir. Þeir voru gefnir og urðu menn því fegnir að þurfa ekki að aflífa þá. Hvolpar voru skornir með hárbeittum gæruhníf í einu hnífsbragði en stundum var þeim drekkt. Hundar söfnuðust saman þar sem tíkur voru og þótti ónæði. Stundum var reynt að fæla þá burtu með því að skjóta úr byssu. Sumir hundar fóru þá, en aðrir ekki, þeim var alveg sama. Gæluhundar voru ekki til í minni sveit, en víða voru tveir hundar og þurfti það þegar tveir fóru að smala. Um rödd hunda kannast ég við, ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla. Sjógól og nágól, hef ég ekki heyrt. Ratvísi hunda og þefskyn var frábært. Væri hundur lokaður inni þegar húsbóndi fór eitthvað og komst út nokkru

p2
seinna, rakti hann
slóðina og náði herra sínum og eins þó hann væri ríðandi og þá hefur hundurinn þefað slóð hestsins. Ratvísi hunda var mikil. Þó þeir yrðu viðskila við húsbónda sinn upp á fjöllum eða í öðrum sýslum komu þeir heim. Það var föst venja hjá hundum að gelta fyrir gestakomu. Það var sama hvort þeir sátu úti á hlaði eða væru lokaðir inni. Þeir fóru að gelta löngu áður en gesturinn kom, en ekki man ég eftir mismunandi gelti, eftir því hvort gesturinn væri betri eða verri. Fann ekki feigð á manni.
Hundafeiti var stundum hirt og notuð til lækninga. Hún var borin á tognun og bólgur og þótti gott meðal. Ég man ekki mikið eftir hundsbitum, en þau voru lengi að gróa. Oft flugust hundar á þegar menn komu saman og

fóru sumir illa út úr því einkum þegar fleiri en einn réðust á sama hundinn. Eigendur þeirra skildu þá og tók hver sinn hund. Ekki man ég eftir að vatni væri hellt á þá, enda ekki alltaf tiltækt. Hundar fóru alltaf með heimafólki og eins til kirkju og oft gátu þeir smogið sér inn í kirkjuna og undir bekk, en þar höfðu þeir ekki frið. Meðhjálpari kom og tók í hnakkadrambið á þeim og dró þá út, en það var eins og þeir vissu hvar þeir væru, því þeir gáfu aldrei hljóð frá sér.

p3

Það var sérstakt hundsbæli í göngum eða skála og eitthvað mjúkt til að liggja á, gæruskinnspartur eða fatadruslur. Þeir lágu inni þegar þeir vildu, var ekki sigað út á kvöldin til að liggja. Hundamatur var ýmis konar úrgangur úr mannamat. Þeir bruddu bein í vissa stærð og varð gott af og þeir fengu alltaf einhvern skammt af mjólk. Í minni sveit voru hundar yfirleitt vel haldnir og litu vel út, en þó sáust hundar magrir og illa útlítandi og var það talið lítt til sóma eigendum þeirra. Hundafár varð ekki í mínu minni en nægar sagnir eru um það frá fyrri tíð. Frá því ég man fyrst eftir voru hundar hreinsaðir á hverju ári á nokkrum stöðum í hreppnum, í moldarkofum oftast. Eitt sinn man ég eftir, að hundur slapp út, gróf sig undir þröskuld, hljóp heim og dró bandorm á eftir sér. Hundarnir voru lokaðir inni vissan tíma eftir inngjöf, síðan baðaðir og voru þá fljótir að hlaupa heim.
Ég heyrði sagt, að Jóhann hreppstjóri á Brúnastöðum, sem dó 1926, 93 ára gamall hafi látið hund og kött sleikja skálina sína og sagt: "Guð blessi þig lagsmaður." Þegar fé var slátrað heima á haustin, komu oft sullir innan úr því, þeirra var vandlega gætt og brenndir í eldi.

p4

Ekki er neinn vafi á, að hundar hafa skyggnigáfu. Það er skyggnigáfa þegar hundur geltir löngu áður en gestur kemur. Hann sér fylgju hans. Ekki hef ég heyrt, að hundar væru ættarfylgjur, en hundar fylgja húsbændum sínum, sem væru þei lifandi. Skyggnir menn hafa sagt að mér fylgi tveir hundar, annar gulur og hinn svartur og kannast ég vel við þá. Ég kann sögu um, að tófuhvolpur fylgdi grenjaskyttu, sem ól hann upp. Sú saga mun vera til á prenti. Auðvitað hafa hundar sál, en það er á breiðu sviði, hvað er kallað sál. Frá því ég man fyrst eftir voru hundar skotnir, en hvernig þeir voru teknir af lífi áður, spurði ég ekki um. Mig langaði ekki til að vita það. En líklega haf þeir oft verið skornir eins og sauðfé.
Það mun hafa verið eftir að íslenska hundakynið fór að blandast því skoska, að til urðu hundar, sem bitu sauðfé til skemmda í lærið, þegar smalað var. Þá var tekið það ráð að klippa ofan af vígtönnum þessara hunda og dugði það.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1917
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8371

p1
Tegundin: Hver hundur
hafði sérnafn. Hins vegar voru notuð samheiti oftlega s.s. hvutti, grey, garmur, seppi, héppi (greyskinnið). Ég held að orðið deli hafi sjaldan verið notað, rakki fremur sjaldan og garmur nær aldrei. Þó var sagt "láttu ekki svona asnalega garmurinn þinn", o.fl. þess háttar. Margir hundar virtust skilja þessi orð. Hundspott var notað í lítilsvirðandi merkingu og sama var með garmskinn og greyskinn, en þá var þó fremur um vorkunnsemi eða samúðarhljóm að ræða, hefði hundurinn lent í einhverju erfiðu eða vosbúð.
Klódýr heyrði ég aldrei notað um hunda og tæpast heldur ketti, þó gæti það fremur hafa komið fyrir. Hrædýr og krækvikindi voru tófur (refir) en fyrir kom að það væri notað um flækingshunda eða hunda sem af einhverjum ástæðum sultu. Hundakyn: Flestir hundar í minni æsku voru af íslenskum stofni með uppstandandi eyru og hringað skott, stuttir og brattis (fallir). En til voru á einstöku bæjum hundar af skosku fjárhundakyni. Þá var talað um "kleifakyn", "Guðmundarkyn" eða "Krosskyn", frá Krossi í Haukadal og Kleifum í Gilsfirði.
Á seinni árum og áratugum ber mikið á blendingum og er nær enginn hundur lengur með alíslenskum einkennum. Ég hefi séð bein hunda koma úr jörðu en hefi ekki hirt þau.

p2
Heimilishundur: All
mikið var lagt upp úr að hundurinn væri sællegur (feitur í hófi) og hefði fallegt hárafar. Það þótti bera vott um velsæld á heimili og góða aðbúð við fólk og fénað (búsæld). Færu hundar að stunda flakk urðu þeir oft ljótir útlits. Þeir lentu þá oft í áflogum og voru þá bitnir og rifnir, haltir og blóðugir. Þeir voru stundum geltir og vöndust þá fremur af flakki - en oft var þrautarlendingin sú að lóga flökkuhundi.
Hundar, sem gæludýr á heimilum, hafa naumast verið til í minni sveit, fyrr en tvo síðustu áratugi á einstöku bæjum. Slíkir hundar hafa gjarnan verið

af stórum erlendum kynjum og hafa sumir verið hvimleiðir, frekir og gjarnir til að stökkva upp um menn. Þeir hræða bjarnan börn, sem ókunnug eru þeim. Þeir elta gjarnan bíla og láta aldrei af þeim vana. Ég þekki naumast að þéttbýlishundum sé komið fyrir í sveit. En veit þó aðeins um dæmi þess. "Svo er hundur sem hann er hafður", eða eitthvað í þá veru var oft notað. "Hundur er líkur húsbónda sínum", einnig. Verð á hundum: Nær óþekkt var að selja hvolp í mínu umhverfi. Fólki var svo sárt að drepa hvolpa og einnig að taka þá unga frá móðurinni að það gaf þá fremur til lífs, ef þess var kostur. En skoskir hundar voru seldir og seldir nokkuð dýrt, en man ekki eftir verðviðmiðunum. Hundafár var nær óþekkt fyrirbæri. Ég heyrði þó einu sinni á kreppuárunum talað um það. Enginn sérstakur árstími var uppeldistími hvolpa.

p3

Hundur verður til:

Lóðatík var almennt notað um tík, sem sóttist eftir samlagi hunds. Oft fóru lóðatíkur á flakk, þegar þannig stóð á fyrir þeim. Þær drógu að sér hunda frá mörgum bæjum og oft urðu mikil slagsmál á milli hundanna um tíkina. Ungir hundar fóru oft illa í slíkum slag, urðu bitnir, haltir og blóðugir og skriðu þannig heim til sín. Þetta voru hinar verstu samkomur og börn urðu oft hrædd við hunda vegna þeirra grimmdarlegu áfloga sem fylgdu þessu. Hvolpar sömu tíkar áttu oft marga feður. Tíkarsnatt var þetta kallað, ef hundar fóru af bæ í þessu skyni. Oft var skvett vatni á hundaþvögu og hlupu hundar þá í burtu. Einnig voru dósir eða eitthvert glamrandi drast bundið í rófuna á hundinum til að fæla þá í burtu. Strákar höfðu gaman af slíku. Hvolpafull var notað um tíkina á meðgöngutíma. Fæðing: - Að gjóta -, var almennt notað. Búið var um tíkina í kassa eða skoti, þar sem henni gat liðið vel og sæmilega hlýtt var. Oft var fylgst með því í hvaða röð hvolpar fæddust. Sumir vildu helst ala upp fyrsta hvolpinn og töldu að hann yrði duglegastur. En algengast var að velja hvolp til lífs eftir lit og einkum, ef fólk taldi sig þekkja föðurkyn af lit hvolpsins.

Ný gotnum hvolpum var alltaf drekkt í poka, sem stungið var að viðbundnum steini í mógröf þar sem vatn var djúpt.

p4

Auðkenni: Ekki man ég eftir að hafa heyrt talað um fjáraugu á hvolpi. Ég tók eftir mismuni á "hringspora", "hálfspora" og "spora" hunda, en það var ekki tengt eðlismun eða mismunandi kostum hunda, heldur ef hundsspor sáust í snjó eða leirflagi var unnt að vita hvaða hundur hafði verið þar á ferð. Hvítur blettur við auga var gjarnan kallaður "vagl", en ekki man ég eftir að því væru taldir fylgja sérstakir eðliskostir. Hvítur blettur í rófu var oft nefndur "þjófaljós". Ekki man ég eftir að nein trú væri því tengd. Litir hunda og nöfn: Hundar voru mórauðir, svartir, gráleitir, strútóttir, flekkóttir, hosóttir, (móhosóttir, svarthosóttir o.fl.), snoppóttir, blesóttir o.fl. Margháttuð nöfn

voru notuð, t.d. Vaskur, Tryggur, Kátur, Garpur o.fl. nöfn, sem áttu að tákna eðliskosti. Snati var mjög algengt nafn. Hvað hét hundur karls, sem í afdölum bjó? Nefndi ég hann í fyrsta orði, en þú getur hans aldrei þó. Þetta er gömul gáta um hundsnafn. Hárafar: Lubbi var notað um mjög loðna hunda. Ekki veit ég til að hundshár hafi verið til nytja. Snoð var notað, en algengast var að segja, "hann er að ganga úr hárum". Hundadagar ætla ég að hafi verið háraskiptatími hunda.

p5

Rödd hunda/spádýr:

Hundar ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla öll eru þessi orð algeng. Við það má bæta hundsgái eða hundagói. "Að sjóða grottann", heyrði ég ekki svo ég muni. Sjólgóli man ég ekki eftir. En nágól heyrði ég talað um og var talið spá einhverjum feigð. Algengt var að hundar hæfu að gelta að kvöldlagi einkum á vetrum, er kyrrt var veður og oft komu þá gestir. Þetta var kallað gestagelt eða gestagól.

Talið var að hundar sæu fylgjur fólks. Furðulegt mátti kalla hvað oft gestakomur fylgdu spá hundanna. Ekki get ég sagt að spáhundar gerðu upp á milli gesta (góðra eða illra gesta). Ratvísi, þefskyn: Hundar voru mjög ratvísir. Oft í vondum veðrum, hríðarveðrum og mikilli rigningu, væri maður gangandi á ferð, fóru hundarnir á undan manni og þurfti naumast að gæta annars en að tapa ekki sjónar af þeim. Ég sá hunda rekja spor manna á jörð, nokkrum tímum eft að þeir höfðu farið um og virtust hundarnir hafa mjög næmt þefskyn og rekja slóðina, þó hún væri krókótt á blautu landi.

Algengt var að börn væru látin hafa með sér hund, væru þau send á bæi gangandi eða ríðandi. Hundurinn átti að vera þeim til öryggis. Til eru margar sögur frá fyrri tíma um hunda, sem stóðu yfir húsbændum sínum, særðum (meiddum), dánum (í fönn) eða uppgefnum af þreytu, dögum saman, þó soltnir væru. Til eru sögur um hunda, sem hlupu heim til bæja, geltu og létu þannig vita, að eitthvað væri að og hlupu svo undan fólki til hins slasaða eða lamaða manns. Engin slík saga verður hér sögð.

p6

Tíkarmjólk: Ekki

man ég eftir neinni sérstakri notkun á tíkarmjólk. Lækningar: Trú var á því að láta hund sleikja sár. Orðtakið "kattartungan særir, hundstungan græðir", er alþekkt í minni byggð. Ekki vissi ég til þess að hundsmör væri notaður, en heyrði talað um hundsfeiti væri góð við bruna. Hins vegar heyrði ég að hundskinn og kattarskinn væru sérstaklega góð til að hafa innan klæða við gigtarbletti. Þau voru og eru bæði mjúk og hlý. Það hefi ég sjálfur reynt. Hundsbit: Hundar gátu verið grimmir við ókunnuga og sumir sóttust eftir að bíta aðkomumenn (hælbíta). Hundsbit þóttu slæm. Oft vildi grafa í hundsbiti. Reynt var að sótthreinsa þau með joði eða lísóli. Ekki kannast ég við að brennt væri hár bithundsins til að leggja það við sárið. Hins vegar vissi ég til að vígtennur hunda væru

brotnar eða dregnar úr hundum. Sumir hundar glefsuðu í fólk, án þess að skaða það. Aðrir bitu fast í föt (sokka) og rifu þau, enn aðrir glefsuðu í hold fólks, en sumir urruðu aðeins og sýndu tennur. Allir voru þeir kallaðir hælbítar. Hundar gerðu sér mannamun í þessu efni. Ég heyrði sagt frá hundi á einum bæ í Dýrafirði sem beit marga aðkomumenn. Eitt sinn kom Jóhanes Davíðsson, bóndi í Neðri-Hjarðardal að bænum. Jóhannes fór þá á milli bæja til að mæla jarðabætur. Þá kom hundurinn hlaupandi og gerði sig líklegan til að glefsa í fót honum. Þegar Jóhannes gerði ráð fyrir að

p7
hvutti mundi glefsa
í sig, þá allt í einu fór hann að góla og hljóp í burtu. Jóhannes sagði sjálfur svo frá að líklega hefði hvutta fundist svona hræðileg lykt af sér. En hann kunni ekki aðra skýringu á háttsemi hvutta. Áflog hunda: Eins og áður segir var stundum hellt vatni yfir hunda í áflogum. Ungir menn höfðu gaman af að vaða í áflogin og taka grimma hunda gapandi af vonsku, hífa þá á loft og fleygja þeim síðan langt frá sér. Oft hlupu þá hundar ílfrandi í burtu, en stundum ruku þeir saman aftur. Hrælykt: Hrælykt af hundum þekkti ég ekki. En hins vegar varð ég var við að einstöku hundar sóttu í hræ af dauðum gripum. Sjálfsagt hafa hundar sótt í nýmeti eins og fólk, en þetta var þó fyrst og fremst talið stafa af því að hundurinn fengi of naumt fæði á bænum. Hrædýr voru refir og fuglar kallaðir, sem sóttu í hræ (hrafnar, mávar, ernir o.fl.). Hundaþúfa: Hundaþúfur voru víða alþekktar, líka sem örnefni. Þær voru vel grænar og hundar notuðu þær til þarfa sinna. "Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér". Þetta orðtak er alþekkt. Ég hygg að hundaþúfa þyki ekki virðuleg þúfa og orðtakið merki að eitthvað sem talið er lítilmótlegt sé að gera sig merkilegt (hreykja sér í oflæti).

p8
Hundur í mannaferð:
"Eins og hundur í hverri mannaferð", kannast ég ekki við. Almennt fylgdu hundar húsbændum sínum á milli bæja, hér fyrr á tíð, á meðan menn fóru gangandi og eða ríðandi á milli bæja. Hundar sóttust eftir að fylgja fólki þannig og þeir fylgdu einnig börnum og konum, ef svo bar við að þeir voru ekki í "vinnu", er ferð bar að. Hundar fóru einnig oft með fólki til kirkju. Ég man eftir að hundur kom inn í Miklaholtskirkju, þegar messa stóð yfir. Ungur maður reis þá upp úr sæti og tók í hnakkadramb hundsins og bar hann úr, veinandi. Þetta töldu menn messu spjöll.
Einu sinni kom nágranni minn í heimsókn að vetrar- eða vorlagi. Hann kom gangandi einn mjög blauta mýri. Hundur fylgdi honum og kom með honum í bæinn. Hann var sóðalegur, með rauða mýrarfor á fótum og bleytti stofugólfið. Þá sagði nágranninn. "Sámur, farðu nú út - farðu nú út, svey þér, Sámur, farðu nú út". Þetta endurtók hann nokkrum sinnum, en hvutti lagðist bara flatur og óhreinkaði enn meira þannig. Þá sagði móðir mín:

"Láttu greyið vera". Þá sagði nágranninn: "Jæja, vertu þá kyrr". Við systkinin hlógum að þessu. Bæli hunds: Hundar lágu í skoti í bæjardyrum gömlu torfbæjanna, oft var breytt undir þá eitthvað mjúkt, þur heytorfa, poki eða hey. Sumstaðar litlir hundakofar en óviða samt. Oftast á sumrin lágu hundar úti og stundum á veturna líka. "Ekki er hundi út sigandi", hef ég haldið að ætti við svo illt veður að ekki væri talið fært (forsvaranlegt) að láta hundinn liggja úti. Ég kann enga aðra skýringu á því.

p9

Hundsdallur, hundstrog:

Hundar áttu sérstakt ílát, dall eða trog. Það var stundum emelerað ílát eða diskur. Væri það dallur eða trog var það heimasmíðað úr timbri. Trog var með eina gaflfjöl, hliðarfjalir, tvær botnfjalir negldar upp í gaflinn og hliðarfjalirnar. Þetta þurfti að vera þétt vel, svo það héldi mjólk eða graut. Hundssteinn: Ég heyrði talað um hundsstein og sá hellur, sem notaðar voru sem slíkar (voru með íhvolfiskál). En ekki held ég að slíkt hafi verið klappað af mannavöldum. Hundsmatur: Fyrir kom að matur, sem þótti ekki nógu góður fyrir fólk, væri geymdur eingöngu handa hundum. Þar sem tveir eða fleiri hundar voru á bæ, eins og algengt var áður fyrr, þurfti mikinn mat handa þeim. "Að mæna eins og hundur á mita eða mat", var alþekkt orðtak. Hundar hafa vafalaust oft fengið lítið að éta, þegar matarskortur var, fyrr á öldum. Hundar mæna oft biðjandi, ef þeir horfa á fólk éta. Þetta þekki ég vel frá fyrri árum. Hundar átu yfirleitt allan úrgang svo sem bein, roð og ugga. "Kastaðu beini í hundinn", þýddi að gefa hundinum kjötbein. Ekki mátti hundur fá málbein úr kindarhaus, ef ómálga barn var á bænum. Þá, ef svo varð, var hætta á að barnið yrði mállaust. "Að horfa til augna", kannast ég ekki við. Hundslap: Ég kannast ekki við ákveðið magn en orðið "hundslap", var notað um hvers konar vökvun, sem hundum var gefið.

p10

Smalahundur - fjárhundur:

Hvolpar voru vandir með eldri hundum. Hvolpar virtust taka vel eftir hvernig eldri hundar fóru að. Fóru hvolpar rangt að var þeim refsað, fóru þeir aftur á móti skynsamlega að var þeim klappað og gælt við þá. Þeim voru gefnar bendingar með höndum. Margt fleira kom til. Hlutverk hunda hefur minnkað mjög mikið á síðari árum, einkum síðan farið var að ala fé inni í húsi allan veturinn og girðingar eru komnar til að nota fyrir fé að vorinu og að haustinu til. Einnig eru smalanir orðnar færii og víða engar á vorin. Því er erfitt að þjálfa hunda og þeim fer ört fækkandi sem fjárhundar eru kallaðir. Sagt var yrr, yrr, þegar hundi var sigað. Svey þér, uss, svey þér, skammastu þín, svey þér, var sagt þegar hundur var skammaður. Svo voru hundar barðir ef þeir höguðu sér afar illa. Ég hefi ekki heyrt, "svei þér, þú hefur étið folald". Fremur ætti þetta við menn.

p11
Hundum var kennt
ýmislegt annað en fjárgæslu. Til dæmis var þeim kennt sumum að sækja hluti. Þetta var þá oftast oft sem leikur. Erfitt var að fá hunda til að hætta að elta bíla. Hundafár: Eins og ég hefi sagt hér að framan man ég ekki eftir hundafári á mínu heimili. Hundahreinsun: Ég hefi áður í svari um slátrun sauðfjár o.fl. gert grein fyrir hvernig sullir voru grafnir í jörð eða brenndir. Hundar voru lokaðir inni, þegar slátrað var.
Hundar voru hreinsaðir árlega með því að þeim voru gefnir hundaskammtar sem leiddi af sér niðurgang eftir fáa klukkutíma. Hundar voru á meðan lokaðir inni í húsi (hesthúskofa eða slíku útihúsi, þar sem fé ekki var hýst), skíturinn var grafinn. Hundurinn var baðaður eftir hreinsun úr lýsólbaði (kréolíni). Hundar sem fylgja fólki: Talið var að hundar fylgdu fólki af ákveðnum

p12
ættum, en hitt var
oftar að það væri tófa, en ekki kann ég að segja sérstakar sögur um það. "Mórar", voru draugar af ýmsu tagi. Hundar í draumi: Ég hefi ekkert um það að segja. Andi og sál: Hundar voru misvitriri. Þeir virtust sumir hafa næma skynjun eins og þeir hefðu hugsun og sál. Eitt sinn bar ég ungan hund yfir straumvatn og þegar á bakkann kom hljóp hann upp um mig og fagnaði eins og hann væri úr helju heimtur. Ef einhver heimilismaður var af bæ, þá var heimilisrakkinn órólegur og sat oft úti á bæjarhól og rak upp bofs öðru hvoru þar til heimilismaður var kominn heim . Þannig má mörg dæmi nefna frá liðinni tíð. Engar sögur hefi ég heyrt um framliðna hunda. Dauði: Ég man ekki eftir öðru en að fullorðnir hundar (gamlir) væru skotnir. Hundskinn voru almennt ekki hyrt (nýtt) en eins og áður segir voru þau talin góð við gigtarbletti. Útspýtt hundskinn er með mörgum smáum snepplum (skönkum).

p13
Að vera eins og útspýtt
hundskinn, var að fara (flækjast), stefnulaust um umhverfið. Maður og hundur: Orðafar fór nokkuð eftir hófsemi (kurteysi) þess, sem ræddi hlutina. En oftar var notað, kjaftur, trýni, glyrnur, lappir o.s.frv. en höfuð, munnur, nef, auga eða fætur. En hvorutveggja var til. Orð og málshættir. Ég kannast við og hefi notað öll upptalin orð og málshætti í spurnarkaflanum og ótal mörg orð önnur svo sem, hundahem um þunnan ís, hundheppinn um sérstaka, óvenjulega heppni, hundur er í honum, varsagt ef maður var fúll í skapi. Eins og halaklipptur hundur, ef maður skammaðist sín. Fara í hund og kött, þótti ólánsamleg för. Tíkarlegt var mjög smátt. Þannig mætti lengi telja, en allt slíkt má sjá í orðabókum og þessi pistill verður ekki lengri.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1912
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8451

p1
Hundurinn: Hundurinn
tryggi vinurinn. "Já, milli manns og hests og hunds hangir leyniþráður", satt er það. Samheiti hunda voru hundur, hvutti, grey, garmur, rakki, seppi, héppi, skinn, öll þessi orð voru algeng um hunda. Ég man nú ekki eftir að hundar væru kallaðir klódýr, það var frekar talað um að þeir gengu á þófum, þófdýr og þeir voru sárfættir þegar þeir gengu á grjóti í smalamennsku. Hundar voru aldrei kallaðir hrædýr, eða hrækvikindi, ekki á þeim árum sem ég man eftir, enda betur aldir en áður fyrr. Þegar fólk var svo fátækt að það svalt sjálft, sem sögur herma. Það var talað um mismunandi hundakyn, helst talað um íslenska hunda og útlenda blendinga, miðað við vöxt og útlit. Íslenski hundurinn átti að vera með upprétt eyru og upphringað skott, stuttan haus og breiðleitur þybbinn vöxtur á þeim. Ef þeir voru með lafandi eyru og mjóleitir og skottið ekki upphringað, þá var talað um að þeir væru blandaðir við útlent kyn.
Heimilishundur: Hundar flökkuðu þegar þeir voru í tíkarsnuðri. Það þurfti bara að hafa bæði kynin á heimilinu þá flökkuðu þeir ekki nema þar sem stutt var á milli bæja, þá brugðu þeir sér burtu, en komu fljótlega heim aftur, þegar þeir voru búnir að heimsækja hitt kynið. Tíkur flökkuðu ekki. Ekki man ég eftir, að talað væri um að hundar væru geltir.

p2
Þegar ég var í sveitinni,
þá voru hundar bara hafðir til smalamennsku og fjárgæslu, þó kannski ég og aðrir hafi gælt við þá þess á milli. Það var oft sagt við mig, "það er mikið hvað þú dekrar og lætur með hundana", ég vildi alltaf að þeim liði vel eins og hægt var, þetta voru vinir mínir sem hjálpuðu mér svo mikið þegar ég var að smala og fást við kindurnar. Ég hef alltaf verið dýravinur, viljað öllum skepnum vel eins og hægt er. Það var lítið um hunda í kaupstöðum þá og þeim ekki komið í sveit, þetta er bara tíska nú til dags. Ég vissi aldrei til að hvolpar væru seldir.

Þeir voru oft gefnir. Þeir voru aldir á öllum tímum árs. Þeir voru ekki látnir til annara, fyrr en þeir voru farnir að éta allan mat og hættir að sjúga mömmu sína. Svo er hundur sem hann er hafður. Það rifjast nú upp fyrir mér að hafa einhverntíma heyrt þetta. Hundar verða til: Það var talað um lóðatík, þegar þær sóttust eftir hundi, samlagi við hunda til fjölgunar. Það var almennt talað um að hundar væru í tíknasnuðri og þeim var bækt frá, skammaðir í burtu. Ég heyrði talað um að hengt væri í skottið á þeim, en ég sá það aldrei. Það var alltaf talað um að tíkur væru hvolpafullar um meðgöngutímann, ekki ló. Meðgöngutími skepnanna talinn í vikum: Kötturinn níu, tíkin tíu, tuttugu ær. Fjörtíu kona, kýr, kappallinn lengst dregur sér fimmtíu.

p3

Fæðing: Þegar tíkur

eignuðust afkvæmi, var almennt talað um að þær væru að gjóta, alltaf sagt, hún er að gjóta, hún er gotin. Það var ekkert farið eftir í hvaða röð hvolparnir fæddust, ef það átti að ala einhvern, heldur hver er efnilegastur og fallegastur eða hvert kynið það var sem átti að ala. Ég vissi aldrei til að hvolpur fæddist sjáandi. Þegar þeir voru deyddir þá var þeim drekkt, áður en skotfæri komu, en seinna skotnir með fjárbyssu. það var sett útan um þá tuska og bundinn steinn við og þannig sökkt. Ég býst við að þeir hafi kafnað fljótt, aumingjarnir. Sporar á hundum: Það var talið að hundar yrðu vænni ef þeir væru alspora. Þeir voru líka hálfspora eða með enga spora. Þetta voru klær á afturlöppunum sem hringuðu sig upp, sem svöruðu til lágklaufa á kindum nema þeir voru aðeins innanvert og aftan til á fótunum, báðar saman ef þeir voru alspora en ein á hverjum fæti ef þeir væru hálfspora annars engin. Hvítur blettur á rófubroddi nefndist bara ljós í rófu. Það kom ekki í ljós fyrr en þeir fóru að stækka hvort þeir voru geltnir. Litir hunda: Mórauður, svartur, grár, gulur, flekkóttur, kjömmóttur, hosóttur, blettóttur, einlitur með ljós í rófu, engin sérstök trú á því, þetta var bara algengt. Hárafar var afar misjafnt, sumir voru snöggir og slétthærðir aðrir loðnari og ofurlítið

p4

hrokkinhærðir, en

aðrir mjög loðnir og þá þófnaði hárið kringum eyrun á þeim og fór í snepla. Þannig var hundur heima, hann Tryggur, ég snyrti hann alltaf, klippti snepplana af þegar þeir fóru að þófna, kringum eyrun og þegar hundarnir fóru úr hárum, heima, þá var fólkinu lítið gefið um þá, því það vildi detta af þeim laus hár ef þeir strukust við eitthvað, þá fór ég venjulega með þá innst inn á tún og hafði ullarkamb með mér og þar kembdi ég þá rækilega, svo öll laus hár fóru og þeir dingluðu rófunum af ánægju, en fólkið brosti þegar við komum heim afut og lét kyrrt liggja. Ef ég gerði þetta svona þrisvar hverju sinni meðan þeir voru að fara úr hárum, þá voru aldrei nein laus hár af þeim. Ég fékk oft að heyra að ég dekraði óþarflega við hundana, þeir voru líka vinir mínir og fylgdu mér dyggilega, þegar

ég var að smala. Hundshár var aldrei notað í neitt, nema ef smáfuglar hafa notað það til hreiðurgerðar. Það var bara kallað hundshár. Rödd hunda: Hundar ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, góla, gjamma, spangóla, þetta allt var algengt mál yfir þessi hljóð þeirra. Að sjóða grottann, ég hef ekki heyrt það um urr, sjógól og nágól, mér er ókunnugt um það. Ef gesti bar að garði, þá fóru hundar venjulega að gelta, ruku oft upp með gelti. Ratvísi og þefskyn hunda: Þeir röktu spor manna, til dæmis, ef þeir áttu að

p5
vera heima, en maður
fór eitthvað og ætlaði ekki að hafa þá með og þeim var svo hleypt út og maður var löngu farinn, þá röktu þeir sporin og náðu manni svo. Þannig var það með litla tík, sem fylgdi mér alltaf þegar ég var á Rauðasandi, hún var þá hálf vaxinn hvolpur. Þegar ég ætlaði sem oftar yfir fjall að Hvalskeri og þaðan með báti út á Patreksfjörð. En henni var hleypt of snemma út, hún náði mér á fjallinu og sat svo spangólandi í fjörunni þegar ég fór í bátinn, en þegar ég kom til baka aftur með bátnum um kvöldið sögðu þau mér á Hvalskeri að hún hefði verið nýfarin. Ég var hálf hrædd um hana því hún var svo ung, en hún var komin heim og tók fagnandi móti mér þegar ég kom heim. Spádýr: Einu sinni sem oftar ólum við hvolp á Svínanesi. Svo þegar hann var hálfvaxinn, þá sagði einn heimilismaðurinn: "Þið sannið það að það verður aldrei fjárhundur úr þessu kvikindi." Við unglingarnir hlógum nú að. En vitið þið nú hvað, þegar fór að dimma um haustið þá tók hann sig til, á kvöldin, fór niður allt tún niður að sjó kjaftandi og hárið reis allt öfugt á honum aftur allan hrygg og þó kallað væri í hann gegndi hann ekki og þó hann væri skammaður gegndi hann ekki, en það brást ekki að þegar hann lét svona þá komu menn á báti daginn eftir. Það komu nefnilega mjög oft menn á sjó að Svínanesi. Þetta endaði svo með því að hundinum var fargað, svo hann gerði ekki alla myrkfælna á heimilinu með þessum æsingi.

p6
Ég veit ekki hvort
hundar hafa fundið á sér feigð á manni, eða hvort þeir hafa fundið á sér veðurbreitingar. Tíkarmjólk: Ég man eftir því að það var sagt um einn ónefndan mann að hann myndi hafa borið á sig tíkarmjólk, því honum óx svo óverulega lítill skegghýjungur. Það var talið að þeim yxi ekki skegg sem á sig bæru tíkarmjólk. Lækningar: Já, það hefur alltaf verið sagt: "Kattartungan særir, hundstungan græðir." En viti þeir sem reynt hafa að láta hund og kött sleikja sig. Bæði hundur og köttur sleikja menn í vináttuskini. Þegar kisa sleikir, þá er tungan hennar hríf, eins og hún sé með örfínum broddum, hún þarf líka svo oft að þrífa feldinn sinn að þetta er nauðsynleg ráðstöfun, en prófið að láta hundinn sleikja, tungan hans er afar mjúk, þarna er þessu lýst með þessu orðtaki: "Kattartungan særir, hundstungan græðir." Ég hef aldrei heyrt talað um að

netja eða feiti úr hundum hafi verið notað til neins eða í neitt eða líffæri þeirra notuð til neins. Hundsbit: Það voru allir hundar sem ég þekkti til meinlausir og bitu aldrei skepnur og því síður menn. En einu sinni var ég að skilja tvær tíkur sem voru að rífast, tók í hnakkadrambið á þeim báðum, en önnur

p7
náði til að bíta
mig í hendina, það kom hola eftir vígtönn, en það gréri eðlilega. Ég fékk nú aldeilis að heyra það að ég hefði verið að láta þær bíta mig, ég sagði sem satt var að þær hefðu gert það alveg óvart, þær ætluðu í reiði sinni að bíta hvora aðra, en ég fékk þær til að hætta, sagði þeim höstulega að skammast sín, það dugði. Það var aldrei nein hrælykt af hundum, þegar þeir voru úti í kulda á veturna og þeir komu inn, þá var hressandi lykt af þeim. Hundaþúfa: Hundaþúfur voru vel kunnar, ég held að ekki hafi verið fleiri nöfn notuð um þær. Já, þær voru alltaf lágar í lofti, hundarnir héldu þeim við með að vökva þær. Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér. Ég kannast vel við að hafa heyrt það, þetta er nú meiri hundaþúfan, var sagt um það sem var smátt og ómerkilegt eða lítilfjörlegt. Hundur í mannaferð: Að vera eins og hundur í hverri hofferð, ég kannast ekki við það. Það var algengt að hundar fylgdu mönnum milli bæja. Þeir voru skildir eftir heima þegar farið var í kirkju og líka ef menn vildu ekki hafa þá með, þá voru þeir hafðir heima. Ég kann engar sagnir um að þeir hafi gert messuspjöll.

p8
Bæli hunds: Það var
sérstakt hundabæli þar sem ég þekkti til, það var tuskumotta fléttuð úr tuskum, sem þeir lágu á fram á ganginum á Svínanesi, á Móbergi á Rauðasandi var hún Fjára mín oftast þar sem ég var, úti og inni, hún sat eða lá við fæturna á mér. Á nóttunni lá hún á poka undir eldhúsborðinu. Þeir voru þar sem þeim leið ekki illa, hjá öllu góðu fólki. Ég heyrði aldrei talað um að hundum væri sigað út til að liggja úti, en það hefur getað verið að þeir hafi verið látnir liggja úti að vorinu og sumrinu, þar sem tún voru ógirt. "Ekki er hundi út sigandi." Það var alltaf
sagt um það þegar mikil rigning var og mönnum leist ekki á að fara út, þá var svo sem sagt að ekki væri hundi út sigandi, hvað þá heldur manni, þetta var meiningin. Hundar veigruðu sér við að fara út í ausandi rigningu en gegndu samt ef skepnur voru komnar í tún og þurfti að reka þær. Hundaílát: Það var alltaf haft sérstakt ílát fyrir hundana að éta úr, það var emeleruð stór skál heima og stundum höfðu þeir ekki list á öllu og það beið þá í skálinni þeirra, en ef það komu hundar af öðrum bæ og heimahundarnir héldu að þeir myndu éta sinn mat, þá flýttu þeir sér að éta allt sem eftir var svo hinir fengju það ekki, þó það mætti ætla að þeir hefðu annars enga list

p9
á því. Hundsteinn
til að lepja úr, ég veit ekkert um það. Hundamatur: Þeim var ekki
ætlaður neinn sérstakur matur, þeir fengu graut og mjólk, slátur og roð
og ugga, til dæmis og ruður og bita og bita af því sem fólkið var að borða
hverju sinni. Já, ég kannast við það að mæna eins og hundur eftir bita.
Auðvitað hefur aumingjana langað í þegar þeir fundu lykt af góðum mat.
Að horfa til augna, ég man ekki eftir að hafa heyrt það. Smalahundur,
fjárhundur: Hvolpar voru alltaf vandir með eldri hundum, aldrei einir sér.
Þeir fylgdu þeim eldri og gerðu eins og þeir. Ein og krakkar lærðu að vinna
af fullorðnum. Þegar vitað var um góða fjárhunda, þá var sóst eftir að
fá hvolp undan þeim. Hundum var misjafnlega sigað. Þegar við vorum
að smala hliðarnar á Svínanesi og allstaðar voru klettar upp af þeim, þá
voru oft kindur í klettunum og svo voru gangar eftir klettunum og við bentum
hundunum á hvar kindurnar væru áður en við sendum þá til þeirra til að
sækja þær og bentum þeim. Og þegar þeir voru komnir upp undir kletta, þá
sáu þeir ekki hvar þær voru, en héldu áfram eftir bendingum frá okkur og
við gengum til og bentum þeim hvar þeir

p10
ættu að fara og þeir
fóru þetta allt með bendingum og köllum frá okkur til þeirra og hvar þeir
ættu að fara í rétta ganga. Svo komu þeir að þeim með miklum geltum til
að hafa þær af stað og þetta tókst hjá þeim, en það kom fyrir að kindurnar
gegndu ekki, þær stóðu fyrir. Þá geltu þeir og geltu þangað til kindurnar
urðu leiðar og snéru sér við og þá kom fyrir að hundarnir köstuðu sér með
bóginn utan í lærið eða aðra rasskinnina á kindunum, þá brá þeim venjulega
svo að þær hlupu af stað. Hundur sem við áttum, hann stoppaði
alltaf öðru hvoru og beið eftir bendingum frá okkur hvað hann ætti að gera
og hvað að fara til að koma rétt að kindunum. Að siga var bara sagt,
irrdan eða bara huskað husk og ef þeir áttu að hætta var sagt svei þér
eða bara kallað í þá með nafni og komdu, hættu og fór eftir hljóðblænum
sem kallað var með hvað þeir áttu að gera. Hundum var yfirleitt
bara kennt það sem við kom fjárgæslu. Það gekk aldrei hundafár þar
sem ég þekkti til, enda afskekkt á Vestfjörðum. Hundahreinsun:
Ég hef nú aldrei tekið það trúlegt að sagnir séu um það að hundar hafi
verið látnir éta úr matarílátum fólks, ég held það hljóti að vera orðum
aukið. Ef sullar fundust í fé í sláturtíð, þá var þeim alltaf brennt,
ekki grafnir.

p11
Að dreyma hund: Þý
hittir einhvern vin eða eignast vin. Hundur sem fylgja: Andi og
sál, hvað eigum við að segja, enginn getur fullyrt neitt og þó við sjáum
ýmislegt, hvað er blekking og hvað er raunveruleiki. Ég sinnti
fénu þegar foreldrar mínir og ég voru á Rauðasandi. Pabbi var orðinn lasinn,

hann gat ekki verið í heyjum og þoldi ekki erfiðisvinnu, svo ég sinnti fénu úti og inni í nokkur ár, var fjármaðurinn. Fjárhúsin stóðu ofar en bærinn nær fjallinu efst á túninu. Ég var að láta inn féð sem oftar, seinni hluta dags í albjörtu veðri, þá kemur ferðamaður inn um túnhliðið og gengur heim að bænum, hann vinkar mér en ég kom honum ekki fyrir mig. Á undan honum trítlar hundur sem ég þekkti strax að var frá Hvalskeri í Patreksfirði, en mér fannst maðurinn ekki vera þaðan. Þegar ég var búin að sinna skepnunum fór ég heim og maðurinn sat í besta yfirlæti við kaffi heima, hann var utan af Rauðasandi. Ég sagði við hann: "Ég kom þér ekki fyrir mig, þegar þú fórst heim, vegna þess að hundurinn sem var með þér passaði ekki við þig, en hvar er annars hundurinn?" Hann sagði: "Það var enginn hundur með mér," en ég sagði: "Ég þekkti einmitt hundinn en ekki þig, það var hann Sámur frá Hvalskeri, hann trítlaði á undan þér eins og hunda er vani, snuðrandi." Þá varð honum orðfall uns hann segir: "Það er búið að farga Sám, en ég er að koma frá Hvalskeri og húsmóðirin þar lánaði mér kuldajakka af húsbóndanum (sem þá var látinn), því henni fannst ég ekki nógu vel búinn til að fara yfir fjall." Var þetta sjónhverfing eða blekking? En fyrir mér var hundurinn mjög eðlilegur á allan hátt og í björtu dagsljósi, albjartan dag.
Dauði: Veslings hundunum var almennt drekkt áður en byssur komu. Kannski hefur ekki verið hægt að gera það á annan betri hátt. Ég veit um að eitt hundskinn var notað, það var svo fallegt, einlitt svart, ég fékk það nefnilega í kápukraga, lét súta það, það var af ársgamalli tík, mjög fallegt. Að vera eins og útspýtt hundskinn fyrir einhvern, þegar einhver gat notað annan til að snúast fyrir sig, hvert sem hann vildi og notað hann til alls sem hann þurfti. Þá var hann eins og útspýtt hundskinn fyrir hann, þetta var meiningin.

p13
Maður og hundur:
Það voru nú venjulega gerð skil á því í orðafari milli manns og hunds.
Um líkamshluta hunda var sagt: kjaftur, tríni, augu (ekki glyrnur), lappir bringa, bak rass, haus, skott, rófa, kviður, háls, bógur, læri, síða. Það hæfði að gefa hundum marga bita ef þeir voru svangir, þeir unnu fyrir því duglegir í smalamennsku. Já, mikil ósköp, það var tekið til þess ef ég dekraði við hundana. Svo flutti ég á Patreksfjörð og kom svo seinna í heimsókn heim og Fjára mín grét af gleði yfir að hitta mig aftur og það var í síðasta sinn sem ég sá hana, vinuna mína.
Orð og málshættir: Þetta er allt alþekkt, hundspott, hundaart, hundslegur, hvolpavit. Að liggja hundflatur fyrir öðrum, vísast til uppgjafar.
Það er mesti hundur í honum, til annars. það var stundum sagt um gest, að hann kæmi eins og hundur og færi eins og hundur, þá heilsaði hann ekki og kvaddi ekki heldur. Óvinir hittust eins og hundar á tófugreni. maður ræddi um hrakævi sína og hundstíð. Að vera eins og halaklipptur hundur, óvirðing. Tíkarspenar, stuttar fléttur á stúlku. Veit hundur hvað étið hefur. Erfitt er að kenna gömlum hundi að sitja. Hundaklyfberi, niðrandi

merking. Hundslappadrífa, logndrífa. Ég kannast við öll þessi dæmi úr

p14
mæltu máli, þetta
var algengt. Á Svínanesi höfðum við alltaf tvo hunda, hund og tík, hundurinn flakkaði aldrei. En það var dálítið sem mig langar að segja frá, þegar við vorum að smala eða reka kindurnar, þá áttu hundarnir tvær ær í hópnum, sem vinkonur, önnur hét Trygghyrna, hin Tíkarkolla. Ég hafði gaman af því að senda hundana til þeirra, þeir hlupu af stað, svo þegar þeir komu nær þeim og sáu hverjar þær voru, þá datt þeim ekki í hug að gelta að þeim, heldur dingluðu rófunni og ráku trínið í kinnina á þeim öðru hvoru megin og kindurnar hölluðu undir flatt og dingluðu rófunum og stoppuðu alltaf ósköp ánægjulega, hundarnir geltu aldrei í þær og kindurnar stoppuðu alltaf þegar hundarnir komu að þeim. Það var eins og þegjandi samkomulag um vinahót þeirra á milli.

Heitir Valur hundur
minn,
hann er falur valla.

Einatt smalar auminginn

upp um sali fjalla.

p15
Hundanöfn: Tryggur,
Snotra, Díla, Kátur, Krummi, Kolur, Tella, Fjára, Molly, Krulla, Gosi, Bósi, Jeppi, Gudda, Doppa, Dúbba, Fífa, Polly, Vaskur, Spurðann, Skotta, Kaffan, Snati, Lappi, Lubbi, Sámur, Dúfa, Mjöll, Hrefna, Týra, Móra, Móri, Tinna, Kola, Patti, Valur.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1901
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8367

p1
Tegund: Orðin grey,
garmur og skinn voru víst notuð sem gælunöfn, en deli og búdeli kannast
ég ekki við, ekki heldur við orðið klódýr um hunda og tófur. Hrædýr og
hrækvikindi kannast ég ekki heldur við. HUndkyn: Það var lítið talað
um mismunandi hundakyn að öðru leyti en því að í "Náttúrufræði,"
Bj. Sæm. var minnst á ýmis kyn hunda. Heimilishundur: Ég vissi ekki
til að hundar væru geltir til að venja þá af flakki. Ekki ef ég heyrt málsháttinn:
Svo er hundur... Ég hef ekki kynnst gæluhundum af eigin raun.
Verð á hundum: Ég vissi ekki til að hundar gengju kaupum og sölum.
Hundur verður til: Orðið lóðatík kannast ég við og hundar gátu verið í
tíkarsnatti. Ég heyrði talað um að það væri óbrygðult ráð að binda eitthvað
í skottið á flökkuhundum til að losna við þá en við þurftum aldrei að grípa
til þess. Tíkin var hvolpafull þegar hún gekk með. Fæðing: Tíkurnar
í Lóni gutu. Ég heyrði aldrei neinar kerlingabækur um hvolpa. Hvolpum sem
ekki voru látnir lifa mun venjulega hafa verið drekkt. Litir hunda
og nöfn: Hundar voru auðvitað oft nefndir eftir litarfari. Svo voru líka
önnur nöfn, sem ekki voru tengd því. Ég man eftir hundum á Reyðará sem
hétu Rindill og Sámur. Hárafar: Ég vissi engin dæmi þess að hundshár
væri notað en hundssnoð kannast ég við. Rödd hunda: Ég kannast við
allar þessar raddir: ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla
en ekki man ég eftir fleirum. Að "sjóða grottann,"
kannast ég ekki við. Ekki man ég eftir að hafa eyrt um sjógól eða gestagelt.
En hundur sem var á

p2
Reyðará í mínum uppvexti
hefur víst verið músikalskur því að þegar farið var að lesa húslestur fór
hann upp á skúr fyrir utan glugga og spangólaði meðan sálmarnir voru sungnir.
Ratvísi og þefskyn: Ekki kann ég sérstakar sögur um þessa
eiginleika. Spádýr: Um spásagnir hunda kann ég engar sögur. En ekki

þykir mér ólíklegt að slíkt eigi sér stað. Mig minnir að ég hafi einhvers staðar lesið um það að hundur eða hundar hafi sýnt á sér ofsahræðslu á undan jarðskjálfta. Tíkarmjólk: Ég þekki enga þjóðsögu um slíkt. Lækningar: Ég veit engin dæmi þess að eitthvað af hundum hafi verið notað sem læknislyf. Hundsbit: Ég komst aldrei í kynni við hundsbit og reyndar ekki við neina grimma hunda. Áflog hunda: Ég vissi ekki til að áflok hunda væru stöðvuð öðruvísi en að eigendur þerirra höstuðu á þá. Hrælykt: Hana kannast ég ekki við og ekki heldur annan þef af hundum. Hundaþúfa: Ég þekki ekki annað nafn á þessu fyrirbrigði og hef ekki heyrt orðtakið: "Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér." En það er ágætt, hliðstætt því þegar skörin færist upp í bekkinn. Hundur í mannaferð: Ég kannast ekki við orðtakið: "Eins og hundur í hverri hofferð." Ég held að hundur hafi oft fylgt húsbónda sínum milli bæja. Ég vissi aldrei til að hundar gerðu messuspjöll. Bæli hunds: Ég vissi ekki til að sérstakir hundakofar væru í Lóni. Þó get ég ekki fullyrt nema það hafi verið einhvers staðar. Ég held að venjulega hafi þeir legið inni í einhverju framhýsi. Ég kannast við orðtakið: "Ekki er hundi út sigandi," en aldrei var það sett í samband við að hundum væri sigað út í því skyni að láta þá liggja úti.

p3

Hundsdallur: Einhver sérstök ílát voru handa hundum að éta úr. Hundstrog: Ég vissi ekki til að sérstök trog væru smíðuð handa hundum. Hundssteinn: Það fyrirbæri heyrði ég aldrei nefnt. Hundsmatur: Ég held að í Lóni hafi ekki gilt nein ákveðin regla um hundamat. Á Reyðará var meðal annars soðinn grautur úr rúgmjöli handa hundum. Ég kannast við ortakið: "Að horfa til augna," en ég vissi ekki til að það væri notað um hunda. Hundslap: Það kannast ég ekki við. Smalahundur, fjárhundur: Ég man ekki til að hundar væru sérstaklega vandir til fjárgeymslu. Þetta kom af sjálfu sér. Auðvitað hafa hundaeigendur verið misjafnlega natnir við að venja hunda sína og svo var upplagið misjafnt. Hundum var gjarnan sigað með því að segja "irr," og "svei þér," var sagt þegar hundur var skammaður, en aldrei var sagt við hund: "Þú hefur étið folald," svo að ég vissi til. Hundafár: Það gekk ekkert hundafár í sveitinni þegar ég var að alast upp. Hundar í draumi: Ég heyrði aldrei talað um að hundar boðuðu sérstakt í draumi. Hundahreinsun: Hundar voru hreinsaðir einu sinni á ári. Sullir voru grafnir. Hundur sem fylgja: Ég veit ekki til að hundur, eftir dauða sinn hafi fylgt húsbónda sónum. En ég get vel trúað því. Ég hef aldrei verið samtíða dulrænu fólki.

Andi og sál: Sjálfur hef ég ekki reynslu fyrir því að sumir hundar séu skyggnir en ég vissi um að svo er. Sama gildir um hesta. Ég hef lesið sannar frásögur um það. Hvort hundar hefðu sál? Áreiðanlega var því trúað og auðvitað ekki aðeins hundar. Skyggnir menn sjá víst svipi hunda ekki síður en manna.

p4
Dauði: Áður en byssur
komu til held ég að hundum hafi venjulega verið drekkt. Ég vissi ekki til
að hundsskinn væru notuð en einhvern tíma hlýtur það að hafa verið gert.
Annars hefði talsháttur inn: "Að vera eins og útspýtt hundsskinn,"
ekki orðið til. Hann hlýtur að þýða það að vera á sífelldu flakki.
Maður og hundur: Að nokkru leyti voru gerð skil á milli. Okkar hundar höfðu
ekki munn og ekki nef en þeir gátu haft augu og fætur. "Hæfði ekki
að gefa hundi þrjá bita," kannast ég ekki við. Orð og málshættir:
Þessa málshætti kannast ég við: Að liggja hundflatur fyrir öðrum. Að koma
eins og hundur og fara eins og hundur. Óvinir hittust eins og hudnar á
tófugreni. Maður ræddi um hrakævi sína og hundstíð. Að vera eins og halasneyptur
hundur. Veit hundur hvað étið hefur. Erfitt er að kenn a gömlum hundi að
sitja. Það var ekki talað um hundslappadrífu nema blotasletturnar klesstust
á gluggarúðurnar og mynduðu eins of för eftir hundslappir. En það gat naumast
gerst ef alveg var logn. Þetta eru því miður fátæklegar upplýsingar.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1916
Sveitarfélag: 810 Hveragerði

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8926

p1
Tegundin: Samheiti
hunda sem ég þekki eru; hundur, hvutti, grey, garmur, rakki, seppi, héppi.
Líka kannast ég við hundspottið, hundskinn, garmskinn, greyskinn, greyskarn.
Jafnvel yfirfært á fólk sem þótti umkomulaust, (lítilla sanda og
lítilla sæva hef ég heyrt eftir Vestfirðingum), einkum greyskinn, enda
oft sagt greyið um þá sem maður hafði samúð með, þó ekki þá sem nákomnir
voru. Klódýr man ég ekki eftir að hafa heyrt en hrækvikindi.
Hundakyn: Eitthvað var talað um kyn eftir útliti en íslenskur hundur var
með sperrt eyru og hringað skott, helst gulbrúnn, annars man ég ekki til
að mikið væri um slíkt rætt. Heimilishundur: Þeir voru gjarnan kenndir
við bæinn þar sem þeir áttu heima og almennt vel haldnir, svo þeir lögðust
ekki í flakk. Skortur hefur samt ekki alltaf valdið því að hundur fór á
flakk. Ég man eftir hundinum Kol frá einhverjum bæ í Grafningi.
Hann kom hér á þorpið Hveragerði á hverju ári, helst að vetri. Gekk á milli
húsa, vingaðist við börn og fullorðna, þáði góðgerðir og fékk að liggja
inni í vondum veðrum. Líkast var að hann vantaði

p2
félagsskap. Þetta
var á sjöunda áratugnum, þá voru hundar sjaldséðir hér. Líka var
hér oft hundur frá bæ í Ölfusi sem oft var hér í heimsókn að því er virtist.
Ég veit með vissu að hann átti gott aðlæti. Ég man eftir því er ég var
barn á Árskógsströnd að hundar voru geltir sums staðar, sennilega til að
halda þeim frá tíkarsnatti, en þá urðu þeir feitir og latir. Ég
held að fyrst eftir 1970 fari að verða algengt að hafa hunda á heimilum
hér í þorpinu. Þeir gengu oft lausir og voru öðrum til óþurftar og ama,
einkum póstum. Verð á hundum: Ég man aldrei eftir sölu á hvolpum
er ég var barn. Þótti bara gott að gefa þá og þurfa ekki að lóga þeim.
Þeir voru látnir frá móðurinni nokkurra vikna gamlir, það þótti best að
tíkin hefði agað þá dálítið. Hundur verður til: Það var bara

sagt að hundar væru á lóðaríi. Eitthvað minnir mig að sagt væri um fólk, að hann eða hún væri eins og hundur í tíkarsnatti. Ekki veit ég til að hundum væri bægt frá, nema ef úr hófi gengu áflogin, sem stundum urðu grimmileg. Þá var stundum skvett á þá vatni úr fötu, það kældi þá í bili, en eflaust hefur þeim þótt það úr hófi niðurlægjandi. Alltaf talað um hvolpafulla tík um meðgöngutímann.

p3

Fæðing: Alltaf talað um að tíkin gyti. Hvolpum var drekkt. Ég þekki aðeins eitt örnefni sem gæti átt við aflífun hvolpa, það er við Hlíð í Selvogi, rétt við bæjarrústir við vatnið þar heitir hvolpatjörn, sem ég veit aðeins nafnið á.
Auðkenni: Veit ekkert um svör við þessum spurningum. Hvítur rófubroddur var kallað að vera með ljós í rófu. Litir hunda: Ég þekki flest þessi lýsingarorð um lit á hundum, strútóttur, móstrútóttur, mórauður, flekkóttur, kápóttur, snoppóttur og hef engu við að bæta. Nöfn hunda: Skuggi, Lappi, Sámur, Depill, Lubbi, Vaskur, Tryggur, Strútur, Flekkur, Snati, Kolur, Týra, Táta, Títla, Flekka, Surtla, Kola, Snotra, Kápa.
Hárafar: Víst mun hafa verið sagt að hundar væru lubbalegir ef þeir voru með löngu hári og snoðnir, með stuttu hári. Hundssnoð kannast ég ekki við. Rödd hunda: Hundar ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla, hef engu við að bæta, en kannast við að hafa heyrt nágól hunda, en þó ekki neina trú að baki. Gestagelt þekki ég vel, ef einhver ókunnugur kom. Spádýr: Heyrt hef ég ef hundur átti von gesta, þá lagðist hann innan útidyra og sneri trýni til hurðar. Tíkarmjólk: Þekki ekki þjóðtrú um tíkarmjólk, en mér dettur í hug að hún sé holl upprennandi skáldum að minnsta kosti hefur frægð Laxness ekki orðið

p4

minni þótt hann drykki forðum tíkarmjólkina, ásamt heildsalaefni úr Reykjavík, svo sem hann segir sjálfur frá í "Í túninu heima." Lækningar: Ég kannast vel við málsháttinn að "kattartungan særir, hundstungan græðir," og því var trúað að gott væri að láta hund sleikja sár, en þekki ekki læknisráð því tengd. Hundsbit: Ég þekki ekkert um það nema það þótti afleitt ef hundar bitu, glefsuðu. Hælbítur hef ég heyrt og jafnvel að vígtennur hafi verið brotnar vegna grimmdar. Það hef ég líka heyrt hér sunnanlands. Áflog hunda: Ég hef áður getið þess að það var hellt köldu vatni á áflogaseppa. Hrælykt: Ég vandist að lykt af hundum væri kölluð útilykt, en hef samt aðeins heyrt hrælykt. Hundaþúfa: Ég kannast við þetta orðtak, en ekki önnur. Hundur í mannaferð: "Að vera eins og hundur í hverri herferð," var mjög algengt í minni sveit og mjög algengt að hundar fylgdu mönnum og krökkum líka, þó var það engan veginn æskilegt því hundum lenti þá gjarnan saman í áflog við aðra hunda, en þeir eltu mjög oft þótt þeim væri ekki ætlað að fylgjast með. Ekki man ég eftir messuspjöllum, en hudnar eltu samt stundum á messustað.

Bæli hunds: Ég held hundar hafi legið í göngum á gömlu torfbæjunum, heima hjá okkur var hola í mjög þykkan vegg, ævinlega kölluð hundahola, enginn umbúnaður nema ef tík átti hvolpa, þá fékk hún

p5
gjarnan að vera í
kassa nálægt eldavél meðan hvolpar voru litlir. Hundur alltaf inni á næturnar nema e.t.v. á sumrin stöku sinnum. Ég þekki orðtakið, "það er ekki hundi út sigandi," en veit þó ekki deili á því, nema bara merki um illviðri. Hundsdallur: Smátrog var handa hundi að éta úr alltaf kallað hundsdallur. Þekki ekki hundsstein. Hundsmatur: Ég man að lungu úr kindum voru hirt og súrsuð handa hundum, annars fengu þeir af sama mat og fólkið, látnir sleikja úr beinum af fiski. Ég þekki, "að mæna eins og hundur eftir bita." Þeir voru eflaust stundum svangir er fólkið hafði nauman skammt. Hundslap: Þekki ekki að þeim hafi verið skammtað eitthvað visst af mjólk. Smalahundur: Ég kann ekki að lýsa hvernig hundur var vaninn. Þeim var gjarnan sigað þannig, t.d. "Snati irr, irr." Þekki aðeins, "svei þér," en
ég þekki mann alinn upp á Suðurlandi sem kannast við, "svei þér, þú hefur étið folald." Á stöku stað kunnu hundar að rétta loppu til kveðju.
Hundafár: Ég man ekki að væri hundafár á meðan ég var fyrir norðan, en minnir að það hafi verið eftir "42. Þekki ekkert til þess. Hundahreinsun: Það var höfð ströng aðgæsla að hundar gætu ekki snert matarílát. Sullir sem komu í ljós við slátrun, voru brenndir. Andi og sál: Bæði hundar og gestar virðast skynja eitthvað sem menn ekki sjá. Ég tel auðsætt að svo vitrar skepnur hafi sál.

p6
Dauði: Ég veit ekki
hvernig hundar voru aflífaðir, en býsna oft urðu þeir ellidauðir. Mönnum þótti vænt um þá og leyfðu þeim að eiga góða daga, stundum fórust þeir af slysförum. Man ég vel að hundur að heiman sem fylgdi frænda mínum til Dalvíkur kom ekki úr þeirri ferð. Áin var viðsjárverð og talið að hann hafi drukknað. Að vera eins og útspýtt hundskinn, skil ég þannig að vera líkt við hunda sem ekki tolldu heima. Skinnið var strekkt í allar áttir, en ég man ekki eftir dauðum hundum eða að skinnið hafi verið hirt. Þó má það vel vera eftir að hægt var að fá sútað. Þeim sem þótti vænt um hundinn sinn hafi viljað hafa skinnið undir fótum. Maður og hundur:
Yfirleitt var talað um kjaft, trýni, lappir, en augu var alltaf sagt og skott ekki rófu. Kveðskapur, sagnir: Ég man aðeins gátuna:
Hvað hét hundur karls, sem í afdölum bjó, nefndi ég
hann í fyrsta orði en geturðu hans aldrei þó. Orð og málshættir:
Ég kannasð við öll þessi orðtök og málshætti. En ég þekki þetta svona:
"að vera eins og halaklipptur hundur." Viðbætir á hundanöfnum:
Týri, Sýsli, Hreppi, þeir hétu eins og nafn bendir til í höfuð sýslumanns og hreppstjóra. Naggur, Voffi, Valur, Snotra, Andri, Kópur, Snúður, Pollý,

Snælda, Dóni, Neró, Hvellur, Kolly, Píla, Smali, Hektor, Kátur, Bísi, Hvatur.

Jón Guðmundsson af Skeiðum, segir að hundsskinn þóttu góð í bryddelinga á skó.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1905
Sveitarfélag: 801 Selfossi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8454

p1
Tegundin: Samheiti
hunda: hundur, hvutti, grey í vinsamlegu samtali við hunda, rakki, seppi, héppi, hundspott = jafnvel niðurlægingar, lýsing á mönnum, hundskinn, garmskinn, greyskinn, greyskarn (niðurlæging), líka niðurlægjandi vinatal við hundinn.
Ekki vandist ég því að orðin klódýr, hrædýr og hrækvikindi væru notuð um hunda eða aðrar skepnur. Heimilishundar í Hlíð voru frekar snöggir með bein eyru og þar var víða þannig útlit á hundum, en ég sá stundum á æskuárum mínum nokkuð stóra loðna lubbalega hunda með lafandi eyru en ekki líkt því eins stóra eins og sjást nú á dögum - stórir eins og kálfar komnir vel á legg og urrandi framan í ókunnuga. Heimilishundur: Á hverjum bæ snemma á öldinni voru til heimilis einn til tveir hundar, kallaðir heimilishundar. Þeir voru nauðsynlegir til smölunar og að verja tún. Ekki þekki ég dæmi þess að hundar væru geltir. Algengt var að hundar færu á flakk að leita sér að maka. Kallað var að þeir færu á lóðarí. Þegar tík sóttist eftir samlagi við hunda var notað það orð að hún væri að lóða. Dæmi voru til þess að eitthvað var bundið í skottið á lóðahundum og þá snáfuðu þeir heim til sín.

p2
Á æskuheimili mínu í Hlíð var svört tík kölluð Týra og morstútóttur hundur kallaður Tryggur. Þau voru frekar snögg sérstaklega Týra, bæði með upprétt eyru. Þau voru hjón. Týra tók víst aldrei framhjá Trygg. Tryggur passaði það vel. En svo komu nú oft hvolpar, einn var settur á og svo gefinn af bæ, ekki seldur. Það var gert þegar hvolpur hætti að sjúga móður sína og gat lapið mjólk úr dalli. Fæðing: Tíkin gaut - allir hvolpar fæddust blindir. Ég ræði ekki um það á hvern hátt nýgotnir hvolpar voru deyddir en það var á mannúðlegan hátt. Litir hunda og nöfn: Strútóttur, mórauður, snoppóttur. Algeng nöfn á hundum: Kátur, Tryggur og Snati. Hárafar: Hundar voru misjafnlegir í hárafari. Sumir snöggir og gljáandi, aðrir dálítið loðnir,

það var sagt að þeir væru lubbalegir.

p3
Rödd hunda: Hundar
ýlfra, urra, gelta, spangóla. Þessar breytingar á hljóði hunda heyrast
við ýmis tækifæri. Þegar þeir urra er ill í þeim en ég held að spangól
sé þvert á móti gleðilæti. En þegar gest bar að garði og hundar voru utan
dyra, ráku þeir upp glymjandi gelt - allt annað hljóð en þegar hundar geltu
að fé eða hrossum. Það var kallað mannagelt og þá var ætíð gengið til dyra
að bjóða gestinn í bæinn. Ratvísi: Ég hefi heyrt um ratvísi hunda
og þefskyn. Þeim er sjálfsagt gefið það eðli þó ég hafi ekki um það neinar
sögur, en íslensku hundarnir eru vitur og góð dýr. Spádýr: Þekki
ekki spáhunda. Tíkarmjólk: Þekki ekki þjóðtrú um tíkarmjólk.
Lækningar: "Kattartungan særir, hundstungan græðir." Ekki hef
ég heyrt eða reynt lækningamátt hunda en hundur er oft náinn vinur manns
og ekki nema gott að láta hann sleikja óhreinindi úr litlu sári. Ég hefi
litla trú á ýmsum kerlingabókum.

p4
Hundsbit: Það er
langt síðan það var sagt að illt væri að verða fyrir hundsbiti. Er það
ekki útlent orðatiltæki þar sem grimmir hundar orsökuðu hundaæði í fólki
með biti til blóðs. Áflog hunda: Heyrt hefi ég að þegar hundar flugust
grimmdarlega á hafi þeir verið aðskildir með kaldri vatnsgusu. Hrælykt:
Þegar hundar komu inn í hús, kaldir og blautir, var af þeim stundum vond
lykt, sem kallaðist hrælykt. Hundaþúfa: Strýtumyndaðar þúfur voru
víðs vegar með reiðgötum, þær voru kallaðar hundaþúfur. Ég hefi ekki heyrt
önnur nöfn á þessum sérstæðu þúfum. Þegar hundar þurftu að leggja af sér,
stukku þeir að þessum sérstæðu toppmynduðu þúfum. Grasið var dökkgrænt
og gróskumikið vegna áburðarins frá seppa. Hestar, kýr og kindur gerðu
lítið af því að gæða sér á grasi hundaþúfna. Ég hefi heyrt málsháttinn:
"Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér," og legg
vissan skilning í þetta orðtak.

p5
Hundur í mannaferð:
Hundar fylgdu oft heimilisfólki milli bæja og á mannamót. Þeir fylgdu oft
og tíðum fólki til kirkju. Ég sá oft hundaþvarg á kirkjustað. Ekki veit
ég til að þeir gerðu messuspjöll. Bæli hunds: Á æskuheimili mínu
átti hundurinn bæli sitt í taðstálinu í gamla hlóðareldhúsinu. Hundar lágu
oft úti á nóttunni í góður veðri á sumrin, annars ætíð inni á nætur. Orðtakið:
"ekki er hundi út sigandi," var oft sagt þegar vonsku stórrigning
var. Hundur kaus að vera inni hjá fólkinu, vinum sínum, þegar illviðri
var. Hundsdallur: Hundurinn átti sérstakt matarílát, það voru venjulega
einhver úrgangs ílát sem voru notuð að síðustu handa hundum og köttum.
Hundsmatur: Hundum var ekki ætlaður sérstakur matarskammtur. Það

var margmenni á bæjum áður fyrr og það féllust nægar matarleifar til hundsins.
Orðtakið: Að mæna eins og hundur á bita, þekki ég o hundum var þá sinnt.
Sumir hundar biðja um mat með aðferð að dingla rófunni fínt.

p6
Hundslap: Hundslap
var miðað við einn kaffibolla mjólk. Smalahundur, fjárhundur: Hundar
voru ungir vandir við að hjálpa smalanum. Ég er alin upp á fjöllóttri jörð
og hundurinn því ómissandi að hjálpa smalanum. Þegar hundi var sigað var
urrað á hann, þegar hundi var bannað að gelta var sagt: "svei þér."
Hundurinn er vitur, hann hlýðir. Hundafár: Þegar hundafár gengu
yfir dóu flestir hundar þar sem þéttbýlt var. Ég veit ekki hvort meðurl
voru reynd. Það gat ekkert bjargað þegar pestin gekk yfir. Hundahreinsun:
Hundahreinsun fór árlega fram á öllum bæjum í sveitinni. Snemma á öldinni
var fólki ljós hættan frá hundum og sullaveiki, en sullir fundust í sauðfé
við slátrun og var sá ófögnuður grafinn í jörð eða brenndur. Andi
og sál: Hundurinn hefur sína sál - hann skilur húsbónda sinn og fólkið
á heimilinu á vissan hátt, eins og öll húsdýr sem við þekkjum. Þau hænast
að þeim sem gefa þeim mat eða sýna þeim vináttu á einhvern hátt. Dýrin
hafa sál.

p7
Maður og hundur:
Við menn höfum munn, nef, augu, fætur. Hundurinn hefur kjaft, gin, trýni,
lappir. Kveðskapur - sagnir: Það hafa margir ort vísur um það vinalega
dýr hundinn. Ég hefi ekki nena vísu sem ég man. Orð og málshættir:
Ég kannast við þessa málshætti. Hundsspott, hundslegur, hvolpavit, sem
ýmist tengist manni eða hundi, að liggja hundflatur, fyrir öðrum vísar
til uppgjafar. Ef gestur labbaði burt án þess að þakka góðgerðir eða kveðja,
var sagt að hann færi eins og hundur. "Hundur getur verið í manni
til manns." Óvinir hittust eins og hundar á tófugreni. Að vera
eins og halasneyptur hundur var sagt til óvirðingar. Tíkarspenar nefndust
stuttar og mjóar fléttur á stelpum. Ég heyrði oft þessa samlíkingu. Alþekktur
var málshátturinn: "Erfitt er að kenna gömlum hundi að sitja."
Orðið hundaklifberi heyrði ég aldrei. Hundslappadrífa var algengt orðtæki
um þétta og stórgerða logndrífu.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1896
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8393

p1
Tegundin: Margt er
það sem segja má um hundana og samskipti þeirra við mennina sem yfirleitt
mun hafa verið vinsamlegt eða þannig var það þar sem ég þekkti til þó útaf
kynni að hafa brugðið. Allir hundar höfðu sérstök nöfn og voru þeir
vanalega fljótir að þekkja nafnið sitt þegar til þeirra var talað. Nöfn
þeirra voru oft breytileg og fóru oft eftir lit þeirra sem var með ýmsu
móti. Svartir hundar fengu oft nafnið Krummi og gráir nafnið Valur, algengt
nöfn á hundum voru Kátur, Glói, Kolur, Tryggur, Skjóni, Sámur, Fjari og
Fjara. Best þótti að nöfnin væru sem styst. Svo var oft talað til
þeirra í gamni, sérstaklega af krökkum, grey, líka sagt seppi minn þegar
verið var að gefa þeim í dallinn sinn: "Leptu nú þetta greyið."
Oft voru flökkuhundar á ferðinni, horaðir og hungraðir, þá
var oft sagt: "Það verður að gefa garminum." Hvolpa heyrði
ég oft nefnda hvutta eða héppa. Héppi litli er farinn að leika sér var
stundum sagt um hvolpa er þeir voru orðnir ferðafærir. Sagt var að þeir
hændust meira að krökkum en fullorðnum. Fljótt var farið að kenna þeim
að þekkja nafnið sitt en það gat gengið misjafnlega fljótt. "Veslings
skinnið," var stundum sagt um hundinn þegar hann kom heim úr löngum
ferðum, í vondum haustveðrum, blautur og svangur. Fengu þeir þá oft volga
mjólk þar sem vel var hugsað um húsdýrin. Aldrei hef ég heyrt orðið klódýr
haft um hunda og ketti. Ekki heldur hundinn nefndan hrædýr eða hrækvikindi.
En ég hef heyrt til manna sem kölluðu hver annan hundspott og mannhund.
Hundakyn: Oft heyrði ég talað um misjöfn hundakyn og reyndu menn
að fá sér hvolp sem fjærst kaupstöðum því þar voru alls konar útlend hundakyn
en inn til dala hélst lítið blanað íslenska hundakynið sem kallað var,
þótti það betra við fjárgæslu og sýna meiri vitsmuni heldur en mikið blandað
hundakyn. Íslenska hundakynið var yfirleitt snögghært, þó komu fram loðnir
einstaklingar. Þeir voru með frekar smá

p2

eyru, uppsperrt,
hvort sem þeir voru á hlaupum eða ekki. Skottið höfðu þeir vanalega hringað,
beint upp væru þeir sneiptir eða talað illa til þeirra, lögðu niður skottið
og horfðu raunalegir á svip á þann sem það gerði. Hundar eru viðkvæmir
fyrir því hvernig til þeirra er talað. Svo er með fleiri húsdýr.
Bóndi á næsta bæ (þegar ég bjó í sveitinni), átti skottlausan hund,
fékk hvolpinn á Akureyri. Var honum sagt að það væri sérstakt hundakyn
sem væri skottlaust, hann þótti ekki til neins nýtur, var frekar stór,
meinlaus. Heimilishundurinn: Heimilishundsnafnið var haft til frágreinunar
við flökkuhundsnafnið, því .... var oft af flækingshundum. Ekki vissi ég
til að hundur væri talinn .... heimilis.... Hins vegar litu þeir misjafnlega
út á bæjum vegna vöntunar á fóðri. Hér áður var vanalegt að gelda hundana,
þá fóru þeir ekki á bæjaflakk eða tíkarleit sem kallað var. Nú er hundurinn
talinn gæludýr í kaupstöðunum þó dýrt sé að eiga þá og þeir valdi stundum
vandræðum. Á mörgum bæjum í sveitum er enginn hundur. Hundaeign
minnkaði mikið við breytta búskaparhætti. Hætt var að færa frá og girðingar
lagðar víða um tún og engi. Ekki þekki ég til þess að vandræðahundar væru
teknir til pössunar í sveitum. Sjálfsagt var talið hér áður fyrr að hver
bóndi ætti hund og jafnvel sumir vinnumenn áttu hund, sérstaklega þeir
sem voru beitarhúsamenn, hirtu fé á húsum sem voru langt frá bæ. Í stórhríðarbyljum
bjargaði hundurinn oft manninum sem var villtur. Nú eru hundar ekkert notaðir
í sveitum nema í hestagöngum. Verð á hundum og hvolpum: Get lítið
sagt um verð á hundum og hvolpum. Fékk mér tvisvar hund á meðan ég var
við búskapinn, hvolp, litla hnoðra, kostuðu ekki neitt. Ég held
að lítið hafi borið á hundapest hér í Eyjafirði á þessari öld. Um aldur
á hvolpum þegar þeir voru teknir af spena, sem kallað var minnir mig að
ég heyrði nefndar 10 vikur. Sumir menn voru alltaf sigandi ef þeir sáu
skepnu nálgast. Gerði það hunda grimma.

p3
Hundur verður til:
Þegar tík sóttist eftir að vera með hundum eða fór á flæking, var sagt
að hún væri í hundalátum en þegar hundar fóru á flakk var sagt að þeir
væru í tíkarsnuðri. Hundar voru mikið fleiri en tíkur því mönnum leiddust
hvolpaslátrun. Tíkur áttu oftast nokkuð marga hvolpa, líklega 3-4. Oft
munu hafa legið fyrir pantanir um hvolpa. Síður mun hafa verið að hlífa
tíkum við smalamennsku, hvolpafullum. Þegar hundar sóttu mikið þangað
sem tíkur voru, voru ýmis ráð notuð til að flæma þá burtu. Oft púðurskot,
líka hengt í skottið á þeim eitthvað sem glamraði í. Gamall bóndi sagði
mér að tík sem hann hafði átt (hún lá á hvolpum þegar ám var fært frá)
en þegar smalinn fór með ærnar í haga að loknum mjöltum fór tíkin með honum
eins og hún hafði alltaf gert undanfarin sumur en af því svona stóð á fyrir
henni í þetta sinn skrapp hún heim tvisvar til þrisvar að deginum til að
láta hvolpana sjúga. Fæðing: Þegar tík eignaðist hvolpa var sagt
að hún væri búin að gjóta. Áður en það varð mun þeim víðast hafa verið
búið gott bæli á þægilegum stað. Ef hægt var, voru þeir sem búnir voru

að panta hvolp, látnir velja hann fljótlega eftir fæðingu eða þegar þeir voru búnir að fá sjón sem var vanalega eftir 3-4 daga. Heyrði aldrei talað um kosti og ókosti hvolpa í sambandi við í hvaða röð þeir fæddust, geri ekki ráð fyrir að hafi verið fylgst mikið með fæðingunni. Annars er ég þessu öllu ókunnur nema af sögum. Ég geri ráð fyrir að líflát þessara vesalinga hafi verið drekking, því það var víst siður hér áður fyrr, áður en byssur urðu algengar að drekkja hundum og köttum. Pollur var í landareign einnar jarðar í nágrenni við mig í sveitinni sem kallaður var hundapollur, gæti ég trúað að sá pollur hefði einhvern tíma verið drekkingarhylur hunda.

Auðkenni: Heyrði aldrei talað um nein sérstök einkenni á hvolpum eða hundum sem gáfu vísbendingu um vit og vænleika. Það kom bara í ljós þegar farið var að venja þá við að umgangast skepnur en menn voru nú mis góðir kennarar, það þurfti að kenna þeim að gelta þegar þörf var á.

p4

Litir hunda og nöfn:

Litur á hundum var mjög breytilegur og færri munu þeir hafa verið einlitir. Dökkir hundar voru oftar með hvíta bringu og lappir. Alhvítir hvolpar hafa alltaf verið eftirsóttir en þeir voru frekar fáséðir að ekki sæist á þeim svartur blettur. það var talið að hvítir hundar væru vænlegir sem fjárhundar. Faðir minn átti eitt sinn hvítan hundhvolp að vetri til. Um sumarið þegar búið var að færa frá var hann látinn vera með smalanum sem sá um ærnar en eftir nokkurn tíma fór hann að fara einn að smala ánum, væru ókunnugar kindur saman við vék hann þeim frá, að þessu fór hann hægt og gætilega.

Þessi hundur var nefndur Jökull. Honum var stolið af Norðmanni.

Reynt var að hafa nöfn á hundum sem styst, Kári, Kópur, Kolur, Glói. Flestir hundar sem ég hef séð hafa verið snögghærðir, þó er alltaf eitthvað af loðhundum, sérstaklega skottið langhært, var siður sumra sem áttu loðhunda að klippa þá á vorin. Ekki vissi ég til að hár af hundum væri notað. Flestir hundaeigendur höfðu hálsband á hundum sínum, á hálsbandið sem var úr leðri var fest plata úr einhverjum málmi og á hana grafið bæjarnafnið.

Tryggð hunda við húsbændur sína hefir oft verið viðbrugðið. Eitt sinn fékk ég hvolp framan úr Saurbæjarhreppi, var það á Góunni, lítill hnoðri. Var hann gulur með dökkt trýni og fætur, hlaut hann nafnið Kolur. Var búið um hann í kassa í kjallara og færð þangað volg mjólk á undirskál og komst hann fljótt til að lepja. Í þessum kassa átti hann bæli í 14 ár en oft var haft skipti á sænginni. Um vorið þegar ég var að líta eftir ánum um sauðburðinn hafði ég Kol oft með mér til að venja hann við að umgangast kindur. Eitt sinn eftir að Kolur var full vaninn var ég lasinn nokkra daga, rúmliggjandi. Þá kom Kolur á hverjum degi og lá fyrir framan rúmið nokkra stund, var þó uppsigað að fara. Úti við fylgdi hann mér alltaf eftir en ef ég fór til kirkju eða í kaupstað elti hann mig aldrei. Það man ég að þegar ég sem unglingur í kirkju ætlaði hávaði í hundum að yfirgnæfa rödd prestsins. Svo smugu þeir með fólki inn í kirkjuna, lenti þá meðhjálparinn í að koma þeim út. Það sá ég stundum að hundar urðu eftir inni í kirkjunni og höfðu næði til að hlíða á messu, höfðu lagst undir bekk sem

p5
húsmæður þeirra sátu
á. Breiddu þær þá þannig úr sínum víðu pilsum að seppi sást ekki.
Algengt mun það hafa verið að húsfreyjur á efnaheimilum ættu hund
eða tík sem gæludýr, nú þekkist það ekki í sveit en er algengt í kaupstöðum.
Meðan þessi siður var í sveitum voru þessi dýr nefnd búrtík eða búrhundur.
Mig í báða kálfa beit búrtík húsfreyjunnar. Man ekki fyrri
partinn. Svolítið meira um Kol minn. Hann var undarlega viss að
rekja slóðir þó um engin sjáanleg merki væri að ræða. Haust eitt vantaði
mig tvær ær, fór ég dag einn að leita þeirra, þá stóð svoleiðis á fyrir
Kol að hann var ekki heima, hafði elt konu eina til næsta bæjar. Ferð minni
hagaði ég þannig að ég kom fyrst á þrjá bæi, fór síðan yfir all háa fjallsöxl
og ofan í afréttardal. Þar fann ég strax ærnar. Setti ég mig niður á þúfu.
Var þá Kolur allt í einu kominn, móður mjög, en glaður af að hafa fundið
mig. Síðar frétti ég að Kolur hefði komið á þessa þrjá bæi og hlaupið síðan
til fjalls. Svo er hér saga af hundi sem ég heyrði sagða fyrir
löngu síðar. Tíu ára drengur var ráðinn á bæ til að sitja yfir ánum sem
fært var frá. Heimilishundurinn varð honum strax vinveittur. Drengurinn
sem var lítill og magur og oft vansvefta, hætti við að sofna á daginn.
Þegar það kom fyrir fór hundurinn upp á hæð eða hól þar sem hann sá yfir
hjörðina og var fljótur að bregða við ef einhver ær ætlaði að strjúka.
Svo vakti hundurinn smalann er heimferðartími var kominn, þar skakkaði
aldrei. Þegar hundar voru að ganga úr hárum eins og það var kallað
voru þeir oft að velta sér á harðvelli, fóru þeir oft í polla ef heitt
var og fengu sér bað. Rödd hunda. Hundar gátu brugðið upp
breytilegum hljóðum en tamast var þeim geltið enda þurftu þeir oftast að
grípa til þess, að minnsta kosti smalahundar sem kallaðir eru. Sumir hudnar
geltu líka mikið að ferðamönnum. Ýlfur eða ýl kemur hjá hundum þegar þeir
eru óánægðir en urr þegar þeim lýst illa á eitthvað t.d. aðkomuhunda, þá
fytjuðu þeir upp á trýnið, var þá sagt að þeir væru að sína andstæðingnum
vígtennurnar. Margir klipptu vígtennur úr hundum sínum ef þeim hætti til
að grípa í fót á kind. Bofs var það kallað þegar þeir lágu og geltu lágt,
var það fyrir það að þeir heyrðu

p6
eitthvað úti sem
þeim þótti tortryggilegt. Á jörðum við sjó, sátu hundar og horfðu út á
sjóinn og ráku upp vesældarleg gól við og við en það var helst þegar heimamenn
voru á sjó en þetta þótti ills viti. Eins var það ef hundar
báru sig svona til á kirkjustöðum. Þótti það fyrirboði þess að einhver
yrði borinn þar til grafar á næstunni. Þegar ég var unglingur
hét heimilishundurinn Glói, ættaður fremst framan úr Eyjafjarðardal, var
hann dökkgulur með hvíta bringu, sýndi hann oft góða eftirtekt og vit.
Stundum sat hann einhvers staðar nálagt bæ og urraði lágt við og við, brást
þá ekki að ferðamaður kom úr þeirri átt, fljótt. Illa var

honum við skotvopn og fór eitthvað burt þegar átti að lóga stórgrip og
það stundum daginn, en ekki hafði hann farið langt því hann kom fljótt
eftir að skotið var. Ekki vildi ég vera í áflogum við aðkomustráka ef Glói
var nálægur, því þá ætlaði hann að hjálpa mér og var þá vís til að glefsa
í mótstæðing minn. Stundum á vetrum er þoka og snjódrífa var og
farið að bregða birtu fór Glói upp á hæsta húsið á bænum spangólandi svo
hátt sem hann gat og svo fóru hundar á nágrannabæjum að góla líka, svo
þetta varð mikill söngur en ekki fallegur. Gamla fólkið sagði að nú væru
einhverjir að villast á flatanum, þess vegna létu þeir svona og það gat
satt verið. Aldrei heyrði ég þá láta svona nema þegar skuggalegt var veður.
Ratvísi, þefskyn: Það eru til ótal sögur um ratvísi hunda og þefskyn.
Ég hef aldrei verið á svoleiðis ferðalagi að ég hafi orðið að treysta á
hundinn en ég veit að þeir geta fundið lykt frá bæjum langa leið ef ...
er en hitt er mér lítt skiljanlegt, hvernig þeir geta rakið slóðir á gróskujörð
og grýtta mela, af því hef ég reynslu. Glói sem ég var búinn að lýsa var
oft hafður með þegar sláturfé var rekið til Akureyrar á haustin, því hann
var pössunarsamur rekstrarhundur. Þegar fór að nálgast bæinn fór hann að
þefa til bæjarins og hrista hausi
nn, tók svo sprettinn
og heim. Spádýr: Ekki álít ég að hundar hafi séð langt fram í tímann
en þeir skynjuðu margt á undan mönnunum. Þegar ferðamenn bar að garði voru
þeir búnir að horfa í þá átt sem þeir komu úr nokkra stund áður en til
þeirra sást og voru mjög alvarlegir en hér gat ráðið góð heyrn og þefskyn.
Misjafnlega tóku þeir gestum, stundum geltu þeir mikið, en ekki ef um krakka
var að ræða. Glói sem ég hef getið um áður gaf það vel til kynna ókunnuga
ferðamenn, var hann stundum að labba í kringum þá áður en þeim var boðið
inn, kom þá fyrir að hann var urrandi en oftar sat hann bara og horfði
á gestinn mjög alvarlegur. Stundum þegar hann sá einhvern koma og enginn
var úti fór hann inn að baðstofuhurðinni og gelti til þess að láta vita
um gestakomu. Oft tók ég eftir því þegar snöggar veðurbreytingar
voru á ferð til hins lakara, þegar svoleiðis stóð á fór Glói oftast inn
í bæli sitt ef ekki var verið að nota hann við smalamennsku. Býst ég við
að hann hafi farið eftir dyn frá fjöllum og áttabreytingum. Þeim fylgir
alltaf breyting á andrúmsloftinu. Ekki varð ég var við eða
heyrði um að hundar sæju feigð manna. Tíkarmjólk: Hefi ekkert um
hana að segja annað en það að hún var lífsbjörg hvolpanna. Lækningar:
Gamall málsháttur segir: "Kattartungan særir en hundstungan græðir."
Svo er annar málsháttur: "Það er lítið sem hundstungan finnur ekki."
Heyrt hef ég að menn hefðu látið hunda sleikja sár sem þeir fengu á sig
og hefði það flýtt mikið fyrir að þau gréru. Mör úr hundum var víða hirtur,
bræddur og geymdur í öskjum með ...., var fitan notuð í sár og líka
nudduð inn í hörundið þar sem menn voru með gigt. Oft heyrði ég gamalt
fólk ræða um ágæti hundafitunnar þegar ég var strákur. Eitt
sinn frétti ég af hundi sem hafði verið hirtur, reyktur og soðinn handa
hænsnum var það á bæ í nágrannahreppi. Tók það mikið ..... að sagt var.

p7
Hundsbit: Hunda hefi
ég ekki þekkt sem voru það grimmir að þeir bitu fólk, sérstaklega aðkomufólk. En hunda hef ég þekkt sem tekið hafa upp á því að elta fé í högum. Voru þeir vanalega frá bæjum þar sem mikið var sigað og hundum att í skepnur en þeir urðu sjaldan langlífir. Ef hundur beit svo af hlaust áverki var búið um það eins og hvern annan áverka, en um það heyrði ég talað að betra væri að þvo sárið úr heitu vatni, talið var að ekki mætti nota hundafeiti í hundsbit. Ef hundur tók með kjafti í mann var sagt að hann hefði glefsað í hann. Ef .....hundum var ekki .... voru þeir geltir og brotnar úr þeim tennur, þá urðu þeir skapminni og hugminni. Áflog hunda: Oft lentu hundar saman í grimmdar áflog, þá var besta ráðið að skvetta á þá köldu vatni, þá hættu þeir um leið og urðu bestu mátar á eftir. Þar sem voru tveir hundar á bæ kom þeim vel saman. Hrælykt: Hrælykt hef ég aldrei heyrt talað um af hundum, heldur hundalykt. Hundaþúfa: Þessar þúfur sem kallaðar voru hundaþúfur voru víða meðfram götum áður fyrr. Nafnið tilkomið vegna þess að hundar vegfarenda komu þar við og hægðu á sér. Á þessum þúfum óx mikið gras en skepnur bitu það aldrei þó dökkt væri. Hundur í mannaferð: Ég held að vart hafi sést maður á ferð hér áður fyrr svo ekki hafi elt hann hundur, þó stutt væri farið.
Bæli hunds: Víðast munu hundarnir hafa haft eitthvert skot í bömlu bæjunum til að liggja í. Hefur þeim verið gert bæli úr heyi. Á sumum vildu hundar frekar vera úti ef ekki var illt veður, láu þá uppi á bænum, annars gátu þeir verið sjálfráðir. Víða var gat á bæjardyraþilinu niður við gólf sem þeir gátu skriðið um eftir vild, kallað hundagat, það notuðu þeir sér líka.

p9
Hundadallur: Lítil
trog eða kantaðir dallar. Hundstein hef ég ekki heyrt nefndan. Þegar samlinn var kominn heim og búinn að reka ærnar/kvíærnar, fóru báðir heim til að vitja um mat sinn, smali og hundur. En fljótir urðu þeir að vera, allt varð að ganga eftir vissum nótum. Smali og hundur áttu að vera tilbúnir að loknum mjöltum að fara með ærnar í haga. Hundurinn varð vanalega fljótari með sinn skammt en smalinn, rölti hann þá strax út á kvíavegginn og lagðist þar og fór að snyrta sig með tungunni meðan hann beið. Hundsmatur: Enginn mælikvarði mun hafa verið á því hvað hundum var gefið mikið. Þeim voru gefnir þrír lap sem kallað var, þeim var sama þó það væri undanrenna, en betra þótti þeim að hún væri volg og ekki skemmdi það ef slátursneið eða hvalur var með mjólkinni. Þegar hundar komu inn í eldhús eða búr og mændu á raunaraugum á þá sem þar voru var sagt að þeir væru að sníkja, var þá vanalega einhverju stungið að þeim, þó ekki væri nema bein. Hundar voru hrifnir af því að fá bein að brytja, lambsbein. Smalahundar, fjárhundar: Besta aðferð við að gera hvolp að góðum smalahundi var að strax og þeir voru ferðafærir við fjársmölun að kenna þeim að gelta og fara eftir

bendingum. Er þá best að hafa þá með öðrum hundi, gömlum og reyndum. Ég hygg að næmni og skynsemi hvolpanna hafi mestu ráðið um það að þeir urðu góðir smalahundar. Ekki þekkti ég til þess að hundar hefðu verið vandir á að taka kindur án þess að skaða þær. Hundar voru til sem hægt var að senda hátt í fjallshlíðar eftir kindum. Kolur minn var ágætur að smala fjallshlíðar, fór hægt en hafði hátt. Snemma fór ég að fara með hann í smalamennsku, hálf vaxinn. Stundum varð ég að bera hann yfir torfærur, lét hann ótvírætt í ljósi þakklæti sitt. En þessar ferðir voru hans skólaganga. Oft heyrði ég menn

p10
skamma hunda sína
með blóti og ..... þó sökin hafi eins oft verið hjá manninum sjálfum.
Nú yfirleitt ekkert reynt að kenna hundum, þeir eru að verða þarflitlir.
Hundafár: Um hundafár eða pest get ég lítið sagt. Þegar ég var unglingur heyrði ég talað um að maður hefði komið með tvo hunda frá útlöndum og þeir hefðu báðir drepist fljótt eftir að þeir komu til Akureyrar. Þá kom pest í hunda á ýmsum bæjum og þeir drápust, sjaldan að þeir kæmu til. Sumir lokuðu hunda sína inni um lengri tíma, þeir sluppu. Hundapest var talin mjög smitandi. Lækning óþekkt. Hundahreinsun: Það er nú langt síðan ég heyrði sagt frá því að hundar væru látnir sleikja innan askana eftir máltíðir og ekki gerður á þeim annar þvottur, fyrr á öldum, en ótrúlegt þykir mér að sá siður hafi verið almennur. Eftir því man ég þegar ég var krakki að verið var að brenna sulli þegar slátrað var fullorðnu fé. Um höfuðsótt heyrði ég talað, sagt var að þá væri sullur í höfðinu á því, þá hallaðist kindin oft á, gekk í hring, þá slapp ekki mannfólkið heldur að sagt var sums staðar. En eftir að farið var að hreinsa hundana breyttist þetta. Hundar í draumi: Um þetta hef ég engar sagnir eða reynt sjálfur.
Hundur sem fylgja: Öllum fylgir eitthvað segir skyggna fólkið, meðð eða málleysingjar og þar eru hundar ofarlega á blaði, ekki sem ættarfylgja heldur sem þjónn fyrrverandi eiganda við fjárgæslu. Andi og sál:
Þekkt hef ég hund sem lét ófriðlega þegar sumir komu eða fóru hjá garði. En sumum tók hann vinsamlega, var það skoðun fólksins á heimilinu að hann sæi fylgjur fólks, er ég því samþykkur því ég þekkti margt af þessu fólki og get ímyndað mér að fylgjur þess hafa getað litið misjafnlega út. Þar sem voru fleiri en einn hundur á bæ kom þeim vanalega vel saman.

p11
Þá er hér sögn sem
bendir til þess að hundar séu til sem hafa skyggnigáfu. Roskinn bóndi var á ferð í myrku skammdegi, gekk hann við broddstaf því seltað var. Leið hans lá yfir brúna á Syðri-Þverá, sunnan við Munkaþverá, var hann á suðurleið, honum fylgdi hundur svartflekkóttur, frekar stór.
Er bóndi kom sunnarlega á brúna þaut hundur af stað og fór að hamast í einhverju af mikilli grimmd, þeyttist eitthvað eins og hann væri að leita færis að bíta. Ekki sá bóndi neitt sem hundur var að glíma við en skyndilega

var hundinum þeytt að fótum húsbónda síns en hann fór aftur af stað af miklum krafti, en það fór á sömu leið, honum var kastað til baka. Þá skreið hann í land aftur fyrir bónda. Sagðist bóndi þá hafa sett fyrir sig stafinn og þotið áfram og hrópað: "Broddurinn skal í þig, hver sem þú ert." Svo varð það ekki meira. Frá brúnni og suður að næsta bæ, sunnan Munkaþverár er móa sund sem kallað er brúarsund. Um 1918 eða 20 fóru vegfarendur að verða varir við og stundum að sjá einhverja ófreskju, fylgdi ..... fólki eftir þegar það var á ferð eftir veginum á brúarsundi. Sáu það stundum óskyggnir. Ekki fór þetta mjög nærri fólki sem sá það og aldrei lengra en suður undir Rifkellsstaði, næsta bæ sem er um hálfur km. Ekki vissu menn nein deili á þessu en við það hefir hundur glímt. Þessi ófreskja hlaut nafnið Brúardraugur. Dauði: Þegar ég man fyrst eftir voru hundar skotnir í mínu byggðalagi. Um það heyrði ég talað að hundum hefði verið drekkt eða hálshöggnir eins og kindum og stórgripum. Maður og hundur: Orðtök sem voru höfð um menn og hunda voru oft lík. Talað var um augu hunda, "hundsaugað lýgur ekki," var stundum sagt, trýni var kallað á hundum, lappir, kjaftur. Menn sögðu hvor öðrum að halda kjafti og stranda á löppunum ef þeir rifust.

p12
Kveðskapur, sagnir:
Lítið hef ég af vísum um hunda þó eitthvað frá fyrri tíð, þá voru smalarnir sem sátu yfir kvíaánum oft að gera vísur um hunda sína, smalarnir voru bæði ungir og gamlir.

Minn hundur er kallaður
Krummi
kolsvartur á hár.

Hann er vitur og
frár á fæti
frekar smár.

Hundurinn minn heitir
Spori
hann fór í tíkarleit.

Velur sér tímann
á vori
veit um það maður
í sveit.

Smalinn talað við
hundinn sinn
hundinum finnst það

gaman.
Draumur er þeim dagurinn

að dunda og hlaupa
saman.

Glöggur var Glói

gat margt séð.

Forspár og vitur

og fylgist ýmsu með.

Trausti á hund sem
Tryggur heitir
tryggur, vitur með
góðri lund.
  Trausta veitir
ekki af því
að eiga vitran hund.

Kátur var hann Kolur
minn
kurteis vel og gestrisinn.

Hafði stundum frekar
hátt
hraustur og treysti
á sunnan átt.

Sá var bæði trúr
og tryggur
trýnið svart og augun
blá.
Fram á sínar lappir
liggur
líki bóndans hjá.

(Bóndinn varð úti
í hríðarbyl).

Orð og málshættir:
Orð eins og hundspott eða hundslegur heyrði ég oft stráka hafa hvora um aðra ef eitthvað bar á milli. Þú ert hálf hundslegur sagði þjónustan ef til vill við vinnumanninn ef hann kom inn blautur og óhreinn. Líka heyrði ég sagt: "Það er að koma hvolpavit í strákinn," ef strákur var eitthvað að glettast við stúlku. Mikið var að því gert að glíma hér áður fyrr. Ef einhver var glímastur í þeim leik var sagt: "O, þeir lágu hundflatir fyrir honum." Fyrir gat það komið ef einhver fór að finna annan, nauðsynlegra erinda en hitti eitthvað illa á manninn, skapsmunalega að ferðin varð til ónýtir. Þá var sagt: "Það var hundur í honum, ekkert hægt við hann að tala," eða "hann var eins og snúið roð í hundskjafti."

Það er seint að kenna gömlum hundi að sitja, sögðu stundum gamlir menn ef átti að segja þeim fyrir verkum. Svo er það ögn meira um Kol minn, hann fylgdi mér alltaf þegar ég var við skepnuhirðingu á vetrum. Lofaði ég honum að vera innan við fjárhúshurðina meðan ég gaf í garða.

Vor og haust fór ég oft daglegar eftirlitsferðir til fjárins, fylgdi Kolur þá ævinlega og oft köttur líka. Það þótti mér skrítið að ævinlega var Kolur hægra megin við mig og köttur vinstra megin, höfðu alltaf sama hraða og ég. Heyrt hef ég talað um hunda sem fylgdu ferðamönnum sem voru með ..... sem oft var að þar sem þeir stönsuðu eða voru um nætur, þá yfirgaf hundurinn ekki flutninginn. Á sveitabæjum mun það hafa verið siður að gefa hundum ferðamanna. Þeir sem þurftu yfir heiðar að fara höfðu oft hund með sér til öryggis því á skammri stund skipast veður í lofti.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1917
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 9510

p1
Ég skammast mín fyrir
hvað ég hef verið ónýt að skrifa er það bæði leti og léleg heilsa, læt
samt þetta fara þó það sé búið að vera hjá mér æði lengi, en ég á mikið
eftir hjá mér, en ég reyni að halda áfram. Gaman væri að fá ljósrit af
þessu ef hægt er. Hundurinn: Ég reyni að gera þessu einhver skil.
Tegundin: Algengt var að kalla hvolpa hvutta meðan ekki var
búið að gefa þeim nafn. Oft var sagt grey skinnið mitt við hundinn sinn
og þú ert nú meira hundsspottið, þá kannski átt við að hann væri ekki eins
og hann ætti að vera. Aldrei man ég eftir að "klódýr" væri notað.
En ef hundar sóttu í að éta hráæti, voru þeir nefndir hrædýr og voru þeir
hundar illa séðir. Hundakyn: Aðallega voru íslensku hundarnir á
bæjum í mínu ungdæmi. Voru þeir auðþekktir, stuttur búkur, hringað skott,
upprétt eyru. Ég held að allt fólk á mínum aldri, sem þekkir til hunda
eigi auðvelt með að þekkja íslenska hundinn frá öðru kyni, jafnvel þó um
töluverða blöndun væri að ræða. Heimilishundur: Augljóst þótti
á útliti hunda hvernig atlæti þeir höfðu heima fyrir, voru horaðir og ljótir
í hárafari ef þeir höfðu ekki nóg að éta og hræddir "lúpulegir",
ef þeim var ekki sýnd vinátta og þakklæti fyrir það sem þeir gerðu vel.
Hundurinn er tilbúinn að gera allt vel sem krafist er af honum en hann
þarf umhirðu og hlýju í staðinn. Þar af leiðandi var hægt að sjá á hundinum
hvernig aðbúð hann hafði og heimilishættir voru. Annars held ég að hundar
hafi ekki farið á flakk beint fyrir það að illa

p2
væri að þeim búið
(því tryggðin er svo mikil), nema þá kannski að fá sér að éta á nágrannabænum.
Hundar sem gæludýr þekktust ekki, þegar ég var ung. Það kom ekki til fyrr
en nú á síðustu áratugum. Ef kaupstaðarhundi er komið í sveit, vegna slæmrar
hegðunar, eru þeir til einskis nýtir, ekki hægt að kenna gömlum hundi að
hlýða. Verð á hundum og hvolpum: Mig langar til að skrifa þér sögu

um verð á hvolpum, sem móðir mín sagði mér, en sá atburður átti sér stað líklega á fyrsta áratug aldarinnar. Þá gekk mikið hundafár og lifði enginn hundur það af sem pestina fékk. Afi minn átti tík sem var mjög vitur og góður smalahundur, var hún komin nærri gotum og var það ráð tekið að reyna að verja tíkina fyrir veikinni, sem tókst og eignaðist hún níu hvolpa. Þeir voru, af skiljanlegum ástæðum, allir látnir lifa. Fékk tíkin ómælda nýmjólk, því það reið á miklu að hvolparnir hefðu næga mjólk úr henni. Nú urðu hvolparnir eftirsóttir og fengu færri en vildu. Þetta var að hausti til. Sumir bændur létu lamb fyrir hvern hvolp strax, en aðrir létu framgengna á um vorið. í þessu tilviki hafa hvolparnir verið teknir eins fljótt og hægt var, en þó varla fyrr en 4-6 vikna gamlir. En það sést best á þessu hvað hundurinn var mikils virði. Hundur verður til: Mjög þótti það hvimleitt þegar hundar voru á lóðaríi. Það kom fyrir að tíkur færu á flakk, og væru þá með stóran hundahóp með sér, en oftast var reynt að hafa hemil á þessu með að

p3

loka þær inni og

þá reynt að láta ekki aðra hunda koma nálægt henni en þá sem eftirsóknarverðir væru til undaneldis. Við krakkarnir vorum látin fæla hunda í burtu með öllu mögulegu móti, t.d. væru hundar, sumir mjög hræddir við byssu og vorum við þá að miða á þá spítuskafti og láta þá heyrast einhvers konar hvell. Þó að þetta sé kannske ótrúlegt, þá gekk þetta oft vel. Mikið var hlegið að þessari aðferð okkar krakkanna. Stundum man ég eftir að konur tóku koppinn sinn og reyndu að gusa á hundana, helst á nóttunni þegar ekki var svefnfriður fyrir aðkomuhundum. En allt svona var nú heldur haldlítið og komu hundgreyin fljótlega aftur. Fæðing: Í minni sveit og nágrenni var ævinlega talað um að tíkur gytu, orðið "gjóta" notað, en svo var talað um að tófur leggðu. Ekki man ég eftir að fyrsti hvolpurinn sem fæddist væri látinn lifa, en pabbi lét oft þann hvolpinn lifa, sem tíkinni virtist kærastur, því kom það stundum fyrir. Það var mikil sorg á heimilinu þegar þurfti að lóga hvolpum, var þetta gert sem allra fljótast eftir got og ævinlega drekkt, látnir í lítinn poka eða sokkbol með steini í. Annars þekkti ég konu, sem gerði þetta leiðinda verk alltaf sjálf á sínu heimili, en hún sauð vatn og lét í stórt ílát og lét það kólna í líkamshita, sagði að hvolparnir köfnuðu strax í soðnu vatni, gaman að vita hvort það væri rétt. En faðir minn drekkti þeim alltaf í mógröf.

p4

Auðkenni: Ekki man

ég eftir auðkennum er lýstu fjáraugum hunda, en þó talað um gáfuaugu og líka hvað hundar fylgdust vel með, jafnvel þó þeir virtust sofandi, en heyrnin er líka mjög góð. "Ertu nú með þjófaljós greyið", var sagt um hvolp sem var með hvít hár í rófubroddinum, ekki man ég eftir neinni trú í sambandi við það en þó voru þeir hvolpar oftast látnir lifa. Sumum þótti ókostur ef hundar geltu mikið, en þó þótti gott að láta hunda

gelta hjá sér, sérstaklega ef var verið at stugga fé úr túni og var því nauðsynlegt að venja hundana vel. Litir hunda og nöfn: Hundanöfn voru oftast tengd litnum t.d. Móri, Kolur, Surtur, Dimma, svo ef hvítur var rófubroddurinn þá var nafnið Týri eða Díli. Ég man eftir nafninu Hringur, vegna þess að hvítur hringur var um háls á mórauðum hundi, nafnið Labbi, ef voru hvítar fætur, Spori, ef hundur var með stóra spora, helst á öllum fótum. Svo mörg nöfn sem ekki bentu á litareinkenni s.s. Snati, Tryggur, Lubbi (sem var mjög loðinn), Vaskur, Sámur, Snotra, Busla. Ekki man ég eftir að hundshár væru notuð.

p5

Rödd hunda: Hundar ýlfruðu ef þeim leiddist eitthvað, t.d. ef þeir voru lokaðir inni, þá ýlfruðu þeir og góluðu vegna þess að þeim leiddist að fá ekki að fara með í ferðalag eða eitthvað því líkt. Ef hundar urruðu var það venjulega vísbending um að þeir gætu verið grimmir. Auðvelt var að þekkja hunda á geltinu. Það þóttu hvimleiðir hundar sem voru sígjammandi. Það var algengt að hundar settust út á hól og spangóluðu fyrir gestakomu og gestagelt var allt öðru vísi en smalagelt. Dæmigerð spádýr. Ég man ekki eftir orðunum að "sjóða grottann", eða sjógól, en nágól finnst mér ég hafi heyrt. Ratvísi og þefskyn: Þetta eru þeir eiginleikar hunda, sem einkennir góðan hund hvað mest. Ég man eftir mörgum hundum, sem gátu rakið spor eftir einn til tvo daga og gaman að fylgjast með því, t.d ef þeir misttu af slóðinni að byrja þá aftur, en oftast átti þetta við ef þeir misstu af húsbónda sínum eða öðrum sem þeir voru kærir. Ratvísi hunda var frábær og treysti margur maðurinn alveg á ratvísi hundsins t.d. í hríðarbiljum.

Stundum var talað um að ekki væri hægt að treysta hundi ef hann væri ungur eða hálfgerður hvolpur. Ekki man ég eftir að tíkarmjólk væri notuð eða neinni þjóðtrú í sambandi við hana. Ég kannast vel við málsháttinn, "kattartungan særi en hundstungan græðir" og eru þær tungur ólíkar og man ég vel eftir ef einhver fékk skrámu við útistörf lét hann hundinn sinn sleykja. Ekki man ég eftir neinu öðru viðvíkjandi lækningu.

p6

Ekki man ég eftir grimmum hundum nema að þeir urðu fyrir áreitni. En sumir hundar bitu fé og hæla á hestum og voru þá klipptar vígtennur, ef þeir þóttu efnilegir að öðru leiti. Oft voru hundar í áflogum aðskildir með vatnsgusu eða einhverju ámóta, ens að siga rösklega, þá vissu þeir að meira áríðandi var að gera skilduverkin en vera í hörku rifrildi. Misjöfn lykt var af hundum, þó ég muni ekki eftir nefnda hrælykt. Mér hefur alla tíð þótt gaman að rekja leiðir eftir hundaþúfum og minnir mig að ég hafi áður skrifað ykkur um það. (Ferðalög og flutningar). "Nú þykir mér hundaþúfan hreykja sér", var sagt um ef lítilsigldur maður var að státa sig. Ég held að hundar fylgdu ævinlega sínum

húsbændum þegar farið var milli bæja þó erindið væri annað en skepnustúss,
en þó var reynt að hafa sem minnst um hunda í kirkjuferðum og man ég að
stundum meðan á messu stóð heyrðust áflogahljóð í hundunum. (Ég er uppalinn
á kirkjustað). Og líka man ég eftir að hundar ýlfruðu utan við kirkjudyr,
vildu komast inn til húsbænda sinna, sjálfsagt hefur þetta eitthvað truflað,
þó ekki hafi orðið helgispjöll. Mikið var það misjafnt hvernig búið
var að hundum. Sumstaðar var hafður kassi mátulega stór fyrir hundinn og
síðan var kassinn klæddur að innan með ullartuskum og í gólf, svo var haft
op á einni hlið og snúið þannig að opið væri í
skjóli, en
suma hunda var ekki hægt að hafa úti ef þeir voru gjarnir á að fara af
bæ. Fullorðnir og vel vandir hundar voru hafðir úti um nætur til vörslu.
Á síðustu áratugum hafa hundar átt samastað í þvottahúsum.

p7
Það er mjög líklegt
að málsháttur inn "það er ekki hundi út sigandi", sé til kominn
af því að fólk vildi losna við hundinn úr bænum, hvort sem það hefur verið
að degi eða kvöldi. Hjá foreldrum mínum þótti sjálfsagt að þrífa
hundsílátið vel, sem oftast var skörðóttur diskur eða skál, man ég eftir
að gamlir hundar liðu ekki að hvolpar, kettir eða önnur dýr svo mikið sem
sleiktu dallinn sinn. Ég man eftir að ég heyrði talað um hundstrog.
Sérstökum hundssteini man ég ekki eftir, en ég man þegar var verið að borða
á engjum að við reyndum að finna í hvolpana steina til að láta hundana
éta af leifarnar. Á haustin var allt reynt að nýta og þá í ýmislegt
sem ætlað var hundum svo sem afklippur úr vömbum, lungu eftir að hætt var
að borða þau og margt fleira, og súrsað í sér íláti. Ég man ekki eftir
að, "horfa til augna", en algengt að segja, "mæna eins og
hundur á bita". Mig minnir að "hundslap" væri það
sem þótti þunnt, t.d. ef lítið var útákast í súpur var þá sagt: "Þetta
er nú meira hundslapið", en það hefur kannski líka verið átt við lítið
magn. Nauðsynlegt þótti, þegar hvolpar voru orðnir það gamlir að
tiltækilegt þótti að fara að venja þá, að sami maðurinn gerði það, að ekki
væru allir að kenna hvolpinum þó sjálfsagt þætti að allir bönnuðu honum
það sem hann ekki mátti gera. En fjárgæsla og smalamennska var aðalkennslan
og ef vel tókst til þá voru hundarnir því betri, sem æfingin í byrjun var.
Ævinlega var kallað á hunda með nafni. Mest var um íslenska hunda,
þó það kyn

p8
hafi eitthvað verið
blandað. Ég man eftir snögghærðum hundi sem pabbi átti, meðal stór, fallega
mórauður með lafandi eyru, en rófulaus, var hann nefndur Stubbur. En svo
voru fluttir til landsins hundar frá Skotlandi, sem þóttu afburða fjárhundar,
en þeir þurftu mikla þjálfun, og víða sem þeir komu ekki að gagni vegna
þess að fólk kunni ekki að venja þá, því þeir voru svo ólíkir íslenska

hundinum. Nú sést varla vel vaninn hundur hér um slóðir, lítið notaðir nema á haustin, eru því úthaldslitlir og kunna lítið. Hundur var skammaður eftir því hvað hann gerði af sér, ef hann fór í kindur án þess að vera sagt það, voru skammaryrðin nokkuð hörð, jafnvel slegið til hans. Hvolpar tóku stundum hluti, svo sem skó, var þá sagt skammastu þín eða eitthvað álíka, ég man eftir "þú hefur étið folald", þó það væri ekki notað nema í gmani, finnst mér. Sumir voru að kenna hundum ýmsa siði, svo sem að sitja og heilsa og líka að sækja hluti, t.d. man ég eftir að hundur á næsta bæ, sótti hluti sem hent var út í vatn, þó hann þyrfti að kafa eftir þeim, sá ég hann t.d. sækja stein ef hann var látinn þefa og skoða hann áður. Ekki man ég eftir neinum sérstökum aðferðum við að venja hunda af að elta bíla, ég man eftir hundi sem við áttum sem elti bíla af mikilli grimmd, að maður skaut til hans úr byssu úr bílnum og var það til þess að hundurinn elti ekki bíl eftir það. Hundapest eða hundafári man ég ekki eftir, fyrr en á stríðsárunum, (það sem ég skrifa um á síðu 2 hér að framan, skeði fyrir mitt minni). Þá Geysaði mikið hundafár og var talið að sú pest hefði borist með hundum sem herinn var með, ekki man ég eftir neinum lækningum

p9
við því fári og drápust
þá margir hundar á Mýrum. Man t.d. eftir að drapst tík sem faðir minn átti og tveggja vikna hvolpar. Til hundahreinsunar voru valdir trúir og samviskusamir menn og kosnir af hreppsnefnd í hverjum hrepp og hundar hreinsaðir og baðaðir á tveimur til þremur stöðum í hverjum hrepp eða þar sem heppilegir kofar voru. Til var að hundur væri látinn sleikja matardisk, þótti það heldur sóðalegt. Þegar ég var barn var mikil hræðsla við sullaveikina og fólk mjög passasamt með að hreinsa hundana. Ég hef alltaf heyrt að væri gott að dreyma hund, mér hefur alltaf verið það fyrir góðu að dreyma þá. Ekki man ég eftir neinni sögu um að dáinn hundur fylgdi fólki þó var mikið talað um slíkar fylgjur. Greinilega hafa hundar skyggnigáfu, þeir skynja oft það sem hinn almenni maður ekki sér. Það er alveg ljóst.
Ég man ekki eftir öðru en skotvopni til að aflífa hunda, en ég heyrði talað um að hundar hefðu verið hengdir. Uppáhalds hundar voru stundum fláðir og hafður belgur, var þá belgurinn hreinsaður og látinn í sútuna og síðan hafður í stofunni, hengt upp eða hafður á sófanum (dívaninum). Að vera eins og útspýtt undskinn var sá sem var hlaupandi út um hvippinn og hvappinn, fyrir hina og þessa, kannski bæði að þörfu og óþörfu.

p10
Það var vandað um
við okkur krakkana ef við nefndum munn en ekki kjaft á hundi. Það var greinilega aðskilið, nef = trýni, augu = glyrnur, fætur = lappir. Heldur var gert grín að mönnum sem dekruðu óhæfilega við hunda sína, einnig var fordæmd ill meðferð á hundum. Mig langar til að segja frá hvolpi sem ólst upp á næsta bæ við mig. Ungur piltur var á bænum sem tók upp á því að aka

hvolpinum í hjólbörum, en þegar kom að því að venja hvutta og átti að kenna honum að reka fé úr túni, hljóp hann upp í hjólbörurnar, og ætlaðist til að pilturinn keyrði sig, og minnir mig að hann yrði ekki til neins gagns vegna leti. "Hann er að byrja að fá hvolpavit", var oft sagt ef ungur piltur fór að líta hýrt til stúlku. Þú ert nú meira hundsspottið var sagt um ómerkilegan mann og liggja hundflatur eða marflatur, var átt við þann sem skreið fyrir heldra fólki. Ég man ekki eftir neinu öðru en minnst er hér á (orð og málshættir), á ekki til skrifað neitt hjá mér, því er nú ver, núna þegar minnið er farið að bila. En þessa vísu kann ég eftir Vatnsenda Rósu:

Man ég okkar fyrri
fund
forn þó ástin réni.

Nú er eins og hundur
hund
hitti á tófugreni.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1903
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8375

p1
Þú segir: "Skepnan
skynlaus sé en skyn hún hefur þó." Það er ekki gott að greina hvaða
skepna sé gáfuðust ekki er það víst að það sé maðurinn en allar skepnur
eru mistvitrar hvað sem þær heita, bæði í sjó, á landi eða í lofti.
Það eru til forystusauðir og forystuhestar, t.d. hundurinn er líka viturt
dýr. Hesturinn er sérstaklega ratvís, margur maðurinn hefur tekið
ráðin af hesti sem hefur orðið til óbætilegs skaða sem allir vita.
Ég ætla ekki að taka hverja spurningu fyrir sér heldur allt í einu.
Ég kannast ekki við orðin deli eða búadeli, ekki heldur við orðið
klódýr. Hundshræ er algengt og kattarhræ. Ég efast um að íslenska
hundakynið sé til þó það sé nú sagt, því fyrstu hundar á Íslandi hafa örugglega
komið frá útlöndum. Sumir hundar eru með uppsperrt eyru, ef það kallast
íslenskt kyn þá eru það þeir hundar sem eru með uppsperrt eyru. Ég tel
alla hunda vera heimilishunda þá sem þá eiga, flökkuhundar voru ekki vel
séðir. Það kom fyrir að hundar væru geltir, aðallega fyrir það að
þeir eltu fé og drápu. Þá voru líka klipptar úr þeim vígtennurnar í sama
tilgangi. Gæludýr í þéttbýli eru nú orðin vel kunn og tel ég það
nú orðið til vandræða en við það verður ekki ráðið nema með lögum ef það
dugar. Ekki held ég að það komi til greina að hundar sem eru í sveit verði
fluttir í þéttbýli.

p2
Hundasölu hér í sýslu
kannast ég ekki við nema um einn sem keyptur var og kostaði 10 kr. Eflaust
hefur þessi dýri hundur verið af góðu fjárhundakyni. Þetta mun nú hafa
verið fyrir 70 árum. Hundafár hefur ekki þekkst hér en á Norðurlandi
og kannski víðar var það nokkuð, þá fóru norðanmenn suður yfir fjöll og
keyptu hunda af suðurlandi. Það hefur nú sjálfsagt verið misjafnt
hvað hvolpar voru gamlir ef þeir voru látnir í burtu. Lóðatíkur
hafa alltaf verið og verða meðan hundar verða í sveitum. Það voru oft gert

að festa eitthvað í skottið á lóðahundum hvort sem það var hann eða hún. Ég skaut einu sinni púðurskoti á tík af næsta bæ og hún kom ekki aftur.

Hvolpafull tík var sagt um meðgöngutímann. Talað var um að nú væri tíkin að gjóta. Ekki man ég til að athugað væri í hvaða röð hvolpar fæddust eða hvort þeir fæddust sjáandi. Ef að átti að ala upp hund hefur það helst farið eftir litnum. Hvolpum var alltaf drekk í læk eða á. Ég kannast ekki við að hundar væru með fjáraugu. Nöfn hunda eftir lit gátu orðið mörg t.d. Móri, Flekkur, Kópur, Mósi, Lubbi, Sámur og ótal mörg nöfn á hundum og kannski ekki síst af útlendum hundum sem mikið er af í þéttbýlinu. Raddir hunda geta verið margvíslegar, ýlfra og góla og þá sérstaklega að spangóla. Ég get ekki skýrt það hvers vegna hundar spangóla en sjálfsagt er það vegna einhverrar spádómsnáttúru. Nágól hef ég heyrt en að: "sjóða grottann," aldrei. Hundar voru fljótir til að gelta ef gest bar að garði.

p3

Þefskyn hunda er alveg frábært t.d. ef hundaeigandi fer að heiman á aðra bæi og biður að loka hundinn inni og maðurinn farinn en hundinum seinna sleppt út, þá er hann vís að rjúta út og þá þefar hann upp hvert hann hafi farið og þefar réttu leiðina alla leið þefandi og finnur réttu leiðina. Þá má geta þess að hundar leituðu að fé sem hafði fennt og það var árangur. Sumir hundar voru vandir á að sækja fugla eða seli sem skotnir voru á sjó eða vötnum. Sjálfsagt eru margar spásagnir um hunda en ég kann ekki að greina þær, ekki að hundur finni feigð á manni. Ekki vildi ég drekka tíkarmjólk þó að hún geti verið holl. Hundstungan græðir, ég gæti trúað því, það er líka sagt að hrein sé hundstungan. Að hundsnetja sé læknislyf getur vel verið, ég hef bara ekki heyrt það en læknisráð voru svo mörg í gamla daga og dugðu sum vel. Grimmir hundar eru óalandi og óferjandi. Þeir eru hættulegir mönnum og skepnum. Nú fyrir fáum dögum beit mig tík sem var með hvolpa, þetta var uppi í sveit og ég var ekki viðbúin þessu, hún beit mig aftan í kálfann og eru sár eftir og mar. Ég kannast ekki við þjóðtrúarlækninguna að brenna hár bithundsins í eldi og setja öskuna í bitsárið. Hundar bitu mikið í hæla á hestum. Ekki kannast ég við að helt sé köldu vatni á hunda sem voru í áflogum en þeir voru barðir. Hundar eru hræ, því er eðlilegt að hrælykt geti verið af hundum. Hundaþúfu þekkja allir sem verið hafa í sveit, fleiri nöfn kannast ég ekki við og ekki að hundaþúfan sé farin að hreykja sér.

p4

"Eins og hundur í hverri hofferð," kannast ég ekki við. Það var algengt að hundur elti mann á aðra bæi. Reynt var að hafa ekki hunda með í kirkjuferðir en þó kom það fyrir, gátu þá orðið kirkjuspjöll ef aðkomuhundar og heimahundar lentu í áflogum og varð þá meðhjálparinn að fara út og skakka leikinn.

Hundakofar voru á sumum bæjum. Á Stafafelli var stór hjallur, tvílyftur, lágu þar hundar á nóttunni. Ekki kannast ég við að hundum væri sigað út undir nótt til að liggja úti. Á vorin var hundur látinn liggja úti til að varna gripum að fara ekki í túnið áður en girðingar komu. Það voru viss ílát fyrir hunda að éta úr og kallaðir hundsdallar. Móðir mín Steinlaug Ólafsdóttir var mikil hundavinur og dýra. Hún var vinnukona á Stafafelli í 23 ár, hún sá alltaf um að gefa hundunum og láta þá hafa nóg. "Mæna eins og hundur á bita," og "horfa til augna," kannast ég við. Mjólk var ekki gefin hundum en uppsprettulind var rétt við bæinn og þar fengu hundarnir sér að drekka samt ekki ölkelduvatn.

Smalahundar eru ákaflega misjafnir af gáfum. Maður verður að segja hundum vel til og vera harður við þá ef þeir hlýða ekki. Það eru ekki nema fáir hundar sem geta tekið fé, það er gjört með þeim hætti að siga hundinum á kindina svo hleypur hann fram með henni og tekur fast í ullina við bóginn, þá stendur hún venjulega kyrr, en þó geta það orðið mikil átök ef um væna kind er að eiga.

p5

Ákveðin hundakyn eru eftirsótt sem eðlilegt er. Ég held að hundar séu minna notaðir en áður var, sumir fjárbændur eiga enga hunda. Orðin sem notuð voru við hunda voru: "svei þér, skammastu þín."

Það var kona í Vestur-Skaftafellssýslu sem var lengi vinnukona á Stafafelli, hún sagði: "Svei þér, þú hefur étið folald." Þetta hafði ég aldrei heyrt áður en þó merkilegt sé þá dugði þetta alveg, hundurinn stein þagnaði. Það er hægt að venja hunda við alls konar hundakúnstir. Maður nokkur var að siga hundi á kindur, í staðinn fyrir að hlaupa að kindunum stökk hann upp á herðar á manninum, hann hefði þurft að venjast metur. Sem betur fer vona ég að sullaveikt fólk sé nú ekki lengur, en ég þekki konu sem er um áttrætt, hún var um þrítugt þegar hún veiktist og skorin upp og batnaði. Sullir úr kindum voru vandlega teknir og brenndir. Ég er hræddur um gáleysi með hunda sé nokkuð áberandi, jafnvel kyssa þá, klóra þeim og lofa hundinum að sleikja eigandann. 1923 þegar ég var í skóla á Eiðum, þá fórum við þrír skólafélagar upp á Jökuldal á bæ þar, þá sá ég að gamall maður var að spinna hrosshár og hundurinn var í rúminu hjá honum og sleikti hann í framan og hendurnar og togaði í skeggið.

Hundur í draumi og hundar sem fylgja kannast ég ekki við. Þó skáldkonan héldi að hundtíkin hefði ekki sál, þá held ég að allar skepnur muni hafa sál, þó við skiljum ekki þeirra mál.

p6

Það er rétt, hundar urðu sjaldan ellidauðir. Það kom fyrir að hundar dræpust af eitri sem þeir höfðu náð, þar sem eitrað var fyrir tófu. Hundar voru yfirleitt skotnir,

kanski líka drekkt. Hundsskinn voru stundum hirt, þó þóttu góð að hafa þau undir reiðingi eða hnakki ef hesturin var eitthvað meiddur.

Útspýtt hundskinn held ég hafi getað verið þannig að börn eða aðallega unglingar hafi verið látin vinna of mikið eftir þeirra getu og þeim ekkert hlíft. Ekki var nú talað um munn eða nef á hundi, heldur kjaft, samanber: "Stingtu því upp í kjaftinn á þér." Kjaftur, trýni, glyrnur og lappir voru algeng orð. Kveðskap skulum við láta liggja á milli hluta að tala um. Þó ég viti vel að margur muni sjálfsagt hafa gert vísu um hundinn sinn. Margir eru málshættirnir sem tungan geymir og sumir kunnir, hundsspott, hundaart, hundslegur og hvolpavit eru kunn. Tíkarspenar er oft sagt um stúlkur sem hafa litlar fléttur.

Óvinir hittust eins og hundar á tófugreni, hef ég ekki heyrt.

Halasneyptur hundur var sagt. Veit hundur hvað étið hefur, þekki ég ekki, en gaman að heyra samt. Erfitt er að kenna gömlum hundi að sitja (húka). Orðið hundaklyfberi er algengt, en niðrandi.

Hundslappadrífa er vel kunn.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1914
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8394

p1
Það má segja að það
hefur ekkert húsdýr verið eins tryggt og handgengið manninum eins og hundurinn,
ég saknaði þess mikið eþgar ég hætti að eiga hunda. Tegund: Það
var oft notað orðið rakki og seppi hundspott ef menn voru eitthvað reiðir
við hundinn og greyskinn var stundum notað það var nú að vísu stundum notað
við krakka líka eins og til dæmis gerðu þetta fyrir mig greyskinnið mitt,
heldur óvirðulegt. Orðið klódýr og hrædýr og hrækvikindi heyrði
ég aldrei notað um hunda. Hundakyn: Ég þekkti yfirleitt ekki nema
íslenska hunda þegar ég var að alast upp en nú eru þeir víst orðnir meira
blandaðir, en þeir gátu verið mismunandi að útliti, sumir voru stórir aðrir
minni. Sumir voru kafloðnir, aðrir snöggir, sumir með uppsperrt eyru aðrir
með lafandi. það var oft vont að vera á ferð með loðhundana í miklum bleytusnjó
þá hlóð svo mikið í þá. Þá þurfti helst að hafa góðan vasahníf til að skera
úr þeim. Ég man ekki eftir því að ég hafi séð nein hundsbein
koma úr jörðu. Heimilishundur: Það var voða sjaldgæft að heimilishundar
færu á flakk, gerðust flökkuhundar, það var þá ekki nema þeir væru í makaleit,
þeir voru þó fljótir að koma heim aftur. Hundurinn var yfirleitt talinn
tákn heimilisins það var stundum hægt að láta þá líta eftir smábörnum.

p2
Það kom fyrir að
hundar voru geltir til að venja þá af flakki. Verð á hundum og hvolpum:
Það voru yfirleitt ekki seldir hundar eða hvolpar, menn gáfu þá bara ef
þeir voru látnir til annara. Mönnum þótti nú gott að losna við að farga
hvolpunum ef menn gátu losnað við þá til annara. Ég held að það hafi verið
á hvaða tíma árs sem var sem þeir voru aldir, ég man það nú ekki fyrir
víst hvað þeir voru gamlir þegar þeir voru látnir burtu, tveggja, þriggja
mánaða held ég. Hundur verður til: Orðið lóðatík var almennt notuð
ef tíkur voru í hundasnakki svo var talað um hunda í tíkarsnatti. Ef hundar

söfnuðust svona saman á bæjum þá þótti það gott ráð til þess að losna við
þá að binda eitthvað í skottið á þeim, hríslu eða kaðalspotta og segja
þeim að skammast heim. Það var talað um að tíkur væru hvolpafullar um meðgöngutímann.
Fæðing: Orðið að gjóta var algengasta orðið þegar tíkur eignuðust
hvolpa hef raunar ekki heyrt annað orð yfir það, held að það hafi ekki
neitt sérstaklega verið athugað í hvaða röð þeir fæddust upp á það að gera
ef það átti að ala einhvern. Aldrei vitað til þess að hafi fæðst sjáandi
hvolpur. Hvolpum var drekkt þegar þeim var fargað, látnir
í gysinn strigapoka og eitthvað af steinum með til þess að þeir væru fljótir
að sökkva, tíkin var ánægð ef það var skilin eftir einn

p3
hvolpur í bælinu
sem átti kannski að ala. Auðkenni: Ég veit ekki hvort það var talað
um það að hvolpar væru með fjárauga en það var farið svolítið eftir því
hvort þeir væru með spora, alspora hvolpar var haldið að yrðu góðir fjárhundar,
en þó þeir væru einhvers staðar með hvítum blettum þá var það ekki kallað
neitt ákveðið, það þótti góður kostur ef þeir geltu mikið. Litir
hunda og nöfn: Hundarnir voru nú alla vega litir og nöfnin voru alltaf
eitthvað dregin af litnum, einu sinni sá ég hund alveg hvítan og hannvar
alveg rófulaus, var víst fæddur svoleiðis, hefur sennilega verið alinn
bara fyrir það. Hárafar: Ef hundarnir voru mjög loðnir þá var talað
um að þeir væru lubbalegir. Hundshár voru ekki notuð neitt svo ég vissi
til, en það var oft vont þegar þeir voru að ganga úr hárum þá var maður
oft löðrandi í hundshárum ef hundurinn vildi koma eitthvað nálægt manni.
Rödd hunda: Ég hef ekki heyrt um nágól eða sjógól um spangól hunda
en ef hundur var mjög hávaðasamur þá var talað um að hann væri gjárífur
og það mátti eiginlega þekkja geltið í þeim þegar þeir voru að gelta af
gestum, þá var það öllu glaðlegra í þeim. Það var sagt að þeir væru að
spá fyrir gestakomu ef þeir lágu og voru að hreinsa sig með tönnunum og
settu aðra afturlöppina beint upp í loftið.

p4
Hundsbit: Það var
dálítið til af grimmum hundum, ekki var það nú samt mjög algengt að þeir
bitu menn, annars átti ég einu sinni hund sem var dálítið girmmur við menn
ef að það komu gestir þá varnaði hann þeim alltaf að ganga inn í bæinn
nema að ég væri með en hann réðst aldrei á fólk. Ef það kom fyrir að hundar
bitu fólk þá var það aðallega notað tísól og joð á bitsárið. Það þóttu
ekki góðir smalahundar sem bitu í hælinn á kindinni það kom fyrir að það
voru klipptar úr þeim vígtennur. Áflog hunda: Það voru oft mjög
grimm áflog á milli hunda sérstaklega heimahunda og gestahunda. Það var
oft hellt á þá köldu vatni ef það var við höndina svo ef það var hægt að
taka í hnakkadrambið á þeim sitt með hvorri hendi þá gátu þeir nú lítið.
Hrælykt: Ef hundar voru rennandi blautir þá var nú ekki góð af þeim
lyktin og var þá kölluð hrælykt af þeim man nú ekki önnur orð yfir lykt

af þeim. Hundaþúfur: Hundarnir sóttust oft eftir því að fara að sömu þúfurnni til að pyssa upp við. Ég man ekki eftir öðrum nöfnum á þeim og ekki eftir orðinu að hreykja sér, en það var stundum talað um nú er hundaþúfan farin að grænka. Hundur í mannaferð: Hundurinn fylgdi mönnum alltaf á milli bæja og á mannamót, kirkja var þar ekkert undanskilin,

p5
Það kom fyrir að
þeir gerðu hálfgerð messuspjöll, voru að gelta og fljúgast á fyrir utan kirkjuna. Hundadallur: Hundadallurinn var oftast úr tré, smíðaður bara til þess. Hundsbælin voru á hverjum einasta bæ, voru oftast einhverstaðar í frambænum, bæjardyrum eða í hlóðareldhúsi og var haft hey í þeim svo lágu þeir stundum úti yfir sumarið ef það var gott veður. Þótti gott að hafa þá úti til þess að verja túnin, þeir gerðu það oft ef þeir voru vel vandir, svo voru til sums staðar á bæjum litlir hundakofar sem voru hafðir opnir á nóttunni og gátu þeir þá gengið þar út og inn eftir vild. Hundsmatur: Það var oftast eldaður rúggrautur handa hundum annað hvort úr kjötsoði eða slátursoði og fengu þeir það kannski með einhverri mjólkurlögg út á, auk þess sem þeir fengu allan úrgang úr mat. Ég kannast vel við orðtakið að mæna eins og hundur á bita, ég vorkenndi þeim stundum þegar þeir voru að mæna á eftir matnum ofan í fólkið og fengu kannski ekki neitt. Ég vildi ábyggilega heldur vera sjálfur svangur heldur en að hafa hundinn minn svangan. Smalahundur, fjárhundur: Það var ágætt þegar verið var að venja hvolpa að hafa þá með vönum fjárhundi, hann gat kannski kennt honum mikið meira en maðurinn, til dæmis ef að það þurfti að láta þá taka

p6
kind, þá tóku þeir
í ullina fremst í bógnum, svoleiðis gátu þeir haldið henni, þetta gerðu þeir ef þeir voru vel vandir. Ef að þurfti að skamma hund þá var það oftast með orðunum svei þér, skammastu þín, þeim var stundum kennt að heilsa fólki þá réttu þeir fram aðra framlöppina. Hundafár: Hundafár eða hundapest eins og það var kallað, herjaði oft mjög mikið á í sveitunum og urðu sumir bæir alveg hundlausir, ég held að það hafi ekki verið neitt einhlítt læknisráð við því það þurfti þá helst að fara í aðrar sveitir og fá hvolpa eða hunda þar sem hún erjaði ekki á. Hundahreinsun: Hundar voru hreinsaðir einu sinni á ári og var sérstakur maður í því, látnir laxera. Ég man nú ekki eftir því að hundar væru látnir sleikja matarílát, ég skal ekki segja það að það hefði kannski mátt vera betri umgengni við hunda. Ef að það komu sullir úr sauðfé þegar því var slátrað þá voru þeir grafnir. Ég get víst ekki haft þetta meira núna
hef ekki pappír í það, það er víst líka búið það helsta sem ég veit um.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1900
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8415

p1
Algengustu samheiti
hunda voru: Hundur, seppi, héppi, hvutti, rakki og hræið. Oft var sagt aumingja hræið eða hrækvikindið, ef eitthvað var að hundi. Fyrst þegar ég man eftir sáust ekki í minni sveit hundar af útlendu kyni. Íslensku hundarnir voru meðalstórir, snögghærðir með hringuð skott og eprrt eyru. Litir voru margvíslegir, mórauðir, svartir, gráir og hvítir, ýmislega flekkóttir, strútóttir og botnóttir. Svo fóru að koma kynblendingar eftir að útlendir hundar komu í kaupstaði. Þeir voru vanalega stærri, með lafandi eyru og svert skott, ekki upphringað. Litbrigði líka mörg. Ég veit ekki hvort almennt var talið að hundar væru tákn heimilisins, en yfirleitt þótti ekki lýsa vel aðbúð á heimilum að sjá horaðan og lúpulegan hund. Ég vissi til að eigendur létu gelda hunda sína ef þeir voru komnir á flakk sem kallað var, en það þótti neyðarúrræði, því þá fitnuðu þeir svo mikið og urðu latir og þungir til að hlaupa. Ég veit ekki neitt um verð á hundum en heyrði að þeir voru keyptir eftir að hundapest hafði gengið í sveitum og eyðilagt flesta hunda á stórum svæðum. Ég hef líklega verið svona 6-7 ára þegar hundapest gekk í sveitinni. Þá keypti faðir minn stálpaðan hvolp úr næstu sveit á 2 kr. Ég heyrði eldri menn tala um að best væri að venja góualda hvolpa. Ég held að það hafi verið misjafnt hvenær hvolpar voru teknir frá mæðrum sínum, venjulega þó ekki fyrr en um tveggja mánaða aldur. Það var talað um að tíkin væri lóða og að nú væri hundurinn víst kominn í tíkarsnatt eða tíkarí. Reynd voru ýmis ráð til að losna við hunda, en flestum held ég hafi gengið það illa.

p2
Hvolpafull var almennt notað um tíkur um meðgöngutímann. Ég heyrði talað um að tík væri að gjóta. Sumir fylgdust vel með er hvolparnir voru að fæðast, en ekki voru menn sammála um hvern hvolpinn væri best að ala. Sumir töldu best að ala þann fyrsta, aðrir þann síðasta. Ég vissi að flestum þótti betra að hvolpar

væru rólyndir og athugulir, en fljótir að skilja viðmót eiganda síns. Ef hvolpar voru mislitir með hvítan rófubrodd var oft sagt að hann væri með ljós eða týru í rófunni. Á hundum er mismunandi stórt bein á hnakka kallað vanabein. Þótti víst að það yrði góður hundur ef vanabein var stórt. Ég er áður búin að lýsa litum hunda. Um hárafar hunda var sagt að hann væri snögghærður eða loðinn, lubbalegur. Ég heyrði aðallega talað um að hundur væri að ganga úr hárum, eða að hárlos væri á hundinum.

Ég þekki ekki fleiri orð um raddir hunda en að hundar ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla, nema vitaskuld gátu dýrin stunið ef þau voru veik. Ég heyrði oft nefnt nágól í hundum, en vissi enga sérstaka merkingu þess. Ég heyrði oft sagt: "Nú er gestahljóð í hundunum," ef gesti bar að garði. Um ratvísi hunda og þefnæmi væri margt hægt að segja. Margir mínir heimilishundar hafa rakið slóðir heimamanna mörgum klukkutímum eftir að farið var af stað að heiman, oft langar leiðir hvort heldur var á auðri jörð eða í snjó, og þó þeir töpuðu af heimafólki rötuðu þeir alltaf heim aftur. Það var sagt að hundar væru að spá gestakomu ef þeir lágu fram á lappir sínar með trýnið milli fóta og snéru að dyrum. Stundum sátu þeir úti og þefuðu í þá átt sem gesturinn kom úr.

Almennt var trúað að sumir hundar vissu feigð eigenda sinna fyrir.

p3

Kattartungan særir

- hundstungan græðir, var vel þekktur málháttur. Ég heyrði þegar ég var barn að hundafeiti væri mjög græðandi en annað heyrði ég ekki um þau mál. Ég kynntist aldrei grimmum hundum, en heyrði sem krakki að hundsbit gréri seint. Það hefur nú sjálfsagt ekki verið neinn sérstakur umbúnaður um þau enda lítið af lyfjum til. Ég verð að hafa það eins og hvert annað hundsbit var stundum sagt ef eitthvað fór miður. Það þótti nú ekki gott að aðskilja hunda, bæði vegna þess að hætt var við að þeir bitu fólkið og meiddu meira hvern annan. Oft var skvett á þá köldu vatni og líka tekið í hnakkann á báðum hundunum og þeir aðskyldir svoleiðis, en það var oft ekki þægilegt og betra að vera snar í snúningum og sterkur. Ég heyrði ekki talað um neina þjóðtrú tengda tíkarmjólk. Ég heyrði ekki nefnda hrælykt af hundum, en oft var sagt að það væri útilykt af hundinum og sumir töldu það fyrir veðrabrigðum. Ég þekki ekki nema þetta eina nafn á hundaþúfum.

Að vera eins og hundur í hverri hofferð, var algengt orðtak notað í niðrandi merkingu um þá sem mikið voru á ferð og hnísnir um flest. Hundar fylgdu jafnan eigendum sínum ef þeir fóru milli bæja. Þeir voru síst látnir fara með til kirkju. Þar sem ég þekkti til voru hundar hafðir í hlóðaeldhúsi eða skotum í inngangi. Þeir voru látnir hafa alls konar druslur til að liggja á, svo sem strigapoka eða ónýtar flíkur. Ég held að ekki hafi verið nein regla um hvort hundar hafi legið úti á sumrin, þeir hafi að mestu ráðið því sjálfir. Hundar höfðu að sjálfsögðu sérstök ílát til að lepja úr sem kallað var hundadallur. Oftast voru það margs konar gömul ílát. Í þau var safnað úrgangi úr mat sem svo var gefið dýrunum

þegar þurfa þótti. Ég get ekki lýst hvernig hundar voru vandir,
en nú er allt annað viðhorf til fjárhunda en áður var.

p4
Á hunda var kallað
með nafni þeirra, en skammaðir með orðum svo sem: svei þér, skammastu þín,
farðu inn, eða eitthvað þess háttar. Hundapest eyddi oft hundum
í heilum sveitum og vissi ég engin ráð við því. Sullum úr sláturgripum
var brennt. Ég heyrði gamalt fólk tala um að ef það dreymdi hund
myndi einhver ókunnugur gestur koma og gat það þess oft hvort því leist
vel eða illa á hundinn og eftir því átti viðkynningin við gestinn að fara.
Þegar ég man fyrst eftir var farið að nota byssur til að aflífa
dýr. Ég held að fáir hafi notað orðin munnur, heldur skoltur eða
kjafur. Láttu þetta í skoltinn á þér, var oft sagt. Augu og fætur var stundum
notað í daglegu tali, en þó oftar lappir og stundum glirnur um augum.
Ef einhver hafði mikið dálæti á hundum var til að sá eða sú var uppnefnd,
svo sem Hunda-Gunna eða þess háttar nafngift. Ég kannast við flesta
þá málshætti sem taldir eru upp í spurningaskránni, en ég man eftir fleirum,
svo sem: Þú verður að hafa það eins og hvert annað hundsbit, sem notað
var oft ef eitthvað kom fyrir sem ekki varð úr bætt. Ósköp er þetta tíkarlegt
hjá þér, var sagt um klaufalega unnið verk. Líka var sagt við menn: Sklfing
ert þú eitthvað tíkarlegur, ef þeir voru laslegir eða daufir. Nú týrir
á tíakrskottinu, var sagt ef eitthvað kom fyrir sem menn trúðu tæpast.
Eins og hundi sé boðin heil kaka, var sagt ef illa var tekið við smá gjöfum
eða ekki þakkað sem skyldi. Vísur og þulur man ég fáar en brot úr
gamalli þulu man ég, en býst ekki við að neinn geti minn mig á upphafið,
en endirinn er svona: Táta litla, tík ósein ef þú féð mér
færir aftur færðu rot og bein.

p6
Að lokum ein vísa
sem smali kvað við Buslu: Eftir frækin afrek þín er
við þekkjum bæði, borðaðu nú Busla mín beinið þitt í næði.
Nokkur hundanöfn: Lappi, Tryggur, Kátur, Vaskur, Sörli, Týri, Vörður, Strútur,
Kolur, Móri, Kjói, Gosi, Busla, Tinna, Týra, Táta.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1911
Sveitarfélag: 601 Akureyri

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8387

p1
Tegundin: Hér var
talað um hunda, en t.d. þegar kallað var á hund sem menn vissu ekki hvað hét var vanalega sagt, héppi eða seppi. T.d. þegar kallað var á hund í mat, var sagt, thépp,hépp, eins og sagt var kis,kis þegar kallað var á ketti. Ég hef aldrei heyrt orðin deli eða búadeli, en öll hin kannast ég við og heyrði þau notus s.s. hvutti, grey, garmur, rakki, seppi, skinn og héppi. Orðið klódýr heyrði ég aldrei notað sem samheiti um hunda og ketti, nema í nátturufræðinni. Hrædýr eða hrækvikindi heyrði ég stundum notað um hunda sem sóttust eftir að éta hræ sem þeir fundu út um hagann. Hundakyn: Ég held að menn hafi litla rellu gert sér út af hundakynjum hér áður, minnsta kosti man ég ekki eftir neinu umtali um það. En þá var ekki orðið eins mikið um kynblöndun frá alls konar útlendum hundum eins og síðar varð þó nú sé farið að hugsa um að rækta upp gamla íslenska fjárhundastofninn og þykjast menn kunna nokkur skil í því. Heimilishundur: Hér áður var það sjálfsagður hlutur að hvert sveitabýli um allt land ætti sína heimilishunda og það oft fleiri en einn og fleiri en tvo, t.d. á dalajörðum áður en girðingar komu til sögunar. Víðast var þörf á og smalarnir gátu varla heitið nema hálfir menn ef þeir voru hundlausir.

p2
Það kom fyrir að
hundar "lögðust í flæking," vanalega upp úr tíknasnuðri, annað hvort rötuðu þeir ekki heim, eða þá líklega ekki kært sig um það þegar þeir voru búnir að flækjast lengi að heiman. Það var oft gripið til þess að gelda þá, heldur en eiga á hættu að tapa þeim alvel. Það voru vissir menn sem fengust við það. Margir hlífðust við að láta gelda hunda sína, þeir urðu þyngri á sér og latari, sóttust oft á að safna fitu. Vitanlega breyttist hundahald hjá mönnum þegar hætt var að færa frá og þörfin fyrir hunda minnkaði. Og nú eru til margir sveitabæir sem eru orðnir

bæði hundlausir og hestlausir og kann ég því illa. Ekki þekki ég málsháttinn: "svo er hundur sem hann er hafður," og ekki heldur um hest.
Verð á hundum: Þegar ég var að alast upp, heyrði ég aldrei talað um að hvolpar væru seldir. þar sem tíkur voru féllust til hvolpar, meira en menn kærðu sig um og urðu lifandi fegnir að geta komið þeim út. Auðvitað var meira sóst eftir hvolpum undan vænum tíkum. Margir höfðu trú á að tíkur væru vænni fjárhundar. En svo kom annað viðhorf, þegar hundapestir gengu og kannski flestir hundar í heilum héruðum dráðust. Á þessum árum gátu menn varla hundlausir verið og það var til að menn keyptu hunda á háu verði og lögðu mikið á sig til að

p3
útvega sér þá. Það
hefur líklega verið kringum miðja öldina sem leið að það gekk hundapest hér í Eyjafirði, sem drap flesta hunda. Þá var það að nokkrir bændur tóku sig saman og gerðu út leiðangur suður á land, til að útvega hunda. Það voru fengnir til fararinnar fjórir duglegir menn, tveir af þeim vanir og harð duglegir ferðagarpar. Þetta var einhvern tíma á útmánuðum og þeir fóru gangandi suður Kjöl og komu niður í Hreppa. Þá lifði svo mikil útilegumannatrú, að sunnlendingar urðu hræddir við þá, þar sem þeir komu fyrst til bæja.
Þeir voru spurði að nöfnum og einn sagðist heita Randver og vera frá Jökli, (hann var langafi minn), en Randvers nafn höfðu þeir aldrei heyrt og svo átti hann heima á Jökli, en svo hét einn af fremstu bæjum í Eyjafirði.
Ég man ekki hvað marga hunda þeir fengu en suma urðu þeir að kaupa dýrt, sérstaklega vænar tíkur. Eitthvað af hundunum misstu þeir á norðurleið, en annars gekk ferðin stórslysa laust þó þetta væri nokkur dyrfskuför, þar sem hvergi var sæluhús eða neitt afdrep. Sennilega hefur þótt best að fá sér hvolpa seinni part vetrar, að þeir væru orðnir færir þegar farið var að nota hunda við smalamennskur að vorinu. Stundum voru menn að koma hvolpum í tamningu til þeirra sem áttu óvenju góða smalahunda.
Ég held að hvolpar hafi oftast verið látnir burtu þegar þeir fóru að geta gengið sér að mat, étið hvað sem var og lapið.

p4
Hundur verður til:
Hér heyrði ég alltaf talað um að tíkur væru í hundalátum, þegar þær beiddu eins og hryssur í hestalátum, kýr yxnar, ær og geitur blæsma. Líka var talað um lóðatíkur og lóðahunda, líka var talað um hunda í tíknasnatti.
Það þótti stór galli við að eiga tíkur. Þessar óhjákvæmilegu hunda sem komu tvisvar, þrisvar á ári. En það var við ekkert ráðið þó verið væri að reyna að loka tíkurnar inni, hundarnir flykktust að, flugust á, geltu og spangóluðu uppi á bænum þar sem þeir vissu um tík, jafnvel grófu þeir sig gegnum torfþekjurnar ef þær voru ekki því þykkari eða þeir rifu sig gegn um gáttir meðfram bæjarþiljum. Þetta mátti heita plága. Víðast hvar reyndu menn að bægja þessum ófögnuði frá en gekk misjafnlega. Það var reynt að skjóta á þá púðurskotum, binda blikkdósir í skottið á þeim eða eitthvað

sem hringlaði í þeim var verst við það. Hér heyrði ég bara talað um hvolpafullar tíkur. Fæðing: Hér var talað um að tíkur gytu og ég held að þær hafi undir flestum kringumstæðum verið látnar einar um ljósmóðurstarfið. Því var trúað að hvolpar fæddust stundum sjáandi en ég vissi ekki dæmi til þess. Ég man reyndar ekki hvað það átti að tákna, en ég held að

p5
það hafi ekki þótt
gott. Ég man að sumum var illa við að ala upp hvolp sem fæddist fyrstur, sögðu að þeir stæðu alltaf framan í kindum sem þeir ættu að reka. Ég man ekki til að ég heyrði neitt um að tekið væri mark á hvernig hvolparnir lágu á spenunum. En það er ekki að marka, við áttum svo sjaldan tíkur, okkur leiddust þær. Margir drekktu nýgotnum hvolpum en aðrir hjuggu þá með beittum hníf eða öxi. Auðkenni: Ég man að ég heyrði talað um að hundar hefðu "fjáraugu," en man ekkert fyrir víst við hvað það átti. En mér dettur í hug hvort það hefur átt við þann lit á hundum þegar þeir voru svartir með gulleitar lappir og kvið, (botnóttir), þá höfðu þeir æfinlega gula gómstóra bletti yfir augunum, en þetta er reyndar ágiskun. Þegar menn voru að velja sér hvolpa skoðuðu menn lappirnar á þeim, þeir þóttu efnilegri ef þeir voru sporaðir, helst alsporaðir þ.e. auka kló, helst á öllum löppum, þó var betra en ekki að þeir væru hálfsporaðir. En sporarnir voru venjulegri á afturlöppum. Þjófaljós þekkti
ég ekki, en það voru nefndar týrur þegar hundar höfðu hvítan blett í skottbroddi. Það var talað um geltna hunda, sem stóðu opnir í tíma og ótíma og svo voru eltnir hundar líka og þótti hvorugt gott, þeir stukku í

p6
skepnur og eltu þær
og gegndu ekki þó þeir væru skammaðir. Litir hunda og nöfn: Menn gerðu meira af því hér áður að nefna bæði hunda og hesta eftir lit, en eftir að þessar skepnur urðu sport og leikföng, leggja margir sig fram við að finna sem furðulegust nöfn og eru engin takmörk fyrir hvað fólki dettur í hug. Það voru nokkur nöfn hér áður, sem mjög mikið voru notuð ein og Vaskur, Vígi, Santi, Tryggur, Lappi, Bási, Kátur, Fjára og Brana, tíkur. Strútóttur hundur nefndist Strútur, hundur með hvítan hring um háls Hringur, Lappi, Týri, hundar með hvítt í rófu og Týra, tíkur. Kjói voru oft nefndir hundar með mikið hvíta hringi. Kolur, gulkolóttir hundar með svart trýni og Trýna tíkur með þeim lit. Hárafar: Ég held að ekki hafi verið mikið um að hundar væru nefndir eftir hárafari. Þó kom fyrir ef þeir voru óvenju loðnir að þeir voru nefndir Lubbi. Ég heyrði ekki talað um að hundshár væri notað og ekki heldur talað um hundasnoð.
Rödd hunda: Öll þessu orð um að hundar ýlfri, ýli, urri, bofsi, gelti, gjammi, góli, spangóli voru þekkt hér og algeng, en orðatiltækið að "sjóða grottann," hef ég ekki heyrt. Það var talað um gestagelt í hundum, þeir geltu allt öðru vísi þegar þeir voru að gelta að gestum, en þegar

p7
þeir voru að gelta
að skepnum. Ratvísi, þefskyn: Allir sem hafa verið samtíða hundum
komast við hið ótrúlega þefskyn þeirra. Það er til á prenti fjöldi af sögum
bæði af hundum og hestum, sem segir frá ratvísi þeirra og þefskyni.
Spádýr: Hér áður var það kærkominn viðburður á fámennum afskekktum sveitabæjum
að fá gesti, þess vegna tók fólk eftir öllu sem talið var að boðaði gestakomu
og það var ýmislegt. Sagt var að hundarnir væru að "bjóða gest,"
þegar þeir lágu fram á lappir sínar inni á baðstofugólfi og snéru sér til
dyra og lögðu trýnið fram á aðra hvora framlöpp, ef þeir lögðu trýnið fram
á hægri löpp, buðu þeir höfðingja, en einhverjum lægra settum ef þeir lögðu
trýnið fram á vinstri löpp, en ef þeir snéru afturenda fram að dyrum buðu
þeir óþokka. Þá spáðu kýrnar gestakomu þegar þær "hristu
úr klauf," sem kallað var þ.e. hristu annan afturfót aftur undan sér
þegar þær stóðu á básunum. Svo voru það gestaflugurnar (mölflugur)
sem vissu á gestakomu eins og gamla vísan bendir til um, höfundur er víst
ókunnur: Flugan gesta flýgur hér, falleg alla vega.
Þar á frestur enginn er, að einhver sest í kvöld hjá mér.

p8
Ég þekki enga þjóðtrú
varðandi tíkarmjólk. Lækningar: Ég kannast við málsháttinn: "kattartungan
særir, hundstungan græðir." Annan málshátt þekki ég líka: "það
er heilnæm hundstungan." Það er engin fjarlæg þjóðsaga að hundafeiti
væri notuð til lækninga og það fram á þessa öld. Mig minnir að ég heyrði
eða læsi frásögn um að Hallgrímur Jónasson kennari, landskunnur maður,
væri læknaður í hné þegar hann var barn, með því að vefja hundsnetju um
hnéð og láta það sitja þannig einhverja daga. Þá var hundafeiti borin á
mar og alls konar meiðsli og ég þekkti konur, sem vitað var að áttu alltaf
hundafeiti til alls konar lækninga. Hundsbit: "Hann verður
að hafa þetta eins og hvert annað hundsbit," var gamall málsháttur
um þá sem urðu fyrir einhverjum skakkaföllum. Á seinni árum var nú held
ég farið að telja sjálfsagt að farga hundum sem tóku upp á að bíta fólk,
en ég vissi til að klipnar væru vígtennur úr hundum sem fóru að bíta fé.
Ég heyrði að sú þjóðtrú hefði þekkst að ef hudnur biti mann ætti
að reyna að slíta af honum hár og leggja við sárið, sem þá átti að gróa
vel.

p9
Ef margir hundar
stukku saman í áflog var besta og fljótlegasta ráðið að skilja þá, að skvetta
á þá vænni gusu af köldu vatni, en færu tveir hundar saman var gjarnan
gripið sinni hendi í hnakkadrambið á hvorum hundi og þeim kastað svo langt
sem hægt var sínum í hvora áttina. Það var reyndar ekki áhættulaust því

grimmdin var svo mikil að þeir gátu bitið til skaða. Hrælykt: Það orð var ekki notað hér um vonda lykt, sem stundum kom af hundum, en hér var það nefnt útilykt. Ég man ekki eftir að ég heyrði neina skýringu á því hvernig stóð á þessari lykt sem stundum kom af hundum. Hún kom minnsta kosti ekki ævinlega af því að þeir hefðu leigið í heyjum, ég held að fólk hafi talið að hún stafaði af vissu loftslagi úti. Hundaþúfa: Ég hef aldrei heyrt nein önnur nöfn á hundaþúfum, en nú eru þær eins og margt fleira sem áður var, að hverfa úr sögunni, emð breyttum aðstæðum. Hér áður voru allar alfaraleiðir varðaðar fagurgrænum hundaþúfum, sem engri skepnu datt þó í hug að grípa sér tuggu af, þá voru allir gangandi eða ríðandi á ferð og hundar með. Ég kannast við orðtakið: "Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér." Svo er annað: "Það er sitthvað Hólastóll eða hundaþúfa." Hundur í mannaferð: Hér var sagt: " að vera eins og hundur í hverri herferð," þetta var oft sagt við krakka þegar þau vildu alls staðar fá að vera með og um þá sem trönuðu sér fram og vildu vera með í öllu. Enda er það hundaeðlið að vera í sem nánustu sambýli við manninn og helst að fylgja þeim sem þeim þykir vænt um hvert fótmál. Oft þurfti að loka hunda inni, þegar þeir einhverra hluta vegna máttu ekki elta húsbændur sína, en sumir voru svo magnaðir að rekja slóðir að þeir fóru bara hvenær sem þeim var sleppt út. Flestir lokuðu hunda inni þegar farið var til kirkju. En stundum sluppu þeir út eða var ekki hirt um að loka þá inni og kom þá fyrir að þeir gerðu messuspjöll. Það brást ekki að þeir fóru að spangóla þegar farið var að syngja, þá kom meðhjálparinn til sögunnar og fjarlægði þá, en það gátu stundum orðið vafningar við að ná þeim. Ég man þegar ég var krakki að mér fannst það góð uppbót á messuna þegar meðhjálparinn lagði af stað til að fjarlægja hunda, en þeir héldu sig gjarnan undir peysupilsum húsamæðra sinna. Bæli hunds: Víðast munu hundar hafa átt sér visst bæli, oft í bæjardyrum eða í skoti, sem oft gengu út úr göngunum. Algengt var að búa til gat á bæjarþil mátulegt fyrir hund að smjúga um og var nefnt "hundagat." oftast var lok fyrir þessu gati, það var á völtum að ofan svo þar gekk hvort sem var út eða inn, gátu þá hundarnir gengið um að vild. Margir létu hunda liggja úti á sumrin.

p11

Lágu þeir þá oft upp á bæjarþökum eða utan við baðstofuglugga, til að heyra til fólksins. Það var algengt orðtakið: "að ekki væri hundi út sigandi," um vont veður. Þetta var notað um versta veður sem gat komið, að ekki væri einu sinni hægt að lofa hundi að hlaupa út, þannig skildi ég þetta orðtak eins og það var notað hér. Hundadallar: Auðvitað áttu allir hundar sín matarílát. Ekki held ég það hafi víða verið siður að smíða eða kaupa sérstaka hundadalla, það féllust til alls konar ílát sem notuð voru handa hundum og köttum. Matarskálar sprungu eða brotnaði úr barmi, ef þær sprungu voru þær boraðar og spengdar og notaðar til einhvers. Þá voru mikið í notkun emileraðar blikkskálar og diskar. Þegar gat kom á þessar blikkskálar var

oft dregin drusla gegn um gatið svo ekki læki og hundum gefið í þessu. Annars áttu hundar til að kroppa druslurnar úr ef eitthvað gott hafði verið látið í skálina. Hundamatur: Víða var siður að lofa hundum að vera inni meðan borðað var og hrukku þá oft bitar til þeirra og sjálfsagt þótti að gefa hundum öll bein, sem þeir gátu átt við, einnig úrgang úr harðfiski, "eins og snúið roð í hund." Þegar slátrað var á haustin þótti sjálfsagt að hirða handa hundunum allt sem ekki var talinn mannamatur og setja í súr handa hundum og köttum þar sem þeir voru. Fjárhundar: Hundar, eins og allar skepnur og mannskepnan líka, voru og eru mjög

p12
misjafnir að útliti,
gáfum og kostum. Það var mikið vandaverk að "venja" hvolpa svo þeir yrðu góðir fjárhundar, en góður hundur var hér áður ómetanleg búmannseign. Móðir mín þekkti bónda þegar hún var ung, sem átti svo væna tíka ð hún sparaði honum að hafa smala, karlinn sendi hana úr slægjunum hjá sér til að smala á kvöldin, hann stjórnaði henni með bendingum og hún kom alltaf ein með allar ærnar á kvíaból. En hún þurfti að hafa mat sinn en engar refjar, hún fékk vel smurða flatköku og sjálfsagt mörk eða meira af volgri nýmjólk þegar hún kom með ærnar. Auðvitað hafa breyttir búskaparhættir haft áhrif á hundahald um allt land. Þeirra er ekki að verða þörf lengur, nema á stöku stað þar sem þarf í lengsta göngu á haustin og hef ég þá heyrt að nú fari margir hundlausir í þær göngur. Það er ekki gott að lýsa hvernig hundum var sigað, því það fóru ekki allir eins að, en þeim var mikið kennt að hlýða bendinum. Ég hef aðeins heyrt skammaryrðið "þú hefur étið folald," en hér var það ekki algengt. Oft var erfitt að venja hunda af að elta bíla, helst var að skjóta á þá hunda úr byssu úr bíl.
Hundafár: Hundapest gekk öðru hverju og mátti segja að hýn ylli búsyfjum, því oft drápust flestir hundar í heilum héruðum og þeir sem tórðu urðu að litlu gagni, náðu sér aldrei og engin lækning var til. En það mátti segja að hundlausir gátu menn þá varla verið, meðan sauðfjárbúskapur var aðallega stundaður og hvergi girðing til vörslu. Enda lögðu menn mikið á sig til að útvega sér hunda aftur.

p13
Hundahreinsun: Þegar
ég man fyrst eftir var farið að hreinsa hunda á hverju hausti. Það var ekki gert fyrr en eftir sláturtíð þegar þeir voru hætti að "ná í hráa." Hér í Hrafnagilshreppi voru tveir hundakofar, annar hjá Litla-Hóli, hinn einhvers staðar neðarlega í hreppnum. Það voru kosnir hundahreinsunarmenn og .... ekki að komast undan, þó það væri ekki eftirsótt embætti. Hundarnir urðu að koma í kofann daginn áður en átti að "gefa þeim inn."
Svo voru þeir allir baðaðir um leið og þeim var sleppt út og þeir tóku enga útúrdúra á leiðinni hver heim til sín. Þegar ég man fyrst var farið að passa að brenna alla sulli, sem koma úr fé þegar slátrað var. En áður en menn þekktu sullaveikina var ekkert hirt um sulli, þeim bara hent. Ég

vissi hvergi til að hundar væru látnir sleikja matarílátin. Hundar
í draumi: Ég man að ég heyrði fólk tala um að því væru hundar í draumi
fyrir fréttum og þá helst einhverjum slæmum fréttum. Ég heyrði konu segja
frá því að hana dreymdi þannig fyrir stríðinu að hún sá hóp af ljótum grimmum
útlendum hundum, sem hlupu snuðrandi og urrand
i milli bæja og

p14
öllum stóð stuggur
af þeim. Margir trúa að eitthvað fylgi öllum, er þá nokkuð undarlegt
þó hundar fylgi húsbændum sínum áfram þó þeir skipti um svið? Enda óteljandi
sögur um fylgjur bæði manna og dýra, sem skyggnir sjá og ekki verður hrakið.
Og hafi mannskepnan sál, hafa dýrin það líka ----- Dauði:
Þegar ég var að vaxa upp var farið að skjóta hunda og ketti og stórgripi,
en fé var rotað með helgrímu, en ég heyrði ljótar sögur um hvernig hundar
og kettir höfðu verið hengdir en stundum settir í poka og steinn með og
kastað í vatn. HUndsskinn held ég oftast hafi verið hirt og
líka kattaskinn á þeim árum var engu hent sem eitthvað var hægt að nýta.
Þegar ég var unglingur kom upp sú tískualda að nota hundsskinn á
kápukraga og í lausa loðkraga. Stúlkur voru að fá sér svarta snögghærða
hunda, ala þá vel svo belgurinn gljáði, lóga þeim svo og hafa þá um hálsinn.
Að vera eins og útspýtt hundsskinn, heyrðist oft og var notað um þá sem
voru gefnir fyrir að ferðast og vera alls staðar með, það var í svipaðri
merkingu eins og að vera "hundur í hverri herför." Maður
og hundur: Það voru glögg skil milli manns og hunds hér áður, þar hæfði
ekki að tala um munn, nef og fætur á hundi en oftar heyrði ég talað um
augu í hundum en glyrnur, aftur á móti var oftast talað um glyrnur í köttum.
Það var kjaftur trýni og lappir, bæði á hundum og köttum.

Ég kannast
ekki við að "gera hund að manni." Alltaf passað
að reka hunda fram þegar átti að fara að lesa húslestur, þeir máttu ekki
hlusta á "guðsorðið," og það var tekið til þess ef of mikið þótti
dekrað við hunda.

p15
Kveðskapur, sagnir:
Það er furðu lítið til af skáldskap um hunda miðað við það sem til er af
lausavísum og kvæðum um hesta. Var þó sagt að milli manns og hests og hunds,
héngi leyniþráður. Það eru til á prenti margar sögur um vit og tryggð hunda,
sem jafnvel björguðu lífi húsbænda sinna. Í gömlu kvæði er lýst hundstryggð,
ég man ekki nema eina vísuna: Hann er bæði trúr og tryggur,
trýnið svart og augun blá. Fram á sínar lappir liggur, líki
bóndans hjá. Vísu kann ég síðan ég var smá krakki, hún mun vera upprunnin
hér í Eyjafirði, en um höfund veit ég ekki: Heitir Valur hundur
minn hann er falur varla. Einatt smalar auminginn

upp um sali fjalla. Orð og málshættir: Flest þau orð og málshættir sem taldir eru upp s.s. "Erfitt er að kenna gömlum hundi að sitja," og "veit hundur hvað étið hefur," lifa enn í mæltu máli út um sveitir landsins, minnsta kosti hér þar sem ég þekki best til, ég kannast vel við þetta allt, reyndar býst ég við að þeim fari nú fækkandi sem taka sér þetta í munn í daglegu tali. Því miður er tungan að týna svo mörgu úr málinu sem tengist lífi fólks hér áður út á landsbyggðinni.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1912
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8461

p1
Tegundin: Algengustu
nöfnin sem ég þekki eru þessi: hundur, rakki, seppi, hvutti, helst um hvolpa, grey og héppi. Afleiddu orðin eru hundsspott, haft í niðrandi merkingu um greyskinn og greyskarn í vorkunar merkingu. Greyskömm var líka til. Hundskinn og garmskinn þekki ég ekki. Klódýr var óþekkt á mínum slóðum . Hrædýr og hrækvikindi voru stundum viðhöfð og einnig hræ. Hundakyn: Í minni æskusveit voru hundar mikið blandaðir útlendum hundum. Ég hygg að mjög fáir hafi verið af hreinu kyni. Þó var talað um íslenska hunda ef þeir voru með uppstandandi eyru og mikið hringaða rófu. Stubbhundar voru þeir kallaðir sem voru með stutta rófu eða stubba. Hundar sem voru með lafandi eyru og lítið hringaða rófu voru nefndir útlendir hundar eða af útlendu kyni. Annars held ég að fólk hafi lítið vitað um einstök hundakyn. Ekki man ég til að hundsbein hafi komið úr jörðu. Heimilishundar: Alltaf var talað um heimilishundinn eða heimilisrakkann. Hann var alltaf kenndur við heimili sitt eins og flestar aðrar skepnur. Ef hundar lögðust í flakk hétu þeir flökkuhundar. Það var almennt álit fólks að hægt væri að marka heimilisbrag af útliti hundanna. Ekki var það álitið gott heimili þar sem hundar voru horaðir og ljótir. Svo var og um aðrar skepnur einkum hesta. Ekki vissi ég til að hundar væru geltir þó þeir væru gefnir fyrir flakk. Hundar voru áður

p2
hafðir til þarfa.
Fyrir kom að hundum úr kaupstöðum var komið í sveitina. Ekki gafst það alltaf vel, stundum urðu þessir hundar til vandræða. Verð á hundum og hvolpum: Hundar eða hvolpar voru yfirleitt ekki seldir. Margir hvolpar voru aldir upp á æskuheimili mínu. Þeir voru aldrei seldir. Um eitt dæmi veit ég þó. Bóndi einn gaf fullorðinn sauð fyrir ungan vaninn hund og þótti mikið. Þetta var eftir hundafár. Hvolpar voru eins til tveggja mánaða þegar þeir voru teknir frá tíkinni, oft eldri. Hvolpar voru aldir upp á öllum

árstímum. Hundur verður til: Alltaf var talað um að tík væri lóða þegar hún gaf sig að hundum. Annað orð var ekki notað. Hundar í þessu standi voru kallaðir lóðahundar. Þegar margir hundar söfnuðust saman um eina tík sem algengt var kallaðist þetta lóðafar eða lóðarí. Ekki vissi ég til að lóðahundar væru hraktir, þó þeir væru ekki neinir auðfúsugestir. Þegar tík gekk með hvolpa var hún kölluð hvolpafull. Fæðing: Oftast var sagt að tíkin ætlaði að fara að leggja þegar hún var komin að því að fæða hvolpana. Það var algengara en að gjóta. Ekki var hirt um það að fylgjast með í hvaða röð hvolparnir fæddust. Að hvolpar fæddust sjáandi var talinn skröksaga enda kom það aldrei fyrir. Nýgotnum hvolpum var alltaf drekkt. Þeir voru látnir í poka með steini og kastað í vatn. Auðkenni: Fjáraugu þekki ég ekki. Talað var um hringspora eða alspora og einnig hálfspora. Alspora hundar áttu að verða vænir fjárhundar. Hvítir blettir yfir augunum hétu þjófsaugu.

p3

Hvítur rófubroddur

hét þjófaljós. Sumir töldu að hundar með hvíta bletti yfir augunum væru skyggnir. Ekki mynnist ég þess að neitt sérstakt væri bundið við þjófaljósið. Ég man ekki eftir neinum einkennum í sambandi við hvort hundur var geltinn eða ekki. Þá þótti frekar ókostur ef hundar voru mjög geltnir. Litir hunda og nöfn: Litir á hundum voru fjölbreyttir. Þeir voru: gráir, gulir, kolóttir, mórauðir, svartir, hvítir, gulkolóttir og fleiri litir hafa eflaust verið til. Flestir hundar voru með hvíta bletti á bringunni. Fáir voru alveg einlitir. Svo voru þrílitu hundarnir, strútóttir, svartir, gráir og móstrútóttir, botnóttir, flekkóttir og kápóttir. Oft voru nöfn dregin af lit, t.d. Strútur, Flekkur og Gulur. Svo voru líka nöfn sem dregin voru af hegðun þeirra og upplagi s.s. Kátur, Sámur, Hvatur, Vaskur, Tryggur, Busla og Lúpa. Nöfn sem dregin voru af ytra útliti: Stubbur, af stuttri rófu, Lubbi af loðnum belg, Krummi af svörtum lit. Auk þess Seppi, Kjammi, Týra, Kolur, Flekkur, Móri og mörg fleiri. Snoppóttan hund hefi ég aldrei heyrt nefndan. Hárafar: Loðnir hundar voru sagðir lubbalegir eða lubbar. Líka var talað um loðlubba ef hundar voru mikið loðnir. Ekki veit ég til að hundshár væru til nokkura nota. Hundahár oftast notað en snoð var líka til. Oftar að hundurinn væri að fara úr hárum. Líka heyrði ég sagt að hundurinn væri að ganga úr snoðinu. Rödd hunda: Öll þessi nöfn á hljóðum sem hundar gáfu frá sér kannast ég við s.s. ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla. Líka var sagt að hundar vældu, það mun

p4

merkja sama og að

ýla. Hundar ýlfruðu þegar þeir voru óánægðir. Vældu þegar þeir meiddu sig. Urruðu þegar þeir voru reiðir eða hræddir. Bofsuðu þegar þeir ráku upp eitt og eitt gelt. Geltu þegar þeir voru að reka skepnur eða gelta að gestum. Gjamma þegar þeir geltu án nokkurs tilefnis, oft þegar þeir voru orðnir

þreyttir á að gelta. Spangóluðu þegar þeir voru leiðir eða langaði í flakk. Ekki kannast ég við að orðtakið að sjóða grottann. Sjógól eða nágól þekki ég ekki heldur. Gestagelt var algengt mál og var haft um gelt hunda þegar þeir fóru að gelta að tilefnislausu að því er virtist. Var þá sagt að þeir væru að spá gestakomu. Eins var það líka haft um gelt hunda þegar þeir geltu að gestum sem voru að koma. Ekki þekki ég orðið gjárifur um geltna og hávaðasama hunda en stundum voru þeir kallaðir kjaftaskar t.d.: "Þetta er nú meiri kjaftaskurinn." Ratvísi, þefskyn: Þefvísi hunda er undra mikil eins og kunnugt er. Þeir gátu rakið spor manna og hesta, jafnvel þó þau væru ekki alveg ný. Um það eru mýmörg dæmi sem of langt mál er að segja frá. Ratvísi þeirra er líka óbrygðul, þeir voru ekki í neinum vandræðum með að rata, hvorki í þoku og myrkri, né í stórhríð. Spádýr: Ef hundurinn fór allt í einu að gelta í vissa átt var sagt að hann væri að spá gestum og myndu þeir koma úr þeirri átt að bænum. Þetta reyndist oft rétt. Gestur kom úr þeirri áttinni sem hundurinn gelti í. Ekki man ég til að talað væri um að hægt væri að marka af gelti hunda á hverjum væri von. Hundar vissu á sig veðurbreytingar eins

p5

og önnur dýr. Þeir voru krumpnir og vildu halda sig inni, undir vond veður. Mér finnst mjög trúlegt að hundar hafi séð feigð á fólki þó ég viti ekki dæmi um það. Tíkarmjólk: Ekki get ég munað eftir að neinu sérstöku í sambandi við tíkarmjólk, hvorki þjóðtrú né annað. Lækningar: Um þá hluti er ég afar fáfróð. Þennan málshátt þekki ég vel: "Kattartungan særir, hundstungan græðir." Líka þekki ég til þess að gott þótti að láta hund sleikja skeinur sem illa greru. Var þá borin feiti á skeinuna til að fá hundinn til að sleikja hana. Ég heyrði líka sagt að gott væri að nota hundafeiti til að bera á tognun og mar. Hundsbit: Grimmir hundar þóttu ekki eigandi og urðu sjaldan langlífir, sérstaklega ef þeir sýndu sig í að vilja bíta menn. Ef fyrir kom að menn yrðu fyrir hundsbiti átti að láta hundinn sem beit sleikja sárið. Það var að sjálfsögðu ekki alltaf hægt. Venjulegast var látið joð eða annað sótthreinsandi við sárið og bundið um. Hundsbit þóttu gróa seint. Ekki veit ég til að hundshár væri brennt til að bera á hundsbitið.

Þegar hundar smáurruðu svo sá í tennurnar var það nefnt að sýna tennur. Þegar þeir skelltu saman skoltunum án þess raunverulega að bíta hét það að glefsa. Ef hundur bitu svo að blæddi var það kallað að bíta. Hælbítur, sá sem beit í hala á stórgripum. Ef sá á kindum eftir hunda voru oft klipptar úr þeim vígtennur. Áflog hunda:

p6

Algengt var að hundar rykju saman með urri og hávaða án þess að vera verulega vondir. Nægði þá oftast að skamma þá eða slá til þeirra til að fá þá til að hætta. Ef þeir voru reglulega vondir gat verið erfitt að skilja þá. Ekki var óhætt að taka í hnakkadrambið á þeim, það gat orsakað bit. Helsta ráðið var því

að draga þá sundur með því að taka í rófuna á þeim og draga þá þannig sundur. Til var að nota vatn ef það var til staðar en það kom ekki alltaf að gagni.

Hrælykt: Þegar hundar voru blautir og hraktir kom af þeim sérstök lykt. Var það kölluð hrælykt. En þegar þeir voru þurrir og hreinir var bara af þeim hundalykt. Þeir hafa sína lykt eins og önnur dýr. Hundaþúfa: Þar sem hundar áttu leið um höfðu þeir þann sið að pissa utan í vissar þúfur. Þær hétu hundaþúfur. Ekki hef ég heyrt neitt annað nafn á þúfum þessum. Þetta var mjög algengt orðtak: "Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér." Var þetta oft haft um menn sem voru miklir á lofti og vildu sýnast meiri en þeir voru að annara áliti. Hundur í mannaferð: Þetta ortak: "að vera eins og hundur í hverri hofferð," var mjög algengt. Það var haft um það fólk sem alls staðar var viðstatt þar sem eitthvað var um að vera og þar sem fólk kom saman. Hundar fylgdu húsbændum sínum næstum hvert sem þeir fóru frá bæ hvort sem þeir fóru á aðra bæi eða eitthvað annað. Það var algeng sjón í sveitum hér áður

p7

fyrr að sjá þrenninguna á ferð á milli bæja. Mann, hest og hund. Reynt var að komast hjá að láta hundana fylgja sér til kirkju. Þá voru greyin lokuð inni þó þeir væru ekki alls kostar ánægðir með það. Ef margir hundar fylgdu fólki til kirkju vildu þeir vera með gelt og hávaða meðan á messu stóð. Fólki þótti leiðinlegt, þó ekki væru bein messuspjöll. Hundsbæli: Þar sem ég þekki til áttu hundar sér bæli einhvers staðar í bænum. Strigapoki eða slitur úr rúmábreiðum var haft í bælinu, til að gera það hlýrra. Ekki man ég til að neins staðar væri til sérstakur hundakofi. Hundar lágu oftast inni, nema þegar best og blíðast var á sumrin. Ekki þekkti ég til þess að hundum væri sigað út úr bæ undir nótt til að liggja úti. Orðtakið: "Ekki hundi út sigandi," held ég að eigi við að veður væri svo vont að hundar gætu ekki einu sinni rekið frá. Þar sem tún voru girt var þess ekki þörf. Hundsdallur: Víðast hvar á bæjum voru sérstök ílát sem hundunum var gefið í. Hét það hundsdallur. Ekki kannast ég við hundatrog og ekki heldur hundastein. Hundamatur: Ekki vissi ég til að hundum væri ætlaður neinn sérstakur matur. Alls konar matarúrgangur, reiður og bein var hundunum. Lungu og garnir úr slágurfé var soðið, síðan látið í súr og gefið hundunum. Grautarleifar fengu þeir líka og oftast mjólkursopa um mjaltir. Ég þekki orðtakið: "Að mæna eins og hundur á bita," en hitt þekki ég ekki: "að horfa til augna." Ekki vissi ég til að hundslap væri miðað við ákveðið magn.

p8

Smalahundur, fjárhundur:

Hvolpar voru oft vandir með eldri hundi. Það þótti líka gott að venja hvolpa við fé um sauðburðinn og þegar lömbum var smalað. Ef þeir voru frakkir héldu ærnar þeim í skefjun. Sumir hvolpar vöndu sig sjálfir. Það var eins og þeim væri í blóð vorið að fara vel að fé. Aðrir voru alltaf bjánar og

aldrei góðir fjárhundar. Fólksfækkun í sveitunum hefir eflaust
áhrif á hlutverk hunda. Það má segja að þeir séu orðnir nærri óþarfir og
allt of lítið notaðir. Einstaka menn fengu sér skoska fjárhunda. Þeir reyndust
misjafnlega. Sjálfsagt hafa menn ekki kunnað með þá að fara. Alltaf
var kallað á hunda með nafni. Þegar hundum var sigað var sagt irriðd eða
irriddann. Það var nóg að benda sumum hundum án þess að segja neitt. Frekar
var það notað þegar verið var að smala fé en hundum sigað þegar rekin voru
hross. Þegar hundi var bannað var sagt: svei þér, þeigiðu eða skammastu
þín. Stundum voru óþekkir hvolpar rassskeltir ef þeir vildu ekki hlíða.
Ég heyrði hund skammaðan með þessum orðum: "Þú hefur étið folald."
Það var furðulegt hvað hundar urðu skömmustulegir þegar þeir voru skammaðir
á þennan hátt. Lítið var um að hundum væru kenndar kúnstir.
Það þótti spilla þeim sem fjárhundum. Ekki þekki ég neitt ráð til að venja
hunda af að elta bíla og gelta að þeim. Það virtist ógerningur að venja
þá af þessum ósið ef þeir tóku upp á því á annað borð. Hundafár:
Hundafár gekk tvisvar í sveitinni í mínu mynni.

p9
Það fyrra gekk skömmu
eftir 1920. Fár þetta drap um helming hunda í sveitinni. Nokkrir lifðu
þó af þó þeir veiktust. Ekkert læknisráð var við þessum sjúkdómi að ég
best veit. Talið var að hvolpafullar tíkur fengju ekki hundafár. Síðara
fárið kom upp á síðari stríðsárunum. Þá var refarækt byrjuð í sveitinni.
Var þá útbreiðsla þess heft og mjög lítið varð úr því. Ekki veit ég um
aðra hundasjúkdóma. Hundahreinsun: Hundum var gefið inn einu sinni
á ári. Helst á haustin eftir sláturtíð. Áður fyrr vissi fókk ekki um hættuna
sem stafaði af bandorminum. Sögur gengu um fólk sem lét hundinn sleikja
askinn sinn og blés svo í kross yfir, þá var askurinn hreinn. Þessar sögur
voru orðnar að skrítlum eftir að ég man eftir. Vel var passað að hirða
alla sulli sem komu úr sláturfé. Þeir voru alltaf brenndir. Hundar
í draumi: Það boðaði gestakomu að dreyma hund eða hunda. Helst góða gesti.
Annað hef ég ekki heyrt um það. Hundar sem fylgjur: Margir töldu
að hundar fylgdu eigendum sínum eftir dauðann. Skyggnir menn sáu þá á undan
komu þeirra. Aðeins einn hund hef ég heyrt getið um sem ættarfylgju. Það
var Tindstaðatíkin, kennd við Tindstaði á Kjalarnesi. Mann hef ég þekkt
sem segist hafa séð hana. Andi og sál: Oft kom fyrir að hundar geltu
að því sem enginn sá. Var þá talið að þeir sæju eitthvað sem var ósýnilegt

p10
venjulegum mönnum.
Margar sögur eru til um þetta eins og sjá má í þjóðsögum. Enga þekki ég
þó um þetta af eigin raun. Margir töldu að hundar hefðu sál eins og menn.
Svo voru aðrir sem töldu þetta hegilju. Dauði: Þessar aðferðir heyrði
ég helst minnst á. Algengast var að hengja hunda. Líka var þeim drekkt
eða skornir á háls. Ekki veit ég um neitt örnefni sem að þessu lítur.

Hundskinn voru stundum hirt. Þau voru þurrkuð á þili eða vegg og teigð vel. Það hét að spíta skinn. Af því mun orðtakið, eins og útspýtt hundskinn, vera komið. Hundskinn voru notuð í húfur, kraga, smokka og ef til vill til fleiri hluta. Maður og hundar: Það voru glögg skil þar á milli. Alltaf var talað um trýni, kjaft, lappir og glyrnur á hundum. Annað mátti helst ekki segja. Það þótti ekki eiga við að tala um munn eða fætur á hundi. Helst mátti tala um augu. Þetta hef ég aldrei heyrt, að gera hund að manni. Ekki man ég til þess. Það þótti fallegt að vera góður við hundinn sinn og að bera umhyggju fyrir honum. Ekki man ég eftir vísum eða þulum um hunda sem ekki eru alkunnar og víða til á bókum. Margar sögur eru til um vit hunda. Á mínu æskuheimili var tík sem var mjög vitur. Hún var undarlega rösk að finna það út ef fólk ætlaði til kirkju og átti þá von á að vera lokuð inni. Ég tala nú ekki um ef hún fékk hugboð um að móðir mín ætlaði en henni fylgdi hún hvert fótmál sem hún fór út af heimilinu. Faldi hún sig þá í tæka tíð og kom

p11
ekki í ljós fyrr
en fólkið var komið nokkuð á leið. Aldrei var hægt að komast að hvernig hún vissi þetta því stundum var reynt að leika á hana. Ég hugsa helst að hún hafi skilið mannamál. Þegar til kirkju kom laumaðist hún inn í kirkjuna og lagðist undir bekkinn þar sem mamma sat og lét ekki á sér kræla. Fleiri sögur væri hægt að segja af K.., en svo hét tíkin en ég læt þessa nægja.
Orð og málshættir: Það þætti mesta skammaryrði um menn að kalla hund, hundsspott. Hundaart var líka haft í niðrandi merkingu sem var þó ekki sanngjarnt, ekki gagnvart hundunum. Hundslegur var sá sem var stuttur í spuna og vildi lítið við aðra tala. Talað var um hvolpavit í strákum þegar þeir fóru að líta á stelpur. Ekki þótti það hrós um neinn að hann lægi hundflatur fyrir öðrum. Ef menn voru reiðir eða móðgaðir út í nágranna sína var sagt að það væri í þeim hundur. Um þann sem varla heilsaði eða þakkaði fyrir sig þegar hann kom á bæi var sagt að hann kæmi eins og hundur og færi eins og hundur. Ef menn voru óánægðir með líf sitt töluðu þeir um hundalíf. Líka var talað um hunds- og kattartíð í niðrandi merkingu. Sá sem beið ósigur fyrir einhverjum eða vissi upp á sig einhverja skömm var eins og halaklipptur hundur.
Ekki þótti skemmtilegt að vera með tíkarspena. Veit hundur hvað étið hefur var haft um þann sem vissi upp á sig einhverja skömm. Að erfitt sé að kenna gömlum hundi að sitja merkti að erfitt sé að kenna

p12
þeim sem farinn er
að eldast nýja siði. Hundaklyfberi var notað sem versta skammaryrði. Hundslappadrífa var mjög stórgerð logndrífa. Hvolpaburður hét það þegar börn voru að bera ýmsa hluti og færa úr stað. Að hafa ekki hundsvit á hlutunum var haft um þá sem þóttu fara með einhverja vitleysu. Menn nota þetta líka um sjálfa sig ef þeir þykjast ekki færir um að leggja

dóm á það sem talað er um. Fleira má sjálfsagt tína til en ég læt
þetta nægja. Mér finnst ósanngjarnt að hafa þetta allt í neikvæðri merkingu.
Hundarnir eiga það ekki skilið að flest sem við þá er kennt sé til skammar.

P.S. Ég bið afsökunar á hvað dregist hefur lengi að senda þetta.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1907
Sveitarfélag: 810 Hverageröi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8405

p1
Inngangur: Já, milli
manns og hests og hunds hangir leyniþráður, sagði sá góði maður og hann vissi hvað hann sagði. Svo þó allt sé breytingum undirorpið í henni veröld og þjóðstjórnir reyni að útrýma hundinum en efla hestarækt þá mun enginn sem átt hefur góðan hund gleyma honum sem vini og félaga. Tegund: Upptalin samheiti, hundur, hvutti, garmur, grey, rakki, seppi, skinn, héppi hef ég öll heyrt nema búadeli, það hef ég aldrei heyrt og deli ekki fremur um hunda heldur en t.d. um feita menn í líkri merkingu og dólpur í dólpungur, stór, of þungur, latur. Sem sagt meir sem lýsingarorð. Hvutti og seppi voru einu orðin sem notuð voru sem ávarp í gælutón við ókunna eða gestahunda, sem þurfti að kalla á eða lokka í mat ef ekki var vitað um nafnið. Klódýr heyrði ég aðeins ketti kallaða er þeir voru að hvessa klær sínar á húsgögnum. Hrædýr voru þeir aldrei kallaðir en auðvitað vissu allir að þeir eru það ef í nauðir rekur og strangur var var tekinn fyrir að trassa að brenna sulli af ótta við að hundar kæmust í þá og vitað er að hundar grafa hráæti til öryggis ef hart yrði í búi hjá þeim. Það er þeirra eðli, fyrirhyggja og greind. Heima var oft Hjúbbi notað um nafnlausa hvolpa sem vantaði nafn frá væntanlegum eiganda.

p2
Hundakyn: Ég tel
að hundakyn hérlendis muni mjög blandað, til þess liggja tvær ástæður. Skipshundar hafa alltaf verið algengir og íslenskir sjávarbændur t.d. á skútuöldinni sóttust eftir þeim eða afkvæmum frá þeim. Því hreinræktaði íslenski hundurinn í eðli sínu er ekki veiðihundur þó hægt sé að kenna honum að elta tófur þá er hann tregur til sjósóknar og hræðist skothvelli. Hann efur skömm á veiðiskap. Það er hrein unun að sjá hann sitja dreyminn og mæna út í bláinn og þykjast ekkert sjá þegar á að senda hann eftir skotnum sjófugl. Hann átti samúð mína og aðdáun fyrir afburða leiklist og vitsmuni að beita henni. T.d. var auðséð að vel var fylgst

með þó horft væri í aðra átt því um leið og síðasta skotið reið af og skotmaður stakk byssunni niður þá stóð hinn viðutan veiðihundur og leikari upp geyspaði svo sá ofan í lungu á honum og labbaði til bæjar, bjóst sýnilega ekki við aðdáun húsbónda síns en heima beið hljóðlátur skilningur. Hundakynum ætla ég ekki að reyna að lýsa en bendi á hina miklu bók hundavinarins Watsons þess er gaf okkur dýraspítalann. Þá bók fékk Tóta tík sem Guðmundur sonur minn átti í verðlaun á hundasýningu í Eden fyrir mörgum árum síðan, sem fallegasta íslenska tíkin, man ekki hvaða ár það var en það kom mynd af henni í dagblöðum. En fallegasti íslenski hundurinn var þá á Ólafsvöllum. En ég er hrædd um að flestir þeirra afkomendur hafi verið seldir til Ameríku.
Litur þeirra var ljós, mest gulur, hringað skott en eyrun

p3
svo lifandi að þau
voru líkust talfærum, þau túlkuðu hverja hugsun og titruðu nánast meðan tekin var ákvörðun. Lundin ljúf, glöð og gáfuð. Hún yfirgaf ekki barn sem hún átti að passa og virtist skilja allt sem við hana var sagt. En hún lagði aldrei stund á veiðiskap eða sundíþróttir. Hún var angistin uppmáluð ef barn sem hún passaði fór að gráta eða óhreinkaði sig. Tárin sleikti Tóta og óhreinindi af höndum og fótum en fötin lét hún eiga sig. Ef hún sjálf kom inn hrakin og óhrein þá beið hún á mottunni eftir aðstoð og þurrkun þegar börnin voru búin að fá sína aðstoð. Heimilishundur: Á æskuheimili mínu voru alltaf þrír til fjórir heimilishundar. Afi t.d. átti tvo franska hunda sem alltaf eða oftast fylgdu honum, heima og heiman. Sá fyrri var gulbrúnn Gínó að nafni. Síðan svartan kafloðinn meðalstærð "Napoleon" að nafni, e.t.v. ekki eins gáfaður eða fjölhæfur og fyrirrennari hans en gætinn og góður svo og held að nafni hans hefði mátt ýmislegt af honum læra. Heimilishundar verða eins og einn af fjölskyldunni svo það má segja að út á við sé hann tákn heimilisins, hann kann ekki að sýnast. En það er líka auðvelt að misskilja hann, því í eðli er hann tortrygginn og grimmur. Aumingja Napoleon gat aldrei lært að líða sauðkindina og það endaði með því að honum var sýndur alblóðugur afturfótur á kind sem hann hafði bitið, svo var þar á staðnum klipinn beittasti oddur af vígtönnunum hans, eftir það beit hann enga kind en hann geispaði átakanlega

p4
ef honum var sagt
að reka kind úr túni, hann fór ekki langt en læddist inn til ömmu eða annara góðvina sem skildu viðbjóð hans á þessum skepnum. Málsháttur inn: "svo er hundur sem hann er hafður," þekki ég en af flökkuhundum höfðum við lítið að segja. Jú, einu sinni kom hundur í tíkaleit til okkar en við bundum bara dós með smásteinum sem vel glumdi í við skott hans, svo enginn tík leit við honum og þannig lagði hann á flótta heim til sín.
Verð á hundum og hvolpum: Þessari spurningu vísa ég til frásagnar

um hann Lárus ríka (hunda Lárus) eins og hann var kallaður. Ég hef þó frásögn frá síðari hluta 19. aldar man ekki hvar, en veit hún er sönn, því þessi Lárus varð síðari maður langömmu minnar í móðurætt. Sagt var að þá hefði geysað hundpest um all Austur og Norðurland. En Lárus var víst Húnvetningur og þar á ferð, festi hann kaup á öllum hvolpum sem fáanlegir voru og fékk þá flesta gefins eins og venja hefur verið hérlendis. En er hann kom til baka seldi Lárus þá að sagt er á lambsverði og fóðrun á þeim til vors. Síðan leigði hann ærnar þar til hann sjálfur fékk jarðnæði og setti saman bú. Hundur verður til: Já, lóðatík og lóðahundar voru einu orðin yfir það hundastand og þótti leitt ef báðar tíkur voru hvolpafullar í einu ef á göngum stóð vor og haust. Hjá okkur var ekki ætlast til að tíkur yfirgæfu hvolpa sína til að sinna störfum fyrstu 4-5 dagana.

p5
Fæðing: Gjóta var
eina sjálfstæða orðið er tík var að fæða hvolpa, en oft var líka sagt "hún er nú að eiga hvolpana sína blessunin." Ekki man ég til að fæddust sjáandi hvolpar og ekki fengist um ráð við fæðingu. En fæddist tvíspora hvolpur þótti það merki fjárhunds. Ekki vildi amma sem var ljósmóðir að við færum út í sólskin með hvolpana fyrr en nokkrum dögum eftir að þeir voru orðnir sjáandi og ekki einu sinni að láta olíulampaljós skína í augu þeirra. Þetta sama rakst ég svo á í hinni stóru fræðibók Watsons um meðferð hunda, "alls ekki láta sól skína í augu hvolpa fyrr en hálfs mánaðar eða eldri." En svo halda blessaðir læknarnir okkar að þeir megi skoða nýfædd börn í sterkum fluorsent ljósum, þvílíkir bjálfar. Hver er afleiðingin? Árið 1964 sat ég í prófum yfir landsprófunum, níu af sextán voru með gleraugu. Það er afleiðingin. Auðkenni: Aldrei heyrði ég talað um fjáraugu en það var mjög misjafnt hvað hvolpar fóru snemma að fylgjast af áhuga með aðferðum eldri hunda við fjárgæslu og þá talið nauðsynlegt að hafa þá sem mest í starfi með besta fjárhundi heimilisins.
Barnaleikir þóttu mér nú ekki glæða gáfur þeirra. Og víst var töluverður vandi að temja góðan fjárhund, ekkert síður en góðan veiðihund (sjóhund). Ekki batnar það er fé fækkar. Alla þessa spora hef ég ekki heyrt nefnda en oftast er bara ein kló aftan á fótunum og er þær voru tvær var sagt tvíspora og þá mátti hugsanlega sega að honum væri meira gefið en hinum,

p6
en það getur tæplega
staðið í sambandi við heilann eða hæfileika. En hver veit? Nú sama er með ljós hár í skotti, nafnið er án efa dregið af því að þjófar hampa aldrei venjulega ljósi, þó gott sé að gregða því upp ef blinda á aðra. Hundur dregur líka ljóstýruskottið, sést ekki nema þegar hann er að læðast eða þegar hann skammast sín. Týra smalatíkin mín heima var með hvít hár í skotti og dró það á eftir sér ef hún var hrædd eða leið.
Geltinn hvolpur þótti ekki vel gefinn, það var mun verra að kenna

honum fjármennsku. Honum skildist seint hvaða þýðingu það hafði að hlaupa þegjandi fyrir kindina eða hópinn og geta þá ómóður rifið sig og snúið hópnum á rétta leið. Litir hunda og nöfn: Öll nöfn sem þið nefnið þekki ég s.s. strútóttur, móstrútóttur, mórauður, flekkóttur, kápóttur en ekki snoppóttur, það hef ég ekki heyrt og oft eru nöfn dregin af lit. En þó held ég að nöfn séu mun oftar dregin af öllu mögulegu öðru, eiginleikum, atvikum, skapgerð og ekki síst mannanöfnum, því óneitanlega minna þeir eins og mörg önnur dýr á góða vini þína eða eitthvað annað t.d. í framkomu þeirra og háttalagi. T.d. Skúmur, það nafn var ekki af því hann var brúnn eins og skúmur heldur af því að allar hans hreifingar voru svo þungar og klunnalegar, ef t.d. hann ætlaði að kyssa eða sleikja ennið á yngri börnum gerði hann það svo snöggt og fast að lávið svima eða rothöggi og ef hann ætlaði að fagna og flaðra upp um okkur stærri börnin áttum við á hættu að falla um koll, þó stærðin væri ekki mikið yfir meðallag, þá voru allar hans hreyfingar

p7
svo snöggar og þungar.
Og t.d. Hrefna mín blessunin hlaut ekki nafn sitt fyrir svarta gljáandi litinn. Nei, það voru þessi fögru djúpu augu, sem alltaf minntu mig á fallega unga stúlku í næsta húsi við mig þegar ég var 6 ára á Vopnafirði. Alltaf er ég horf í augu Hrefnu minnar þá minnti hún mig á Hrefnu með fallegu augun á Vopnafirði. Hárafar: Öll þessi orð lubbi, loðlubbi lo. lubbalegur voru notuð er hundar gengu úr hárum og víst einhver fleiri, þegar úr hófi gekk útlit þeirra í háralosinu og verið var að reyna að kemba þá og strjúka af þeim, tjásurnar, truslurnar og sneplana. Rödd hunda: Öll þau nöfn sem þið nefnið eru mér kunn s.s. ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla, spangóla og fleiri eins og væla, veina, vola. Að "sjóða grottann" hef ég aldrei heyrt. En sjógól og nágól var ekki alveg sama og spangól. Það var venjulega á undan gestakomu og sat þá hundur og horfði til vegar hinn rólegasti. Sjógól virtist meira eyrðarleysi, tyllt sér niður og horft til hafs. Það virtist benda til hafáttar, sama var að segja um nágól, nema þá var oft að farið var að hvína í "Bæjartindinum," og "Egginni," sem sagt veðurhvinur til fjalla. Hundar eru afar veðurglöggir og veðurhræddir. Ég held ég verði að segja smá sögu í sambandi við þetta. Hrefna mín blessunin spangólaði aldrei og lét sig gestakomur engu skipta. En eitt kvöld skýst hún eins og píla inn í timburhúsið

p8
innst inn í horn,
undir rúm þeirra pabba og mömmu. Þetta hafði aldrei áður gerst og hundar lágu og áttu bæli frammi í torfbænum. Við reyndum að ná henni fram með kústinum en hún haggaðist ekki og gaf ekkert hljóð frá sér, talað var um að ná í hrífu. Þá tók nú pabbi af ráðin og sagði að Hrefna væri ekki að fæða af sér hvolpa og hún hlyti bara að vera svona veðurhrædd, það myndi líklega hvessa í nótt, en alveg var blæja logn um kvöldið. Um nóttina skall

yfir aftaka hvassviðri og Hrefna hreyfði sig ekki fyrr en það var alveg um garð gengið, þá læddist hún út mjög skömmustuleg. Ratvísi, þefskyn: Hundar hve heimskir sem eru rata alltaf heim. Um þefskyn er erfiðara að ákveða. Þó held ég að eina sögu muni ég sem ekki geti heyrt undir neitt annað en þefskyn. Ég sat yfir kvíánum inn á Fagradal, klukkutíma leið frá bæ. Það var alveg svarta þoka og kominn tími til að halda heim með ærnar. Ég knappset þær og tel. En mér til skelfingar sé ég að tvær ær vantar, ég hleyp inn með ánni og öll gil og lægðir í kring. Ég var miður mín, settist reið niður og grét. Að láta vanta af ánum var óhugsandi smán. Hrefna sat við hlið mér og krafsaði með framlöppinni í mig svo sleikti hún tárin af augum mér og kinn en ég grét áfram. En nú tek ég eftir því að Hrefna er horfin, ekki minnkaði gráturinn við það. Góð stund líður. Allt í einu kemur Hrefna vingast öll, sleikir mig alla í framan og hoppar upp á herðar á mér og ræður sér ekki fyrir gleði. Hún er þá þarna komin með ærnar. Eftir tíma

p9
að dæma hafa þær
verið komnar inn og upp í eitt af giljunum innar í dalnum. Hún hlýtur að hafa rakið slóð þeirra og þekkt kvíalyktina því nóg var þarna af öðru fé. Í þetta sinn gaf ég hrefnu alla mína ást og volga mjólk er heim kom. Spádýr: Ég hef getið um hæfileika hunda að spá fyrir um veður og gestakomur. En eins er um jarðhræringar, þeir eru næmari fyrir þeim. Það er eins og þeir greini þær áður en við eða mælarnir verða þeirra varir. En um feigð á ég ekki nein dæmi. Tíkarmjólk: Um tíkarmjólk veit ég ekkert, en mér finnst nú tími til kominn að háskólamenntaðir efnafræðingar fræddu okkur um það. Eitt er víst að ég hef aldrei séð hvolp sem komist hefur á spena sem ekki hefur vaxið og dafnað eins og hann væri pumpaður út, þeir vaxa svo ört. Lækningar: Þetta get ég ekkert sagt um, nema
ég held að öruggt
sé að hundstungan sé græðandi. Það reyndist hún okkur börnunum, hvort sem var á höndum eða fótum. Oft var ekki mikil heil brú í skónum að kvöldi eftir fjallgöngur allan daginn. Smalahundurinn bara sleikti allar mínar ..... og það var eins og hætti að blæða og allt greri. Annars voru öll græðismyrsl unnin úr jurtaríkinu, amma sá um það. Hundsbit: Ég held að ekki hafa hjá okkur nema Napoleon

p10
leyft sér að hælbíta
og það var með klípitöng tekið ofan af vígtönnum hans og hann hætti þeim ósið. Áflog hunda: Ef karlmenn voru viðstaddir sá ég þá taka sinn í hvorn hnakkadramb en annars var skvett á þá köldu vatni. Hrælykt: Ég hef aldrei heyrt nefnda hrælykt af hundi en auðvitað gæti það átt sér stað ef þeir kæmust í úldið hræ en ég held þeir geri það ekki nema svangir. Eða ef þeir grafa það. Hundþúfa: Ég hef aldrei heyrt annað nafn og ekki heldur þennan málshátt: "Nú þykir mér hundaþúfan vera farin

að hreykja sér." Hundur í mannaferð: Málsháttur: "Eins og hundur í hverri hofferð," var notaður um þá sem alls staðar vildu vera og mikið láta á sér bera. Í skemmtiferðum og kirkjuferðum var reynt að hafa hunda ekki með. Svo menn sátu einir að málshættinum. Bæli hunds: Ekki veit ég til að hundahús hafi yfirleitt verið á bæjum meðan voru framhús, geymslur og eldiviðarskot, þá var algengast að hundar ættu þar bæli á vel þurrum stað og þá poki eða hey til að liggja á. Þeir voru látnir liggja inni, því annars mætti búast við að þeir færu að gelta að einu eða öðru, t.d. hver að öðrum í leik og þá vekja fólk af værum blundi.

p11

Hundsdallur: Heima voru hundadallar fleiri en einn, hver átti sinn og þeir sleiktu þá svo vel að ekki hefðu þei verið þvegnir betur. Hundstrog: Þau sá ég líka, þau gat hver smíðað sem átti smá fjalrabúta og hafa sjálfsagt víða verið. Hundssteinn: Hann hef ég hvergi séð en eflaust hafa þeir verið til, t.d. á héiðabæjum þar sem lítið var um smíðavið. Ekkert úr sjó og langt að flytja úr kaupstað, en steinar allavega. Hudnsmatur: Hann var geymdur í súr og þá í sérstakri tunnu. Eins er eldaður var miðdegisverður, þá var oft stráð haframjöli eða öðru í soðið. Á sumrin þótti gott að saxa heimulanjóla í hunda og kálfamat, sagt að ungviðin yrðu gljáandi í hárabragði og þryfust vel. Já, orðtakið að "mæna eins og hundur á bita," var sagt við okkur börnin er við vorum of nærgöngul og með nefið í því sem verið var t.d. að sauma. Hundslap: Heyrði ég aldrei notað um mjólk, heldur um grauta eða súpur, sem þóttu of þunnar (of lítið útákast) eins og gamla fólkið sagði stundum. Smalahundur, fjárhundur: Það er ekki gott að greina frá því, ætli hver maður hafi ekki notað sína aðferð. Mér skilst að

p12

nú læri allir kennarar í sama kennaraskóla til að fá réttindi. En börnin segja að engir tveir kennarar kenni eins. Það er svo gott að læra hjá þessum, sem þau segja að ómögulegt sé annað en læra hjá og taka eftir hverju orði sem hann segir. Sama gildir með hvolpa, þeir verða að skilja. Mér virðist þeir verði að vera á réttu þroskastigi þegar eigandi hvolps tekur hann sem félaga, hann verður að tala mikið við hann, skýrt og fáort, sem sagt, kenna honum það mál sem með þurfti, bæði með orðum og augnaráði og best að hafa vel þjálfaðan eldri fjárhund með, láta þá ganga í hæfilegri fjarlægð til hliðar við fjárhópinn, svo hann rynni í fallegum hóp í ró og næði og enginn bofs nema ef einhver kind reyndi að taka sig út úr. Nú veit hann hvernig húsbóndi hans vill hafa hópinn sinn. Þetta er afar áríðandi áður en annað stig er tekið, að smala kindum saman í þennan hóp e.t.v. úr fjalllendi, þá koma orð og bendingar og sigað (arvd)! uppyfyrir, til hægri, til vinstri og bendingar. Ef kind stappar fæti og stendur framan í (eins og sagt er og

oft kemur fyrir), þá koma til hjálpar og með frekju að gelta og gera sig líklegan til að hlaupa snöggt á kindina, það stenst hún ekki og lömbin ekki heldur. Og afar nauðsynlegt er að hæla hundinum þegar fjallið er tæmt og hjörðin komin í hóp. Klappið hvolpinum og um fram allt horfist blíðlega í augu við hann, þá skilur hann þig bel og skiljið, þið eruð félagar og hann gregst ekki. Hundapest: Ég man aðeins eina á þessari öld. Þeir fengu

p13
hita og forðufelldu,
margir dóu e.t.v. flestir. Þeir voru grafnir. En hvolpum var drekkt í poka með steini í. Það var þröngur djúpur vogur heima, sem hét Hvolpavogur. Ég hef fyrr sagt að sullir voru brenndir. Hundahreinsun: Mér er sagt að hún sé að leggjast niður, en áður var hún dyggilega framkvæmd árlega.
Hundar í draumi: Getur verið fyrir góðu en fer þó eftir efni draumsins.
Hundur sem fylgja: Já, þeir hafa oft sést á undan komu húsbónda síns. Andi og sál: Auðvitað hafa þeir sál. Þeir hafa oft sést löngu látnir. Dauði: Þeir voru skotnir í svefni, ef þeim var ekki hugað lengra líf, t.d. sökum elli. Maður og hundur: Voru sem fóstbræður. Útspýtt hundsskinn = maður sem vildi vera sem víðast og sem stærstur. Kveðskapur og sagnir: Það eru til svo margar vísur um hunda sem ég býst við að allir kunni að ég sleppi þeim, nema þá einni frá afa. Gínó hans var þekktur fyrir margt. Framkoman var örugg - aldrei hik. Sem gestur gekk hann rakleitt

p14
til stofu með afa
og settist við hlið hans til borðs. Hann var það stór að er drukkið var eða borðað kom höfuðið upp fyrir borðbrún. Annars lagði hann hausinn á hné afa. Eitt sinn á ferðalagi varð húsbóndinn sem hét Árni svo hrifinn af Gínó að afi gerði vísuna sem raunar varð aðeins innskot í löngum ferðabrag:
Gínó upp á endann var sestur, Árna þótti hann kærkominn gestur.
Bravó, sagði hann, blessaður sértu, bestur því að vinur minn ertu. Sem skuthundur var Gínó rómarður fyrir vitsmuni. Þeir sögðu að hann teldi föllnu fuglana, þó skotið væri af 80-100 metra háum hömrum. Um leið og skotmaður stakk niður byssunni þá þaut hann af stað og færði að fótum hans hvern fugl og beið ekki þakklætis fyrr en hann hafði lagt þann síðasta að fótum skotmanns (í þetta sinn 14 fugla). Þá lagðist hann aftur bak við skotmann. Hann þurfti ekki að gægjast fram af bakkabrúninni svo viss var hann. Ég hygg að Gínó hafi sett met í sundi. Hann var eitt sinn lokaður inni því pilta þurfti í kaupstað á Vopnafjörð - þriggja tíma róður frá Fagradal. Afi réri ekki en stýrði, þrír sátu undir árum, svo þeir sáu aftur fyrir bátinn en afi ekki (aðeins fram). Er þeir höfðu róið sem svarar 11/2 km, segja piltar að það sé alltaf selur á eftir bátnum, hvort þeir eigi ekki að skjóta hann. Þeir hætta að róa og taka upp byssuna, afi lítur aftur til að sjá hvað skeður. En hrópar á þá að skjóta ekki,

en róa til baka, þetta gæti verið Gínó sloppinn

p15
út. Og svo var, en
það var komið blóð í munnvikin og hann náði sér aldrei til fulls fyrir
brjósti og var upp frá því hlíft við hlaupum og miklu sundi. Hinn
hundur afa, sem ég man eftir Napoleon (Nap, eins og hann var tíðast kallaður)
var líka franskur, en mjög ólíkur, hrafnsvartur og svo loðinn að eitt sinn
í ofsa hitatíð tók afi sig til og klippti hann, skildi eftir aðeins topp
í skottinu og var kominn fram á bóga, þá kom gestur, svo afi hætti í bili
en Nap gat þá ekki hlaupið því afturendinn var svo léttur að hann stakkst
alltaf á hausinn svo verkinu varð að ljúka er maðurinn var farinn.
En reifið var svo mjúkt að um haustið var það spunnið og prjónaðir
vettlingar úr því. Það voru mýkstu og hlýjustu vettlingar sem afi hafði
eignast. Benedikt Gíslason minntist þeirra í grein, sem ég las einhvern
tímann. Kvöld eitt að haustlagi kom afi innan af Vopnafirði.
Það var orðið koldimmt er hann steig af baki í hlaðinu heima, þó sér hann
að öðrum vettlingnum hefur hann týnt. Hann sýnir Nap hinn svarta vettlinginn
og segist hafa tínt þessum góða grip, hvort hann geti fundið hann. Nap
sest niður og horfit á beru höndina og þýtur svo af stað en afi bíður á
hlaðinu. Hann hafði farið af baki á fjallsbrún og gengið bröttustu brekkuna.
Þetta voru tveir km. En Nap brást ekki þó það tæki tíma. Hann kom með vettlinginn
og lagði við fætur afa. Hann fékk víst góðan mat og mjólkursopa er inn
kom. Tryggur hundur er traustur vinur.

p16
Gáta: Hver
er sú tík sem töltir, -töltir og víðast röltir. Geltir og
kjaftinn glennir, -glennir þó engu nennir. Gleypir allt gor
og stelur, -stelur og þýfi sitt felur. Vart mun hún tryggðir
virða, -virða hvern rétt að hirða.
Viljið þið
segja mér ráðninguna? Hringið í mig er þið hafið lesið þetta spark mitt.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1909
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8400

p1
Ég vil nú til að
byrja með, biðjast afsökunar á því hvað hefur dregist að svara eða réttara
sagt endursenda þessa spurningaskrá sem er viðvíkjandi hundum. Því miður
get ég engu svarað sem spurt er um, sem nokkru nemur, því ég hef aldrei
átt þess kost að kynnast hundinum eða háttalagi hans. Í sveit hef ég aldrei
búið eða verið og þess vegna ekki verið samhliða hundum. En
ég hef heyrt flest þau nöfn sem hundar hafa eins og t.d. Seppi, Hjeppi,
rakki, hundsspott, hvutti, grey o.s.frv. En hrædýr eða hrækvikindi hef
ég ekki heyrt sagt um hunda og ekki heldur klódýr. Nafnið Klói er til á
köttum. Þegar hundr hurfu af heimilum sínum og lögðust á flakk,
voru þeir sagðir vera í lóðaríi eða tíkarrægi og almennt var talað um að
tíkin væri að gjóta þegar að hún var að eignast hvolpana orðið að leggja,
heyrði ég aldrei. Nöfn á hundum hafa orðið til með ýmsu móti,
bæði af lit þeirra og öðrum auðkennum. Hundstryggð er alþekkt og mun nafnið
Tryggur vera dregið af því og nafnið Móri af mórauðum hundum, einnig kemur
til greina háralag hundsins, þeir sem eru mikið loðnir og lubbalegir, eru
kallaðir Lubbar o.s.frv. Öll þau orð og málshættir sem tengjast
hundum eru oft í daglegu tali heimfærðir upp á fólk t.d. er sagt að þessi
og þessi sé eins og sneyptur hundur og halaklypptur hundur og hundlegur.
Allt sem hér er spurt um, orð og málshættir þekki ég allt úr mæltu

p2
máli. Það
voru glögg skil á því hvort talað var um hund eða mann hvað líkamshluta
snerti. Það var aldrei talað um augu, nef og munn á hundi heldur trýni,
kjaft og glyrnur og lappir en ekki fætur. Lækningar: Eftir því sem
gamlar sagnir herma frá fyrri öldum voru hundarnir látnir sleikja innan
askana sem borðað var úr. Það var álitið að holl væri hundstungan en lækningarmátt
af skrokk þeirra eða líffærum hef ég aldrei heyrt neitt um, nema máltækið:
"Kattartungan særir, hundstungan græðir." Andi og sál:

Það eru margir sem vilja halda því fram að hundar hafi sál og skyggnigáfu
og finni á sér ef einhver hætta er á ferðum og því til sönnunar ætla ég
að segja frá atburði sem skeði fyrir mörgum árum norður í Þingeyjarsýslu.
Kona nokkur sagði mér þá sögu að einu sinni hefði hundurinn hennar sýnt
þau viðbrögð eins og hann væri að láta vita að eitthvað væri að, en því
miður hefði því ekki verið sinnt. En svoleiðis var að þarna var fólk á
ferð, sem ætlaði á einhvern vissan bæ, en var farið að villast og eiga
í miklum erfiðleikum, en komst svo loks við illan leik til bæja, með hjálp
þeirra sem leitaði að því. Mátti víst ekki tæpara standa að verr færi.
Þetta hefur Seppi séð og fundið á sér. Þær upplýsingar sem
ég hef fengið um hvernig hundum var lógað var drekking algengust, en á
hvern hátt það var gjört er mér algjörlega ókunnugt um.

p3
Að vera eins og útspýtt
hundskinn, er sagt um fólk sem er alstaðar og lætur sér allt koma við,
að hann eða hún sé eins og útspýtt hundskinn. Ég þekki ekki hvort
hundskinn voru nýtt, en tel þó fullvíst að einhver hafi viljað eiga skinnið
af hundinum sínum sem honum var kær. Þegar búið var að flá skinnið af dýrinu
með öllum skönkum og skæklum, var það einhvers staðar neglt upp úti á þil
og spýtt út sem kallað var og látið þorna. Hundur í mannaferð:
Ég kannast ekki við orðtakið - eins og hundur í hverri hofferð. En alla
tíð hefur það verið eðli hundsins að elta húsbændur sína, bæja á milli
og á öll mannamót og eru kirkjuferðir ekki þar undanskildar. En reynt var
að sjá til þess að þeir trufluðu ekki messuna, með því að loka þá úti,
en þó gat það komið fyrir að þeir slæddust inn í kirkjurnar, á eftir kirkjugestum
en ekki hef ég getað aflað mér upplýsinga um það hvort þeir hafi valdið
messuspjöllum. Ef fólk vildi koma í veg fyrir að þeir eltu það voru þeir
skildir eftir heima og lokaðir inni. Hundabæli og hundadallar er
mér sagt að hafi verið alþekkt. Annaðhvort hafi bæli þeirra verið inni
í bæjargöngum eða í útihúsum og einnig að hundar væru látnir liggja úti
að vori til, til þess að passa túnin fyrir ágangi gripa. En orðtakið: "Það
er ekki hundi út sigandi," það má vera að það sé til orðið í sambandi
við þessar athafnir, en þetta orðtak er líka notað í annari merkingu

p4
t.d í sambandi við
vond veður, sérstaklega úrhellis rigningar. Þá er sagt að það sé ekki hundi
út sigandi og þá er líka talað um að maður verðu hundblautur. Ég hef verið
að reyna að spyrja fólk um þetta og hitt varðandi hundinn en lítið orðið
ágengt í þeim efnum. Fáir kannast við spora á hundum, sem spurt er um,
en segja það vera einhver einkenni á afturlöppum hundsins sem séu þó ekki
á öllum hundum. Þjófaljós nefndist hvítur rófubroddur á hundi en ekki hef
ég heyrt um neina trú í sambandi við það. Ratvísi og þefskyn hunda
hefur lengi verið viðbrugðið enda haft því hlutverki að gegna að leyta
að týndu fé og fólki og sennilega mörgum manninum bjargað frá villu á vegum

úti og gert viðvart ef hætta var á ferðum, sennilega eru til margar sögum
um það, þótt ég því miður kunni enga. Mér er sagt að það hafi
verið nokkur vandi að ala upp góðan smalahund eða fjárhund. Þeir voru misjafnir
að gerð og gáfum rétt eins og við mennirnir. Hundum var sigað með
einhvers konar "irrbi" og "urri" ef hann átti að koma.
Þá var sagt: "komdu greyið," um leið og fólk klappaði á lær sér
eða hið gagnstæða að þeim var sveiað í burt með orðunum: "svei þér,
greyið mitt," og ef þeir voru ávílaðir þá var þeim sagt að skammast
sín og þá löbbuðu greyin í burtu með skottið á milli fótanna. Hundum hafa
alltaf verið kenndar ýmsar kúnstir, t.d. að setjast, heilsa, sækja ýmsa
hluti og síðast en

p5
ekki síst voru þeir
vandir á að sækja dauða fugla, sem menn voru að skjóta, ýmist á sjó fram
eða á landi. Hundsdallur og hundsmatur: Ég tel að alstaðar hafi
verið hafður hundsdallur eða sér ílát fyrir hundamatinn og í það hafi verið
safnað matarleifum sem til féllu, en þeim hafi ekki verið neinn sérstakur
skammtur ætlaður, hvorki í fljótandi eða fastri fæðu, heldur allt sem þeir
gátu lapið í sig. Ég hef heyrt orðtakið að mæna eins og hundur á eftir
hverjum bita. Ekkert vita þeir sem ég hefi spurt, um þjóðtrú varðandi tíkarmjólk
eða áhrif hennar. Nú fer að verða fátt um svör hjá mér og vona ég
að aðrir heimildarmenn sem eru mér fróðari bæti úr því sem ég get ekki
svarað, en ef mér á eftir að áskotnast meiri fróðleikur í þessum efnum,
mun ég skrifa það niður og senda það til ykkar. Að endingu biðst
ég velvirðingar á því hvað þetta er ófullkomið og illa af hendi leyst og
dregist lengi.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1914
Sveitarfélag: 340 Stykkishólmi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8358

p1
Æska mín leið á Eskifirði.
Þá var varla sá húseigandi sem ekki átti kindur og var markaskráin stærsta bók heimilisins enda náði hún yfir alla Suður Múlasýslu o.fl. Þar voru að sjálfsögðu mikið af hundum, heimilisvinir og góðir við börn. Þeir voru vandlega hreinsaðir á hverju ári og sérstakur maður sem bar ábyrgð á því.
Margar sögur gengu af hundunum og hver hélt sínum hundi fram. Eru mér minnisstæðar komur sveitabænda í kaupstaðinn og þá var mikið rætt um hundana. Voru oft ótrúlegar sögur sem þeir sögðu af ratvísi þeirra. Ég man eftir bónda úr Vöðlavík sem sagði að hann þyrfti engan áttavita ef hundurinn væri með í ferð. Þegar þeir fóru að heiman að vetri til sagði hann að hundurinn hefði skilið hvert förinni væri heitið og það stóð. Ég man að hann sagðist ekki hafa hikað við að leggja af stað í éljagangi ef ekki var þeim mun verra veður og allt gekk vel. Hundstryggðinni er viðbrugðið. Þar eru um margar sögur sem lifa. Húsbónda sínum fylgdi hundurinn hvert sem hann fór. Ég man eftir einu atviki. Það var maður úr sveit sem réri á bát frá mínu heimili. Hann fylgdi alltaf þeirri venju að taka hundinn með sér. Svo töluðust þeir eitthvað saman þegar leystar voru festar og hundurinn fór upp bryggjuna, en var kominn svo næsta dag til að heilsa upp á húsbónda sinn. Ég man grimman hund sem varði húsbónda sinn ef á hann var ráðist. Ég man eftir drykkfelldum bónda sem átti hund og ég veit að oft bjargaði hann húsbónda sínum með því að láta vita hvar hann var niður kominn. Um nótt átti hann til að banka á glugga þar sem sofið var og þá vissu menn að eitthvað var á seiði. Um tryggð hundsins sagði afi að ef mennirnir væru eins tryggir mætti margt betur fara í heiminum. Hundurinn bregst ekki, sagði afi og mat tryggð hans mikils og ekki dró amma úr því.

p2
Tegundin: Ég man eftir þessum samheitum um hunda, hvutti, deli, búadeli, grey, garmur, rakki,

seppi, skinn, héppi, einnig man ég eftir manni sem kallaði alltaf hundinn sinn fóstra, en aldrei heyrði ég minnst á hund sem klódýr. Það var notað um ketti. Hundsspott og hundsskinn heyrði ég nefnt, einnig heyrði ég talað um hund ræfilinn og garmurinn og var það hjá eldri mönnum. Hundakyn: Það var á tungu manna í mínu ungdæmi og sérstaklega hvaðan þetta kyn og kyn væri. Man eftir að hundar voru sóttir eða hvolpar í aðrar sýslur ef kynið var gott eins og einn sagði og hældi sér mjög af ferð til framandi staða í þeim tilgangi að ná í hvolp. Menn fóru norður í land í kaupavinnu og komu þá með hvolp til baka. Heimilishundur var á hverju sveitaheimili og jafnvel tveir og þrír, en í kaupstúnum voru færri. Ekki man ég annað en þessir heimilishundar hafi verið eðlilegir í viðskiptum við aðra hunda. Fóru í flakk til að svala sínum fýsnum. Ég man líka eftir tík sem var heima og átti vingott við ýmsa nágranna sína og svo komu hvolparnir á sínum tíma. Þótt hundur hyrfi í bili var því ekki skeytt, menn vissu að hann kom aftur. Áður var alltaf talað um þarfahunda en nú eru þeir aðeins hér sem gæludýr og kanski of mikið af þeim. Verð á hundum og hvolpum: Ég man aldrei til þess að hundar eða hvolpar væru seldir heldur alltaf gefnir og það þótti gott að geta gefið hvolpa svo ekki þyrfti að drekkja þeim. En það var alltaf gert ef margir voru og aðeins einum gefið líf. Hvað gerist nú er mér ekki kunnugt en þó held ég að hér í Hólminum sé maður sem ræktar hunda og hefir markað fyrir sölu á þeim.

p3
Hundur verður til:
Lóðatík var alltaf nafnið um tík sem var tilbúin en ekki man ég eftir að hundurinn væri afgreiddur með slíku. Þó heyrði ég talað um hunda á lóðaríi. Ég heyrði um tík sem alltaf vissi á sig veðrið þegar hundur var í nánd. Þá hvarf hún og oft var rekist á hana með hundi á bak við kletta þar sem ástarleikir fóru fram. Hafði hún einu sinni verið ferlega ónáðuð í þeim stellingum er hún var föst við hundinn og þá ekki tekið á mjúkum höndum og vildi ábyggilega ekki eiga þetta oftar á hættu. Man hana jafnvel ofan í gamalli mógröf í þessum látum. Hvolparnir komu svo á sínum tíma. Ekki minnist ég þess að illa væri farið með hunda á þessum tíma. Þó man ég eftir að járnbútur var festur í skottið á einum til að fjarlægja hann. Man líka að tík var lokuð inni þegar svona stóð á. Þetta var í sveitinni þegar ég var þar, (á Mýrum í Hornafirði). Fæðing: Það var alltaf talað um að tíkin væri að gjóta þegar hvolparnir voru á ferðinni. Fæðingin tók misjafnlega langan tíma og mér virtist fara eftir hve margir hvolpar fæddust. Þegar fæðingu var lokið var af húsráðendum bæði móður og afkvæmum færð næring sem var aðallega mjólk fyrstu dagana. Eftir viku eða hálfan mánuð var einn hvolpur valinn úr til lífs. Hinum var drekkt. Settir í poka og steinn með og sökkt í sjó út. Auðkenni: Ég man eftir að sagt var: Þetta verður góður fjárhundur. Hann ber öll einkenni þess, en hvað átt var við með því var ekki útskýrt. Þegar tveir eða þrír höfðu borið sig saman og urðu sammála fékk hvolpurinn að lifa. Oft fannst mér sárt að sjá þessum litlu krílum sökkt og vildi ekki vera við þá athöfn. Ég man eftir alla vega blettum

á hvolpum en hvort þeir voru álitnir hafa eitthvað gagn að gera man ég ekki. Nöfn og litur: Ég man eftir flekkóttum hundum, brúnum og svörtum, mórauðum o.s.frv.

p4
Liturinn hafði oft
sitt að segja við nafngift. T.d. man ég eftir Surtur, sem var nokkuð algengt. Tappi, Frakkur, Hnjóti, Blesi. Svo var skírt eftir þjóðhöfðingjum. Man eftir Napóleon, Neró, Plató o.fl. o.fl. Þá var líka tekið eftir hvort hvolpar voru líflegir og einum man ég eftir sem Kappi var kallaður og Spíttari, Fótfrár, einnig tík sem hét Glenna, Grotta, Glóeyg, Harpa, Harka, Glóa, ég man einnig eftir einni sem kölluð var Svartasót o.s.frv. Hárafar: Ég man eftir lubbalegum, kindarlegur, niðurlút þ.e. minna var af hárum á maga en vanalega. Ekki man ég eftir að hundshár væru til nokkurs notuð, jafnvel ekki þegar þeir gengu úr hárum. Rödd hunda: Ég man ekki til þess að því væri veitt eftirtekt nema þegar hundar voru rámir, en margir höfðu ráma rödd og bassarödd en það þótti ekki mikið til þess koma. Skærar raddir voru taldar til tekna. Nágól var talað um þegar sársauki var í röddinni. Sumir töldu það vita á verra veður. Spangól hunda töldu sumir verða fyrir einhverju erfiðu og sérstaklega þegar sláttur stóð yfir. Ratvísi.
Um það eru margar sögur og man ég eftir því að gamlir menn sem ég kynntist sögðu um það sínar sögur sem enginn gat rengt. Hundar voru þeirra áttavitar. Spádýr: Eirðarleysi hunda sagði oft til um gestakomur. Ég man eftir að þegar hundur færði sig stað úr stað var sagt að nú kæmi gestur og var það oft rétt. Tíkarmjólk: Man ekki eftir að ég heyrði talað um eitthvað í sambandi við hana. Lækningar: Margir höfðu ótrú á að láta hunda sleikja sár sín og töldu að á tungunni væru græðandi blettir og varð að trú sinni. Hrein er hundstungan og hún græðir sár.

p5
Ég man eftir manni
sem sagði að feiti af hundum væri gott meðal en við hlógum að því. Hundsbit: Þau voru talin hættuleg ef hundurinn var í þeim ham, reiður og úrillur og þau gátu verið stór og sumir sögðu banvæn ef ekki væru þegar gerðar ráðstafanir. Ég heyrði talað um að fjarlægja vígtennur hunda en sá aldrei gert. Yfirleitt sýndu hundar ekki tennurnar fyrr en þeim hafði verið stór misgert. Áflog hunda: Áflog hunda frá sitt hvorum bæ voru algeng. Meðan þau voru svona vinaleg var ekkert um þetta hirt, en gamanið gat kárnað og þá var hastað á þá og ef það dugði ekki var þeim hent í sundur og jafnvel þurfti að loka annan inni. Hrælykt: Heyrði aldrei um það talað. Hundar voru skotnir þegar þeir höfðu lokið sínu ætlunarverki og jarðaðir og síðan ekki söguna meir. Hundaþúfa: Þær voru margar bæði með réttu og röngu. Litlar þúfur með grænum kolli voru alltaf nefndar hundaþúfur í mínu ungdæmi. Hundur í mannaferð: Hundar fylgdu manninum vel hvert sem hann fór. Ef maðurinn vildi ekki hafa hann með varð að loka hann inni þar til öruggt var talið að maðurinn væri kominn nógu langt en

þó fór stundum svo að hundurinn fann slóðina og þá var ekki að sökum að spyrja. Bæli hunds: Þeir áttu alltaf sérstakt skot skammt frá útidyrum, enda þuftu þeir að fylgjast með komu manna á bæ. Ekki man ég eftir að hundum væri sigað út. Heyrði sögu af því að hundur braust út í byl og hvarf um tíma, kom og flaðraði upp við húsbóndann og vildi hann með sér. Kom síðar í ljós að þarna var maður á ferð og að þrotum kominn. Hundar voru alltaf notaðir til að reka úr túnum og þurfti ekki að minna suma á það. Hundsdallur var á hverjum bæ. Vanalega skál emileruð eða trébytna.

p6
Hundstrogi eða hundasteini
man ég ekki eftir. Hundsmatur: Hann var oftast nær leyfar manna, en þó kom fyrir að eldar var handa hundi þegar hann kom úr svaðilsförum. Stundum fékk hann ósoðinn fisk og hrært rúgmjöl. Af kjöti fékk hann að naga bein og er það í gegnum tíðina og margir hafa sagt sögur og kveðið ljóð um. Ég man vel eftir: Að mæna eins og hundur eftir bita. Smala- og fjárhundur: Um það hafa margar drápur verið ortar. Góðir smalahundar og fjárhundar voru aðall hvers sveitaheimilis. Hundur rak fé af natni. Gat þá stundum orðið heitt í hamsi ef féð var óþægt. Ég man eftir hundum sem bitu kindur og jafnvel unglömb og oft varð að slátra þeim eftir það. Hundsbit voru illa séð og kæmi það fyrir fot að hundur réðist á lömb varð það hans bani. Man ég einn slíkan hund þegar ég var á Mýrum. Stóðum við hann að þessu. Hundar eltu bíla og man ég ekki annað en þeir hafi gert það óáreittir. Hundafár: Heyrði talað um það en aldrei varð vitni að því, en það var mjög vont og menn töluðu um það sem plágu. Hundahreinsun fór fram árlega þar sem ég vissi til. Var þetta gert af mikilli árverkni. Vitað að hundar sleiktu matarílát og heyrði ég aldrei að það hefði komið að sök. Man ég gamalt fólk sem hafði mikla trú á hreinni hundstungu. Heyrði talað um sullaveika hunda en þeim var lógað og allt gert til að þetta hefði ekki alvarlegar afleiðingar. Hundar í draumi: Ég man eftir manni sem hafði trú á draumum. Hann sagði að ef hann dreymdi hund í góðu skapi væri það boði góðs vors. Ef hann væri hlaupandi í hringi boðaði það góðan heyskap eða veiði. Ef hann sýndi tennur ætti maður vona á einhverju ekki góðu frá nágranna eða svo og ýmislegt annað kom hann með. Hundar sem fylgjur: Það fór ekki milli mála að menn áttu sér dauða hunda að fylgju og sáu menn þá á undan komu þeirra. Þetta var algeng trú í æsku minni.

p7
Andi og sál: Það
er alveg rétt að hunda hafa skyggnigáfu og maður gat lært af hundi. Sögðu menn að ef hann lægi fram á lappir sínar og horfði upp í loftið væri hann að spá manni gæfu. Hundar hafa sál. Því var trúað. Tóku eftir tali manna og ég man hund sem hvarf af því að talað var um að hann væri ekki nema til að skjóta hann. Dauði: Hundum var alltaf drekkt var mér sagt áður en byssan kom en hún var komin löngu áður en ég man eftir og eins

og áður segir voru hundar grafnir og með viðhöfn eftir því hvað þeir voru húsbændum sínum kærir. Ekki man ég eftir að hundsskinn hafi verið nýtt, en þó var sagt eins og útspýtt hundskinn um þá sem voru alltaf á ferðinni fyrir þennan og hinn. Maður og hundur: Það var tryggðin sú mesta sem um getur og því innilegri sem hún var þeim mun græddi maðurinn á því. Hundskjaftur var talað um ef maður var óorðvar. Hundstrýni heyrði ég um. Margir dekruðu meira við hund en hest, því man ég eftir.

Vísa um hund:
Hundur mesta hefir
tryggð
hundur ætíð fylgir
mér.

Hundur enga hýsir
lygð

hundur af öllum dýrum
ber.

Orð og málhættir:
Þetta hef ég heyrt: Að liggja hundflatur. Að koma eins og hundur og fara eins og hundur. Hittast eins og hundar á tófugreni. Að vera eins og halasneyptur hundur. Tíkarspenar. Veit hundur hvað étið hefur. Erfitt er að kenna gömlum hundi að sitja. Hundaklyfberi. Hundslappadrífa. Nógu gott í hundskjaft heyrði ég í æsku talað um ef maður fúlaði við mat sínum.
Ekki meira að sinni. Kærar kveðjur.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1908
Sveitarfélag: 541 Blönduósi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8538

p1
Hundurinn.
Tegundin: Samheiti um hunda eru alveg óteljandi. Þessi dýr hafa svo mikið saman við mannin að sælda og eru honum svo kær, að alltaf eru að myndast ýmis konar gælunöfn bæði á einstaka hunda og líka samheiti. Eitthvað af þeim algengustu get ég talið: Rakki (virðulegt nafn), hundur, héppi, grey, garmur, hundsspott, hundsskinn, hundtík, seppi, hvolpur og svo nöfn á einstökum hundum, svo sem Serkó, Sámur, Týri, Mosi, Mosa, Lappi, Spori, Flekkur, (þér ferst ekki Flekkur, að gelta), Tryggur, Snati, Kolur, Krummi, Kjammi, Neró, Kómes, Týra, Trína, Hvítingur, Vaskur, Valur, Kópur og ýmsum nöfnum annara dýra og jafnvel manna. Gömul hundsnafna-vísa: Snati, Kolur, Vaskur, Víji, Vindill, Brúsi, Bliki, Kátur, Hringur, Hosi, Haukur, Lubbi, Kampur, Mosi. Hundakyn: Íslenski hundurinn var með fremur lítil uppstandandi ayru og hringað skott, ekki loðinn, en samt ekki mjög snöggur, ekki mjög stór og gat verið með ýmsum litum, held ég: Gulur, svartur, mórauður, flekkóttur, strútóttur, kolóttur og hvítur. Tæpast finnst hreinræktaður íslenskur hundur framar hér á landi og sennilega lítið um hreinræktaða hunda af öðrum kynjum. Stundum sér maður flekkótta hunda, stóra eins og stálpaða kálfa, sem sagðir eru skoskir. Íslenski hundurinn, eða hundar skyldir honum, eru gefnir fyrir að gelta og reka fé. Það er vandi að venja hunda, það má ekki öskra á þá og ekki nota mörg orð. Samt þarf að tala við þá líkt og menn, þeir skilja orð, líta æfinlega upp ef verið er að tala um þá, eða nefna nafn þeirra eða húsbónda þeirra. Þeir eiga auðvelt með að láta tilfinningar

p2
sínar í ljósi við
þá sem þeir treysta. Upplag hunda er misjafnt eins og manna, þó er sennilega ekkert dýr til (nema kannski einhver eiginkonuvesalingur eða fylgikona) sem hefir slíka tryggð til að bera og sáttfýsi. Heimilishundur:
Heimilishundar í sveit litu (gera það kannski enn) þó nokkuð stórt á sig

og voru vitandi um skyldur sínar. Þegar þeir höfðu ekkert að gera lágu
þeir gjarna uppi á húsaþökum, sem bar hátt, til að fylgjast með mannaferðum
eða því sem gerðist í sjónmáli þeirra. Ef þeir sáu til gesta, sem oft bar
við áður en símí var lagður um sveitir, þá hófu þeir að gelta með dálítið
sérstöku hljóði, alls ekki æstu eða grimmilegu, sem kallað var gestahljóð.
Eins var það ef hundar voru vanir að verja tún, þá fóru þeir að gleta,
ef þeir sáu hross eða fé koma í túnið, en það var æstara gelt. Hundar
höfðu, og hafa eflaust enn, ákaflega gaman af að gerðast með húsbónda sínum.
Ef þeir voru lokaðir inni þá fóru þeir að spangóla. Þeir settust á rassinn,
teygðu upp trýnið og sungu sorgarlag og þar var mikið um ó. Eiginlega er
spangól eintóm ó borið fram í fleiri tóntegundum og misjafnlega langdregið.
Það er ekki ljótur söngur og minnir dálítið á jóðl. Sumir
hundar eru ratvísir, þó kemur fyrir að hundar rata ekki heim og lenda á
flækingi og þá eru þeir illa komnir, því félaga- og húsbóndalausir geta
hundar ekki lifað og verða þá jafnvel grimmir og til vandræða. Einnig lenda
hundar oft á flakki í sambandi við lóðafar, en þeir fara heim í milli,
enda allstaðar illa séðir nema heima hjá sér.

p3
Ef tík verður lóða
er engu líkara en öllum hundum í nágrenninu sé skrifað til. Nú eru sumir
farnir að hafa dálitla stjórn á hundum og loka tíkur sínar inni, þegar
svona stendur á. Einu sinni meðan hundar voru látnir frjálsir á þessu sviði
skeði það, að merk og ágæt kona skrapp í kaupstaðinn með bónda á næsta
bæ, sem átti jeppa. Þegar í kaupstaðinn kemur og hún stígur út úr bílnum
í mesta sakleysi, þá mætir hún heimilistíkinni sinni mjög vinalegri, en
henni fylgdu 12 hundar, sem höfðu slegist í förina. Þessi hersing fylgdi
konunni hvað sem hún hreifði sig milli húsa og búða þennan dag.
Ýmsar sögur þekkjast um það, hvernig hundar haga sér í svona tilfellum
í því skini að ganga í augum á tíkinni og koma sér vel við eigenda hennar,
einnig hvaða brögðum þeir beita hver við annan. Til er að hundar
séu vanaðir, svo þeir tolli heima, en það er fátítt. Að sjálfsögðu var
og er hundur tákn heimilisins bæði ástand hans og háttalag, því oft svipar
hundinum til húsbóndas, að svo miklu leyti, sem dýr getur líkst manni.
Sagt er að Baldvin Halldórsson, á sinni tíð þekktur hagyrðingur,
hafi ort þessa vísu um hundinn sinn: Best mér skín á baki þínu vinur,

í ótal myndum uppmálað,

eðallyndi konunnar. Ekki
þekki ég dæmi þess, að kaupstaðafólk sendi eyðilagða hunda sína upp í sveit
til uppeldis. Það er ekki hægt að hafa skaðlega hunda við skepnur, og í
sveit eru líka börn og meira að segja stundum börn sem kaupstaðurinn er
búinn að skaða. Ég kannast ekki við málsháttinn: "Svo
er hundur sem hann er hafður". Réttara er: "Fjórðungi bregður
til fósturs", því sérhvert hundakyn hefir sitt sérstaka eðli, sem

með lagi er hægt að temja að einhverju leyti en ekki nema brott.

p4
Þótt við sé brugðið
tryggð hunda og fylgispekt þá eru flestir þeirra tortryggir við ókunnuga
og spéhræddir og líka frábitnir því, að ókunnugir snerti þá eða kjassi.
Kaupstaðabörn halda að óhætt sé að káfa á hundum og leika sér að þeim,
en slíkt er mjög varhugavert. Það er annað en með kettina, sem aldrei rífa
lítil börn, en reyna bara að flýja ef illa er farið með þá. Verð
á hundum og hvolpum: Ekki hefi ég vitað hunda eða hvolpa selda. Í seinni
tíð hefi ég samt heyrt um það, að vissir menn væru að ala upp einhver sérstök
hundakyn og seldu hvolpana. Ekki veit ég um verð. Áður fyrr var það svo,
þegar tíkur gutu, að eigendurnir hlífðust við að deyða alla hvolpana, því
þá verður sorg mæðranna svo skelfileg og litlu skepnurnar eru auk þess
ótrúlega fallegar. Þegar hvolparnir eru orðnir stálpaðir og farnir að bjarga
sér sjálfir, voru þeir bara gefnir einhverjum sem vantaði hvolp.
Fæðing: Það var sagt að tíkin væri hvolpafull og gyti. Gömul vísa:
Kötturinn níu, tíkin tíu, tuttugu ærin, fjörtíu konan og kýrin,
kapallinn dregur lengstan vírinn. Kýrin gengur með 41 viku.
Tíkur eru ákaflega viljugar og þægar og það kemur fyrir að þær gjóta
fyrsta hvolpinum í smalamennsku eða fjarri heimkyni sínu. Þá grípa þær
afkvæmið í kjaftinn og æða heim, ansa engum köllum, en fleygja sér niður
og halda áfram að gjóta. Einu sinni tókst svo illa til, að
tík gaut í göngum á Kúluheiði. Það var fyrir aldamótin 1900. Þá voru ekki
önnur ráð en farga öllu saman og um þetta

p5
var gerður bragur.
Fremur var hann hráslagalegur og kannski að vonum. Lítið man ég úr honum
enda meir en mannsaldur síðan ég nam.
Einu sinni átti ég
tík,
ofur spræk var hún
á velli.
Nú er hún sem liðið
lík
og liggur undir Kúlufelli.

Til að bana tíkonum,

tók hann Björn á
kröftonum,
þolgóður í þrautonum,

Þorgrímur hélt fótonum.

Aldrei hef ég vitað
að hvolpar fæddust sjáandi eða því væri veitt eftirtekt hvernig þeir lægju
á spena. Það er kostur á hundum að þeir séu geltnir. Hvítur rófubroddur
var kallaður tíra. Ekki er regla að hundar séu nefndir eftir lit.
Rödd hunda: Í kaflanum um heimilishunda gerði ég grein fyrir gestahljóði
og spangóli, en að sjálfsögðu gefa þeir frá sér mörg fleiri hljóð. Þeir
urra stundum lágt, stundum hátt og grimmilega, ef þeir meiða sig ýlfra
þeir og líka ef þeir eru óþreyjufullir. Ef eitthvað óvænt kemur fyrir þá
reka þeir upp bofs (stundum). Ef skepna, sem þeir ætla að reka fer ekki,
þá standa þeir fyrir henni og gjamma. Hundar geta tjáð sig vel bæði með
ýmsum hljóðum og líkamlegum tilburðum, augnaráði og andlitssvip. Hundsaugum
er viðbrugðið fyrir hvað þau eru talandi. Ratvísi, þefskyn: Það
er eins með hunda eins og menn og aðrar skepnur, þeir eru misjafnlega skynsamir
og að sjálfsögðu líka hafa ólíkt lundarfar. Sumir hundar eru sérlega ratvísir,
oftast eru þeir þá nokkuð fullorðnir og lífreyndir. Allt frá því að sögur
hófust hafa

p6
hundar bjargað mönnum
með ratvísi sinni. Í seinni tíð hefir lítið reynt á slíkt sökum breyttra
lífshátta. Meðan fé var rekið í kaupstað til slátrunar, en ekki flutt með
bílum, þá kom fyrir að hundar flæktust frá húsbændum sínum og rötuðu ekki
heim, einkum ef það voru fávísir hvolpar. Gamlir hundar lágu hjá reiðskapnum.
Alkunna er þefskyn hunda og kemur það sér vel, ekki síður í nútíð en fortíð.
Samt er eins og þessi hæfileiki dofni hjá dýrunum ef ekki er þörf fyrir
að nota hann. Í gamla daga voru Sankti-Bernharðs hundar frægir fyrir að
grafa menn úr snjó. Eftir stórhríðar voru þeir sendir, með litla matartösku
um hálsinn, út í fönnina að leita í fjallaskarðinu og þeir björguðu mörgum
mannslífum. Um þetta las ég í landafræði, sem kennd var í barnæsku, þegar
ég var barn, að mig minnir. Ýmsar sögur eru til um þetta og margar á prenti.
Spádýr: Helst held ég, að hundar hafi spáð fyrir gestakomu þannig,
að þeir settust niður og störðu í þá átt sem gesturinn svo kom úr. Eins
kom það fyrir, að hundar geltu og hömuðust í því, sem enginn sá þó hvað
var. Gjarnan var þá haldið, að fylgjan væri ekki góð, eða það sem hundurinn
sá. Ekki hefi ég heyrt sérstakar sögur um það, að hundar spái um veður,
en yfirleitt virðast dýr vita fyrir ef vont veður eða hríð er í aðsigi.
Ég hefi ekki heyrt nágól til hunda, En orðið er algengt, svo það hefir
við eitthvað að styðjast. Hundar vita vel um dauðann og raunar öll tamin
dýr, það má ekki tala um förgun þeirra, svo þau heyri. Þó er hitt verra,

p7
að hundar og kettir
virðast skynja jafnvel úr fjarlægð, ef hugsað er til að farga þeim. Þeir

fela sig, og ef þeir sjá byssu vita þeir að nú á að farga einhverju dýri og þá verða þeir hræddir og æða jafnvel inn undir eldhúsborð, þótt þeir annars komi aldrei inn í eldhús. En þess ber að geta, að hundar eru ekki allir eins. Ekki hefi ég verið vitni að því að hundur finni feigð á manni, en einu sinni kom ég á bæ, þar sem bóndinn var nýlega látinn, það átti að fara að kistuleggja hann. Í ganginum gekk ég framhjá heimilishundinum, sem aldrei hafði skipt sér af mér fyrr, en nú leit hann á mig og sýndi tennur. Ekki leyndi sér að hann var á verði og í æstu skapi. Tíkarmjólk: Ég veit ekkert um tíkarmjólk nema tíkur hafa sex spena og mjólka talsvert fyrst og þurfa mikla mjólk að lepja meðan þær hafa hvolpa á spena. Nýlega var sýnd í sjónvarpi tík, sem lamb eða lömb höfðu verið vanin undir og hún leyfði þeim að sjúga sig og sýndi þeim móðurlega blíðu. Lækningar: Heyrt hefi ég málsháttinn: "Kattartungan særir, en hundstungan græðir", en hitt er vitað, að hann er ekki sannur, því hundsbit er hættulegt og kjaftur hundsins hlýtur að vera með sýkla. Sennilega er þessi trú komin til af því, að hundar sleikja sár sín og virðast halda þeim hreinum og þau gróa, hvernig sem því er nú annars varið. Aldrei hefi ég heyrt líffæri hunda sett í

p8
samband við lækningar,
eða neitt slíkt. Nú er alveg hætt að tala um sullaveikina, en í gamla daga fórst fjöldi manna af sullaveiki. Á fyrri hluta aldarinnar var börnum bannað að snerta hunda eða láta þá sleikja sig. Hundsbit: Hundsbit er óhapp, sem ekki verður aftur tekið, hvort sem orðið er notað í eiginlegri merkingu eða óeiginlegri. Búið var þannig um hundsbit, að fyrst var sárið þvegið úr soðnu vatni, síðan var joð eða áður en það þekktist kreolín (lýsol) borið á götin. Alltaf var reynt að láta blæða fyrst. Síðast var bundið um með soðinni léreftsræmu eða gasbindi, eftir að þau komu á markað og fest með heftiplástri, en þar áður var grisjan bundin eða saumuð föst. Engar kerlingabækur hefi ég heyrt í sambandi við hundahár. Til var það að vígtennur væru dregnar úr grimmum hundum, en fátítt var það. Hund þekkti ég sem var bæði duglegur og ákaflega tryggur, en sá var ljóður á ráði hans, að hann var afbrýðissamur við hesta húsbónda síns, og hafði það til, þegar húsbóndi hans var aðeins kominn í hnakkinn, þá glefsaði hundurinn í afturfót hestsins, sem rauk að sjálfsögðu á æðisgenginn sprett. Álfog hunda: Algengt var að hundar flygjust á. Þeir voru misjafnlega herskáir. Áflogin komu af svipuðum ástæðum og missætti hjá mönnum. Sumir hundar vildu vera húsbændur hinna og höfðu lag á að sína þeim fyrirlitningu, sem þeir vildu kúga, og svo voru það ástamálin,

p9
sem komu við sögu
og einnig maturinn. Best var að skvetta köldu vatni á hundana. Hrælykt: Ef hundar lágu í hræum kom að þeim hrælykt, hundar eru alveg æstir í hrátt ket og jafnvel æstari ef farið er að slá í það. Ég hefi heyrt haft eftir

lækni, að hundar þurfi að hafa smávegis af úldnu keti til að halda heilsu, en það er ekki á boðstólnum nema ef þeir finna hræ. Svo er stundum útilykt af hundum. Hún er ekki mjög vond. Heyrt hefi ég, að útilykt sé af japönskum verkamönnum. Ekki er þetta samt sama lykt og er af þvotti, sem hefir þornað úti á snúru, hún er mjög góð. Hundaþúfa: Ég kannast við orðtakið: "Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér". Og líka vísu eftir Steingrím Thorsteinsson: Hundaþúfan hreykti kamb hún var nóg með þurradramb, skamma tók hún hefðar fjall, hafðu skömm þú ljóti kall. Fjallið þagði, það ég skil, það viss'ei að hún var til. Sem barn var undirrituð hrædd við hundaþúfur, því þær voru kamrar hundanna. Nú eru þær úr sögunni, annað hvort að því að víðast er búið að slétta, eða reglusemi hjá hundum er aflögð. Hundar í mannaferð: Áður gat ég þess, að hundar voru afar glaðir að ferðast með húsbændum sínum og fengu það venjulega, jafnvel þótt farið væri til kirkju, en aldrei fékk hundur að koma inn í kirkjuna. Heyrt hefi ég að það hafi komið fyrir, en ég held að það hafi verið í skáldsögu.

p10

Bæli hunds: Sumstaðar var sérstakt bæli útbúið fyrir hunda, en þeir völdu sér gjarna sjálfir samastað í gömlu bæjunum og þá í skoti við tröppur, í hlóðaeldhúsi eða nálægt bæjardyrum, því þeir vildu alfarið fylgjast með mannaferðum. Lítið var um hundahús hér á landi, og sumstaðar sváfu þeir úti á sumrum, ef ekki var hætt við, að þeir færu á flakk. Sumir höfðu þann sið, að siga hundum út seint að kveldinu, kalla síðan á þá að vörmu spori. Þetta var gert til að þeir "léttu á sér", fyrir nóttina. Ef veður var þannig að hundar voru alveg inni, var þeim stöku sinnum sigað út eða þeir vildu fara út, og þannig hefir orðtakið orðið til sennilega: "Ekki er hundi út sigandi". Hundsdallur: Að sjálfsögðu var sérstakur hundadallur á bæjum, sumstaðar var trédallur, annars staðar emileruð skál eða lítið fat, allt eftir því sem til var. Stein hef ég séð með holu, sléttri og vel gerðri, en ég hélt vera gamlan hlautbolla, en vel getur verið að þetta hafi bara verið óvirðulegur hundasteinn. Hundsmatur: Á æskuheimili undirritaðrar var hundum alltaf skammtað þegar fólkið var búið að borða. Þeir fengu matarleifar svo sem velling og ýmsan graut og mjólk, kjötbein og fyrst og síðast slátur. Sagt var að þrír hudnar þurftu karlmannsfæði. Ekki er ég viss um að máltíðir hunda séu svona reglubundnar nú á dögum. Nýlega er komin út bók um fæði hunda og þar er boðið að gefa þeim einu sinni á dag.

p11

Á æskuheimili undirritaðrar var í gamla daga sérstök tunna staðsett í hljóðeldhúsi, sem var kölluð hundatunna, vegna þess að í henni voru geymd soðin kindalungu súrsuð í skyrmysu. Á fátækari bæjum voru lungun notuð í bjúgu, en heima var nóg að borða og kjöt var notað í bjúgu, en súr lungu voru brytjuð niður í hundana.

Smalahundur, fjárhundur: Ekki get ég lýst hvernig hundur var vaninn. Að venja þá svo vel sé er held ég á fárra færi hér á landi. Mér er sagt að í útlöndum sæki hundar féð eins og menn, nema hvað þeir eru færari um að klifra kletta og fjöll. Hér er hundum sigað og bent og sagt: "Sæktu hana", eða því um líkt. Svo er sagt: "geltu", ef hundur á að reka á eftir fé með manni. Sumir hundar taka lömb og jafnvel ær með því að fella þær, en aðrir bíta og það er ekki gott. Við hunda er sagt: "Þegiðu, haltu kjafti, skammastu þín, svei þér, kondu greyið". Svo er þeim hælt og klappað á kollinn, ef þeir gera rétt. Til var það að krakkar kenndu hundi að heilsa og sitja með beint bak og láta hendur lafa. Það er enginn leikur að fá hunda til að sjá bíla í friði. Þeim er að sjálfsögðu bannað að fara í veg fyrir bíla, en ekkert dugar nema loka hundana inni eða hafa taum á þeim. Sumir eru farnir að ala hunda upp við það, að hafa hálsól og vera í bandi ef þörf er og það er undur hvað þeir sætta sig við það, ef þeir venjast því nógu ungir. Hundafár: Eitt sinn er kíghósti, var að ganga, veiktist hvolpur af hundafári, hann hljóðaði, skrækti, æddi um og dó. Kíghósti, er sama veikin og hundafár.

p12

Hundahreinsun: Sullir sem komu í ljós við slátrun sauðfjár voru brenndir. Þeir gátu verið í heilanum og af hræðslu við þá, hættu flestar konur að hirða heila, en í fyrstu útgáfum af Kvennafræðaranum er uppskrift af heilastöppu. Raunar leyndi sér ekki, ef kind var með sull í heila, hún hallaði á og var augsýnilega þjáð og ráfuleg. Sagt var að kindin hefði höfuðsótt, henni var slátrað og heilinn var brenndur. Allt fram á þriðja tug aldarinnar var vissast að athuga vel lifrar úr kindum áður en þær voru skornar sundur og hakkaðar í lifrapylsu, til að ganga úr skugga um hvort sullhús væri í þeim. Einnig gat sullur verið í mörnum, svo ekki mátti brytja hann án þess að skoða áður.

Enn í dag skelfist ég ef ég sé hunda reka tunguna framan í börn, eða sleikja hendur þeirra. Kjöltu-hundahald er ósiður og hrein tukthúsvist fyrir aðra hunda en þá sem hafa eðli til þess, kannski hafa þeir það þessir pínu litlu og snöggu. En maðurinn með sitt ráðríki fyrirgang og mislyndi, þráir eitthvað sem getur umborið hann, dáð og fyrirgefið, án þess að hann verðskuldi það, en það gerir hundurinn. Hann kemur skríðandi og biður fyrirgefningar á því sem ekkert var, hann mænir döprum augum á húsbónda sinn, ef illa liggur á honum, hann flaðrar og hann "glóir", á hann með aðdáun hvernig sem hann eða hún er. Hvenær farið var að hreinsa hunda veit ég ekki, en held að það hafi verið upp úr aldamótum og er það gert árlega ennþá og er það vel. Hundahreinsunar auglýsing var lengi í minnum höfð,

p13

sem hljóðaði á þessa leið: "Allir hundaeigendur í Lýtingastaðahreppi, skulu hreinsaðir verða, (þá kom staðarnafn og mánaðardagur). Flækings hundar eru vinsamlegast

beðnir að koma, ella skuli þeir drepnast". Hundar í draumi:
Dýr í draumi eru að jafnaði fyrir gestakomu: mýs, fuglar, kettir og þá
trúlega hundar. Tarfar eru heldrimanna fylgja, en hvítt fé er fyrir snjó,
hlaupandi hestar fyrir stormi. Ekki hefi ég heyrt talað um hunda sem fylgjur,
en það má vera að svo sé, og heyrt hefi ég talað um að þeir komi fram á
miðilsfundum, ekki þó að jafnaði. Hér kemur lítil saga um
framliðinn hund: Það mun hafa verið um 1930, að svartur hvolpur var til
heima á Guðlaugsstöðum og var kallaður Sjolli. Systir mín Árdís var þá
um fermingu og hélt mikið upp á hvolp þennan, en hún var afar mikill dýravinur.
Nú kemur upp sá kvittur að aftur af hvolpinum gengur bandormakeðja. Allir
urðu skelkaðir nema Dísa, taldi að öruggt væri ef hann væri hreinsaður.
Nú fer hún eitthvað að heiman, annaðhvort á sundnámskeið eða garðyrkjunámskeið.
Þegar hún er farin er hundurinn óðara skotinn, (sofandi) og grafinn.
Þegar systir mín kemur heim sér hún hvergi hundinn og verður ekki rótt.
Enginn þykist neitt vita. Samt sofnar hún um kvöldið að venju, en dreymir
þá, að Sjolli kemur til hennar og er illa útleikinn um höfuðið. Hann segir
henni hvar hann sé grafinn og biður hana ásjár. Hún fer á fætur, vekur
aðra vinnukonuna, sem líka var mikill

p14
dýravinur og biður
hana að koma með sér. Þær fara og grafa upp hvolpinn, veita honum umbúnað
og grafa hann á sérkennilegum og fallegum stað út með Blöndu. "Talaði
hundurinn", spurði ég. "Já", sagði hún. Ég hafði ekki vitað
neitt um þetta, en Magga vinnukona hafði vitað um það, svo þarna gat verið
um hugsanaflutning að ræða á milli stúlknanna. En hver veit? Andi
og sál: Hundar hafa mikið meiri skyggnigáfu en menn, því það er leitun
á fólki, sem hefir skyggnigáfu, en margir kannski allir hundar hafa hana
að haldið er af flestum. Ótal sagnir eru af því, einkum áður fyrr. Ef að
menn hafa sál, sem sálfræðingar hvað efast um, þá held ég að dýrin hafi
það líka, því þau hafa furðulegt vit, ef við aðeins látum svo lítið að
taka eftir því, þá sjáum við það. Dauði: Ég held að hundar hafi
verið skotnir sofandi, öðruvísi var það ekki hægt, þeir eru svo varir um
sig og lesa hugsanir ef þær koma þeim sjálfum við, a.m.k. Nú eru þeir svæfðir
áður. Að vera eins og "útspýtt hundskinn", er að
hlýða skylyrðislaust og vera alltaf reiðubúinn líka hugsunarlaust. (Sumar
konur voru eins og "útspýtt hundskinn", fyrir menn sína í gamla
daga, en ekki allar og ekki lengur almennt). Maður og hundur: Aldrei
hefi ég heyrt talað um munn á hundi en kjaft, hvoft og gin. Líklega er
oftar sagt löpp en fótur og ekki nef, en trýni,

p15
augu og eyru. Ekkert
hefi ég heyrt um "þrjá bita". Ef einhver dekraði við hund var
auðvelt að eyðileggja hann, rétt eins og ofdekruð börn verða óþolandi.
Orð og málshættir: Ég kannast við allt sem upp er talið í

spurningalistanum, en lítið fleira held ég. Svo vel sem hundurinn hefir reynst manninum, þá er undarlegt hvað maðurinn talar mikið niður til hundsins, svo sem: hundspott, táknar sama og skömmin þín, hundslegur, sama og skömmustulegur og afvísandi. Hundflatur sama og auðmjúk og skylyrðilaus uppgjöf. Ef hundur er í einhverjum þá er það dálítið lúmskt. Meinlausir hundar ráðast ekki á óvini sína eða eigandans, en þeir sniðganga hann og hafa skömm á honum, þurrka hann út. (Gott). "Ég kann mig ekki fremur en hundur", er játning um að maður kunni ekki mannasiði og bendir líka til þess hversu miklar kröfur við gerum til hunda, að nefna þá í sömu andrá og menn. Þegar hundur hittir hund á tófugreni þá eru vonbrigðin eins mikil og hjá tveim vísindamönnum sem uppgötva eitthvað merkilegt í sömu andránni. Að vera eins og halaklipptur hundur er að skammast sín, því hundar eru alveg miður sín af skömm, ef rófa þeirra er klippt. Máltækið hefi ég heyrt svona: "alla mína hundstíð og kattaræví", segir gjarna sá er þykist hafa farið heldur halloka í lífinu. Hundslappadrífa er bara stórgert flyksufjúk. "Veit hundur hvað étið hefur", er gott dæmi um vitsmuni hunda og að þeir kunni að skammast sín, þótt þeir hafi ekki siðferðisþrótt til að standast freistinguna.

p16
Kveðskapur, sagnir:
Það sem kveðið hefir verið um hunda er alveg ótæmandi og ætla ég að rita hérna það fallegasta sem er eða verður kveðið um hund:

Rakki.
Sá er nú meir en
trúr og tryggur
með trýnið svart
og augun blá,
fram á sínar lappir
liggur,
líki bóndans hjá.

Hvorki vott né þurrt
hann þiggur,
þungt er í skapi,
vot er brá,
en fram á sínar lappir
liggur,
líki bóndans hjá.

Ef nokkur líkið snertir,
styggur
stinna sýnir hann

jaxla þá,
og fram á sínar lappir
liggur
líki bóndans hjá.

Til dauðans er hann
dapur og hryggur,
dregs ei burt frá
köldum ná,
og hungurmorða loks
hann liggur
líki bóndans hjá.

Grímur Thomsen

Hundurinn (austurlenskt
ævintýri).
Þegar voru Adam og
Eva
Edens burt úr garði
rekin,
en frelsið skammtað
fagra'úr hnefa,
og frið þeim besta
gleðin tekin,
dýrin eftir saklaus
sátu,
sælu fyrri notið
gátu.

Eitt sér þar eigi
undi lengi,
aftur og fram það
hljóp um sviðið,
sinnti engu sældargengi

seppi, en klóraði
í Edens hliðið,
Kerúb sagði: "Farðu
í friði,
og fylgdu Adams skylduliði.

Frá því, hvar sem

flæktist maður,
í funa Serklands,
Grænlands í,
honum fylgir hundur
glaður,
hundsins þar er Paradís,

hinn eini vinur aumingjans,

aldrei bilar tryggðin
hans.
Grímur Thomsen

Tryggur.
Í vorri stóru veröld
oft
er vont að átta sig.

Þó hlæ ég, hvað sem
mætir mér,
á meðan ég hef þig.

Ég skil þitt hjarta,
hvutti minn,
þitt hjarta skilur
mig.

p17
Og hversu tæpt sem
tá ég stíg,
þín tryggð ei bregðast
kann.
Í ystu myrkur eltir
þú,
hinn auðnulausa mann,

og stendur jafnan
eftir einn,
er aðrir svíkja hann.

Í angist mæna augu
þin,
er út af leið mig
ber,

en takist mér að
rata rétt,
þín rófa dillar sér.

Og ef ég sofna veginn
við,
þú vakir yfir mér.

Jóhannes úr Kötlum.

Tómas Guðmundsson
birti á sínum tíma, grátfagurt erfiljóð eftir hundinn sinn Stubb, í Lesbók Morgunblaðsins, ég finn ekki blaðið, á það þó, en svona eru síðustu vísurnar:

Í kvöld að lágu leiði
Stubbs mig bar,
því legstað kaus
ég vini mínum þar,
sem bernsku minnar
fossar fegurst sungu
og fyrstu stefin
lögðu mér á tungu.

Hve allt varð hljótt.
Í rökkursýn ég sá
þar sjálfur mína
ævi ganga hjá,
sem kæmi hún að kveðja
í hinsta sinni.
Og kulda haustsins
lagði að vitund minni.

Og þannig, Stubbur
kæri, ég kvaddi þig.
Ég kvíði engu, hvorki
um þig né mig.
Ég treysti góðum
guði okkar beggja,
þeim guði er lítur
jafnt til okkar tveggja.

Tómas hallast greinilega
að því, að hundar hafi sál og ég hygg fremur að allt sem lifir hafi einhverja vitund eða sál og matthías hafi rétt fyrir sér er hann kemst svo að orði:

"Í hverju foldarfræi byggir andi, sem fæddur er á ódauðleikans landi".
Ég ætla að enda á vísu eftir Halldór Laxnes, hann bjó til fræga tík, eins og kunnugt er, en hunda er getið í eldfornum sögum.

Blessaður hjarta-
hundurinn
sem hundar flestir
lofa
svífðu með hunda-
englum inn
í engla hundakofa.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1912
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8478

p1
Tegundin: Öll þessi
samheiti voru kunn hér, hvutti, deli, búadeli, grey, garmur, rakki, seppi,
skinn, héppi. Aldrei heyrt um að hundar væru nefndir klódýr og ekki
heldur hrædýr. Þeir eru það ekki nema villtir. Hundakyn: Hundar
voru mjög ólíkir í vexti, sumir litlir og lubbalegir, þó með hringaða rófu
og uppsperrt eyru, einkenni íslenska hundsins. Aðrir stærri og snögghærðir.
Áreiðanlega hafa komið upp bein hunda en verið hent. Heimilishundur:
Þeir voru kenndir við bæina. Flökkuhundar settust stundum upp á heimilum
er tóku þeim vel með matgjöfum. Stundum týndust ungir hundar, þannig kom
Smali til okkar og varð eftirlæti allra, því aldrei kom eigandinn í leitirnar.
Það var talið lélegt heimili, sem átti magran og illhærðan hund.
Víst kom það fyrir að hundar voru geltir, heyrði talað um það. Hunda
ætti ekki að hafa í þéttbýli. Býst við að það hafi komið með Dönum og þeirra
hunda dálæti. Hundar voru sendir í sveit, en aðeins á seinni árum. Þekki
málsháttinn, "svo er hundur sem hann er hafður."

p2
á hundum og hvolpum:
Við áttum aldrei tík, en heyrði ég oft talað um að hvolpar væru gefnir,
þótti það betra en að lóga þeim.

Sonur minn
einn á tík, sem heitir katla og honum eru boðnar 800.00 kr fyrir hvolpinn,
hún er af fjárhundakyni og líkist Lassý. Ég heyrði að einu sinni
fyrir löngu gekk hundapest í Skagafirði. Voru eftir það fengnir hundar
úr Eyjafirði. Saga um karl, sem var mjög auðtrúa. Strákar
sögðu honum að hundurinn hans fengi hundapest eða fár, ætti hann að skella
af rófunni. Karl sagði síðar: "Ég skellti af rófunni en hann lá steindauður
um morguninn!" Hvolpar fæddust á öllum tímum. Þeir voru mánaðar
gamlir þegar þeir voru látnir til annarra eigenda, eða þegar þeir gátu

lapið. Hundur verður til: Tík í hundalátum var oftast sagt. Var
þá svipað ástand og hjá Sveik, hundar eltu tíkina og flugust á, var eins
og tíkin tæki einn fram yfir hina, festust þau oft saman o.s.frv.
Já, það heyrðist um hunda í tíkarsnatti. Frekar var skotið á þá púðurskoti
og hreif það oftast vel. Tík var hvolpafull.

p3
Fæðing: Alltaf nefnt
að gjóta. Stundum drekkt held ég eða skotnir. Hvolpahylur var til.
Auðkenni: Pálína á Skarðsá á hund með fjáraugu. Díla við augun, ljósari
og sýnast eins og fjögur augu. Hef aldrei heyrt um sporana.
Hvítur blettur á skotti var nefndur týra. Átti að vera gott að fylgja þeim
hundi er hafði týru í skotti. Geltinn hvolpur þótti betri sem fjárhundsefni.
Litur hunda og nöfn: Orðin strútóttur, móstrútóttur, mórauður,
flekkóttur, kápóttur voru orð notuð um lit hunda. Aldrei snoppóttur. Aldrei
talað um snoppu á hundi í gamla daga, þó það heyrist núna. Vaskur
hét hundur heima, hann sótti spýtur sem við hentum í sjóinn og kom með
þær og lagði við fætur manns. Snati okkar gerði það aldrei, en var tryggur.
Þegar ég vakti yfir vellinum frá átta ára til sautján ára, þá var
girt. Sigaði ég Vaski á undan mér, hann hristi döggina af stráum svo ég
var ekki blaut í fætur. Þá voru engin stígvél til.

p4
Hárafar: Loðnir hundar
hétu oft Lubbar. Mamma mundi eftir að hundshár var notað í smábandssokkana,
er voru útflutningsvara um og fyrir aldamót. Rödd hunda: Hundar
ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla og spangóla. "Að sjóða
grottann," hef ég aldrei heyrt, en nágól átti að vita á lát einhvers
á bænum. Spangól var með ýmsu móti, tungl, spangól langdregið. Gestagelt
var boð um gestakomu. Hávær hundur var nefndur kjaftaskur eða kjaftaglúmur.
Ratvísi, þefskyn. Já, ég sá hundana heima rekja slóð og rekja slóð
til baka ef þeir voru skildir eftir. Spádýr: Smali átti bæli í göngunum,
oft rauk hann upp með gelti, en ekki alltaf eins, stundum grimmu og urri.
Stundu seinna var svo barið. Einn mann var honum illa við og beit hann,
ef ekki var að gáð, aðeins einn. Nágól boðaði feigð.

p5
Þekki ekki neitt
um tíkarmjólk. Lækningar: Aldrei heyrt um hundsmör eða feiti. En
gott þótti að láta hunda sleikja sár, t.d. fótasár, sagði mamma mér.
Hundsbit: Þessu svarar vísa Páls I. Árdals: Nú hef ég snotrað Snata
minn og snilldarlega vanið. Hafði lengi hundskjaftinn
hann til skammar þanið. Þú mátt góla og gelta að sólu gamli
Snati, en úr þér tennur einhver brýtur, ef þú menn til skaða
bítur. Áflog hunda: Til dæmis við kirkjur gengu menn að og gripu
í hnakka hundanna og drógu þá hvern frá öðrum. Ef vatn hefur verið við

höndina hefur það verið notað. Hrælykt: Hér var það kallað útilykt, er þeir komu úr raka eða utan. Hundaþúfa: Þær voru auðþekktar, lortarnir voru hvítir og allt í kringum þúfuna. Tvær hundaþúfur voru frá Ártúni út í Hofsós.

p6
Hundar í mannaferð:
Sá sem alltaf vildi fara með eða elta. Var eins og hundur í hverri hofferð. Hundar sátu um að elta eða fara með. Vaskur var á varðbergi þegar hann sá einhvern tígja sig af stað. Stundum lokaður inni, en þefari stór og kom er hann slapp. Stundum var hundaþvaga við kirkjur og allt í báli og brandi. Voru meðhjálparar kirkna stundum í vandræðum með að missa þá ekki inn. Bæli hunds: Heima voru hundarnir í göngunum, fengu sjaldan að koma inn. Áttu gamalt garnskinn að liggja á. Þeir voru oft úti á sumrin og vöktu yfir vellinum með mér. Hundsdallur: Ég hugsa að það hafi verið til sérstakt ílát ætlað undir hundsmat. Heima áttu þeir hundadall. Það var
emeleraður
spítubakki, sem fenginn var úr gamla samkomuhúsinu í Hofsósi. Sumir hafa haft smátrog, hundstrog. Enginn hundssteinn í mínu hverfi.
Hundsmatur: Þeir fenu allan matarúrgang, sem þeir átu, þeir átu aldrei kartöflur t.d. en voru æstir í sætindi og sykur. Gripu mola á lofti. Orðtakið "mæna eins og hundur á bita," þekktist.

p7
Hundslap: Heima fékk
hundurinn fullan dall tvisvar á dag graut og undanrennu auk þurrætis roð og bein og barinn ..... Smalahundar, fjárhundar: Unghundar hafðir með í smalaferðir og látnir læra af þeim eldri. Vaskur okkar var aldrei fjárhundur, var veiðihundur. Smali var heldur betri fjárhundur, meinlaus, ég sá hunda bíta í hæla á hrossum og kindum. Katla sækir kindur og kemur með þær heim. Geltir aldrei að þeim, en laumast kringum þær, líkt og hundarnir á sýningunni í sumar. Hundi var sigað, "irr", sæktu það t.d. Skammaður "skammastu þín." "Farðu heim."
Prestur sá hund pissa á hurð, þá sagði hann: "Svei yður skepnan yðar." Margir voru æfðir í hundakúnstum, heilsa, þakka fyrir sig. Grípa mola á lofti o.fl. Hundafár: Stundum drápust allir hudnar í sveitinni, en fyrir mitt minni.

p8
Ég held aldrei hafi
fundist neitt læknisráð. Stundum ældu hundar allt í einu og voru með ræpu, sást það á þúfunum. Hundahreinsun: Ef sullir fundust voru þeir brenndir. Ég sá gamla konu með sull á handarbaki. Stundum sprakk hann, en kom svo aftur. Hundar í draumi boðaði helst gestakomu. Hundar sem fylgja: Synir mínir tveir unnu í Sigló eitt sumar. Með þeim vann skyggn

maður og piltur úr Fljótum. Sá skyggni sagðist sjá fylgjur þeirra. Bræðrunum fylgdi stórt ljós, en piltinum hundur, lýsti hann dýrinu um vöxt og lit. Næstu helgi frá kom pilturinn með mynd af hundi og passaði þar lýsingin.

Andi og sál: Ég held allar skepnur hafi sál, þær hugsa og eru misjafnlega greindar. Jafnvel kýr eru greindar. Hvað þá hundar og hestar. Dauði: Líklega hafa þeir verið hengdir, en í mínu minni skotnir.

p9

Sögn er um að maður hafi ætlað að drekkja fjórum hvolpum. Einn komst úr pokanum og synti til lands, tók maðurinn hann heim og kallaði Ófeig. Hundskinn voru verkuð, spýtt á torfveggi og notuð í kraga á utanyfirflíkur. Maður og hundur: Aldrei talað um nef á hundi, en augu og fætur, trýni. Ekki kannast ég við bitagjöfina. Kannski þetta nágranna nöldur. Kveðskapur, sagnir: Snati, Krummi, Vaskur, Vígi, Valinn, Ganti, leika sér á hartar hlöðum hundarnir á Svaðastöðum. Heitir Valur hundur minn hann er falur varla.

Alltaf smalar auminginn upp um sali fjalla.

Heitir Valur hundur minn hefur bol úr skinni. Alltaf volar auminginn inni í holu sinni. Ég þekkti hund, sem aldrei þorði út á svell, veit ekki af hverju.

p10

Orð og málshættir:

Við segjum halaklipptur hundur, ekki halasneyptur hundur. Það var þarna um árið þegar hundarnir fengu fárið, (er sagt hér). Gátur: Hvað hét hundur karls, sem í afdölum bjó? Nefndi ég hann í fyrsta orði, en getur hans aldrei þó. Svar-Hvað. Ingimundur og hans hundur sátu báðir og átu. Nú nefndi ég hundinn en ekki Ingimundinn. Svar-Nú.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1911
Sveitarfélag: 600 Akureyri

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8477

p1
Ég veit ekki mikið
um hunda, þó ákvað ég að endursenda ekki spurningaskrána um hundinn sem ég fékk þ. 22. maí. Það hefur þó dregist að ég athugaði hana nánar. Ég hafði þá nýlega sent Ásgeiri Bl. Magnússyni hundanöfn sem ég þekkti úr Fljótum. Ég læt þau þó fylgja þessu og segja ögn frá þeim hundum sem ég þekkti. Við krakkarnir máttum aldrei kjassa hunda eða snerta ókunnuga hunda og hundar fengu aldrei að vera inni hjá fólkinu. Þó var farið að hreinsa alla hunda árlega. Pabbi var sjúklega hræddur við sullaveiki (bandorm).
Þrátt fyrir hundahreinsun voru alltaf sullir í einstaka fé og í fólki fram um síðustu aldamót. Eitthvað mun hundahreinsun hafa verið ábótavant sums staðar. T.d. kom einu sinni lamb frá Krakavöllum (einhvern tíma eftir 1930) úr haustgöngum í rétt uppi í Deildardal eða þar nálægt. Lambið var sent í bæjarrekstri heim að Krakavöllum að minnsta kosti yfir þrjá hreppa. Bæjarrekstur hét það þegar óskilafé var sent il heimkynna sinna. það var kvöð á bændum að reka eða flytja óskilafé til næsta bæjar og þannig áfram þar til það komst heim. Þessi hrútdilkur var svo lítill og rír að ekki þótti gerlegt að lóga honum. Hann var því alinn um veturinn og gekk úti næsta sumar. Svo var honum lógað en hafði lítið stækkað. Hann var svo sullinn innvortis að ekkert var hægt að hirða af honum.

p2
Á sínum bæjargangi
haustið áður hefir hann einhvers staðar náð á bandormsegg. Komu sullir fyrir í slátri, helst í mönnum eða utan á lifur, voru þeir brenndir. Vel þurfti að athuga allt innvortis og þeukkla lifur vel. Í henni gátu verið hærðir hnúskar einhvers konar mein kannski uppþornaðir sullir. Öllu grunsamlegu var brennt. Allt þetta fór svo inn í barnsvitund mína að ég hef aldrei snert hund. Umsögn pabba í "Einu sinni var."
"Þó að ekki væri gælt mikið við hunda á Krakavöllum eða börn látin handsama þá eða kjassa, var hundurinn á bænum ekki hafður út undan

eða farið illa með hann." Hundurinn hjá okkur fékk aldrei að
vera inni hjá fólki. Það mun hafa verið til samþykkt af sýslufundi Skagafjarðarsýslu
að ekki mætti hafa hunda inni í hýbýlum manna. Hún held ég hafi verið illa
haldin. Trúað gæti ég (hef ekki látið athuga það), að pabbi hafi borið
þessa tillögu upp þegar hann var í sýslunefnd, veit þó ekkert um það.
Sullaveiki hvarf þó í fólki smám saman. Enginn veiktist í Fljótum eftir
að ég man til. Óneitanlega báru hundar oft merki heimila sem þeir
voru frá. Væru þeir horaðir og litu illa út var áreiðanlega fleiru ábótavant.
Eins hve þeir voru vel eða illa siðaðir, gat gent á ástand heimilisfólksins.
Að vera eins og útspýtt hundsskinn var að reyna að fá eitthvað eða
ná í eitthvað (t.d. vinnu) hvar sem var þó að langt og víða þyrfti að leita.

p3
En hvernig stóð á
því að talað var um útspýtt hundsskinn, get ég ekki skilið. Hundaskinn
voru auðvitað spýtt og hert eins og önnur skinn, en ég trúi varla að hægt
hafi verið að teygja meira úr þeim en öðrum skinnum. Varla hafa hæklar
og skankar á þeim verið lengri. Ég heyrði sagt í óeiginlegri merkingu
um fólk að hann væri í tíkarsnatti en hún eins og lóðatík. Tíkur
voru hvolpafullar og fæðingin hét að gjóta. Heyrt hef ég að menn
hafi látið hunda sleikja sár sín. Ég þekkti konu sem sauð smyrsli úr hundafeiti
og átti að vera allra meina bót að bera það á eða nudda upp úr því.
Hundar voru kallaðir héppi, seppi, hvutti, rakki og greyið, kanski fleira.
Stundum notuð í óeiginlegri merkingu um fólk, svo sem greyskarnið, greyskinnið.
Þegar sigað var, var sagt: "urr eða urridan." Þegar þeir
áttu að hætta var sagt: "svei þér eða sveiattan og komdu karlinn."
Ég heyrði menn segja (þó fáa) einkum ef sigað var í hross, bíttann, þá
bitu þeir hundar í afturfæturnar á þeim sem sigað var á, þeir sem bitu
á annað borð. Voru þó ekki margir sem ég vissi um. Frekar munu sumir hundar
hafa glefsað í lappir. Að taka einhverju eins og hverju öðru hundsbiti
= að sætta sig við eitthvað sem var ófrávíkjanlegt, bendir til þess að
hundsbit hafi

p4
ekki verið óalgengt
áður fyrr. Yfirleitt eltu hundar fólk sem fór af bæ í ferðalag.
Líka í kirkjuferðir ef þeir voru ekki lokaðir inni. Fóru reyndar á eftir
því stundum er þeir sluppu út. Ég heyrði talað um hunda sem komust inn
í kirkju um messutíma og gerðu messuspjöll. Meðhjálparinn náði þeim og
dró þá út. Stundum tvo í einu. Þurfti þá aðstoð. Þetta gerðist fram á mína
daga og fóru miklar sögur af. Sumir hundar voru þó svo hlýðnir að
þeir snéru heim ef þeim var sagt það, þegar þeir náðu ferðafólkinu.
Þegar farið var yfir vatnsföll, kipptu sumir hundinum upp á hnakknefið
á meðan. Þó vissi ég um, því miður, að hundur sem elti og var nokkuð langt
á eftir, fór í Sandósinn sem var óbrúaður. Hann rennur úr Hofsvatni til

sjávar. Um rifrildi hunda úr smáþætti sem ég skrifað um göngur, óprentað: Það voru gangaskil heima á Krakavöllum, (þ.e. mönnum raðað í göngur), sem er fremsti bærinn í Flókadal. Þess vegna komu oft margir menn á sunnudagskvöld og gistu, aðrir eldsnemma á mánudag, sem var gangnadagur. Gangnamönnum fylgdu auðvitað hundar. Stundum lennti þeim saman í slag. Það var ófögur sjón að sjá þegar allir hundarnir voru komnir í eina þvögu og börðust upp á lífið. Þá fóru karlarnir að reyna að skilja þá og notuðu til þess svipur með löngum ólum. Aldrei vissi ég til að hundar legðust út

p5
en það gerðu kettir
og urðu mjög grimmir. Hundar voru taldir tryggs manns fylgja og þóttu góðir í draumi, þó fór það eftir atferli þeirra í draumnum. Hundar heima geltu alltaf mikið þegar gestir komu. Byrjuðu oft að gelta löngu áður en gestir komu nærri. Minnisstæðast er mér hvernig Kola lét ef pabbi var á heimleið. Oft byrjaði hún löngu áður en nokkur von var til að hún sæi til hans eða finndi lykt af honum. Jafnvel um það leyti sem hann lagði af stað heim (kannski dagleið). Hún sat fyrir utan bæ og gelti stöðugt. Fólk trúði því að hún sæi fylgju pabba sem átti að vera bjarnsdýrshúna. Seinna dreymdi hann líka. Hundar tóku misjafnlega á móti gestum þó þeir þekktu þá ekkert fyrir. Virtust finna á sér hvernig fólkið var. Aldrei vissi ég hunda aflífaða öðruvísi en skotna. Það gekk þó oft erfiðlega að komast að þeim. Þeir virtust þekkja byssur. Heyrði ég margar sögur af þessu. Ekki veit ég hvernig hvolpar voru aflífaðir á öðrum bæjum. Heima voru þeir settir í stóran tréstamp (þá farnir að stækka) og skotnir einn og einn ofan í höfuðið með riffli. Eitt af erfiðustu skilduverkum þessa tíma. Kaupstaðahundar sem voru þó sannarlega ekki kjölturakkar. Þegar ég var krakki á Ísafirði 1922, var þar danskur apótekari. Hann var bara kallaður apótekarinn, svo apótekarafrúin, apótekarafrökenin og apótekarahundurinn. Apótekarafrökenin

p6
teymdi apótekarahundinn
með sér úti alla daga. Þetta var gríðarlega stór skoskur (eða dökkur) hundur, einkar háfættur og langur, ekki sver, snögghærður. Aldrei gekk hann laus eða gerði fólki mein. Um svipað leiti og næstu ár voru tveir útlendir heimilishundar á Siglufirði, gjörólíkir Surti. Þeir voru litlir, nokkru stærri en stór köttur, hvítflekkóttir, snögghærðir, fjörugir og gengu lausir. Voru kallaðir rottuhundar. Ekki þótti ráðlegt að börn stríddu þeim. Þeir voru svipaðir þó ekki eins. Annar hét Dáti. Hvað hundur Guðmundar læknis hét man ég ekki. Kjölturakka sá ég ekki fyrr en löngu seinna þá hér á Akureyri eftir 1950.
Nokkur hundanöfn úr Fljótum: Í Fyrirbarði var hundur þegar pabbi var krakki, á næsta bæ, sá hét Fidel = Tryggur, býsna skrítið nafn (latína á kotbæ). Kópur, Taska, Dimma, Vart, Vígi, Brami og allir herrarnir, Neró, Hitler, Stalín, Mússolini. Finnst það vafasamur heiður fyrir hunda að heita

þessum nöfnum. Ég veit að Hitler var kennt að sækja hluti, líka að heilsa. Eigandinn sagði að hann myndi geta bjargað sér ef hann dytti í vatn. Einn hundur hét Brynjar, hann var grár, eins og allur í hringum af því nafnið. Frændi minn átti þennan hund og kenndi honum að sitja á rassinum og rétta manni loppuna, heilsa og gera fleiri kúnstir. Hann var líka góður fjárhundur og fylgdi húsbónda sínum hvert sem hann fór. Á næsta bæ við Krakavelli var svört tík, nokkuð stór, snögghærð, sögð af ítölsku kyni. Hún hét Típ. Hún hafði það til að bíta í fæturna, líka fólk, stundum. T.d. beit hún mig í hendi í fyrsta sinn er ég fór þar hjá. Ekki varð það þó til skaða. Var með tvenna þykka vettlinga og líka mun hafa verið klipið af vígtönnum hennar. Það mun hafa verið gert á hundum sem bitu. Eftir var bara mar. Undan Típ var til ..... stærri hundur, gljásvartur. Oftast kallaður barallos hundur. Hann var vitur en gat verið grimmur. Sumir fullorðnir menn gátu verið blóðhræddir

p7

við hann. Einn forðaði sér upp á tunnu og varðist þaðan þar til einhver kom sem hundurinn þekkti og róaði hann. Líklegast þykir mér að þessi maður og fleiri hafi einhvern tíma barið hann eða gert honum eitthvað. En honum var kennt að sækja hluti út í Hofsvatnið eða í sjóinn og fullyrt var að hann væri fær um að bjarga fólki. Hundarnir á Krakavöllum: Fyrsti hundur sem ég man eftir heima hét Ekkó. Hann var orðinn gamall og lá mest inni í hlýju. Hann var móleitur, dálítið loðinn og lubbalegur. Hafði verið góður fjárhundur. Þá var til Kaskur, man ekki eftir honum. Hafði verið frábær fjár- og smalahundur. Þurfti bara að segja honum að sækja heimaféð og benda honum, þá sótti hann það einn. Síðan hétu hundar Snati, hver á eftir öðrum. Man lítið eftir þeim. Þó einum gráum, meðalstórum, loðnum. Síðasti hundur heima var lítil tík af íslensku kyni, þó ekki hreinræktuð, því eyrun slöpptu aðeins, en rófan var hringuð. Hún var fallegasti hundur sem ég hef séð, fríð í framan. Við systkynin héldum því fram að hún hefði grátið tárum þegar mamma sneypti hana, eitthvað í sambandi við matarvenjur. Hún hét Kola. Hún hafði hlýtt pláss til þess að vera í inni, en gat oftast komist sjálf út að vild. Á sumrin kaus hún oftast að sofa uppi á bænum. Þá var henni gefinn maturinn úti þegar gott var veður. Reyndar borðuðum við líka oft úti. Kola átti bara sérstakan disk og skál. Aldrei borðaði hún þó með fólkinu. Nú ætla ég að skrifa lýsingu pabba á Kolu í "Einu sinni var." "Hún var flekkótt, ljósbrún og hvít. Augun voru móbrún, vökul og gáfuleg, líkt og greindu barni. Eyrnabroddarnir voru slapandi. Hún var ekki alveg snögghærð en ekki heldur svo hárug að hún gæti talist loðin. Hún var hreinleg og snyrtileg, hvar og hvernig sem á hana var litið, álíka og barn sem á góða að eða vel tilhöfð heimasæta." Pabbi segir miklu meira um Kolu. Ég ætla að enda þetta á einni frásögn hans.

p8

"Einu sinni var," eftir Sæm. Dúason: "Ég var að kenna krökkum í húsi Sveins Stefánssonar í Haganesi. Þá er það einn dag um hádegisbilið að Kola er komin þangað niður eftir. Ég hélt einhver hefði komið heiman að og Kola fylgt honum. Það var ekki, Kola hafði komið ein síns líðs. Þetta var á mánudegi. Ég hafði verið heima um nóttina áður en fór seinnipart nætur eða snemma um morguninn að heiman, gakk á skíðum. Kola hafði komist á slóðina mína og rakið hana að Haganesi. Þetta hafði Kola aldrei gert fyrr. Hjá Sveini Stefánssyni var ekkert pláss til handa hundi. Þar var enginn hundur á heimilinu. Kola þurfti endilega að komast heim samdægurs. Ég reyndi að senda hana eins og þegar við sendum hana heim úr smalamennsku. Hún gegndi undir eins þegar ég sagði henni að fara heim. En hún fór ekki nema nokkurn spöl suður á Hófsvatnið, líklega þangað til hún heyrði ekki lengur til mín. Þar settist hún og beið. Þegar ég var kominn inn til krakkanna kom hún aftur. Er kennslu var lokið um daginn lagði ég af stað með hana. Ég ætlaði ekki nema að Eystri-Hól, biðja Frímann að ljá mér með hana dreng það sem eftir var leiðar heim að Krakavöllum. Ekki hafði ég fyrr nefnt þetta við Frímann en hann sagði það væri sjálfsagt og velkomið. En Kola var ekki á sama máli. Um leið og hún varð þess vör að hún ætti að fara með öðrum skreið hún á maganum til mín, vafði sig þétt utan um fæturna á mér og tróð sér milli þeirra. Það var engin leið til þess að fá hana til að standa á fætur, hvað þá meira. Ég var engu nær en í Haganesi að koma henni heim öðruvísi en að fara með hana sjálfur. Enda varð það úr. Ég fór ekki heiman fyrr en snemma morguninn eftir. Þá var Kola búin að gjóta. Ég sá ekki eftir ómakinu. Nú fór betur um hana litla skinnið en orðið hefði ef hún hefði gotið áður en hún komst heim. Það er ögn til marks um vinsældir Kolu á heimilinu að Kalli (Kalli var sonur Sæmundar) lét gera af henni eftirlíkingu úr silfri og festa á bindisnælu sem hann átti og notaði." Sérstök lykt er af hundum, var kölluð útilykt.

Okkur krökkum var sagt að hún kæmi af útfjólubláum geyslum sem hárin yrðu þrungin af, svipað og útilykt af þvotti sem var samt öðruvísi. Svipuð lykt gat verið af fólki sem var mikið úti. Þá snerist nafnið við og var kallað hundalykt.

p9

Ég man ekki til að hafa heyrt um hunda sem dáið hafa af söknuði eftir húsbónda sínum. En til er saga úr Fljótum um það. Ég ætla að skrifa upp frásögn pabba af þessum atburði, þó það sé í "Einu sinni var." Dúi afi minn mundi þennan atburð, einnig pabbi, þá tíu ára. "Upp úr áramótum 1899 lagði bátur af stað frá Haganesvík til Hofsóss. Á bátnum voru 8 menn. Þennan dag brast á hörkuhríð með mikilli veðurhæð og frosti. Hún stóð svo mörgum dögum skipti. Ekki var vitað um afdrif bátsins fyrr en gengið var á reka undir Bökkum. Þá varð ljóst hver afdrifin hefðu orðið. Hundur sem einn skipsverjanna átti, Ásmundur í Nesi, hafði fylgt honum til sjávar um morguninn. Talið var víst að hann hefði fylgt eftir bátnum á landi.

Hann kom heim að Nesi eftir þrjá sólarhringa, illa á sig kominn en hvarf fljótlega aftur. Eftir nokkra daga fannst hann dauður í einhverjum útikofa (fjárhúsi). Töldu menn að hann hefði soltið í hel, eftir að hafa orðið vitni að afdrifum húsbónda síns." Pabbi hélt frekar að hann hefði veikst af lungnabólgu eftir slarkið og dáið af því. Mér finnst aftur á móti ótrúlegt að hafi hann verið veikur, skildi hann fara aftur út í kulda og leggjast í fjárhúsgarða til að deyja, nema að hann hafi verið vanur að fylgja húsbónda sínum í þetta hús.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1902
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8416

p1
Tegundin: Ég kannast
við flest þau nöfn sem upp eru talin, deli og búadeli kannast ég ekki við.
Ekki man ég heldur eftir að ég hafi heyrt orðið klódýr. Hundakyn:
Talað var um íslenska og útlenda hunda. Íslensku hundarnir með upprétt
eyru og hringað skott. Sem var öfugt við útlendu hundana. Líka var eitthvað
um kynblöndun. Ég man eftir hundum með mjög stutta rófu. Voru þeir sagðir
rófulausir. Ekki man ég eftir að hundsbein hafi komið úr jörðu, ekki var
talað um það. En hundar voru grafnir í jörðu svo það gæti vel hafa komið
fyrir. Heimilishundur: Hundur var kenndur við heimili sitt. Ef hundar
litu illa út voru horaðir þótti það ekki góð meðmæli með húsfreyjunni á
þeim bæ. Hundar voru oft geltir, þá fóru þeir ekki á flakk. Á seinni tímum
hefur hundum fækkað í sveitinni. Komið hefur fyrir að hundum út þéttbýli
er komið í sveit. Tilefnið stundum það að eigendurnir hafa flutt í nýtt
húsnæði og þá var ekki hægt að hafa hundinn. Ég kannast við málsháttinn:
Svo er hundur sem hann er hafður.

p2
Verð á hundum og
hvolpum: Ekki veit ég um sérstakt verð á hvolpum eða hundum. Það var nokkuð
lengi tík á mínu heimili en aldrei voru hvolpar seldir. Það var víst slæmt
hundafár sem gekk fyrir síðustu aldamót. Þá var sagt að haustlamb hefði
fengist fyrir hvolp. Tíkur eiga hvolpa tvisvar á ári. Þá var
venjulega einn hvolpur látinn lifa, því ekki þótti fallegt að farga þeim
öllum. Ekki man ég hvað hvolpar voru gamlir þegar þeir voru látnir í burtu
en þeir voru nokkuð stálpaðir, voru hættir að sjúga móðurina. Hundur
verður til: Það var sagt að tíkin væri lóða, mig minnir að líka væri talað
um að hún væri með hundagangi. Það var algengt að hundar hópuðust þegar
þannig stóð á og var ekki vel séð. Eitthvað var um það að ýmsir hlutir
væru bundnir í skottið á þeim. Sagt var að tíkin væri hvolpafull um meðgöngutímann.
Fæðing: Sagt var að tíkin væri að gjóta. Ekki vissi ég til að fylgst

væri með í hverri röð hvolparnir fæddust. Og aldrei vissi ég til að hvolpar fæddust sjáandi eða að fylgst væri með því í hvaða röð þeir lægju á spenum. Ég held að hvolpum væri drekkt. Ekki þekki ég nein örnefni sem minna á það.

p3
Ég man ekki eftir
að talað væri um fjáraugu. En sporar voru á sumum hundum og talin kostur. Hvítir blettir við augu voru kallaðir týrur, hvítur blettur á rófubroddi var kallaður þjófaljós. Líka var talað um geltinn eða ógeltinn hund og þótti hið fyrrnefnda betra. Litir hunda: Ég kannast við að hundar fengu oft nöfn eftir lit þeirra. En mjög algengt var nafnið Tryggur, líka Sámur eftir hundi Gunnars á Hlíðarenda. Svo þekkist líka Týri, Spori og víst margt fleira. Hárafar: Hundar sem voru mikið loðnir voru sagðir lubbalegir. Ekki vissi ég til að hundshár væru nothæf. Ekki minnist ég þess að haft væri neitt sérstakt orð yfir það þegar hundar fóru úr hárum. Rödd hunda: Ég kannast við öll þau nöfn sem upp eru talin. Líka nágól og spangól. Hundar geltu alltaf ef mann bar að garði. Ratvísi og þefskyn: Ég kannast við hvoru tveggja. Ég hef séð hunda rekja spor eftir mann svo hvergi skeikaði. Og líka eru hundar mjög ratvísir. Og get ég sagt sögu af því. Á mínu heimili var það um vor að maður fór héðan að reka lömb á fjall og með honum var ungur hundur. En með þessum

p4
manni voru tveir
menn sem gerðu sér leik að því að hrekkja og stríða svo hundinum að hann yfirgaf manninn sem hann átti að fylgja. Svo kom maðurinn hundlaus heim en daginn eftir kom hann og þótti merkilegt að hann skyldi rata þar sem hann var svo ungur og leiðin mjög löng. Spádýr: Þegar hundur lá fram á lappir sínar sem kallað var, þá þótti það boða gestakomu og ef önnur löppin kom lengra fram þá átti það að boða að gesturinn væri þjófóttur. Tíkarmjólk: Hef ekki heyrt um neina þjóðtrú í því sambandi. Lækningar: Ég hef heyrt málsháttinn: Kattartungan særir, hundstungan græðir. Hef ekki heyrt að hundsfeiti hafi verið borin á sár eða beinbrot. En ég veit um mann sem notaði hundafeiti til að bera á aktygi, beisli og hnakka. Hundsbit: Grimmir hundar eru alltaf illa liðnir. En ég man nú ekki að mikið væri um þá. Ég var nú nýlega bitin af hundi, læknir saumaði sárið saman og sprautaði mig líka. En það hefur nú ekki tíðkast fyrr á árum. Áflog hunda: Þau þekktust helst á mannamótum. Og skárust menn í leikinn. En aldrei vissi ég til að vatni væri hellt yfir hundana.

p5
Hrælykt: Þegar hundar
voru mikið blautir var talað um hrælykt af þeim. Þekki ekki önnur orð yfir lykt af hundum. Hundaþúfur: Þær eru efst á háum hólum. Málsháttinn: Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér, kannast ég við.

Hundur í mannaferð: Sjálfsagt hef ég heyrt þetta orðtak: Eins og hundur í hverri hofferð. Ég gæti trúað það hafi verið notað um það fólk sem ekki lét sig vanta ef eitthvað var um að vera. Það var algengt að hundar fylgdu fólki á milli bæja á mannamót, líka í kirkjuferð og trúlegt að það hafi valdið ónæði við messur ef margir hundar hafi komið saman. Bæli hunds: Ég held að hundsbæli hafi oft verið í eldiviðarkofum eða í bæjardyrum, ég held lítið hafi verið um hundahús en þó var það til. Hundar lágu alltaf inni hérna. Ef að stórhríð var, var sagt að hundi væri ekki út sigandi. Ég man ekki að hundar lægju úti á sumrin en þó getur verið að það hafi átt sér stað. Hundsdallur, hundstrog: Sérstakt ílát var haft handa hundinum, var það djúpur emeleraður diskur eða skál en það er trúlegt að smíðaðir hafi verið trédallar eða skálar fyrr á tímum. Hundsteinn: Ekki þekki ég það.

p6

Hundsmatur: Ekki man ég eftir að hundum væri ætlaður sérstakur skammtur. En þar sem margt fólk var í heimili voru oft matarleifar, líka var sláturmatur gefinn, mjólk og grautar. Ég kannast við orðtakið að mæna eins og hundur á bita. Ekki þekki ég að talað væri um ákveðið magn mjólkur sem hundum væri gefið.

Smalahundur: Ég get ekki lýst því hvernig hundar voru vandir. Það var víst með ýmsu móti, en ekki þekkist það að hundar tækju kindur, en nú á tímum eru sumir hundar vandir á það. Ég veit nú varla hvernig ætti að lýsa því hvernig hundi var sigað, ég verð bara að segja að err hljóðið var óspart notað. Á hund var alltaf kallað með nafni. Ég kannast við að sagt var "þú hefur étið folald." En það hafði víst lítil áhrif. Ekki þekkti ég það að hundi væru kenndar ýmsar kúnstir. Hundafár: Ég man ekki eftir hundafári. Hundahreinsun: Hundar vour alltaf hreinsaðir einu sinni á ári. Og ekki þekkist að hundar væru látnir sleikja matarílát. Ef sullir fundust í sauðfé við slátrun var þeim alltaf brennt.

p7

Hundar í draumi: Hef ekki heyrt neitt um það. Hundur sem fylgja: Ég hef heyrt það að hundar hafi fylgt eigendum sínum, en ekki um ættarfylgjur. Andi og sál: Ég held að sumir hundar hafi skyggnigáfu. Skyggn kona sem var nákomin mér sá alltaf hund sem fylgdi manni áður en hann kom í heimsókn til hennar, hún þekkti hundinn á meðan hann lifði. Segi meira af honum hér á eftir.

Dauði: Eftir að byssur komu voru þeir alltaf skotnir, ég man ekki eftir öðru. Að vera eins og útspýtt hundskinn. Ég held að það hafi átt við þá sem fóru oft að heiman þó lítið væri erindið. Maður og hundur: Oftast var talað um kjaft, trýni og lappir, en oftar um augu en glyrnur. Ekki heyrði ég að ekki væri við hæfi að gefa hundi þrjá bita. Kveðskapur og sagnir: Ég kann nú ekki margar vísur um hunda. Ég kann kvæði eftir Þorstein Erlingsson, "Heyrðu snöggvast Snati minn." Og annað eftir Grím

Thomsen, "Sá er nú meir en trúr og tryggur." Ég man ekki fleira.

p8
Kveðskapur og sagnir:
Ég ætla að lýsa tryggð og viti hunds sem var á mínu heimili. Það var fyrir mörgum árum á mínu heimili maður sem var mikill dýravinur. Hjá okkur var hundur sem hét Tryggur og var hann sérstaklega hændur að þessum manni. Eitt sinn fór hann sem vetrarmaður á heimili nokkru fjarri, það var klukkutíma gangur á milli bæja. En hundurinn tók upp á því að vera hjá honum í viku og svo aðra vikuna heima. Svo seinna fór þessi maður til Reykjavíkur, var þar um tíma og stundaði vinnu við uppskipun. En þegar voraði kom hann heim. Hundurinn hefur vist heyrt talað um að Runki (það var hann kallaður), kæmi heim á morgun. En hvernig sem hægt er að útskýra það, þá fór hundurinn alltaf á móti honum þangað sem bíllinn stoppaði sem hann kom með. Og eftir að hundinum var fargað gerði hann alltaf vart við sig þegar vinur hans kom í heimsókn til systur minnar sem bjó í Reykjavík og var skyggn. Orð og málshættir. Ég kannast við allt sem hér er talið upp. Illt er að kenna gömlum grepp og gömlum hundi að sitja rétt, var haft á orði og heyrist enn.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1905
Sveitarfélag: 107 Reykjavík

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8372

p1
Íslenski fjárhundurinn:
Ég setti upp hundshaus en kemst ekki í sporin hans. Íslenski fjárhundurinn, frekar lítill og grannvaxinn. Alla vega litur, loðlubbi eða snöggur, með sperrt eyru og hringað skott. Hrædýra tegund því lítið hafður innanhúss vegna hrælyktar og bandorma smithættu. Hans aðal hvíldarstaðir voru upp á bæjarburst eða á stéttinni við útidyr. Hann átti bæli eða fleti inna útidyra í óveðrum ef ekki var hundi út sigandi eins og sagt var, þegar menn treystu sér ekki til útiverka. Annars fylgdi fjárhundurinn gegningarmanninum oftast á daginn og alltaf þegar fénaði var beitt. Hundsævin var stutt enda sagt að hvert ár væru tvö hundsár. Ungir hundar voru sí hlaupandi en löttust fljótt og entust fá ár, þá var þeim fargað. Það var talin mannúð, þótt allir söknuðu góðs þjóns og vinar. Margir voru svo hyggnir að vera búnir að fá sér hvolp til að smalahundurinn hjálpaði fjármanninum við tamninguna. Ekki tel ég að fólksfækkun til sveita eigi þátt í að hlutverk og mikilvægi hunda við búskap hafi minnkað heldur að enginn kann lengur að temja þá til fjármennsku né nota hans vit og góðu eiginleika í sína þjónustu.

p2
Einnig þurfti að venja hundinn á að sníða vankantana af, sem eru grimmd og aðrir ókostir sem fylgja ótömdum hrædýrum til sjálfsbjargar. Ég get ekki séð að hundar hafi verið vandir af að elta og flækjast fyrir bílum. Enn eru hundar tamdir til sérþarfa og reynast þarfir þjónar, sökum allra góðra hæfileika sem vel tömdu dýri eru áskapaðir í þjónustu mannsins ef menn hafa vit til að notfæra sér þá. Hundar voru jafnan hreinsaðir árlega í þar til gerðum kofum. Fynndist sullur í kind í sláturtíð var hann brenndur. Hundar ekki hafðir á blóðvelli. Ég trúi þeim sem sjá fylgjur manna að þeir sjái leyniþráðinn milli manns og hests og hunds, það er svo nefnt sálarlíf. Þeim er nóg sem trúir að skyggnir sjái hunda sem fylgjur

og að skynlausar skepnur, kallaðar svo, hafi sál, meðan sköpunarverkið
er ekki alfarið gert af manna höndum. Það var einn þáttur tamningar að
sýna alvöru því annars gátu dýr ekki skilið mann. Einnig þurfti að hrósa
þeim fyrir góða hegðun. Þeir kunnu að gleðjast og hryggjast eins og menn
og vera eins og hugur manns. Flækingshundar voru illa tamdir og oft illa
með farnir. Enginn vildi hæna þá að sér því voru þeir skammaðir og bundið
í skottið á þeim, það reyndist gott ráð til að losna við þá frá bæ.

p3
Orð og orðasambönd:
Hundar nefndir öllum mögulegum nöfnum, nema mannanöfnum, Kolur, Kjammi,
Smali, Vaskur, Lubbi. Snoð hét hárið. Hundar létu í ljós skapbrigði
sín með öllum mögulegum tónum. Gleði með gjammi og gelti. Einnig við smalamennsku
á búpeningi. Ýlfring, ýl, spangól og bofsi þegar hann var ósáttur við tilveruna.
Urr, var grimmdar tónn, manna- eða gestagelt í hundum er best bar að garði.
Hundar höfðu marga eiginleika sem menn höfðu ekki, gátu því fundið
feigð á mönnum. Hundum var aldrei slátrað, svo sem lækningamátt
tengdan hundalíffærum er ekki að ræða. Orðin deli og búadeli
heyrði ég ekki en orðið deli var blótsyrði, djöfsi átti ekki við smalahundinn.
Hvaða hundakúnstir eru þetta? var sagt við krakka og ef fólk lét
fíflalega eða fann upp á einhverjum óþarfa. Það var niðrandi að vera líkt
við óæðra dýr. Menn sýndu það í allri framkomu og aðbúð hunda sem lágu
í fleti eða bæli við ystu dyr, nöguðu bein og lifðu á úrgangi og molum
af borðum manna að launum fyrir þjónustu sem ekki var hægt að meta að verðleikum.
Hann lagði líf sitt í sölurnar í þjónustu við manninn sá tryggi þjónn.
Það var ekki siður í minni sveit að selja hund né hvolp. Hvolpar
voru gefnir ef góðan granna vantaði hund. Óþarfa hundar ekki til á betri
búum. Hvolpum drekkt nýgotnum sem ekki átti að ala.

p4
Nú þykir mér hundaþúfan
vera farin að hreykja sér, var sagt um eða við almúga (mann) fólk sem frekar
var litið niður á en fann upp á að hækka sig í tign með uppátækjum heldri
manna ofl. í slíkum dúr. Hundspottið litla, gæluorð um krakka
og hvolpa eða ef þau gerðu smávegis skammarstrik. Hundur í honum eða milli
manna, þótti eða ósætti. Hann fór eins og halaklipptur hundur, var
sagt í niðrandi merkingu um gest sem ekki þótti sýna tilhlýðilega kurteysi
og hlaupa burt frá borði í flýti. Börnum og hvolpum voru kenndir
mannasiðir svo snemma að þau þekktu ekki annað en vera eins og hugur fullorðinna.
Þá voru barnabrek og villt hvolpalæti ekki til fyrirstöðu að læra þáttöku
í lífsbaráttunni og sætta sig við tilveruna sem var sameign manns, hunds,
hests og fénaðar. Fyrir öllu þurfti að sjá án véla og hjálpartækja nútímans
því voru menn og hundar eins og útspýtt hundskinn við verkin sín eða á
þönum allan daginn. Orðtakið átti einnig við menn sem flökkuðu bæ frá bæ
án erinda. Hundi sigað með irr, irr, hott. Hundur, köttur,
maður var sagt til að fá lítil börn til að borða þrjá bita eða skeiðar

og verða að manni. Börn vanin strax af mótþróa. Ég kannast við orðin í ýmsum samböndum en hefi engu við að bæta. Lítil saga um hundinn sem gleymdist að taka með heim. Hann lagðist utan dyra og beið og beið eitt ár, þá kom eigandinn. Þar sem hundur lá þarna í hnipri lengi dags og hreyfði sig ekki fór ég að athuga

p5
hvort hann væri slasaður
eða veikindalegur, sá ekkert athugavert. Færði honum mjólk og smávegis glefsu í svanginn sem hann þáði. Ekki sýndi hann á sér fararsnið en lá áfram. Um kvöldið opnaði ég kjallaradyr að skúr við innganginn, setti strigapoka fyrir ból og sagði að hann mætti liggja þarna í nótt. Hann fór og lagðist þarna niður, þetta var hans verustaður og bæli árið út. Afskiptalaus af öllum og engum til ama. Ég hafði alltaf opið svo hann gæti farið ef hann vildi og færði honum hundamat, ekki á silfurfati. Hann gerði sér allt að góðu. Var alltaf jafn hreinlegur án þjónustu. Eitthvað hefir seppi fylgst meira með mannaferðum en ég hélt því eitt sinn eftir langa bið veit ég ekki fyrr en hvutti er kominn og labbar með mér í búðarráp. Ekki fór hann alla leið í kaupstaðinn heldur fór á grasbala og lagðist þar og beið mín en kom svo með mér heim og hefði borið fyrir mig vöruna ef hann hefði átt hundaklyfbera. Þetta gerði hann svo daglega meðan hann dvaldi í bæli sínu sem hann vildi ekki fara úr þegar eigandinn kom að sækja hann. Ég spurði hann þá hvort hann vildi ekki lofa honum að liggja þarna áfram. Þá var hann svo ómissandi fjárhundur að karlinn bað mig að reyna að fá hann úr bælinu. Blessað dýrið stóð strax upp þegar hann sá mig en þegar hann sá bílinn sem karlinn kom á neitaði hann að fara, þá fyrst skildi ég hátterni vinarins sem var hræddur við tæknina, en var tekinn með valdi. Sagan gerðist á Þórshöfn.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1919
Sveitarfélag: 370 Búðardal

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8668

p1
Oftast voru hundar
hér á Saurum í Laxárdal. Það voru líka alltaf einn og tveir hundar í Grænumýrartungu
þegar ég var barn. Í nokkuð mörg ár hefur enginn hundur verið hér. En eftir
að hætt var að hafa hunda hér fórum við að hafa hund sem gæludýr. En hættum
því þar sem þeir hundar sem voru hér voru alltaf að fara í bílana með gelti
og látum. Það var sérstaklega gremjulegt á vorin, því ærnar sem komnar
voru að burði hrukku svo við og þutu beint af augum, ég veit ekki hvert.
Ekki hef ég heyrt að hundar eða hvolpar hafi verið seldir.
Hvolpar voru teknir frá sínu heimili þegar þeir voru hættir að sjúga. Sem
sagt farnir að lepja mjólk og éta. Það var alltaf sagt að tík væri
að gjóta þegar hún var að eiga hvolpana sína. Ég held að hvolpum hafi verið
drekkt. Þannig eins dags gamlir voru þeir teknir og settir í poka og bundið
fyrir. Allt sett svo í fötu með vatni í og torfusnepill settur yfir, svo
þeir köfnuðu sem fljótast, og grafnir næsta dag. Hundar sem ég þekkti
í Hrútafirði voru ekki loðnir, þeir voru snöggir á hár með sperrt eyru

p2
og hringað skott,
ýmsir litir, t.d. svartir, mórauðir og flekkóttir. Hundar ýlfra,
urra, gelta og spangóla. Hundar spáðu fyrir gestakomu með því að
liggja flatir á kviðnum með hausinn ofan á framfótunum. Það var
algengt að hundar fylgdu mönnum á bæi. En helst ekki til kirkjunnar, þó
kom það fyrir og var vont að koma þeim út úr kirkjunni ef þeir komust inn
með húsbónda sínum. Hundar áttu sér bæli sem var oftast skot eða
afsíðis krókur með heydýnu. Það var sérstakt ílát undir mat fyrir
hundinn og var hann þveginn þegar þurfa þótti. Hundum var skammtaður
matur tvisvar á dag. Man ég það vel þegar ég var 6 ára, var tík heima og
þrír hvolpar. Ég var svo sjálfboðaliði að gefa hvolpunum. Eitt sinn var
ég að gefa þeim og hafði þá sett smá slurk af rjóma út í dallinn þeirra.

Þá kemur mamma og segir: "Hvað ertu að gera? Gefurðu hvolpunum rjóma?"
"Já," var svarið. "Þykir ykkur ekki líka góður rjómi?"
Með því féll málið niður.

p3
Ég get ekki lýst
því hvernig hundar voru vandir til að vera góðir fjárhundar. En einu sinni
eða oftar kom Guðmundur Ásmundsson frá Krossi í Haukadal, norður til að
sækja fé. Og kom þá með tvo skoska hunda, sem hann talaði við á erlendu
tungumáli. Síðan benti hann þeim og hundarnir ráku þá féð sem leið lá vestur
í Dali. Guðmundur þessi var búinn að vera í nokkur ár í Skotlandi við landbúnaðarstörf
og þaðan hefur hann eflaust komið með þessa hunda. Hundar voru alltaf
hreinsaðir og baðaðir einu sinni á ári. Ef sullir fundust er fé var slátrað
voru sullirnir teknir og brenndir, passað vel upp á það að sullirnir brynnu.
Ekki veit ég hvað hundur í draumi þýðir, en ég vildi að ég vissi
það. Ég hefi heyrt að dauður hundur fylgi manni. Heyrt hefi
ég að hundar hafi skyggnigáfu, en ég kann ekki að segja um það neitt.
Því miður kann ég ekki margt um þessar spurningar að segja.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1911
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8491

p1
Tegundin: Heyrði
hunda aldrei nefnda klódýr, né hrædýr. Hundspottið þitt var skammaryrði
á hundinn. Hundakyn: Ég átti alltaf hreinræktaða íslenska hunda.
Þeir voru fremur snoðnir, með hringaða rófu og stutt upprétt eyru, lágir
í vexti, trygglyndir og hændir að húsbónda sínum. Heimilishundur:
Heimilishundar lögðust stundum í flakk, oftast út af tíkarstússi. Stundum
voru þeir (karlhundar) þá geltir, en það var ekki svo góð lausn því að
þeim hætti þá til að fitna um of og verða latir. Jú, það má nú segja
að hundurinn bar með útliti sínu og framferði heimilinu vitni. Vel
fóðraður hundur var matmóður sinni til sóma. Á svipmóti hundsins sást,
hvort heimilisfólk umgekkst hann eins og vin sinn. Tamning hvers hvolps
var undir smalanum komin. Óvaninn eða illa vaninn hundur var öllum hvimleiður.
Því má segja, að þó upplagið væri misjafnt að "svo er hundur sem hann
er hafður", og þekkti ég þennan málshátt.

p2
Gæludýr (hundar)
voru ekki til í sveitum meðan ég bjó í sveit. Aldrei vissi ég til að sveitafólk
tæki péttbýlishvolpa í betrunarvist. Verð á hundum: Vissi ekki til
að slík sala færi fram í mínu nágrenni. Fullorðnir hundar voru naumast
látnir af hendi, enda voru þeir svo elskir að sínum húsbónda, að þeir samþýddust
treglega örum. Heppilegast var að fjárhundsefni væru fædd um miðjan vetur,
því að þá voru hvolparnir á besta aldri til þess að venja þá við fjárstúss
að vorinu (um sauðburðinn). Hvolpur var látinn til nýs eiganda ca. 2ja
mánaða gamall. Aldrei vissi ég til þess að ætlast væri til gjalds. Þá sligaði
heldur ekki samfélagið sú peningagræðgi, sem nú er einkennandi.
Mín tík fékk alltaf að halda einum hvolpi fyrstu vikur eftir got
og þá þótti gott að losna við hann þegar hann varð það stór að honum var
ofaukið. Hundur verður til: Jú, ég kannast við þessi orð:
lóðatík og tíkin er lóða. Líka talað um hund í tíkarsnatti og alltaf rætt

um hvolpafulla tík þegar svo stóð á. Ekki þótti þrifnaður af þegar hópur hunda safnaðist um eina tík með áflogum og gjammi.

p3

Hins vegar voru sem minnst afskifti höfð af dýrunum við þessa sína náttúrulegu athöfn. Hér má við bæta, að karlhundar virtust ekki hafa hina minnstu ..... til afkomenda sinna, hvolpanna nema síður væri. Kæmi óvelkominn aðkomuhundur á bæ þar sem tík lá á hvolpum, dugði að sýna honum þetta ungviði. Hann var þotinn með það sama. Fæðing: Já, tíkin gaut. Þetta gekk oftast fljótt og vel. Þegar lasleiki sást á tíkinni var vani að láta nýtt hey í ból hennar og þar ofan á hreina flík, gamla. Þar ól hún afkvæmi sín, oftast 3-5 og þursleikti þau um leið og þau fæddust og lagði sér við brjóst, sem önnur móðir. Börnin á bænum fylgdust náið með þessum atburði og fögnuðu þessum nýju einstaklingum og heimilisvinum. það var alsiða að láta tíkina sjálfa velja þann hvolp, sem settur var á. Það var gert með þeim hætti, að teknir voru allir hvolparnir úr bóli sínu og settir á gólfið. Tíkin tók hvolpana í munn sér einn í einu og færði þá í bólið aftur. Var þá valinn til lífs sá, sem hún tók fyrst. Vissi aldrei til að hvolpar fæddust sjáandi. Nýgotnum hvolpum var drekkt (ca. viku gömlum). Alltaf var þó einn látinn lifa þar til tíkin var um það bil geld. Auðkenni: Talað var um fjárglirnur og þótti kostur. Hvítan rófubrodd á hundi heyrði ég nefnt leiðarljós. Það er nokkuð örugg vísbending ef hvolpur byrjar að bofsa í bæli

p4

sínu um það leyti, sem hann er sjáandi (rúml. 1/2 mán), að hann verður geltinn hundur og er það stór kostur á fjárhundi. Litir hunda og nöfn: Já, hundar voru líka hvítir, gráir, svartir, gulir, en um kápóttan eða snoppóttan hund heyrði ég aldrei enda er ekki snoppa á hundi heldur trýni. Aftur á móti er snoppa á kind og hesti. Nokkur hundanöfn: Týri, Tryggur, Tinna, Táhvít, Trýna, Tobbi, Tótólfur, Tobbi, Tobba, Tóti, Smali, Sámur, Spori, Slubba, Slubbur, Snotra, Surtur, Sesar, Skuggi, Sponni, Lappi, Lubbi, Vaskur, Hvatur, Kaffon, Píla, Neró, Kátur, Polli, Offi, Nói, Kópur, Kjói, Móri, Frýna, Píla, Pollý, Skopra. Hárafar: Vissi ekki til að hundshár væru notuð. Sumir hundar urðu lystalitlir og daufir meðan þeir voru að fara úr hárum. Rödd hunda: Heyrði ei talað um að "sjóða grottann". Vissi um að vitrir fullorðnir hundar settust á rassinn og ýmist ýlfruðu eða spangóluðu er þeir vissu húsbónda sinn á sjó og veður og sjólag spilltist til muna. Var þá grunað að hætti gæti verið búin þeim, sem á sjónum voru. Hljóð milli ýlfurs og "gráts", var nefnt

p5

nágól og kom frá hundi, sem syrgði vin sinn og sumir sögðu það geta boðað feigð. Gestagelt

var algengt og var hressilegt og glatt hjá íslenskum hundum enda voru þeir uppveðraðir ef einhver kom og eins ef farið var með þá til bæja.
Ratvísi, þefskyn: Hundar hafa mjög þroskað þefskyn, svo að þeir eru öruggir að rekja feril manna og dýra jafnt í snjó sem á auðri jörð. Með viti sínu og ratvísi hafa þeir mjög létt störf manna við skepnuleit, í fjallgöngum og ferðalögum og oft bjargað lífi með þessum eiginleikum sínum og tryggðinni.
Nefni hér eitt dæmi af mörgum um skynsemi og athygli hundsins. Eitt sinn var ég að láta féð inn um vetur, taldi inn. Þegar ég leit út undan mér sá ég að það var eitthvert aukabasl á hundinum innan um féð. Þegar ég var að enda við að láta inn sá ég, að seppi hafði tekið fyrir eina ána og varnað henni að komast að fjárhúsdyrunum. Kom í ljós, að þetta var kind frá næsta bæ og þetta gerði hundurinn þarna í rökkrinu að sjálfsögðu ósagt. Mörg áþekk dæmi gæti ég tínt til um mína góðu vini hundana, sem ég umgekkst, þau 50 ár, sem ég var í sveit.

p6
Spádýr: Þegar hundur liggur á kviðnum teygir framlappirnar fram og leggur hausinn milli framlappanna spáði hann gestum. Ég vissi ekki til að þeir gætu spáð nema góðum gestum því að þar voru ekki á ferð nema góðir gestir í minni sveit. Öll dýr úti í náttúrunni vita á sig veður og er hundurinn þar ekki undantekning. Stingi hundurinn trýninu undir bóginn og hringaði sig vel saman þar sem hann lá, þótti það vita á verra veður. Höfðu þá líka hraðan á meir en ella. Vissi hundinn fara óbeðinn út á haga og gjamma í hrossum til að ýta þeim heim í fyrra lagi enda brast þá í hörkubyl áður en langt um leið. Tíkarmjólk: Hef ekkert um þetta að segja. Lækningar: Kannast við málsháttinn, "kattartungan særir, hundstungan græðir". Vissi ekki til að neitt væri nýtt úr hundinum. Þegar hundur féll frá var hann vandlega urðaður í heilu lagi. Vissi til að menn létu hundinn sleikja smá skeinur eða skurði og var reynslan sú, að slíkar skeinur höfðust vel við og kom ekki illt í.

p7
Hundsbit: Lítið var um grimma hunda áður en íslenski hundurinn fór að blandast með útlendum. Þó var það til. Það kom fyrir að hundar eltu fénað úti um hagann og bitu og þá venjulegast í hæklana og upp í lærin. Stundum voru vígtennur klipptar úr þessum hundum, en yfirleitt þótti sama að farga dýrunum fljótt. Hundsbit þóttu gróa illa. Hrælykt: Ekki var talað um hrælykt í þessu sambandi heldur hundalykt. Hún finnst aðallega þegar hundarnir koma blautir inní hlýju. Lyktin hverfur þegar þeir eru orðnir þurrir. Áflog hunda: Mest kvað að áflogum hunda í sambandi við tíkasnatt og hafði þá sá sigur, sem sterkastur var. Vissi að gripið var til ráðs ef úr hófi keyrði að hella köldu vatni yfir óróaseggina. Hundaþúfa: Hundaþúfur voru smáþúfur, sem hundar höfðu fyrir venju að míga utan í þegar þeir fóru fram hjá. Orðtakið, "Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér", á við að

eitthvað sem er lítilsháttar þykist vera mikið. Hér má við bæta,
að hundar ..... ógjarnan á heimatúni, en hylltust til að nota tún nágrannans
til þeirra nota einkum ef ..... voru milli bæjanna. Hundur
í mannaferð: Kannast ekki við þetta orðtak, "eins og hundur í hverri
hofferð". Það var algengt að hundarnir fylgdu

p8
húsbændum sínum til
bæja. Hundarnir þurftu jú ofurlitla tilbreytingu líka. En margir skildu
hundana eftir er farið var til kirkju. Mér er í minni að eitt sinn þegar
ég fór til kirkju komust tveir hundar inn í kirkjuna um messuna og upphófu
áflog mikil. Meðhjálparinn varð að skakka leikinn og kom hundunum út, en
missti aðra skóreimina í hundskjaft í átökunum. Þetta þóttu hin verstu
messuspjöll. Bæli hunds: Athvarf hunds var yfirleitt í svokölluðum
bæjardyrum eða kjallarainngangi. Oft áttu þeir kassa með heyi í eða ullarflóka,
jafnvel gæruskinni til að liggja í. Þar sem ég þekkti til voru hundar hafðir
inni um nætur. Hundsdallur-hundstrog: Voru skálar eða smátrog. Gat
verið úr timbri, leir ellegar emeleruð ílát eftir ástæðum. Þurftu bara
að taka sæmilegan skammt fyrir hundinn eftir því sem hann þurfti í það
málið. Hundsteinn: Kannast ekki við þetta öðruvísi, en af annara
frásögnum af lestri bóka. Hundsmatur: Hundum voru gefnir matarafgangar

p9
sem til féllu, þar
með talin bein og roð. Kjötbein þóttu hundum hinn mesti fengur og bruddu
þau stundum strax upp til agna. Ef beinin voru mjög torunnin grófu hundar
þau stundum úti og vitjuðu þeirra svo síðar, stundum löngu seinna. Höfðu
beinin þá mýkst. En líka gat verið að krummi finndi beinið og hefði það
á burt og þótti seppa það skaði mikill. Elduðu dýr þessi stundum grátt
silfur og var sú viðureign á köflum brosleg. Oft var hundum veittur súrmatur
margskonar því engu var hent. T.d. súr lungu ofl. Orðtakið "að horfa
til augna" kannast ég ekki við, en hitt heyrði ég, "að mæna eins
og hundur á bita". Hundslap: Heyrði orðið notað um þegar fólki
voru bornar lítilfjörlegar góðgerðir. T.d. "grauturinn, sem ég fékk
var eins og hundslap". Smalahundur - fjárhundur: Sjálfsagt
þótti heppilegast að venja hvolpana strax og þeir fóru að geta fylgt manninum
eftir og kom tamningin í hlut fjárhirðisins. Árangurinn var svo kominn
undir lagni smalans og upplagi hvolpsins. Dæmi: hundi sigað, "isk"
á fé. Hundi sigað á hross, "irdan". Hundi sagt að taka kind "takt-ana".
Hundur skammaður

p10
"Svei þér".
Sæst við hann: "komdu greyið". Sagt var stundum, helst við flökkuhunda,
sem fólk vildi losna við: "þú hefur étið folald". Þetta var ótrúlega

áhrifaríkt, en máske hefur það ekki síður verið raddblærinn, en orðin sjálf sem hrifu. Hins má geta, að hundar skildu oft viss orð, sem menn létu sér um munn fara a.m.k. vissi ég til þess, að tík, sem varð óvart áheyrandi að því að ráðgert var að taka hvolpa hennar, fór með þá og faldi þá. Hundahreinsun: Í minnis veit var þess vandlega gætt, að allir létu hreinsa hunda sína einu sinni á ári. 2-3 menn sáu um framkvæmdina á hreinsun. Þess var gætt, að hundar kæmu ekki á blóðvöll þegar slátrað var heima og sullum, sem í ljós komu í slátri var þegar í stað brennt. Örugga vitneskju hef ég um atvik, sem gerðist stuttu eftir aldamótin, 1908. Maður kom á bæ og fékk að borða. Að máltíð lokinni var pottur og öll matarílát sett fyrri hundinn og hann látinn sjá um uppþvottinn. Að sjálfsögðu var um að kenna fráfræði fólksins. Þetta er löngu liðin tíð. Hundar í draumi: Vissi það vera fyrir gestakomu.

p11
Hundur sem fylgja:
Fylgispök og vitur tík, sem ég átti hafði örugglega fyglju mér tengda löngu eftir að hún dó. Þetta lýsti sér þannig að þegar ég var að heiman varð konan mín þráfaldlega vör við dýrið á vappi í eldhúsinu. Þetta reyndist gerast á þeim tíma, sem ég var lagður af stað heim úr kaupstað. Konan var svo farin að tilreiða mat minn eftir þessari ábendingu hundsins. Bendir þetta ekki til þess að dýrin hafi sál og framliðnir hundar séu húsbændum sínum sinnandi að lokinni jarðvist. Fullviss er ég þess, að hundar hafa skyggnigáfu. Og er ég ekki einn um þá skoðun. Maður og hundur: Jú, oftast voru notuð þau orð um líkamshluta hundsins, kjaftur, trýni, glyrnur, lappir o.s.frv. Kveðskapur, sagnir:

Hann er mér trúr
og tryggur,

með trýnið svart
og augun blá.

Fram á sínar lappir
liggur,

líki bónda hjá.

p12
Orð og málshættir:
Hundspottið þitt var skammaryrði. Hundaart var sama sem óart, vísast máske til þess viðhorfs, sem karlhunduar höfðu til afkvæmanna. Hundslegur var skömmustulegur. Að fá hvolpavit hygg ég að oftast hafi tengst kynhvötinni. Að liggja hundflatur fyrir öðrum vísar til þess, að svo virðist sem hundurinn væri sáttfús án takmarka (ei langrækinn). Það er hundur í honum = það er ólund í honum við mig. Að koma eins og hundur og fara eins og hundur, þýddi

skort á mannasiðum. Hef heyrt sagt: Ég hef aldrei vitað annað eins, alla mína hundstíð og kattarævi". Halasneyptur hundur þ.e. lét rófuna lafa niður og hljóp eftir að hafa beðið ósigur t.d. í tíkarstússi. Líka var talað um að vera eins og rófulaus hundur í svipaðri merkingu. Veit hundur hvað étið hefur, vísar til þess þegar hundur hefur t.d. stolið kattamatnum og verður skömmustulegur á eftir. Þessi málsháttur má heimfærast á menn og

p13
var stundum gert.
Eftirfarandi orðatiltæki og málshátt í listanum kannast ég við svo og skýringar þeirra.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1907
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8492

p1
Nokkur svör við spurningaskrá
nr. 66 frá þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands. Eins og segir
í inngangsgrein þessarar spurningaskrár, hefir hundurinn frá fyrstu tíð
verið einna handgengnastur manninum allra húsdýra enda hundstryggð jafnan
við brugðið og það er sannmæli sem í ljóðlínunum stendur: "Milli manns
og hests og hunds hangir leyniþrjáður," og ég held að svo verði áfram
meðan íslenskur landbúnaður verður stundaður en hann á nú í vök að verjast
um þessar mundir. Tegundin: Sum þessi nöfn sem nefnd eru
í þessari grein hef ég ekki heyrt áður, svo ég muni, aftur eru sum kunn
eins og hundur, rakki, seppi, héppi en þó maður segi greyið mitt við hund.
Þá er það ekki af því að hann heiti grey heldur af því maður er að tala
vel til hans af því hann hefir eitthvað vel gert og gæti maður alveg eins
sagt góði minn. Garmur er gamalt nafn á hundum og hef ég ekki heyrt
það annars staðar nefnt en í frægu kvæði eftir Jónas Hallgrímsson, sem
heitir "Óhræsið," þar sem hann segir frá móttökum, sem rjúpa
fékk, sem flúði inn um baðstofuglugga, konan í húsinu tók á móti henni,
en valurinn sem var að elta hana tapaði af henni. Ég set hérna tvær
síðustu vísurnar í kvæðinu þó ég viti að flestir kunni þetta kvæði.

p2
Mædd á manna besta

miskun loks hún flaug

inn um gluggann gesta

guðs í nafni smaug.

Úti garmar geltu,

gólið hrein í valnum.

Kastar hún sér í
heltu
konunnar í dalnum.

Gæða konan góða

grípur fegin við

dýrið dauðamóða

dregur háls úr lið.

Plokkar, pils upp
brýtur
pott á hlóðir setur

segir: "Happ
sem hlýtur,"
og horaða rjúpu étur.

Hundsspott var og
er stundum notað, sem skammaryrði. Hundslegur er sama og skömmustulegur.
Greyskinn er gæluyrði svipað eins og maður segi greyið mitt. Klódýr, hef
ég ekki heyrt nefnd svo ég muni, en hrædýr eru þau dýr nefnd sem lifa aðallega
á hræum og geta það verið bæði hundar, refir og mörg önnur dýr, sem ég
kann ekki upp að telja. Hundakyn: Íslenska hundakynið er
að mínu áliti meðal stórir hundar með upprétt eyru og upphringað skott,
vitrir í meira lagi, séu þeir vel vandir og hef ég átt hund sem þessi lýsing
á við og var hægt að senda hann langar leiðir í smalamennsku

eftir kindum og eru
það mikil þægindi í smalamennsku að eiga góðan hund. Mörg hundakyn
eru til bæði stór og smá og á marga vegu kynblandaðir allt eftir því til
hvers á að nota þá sumir eru aðeins hafðir sem gæludýr, aðrir til að rekja
slóðir eftir menn og dýr, því hundar eru mjög lyktnæmir og væri hægt að
segja margar sögur af því. Hundar eru mjög vitrar skepnur og tryggð
þeirra við eigandann er einstök. Um lyktnæmi hunda skal ég
segja og setja hér gamla sögu, sem mér er minnisstæð. Það
var haustið 1921, 30. október, sem við fjórir lögðum á stað að smala Gunnsteinsstaðafjall
í Langadal í A.-Hún. en þar átti ég þá heima. Veðurútlit var þungbúið og
ákveðið var að taka inn féð enda orðið áliðið. Göngum var skipt upp í miðju

Strjúgsskarði og haldið vestur það og svo fram fjallið að vestan og gekk það vel að öðru leyti en því að þegar við komum á leiðarenda kom í ljós að einn manninn vantaði og það var sá sem efstur átti að vera. Við biðum um stund til að vita hvort hann kæmi ekki en það brást og var því farið að leita, en án árangurs enda komin dimm hríð og náttmyrkur. Um nóttina gerði stórhríð og hélst hún eina fjóra daga og var komið mikið fannkingi. Þegar upp stytti, alltaf var þó leitað en maðurinn fannst ekki. Enn var lagt af stað að leita en án árangurs. Þá var það einn morguninn að húsbóndinn á bænum, sem hét Hafsteinn Pétursson sagði: "Það kom einhver til mín í nótt og sagði mér

p4
hvar Stefán er (en
svo hét maðurinn sem týndur var). Hann er undir snjónum í pokanum í Nýlendugilinu." Enginn hafði heyrt þennan stað nefndan en allir vissu hvar Nýlendugilið var. Var nú lagt af stað upp á þetta gil en það er suður og upp frá bænum á Gunnsteinsstöðum snarbratt klettagil, sem nær ofan frá fjallsbrún og niður í miðja hlíð. Neðst í gilinu var kominn óhemju snjór og var ekki gott að átta sig á hvar helst væri að leita. Svartur hundur var með í förinni og hljóp hann fram og aftur um þessa miklu snjóbreiðu en á endanum stoppar hann, áreiðanlega þar sem skaflinn var dýpstur og fer að krafsa og hamast eins og hann segi lífið að leysa og þarna undir skaflinum á margra metra dýpi fannst Stefán hafði hrapað í klettunum fyrir ofan og ekki stoppað fyrr en þarna. Aðra sögu vil ég segja og er hún til merkis um tryggð hunda, en hvort hún er söm eða ekki skal ósagt látið, en ég get svo sem vel trúað henni, því svipuðu hefir maður kynnst hjá hundum og kemur þá sagan eins og mér var sögð hún. Bóndi nokkur var á ferð gangandi og hundur sem hann átti fylgdi honum, en hvort það var vegna veðurs eða einhverju öðru. Þá dó hann á þessu ferðalagi og þegar hann fannst lá hundur inn hjá honum og þegar hann var færður kom hundurinn með og lagðist við herbergisdyrnar þar sem maðurinn var lagður til og fékkst ekki til að hreyfa sig þaðan hvernig sem að var farið og þegar kistulagt var fylgdist

p5
hundurinn með og
þegar jarðað var kom hann með og lagðist á leiðið þegar búið var að moka ofan í gröfina og þaðan fékkst hann ekki til að fara hvernig sem að var farið enda lét hann þar líf sitt því hann smakkaði ekki mat upp frá því.
Um þennan hund var kveðin þessi vísa: Sá er meira en trúr
og tryggur með trýnið svart og augun blá fram á sínar lappir
liggur líki bóndans hjá. Verð á hundum og hvolpum:
Oftast held ég að hvolpar hér um slóðir séu gefins manna á milli en ef þeir eru teldir eru þeir eitthvað dýrari ef þeir eru af góðu fjárhundakyni. Ef hundapest hefir gengið og margir hundar hafa drepist var oft látið haustlamb fyrir hvolp. Hundur verður til: Þegar tík sóttist eftir samlagi hunda til fjölgunar var oftast talað um að hún væri í hundastandi eða tíkarsnatti

og söfnuðust þá kannski fjöldi hunda um hana og fannst manni það oft leiðinlegar samkomur, enda tók þetta oft marga daga. Hvolpafull var almennt notað um tík um meðgöngutímann. Fæðing: Þegar tík eignaðist afkvæmi var sagt að hún væri að gjóta. Venjulegast var sá hvolpurinn látinn lifa sem þótti fallegastur og sama í hvaða röð

p6
þeir fæddust. Aldrei
hef ég vitað til þess að hvolpar hafi fæðst sjáandi. Hvolpar voru oftast höggnir sem deyddir voru, en heyrt hef ég líka að þeim var stundum drekkt.
Auðkenni: Um fjáraugu í hundum hef ég ekki heyrt talað, en sumir höfðu trú á að alspora hundar væru vitrari en aðrir en hvort þeim hefur orðið að trú sinni, veit ég ekki. Um hvítan blett á rófubroddi hef ég vitað hund nefndan Tíra, en um þjófaljós hef ég ekki heyrt getið svo ég muni.
Það þótti oft gott að hafa hunda með sér í smalamennsku sem var geltinn. Litir hunda og nöfn: Tryggur, Snati, Skuggi, Móri, Týri, Flekkur, Lubbi, Kolur, Vaskur. Litir hunda eru margvíslegir. Svartir, hvítir, mórauðir og margvíslega flekkóttir og oft voru nöfn hunda dregin af því hvernig þeir voru á litinn. Rödd hunda: Hundar ýlfra eða ýla, þegar þeim líður eitthvað illa, urra þegar þeir eru reiðir, gelta þegar þeim er sigað, spangóla þegar þeim leiðist eitthvað sérstaklega. Að sjóða grottann, hef ég ekki heyrt talað um. Gestagelt er gelt í hundi sem er að tilkynna gestakomu. Ratvísi, þefskyn: Um ratvísi hunda vil ég segja stutta sögu bak við Langadalinn hér í Húnavatnssýslu

p7
er annar dalur sem
heitir Laxárdalur. Hann er jafn langur og Langidalur og fyrir 50 árum eða svo var hann allur byggður en nú er hann svo til allur kominn í eyði. Strjúgsskarð liggur í gegn um fjallgarðinn milli þessara dala og er skarðið um 5 kílómetrar að lengd og norðan við skarðið á Laxárdalnum í svo sem 5-6 kílómetra fjarlægð var bær sem hét Vesturá. Þar bjuggu fátæk hjón með börn sín sem voru fjórir drengir sem voru á unga aldri þegar þetta gerðist sem mér datt í hug að segja frá. Í kotinu var ekki til annað ljósfæri en einn 10 línu vegglampi. Svo var það rétt fyrir jólin einhverju sinni að eina glasið sem til var á lampann brotnaði og var það ekki álitlegt ekki síst vegna jólanna sem voru í nánd. Vitað var að glös á svona lampa voru til niður í Langadal á bæ sem Gunnsteinsstaðir heita. Einn drengjanna sem mun hafa verið 12 ára eða svo bauðst til að fara og fá lánað glas á lampann og varð það úr að hann lagði á stað einn morguninn í þessum erindagerðum og komst á leiðarenda og fékk glasið og ætlaði svo að snúa við heimleiðis en fólkið vildi að hann biði til morguns en hann lagði af stað heimleiðis hvað sem reynt var til að fá hann til að gista. Það var farið að dimma þegar hann lagði af stað og þegar hann var kominn gegn um Strjúgsskarðið var komið kola myrkur svo honum leist nú ekki á, því framundan var sléttur flói sem ekki var gott að rata

p8
um kolamyrkri en
hann heldur áfram lengi lengi og á endanum sér hann þetta er ekki einleikið,
hann hljóti að vera viltur af réttri leið, hann stoppar því og hugsar sitt
ráð en veit ekki hvað hann á til bragðs að taka, en allt í einu er hundurinn
heima kominn til hans og flaðrar upp um hann eins og hunda er siður þegar
þeir eru ánægðir. Betur að ég hefði haft þig með í morgun, hugsar drengurinn.
Svo þegar þeir hafa sínt hvor öðrum nægilega blíðu leggur
hundurinn af stað og drenguinn á eftir og var nú enginn vafi á því í hvaða
átt skyldi halda. Á jólunum logaði glatt á 10 línu lampanum
og allir voru ánægðir. Um þefskyn hunda hef ég skrifað fyrr á þessum
blöðum. Spádýr: Um þann þátt er ég alveg úti á þekju. Tíkarmjólk:
Um hana veit ég ekki annað en það að hvolparnir þrífast vel á henni.
Lækningar: "Kattartungan særir en hundstungan græðir." Ætli þessi
málsháttur hafi ekki orðið til vegna þess að kattartungan er snörp en hundstungan
er silkimjúk. Heyrt hef ég að hundafeiti hafi verið borin á brunasár
og fleira til að mýkja annað hefir hún

p9
varla gert.
Hundsbit: Illt þótti og þykir enn að vera bitinn af hundi, því það gat
komið illt í sárið jafnvel blóðeitrun og ekki illa til fundið að jafna
óhöppum manna við það enda er oft sagt um þau að hann eða hún verði að
hafa þetta og þetta eins og hvert annað hundsbit. Dæmi veit ég til
þess að vígtennur voru brotnar úr hundi vegna þess að hann var gjarn á
að bíta í hælana á kindum svo að þær urðu haltar. Áflog hunda: Algeng
voru áflog hunda þar sem þeir voru margir saman komnir í tíkarstandi eða
af öðru tilefni og þótti þá oft gott að hella yfir þá köldu vatni til að
skilja þá. Hrælykt: Hrælykt getur ekki verið réttnefni um lykt af
hundi nema hann sé kallaður hræ, en viss lykt getur verið af þeim sem ekki
er af öðrum dýrum en hún er þegar hundur kemur blautur að utan inn í hlýtt
berbergi en þá lykt heyrði ég kallaða útihundslykt. Hundaþúfa: Hundaþúfur
sem kallaðar voru, komu til af því að hundar skitu á sömu þúfuna þangað
til hún var orðin strýta upp í loftið. Þess konar

p10
þúfur hef ég líka
séð upp á eða upp á háfjöllum en þær munu vera eftir tófur en ekki hunda,
"Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér." Þetta máltæki
finnst mér passa við mann sem er að gorta af eigin afrekum. Hundur
í mannaferð: Ég kannast ekki við orðtækið "eins og hundur í hverri
hofferð," nema það sé átt við kirkjuferð. Algengt var að hundar fylgdu
mönnum milli bæja og á mannamót og jafn vel kirkjuferð ekki undanskilin
því oft var ekki þægilegt að halda þeim eftir, þó það væri reynt og voru
oft stimpingar við að halda þeim utan dyra meðan á messunni stóð, því ekki

þótti hæfa að þeir væru inni. Bæli hunds: Víðast held ég að hundar hafi verið hafðir inni á nóttunni minnsta kosti að vetrinum og var útbúið bæli fyrir þá. Stundum var haft gæruskinn í því og leið þeim vel í svoleiðis rúmi. Sums staðar á bæjum var hundakofi að minnsta kosti í seinni tíð.

Vitað hef ég til þess að hundar væru hafðir úti að nóttunni að vorinu og vörðu þeir þá túnið fyrir skepnum, en stundum að vorinu gat verið mikið úrfelli að það hafi átt við að segja að það væri ekki hundi út sigandi.

Hundadallur: Hundadallur var stundum smíðaður úr tré en gat líka verið á ýmsa vegu.

p11

Stundum var þetta kallað trog og löptu hundar úr því eða annað lap sem þeim var gefið. Hundssteinn: Á einum bæ hef ég séð svoleiðis stein og var hann með sjálfgerðri holu og var víst einhvern tíma notaður til að gefa hundi í. Hundsmatur: Hundsmatur var oftast einhverjar leifar frá fólki en líka var eldaður grautur sem ætlaður var hundum, ekki veit ég úr hverju hann var en mjólk var látin út á hann. Heyrt hef ég orðtakið að "mæna eins og hundur á bita," og á það stundum við ef mann langar til einhvers sérstaks.

Hundslap: Það átti ekki við neitt sérstakt magn, heldur það sem látið var í dallinn í það og það skiptið. Smalahundur, fjárhundur: Ég er nú enginn sérfræðingur í að venja hunda og hef ég þó eignast þá marga og hef haft mína aðferð við þá, en hún er svoleiðis að ég hef farið með þá til kinda og bent þeim í þá átt sem ég vil að þeir fari að skepnunum og svo ef mér líkar hvað þeir gera þá klappa ég þeim og þakka þeim fyrir, en ef þeir gera mikla vitleysu, þá að láta þá skilja að þetta megi þeir ekki gera og á endanum fara þeir eftir þessu, ef þeir eru ekki því vitlausari. En það er ekki sama af hvaða kyni

p12

hundar eru. Viss hundakyn voru og eru eftirsótt og eru borguð hærra verði, annars er oftast hægt að fá hunda gefins. Ekki er þægilegt að venja hunda af að elta bíla og kann ég ekki ráð til þess. Það er ekki húnvetnskur háttur að skamma hunda með því að segja: "Svei þér, þú hefur étið folald." Hundafár: Hundafár hefur gengið stöku sinnum, en sem betur fer, mjög sjaldan og veit ég ekki til að nokkur læknisráð séu við því, önnur en að verja veikum hundum að koma nálægt hinum. Hundahreinsun: Síðan ég man eftir hafa hundar alltaf verið hreinsaðir einu sinni á ári vegna sullahættu, sem að herjaði hér á árum áður eða á fyrri öldum og var það fyrir gáleysi fólks í sambýli við hunda, en það á við liðnar aldir og var það þekkingarskorti um að kenna. Ef sullir koma í ljós við sauðfjárslátrun núna eru þeir annaðhvort brenndir eða gerðir óvirkir á annan hátt. Andi og sál: Ég held að margir trúi því að hundar hafi sál engu síður en menn. Dauði: Hundar urðu sjaldan ellidauðir, satt er það. Ég veit aldrei til þess að hundur hafi verið drepinn öðruvísi en

með skoti, eða með svæfingu nú í

p13
seinni tíð. Sumir
hundar eru svo hræddir við byssu og forðuðust hana eins og eld og er auðséð
að þeir vita til hvers hún er notuð. Maður og hundur: Ég held að
margir nefni munn, nef, augu og fætur á hundi, þó aðrir tali um kjaft,
trýni, glirnur og lappir. Kveðskapur, sagnir: Ég set hérna tvær
vísur sem mér detta í hug þó margar séu að sjálfsögðu til: Heitir
Kolur hundur minn hefir bol úr skinni, er að vola auminginn
inn í holu sinni. Ég á góða mynd af tveimur hundum sem ég átti fyrir
nokkru. Einhverju sinni var ég að skoða þessa mynd og kemur þá lítill drengur
og sér myndina og segir: "Þetta eru fallegu hundarnir mínir,"
en hann hafði haft mikið uppáhald á þeim. "Við skulum gera um þá vísu,
þú verður að byrja," segi ég. "Já ég geri það, við skulum hafa
hana svona:" Gömlu seppar, góðu héppar glatt í sinni.
(En svo kom ekki meira, svo ég bæti við). Er mér því að mér í mynni
er minningin um okkar kynni.

p14
Orð og málshættir:
Já tungan geymir margt sem tengist mönnum og hundum eins og til dæmis orðið
hundspott sem er hálfgert skammaryrði, hundaart og hundslegur er að líkjast
hundi, hvolpavit er að byrja á einhverju fræðast um eitthvað. Hundur í
manni til annars manns, þýddi að vera lítið um hann. Að koma og fara eins
og hundur gat merkt að hvorki heilsa eða kveðja. Að hittast eins
og hundar á tófugreni. Mér dettur í hug vísa Vatnsenda-Rósu. Man
ég okkar fyrri fund forn þó ástin réni nú er eins og hundur
hund hitti á tófugreni. Tíkarspenar nefndust stuttar fléttur á stúlku.
Erfitt er að kenna gömlum hundi að sitja. Það á oft við þegar
reynt er að breyta því sem maður hefur einu sinni lært.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1903
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit

Nr. 8452 p1 Það er nokkuð síðan ég hætti að skrifa um gömul störf og atvik gamla tímans. Ég er orðin gleymin og gömul en vil þó ekki fara vitlaust með. Ég er ný komin frá Reykjavík, þar er margt að sjá. Borgin stækkar ár frá ári. Mér blöskrar öll þau ósköp, óteljandi eru þeir bílar sem renna sitt á hvað eftir vegum, þetta sjá nú allir. Eftir því sem borgin stækkar en í sveitum landsins fækkar óðum bæði mönnum og skepnum. Bóndi er bústólpi að sagt var. Það er hörmulegt að sjá þó þetta eigi að vera framför á Íslandi, þá held ég að nokkuð sé djúpt í árina tekið. Það er aumt að sjá stór tún fölna og sölna víða í dag. Svo bændur þurfa að fara í vinnumennsku og snapa eftir einhverju starfi í kauptúnum. Loks þegar upp eru risin falleg steinhús víða um landið, þá standa þau auð - tóm og yfirgefin. Ég spyr: Hvað er að ske? Hvað tekur við? Elliheimili .. þangað eigum við að fara! eða barnagæsla í kaupstöðum. Hvar eru hinar verðugu húsmæður? Í fiskivinnu eða ýmsu öðru slíku. Svo vilja þær ekki eiga mörg börn sem kannski eru ráð við enda þurfa þær öðru að sinna. Það er ágætt að sitja í þingsölum og keppa um völdin. Ég er nú ein eftir í minni íbúð og reyni að sætta mig við það. Börnin gift og farin burtu. Ég stari út í geyminn. Sólin skín og allt vex í sveitinni sem vill sýna okkur það fegursta sem hún á í fórum sínum. Er ekki réttast að stalddra við og athuga stjórnmálin á Alþingi. Ef ég mætti ráða þá léti ég allar mæður ala upp sín börn og gömlu ömmurnar geta æði lengi hjálpað til. p2 Lítið er ég kunnug hundalífi, þó faðir minn væri sérstakur skepnuvinur þá átti hann aldrei nema einn hund. Hrafn hétu hundar pabba. Þegar sá fyrsti gaf upp andann þá fékk pabbi sér annan svartan hund sem fékk nafnið Hrafn. Þessir Hrafnar eltu pabba hvert sem hann fór, þeir áttu mjög góða daga í kílakoti. Ég man vel eftir Hrafni þeim yngsta. Hann var mesti gáfu hundur. Hann átti til að gera mannamun á fólki. Ef betri gestir komu í Kílkot þá lagðist Hrafn fram á lappir sér og snéri sér móti heimreiðinni og bauð gesti velkomna. Aftur á móti ef verra fólk bar að garði þá snéri afturendi Hrafns móti heimreið. Þá urraði í Hrafni. Hann átti til allavega gelt gestagelt, mjög virðulegt, en ef skepna kom í gróanda túnsins þá gelti Hrafn allt öðru vísi með mikilli frekju uns allar skepnur þutu út fyrir völlinn. Það var eins og Hrafn vissi hvað honum bar að gera svo ekki þurfti að segja honum það. Man ég eftir piparkarli á næsta bæ sem átti til að stríða Sveini bróður sem oft var uppsigað við karlinn. Einu sinni tík hann Svein og lést ætla að kaffæra hann í vatninu. Sveinn litli spriklaði og öskraði af ótta. Þetta heyrði Hrafn og hljóp sem mest hann mátti til þeirra og stökk á karlinn og beit hann þá sleppti karl Sveini. Hrafni var vel launað og lifði mest á góðgæti eftir þetta. p3 Um hunda yfirleitt: Það er ekki ætlun mín að lýsa náið hundum né öðru þó ég sendi ykkur þetta. 1926 flutti ég upp til Krossdals í Kelduhverfi með eiginmanni mínum Þórarni Jóhannessyni, einkasyni bóndans í Krossdal. Þórarinn var mesti hundavinur og átti venjulega 2-3 hunda. Einn hét Ljótur, loðinn og lubbalegur, annar hét Búi, hvítur og meinlaus og Krummi hét sá þriðji. Þórarinn hafði þess hunda ávallt með sér hvert sem hann fór enda oft á veiðum og grenjaleitum. Hann var mjög natinn og góður við sína hvutta. Sá um að dallur þeirra væri fylltur daglega. Þeir áttu ágætt hundaskot. Allir hundar eru að mestu horfnir, helst teymdir um götur Reykjavíkur með gullband um hálsa!!! Þið afsakið þessi fáu orð. Nú

slæ ég botn í þessi skrif og bið ykkur vel að lifa.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1904
Sveitarfélag: 107 Reykjavík

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8403

p1
Kæru skráningarmenn!
Um hundinn mætti mikið skrifa ef vilja og færni væri til að dreifa en hjá mér er fátt um svör sem fyrr. Algengustu samheiti voru: hundur, hvutti, rakki, seppi, grey var ævinlega sagt í vinalegum tón þegar kallað var í hundinn. Þá var það nafnið hans og greyið mitt. Klódýr og hrædýr heyrði ég aldrei um hunda, ketti eða tófur. Mismunandi hundakyn var lítið talað um meðan ég var í sveit. Þó blöndun hafi trúlega verið nokkur. Hundarnir sem ég taldi íslenska voru yfirleitt þéttvaxnir, hnarreistir með standandi eyru, flestir snögghærðir. Heimilishundurinn hét ákveðnu nafni og alltaf nefndur því og var meiri persóna en margur reiknar með í heimilinu, því vel vaninn og vitur hundur var í smalamennsku oft á við tvo til þrjá menn hundlausa. Svo var ratvísi þeirra oft ómetanleg. Við að finna fé í fönn og menn í snjóflóðum. Gerðu hundar það sem enginn maður getur gert. Hundar fóru í flakk í nokkra daga stöku sinnum. Sem gæludýr voru þeir ekki en yfirleitt var látið vel að þeim því að vitrir og góðir fjárhundar voru ekki bara framúrskarandi vinnukraftur, þeir voru vinir sem aldrei brugðust og ég vissi um mann sem þótti svo vænt um hunda sína að ég efa að þeim hafi þótt vænna um náin skyldmenni. Ég vissi að sumir hundar skildu ótrúlega margt sem við þá var sagt. Að hundum úr þéttbýli hafi verið komið í sveitir heyrði ég ekki minnst á. Hundaeign í þéttbýli er nútíma della. Svo er hestur sem hann er hafður, heyrði ég um hest, en aldrei um hund. Ekki vissi ég til að hvolpar væru seldir en ég heyrði að þegar hundafár gekk þá hefðu þeir verið seldir. Hvolpa var hægt að láta til annara þegar þeir gátu étið og lapið. Tíkur voru kallaðar lóða um fengitímann og hundar í lóðaríi. Tík var kölluð hvolpafull

p2
um meðgöngutímann.
Að gjóta var algenga orðið þegar tík eignaðist afkvæmi. Ekkert var fylgst

með í hvaða röð hvolpar fæddust eða röð á spena. Hvolpum var drekkt, settir í poka með steini í, sökkt í vatn í nokkrar mínútur, tekið upp úr og grafnir. Að hvolpar hefðu fjáraugu heyrði ég ekki.

Spori átti að gera það að verkum að ekkert óhreint kæmist að. Ekkert heyrði ég um hvítan blett við auga, það var fátítt því þeir voru síður látnir lifa. Lit hunda var líst svipað og þið nefnið: strútóttur, móstrútóttur, mórauður, flekkóttur, kápóttur, snoppóttur. Nöfnin voru stundum dregin af litnum en ekki alltaf. Hundar voru flestir snögghærðir þar sem ég þekkti. Að fara úr hárum var það kallað þegar háraskipti urðu. Ekki man ég fleiri orð um raddir hunda en: ýlfra, ýla, urra, bofsa, gelta, gjamma, góla og spangóla. Að sjóða grottann, sjógól, nágól og gjárífur heyrði ég aldrei. Um ratvísi hunds við ég segja litla sögu. Við áttum hund sem Mosi hét. Hann var ratvís og einn af þeim skildi ótrúlega margt sem við hann var sagt. Bærinn Skólabrekka sem er vestan við Þingvallavatn var okkar viðkomustaður þegar við fórum til og frá Reykjavík og nú segi ég frá ferð sem ég fór frá Miðfelli að Skálabrekku um vetur gangandi á ís yfir vatnið. Veður var þungbúið en logn. Þegar ég var að nálgast Sandey fór að snjóa og svo þétt var drífan að ég sá mjög lítið frá mér. Ég gerði sem ég gat til að halda stefnunni en það var ekki auðvelt og þar kom að ég sá að ég mundi vera að villast. Þá varð það mitt ráð að segja við Mosa: "Mosi minn, ég held ég sé að villast og nú bið ég þig að fara að Skálabrekku, ég kem á eftir þér." Hann lét ekki segja sér þetta tvisvar, leggur strax af stað og ég á eftir. Sú ganga endaði með því að eftir 25 mínútur komum við beint að bæjardyrunum á Skálabrekku. Mér hefur oft dottið þetta í hug þegar ég hef heyrt menntamenn tala um skynlausar skepnur.

p3

Um spásagnir hunda

veit ég ekki. Tíkarmjólk var ekki nefnd til neins. Hundstungan græðir en kattartungan særir, heyrði ég en um lækningar í sambandi við hunda heyrði ég ekki en ég get vel trúað að fólk hafi gert tilraunir með þetta. Fólk reyndi margt í neyð sinni og læknisleysinu. Hundsbit sá ég aldrei en heyrði að vígtennur hefðu verið klipptar úr grimmum hundum ef þeir voru góðir smalar annars drepnir. Ef hundar flugust á í svo miklu æði að þeir hlýddu ekki eigendunum var stundum skvett á þá vatni, ótæpilega.

Hundaþúfur eru þekktar og allir vita hvernig hundar koma þar við sögu en orðtakið: "Nú þykir mér hundaþúfan vera farin að hreykja sér." Þetta orðtak vissi ég að var aðallega um menn sem voru litlir fyrir sér en létu digurbarkalega. Hundar voru yfirleitt lokaðir inni ef fara átti á mannamót en fyrir kom að þeir færu á eftir og sögur voru um að hundar hefðu truflað ....gerðir. Hjá okkur var bæli hundsins í eldiviðarkofa sem innangengt var í. Þar lá hann á mottu vetur og sumar. Hundinum var gefið í litlu trogi um 20 sm. á kant. Hundsstein heyrði ég ekki nefndan. Hundinum var gefinn venjulegur matur og mjólk, ruður, roð og bein. Ég kannast við orðið hafirðu lofað hundi beini,

hefur þú ávallt svikið það. Um menn sem ekki voru orðheldnir. Ekki veit ég hvað hundinum var ætlað mikið af mjólk en ég veit að mjólk var alltaf í matnum og aldrei varð ég var við veikindi í hundunum. Ég sá ekki að neitt þjakaði nema ellihrörnun þegar aldur færðist yfir. Algengasta orðið þegar sigað var, var irrdan. Þegar kallað var í hundinn var það nafnið í hlýlegum róm, þá komu þeir og þá var sjálfsagt að láta vel að þeim með strokum og hlýlegu tali. Ekki vissi ég til að þeim væru kenndar kúnstir nema við féð. Þær helstu að sækja, reka og halda hópnum saman í rekstri en þegar sigað var þá var það til að reka

p4
fénað eitthvað í
burtu frá túni eða engjum. Öll þessi verk gerðu vitrir og vel vandir hundar ótrúlega vel eftir skipunum með fáum orðum og alltaf þeim sömu.
Ég vil eindreigið benda ykkur á að lesa rækilega bók sem heitir Fjárhundurinn eftir John Holmes, þýðandi Stefán Aðalsteinsson ef þið hafið ekki leið hana. Borgarbókasafnið hefur hana. Bókin er skrifuð af þrautreyndum manni í þjálfun og meðferð hunda og með myndum, formálarnir eru líka góðir. Eftir að hafa lesið bókin er ég á þeirri skoðun að hundar okkar sem reyndust vel hafi verið sérstaklega eðlisgreindir því þjálfuninni var svo mikið áfátt. Hundafár gekk ekki meðan ég var í sveit en ég heyrði að það hefðu verið skæðar pestir og engin lækning. Hundar voru hreinsaðir reglulega og sullir sem fundust við slátrun voru brenndir. Ég hef ekki heyrt neitt um hunda í draumum en ég heyrði eitthvað um hunda sem fylgjur en allt óglöggt. Ég heyrði sögur sem bentu til að hundar hefðu skyggnigáfu ekki síður en menn. Áður en byssur komu held ég að hundar hafi verið höggnir. Hundsskinn voru eitthvað notuð og sagt var að þau væru mjög teygjanleg, það svo fært yfir á mann sem var á þönum út um allt. Orðafar man ég var: kjaftur, trýni, augu, fætur. Þrjá bita heyrði ég ekki nefnda. Mörg orð og málshættir tengdir hundum voru aðallega um menn í niðrandi merkingu sem kom til af því að margir litu niður á þessar skepnur sem ég tel vegna þess að margir hundar voru lélegir smalar, sem ég tel aðallega vegna þess að þeir voru ekki vel þjálfaðir, það er vandi og maðurinn þarf að setja sig vel inn í hvað má í hverju tilfelli.
Ég vandi ekki nema Mosa eða réttara sagt gamli hundurinn sem var orðinn ellimóður en gerði vel svo ég sendi þá saman og sagði: "Sæktu," þá fór sá gamli og hvolpurinn með, þannig lærði Mosi að sækja það er mesti vandinn

p5
en í hvert skipti
sem þeir komu með kindurnar tók ég innilega á móti þeim og gaf þeim stundum góðan bita. Því hélt ég áfram þegar Mosi var orðinn einn. Það hefur góð áhrif og vitur hundur leggur sig fram og gerir eins vel og hann getur.
Að kenna honum að reka vel var gott tækifæri þegar rekið var til Reykjavíkur. Vekja athygli á þeim sem vildu fara út úr þetta. Gekk fljótlega svo vel

að Mosi var alltaf viðbúinn á báða kanta þó ég segði ekki neitt. Ég gat farið á eftir hópnum beint. Mosi sá um að engin færi útúr. Þjálfunin sem hann fékk hjá mér var lítilmótleg miðað við það sem John Holms segir og sýnir í bók sinni og því segi ég það að það voru fyrst og fremst gáfur hundsins sem gerðu að hann gerði gott gagn. Reynsla mín var að Mosi skyldi ótrúlega margt sem ég sagði við hann eins og sýndi sig þegar ég villtist.
En hvað um okkur mennina, við þykjumst gáfaðir, erum árum saman í skólum en hver skilur mál hundsins? Það eina gelt sem ég skyldi var þegar hann tók til að gelta þó lokaður væri inni, hljóðið var öðruvísi en venjulega, skoltarnir opnuðust minna, hljóðið myndaðist framar. Þetta var kallað gestagelt og þegar að var gætt var maður að nálgast, var þá stundum fyrir utan tún og jafnvel gangandi. Spurningar urðu áleitnar, var heyrnin svona ákaflega næm? Eða var þetta skyggnigáfa á fylgjur? Eða? Ég verð að viðurkenna að ég get ekki svarað. En þetta var staðreynd.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1917
Sveitarfélag: 785 Öræfum

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8500

p1
Ég er upp alinn í
einbýli þar sem ekki var hafður nema einn hundur. Aðeins í tvö skipti var um tík að ræða og átti önnur þeirra einu sinni hvolpa en hin aldrei. Ég er því illa í stakk búinn til að svara spurningum um hunda, því vel er trúlegt að ýmislegt hafi verið með öðrum hætti hér í sveit en hér var, en því skal þó tjalda sem til er. Oftast munu menn hafa sóst eftir að fá hunda undan tíkum sem höfðu reynst vel sem fjárhundar en oft eða oftast var óvíst undan hvaða hundi þeir voru. Trúðu sumir að ekki væri víst að allir hvolpar sem tík gaut í einu væru undan sama hundi. Það var því víðast lítil kynfesta í hundastofninum ena voru þeir mjög misjafnir bæði að útliti og eiginleikum. Þó tel ég að meirihluti þeirra hunda sem ég man eftir hafi verið með reist eyru og hringaða rófu. Sagt var að dýrhundar Jóns Bjarnasonar í Skaftafelli (f.1806, d.1884), hafi verið stórir en hann gerði talsvert af því að elta uppi tófur með hundum, átti a.m.k. um tíma tvo hunda og eina tík og var hún best til veiðanna, en ekki veit ég hversu mikið þessir hundar voru stærri en algengt var og ekkert um útlit þeirra að öðru leyti. Ekki veit ég til að útlit hunda hefði nein áhrif hvernig um þá var talað eða á þá kallað, nema þá sem sérnafn.
Menn töluðu um hundinn, rakkann eða seppann, en ef menn töluðu við hundinn, sögðu menn oftast hvuti (hvuti minn), sjaldnar hvutti. Einnig var sagt: "komdu greyið," en ekki man ég til að ég heyrði talað um grey, en aðeins hundsgrey. Hins vegar var stundum sagt við börn: "greyið mitt," eða "litla greyið," jafnvel "greyskinnið."
Aldrei heyrði ég notað orðið deli um hund en hér var það þekkt um mann í mjög niðrandi merkingu.

p2
Eins og áður er vikið
að voru hundar ólíkir útlits og voru því hundar hvers heimilis þekktir hvar sem þeir sáust í sveitinni. Kom jafnvel fyrir ef rakki fylgdi manni

milli bæja að menn áttuðu sig fyrr á hve hundurinn var en maðurinn. En aldrei heyrði ég heimili dæmd eftir hundum þess enda voru ekki miklar líkur til að sérkenni hunda erfðust á sama bæ. Ekki veit ég til að hvolpar hafi verið seldir hér í sveit, en þó getur verið að menn hafi keypt hunda a.m.k. eftir hundafár. Um verð hér veit ég ekki og raunar ekki hvort um nokkur kaup var að ræða. Ekki er mér kunnugt um hvað gamlir hvolpar voru þegar þeir voru látnir, tel hvolp sem ég fékk hafa verið fjögurra vikna. Flestir kannast við þau vandræði sem urðu með hundana ef í nágrenninu var lóðatík (tík í lóðaríi, eins og oft heyrðist sagt um það ástand) en lítil not urðu að "lóðarökkum," við smölun. Einnig var að sjálfsögðu minna að treysta á hvolpafulla tík við smölun en góðan hund og því voru tíkurnar færri en hundarnir. En þó var reynt að sjá um að tíkur væru það margar að hægt væri að halda hundastofninum við en ekki veit ég samt til að nein samtök væru um það. Ég held að menn hafi helst ekki viljað hafa tíkur fleiri en svo að hægt væri að ala flesta hvolpana undan þeim, því flestum þótti vont verk að eyða hvolpum. Eftir því sem ég hef heyrt mun þeim oftast eða alltaf hafa verið drekkt, enda mun það hafa þótt besta leiðin. Ekki veit ég um hvort yfirleitt var nokkuð tilstand við haft þegar kom að því að tíkin gaut (heyrði ekki notað annað orð yfir það að tík fæddi af sér hvolpa, en grun)(ekki vissu) hef ég um að þetta orð hafi einnig verið eitthvað notað um ær sem létu labmi(). Þó var þess gætt að tíkin hefði gott bæli til að gjóta í. Ekki veit ég til að nokkru skipti í hvaða röð hvolpar voru fæddir, en vel má vera að menn hafi gætt að hvort þeir voru allir blindir, á það heyrði

p3
ég aldrei minnst.

Eftir að "Þjóðsögur," Jóns Árnasonar komu út, þekktu menn kreddur þær sem þar er sagt frá um hunda en varð ekki var við að menn færu eftir þeim. Þó býst ég við að menn hefðu síður fargað alspora hvolpi en þeim sem var hálfspora, en ekki vegna þess að menn teldu þá öruggari gegn draugum heldur af því að þeir voru sjaldgæfir. Mig minnir að ég hafi séð einn alspora hund og var hann í engu betri en aðrir hundar. Ekkert veit ég um hvort þessar kreddur voru þekktar hér um slóðir þegar "Þjóðsögurnar," voru gefnar úr. Ekki man ég eftir nema einu örnefni hér í sveit sem kennt er við hund (engu við hvolpa), en það er Hundafoss í Skaftafelli. Þar lá stígur skammt ofan við fossbrúnina og var því hætta á að hundur sem fylgdi manni þar yfir lenti í fossinn ef lækurinn var í vexti og er líklegt að það hafi komið fyrir þó engar heimildir séu mér kunnar um það.

Eins og áður er getið þótti oft bagi að þegar hundar voru í lóðastandi en ekki veit ég um nema eitt dæmi þess að hundur hafi verið geltur, hann reyndist hafa mjög litla ratvísi og mun það ekki hafa komið með öllu á óvart og var til þessa rakka vitnað um að óheppilegt væri að gelda hunda. Heyrt hef ég að sauðarleggur hafi einhvern tíma verið bundinn í skott á hundi til að fæla hann frá bæ þar sem tík var fyrir og einnig að púðurskot hafi verið reynt í sama tilgangi. Hér var einu sinni mógulur hundur

með skærgula bletti yfir augunum. Ég heyrði þá nefnda auka augu, en man ekki eftir að talað væri um fjáraugu. Ekki minnist ég að nein trú hafi verið í sambandi við þessa bletti. Ekki man ég hvort ljós rófubroddur var nefndur þjófaljós, en kannast þó við orðið en talað var um að hundur hefði ljós í rófunni ef bláendinn var vel hvítur en rófan að öðru leyti dökk, en ekki veit ég til að nein trú hafi verið í sambandi við það. Litur hunda var með ýmsum hætti og voru a.m.k. að

p4
hluta til notuð önnur
orð yfir liti þeirra en annara húsdýra (veit ekki um hvort sömu orð voru notuð t.d. um ketti). Hundur sem var með annan lit á hálsi og jafnvel ofurlítið aftur á bógana var strútóttur og framan við það var bætt litnum, mósvart eða gul, o.s.frv. Sama var ef hann var flekkóttur, þá var litnum bætt framan við, "flekkóttur," þegar honum var lýst. Þá þurfti ekki að fara í grafgötur um að hvítur (eða svartur) hundur sem sagður var kjömmóttur hafði a.m.k. annan kjamman af öðrum lit en skrokkinn. Mest tel ég hafa verið um svara og hvíta liti en mórauðir hundar og mógulir voru þó margir til, vel gulir sjaldgæfir. Ekki man ég til að hafa heyrt talað um kápótta og snoppótta hunda. Nöfnin: Jökull, Skuggi, Lappi, Týra, Krummi og Skjöldur voru dregin af einkennum og held ég að þau þurfi varla skýringar við nema að Lappi var með ljósan fót þó dökkur væri og Týra með ljós í rófu. Annars var reynt að hafa nöfnin þannig að þau heyrðust vel en þó efaðist enginn um að Lubbi myndi vera loðinn en líklegt var að Snotra væri snögghærð. Trúlegt var að Kátur hefði verið leikfullur sem hvolpur og að Tryggur hafi snemma reynt að fylgja manni, en Snati, Smali, Tóta og Kjói sögðu ekkert um eðli þeirra sem þau nöfn báru, nema þó með Smala, hvað honum var ætlað. Þegar hundum var eytt (skotnir eftir að byssur komu til sögur) voru skrokkarnir grafnir en meðan reiðingar voru notaðir mun einstaka maður hafa haft hundsskinn undir þeim og þótti minni hætta á að hestar meiddust ef það var gert. Ekki veit ég hvort nokkur munur kann að hafa verið gerður á hvort hundur ýlaði eða ýlfraði, held að það hafi verið það sama. Aftur á móti voru skrækur, urr, bofs, gjamm, gelt og spangól aðgreint í frásögn. Hundur skrækti ef stigið var á rófuna á honum, urraði ef aðkomuhundur ógnaði honum, bofsaði ef hann rak upp eitt smá gelt til að vekja á sér athygli, gelti þegar hann var að reka gripi og spangólaði af leiðindum og stundum

p5
að tunglinu. Ekki
veit ég til að hér hafi verið talað um nágól eða sjógól, þó ég kannist við orðið nágól, en rámar í að ég hafi einu sinni heyrt mann tala um að hundar sem urruðu að hvorum öðrum væru að "sjóða grottann."
Orðið gestagelt kannast ég vel við og einnig að hundur sem gelti hátt og mikið væri sagður gjárífur. Vel vissu menn um ratvísi hunda en engar sögur um það kannast ég við sem gerst hafa hér um slóðir.

Ekki veit ég um neina hunda með spádómsgáfu nema þó að einn hundur sem ekki þótti um neitt sérstakur fór úr bæli sínu í slagveðurs rigningu og settist skammt frá húsum en stuttu seinna hrundi veggur á einu húsi. Eftir það fór hann aftur inn. Ekki hef ég heyrt neitt um tíkarmjólk. "Það er smátt sem hundstungan finnur ekki," var sagt um þann sem var mjög smásmugulegur með að finna að, en var sjaldan notað en hitt var mér sagt að oft hefði heyrst: "hrein er hundstungan," hefur líklega ekki þótt athugavert þó hundar sleiktu ílát, þó mun það ekki hafa tíðkast hér eftir 1870. Engar sagnir hef ég um að lækningamáttur hafi verið tengdur hundum eða líffærum þeirra. "Maður verður að hafa þetta eins og hvert annað hundsbit," var stundum sagt ef maður varð fyrir skaða sem ekki varð bættur. Þetta orðtak er þó varla frá söguöld sbr. Grágás.

Hundar sem bitu menn tel ég að hafi verið taldir óalandi og svo var það með hunda sem sannanlega drápu fé. Eitt dæmi veit ég um að klipið var af vígtönnum í tveimur ungum hundum sem tóku sig saman um að elta fé og óttast var að mundu bíta það, þetta virtist koma að gagni. Sagt var um þessa hunda að þeir væru of "eltnir." Þegar hundar ruku saman mátti búast við eða var nærri víst að þeir hefðu "hundasiðinn," eins og stundum var sagt um menn, þ.e. ráðast allir á þann sem undir verður.

Besta ráðið við að skilja hunda var að hella yfir þá köldu vatni

p6

en væri það ekki við hendina var stundum reynt að beita svipum og fyrir kom að eigendur tóku í skott sinna og drógu þá sundur. Ekki man ég til að ég hafi heyrt talað um hrælykt af hundum. Ekki man ég til að nein orðtök hafi verið hér um hundaþúfur. Ekki kannast ég við orðtakið: "að vera eins og hundur í hverri hofferð," en oft fylgdi hundur húsbónda sínum ef hann fór af bæ. Ekki veit ég til að hundar hafi valdið truflun við messu hér í sveit en verið hef ég við messu þar sem aðkomuprestur tónaði og hundur spangólaði þá af öllum mætti, en í honum heyrðist aldrei þegar sóknarpresturinn tónaði, þó hann lægi við kirkjudyrnar. Nokkuð mun hafa verið misjafnt hvernig aðbúnað hundar höfðu en þó munu þeir alls staðar hafa átt visst bæli og víðast á góðum stað. Um einn hund vissi ég þó sem aldrei kom í hús en valdi sér ból á húsþaki en mun þó hafa leitað skjóls í allra verstu veðrum. Þetta háttalag stafaði ekki af því að fólkið amaðist við að hann hefði gott skýli. Hér var þó yfirleitt amast við að hundar væru inni í íbúðarhúsum þó þeir væru víða innan bæjardyra á nóttunni en á sumum bæjum var sérstakur smákofi handa þeim. Víða var hafður kassi með hefilspónum eða öðru slíku fyrir hundana að liggja í en gat líka verið smá skot. Að vori og sumri til munu hundar á einstaka bæ hafa verið hafðir úti á nóttunni. Vel man ég eftir undi sem þótti lélegur smalahundur en gætti túnsins vel á nóttunni, fór nokkrar ferðir umhverfis það á hverri nóttu og stuggaði kindum frá. Alltaf var haft sérstakt ílát til að gefa hundunum í "hundaílát," en þeim er ekki auðvelt að lýsa,

því þau voru með ýmsu móti, oft einhver uppgjafa ílát. Ílátið þurfti þó
að halda, því í því var hundunum gefin mjólk eða annað sem þeir gátu lapið.
Ekki veit ég til að trog væru smíðuð handa hundum og því síður að steinn
væri klappaður og lagður til eða steinn með vel lagaðri laut fundinn

p7
og notaður til slíkra
hluta, þó verið geti að eitthvað af þessu hafi verið notað hér í sveit.
Hundar fengu leyfar frá heimilisfólkinu en stundum var þó hirt eitt
og annað (t.d. lungu) beinlínis handa hundum og þá soðið og súrsað. Ég
kannast vel við orðtakið að: "horfa til augna," en raunar oftast
notað um menn. Ekki veit ég til að neitt sérstakt mál hafi verið notað
til að skammta hundi mjólk enda líklegt að skamturinn hafi farið að einhverju
leyti eftir því hvað mikið var til. Ég man ekki þá tíma að fært
var frá og setið yfir ám en mér skilst að margir hundar hafi þá lært að
hlýða hverri bendingu smalamanns og mismunandi raddbeitingu. Vel má þó
vera að sumir hafi vanið þá á að hlýða einstökum orðum en þegar ég man
fyrst eftir voru fyrirskipanir yfirleitt aðeins "ridd" og "svei
þér," og hjá einstaka "geltu" ef hundurinn átti að vera
kyrr en láta heyra til sín. Svo var farið að kenna þeim merkingu
einstakra orða, svo sem "rektu," "vertu á eftir," "farðu
fyrir" og "taktu." Þessum orðum eða þeim síðustu fylgdu
bendingar og reyndist þetta vel ef menn gáfu sér nægan tíma en á það vantar
oft. Aldrei heyrði ég folald eða annað sem hundur hefði étið nefnt þegar
hundur var skammaður. Ekki veit ég til að hundum væru kenndar neinar kúnstir
en einum hundi man ég eftir sem oft sat þegar maður kom á bæinn og rétti
fram hægri framlöppina og var greinilega ánægður ef í hana var tekið. Veit
þó ekki til að reynt væri að venja hann á þetta. Ég veit ekki um nein ráð
sem dugðu við að fá hunda til að hætta að elta bíla, nema að skjóta á þá
púðurskotum. Hundar voru einnig notaðir til veiða, hér til
að taka máfaunga (veiðibjöllu). Einn hundur var hér sem komst upp á að
halda heilum hóp niðri með því að velta þeim á bakið og gæta svo að þeim
þangað til maðurinn sem ekki gat fylgt honum á spretti, kom. Þó var það
merkilegast við þennan hund að hann lærði að meta hvort ungar voru "tækir,"
þ.e. full búnir og snerti ekki við hinum. Var svo fljótur að ákvarða þetta

p8
að hann var jafnan
látinn velja úr blönduðum hópum. Hundafár mun síðast hafa komið
hér um slóðir seint á síðastliðinni öld. Heyrði ég sagt að Þórður faðir
Þorbergs rithöfundar hafi bjargað sínum hundum með því að byrgja þá inni
meðan fárið gekk yfir. Að öðru leyti er ég ófróður um hundafár, nema hvað
ég hef heyrt að refum hafi mjög fækkað á s.l. öld þegar gekk mjög skætt
hundafár. Um aðra sjúkdóma í hundum veit ég ekkert. Í Alþingistíðindum
kemur fram að menn voru sumir svo bjartsýnir þegar setja átti lög um hreinsun

hunda að sullaveiki yrði með öllu útrýmt á fáum árum og gætu hreppstjórar því vel séð um inngjöfina. Aðrir töldu að hreppstjóri yrði að skipa mann til þess, því þetta myndi verða langtíma verkefni og reyndist það rétt. Fyrst þegar ég man til var alltaf talsvert um sulli í gömlum kindum og voru þeir alltaf brenndir en ekki var haldin skrá yfir þá við heimaslátrun eins og gert var í sláturhúsum. En hér í sveit mun síðast hafa látist maður að talið var af völdum sullaveiki árið 1891. Vitað er að sá maður sagðist ekki hafa varast þá hættu sem af hundum gat stafað og lagði ríkt á við menn að varast hættuna sem af þeim stafaði. Ekki heyrði ég neitt talað um hunda í draumi, nema smá hunda Sturlu Sighvatssonar. Aðeins einu sinni hef ég heyrt um hund sem fylgju, en þeir sem alltaf vissu fyrir gestakomur sögðu sjaldan frá hvað fyrir þá bar, bara að maður sem þeir tiltóku væri á leiðinni. Annað veit ég ekki um hvers skyggnir menn hafa orðið varir. Eins og ég hef áður getið, þótti sjálfsagt að aflífa hund með skoti eftir að það var hægt og ég hef engar sagnir um hvernig það var fyrir þann tíma. Aldrei var talað um nef og munn á hundi heldur trýni og kjaft en þó oft væri talað um lappir á hundi varð hann fótasár en ekki lappa og alltaf var talað um augu á hundum.

p9
Ekki veit ég til
að tala hafi verið höfð á bitum sem hundum voru gefnir, veit ekki um neina trú í því sambandi. Lítið mun hér hafa verið ort um hunda og er mér ekki kunnugt neitt um þulur og gátur nema það sem er í prentuðum heimildum. Það sem nefnt er í síðustu spurningu kannast ég allt við, en hef þó aldrei heyrt notað orðtakið: "Veit hundur hvað étið hefur." Einnig held ég að "það er eins og hundur hund hitti á tófugreni," sé komið frá Skáld-Rósu, heyrði það ekki notað nema þannig að mér var kunnugt um að sá sem það gerði kunni vísuna. Hundslappadrífa var notað hér, aftur á móti síladrífa um sama fyrirbæri. Heyrt hef ég sagt um mann að hann var eins og barinn rakki en það getur hafa verið einstaklingsbundið.